Lagafrumvörp felld.

1. Byggingarmálefni Reykjavíkur.

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 31. okt. 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur [18. mál] (þmfrv., A. 18).

Á 7. og 8. fundi í Nd., 27. og 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Árið 1944 voru sett l. um byggingarmálefni Reykjavíkur. Í þeim var svo ákveðið, að ef húsbygging væri hafin í Reykjavík, án þess að byggingarleyfi væri fyrir hendi, þá skyldi byggingarfulltrúi, er hann fengi vitneskju um það, kæra það mál til sakadómara, sakadómari skyldi síðan rannsaka málið og að lokinni rannsókn kveða upp úrskurð um það, hvort byggingin skyldi stöðvuð og niður rifið það, sem búið væri að byggja. Eftir að sakadómari væri búinn að kveða upp sinn úrskurð, skyldi málið ganga til lögreglustjóra og hann framkvæma úrskurð sakadómara. Reynslan hefur sýnt, að þetta fyrirkomulag er óþarflega margbrotið og að hér eru óþarflega margir liðir og óþarflega flókin málsmeðferð. Frv. þetta felur í sér þá breyt., að einum þessum lið sé sleppt, þ. e. sakadómara, í meðferð þessara mála, og kært verði út af ólöglegum byggingum beint til lögreglustjóra og hann kveði upp úrskurð í þessum málum. Nú hefur lögreglustjóri ekki dómaravald í málum almennt. En hér er hins vegar um að ræða mjög einföld mál. Og þegar þess er gætt, að nú er gerð sú krafa til lögreglustjórans í Reykjavík, sem ekki var um skeið, að hann sé lögfræðingur og fullnægi almennum dómaraskilyrðum, þá virðist ekkert því til fyrirstöðu að fá honum þetta úrskurðarvald. En aðaltilgangur þessa frv. er að fá einfaldari og skjótari málsmeðferð í þessum málum.
Ég vil leggja til, að þessu máli verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 68).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta mál var til athugunar í allshn., og held ég, að ekki þurfi að taka neitt frekar fram til viðbótar því, sem hér er fram komið í sögu málsins og grg. Frv. þetta fer fram á lítilfjörlegar breyt., sem miða að nokkru einfaldara fyrirkomulagi, og leggur n. til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 18, 94).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram brtt. á þskj. 94, þar sem ég legg til, að inn í frv. verði bætt nýrri gr., sem hljóðar eins og þar segir. Ég legg til, að inn í byggingarsamþykkt Reykjavíkur verði sett ákvæði um það, að þeir, sem ætla að reisa íbúðarhús innan kaupstaðarins, geti fengið uppdrætti hjá húsameistara bæjarins bæði af húsinu sjálfu og eins af fyrirkomulagi vatns- og skolpveitna, hita- og rafmagnslagna og öllu því, sem krafizt er, að séruppdráttur sé gerður af. Í byggingarsamþykktinni má ákveða gjald fyrir þessa uppdrætti, en hámark þess gjalds sé 1. kr. fyrir hvern teningsmetra í húsinu. Í annarri málsgr. er lagt til, að þeir menn, sem að mestu leyti byggja hús sín sjálfir, geti fengið leiðbeiningar um verkið og eftirlit með því hjá húsameistara bæjarins eða aðstoðarmönnum hans. Komi eftirlit þetta þá í stað umsjónar meistara með byggingunni, sem skylt er að hafa samkvæmt byggingarsamþ. Sjálfsagt er, að þeir, sem þessara leiðbeininga njóta, greiði nokkurt gjald fyrir þær, en þó ekki hærra en sem svarar 2 krónum fyrir hvern teningsmetra í byggingunni. Tilgangurinn með þessari breytingu er sá, að gera mönnum auðveldara fyrir að koma sér upp húsum. Eins og nú standa sakir er mjög dýrt að reisa hús, og uppdrættir og umsjón byggingarmeistara eru töluverður hluti af þessum kostnaði, en með þessu fyrirkomulagi mundu þeir liðir lækka til muna. Ég

geri ekki ráð fyrir, að þetta mundi verða mjög kostnaðarsamt fyrir bæjarfélagið, sem hvort sem er hefur þessa starfsmenn í þjónustu sinni. Auk þess mundi gjaldið vega nokkuð upp á móti kostnaðinum. Og þótt einhverju skakkaði, mundi það samt vafalaust borga sig fyrir bæjarfélagið, ef það með þessu móti gæti gert mönnum auðveldara að byggja en nú er.

Þetta mál snertir fyrst og fremst höfuðstaðinn, er er samt engan veginn sérmál hans, þetta er mál, sem snertir alla þjóðina. Húsaleiga er hér mjög há og byggingarkostnaður er hér einnig mjög hár og hærri en annars staðar á landinu. En ef þetta mál næði fram að ganga, gæti það orðið til þess að greiða fyrir þeim, sem ráðast vilja í húsbyggingar. Ég vænti þess því, að brtt. verði vel tekið í hv. deild.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Nd., 15. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er flutt af mér og felur í sér þá breytingu, að sektir út af ólöglegum byggingum í Reykjavík verði færðar til úrskurðar lögreglustjóra í stað sakadómara eins og verið hefur. Hér er aðeins um fyrirkomulagsbreytingu að ræða, sem á að verða til þess að hraða þessum málum verulega.

Mál þetta fór til hv. allshn., sem lagði einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt. Við 3. umr. þessa máls ber hv. þm. V-Húnv. fram brtt. við frv. á þskj. 94, sem hann hefur hér gert grein fyrir, og fjallar hún um efni, sem í raun og veru er óskylt því, sem hér er um að ræða í frv., og á alls ekki þar heima. Efni þessarar brtt. er aðallega á þann veg, að húsameistarar Reykjavíkurbæjar séu skyldir til þess að láta öllum, sem þess óska, í té fullnægjandi uppdrætti að íbúðum er reisa á innan kaupstaðarins, ásamt séruppdráttum af járnbentri steinsteypu, fyrirkomulagi vatns- og skolpveitna, hita- og raflagna, og öðrum hlutum byggingganna, eftir því sem krafizt er af byggingarfulltrúa. Gjald fyrir uppdrættina má ákveða í byggingarsamþykkt, en hámark þess samtals sé 1 kr. fyrir hvern teningsmetra í húsunum. Hér er sem sagt hvorki meira né minna en farið fram á, að þessir starfsmenn Reykjavíkurbæjar skuli teikna hús fyrir alla menn, sem hugsa sér í framtíðinni að byggja **hús í Reykjavík. En þetta** er ekki bundið við Reykvíkinga, heldur fyrir menn hvar sem er á landinu, en þó samt takmarkað við það, að húsin eigi að byggja í Reykjavík. Ef þessu ætti að framfylgja, þýddi það auðvitað stórkostlega starfsmannafjölgun á skrifstofum húsameistara Reykjavíkurbæjar. Húsameistari þyrfti að fá fjölda húsameistara í sína þjónustu til þess að sinna þessu verkefni. Það hefur reynzt ákaflega örðugt að fá nægilega marga starfsmenn til þess að inna af hendi þau störf, sem Reykjavíkurbær hefur með höndum, og til vandræða horfir vegna þess, að dregizt hefur að gera nauðsynlega uppdrætti á vegum Reykjavíkurbæjar vegna starfsmannaskorts. Ég hygg því, að þetta sé lítt framkvæmanlegt, en það virðist hv. flm. brtt. ekki hafa skilið. En ef tækist að fá allan þann starfsmannahóp í þjónustu Reykjavíkurbæjar, hvernig mundi þetta þá koma út fjárhagslega. Það er ákveðið hámarksverð í brtt. fyrir þessar teikningar eða ein króna á hvern teningsm. Og ef það er borið saman við þann taxta, sem húsameistarar hér hafa, þá kemur í ljós, að á t. d. venjulegu tveggja íbúða húsi, sem er af þeirri stærð, sem oft koma til kasta byggingan., þá er kostnaðurinn við alla fullkomna uppdrætti svona fimm til sex eða jafnvel áttfalt hærri en þetta hámark, sem flm. brtt. ákveður hér. Tilgangur hv. flm. brtt. virðist með þessu vera sá, að menn geti fengið uppdrætti miklu ódýrara en nú er, en í raun og veru mundi það koma þannig út, að Reykjavíkurbær yrði að borga mismuninn.

Ég verð að segja, að í fyrsta lagi á þetta atriði alls ekki heima í þeim l., sem hér er verið að leggja til, að samþ. verði. Og í öðru lagi er það furðu djarft, að með einni brtt. skuli eiga að fyrirskipa einu bæjarfélagi stórkostlega starfsmannafjölgun og útgjaldaaukningu, sem getur numið á ári mörgum hundruðum þús. kr. Það er bersýnilegt af öllu, að mál þetta hefur ekki verið hugsað mikið, en ef það er eitthvað hugsað, þá er það borið fram í því skyni að blekkja menn, sem hér eiga hlut að máli, og flagga því framan í fólkið, að það geti fengið ódýrar teikningar. Þá get ég ekki skilið í sambandi við þetta, hvers sveitafélögin og aðrir kaupstaðir eigi að gjalda, ef þau eiga ekki að njóta líka þeirra hlunninda, sem hv. þm. vill veita í Reykjavík. Hitt er svo allt annað mál, hvort gjaldskrá húsameistara hér á landi er of há. Ef álitið er, að húsameistarar taki of mikið fyrir sína vinnu, þá má hreyfa því annaðhvort við verðlagsyfirvöldin eða hér á Alþ., en hitt er fjarri lagi að ætla að demba því inn í þetta frv. og ætla að láta það gilda framvegis um byggingar í Reykjavík, en láta það ekki gilda annars staðar á landinu.

Ég hygg, að ekki þurfi um þetta að ræða frekar til þess að sýna, að þetta hefur ekki rétt á sér, a. m. k. ekki í sambandi við þetta frv., sem hér er til umr., því að það er svo fjarri lagi að ætla á þennan hátt að leggja stórkostleg útgjöld og mikla starfsmannafjölgun á eitt bæjarfélag í landinu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get tekið undir hvert orð hv. þm. Snæf. varðandi brtt. hv. þm. V-Húnv., að efni brtt. á alls ekki við þetta mál, sem hér er til umr.

En varðandi málið sjálft, þá má það kannske undarlegt þykja, að ég nú við 3. umr. þess geri athugasemd við það og í þessari d. og sérstaklega þar sem það er flutt af borgarstjóranum í Reykjavík og eins og tekið er fram í grg. fyrir frv. í samráði við lögreglustjóra, sakadómara og byggingarfulltrúa Reykjavíkur. En engu að síður get ég ekki varizt þeirri hugsun, að sú breyting, sem hér er lögð til, sé sízt til bóta. Mér skilst, að ef þetta verður samþ., þá eigi að leggja undir lögreglustjóra starf, sem er hans venjulega starfi mjög óskylt, sem sagt, að gera

hann að dómara, að vísu í nokkuð takmörkuðum málaflokki. En nú er verið að leggja fyrir þingið enn stærri lagabálk, um meðferð opinberra mála, til þess að greina sundur frekar en verið hefur dómaraembættið og framkvæmdaembættið og láta það, eftir því sem við verður komið, í hendur ólíkra manna. Mér finnst þetta vera á móti þeirri heilbrigðu stefnu, sem ég vil halda í, þótt í litlu sé. Enda gera l. frá 1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur það sama og ég vil halda fram, að sé réttara. Þar segir í 6. gr., 2. málsgr.: „Sakadómari skal þegar kveða upp úrskurð um, hvort byggingin skuli bönnuð og niður rifin eða numið á brott það, sem þegar hefur verið gert. Úrskurði þessum má skjóta til æðri dóms eftir reglunum um kæru, en málskot frestar ekki framkvæmd úrskurðarins, sem fer þá fram á ábyrgð bæjarsjóðs" o. s. frv. Dómari í opinberum málum í Reykjavík er sakadómari. Lögreglustjórinn hefur ekki dómsvaldið. Og ég tel það beina afturför að fara að rugla þessu á ný og láta dómsvaldið, þótt í litlu sé, í hendur lögreglustjóra. Ég held að það sé algerlega misskilningur, að það þurfi á nokkurn hátt að seinka framkvæmdum þessara mála, þó að sakadómari eigi að kveða upp þann úrskurð vegna þess að jafnskjótt og hann er búinn að kveða upp sinn úrskurð, á að senda úrskurðinn til lögreglustjóra og hann þegar að framkvæma hann. Það kann að vera, að á því hafi verið nokkur seinagangur. En aðallega hygg ég, að það hafi dregizt af því, þó að menn hins vegar kvarti undan því, að allur kostnaður við þessi mál fari vaxandi, að starfandi menn við þetta eru nú færri en svo, að þeir komist yfir að gegna þeim margháttuðu störfum, sem undir þá heyra. En úr þessu verður lítið bætt, þótt þessi málaflokkur verði lagður undir lögreglustjóra, sem er óskyldur hans starfi að öllu leyti, því að það er allt annað að skera úr um dómsathafnir, sem hér er um að ræða, en eiga síðar að sjá um framkvæmd þeirra.

Það kann að vera, að ég líti öðrum augum á þetta af því, að ég hef haft á hendi undirbúning frv. um það að koma þessum málum í nýtízkuhorf frekar en verið hefur til þessa, og tel ég þetta frv. brjóta í bága við það.

Ég vil skjóta því til hv. flm. og þeirra, sem athuga málið, hvort þeir vilji ekki athuga það betur og hvort þeir haldi, að í raun og veru mundi slíkt hafa nokkurn flýti í för með sér við afgreiðslu málsins, eða hvort það er ekki aðeins fyrirsláttur þeirra manna, sem með þetta hafa haft að gera að undanförnu. Og jafnvel þó að einhver flýtir yrði á afgreiðslu þessara mála vegna ákvæða þessa frv., þá tel ég það ekki hægt og alls ekki í samræmi við þær meginreglur, sem eiga að gilda í þessum málum, að lögreglustjórinn fari ekki um leið með dómsvaldið.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég bjóst við, að hv. flm. frv. mundi taka vel þessari brtt. minni. En mér skilst á honum, að hann sé heldur mótfallinn því, að hún verði samþ. Hv. þm. Snæf. telur, að slíkt ákvæði eigi ekki heima í þeim l., sem hér er um að ræða og gert er ráð fyrir að breyta. En þessi l. eru um byggingarmál Reykjavíkur, og sé ég ekki annað en að þau geti vel átt þar heima.

Hv. þm. Snæf. sagði, að skortur sé á starfsmönnum á skrifstofu húsameistara Reykjavíkurbæjar. En getur það ekki skeð, að það standi í einhverju sambandi við það, að húsameistarar hafa möguleika til þess að hafa óeðlilega háar tekjur eins og nú er með því að selja mönnum uppdrætti að húsum með óeðlilega háu verði og þeim þyki því fýsilegra að vinna upp á eigin spýtur en að fara í þjónustu bæjarins, jafnvel þótt þeir geti átt þar kost á góðum embættum.

Hv. þm. Snæf. sagði, að teikningar þær, sem nefndar eru í brtt. minni, séu nú seldar fimm til sex og jafnvel átta sinnum hærra verði en þar er gert ráð fyrir. Það bendir til þess, að þessi stétt manna hafi tekið mjög mikið fyrir sín verk. Hv. þm. sagði líka, að þetta mundi hafa mjög mikinn kostnað í för með sér fyrir Reykjavíkurbæ, en ég vil ekki fallast á það að óathuguðu máli. Ég held, að þetta sé byggt á því, að hv. þm. hafi ekki kynnt sér nægilega það, sem ég legg til í minni brtt. Ég geri þar ráð fyrir, að hámarksgjald sé 1 kr. á teningsm. húsa. Við skulum hugsa okkur 500 teningsm. íbúð, sem þyrfti að teikna. Sumar íbúðir eru stærri en 500 teningsm., sumar minni. Og t. d. ef bærinn hefði húsateiknara í sinni þjónustu, sem hefði 3 þús. kr. yfir mánuðinn, þá þyrfti sá maður að gera yfir mánuðinn 6 teikningar af þessum íbúðum til þess að vinna fyrir sér. Ég skal viðurkenna, að ég er ekki fagmaður í þessu, en ég hefði haldið, að það væri ekki ofætlun einum manni að teikna þessi 6 hús yfir mánuðinn og þegar tillit er tekið til þess, að hægt er að nota sömu teikningarnar við fjölda mörg hús eða þá með litlum breytingum, þá held ég, að ef sæmileg stjórn væri á þessum vinnubrögðum, þyrfti ekki að verða halli á þessu hjá bæjarfélögunum, eða a. m. k. sáralítill. Getur hver maður séð, hvaða þýðingu þetta hefði fyrir þá, sem þurfa að byggja íbúðarhús, ef á þessum eina lið mætti spara stórkostlega, — ef það er rétt, sem ég rengi ekki, að gjöldin, sem menn nú taka fyrir þetta, séu fimm eða jafnvel átta sinnum hærri en hér er gert ráð fyrir.

Það er rétt, sem hv. þm. segir, að ef þetta yrði lögfest hér, yrði það einnig að gilda um aðra kaupstaði. Ef þetta yrði samþ., væri sjálfsagt að setja í l. samsvarandi ákvæði um aðra kaupstaði, ef þeir taka það ekki upp af sjálfsdáðum. — Við vitum, að byggingarkostnaður hefur verið mestur hér í Rvík. Ég held, að ég muni það rétt, að hv. þm. Snæf. hefur ásamt öðrum þm. flutt frv. um breyt. á skattal. í þá átt, að vinni menn sjálfir við að koma upp íbúð handa sér, skuli það ekki metið þeim til skattskyldra tekna, og er ekki nema gott eitt um það að segja, því að það miðar að því að gera mönnum léttara fyrir að koma upp íbúð handa sér. Þessi till. gengur í sömu átt, og vænti ég, að henni verði vel tekið. Ég fæ ekki séð, að þær mótbárur, sem hv. þm. Snæf. hefur hreyft, séu það veigamiklar, að ástæða sé til þess fyrir

menn að láta þær fæla sig frá því að greiða þessu atkvæði.

Gunnar Thoroddsen: Hv. þm. V-Húnv. nefndi hér eitt dæmi um 500 teningsmetra íbúð, og eftir till. hans ætti þá að greiða 500 kr. fyrir teikningu þar af, sem hv. flm. vill meina, að húsameistari bæjarins ætti að geta klárað, þar sem hann hafi 1000 kr. grunnlaun. Það er bersýnilegt af þessu dæmi, hversu fjarri fer því, að hv. þm. hafi hugsað þetta mál. Það er kunnugt, að til þess að gera fullkomlega þá teikningu, sem hann talaði um, þarf fleiri menn en húsameistara. Í þessa íbúð þarf einnig að leggja t. d. hitalögn, rafmagnslögn og skolpræsi, sem hvert í sínu lagi verður að framkvæma af sérstökum fagmönnum öðrum en húsameisturum. Þessir útreikningar fá því ekki staðizt og sýna aðeins, hvað till. er vanhugsuð.

Að öðru leyti þarf ég ekki við að bæta. Með þessari till. er lögð sú skylda á Reykjavíkurbæ að fjölga stórkostlega starfsmönnum sínum og auka þar með útgjöldin. Um hitt atriðið getum við rætt, hvort setja ætti hámarksgjaldskrá fyrir húsameistara.

Hæstv. dómsmrh. taldi, að þetta frv. gengi nokkuð í aðra átt en stefna frv. þess um meðferð opinberra mála, sem hann hefur lagt fyrir þingið, en þar er reynt að greina sem allra mest á milli framkvæmdavalds og dómsvalds. Það er rétt, að bezt væri að geta greint milli þess í flestum tilfellum, þannig að vissir menn hafi eingöngu dómsvald með höndum og aðrir framkvæmdavald. En reynslan hefur sýnt, að í okkar þjóðfélagi er þetta ekki hægt. Það má að vísu stefna nokkuð að því, en það hefur ekki reynzt hægt að framkvæma það þannig, að nokkrir dómarar væru algerlega lausir við framkvæmdastarfið. T. d. mætti losa sakadómarann í Rvík við nokkuð af framkvæmdastörfum, en samt sem áður hygg ég, að hann eigi að minnsta kosti að hafa viss framkvæmdaatriði með hönum. Það er vandi að greina þarna á milli, og þess vegna er ekki hægt að segja, að þetta frv. sé brot á vissri gegnfærðri meginreglu. Ég viðurkenni með dómsmrh., að æskilegast væri að aðskilja sem mest dómsvald og framkvæmdavald. En við verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir, hvernig þetta kemur út í reyndinni. Og þar sem um mjög einföld atriði er að ræða, virðist óþarfi að láta þetta ganga gegnum jafnmarga liði og hér er stefnt að.

ATKVGR.

Brtt. 94 felld með 15:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StgrSt, HÁ, HelgJ, JG, PÞ.

nei: SK, StJSt, StSt, ÁÁ, EmJ, GTh, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JörB, KTh, PO, SigfS, BG.

FJ, GÞG greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁkJ, BÁ, EOl, EystJ, HB, HermG, JJ, LJós, ÓTh, SB, SG, SEH) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Jörundur Brynjólfsson: Brtt. þessi kom fram eftir að n. hafði afgr. málið. Efni þessarar till. er vafalaust gagnlegt, ef að lögum yrði, og gæti þess vegna haft allmikla þýðingu. En ef brtt. yrði samþ. og þetta ákvæði sett inn í löggjöfina um byggingarmálefni Rvíkur, þá tæki það aðeins til Rvíkur einnar, en ekki annarra staða, eins og þyrfti að vera. Hins vegar er þannig ástatt um þetta mál, að n. hefur mælt með því, að frv. yrði samþ. óbreytt, og kann ég ekki við að breyta til frá þeirri ákvörðun, sem n. tók, og segi þess vegna nei.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, KTh, SigfS, SK, StJSt, StSt, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GTh, GÞG, HÁ, BG.

PÞ, SkG, StgrSt, HelgJ greiddu ekki atkv.

12 þm. (HermG, JJ, LJós, ÓTh, PO, SB, SG, SEH, ÁkJ, BÁ, EystJ, HB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Steingrímur Steinþórsson: Ég vildi aðeins gera þá grein fyrir atkv. mínu, að ég mun hafa fylgt þessu frv. hér við 2. umr. Þar sem ég heyri, að um það er allmikill skoðanamunur milli hæstv. dómsmrh. annars vegar og flm. hins vegar, hvort þessar breyt. eigi rétt á sér, en ég hef hins vegar ekki haft aðstöðu til að kynna mér málið nægilega, greiði ég ekki atkv.

Frv. afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., 16. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er nú auðvitað ekki neitt stórmál, en ég vil þó hér við 1. umr. þess koma með athugasemdir, sem ég hreyfði í hv. Nd. í gær, en menn gerðu þar ekki mikið með.

Efni frv. er það, að ætlazt er til, að lögreglustjóri taki við úrskurði nokkurra mála, sem hafa heyrt undir sakadómara, og ástæðan, sem færð er fram fyrir þessari breytingu, er talin sú, að framkvæmd laganna, eins og þau hafa verið frá 1944, sé of seinvirk og að það sé einfaldara í framkvæmd, að sakadómari fjalli ekki um þessi mál. Málið er flutt af borgarstjóranum í Reykjavík, hv. þm. Snæf., og er skýrt frá því í grg., að það sé gert í samráði við lögreglustjóra, sakadómara og byggingarfulltrúa Reykjavíkur, og þar sem þessir aðilar, sem um þetta eiga að fjalla, eru málinu hlynntir, mætti sýnast ástæðulaust fyrir aðra að vilja annað í þessu efni. En hér kemur til greina, að samkvæmt eðli sínu varðar þetta mál meginstefnu, þá stefnu, hvort dómsstörf skuli heyra undir lögreglustjóra eða ekki. Að undanförnu hefur sú stefna ráðið, að greina á milli dómsstarfa og framkvæmdarvaldsstarfa, og frv. það, sem nú er flutt hér á Alþ., um meðferð opinberra mála, gengur enn þá lengra í sömu stefnu og tekur af sakadómara þau mál framkvæmdarvaldsins,

sem undir hann hafa heyrt. En þetta frv. gengur í öfuga átt. Þar ræðir um dómsstörf, sem á að taka af dómaranum. Úrskurði sakadómara í þessum efnum er heimilt að áfrýja til hæstaréttar, og það væri ekki hægt, nema um dómsstörf væri að ræða. Það er því hæpið að taka hrein dómsstörf af dómara og fá þau í hendur framkvæmdarvaldsmanni.

Hv. flm. benti á það í Nd., að nokkur framkvæmdarvaldsstörf væru falin dómurum í hæstarétti og benti á í því sambandi, að með þau dæmi fyrir augum væri ekkert óttalegt við það, að lögreglustjóra væru fengin nokkur dómsstörf í hendur. En því er til að svara, að hér er um frávik að ræða, sem ég tel ástæðulaust, og ég tel það beina afturför í réttarfari, að fá lögreglustjórum dómsstörf, ekki síst þar sem mig skortir sannfæringu um það, að þessi breyting, ef samþykkt yrði, mundi leiða af sér greiðari afgreiðslu viðkomandi mála en nú er. Ég veit, að afgreiðsluhraða þessara mála er ábótavant, en mig skortir rök fyrir því, að sá galli sé því að kenna, að sakadómari fjallar um málin, og jafnvel rök fyrir því, að þau gætu ekki einnig strandað hjá lögreglustjóra. Ég skal þó játa það, að ef hv. flm. eða aðrir gætu sannfært mig örugglega um það, sem enn hefur ekki tekizt, að þessi breyting mundi greiða mjög fyrir meðferð mála, að þá tel ég ekki frágangssök að samþykkja þetta frv. þrátt fyrir fræðilegan ágalla. Og nú vildi ég biðja þá nefnd, sem fær þetta mál til athugunar, að kynna sér eftir föngum, hverjar líkur eru til þess, að samþykkt þessa frv. greiddi fyrir framgangi mála. Ef n. fær um það öruggar heimildir, að þessi breyting muni leiða til skjótari málsmeðferðar, mun ég ekki beita mér gegn henni. En ef svo reynist ekki munu verða, er ástæðulaust að samþykkja þetta frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 63. og 64. fundi í Ed., 21. og 22. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Ed., 24. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 18, n. 364).

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Mál þetta hefur verið flutt í hv. Nd. af borgarstjóra Reykjavíkur, sem er hv. þm. Snæf., eftir beiðni bæjarstjórnarinnar, og er efni þess það, að gerðar séu undantekningar frá venjulegum reglum um meðferð opinberra mála gagnvart einum málaflokki, sem sé út af brotum á byggingarsamþykkt Reykjavíkur. Nefnd í hv. Nd., sem þetta mál fór til, hefur einróma lagt til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt, og var það gert í þeirri hv. d. og kom það þannig til þessarar hv. d. Við 1. umr. málsins hér urðu nokkrar umr. um það, og hélt hæstv. dómsmrh. þá mjög gagnorða ræðu, þar sem hann benti á, að þótt í litlu sé, þá væri hér verið að fara fram á undantekningu frá reglum um aðskilnað framkvæmdarvalds og dómsvalds, sem barizt hefði verið fyrir á undanförnum öldum og áratugum að koma í gildi, að aðskilja þessa tvenns konar gerninga stjórnarvaldsins sem mest, og þá auðvitað til þess að tryggja rétt einstaklinganna gagnvart ríkisvaldinu.

Á fundi allshn. Ed., þar sem mál þetta var til meðferðar, var einn hv. nm. ekki viðstaddur. En hinir nm. voru sammála um það um meðferð þessara mála, að sá hraðaauki, sem yrði af breyt., sem af ákvæðum frv. leiddi, ef lögfest væru, væri ekki þess virði, að gerð væri undantekning frá þessari reglu, sem hefur verið gildandi hjá okkur fram að þessu. Að vísu er það þannig, eins og tekið er fram í grg. frv., að nú er svo ákveðið, að lögreglustjóri í Reykjavík skuli vera lögfræðingur. En það er allt að einu, að allshn.-mönnunum þótti ekki taka því að gera þessa undantekningu með þessi mál. Það kann að vísu að vera og er sennilegt, að það mætti gera hraða þessara mála eitthvað meiri með því ákvæði, sem frv. felur í sér. En hraðinn er ekki aðalatriði í meðferð mála, jafnvel þótt bæir og ríki eigi í hlut, heldur að tryggja þeim, sem málum er beint gegn, fyllsta réttlæti í meðferð þeirra. Það er líka bent á það í nál., að það ættu ekki að þurfa að vera vandræði með að koma þessum málum í framkvæmd frekar en öðrum málum, sem farið er með eftir venjulegum reglum, ef nauðsyn krefði.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. En fyrir hönd þeirra fjögurra nm., sem undir nál. hafa skrifað, leyfi ég mér að leggja til, að deildin felli frv.

ATKVGR.
1. gr. felld með 8:2 atkv.
Frv. þar með fallið.

---

2. Landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Á 16. fundi í Nd., 12. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði [65. mál] (þmfrv., A. 96).

Á 17. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem ég flyt ásamt hv. 2. þm. S-M. og hv. 2. þm. N-M., er nálega samhljóða frv., sem undanfarið hafa legið fyrir hv. Alþ. Á Alþingi í fyrra var frv. um landshöfn í Höfn í Hornafirði samþ. í hv. Ed. og kom hingað til Nd. og fór í gegnum 1. umr. og var vísað til 2. umr. og sjútvn. 1. marz. Alþingi lauk hins vegar 24. marz, svo að sjútvn. hafði málið til athugunar fullar þrjár vikur. Eigi að síður fór það svo, að n. afgreiddi ekki málið, og komst það því ekki lengra á því þingi. Þar sem þetta mál er hv. þm. kunnugt af fyrri umr. um það, þá mun ég

ekki halda hér langa framsöguræðu, en get þó ekki látið hjá líða að minna á það, að sjávarútvegurinn er einn höfuðatvinnuvegur þessarar þjóðar og hefur mikilsverðu hlutverki að gegna. En stór grein sjávarútvegsins er útgerð vélbátaflota, og hefur undanfarið verið lögð mikil áherzla á aukningu bátaflotans með því að fá bæði fleiri og stærri báta og gera hann þannig afkastameiri. Afleiðingin af þessu verður og sú, að nauðsynlegt verður að dreifa flotanum sem mest á miðin. En staðhættir eru þannig, að hin auðugustu fiskimið við suðausturströnd landsins verða ekki nytjuð, nema flotinn geti landað í Höfn í Hornafirði. Því veldur hafnleysi suðausturstrandarinnar og það, hve fiskigengdin nær langt austur með landinu. Höfn í Hornafirði hefur verið sameiginleg útgerðarstöð fyrir Austfirðingafjórðung, og engar líkur eru til þess, að það breytist í framtíðinni. En um leið og bátunum fjölgar, þá verður að sjá þeim fyrir betri hafnarskilyrðum, og kemur þá Höfn í Hornafirði mjög til greina, en vegna þess að þar þarf mikilla endurbóta á hafnarmannvirkjum við, er þetta frv. flutt enn á ný í trausti þess, að hv. Alþ. afgr. það sem l. og að í kjölfar þeirrar lagasetningar fylgi nauðsynlegar umbætur á þessum stað. — Ég mun svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn., og treysti því, að hún sjá sér fært að afgr. það eftir tiltölulega stuttan tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 22. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 96, n. 340 og 359).

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur ekki getað orðið samferða í þessu máli. Meiri hl. n. leggur til, að málið verði afgr. með rökst. dagskrá, sem er á þskj. 359. En minni hl. n., hv. 2. þm. N.-M. og hv. þm. Siglf., leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Það hefur talsvert verið — og var sérstaklega í milliþn. í sjávarútvegsmálum — rætt um landshafnir á seinni tímum, og komu þá til greina nokkrir staðir, sem milliþn. í sjávarútvegsmálum óskaði eftir, að yrðu nánar rannsakaðir. Niðurstaðan af starfi n. í landshafnamálinu varð svo sú, að sett voru sérstök lög um landshöfn í Keflavík og Njarðvík, þar sem ríkinu er uppálagt að búa til höfn hér við sunnanverðan Faxaflóa. — Eftir öðrum rannsóknum, sem fram hafa farið, og eftir till., að mestu frá milliþn. og hæstv. Alþ., mun Rif á Snæfellsnesi vera talið sem líklegur staður fyrir landshöfn. Rannsókn á þeim stað fór fram í sumar, og hygg ég, að hún hafi sýnt, að þar væri mjög álitlegt að búa til höfn við einhver auðugustu fiskimið við Vesturlandið. En þó hefur hæstv. ríkisstj. ekki talið ástæðu til — sennilegast vegna fjárhagsvandræða — að leggja neitt frv. um þetta fyrir Alþ. — Nú er það að sjálfsögðu fyllilega viðurkennt, að það sé nauðsyn á því að hafa góða fiskveiðahöfn fyrir Austurlandið í grennd við Hornafjarðarmiðin. En hitt mun þó vera álit flestra, sem á þetta hafa litið, að ekki sé unnt að búa til neina stórskipahöfn í Hornafirði, heldur að það muni vera slíkir verkfræðilegir örðugleikar á því vegna brima og sjávarfalla, að slíkt sé í raun og veru óframkvæmanlegt. — Meiri hl. n. lítur svo á, að þar sem Höfn í Hornafirði nýtur nú þegar þeirrar aðstoðar frá ríkinu, sem fyrir er mælt í hinum almennu hafnarlögum, eða 40% styrks og ríkisábyrgðar fyrir allt að 60% af kostnaði við hafnargerð, þá sé vorkunnarlaust að framkvæma þar þær hafnarframkvæmdir, sem líklegt er, að þurfi vegna svipaðrar sjósóknar og þar hefur verið að undanförnu og jafnvel bæta að auki aðstöðuna að verulegu leyti. Ekki lítur út fyrir, að af ríkisins hálfu sé hægt að leggja stórfé í landshafnargerð í Hornafirði jafnhliða þeim skuldbindingum, sem ríkið hefur gagnvart öðrum höfnum. Landshöfnin í Njarðvík er ekki nema hálfgerð, en þó hefur orðið að stöðva vinnu og framkvæmdir þar vegna fjárskorts ríkisins. Meðan þannig er ástatt, að ekki er hægt að halda landshafnargerðinni í Njarðvík betur áfram en raun er á, taldi meiri hl. sjútvn., að aðrir staðir, eins og t. d. Höfn í Hornafirði, yrðu að sjá um sig sjálfir með þeirri aðstoð, sem ríkið veitir samkvæmt hinum almennu hafnarlögum, og meiri hl. taldi því ekki hægt að samþykkja þetta frv. Þar að auki er áskilinni heildarathugun um landshafnir langt frá því að vera lokið. Að vísu liggja hér fyrir meðmæli frá vitamálastjóra varðandi landshöfn í Hornafirði, en ég hygg, að álit hans fari a. m. k. að nokkru leyti í bága við álit hæstv. samgmrh., sem er allra manna kunnugastur hafnarmálum landsins og hefur haft allra manna mest með þau að gera. Enn fremur er langt frá því, að lokið sé þeirri athugun, sem mþn. gerði ráð fyrir um landshafnir. Meiri hl. n. taldi því rétt að vísa þessu máli frá að svo stöddu.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það er nú svo, að ágreiningur í þessu máli er ekki um einstök atriði, heldur um meginmálið, hvort það skuli ná fram að ganga eða ekki, og vík ég því að málinu yfirleitt og almennt.

Fram undir síðustu ár var útgerð þannig eystra, að á smærri stöðunum voru eingöngu trillubátar, en á betri höfnunum voru mótorbátar, svona 10, 15 til 20 tonna bátar. En á þessu hefur orðið veruleg breyting á síðustu árum. Bátarnir hafa stækkað við betri hafnirnar, og jafnframt hafnarbótum á smáhöfnunum stefna menn þar að því að ná í vélbáta, t. d. 10—20 tonna báta, í stað trillubátanna.

Vertíðartíminn eystra er sumarið, og er reiknað með, að vertíðin sé lengst eitthvað á fjórða mánuð. Aðstaðan til sjósóknar er eingöngu bundin við þennan stutta tíma úr árinu, að Hornafirði undanskildum. Útgerð er ákaflega þýðingarmikil fyrir afkomu manna á Austfjörðum og þá jafnframt mjög þýðingarmikið,

að hægt sé að lengja útgerðartímann á ári hverju með því að gera út frá Hornafirði að vetrinum til. Það getur verið, að útgerðin blessist og beri sig yfir hinn stutta sumartíma, en það er mjög hæpið að treysta á það og mikið er í húfi. En með því að fá aðstöðu til að gera smærri bátana út frá Hornafirði á vetrarvertíð lengist úthaldstíminn og líkurnar stóraukast fyrir farsælli útgerð og afkomu. Stærri bátarnir geta frekar leitað suður á vertíð, en þó hrekkur það úrræði oft æði skammt, þegar ekki er hægt að fá viðlegupláss syðra, og er óviðunandi. Verulegar umbætur á höfninni í Hornafirði er því ekkert sérmál Hornfirðinga, heldur er það mál, sem varðar afkomumöguleika allra Austfirðinga og raunar landsins í heild. Hér er um það að ræða, hvort á að gera mönnum kleift að nytja ein af auðugustu fiskimiðum landsins, þ. e. við suðausturströndina, og það er ekki hægt án hafnaraðstöðu í Hornafirði. Aðstaðan til sjósóknar er óvenju hagstæð, en hafnaraðstaðan aftur mjög óhagstæð. Hvergi liggur sjálft veiðisvæðið jafnnærri landi og fyrir utan Hornafjörð, a. m. k. eystra, þangað er jafnvel ekki nema hálftíma keyrsla, og með tilliti til strauma er mjög gott að fiska þar, og veiðarfærin slitna því lítið. Útgerð hefur verið stunduð frá Hornafirði áratugum saman, og það er staðreynd, að þar er tiltölulega mjög lítill útgerðarkostnaður, og það hefur oft bjargað, þegar sjórinn hefur brugðizt, og sjór getur brugðizt þar eins og alls staðar annars staðar, þótt fiskimiðin séu auðug. Reynslan hefur sýnt, að Hornafjörður er með allra farsælustu veiðistöðvum landsins, og mun það þó sannast enn rækilegar, þegar hafnarskilyrðin hafa verið bætt. En aðstöðuleysið við höfnina gerir það að verkum, að bátum hefur farið fækkandi þar undanfarin ár, jafnframt því sem bátarnir hafa stækkað, því að stærri bátarnir eiga mjög erfitt með að athafna sig sökum þess, hve höfnin er grunn og lítil og lítið athafnapláss. Þó hefur árlega verið fluttur út fiskur frá Hornafirði fyrir fleiri milljónir króna. Og nú er spurningin þessi: Höfum við efni á að láta þessa möguleika ónýtta? Öll þróunin stefnir í þá átt, að eftir fáein ár verði aðeins heimabátarnir gerðir út frá Hornafirði.

Eins og ég gat um áðan, er það fjarri lagi, að þetta sé mál Hornfirðinga einna. Það, sem þarf að gera, er miklu meira en þörf er á fyrir Hornfirðinga út af fyrir sig og miklu meira en þeir einir ráða við. Það þarf ekki nánari útskýringar. Þar munu vera um 300 manns eða rúmlega það, og sjá það allir, að ekki stærri staður getur ekki staðið undir hafnarframkvæmdum, sem mundu kosta nokkrar milljónir króna. Það þarf að taka málið öðruvísi.

Hv. frsm. meiri hl. sjútvn. sagði, að Hornfirðingum virtist vorkunnarlaust að standa undir hafnarframkvæmdum þar á sama hátt og með sömu aðstöðu og aðrir staðir hefðu til þeirra hluta. Það hefur tvisvar áður verið flutt hér frv. um landshöfn í Hornafirði. Árið 1945 — held ég hafi verið — var slíkt frv. afgreitt eins og meiri hl. n. leggur nú til, að þetta frv. verði afgreitt, þ. e. a. s. því var vísað frá með rökstuddri dagskrá, og mér hefur skilizt, að forsendurnar hafi þá verið þær, að málið hafi ekki verið fullrannsakað, og var óskað eftir frekari rannsókn. Hið sama skilst mér, að eigi að gera nú samkvæmt áliti hv. meiri hl. n. Nú, þremur árum síðar, þegar búið er að gera fullnaðarrannsókn og tillögur um hafnarsvæðið og nema þar með á brott forsendu frávísunarinnar um árið, þá á samt að vísa málinu frá á sömu forsendu og þá, forsendu, sem þó er ekki lengur fyrir hendi. Í frávísunartillögunni er það nú m. a. fært fram, að Hornafjörður njóti 40% styrks frá ríkinu til hafnarframkvæmda. En það er engin ástæða heldur til að vísa málinu frá á þeirri forsendu, því að allar hafnir landsins njóta sama styrks úr ríkissjóði samkvæmt hinum almennu hafnarlögum. Og í því sambandi er sérstök ástæða til að minna á, að Hornafjörður hefur ekki einu sinni notið þessa lögboðna framlags ríkisins. Mér skilst, að Hornafjörður hafi alltaf lagt fram ⅔ hluta kostnaðarverðs hafnarbóta sinna, en fjöldinn af öðrum stöðum hefur ekki þurft að leggja fram nema helming upp að vissu marki, — ég hygg, að þar hafi verið miðað við 800 þús. kr. Á þetta má benda. Það hefur líka verið notað sem rök fyrir till. meiri hl., að landshöfn í Njarðvík sé ekki lokið enn þá. Það eru engin rök út af fyrir sig í þessu máli. Þar getur verið um svo stórt og mikið verk að ræða, að það gangi ekki eins vel og til var ætlazt og ráð fyrir gert. En hér er um allt annað verkefni að ræða, sem krefst ekki eins mikils fjárframlags og landshöfnin í Njarðvík.

Ég held, að það verði almennt að viðurkenna það, þótt hv. frsm. meiri hl. drægi það í efa, að athugun í sambandi við landshöfn í Höfn í Hornafirði sé að fullu lokið. Ég vil ekki draga í efa nauðsyn annarra landshafna, sem til greina hafa komið, en vafalaust eru þær þó misjafnlega aðkallandi. Ég fullyrði, að sú landshöfn, sem hér um ræðir, sé mest aðkallandi, og er þá jafnframt á hitt lítandi, að framkvæmdin er ekki svo kostnaðarsöm, miðað við hina brýnu þörf og nauðsyn. Vitamálastjóri álítur einnig, að Landshöfn í Hornafirði sé mest aðkallandi og að hún eigi fyrst að koma í röð landshafnanna. Ég geri ráð fyrir, að engin önnur landshöfn leysi meira spursmál með tilliti til þess, að um það er að ræða, hvort á að nýta eða ekki nýta fiskimið. Þau fiskimið, sem hér um ræðir, væru ónýtt án landshafnar í Hornafirði. Ef landshöfn verður komið upp á Rifi, þá verður það auðvitað til þess, að fiskimiðin nýtast þar betur en ella hefði verið. En þar er ekki um það að ræða, að fiskimiðin verði ónýtt án landshafnar eins og um er að ræða á Hornafirði.

Að svo mæltu vil ég fyrir hönd minni hl. sjútvn. leggja til, að hin rökstudda dagskrá meiri hl. verði felld.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil nú sem 1. flm. þessa frv. þakka n. fyrir að hafa afgr. málið frá sér til umræðu og atkvgr. hér í deildinni. N. hefur haft það til athugunar alllengi, — því var vísað til hennar 15. nóv. í haust, — og þar sem hún hefur gefið sér rúm-

an tíma til að athuga það, urðu það mér nokkur vonbrigði, að hún skyldi ekki standa einhuga að áliti og afgreiðslu, er gengi í sömu átt og álit minni hl. fer. Þetta mál hefur legið hér áður fyrir þinginu, í hv. Ed. og raunar líka í þessari d., eins og fram kom hjá hv. frsm. minni hl. Það hefur og verið allmikið rætt hér á þinginu. Um rök fyrir því hefur fyrst og fremst verið á það bent, og það gerði hv. 2. þm. N-M. líka, að Hornafjörður er vetrarverstöð fyrir allt Austurland, og hefur svo lengi verið. Einnig hefur verið á það bent, að fiskimiðin fyrir Suðausturlandi verða ekki nytjuð, að fullu a. m. k., nema frá Hornafirði, en reynslan hefur sýnt, að þessi fiskimið eru auðug og hentug fyrir vélbáta. Enn hefur verið á það bent, bæði nú og áður, að þróunin gengur í þá átt, að bátaflotinn fer stækkandi og jafnframt fjölgar veiðiskipunum, og hefur það einkum gerzt með myndarlegu átaki á síðustu árum. En um leið og skipunum fjölgar og þau stækka, þurfa stærri og betri hafnir að koma í kjölfarið, svo að gagn verði að auknum og bættum skipastól.

Öll þessi rök hafa verið skýrð svo ýtarlega við fyrri umræður um þetta mál, að ég tel ekki ástæðu til að lengja umræðurnar nú með því að endurtaka neitt af því. Enn fremur hefur verið minnt á það hér, að staður eins og Höfn í Hornafirði, sem er tiltölulega ungt þorp með mörg óleyst og óunnin verkefni, getur ekki einn ráðizt í þær hafnarframkvæmdir, sem gera þarf, til þess að Hornafjörður verði verstöð fyrir allt Austurland. Það mun einnig vera svo, að þeir staðir eystra, sem kynnu að óska eftir viðlegu á Hornafirði á vertíðinni, hafa sjálfir á prjónunum hafnarmannvirki, sem þeir eiga fullt í fangi með að standa straum af, og fer ég ekki nánar út í þau rök málsins, sem hv. þm. hljóta nú að vera orðin ljós, bæði af ræðu hv. 2. þm. N-M. áðan og fyrri umræðum um þetta mál hér. En ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um till. meiri hl. á þskj. 359, þar sem það er dregið fram og fært til sem rök fyrir því, að ástæðulaust sé að lögfesta frv., að Höfn í Hornafirði njóti nú þegar þeirrar aðstoðar frá ríkinu, sem þar er nánar tilgeind, eða 40% styrks og ríkisábyrgðar fyrir allt að 60% af kostnaði við hafnargerð, o. s. frv., „telur deildin eigi ástæðu til frekari aðgerða í málinu", eins og segir í dagskránni. Ég fæ nú ekki séð, að í þessu felist nein röksemd gegn landshöfn í Hornafirði. Það mætti ætla af orðalaginu: „Þar eð Höfn í Hornafirði nýtur nú þegar þeirrar aðstoðar" o. s. frv., að sú aðstoð, sem nefnd er, væri eitthvert happ, sem Hornafirði hefði sérstaklega hlotnazt og þá helzt síðan málið lá hér síðast fyrir þinginu. En það er fjarri því, að slíku sé til að dreifa. Ég hygg, að alllangt sé síðan sú stefna var tekin upp, að ríkið legði fram ⅔ af kostnaði við hafnarframkvæmdir. A. m. k. hefur þetta verið svo lengi sem hafnarlög hafa gilt fyrir Höfn í Hornafirði, og ég held, að þau hafi gilt í 14 ár. Allan þann tíma hefur staðið þar, að ⅔ af kostnaði við hafnarmannvirki væri styrkur frá ríkinu. Það eru því ekki nokkur minnstu rök að koma fram með þetta eins og eitthvað nýtt, sem Höfn í Hornafirði hafi áskotnazt.

Mér finnst eðlilegt að rifja hér lítið eitt upp sögu landshafnanna. — Á þinginu 1942—43 fluttu nokkrir framsóknarmenn till. til þál. um að skipa mþn. í sjávarútvegsmálum, og þessi till. var samþ. á sama þingi og afgreidd sem ályktun Alþingis. Síðan var skipuð mþn. í sjávarútvegsmálum, og í þeirri n. held ég, að hafi verið 4 þm. og 1 maður utanþings. Þessir þm. voru: Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv., Finnur Jónsson, þm. Ísaf., Eysteinn Jónsson, núverandi hæstv. menntmrh., og Lúðvík Jósefsson, þáverandi landsk. þm., núverandi þm. S.-M. Þessi n. kom fyrst fram með þá hugmynd, að byggðar yrðu nokkrar landshafnir, þar sem auðug fiskimið væru undan landi. Þessi mþn. benti á nokkra staði, sem sjálfsagt væri, að kæmu til greina fyrir landshöfn. Fyrst var bent á Keflavík og Njarðvík, enda hafa verið afgr. l. um landshöfn þar. Höfn í Hornafirði var þar ofarlega á blaði. Síðan þessi mþn. skrifaði álit sitt, hefur lítið breytzt um aðstöðu til fiskveiða frá Höfn, en miðin eru þau sömu. Þörfin til úrbóta er söm og þá. Út af fullyrðingum meiri hl. n., að innsiglingin í Höfn í Hornafirði torveldi, að hægt sé að gera þar stórskipahöfn, þá er rétt að benda á, að aðstæður allar að þessu leyti hafa ekkert breytzt síðan mþn. starfaði. Þau rök hv. þm. Ísfirðinga geta því ekki staðizt. Hér er því ekki stefnt að öðru en því að lögfesta þær till., sem mþn. í sjávarútvegsmálum lagði fram, en hv. 5. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf. áttu sæti í þeirri n., sem ég gat um áðan. Hér er því lagt til, að lögfestar séu þeirra eigin till. Hér er verið að hrinda í framkvæmd hugsjón, sem þeir hafa m. a. haldið á lofti. Það ætti því að liggja ljóst fyrir, að fyrsta málsatriðið í hinni rökst. dagskrá er engin röksemd.

Þá kem ég að öðru málsatriðinu. Þar segir, að þeirri einu landshöfn, sem hefur verið lögfest, sé ekki hægt að ljúka vegna fjárskorts ríkissjóðs. Þetta er önnur röksemdin. Nú er hv. þm. kunnugt um, að ríkið leggur fé til margs konar framkvæmda í landinu, en það hefur verið meginstefna Alþ. og fjárveitingavaldsins að láta vinna samtímis að framkvæmdum á mörgum stöðum á landinu. Það þarf ekki annað en að líta á fjárlög fyrri ára til að sannfærast um það, að svo sé. Ef litið er á hafnargerðirnar og athugað, á hvað mörgum stöðum sé unnið samtímis að þeim framkvæmdum, þá kemur í ljós, að um 22 staði er að ræða. Ef litið er á lendingarbætur, þá er um 29 staði að ræða. Sama kemur í ljós, ef brýrnar eru athugaðar. Árið 1948 eru byggðar 25 brýr á landinu, og vegafénu er dreift það mikið, að samtímis er unnið á annað hundrað stöðum að vegagerð.

Sama er að segja um símalagningar og skólabyggingar. Að þessu er unnið á mörgum stöðum samtímis. Það er því alls ekki rétt að lögfesta ekki landshöfn í Höfn á þeim forsendum, að ekki sé lokið þeim framkvæmdum, sem hafizt hefur verið handa um áður. Það brýtur ekki í bága við þá stefnu, sem ríkt hefur undanfarið um verklegar framkvæmdir ríkisins, og er því ekki óeðlilegt að lögfesta landshöfn í Höfn í Hornafirði, þó að unnið sé að öðrum sams

konar framkvæmdum víðar um land. Það væri alltaf hægt að þoka málinu áfram engu að síður en öðrum framkvæmdum. Sem betur fer er vinnuafl þjóðarinnar ekki enn allt á einum stað, og það kann að vera, að heppilegra sé að vinna að byggingu landshafna á fleiri en einum stað, enda sú leið, sem valin hefur verið undanfarin ár um aðrar framkvæmdir ríkisins.

Þá segir enn fremur, að ekki sé lokið fyrirhuguðum framkvæmdum í Keflavík sökum fjárskorts ríkissjóðs. Við höfum nú setið yfir því hér á Alþ. að afgr. fjárlög fyrir árið 1949. Það er öllum kunnugt, að þessi fjárlög verða hátt á þriðja hundrað millj. kr., en þetta fyrirhugaða fyrirtæki í Höfn mun kosta um 4,5 millj. kr. Það þarf ekki reikningsglöggan mann til að sjá, að margt af því, sem ríkissjóður hefur lagt fé í undanfarið, orkar meira tvímælis en þetta fyrirtæki. Nú fylgja þessu heldur engar skyldur að leggja fram þessar 4 millj. kr. á fyrsta ári, heldur megi þetta greiðast smám saman. Hér er því ekki það stórt mál, að ríkissjóður geti ekki tekið afleiðingum þess. Þessi rök fá því heldur ekki staðizt.

Þá kem ég að þriðja málsatriði meiri hl. sjútvn. Þar er þess getið, að ekki sé enn lokið heildarathugunum um landshafnir. Ég hef nú rakið, hvernig hugmyndin um landshafnir er fram komin. Hún er m. a. komin frá hv. þm. Ísaf., Finni Jónssyni, og hv. 5. þm. Reykv., Sigurði Kristjánssyni. Ég tel óþarft að endurtaka það, sem ég gat um út af störfum mþn. þeirrar, sem skipuð var í sjávarútvegsmálum, sem þessir tveir hv. þm. áttu sæti í. En málið hefur verið athugað nánar, frá því að þessir menn bentu á Höfn í Hornafirði sem einn þeirra staða, sem álitlegir væru að þeirra dómi fyrir landshöfn. Staðhættir voru því athugaðir að nýju við Höfn og þær áætlanir endurskoðaðar, sem fyrir lágu, og á þeim áætlunum er þetta mál byggt. Til viðbótar við þetta liggur fyrir grg. um málið frá vitamálastjóra, þar sem hann telur, að Höfn í Hornafirði eigi að vera í flokki nr. 1 sem landshöfn. Það segir orðrétt um þetta frá vitamálastjóra, með leyfi hæstv. forseta: „Því, í hvaða röð ég telji, að landshafnir eigi að koma, vil ég því til svara, að ég set númer eitt Höfn í Hornafirði, annaðhvort sem landshöfn eða þá að séð verði um með öðrum hætti, að fiskútflutningshöfn geti vaxið þar fljótlega upp.“ Þegar þetta liggur fyrir, er augljóst, að þessi rök fá heldur ekki staðizt.

Þegar rök meiri hl. sjútvn. og framburður vitamálastjórnarinnar og önnur málsatriði eru greind í sundur, þá liggur ljóst fyrir, að andstaðan gegn frv. er byggð á tyllirökum einum saman. Er því eðlilegast, að Alþingi felli hina rökst. dagskrá og afgr. frv. í því formi, sem það nú liggur fyrir.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Nd., 24. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Það hafa nú tveir menn talað um þetta nál. meiri hl., hv. 2. þm. N-M. og hv. þm. A-Sk. Ég þarf nú ekki að svara þeim mörgum orðum; ræða hv. þm. A-Sk. var nú með því marki brennd, að hann virtist einungis tala til að tala, en ekki af því, að hann byggist við, að það yrði tekið tillit til þess, sem hann var að segja.

Í þessu máli liggja fyrir umsagnir frá vitamálaskrifstofunni og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Hv. þm. komst þannig að orði, að það lægi fyrir umsögn vitamálastjóra, og varð ekki annað skilið en hann teldi, að vitamálastjóri hefði mælt með landshöfn í Hornafirði. Ég held, að hann hefði nú átt að athuga dálítið betur umsögn vitamálastjóra. Með leyfi hæstv. forseta skal ég lesa það, sem hann segir um þetta: „Því, í hvaða röð ég telji, að landshafnir eigi að koma, vil ég því til svara, að ég set númer eitt Höfn í Hornafirði, annaðhvort sem landshöfn eða þá að séð verði um með öðrum hætti, að fiskútflutningshöfn geti vaxið þar fljótlega upp.“ — Það er nú einmitt það, sem um getur í síðari lið þessarar yfirlýsingar, sem ég veit ekki betur en sé óðum að komast í framkvæmd í Höfn í Hornafirði og búið sé að vinna þar fyrir 1 millj. og 200 þús. kr. Minni strandferðaskip, eins og Skjaldbreið, fljóta þar alveg inn undir bryggju og enginn vandi fyrir allt upp undir 50 smálesta báta að stunda þar fiskveiðar, segja kunnugir menn. Það er búið að kaupa timbur í bryggju, sem á að verða til á þessu ári, án þess að nokkurri landshöfn sé komið þar upp. Út af þeirri umsögn frá vitamálastjóra, að hann telji Rif á Snæfellsnesi eiga að koma næst, bæði vegna þess, að þar sé mikil útgerð, og til að tryggja hag nærliggjandi sveita, mætti álykta, að rétt væri, að Rif kæmi fyrst, vegna þess að þaðan eru stundaðar miklar veiðar en miklir erfiðleikar á þeim vegna hafnleysis. Á Hornafirði eru fáir heimabátar, en aðallega aðkomubátar, sem stunda þaðan veiðar, og því ekki nauðsynlegt vegna héraðsins að koma þar upp fiskútflutningshöfn, en eftir dómi vitamálastjóra má ætla, að það sé nauðsynlegt á Rifi, þar sem annars er í hættu, að byggð eyðist þar. Nú er verið að gera hafnarbætur á Hornafirði, án þess að vitað sé, að þar liggi fyrir meira framlag frá ríkissjóði en til annarra hafna. Það er viðurkennd sú nauðsyn að nota miðin við Hornafjörð, en með þeim aðstæðum, sem myndast við þær aðgerðir, sem er verið að gera þar nú, skapast möguleikar til að nota miðin jafnvel fyrir fleiri báta en nú sækja til Hornafjarðar. Nú eru þar 11 bátar, 14 eða 15 í fyrra og munu flestir hafa verið 30. Ég vil ekki fullyrða, að góð aðstaða sé þar fyrir 30 báta, en a. m. k. fyrir mun fleiri báta en leggja þar upp nú. Austfjarðabátarnir leggja annaðhvort upp heima sjá sér eða þeir leita til annarra staða, sem þeir telja aflavænlegri en Hornafjörð. Nú er það svo, að jafnvel þótt æskilegt hefði verið að koma þarna upp fiskihöfn, sem aldrei gæti þó orðið stór útflutningshöfn, því að innsiglingin er þannig, að ekki er talið gerlegt að setja þar upp útskipunaraðstöðu fyrir stór skip, þá hafa ýmsir staðir lagt jafnhart að sér í þessum efnum og Höfn og samt ekki krafizt landshafnar, og mætti þar t. d. nefna Hofsós og Dalvík. Á báðum þessum stöðum hefur verið lagt

í talsvert meiri framkvæmdir en nauðsynlegar eru í Höfn til að skapa aðstöðu fyrir 30—50 tonna báta, en engar kröfur hafa komið þaðan um landshöfn, þó að íbúarnir hafi orðið að leggja hart að sér til að koma þessu í framkvæmd. Það er sagt af kunnugum mönnum, að 1½ millj. muni nægja til að gera sæmilega aðstöðu fyrir þá báta, sem vilja leggja upp í Höfn, og ef ríkissjóður leggur fram 600 þús., þá mun vera hægt að fá hitt að láni með ábyrgð ríkissjóðs. Ég óttast, ef samþ. verður að koma upp landshöfn þarna, að það muni ýta öðrum stöðum af stað til að gera sams konar kröfur um landshöfn, og mundi ríkissjóður ekki eiga hægt með að koma slíku fram eins og fjárhagurinn nú er.

Mér heyrðist á hv. form. minni hl., að hann gerði ekki mikið úr því, að ekki væri búið að ljúka gerð landshafnarinnar í Njarðvík, en mér finnst óvarlegt að prjóna upp á fleiri landshöfnum, áður en lokið er við þessa, og niðurstaðan verður sú, að hvergi verður lokið verulega við verkið. Það er því mjög óvarlegt að dreifa fjárframlagi ríkisins, svo að framkvæmdir komi ekki fljótt að gagni, en svo færi, ef ríkið legði í margar landshafnir í einu án þess að ljúka hinum, sem eru nú í undirbúningi. Þær upplýsingar, sem ég hef fengið, benda á það, að nú sem stendur sé aðstaða fyrir fleiri skip í Höfn en leita þangað, og þó að ekki sé lokið landshöfninni í Njarðvík, þá er samt aðstaða í Vogum, Keflavík og Njarðvíkum fyrir fleiri skip en stunda þaðan veiðar nú, og þegar svo er, virðast engir erfiðleikar á því, að hægt verði að sjá fyrir þeim bátum, sem þangað kunna að leita. Þá hafa Austfirðingar komið sér upp hraðfrystihúsum nema í Höfn. Og er það ástæðan til, að þeir vilja heldur leggja upp á heimahöfnunum. Á Fáskrúðsfirði eru t. d. 2 hraðfrystihús, og geta bátar þaðan hæglega veitt á Hornafjarðarmiðum og flutt aflann heim. — Ég fjölyrði ekki frekar um þetta, en tel, að rökstudda dagskráin eigi fullan rétt á sér.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það var eins og við var að búast, að hv. frsm. meiri hl. hörfaði frá rökum þeim, sem færð voru fram í hinni rökstuddu dagskrá, sem hv. meiri hl. lagði fram. Nú er hv. frsm. farinn að færa fram sem rök, að aðrir staðir eigi að vera á undan. Það má segja, að þetta sé sjónarmið út af fyrir sig, sem hægt sé að ræða, og ekki nema eðlilegt, að til þess sé gripið, er þeir hafa ekki önnur rök gegn frv. Hv. frsm. meiri hl. brást bogalistin, er hann ætlaði að skjóta vitamálastjóra fram fyrir sig. Það má lesa mál þannig, að annað fáist út úr því en til er ætlazt, og hv. þm. Ísaf. gerði freklega tilraun til að snúa út úr ummælum vitamálastjóra. Vitamálastjóri er að svara fyrirspurn um, í hvaða röð landshafnir skuli vera, þar sem Höfn í Hornafirði er fyrst og síðan Rif. En það er alveg út í bláinn að leggja svo út álit vitamálastjóra sem hv. þm. Ísaf. vill, að höfnin sé langt komin til að fullnægja þörfum Hornfirðinga. Ég gat þess, að það, sem þyrfti að framkvæma, væri eiginlega í tveimur þáttum. Í fyrsta lagi að gera nothæfa höfn fyrir Hornfirðinga og að því stefnt, að hægt verði að flytja vörur frá og til staðarins, og jafnframt stefnt að því, að hinir fáu bátar á staðnum fái viðunandi aðstöðu. En hinum þættinum hefur ekkert verið sinnt, og Hornfirðingar eru ekki færir um það sjálfir, en það er, að þarna sé komið upp eiginlegri fisk- og útflutningshöfn fyrir alla Austfirði. En það er ekki hægt að bera Höfn í Hornafirði saman við Hofsós og Dalvík. Ég efast ekki um, að menn á þessum stöðum hafi lagt mikið fram og lagt hart að sér til að koma upp sæmilegum hafnarskilyrðum, en þar er þess að gæta, að það er fyrst og fremst vegna þeirra eigin þarfa, en Höfn hefur því hlutverki að gegna að leysa þarfir alls Austurlands. Ég vil benda á á þróun, sem átt hefur sér stað nú undanfarið, að bátar hafa stækkað mjög, slíkt kallar á bætt hafnarskilyrði, og útkoman verður sú, að bátar þeir, sem hægt er að gera út frá hinum smærri stöðum, geta ekki gengið nema um 3 mánuði um sumartímann, og það segir sig sjálft, að það vantar rekstrargrundvöll fyrir slíka báta. Það er ekki hægt að bera uppi útgerð með 3 mánaða vertíð. Hornafjörður gæti lengt tímann um 3 mánuði, og þetta er því nauðsynlegt. Það er því engan veginn verið að fara fram á þetta fyrir Hornfirðinga eingöngu, heldur fyrir Austfirði og allt landið.

Það kom fram, að eitthvað annað byggi undir dagskrártill. en þau rök, sem fram komu. Ég gat þess, að ég drægi ekki í efa, að aðrar landshafnir væru nauðsynlegar, en fullyrti að engin væri eins nauðsynleg og Höfn til að nytja auðug fiskimið í nágrenninu og að enginn annar staður gerði eins mikið gagn. Hv. þm. Ísaf. reyndi að gera lítið úr gildi þessarar hafnar og sagði, að hún gæti aldrei orðið stórskipahöfn. Það hefur aldrei verið gert ráð fyrir slíku, en hún mun samt sem áður leysa sitt hlutverk, svo að þetta er engin mótbára. Hv. þm. Ísaf. óttast líka, ef samþ. verður að byggja þarna landshöfn, að fleiri staðir komi í kjölfarið. Þetta er alveg út í bláinn, og ég geri ráð fyrir því, að þeir, sem eiga till. um landshafnir, hafi gert sér grein fyrir því, hvar takmörkin eigi að vera milli þeirra hafna, sem séu landshafnir, og þeirra, sem séu það ekki. Og Höfn í Hornafirði er ein af þeim, sem komu til greina, svo að ekki er verið að ganga út fyrir upphaflega rammann.

Ég tel ekkert of mælt í því, sem ég sagði við 1. umr., þar sem ég minntist á landshöfnina í Njarðvíkum, að engin rök mæli með því að sætta sig við það að halla sér svo að þörfum einhvers staðar, að allir aðrir staðir séu látnir bíða, unz verkinu er lokið þar. Ég fer ekki út í umr. um það, hvort rangt hafi verið að byrja á landshöfn í Njarðvík, en sé ekki, að algerlega þurfi að stöðva framkvæmdir í þessum efnum, þó að dregizt hafi að ljúka verkinu í Njarðvík.

Ég sé ekki, að hv. þm. Ísaf. hafi hrakið neitt af rökum þeim, sem mæla með Höfn í Hornafirði. Þetta er nauðsynlegt fyrir alla útgerð á Austfjörðum og sérstaklega fyrir þróun útgerðarinnar á hinum smærri stöðum, sem ráðizt hafa í að fá sér stærri báta. Ef Höfn verður

efld, geta þessir bátar fengið betri hafnarskilyrði og þar með lengri útgerðartíma. Það hefur heldur ekki verið hrakið, að þorp, sem ekki telur nema 300 íbúa, getur ekki staðið undir slíku, það getur ef til vill staðið undir því, sem varðar Hornafjörð. Hv. þm. Ísaf. vill, að þetta varði Hornafjörð einan, en hann er þá á móti því, að Hornafjörður nýtist fyrir útgerð alls Austurlands. Það er fráleitt að berja lóminn og vara við þeirri hættu, sem ríkissjóði stafar af þessu frv., en það er gefið mál, að þótt þetta frv. yrði samþ. mundu framkvæmdir þessar taka nokkur ár og ekki hraðar unnið við landshöfnina en fé það hrekkur til, sem ríkissjóður getur lagt fram eða gengið í ábyrgð fyrir. Það má segja, að það sé sjónarmið, að aðrir staðir séu teknir fram yfir Hornafjörð, en okkur Austfirðingum mætti þá vera spurn: Er það svo, ef leggja á fé fram til Austfjarða, að þá er reynt að skjóta öðrum stöðum fram fyrir og þá fyrst hugsað um staði, sem eru sem næst Faxaflóa? Það er skammt á að minnast síldveiðanna fyrir Austfjörðum, og kom þar fram andúð gegn veiðum þar, svo að ekki fékkst athugað, hvar heppilegast væri að byggja verksmiðju þar, ef gert yrði. Það er erfitt að sannfæra stjórn SR, því að hún er svo rammskorðuð við ákveðna staði, að hún fæst ekki til að athuga aðra, en þetta er ef til vill mannlegt. Og ef einhver er ef til vill búinn að bíta í sig, að Rif skuli vera næsta landshöfnin, þá er erfitt að fá þann sama til að athuga aðra staði.

Það komu engin ný rök fram hjá hv. þm. Ísaf. Hann hefur nú hörfað frá rökum dagskrárinnar og reynir að búa sér til önnur í staðinn. Spurningin er: Vill hv. Alþ. gera eitthvað á þessum stað til þess, að Austfirðir geti haldið áfram að þrífast og dafna.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það er fjarri því, að ég vilji tefja afgreiðslu þessa máls, en ég get þó ekki látið undir höfuð leggjast að bæta örfáum orðum við það, sem hér kom fram, ekki sízt í tilefni af því, sem hv. frsm. meiri hl., þm. Ísaf., sagði í ræðu sinni nú áðan. Það fór svo sem vænta mátti, að hann hefur lítil rök fram að bera gegn þeirri gagnrýni og þeim rökum fyrir málinu, sem ég og hv. frsm. minni hl. höfum flutt fram. Í fyrri ræðu minni um þetta mál, í fyrradag, sýndi ég fram á, að í hinni rökstuddu dagskrá, sem fram er borin af meiri hl. sjútvn., væri um þrjú málsatriði að ræða, sem ættu að gilda sem röksemd fyrir því, að ástæðulaust væri fyrir Alþ. að afgreiða þetta frv. sem l., heldur væri rétt að vísa því frá, eins og till. um rökstuddu dagskrána fer fram á. Ég sýndi fram á, að Hornafirði hefur ekki áskotnazt neitt sérstakt happ frá löggjafans hálfu, þótt hann ætti rétt á að fá ⅔ kostnaðar til framkvæmda við hafnargerð, og ég sýndi fram á, að þetta hefði verið til staðar, þegar mþn. í sjávarútvegsmálum hóf upp það merki að koma upp landshöfnum á nokkrum stöðum hér á landi, og ég sýndi enn fremur fram á, að Keflavík og Njarðvík hefðu átt rétt á hinu sama, þegar l. um landshöfn þar voru samþykkt. Ég sýndi enn fremur fram á, að það væri algerlega í ósamræmi við þá stefnu, sem fylgt hefur verið af hálfu Alþ. um verklegar framkvæmdir í landinu, ef það ætti að standa fyrir afgreiðslu þessa máls, að ekki væri búið að ljúka að fullu framkvæmdum, sem fyrirhugaðar væru í landshöfninni í Njarðvík, því að það er yfirleitt sú stefna, sem þingið hefur fylgt um verklegar framkvæmdir í landinu, að veita fé til sams konar framkvæmda samtímis á fleiri en einum stað, oft á mörgum stöðum, og í mörgu tilliti getur það talizt hagkvæmt, bæði þegar meta á, hvernig vinnuaflinu er dreift og hvernig tækjunum er dreift, og fleira kemur til greina í sambandi við það. Ég benti enn fremur á það, að það lægi ekki fyrir, að nein sérstök athugun væri á döfinni um landshafnir fram yfir það, sem þegar hefði verið unnið á því sviði, og minntist sérstaklega á það, að einmitt nú á síðustu missirum hefði verið endurskoðuð fyrri áætlun um hafnarframkvæmdir í Hornafirði og á þeirri endurskoðuðu áætlun væri þetta frv. byggt. Engu af þessu hnekkti hv. frsm. meiri hl. í ræðu sinni nú áðan, enda ekki von til þess, þar sem hér er um staðreyndir einar að ræða. Nú kemur það hins vegar fram hjá hv. frsm. meiri hl., að hann vill draga þá ályktun af umsögn vitamálastjóra um landshöfn í Hornafirði, að vitamálastjóri telji mjög koma til greina að fara aðra leið í þessu máli en hér er lagt til, og þá ályktun virðist mér hv. frsm. Ísaf. draga af þessum orðum í umsögn vitamálastjóra, að hann telur „númer eitt Höfn í Hornafirði, annaðhvort sem landshöfn eða þá að séð verði um með öðrum hætti, að fiskútflutningshöfn geti vaxið þar fljótlega upp.“ Nú liggja engar till. fyrir um það frá meiri hl. sjútvn., með hvaða hætti öðrum eigi að sjá fyrir því, að þarna vaxi upp fljótlega stór fiskútflutningshöfn, heldur bendir hv. þm. Ísaf. einungis á það, sem fyrir hendi er nú þegar, að Hornafjörður eigi að sjá fyrir þessum framkvæmdum sjálfur með þeim stuðningi, sem honum er veittur í hinum almennu hafnarl. En það, sem á skortir, að verkið verði unnið fljótt og í stórum mæli eftir þeirri tilhögun, er ekki sízt fjárskortur sá, sem fyrir hendi er á fámennum og tiltölulega afskekktum stað, þótt hann hafi mikil gæði að bjóða til lands og sjávar þrátt fyrir það. Þá minntist hv. frsm. á umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og drap á það, að hún væri ekki alls kostar jákvæð um þetta mál. Ég held, að hv. frsm. og aðrir þm. þurfi að gera sér ljóst, að það atriði, sem Farmanna- og fiskimannasambandið ræðir, innsiglingin á Hornafirði, hefur ekki breytzt til hins verra, frá því að till. komu fram um landshöfnina og frá því að hv. þm. Ísaf. meðal annarra vildi beita sér fyrir því, að landshöfn yrði reist á þessum stað, enda hefur aldrei verið farið fram á það, að ríkið kæmi þarna upp stórskipahöfn, eins og hv. 2. þm. N-M. réttilega sýndi fram á.

Hv. frsm. meiri hl. lét þess getið í ræðu sinni, að bátar þeir, sem nú eru gerðir út frá Hornafirði, væru ekki ýkja margir, — ég held hann hafi talað um 11, — og mun það ekki fjarri sanni, að þeir séu ekki öllu fleiri í vetur. En hins má geta, að fyrir fáum árum voru gerðir út 35 bátar frá Hornafirði, en nú á síðustu ár-

um hefur bátum, sem þarna eru gerðir út, farið fækkandi, og hver skyldi vera orsök þess? Ætli það geti ekki skeð, að það standi í sambandi við þá breyt., þá uppbyggingu og þá stækkun, sem hefur átt sér stað á bátaflotanum, og ætli það geti ekki skeð, að hinir stærri bátar telji, að fyrir þeirra kröfum um bætt hafnarskilyrði sé ekki séð þannig, að viðhlítandi sé fyrir þá að stunda veiðar frá Hornafirði. Ég get enn fremur frætt hv. alþm. á því, að stærsti báturinn, sem Hornfirðingar sjálfir eiga, hann gerir ekki út frá Hornafirði í vetur. Hver skyldi vera skýringin á því, að það er fengin viðlega fyrir stærsta bátinn á Hornafirði í Vestmannaeyjum í vetur? Ætli skýringin sé ekki þessi, að sökum hinna ófullnægjandi hafnarskilyrða, sem fyrir eru á staðnum, telji jafnvel heimamenn ekki kleift að gera út báta af þeirri stærð, sem hinir traustu fiskibátar, sem nú eru í flotanum, eru yfirleitt. En þrátt fyrir þetta skilst mér, að hv. frsm. meiri hl. telji, að það vanti ekki ýkja mikið til þess, að búið sé að fullnægja þeim kröfum um hafnarbætur, sem hann telur nú þörf á á Hornafirði, þótt hann sjálfur fyrir fáum missirum síðan væri annarrar skoðunar. Ég heyrði ekki betur en hann liti svo á, að ef unnið væri fyrir 1½ milljón á staðnum, þá væri búið að koma upp mjög viðunandi aðstöðu fyrir bátaflotann til viðlegu á Hornafirði. Nú mun þegar vera búið að vinna þarna fyrir a. m. k. allt að því 1 millj. kr., og þrátt fyrir það er aðeins um byrjunarframkvæmdir að ræða, miðað við það, sem þarna þarf að gera og verður að gera, ef sú aðstaða á að vera fyrir hendi, sem gerðar eru kröfur um. En einmitt þetta, hvað þó er búið að gera þarna, þrátt fyrir það, að þetta er fámennt og fátækt hreppsfélag, sýnir, að þeir, sem þarna eiga hlut að máli, eru allir af vilja gerðir og láta ekki sitt eftir liggja um það að bæta aðstöðuna á þessum stað. En nú drap hv. frsm. meiri hl. einnig á það, að þessar hafnarframkvæmdir væru ekki fyrst og fremst vegna byggðarinnar í Hornafirði, og mér þótti nokkurs virði, að honum er þetta ljóst.

Þegar flutt var frv. um landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum, þá var það fram borið á Alþ. að tilhlutun hæstv. samgmrh. og flutt af sjútvn. Nd. Ég hygg, að allir þeir þm., sem nú skipa meiri hl. n. í þessu máli, sem hér er til umr., hafi þá átt sæti í sjútvn. þessarar d. og þar með tekið að sér að flytja frv. um landshöfn í Keflavík og Njarðvík. Það er ekki ófróðlegt að athuga þau rök, sem þá eru fram borin fyrir nauðsyn þessa máls. Í grg. fyrir því frv. segir m. a. svo: „Er augsýnilegt, að þegar bátum fjölgar, eins og nú er gert ráð fyrir, verður tæplega afgreiðslupláss til á þessum stöðum fyrir heimabáta, hvað þá að hægt sé að taka báta utan af landi til viðlegu, en þess mundu þó margir óska, ef möguleikar væru fyrir hendi til afgreiðslu. Fullkomin fiskihöfn fyrir svo marga báta sem hér er um að ræða kostar margar milljónir króna, og þar sem hér þarf að haga framkvæmdum að mjög verulegu leyti með hliðsjón af þörfum utansveitarmanna, er þess ekki að vænta, að neitt einstakt hreppsfélag taki sig fram um nauðsynlegar aðgerðir." Með þessum rökum flytja þeir menn, sem nú mæla gegn frv. því, sem hér liggur fyrir, frv. um landshöfn í Keflavík og Njarðvík. Ég tel þessi rök fullgild, hafa verið það þá og vera það enn og eiga við um þetta mál, sem hér liggur fyrir, alveg eins og þau áttu við á sínum tíma um Keflavík og Njarðvík. Það er einmitt þetta, sem liggur fyrir um aðstöðuna á Hornafirði, að vegna þess, að hér er um höfn að ræða, sem ekki er fyrst og fremst fyrir innansveitarmenn, heldur einnig utanhéraðsmenn, þá er ekki von til þess, að fátækt hreppsfélag hafi bolmagn, þótt það hafi vilja, til þess að inna þær framkvæmdir af hendi, sem gera þarf og gerðar eru kröfur til, svo að fiskimiðin á þessum slóðum verði nytjuð til hagsbóta fyrir þjóðarbúið, svo sem verið hefur og vera þarf.

Þeim rökum, sem fram hafa verið borin af mér og hv. frsm. minni hl., hefur, eins og ég sagði í upphafi þessarar ræðu, á engan hátt verið hnekkt, heldur stendur það skýrt fyrir sjónum manna og er að ýmsu leyti skjalfest frá fyrri árum, að það er álit margra, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða, enda meira að segja skjalfest í skjölum Alþ., að þeir menn, sem nú mæla gegn þessu máli, hafa áður borið fram till., sem ganga í sömu átt, og það er vissulega illa farið, þegar þeir snúast svo öndverðir gegn fyrri till. sínum sem hér virðist ætla að verða raunin á.

Pétur Ottesen: Það eru aðeins örfá orð. Út af ummælum hv. þm. A-Sk. um það, að ég hefði á þinginu 1945 tekið þátt í að flytja frv. um landshöfn í Njarðvík, þá vil ég algerlega mótmæla þessu. Ég var ekki í sjútvn. þá og átti engan þátt í flutningi þess máls og greiddi atkv. á móti þessu frv. á Alþ., og þess vegna taka þessi ummæli hv. þm. A-Sk. alls ekki til mín, og er því ekki um neinn hringsnúning hjá mér að ræða í þessu máli, og ég hef sömu afstöðu til þess nú eins og þá. — Úr því að ég stóð upp, þá vil ég benda á það, að ég tel þetta mjög óskynsamlega leið, að hverfa frá þeim ákvæðum, sem nú gilda um það að byggja hafnir hér á landi. Þetta eru ákaflega dýr og fjárfrek verk, og þess vegna er það nauðsynlegt að sameina sem flesta aðila um framkvæmd þessara mála, bæði frá því sjónarmiði séð, að nauðsyn er á því, að hafizt verði handa um slík verk, og auk þess og ekki síður frá því sjónarmiði að fá sem breiðastan grundvöll undir þá fjáröflun sem þarf til þess að geta komið slíkum verkum í framkvæmd. Þróun þessara mála hér hjá okkur hefur verið sú, að það er farið ósköp hægt af stað með fjárframlag ríkissjóðs til slíkra framkvæmda. Það er byrjað með því, að þetta nemur ¼, sem veitt er úr ríkissjóði til slíkra framkvæmda, og þeir aðilar, sem að framkvæmdinni stóðu, urðu að bera málið uppi fjárhagslega að öðru leyti. Til viðbótar þessu voru sett l. um, að ríkissjóði sé auk þess heimilt að ganga í nokkra ábyrgð um sumar framkvæmdir, eða lendingarbætur, gildir það, að veittur er nokkur styrkur til slíkra framkvæmda, en engin ríkisábyrgð. Þetta hefur þá þróazt þannig. Og svo var framlagið úr ríkissjóði hækkað upp í ⅓, og nú er komið svo, að

hæsta framlag í þessum efnum er ⅔ á móti ⅓ frá viðkomandi aðila. Þetta er sá grundvöllur, sem þessi löggjöf hvílir á, og nú hefur þetta verið fært út þannig, að um sumar framkvæmdirnar hefur framlag ríkissjóðs orðið allt að helmingi kostnaðar. En í öllum þessum tilfellum er auk þess veitt ríkisábyrgð fyrir verulegum hluta af því fé, sem viðkomandi aðilar eiga að bera uppi, eða 85% af þeirri upphæð. Þetta er sú þróun, sem þessi mál hafa tekið, og hún verður að teljast ákaflega eðlileg, eins og málum er komið hjá okkur. Einasta frávikið, sem hér er um að ræða, er þessi svokallaða landshöfn í Njarðvík. Hvernig hefur þetta þróazt? Undanfarin 2 ár hafa verið miklar hafnarframkvæmdir hér á landi, á grundvelli þessarar löggjafar og aldrei meiri en á þessum árum. En hvernig er með landshöfnina í Njarðvíkum? Þar hefur ekkert verið gert. Það var lítils háttar unnið 1947, en annaðhvort ekkert eða sama sem ekkert 1948, og menn á þessu svæði, við innanverðan Garðskagann, eru alveg í vandræðum og á flæðiskeri staddir með sína útgerð. Á grundvelli núverandi almennrar löggjafar var búið að hrinda af stað ýmsum framkvæmdum, og við það búa þeir. Við hina hliðina á þessari landshöfn hefur þessi ár einnig verið varið allmiklu fé til þess að koma upp höfn, sem sé í Vogum. Það hefur verið eðlileg þróun í hafnarbótum yfirleitt, samtímis því sem allt hefur staðið í stað í Njarðvík, m. ö. o., allar hafnarframkvæmdir í landinu eru í fullum gangi þessi ár og þar skilar meira áfram en nokkru sinni áður, en við landshöfnina í Njarðvík hefur ekkert verið unnið, svoleiðis að mér virðist reynslan í þessu efni alveg augljós og nægileg um það, að það á ekki að stíga fleiri víxlspor en þegar hefur verið gert í þessu efni, því að það er ekki neinum til góðs, heldur til þess að stöðva framkvæmdir — samkvæmt reynslunni, þar sem slíkt hefur verið gert.

Á Hornafirði hefur framkvæmdum líka verið haldið áfram á þessum árum, og allmikið var unnið s. l. ár og langt fram á vetur. Það hefur verið unnið að því að dýpka höfnina þar, sem er nauðsynleg framkvæmd eins og þar er ástatt. Þess vegna er það áreiðanlega ekki til framdráttar fyrir Austfirðinga eða Hornfirðinga, að horfið verði frá hafnargerð á þessum stað á grundvelli núverandi löggjafar, það væri til þess að skapa þar kyrrstöðu — samkvæmt reynslunni frá Njarðvík — í stað eðlilegrar þróunar, eins og verið hefur. Það er af þessum ástæðum, sem ég hef nú verið flm. að þeirri rökstuddu dagskrá, sem hv. form. sjútvn. þessarar d. hefur gert hér skilmerkilega grein fyrir, og við það er engu að bæta af minni hálfu eða okkar annarra úr meiri hl. n. En að gefnu þessu tilefni frá hv. þm. A-Sk. vildi ég leiðrétta þann misskilning, sem fram kom hjá honum, að ég hefði snúizt í þessu máli, — það er síður en svo.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég get verið heldur stuttorður um þetta mál og mun reyna að komast hjá því að gefa hv. þm. A-Sk. tækifæri til einnar slíkrar ræðu eins og hann hélt hérna í fyrradag. Hann hélt því fram, að við Sigurður Kristjánsson hefðum tekið afstöðu með landshöfn í Höfn í Hornafirði með aðgerðum okkar í milliþn. í sjávarútvegsmálum. En í milliþn. lögðum við til, að nokkrir staðir væru rannsakaðir með tilliti til þess, hvort heppilegir væru til þess að gera þar hafnir. En það, að láta rannsaka einhvern stað, hvort heppilegur sé, það getur engan veginn verið skuldbinding um, að maður sé reiðubúinn til að ákveða, að á þeim stað skuli koma landshöfn. Í raun og veru ætti ekki að vera nein þörf á að útskýra þetta, en að marggefnu tilefni hv. þm. A-Sk. geri ég þetta. Sömuleiðis var landshöfn í Njarðvíkum einn staður, sem milliþn. lagði til, að yrði rannsakaður. Þetta á hv. þm. erfitt með að skilja, þó að það skýri sig reyndar sjálft. Hv. þm. vildi gefa skýringu á fækkun þeirra báta, sem gerðir eru út frá Hornafirði. Hann segir, að þrátt fyrir bættan aðbúnað bátanna, þá fari þeim nú fækkandi, og nú sé svo komið, að stærsti báturinn sé ekki gerður þaðan út. En það er ekki vegna slæmra hafnarskilyrða. Ég held, að hvergi séu svo stórir bátar sem þessi, er um ræðir, gerðir út á lóðaveiðar annars staðar á landinu, nema ef til vill á stöku stað hér við Faxaflóann. Og ástæðan er alls staðar sú sama: bátarnir eru af óhentugri stærð fyrir lóðaveiðar.

Hv. þm. Borgf. drap á það í ræðu sinni, að það hafi ekki verið unnið meira hlutfallslega í Njarðvík að hafnargerðinni, eftir að l. um landshöfn þar hefðu verið samþ. Landshafnarl. hafa kippt burtu framlagi sveitanna, sem höfðu áhuga á málinu. Þó mun eitthvað hafa verið unnið í Njarðvík í sumar, en miklu minna en æskilegt hefði verið, og ég er ekki viss um, að það hefði verið unnið neitt minna, þó að sveitin hefði átt að hafa allt á hendi. Það er þess vegna að vissu leyti rétt, það er engin trygging fyrir því, að hafnir verði byggðar örar, þó að sett séu l. um landshafnir, einkum með tilliti til fjárhags ríkissjóðs eins og hann er nú. Ég held þess vegna ekki, að íbúum í Höfn í Hornafirði sé neinn greiði gerður með því að fara nú að breyta til og fara að lofa framlagi til landshafnar í Höfn í Hornafirði og taka upp á fjárlög, enda er það nokkurn veginn víst, að ekki eru mikil líkindi til þess, að bein framlög verði aukin til slíkra framkvæmda á næsta ári. Nei, ég held, að það, sem hv. þm. A-Sk. fer hér fram á, séu gylli- eða tyllivonir, sem hann ætlar sér að veifa framan í hv. kjósendur sína við næstu kosningar.

Út af því, sem frsm. minni hl. sagði, að ég væri þessu andvígur, af því að ég vildi halda fram annarri höfn, sem ég vildi, að yrði gerð að landshöfn, þá vil ég taka það fram, að um það liggja ekki fyrir neinar tillögur, og mundi ég á sama hátt og hér er lagt til greiða atkv. með till. um rökst. dagskrá.

Nei, þetta eru ekkert annað en kjósendaveiðar og það lélegar kjósendaveiðar, þar sem það er vitað, að þó að um þetta fengjust lög, þá væri ekki hægt að framkvæma þau.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef því miður ekki getað fylgzt með umr. um þetta mál, en langar þó til að ræða það almennt.

Það hefur glöggt komið fram í umr. þeim um þetta, sem ég hef haft tækifæri til að hlusta á, að það er ríkjandi nokkur misskilningur á þessu hugtaki: landshöfn. Ég tók eftir því í ræðu hv. frsm. meiri hl. sjútvn., að hann telur litla möguleika á því að koma upp landshöfn eða stórskipahöfn í Höfn í Hornafirði. Og af því að erfitt er að koma upp landshöfn þarna, með merkingunni stórskipahöfn, þar sem allur skipastólinn gæti verið, þá er skiljanlegt, að hann dragi það við sig að gera landshöfn í Hornafirði. En þessu er á annan veg varið, enda kom það fram hjá milliþn. í sjávarútvegsmálum, þegar hún ræddi málið og gerði sínar ályktanir. Það, sem sú milliþn. festi augun við, var það, að það voru allmargir staðir, þar sem nauðsynlegt var að gera hafnarbætur vegna fiskibátaflotans, en hins vegar háttar svo til heima fyrir, að það var hvorki beinn hagur að því fyrir íbúana þar né heldur bolmagn til þess að standa í þeim stórræðum að koma þar upp höfn fyrir bátaflotann. Svona er það í Hornafirði. Þar er meiri hl. bátanna, sem stunda þar veiðar á vetrarvertíðinni, aðkomubátar, ekki aðeins af Austurlandi, heldur líka frá Húsavík og jafnvel þorpunum við Eyjafjörð. Þessir bátar hafa róið þarna yfir vetrarvertíðina og aflað yfirleitt vel. Þessi litli hreppur hefur ekki beinan áhuga á því sjálfur og heldur ekki fjármagn til þess eða getu að koma þarna upp almennilegri höfn fyrir fiskibátaflotann, sem að gagni mætti koma. Svipað hefur staðið á í Sandgerði. Þar eru fyrir utan ein allra beztu fiskimið hér við land. Þar er líka lítill og fátækur hreppur, sem staðið hefur að hafnargerð, en vitanlega hefur hann ekki treyst sér til þess að gera það, sem þyrfti að gera fyrir bátaflotann. Það voru þessar staðreyndir, sem gerðu milliþn. það ljóst, að það var ekki á þeirra færi að leggja í þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar voru og aðkallandi fyrir bátaútveginn. Þegar milliþn. var að hugsa um það, hvernig hún mundi bezt styðja sjávarútveginn, þá sá hún, að þarna var mikið verk og nauðsynlegt að vinna. Till. hennar miðuðu því fyrst og fremst að því að skapa ríflega aðstoð til þess að koma upp höfnum fyrir fiskibáta, ekki landshöfn eins og í Njarðvíkum, þar sem skip af öllum stærðum gætu athafnað sig í hvaða veðri sem er, heldur fyrst og fremst höfnum fyrir fiskibátaflotann. Milliþn. gerði sér ljóst, að Sandgerði og Hornafjörður þyrftu höfn af annarri tegund en þessi í Njarðvík. Þetta liggur fyrir á Hornafirði. Þar eru aðstæður orðnar mjög óheppilegar með stækkuðum bátum. Bátum hefur fækkað þar á nokkrum árum úr 35 niður í 11. Norðurlandsbátarnir og Austfjarðabátarnir hafa nú flestir flutt sig hingað suður, sem áður stunduðu róðra frá Hornafirði. Allgóð fiskimið hafa legið lítið notuð, en hér er beitt svo mörgum bátum, að hver blettur er ofsetinn, svo að það hefur valdið þjóðhagslegu tjóni í mörgum tilfellum.

Það er því mín skoðun, að ekki beri að fara út í það að gera landshöfn í Hornafirði, landshöfn af þeirri tegund, að stór hafskip geti athafnað sig þar. Til þess þyrfti of mikið fé og er of örðugt. En hitt er mér jafnljóst, að þarna er hægt að gera ágætis fiskibátahöfn. Innsiglingin er engan veginn svo slæm, að hún verði til þess að draga úr sjósókn, og hana er hægt að tryggja með viðráðanlegum kostnaði. Þá væri hægt að fá góða fiskibátahöfn og örugga. Hins vegar er engin von til þess, að þessi litli hreppur hafi bolmagn til þess að ráðast í þetta. Það segir sig sjálft, að lítill hreppur, jafnvel þó að hann fengi 30—40% af 3—4 millj. af fjárlögum og þó að honum tækist að snúa sér út hin 60% með ríkisábyrgðarlánum, sem er nú reyndar mjög erfitt, jafnvel þó að ríkisábyrgð sé, þá er það mjög hæpið, að svo lítill hreppur geti staðið undir slíkum skuldbindingum nema með meiri stuðningi frá ríkinu.

Þm. verða því að greiða atkvæði um það, hvort ríkið á að hlutast til um þessi mál, hvort þarna eigi að veita aðstoð til þess að leysa þessi mál eða hvort það eigi að láta það danka áfram allri þjóðarheildinni til tjóns. Þarna er um að ræða byggingu fiskibátahafnar, en ekki landshafnar, sem er fær flestum stærðum skipa í hvaða veðri sem er. Því hefur verið fleygt fram, að síðan landshafnarlögin um Njarðvíkurhöfn voru samþykkt, hafi lítið verið unnið, en það sannar engan veginn, þó að einhver gagnleg mál hafi verið vanrækt, að ekki sé hægt að koma upp fiskibátahöfn. Auk þess verð ég að segja það, að þegar l. voru sett um Njarðvíkurhöfn, þá varð í raun og veru breyting á þannig, að Keflavíkurhöfn var gerð að landshöfn, og þá var mest hætta á því, að áhuginn dofnaði við Njarðvíkurhöfnina. Það hefur gefizt býsna vel að veita styrk úr ríkissjóði ásamt ríkisábyrgð. Það er rétt, að mikið hefur verið byggt af höfnum, og í öllum greinum hefur þetta staðið þannig, að þetta form hefur getað gilt, þar sem sveitar- eða bæjarfélög hafa byggt yfir sína báta eigin höfn. En þetta á ekki við, þegar verið er að byggja höfn fyrir aðkomubáta. Af þessum ástæðum er það alveg nauðsynlegt að gera breytingu á þessu fyrirkomulagi til þess að leysa þennan vanda. — Ég ætla svo ekki frekar að fjölyrða um þetta, en ég vildi aðeins láta það koma fram, að ég tel það mjög mikilsvert, að ríkið láti byggja þarna fiskibátahöfn og síðan á fleiri stöðum, og ég vil biðja hv. þdm. að blanda ekki saman því, að hér sé um að ræða hafskipahöfn, né heldur, að hv. þm. séu með þessu að ívilna sérstaklega litlum bæ og ekki sé þar þörf fyrir betri höfn.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef nú hlustað á þessar umr. um landshöfn í Hornafirði og langaði til þess að segja nokkur orð, áður en málið verður afgreitt, og upplýsa það nokkuð, svo að menn geti myndað sér skoðanir um það. Ég hef fylgzt með þessu máli frá upphafi. Ég veit, að Höfn í Hornafirði liggur nálægt einhverjum auðugustu fiskimiðum heimsins og hefur möguleika til hagnýtingar þeirra. Hins vegar skortir Hornafjörð flest til þess að nýta þau. Innsiglingin er erfið. Það er skerjótt fyrir utan höfnina. Innsiglingin er svo straumhörð mestan hluta sólarhringsins, að ekki er hægt að komast inn eða út. En þegar inn er komið, þá er þar allgott skjól, en höfnin er grunn, leguplass skortir, og stundum er mikið ísrek þar inni. Í landi eru litlir mögu-

leikar til þess að nýta aflann. Þar er ekki hraðfrystihús, og það er lítið um verbúðir. Það, sem þarna þyrfti að gera, mundi kosta svo tugum milljóna skipti. Það eru því litlar líkur til þess, að lítið hreppsfélag geti staðið undir þeim kostnaði, sem slíkar framkvæmdir hefðu í för með sér. En ef þessi hafnargerð er fjárhagslega trygg, þá á hreppsfélagið að geta staðið fyrir þessari framkvæmd, því að ríkið veitir með láni og ábyrgð 100% stofnkostnaðar. En ef hér er um að ræða starfsemi, sem getur ekki staðið undir sér að öllu, en um það verður ekkert sagt í upphafi, þá er hreppsfélaginu ofviða að gera það. Hins vegar tel ég möguleika til, að hreppsfélagið gæti gert verulegan hlut af þessari framkvæmd, þá hluti, sem mest eru aðkallandi, dýpka leiðina, gera legupláss og annað þess háttar, og sjá svo, hvort aðrir, sem hafa hagsmuna að gæta, mundu ekki leggja eitthvað fram til að gera ýmsar aðkallandi framkvæmdir í landi, svo sem verbúðir og frystihús. Vera mætti, að kaupfélagið, sem er þarna allstórt, legði eitthvað fram, útgerðarmenn og fleiri slíkir.

Mér er ljóst, að það er talsvert vandamál, á hvern hátt þessum framkvæmdum verður komið á. En ég stóð aðallega upp til að skýra, hvernig reynslan hefur orðið á þeim eina stað, þar sem l. um landshöfn gilda, Njarðvík og Keflavík. Það var stofnað til þessarar hafnargerðar fyrir nokkrum árum og hafizt handa um framkvæmdir. En alla tíð, síðan l. voru samþ., hefur Alþ. ekki veitt nokkurn skapaðan hlut til þessarar framkvæmdar, svo að það, sem hefur verið gert, hefur allt verið gert fyrir lánsfé. M. ö. o., ég tel, að Höfn í Hornafirði væri litlu bættari, ef sami háttur yrði þar á og í Keflavík, fyrir það, að Alþ. léti ekki nokkurn eyri til framkvæmda, en það lítið, sem fengist, væri allt að láni. Fyrstu árin gekk ekki vel með lánsútvegun í Keflavík, en fékkst þó nokkuð, en eftir því sem þrengzt hefur á lánamarkaðinum, hefur alltaf verið erfiðara að fá lán, eins og hv. þm. Borgf. minntist á, og síðustu ár hefur lítið verið gert. Þó var árið sem leið gert nokkurt átak. Það var byggð stór bátabryggja í Keflavík og byrjað á garðbyggingu í Njarðvík fyrir samtals nokkuð á aðra millj. króna. En þetta fé var útvegað með því að selja ríkisskuldabréf á staðnum. Menn í Keflavík og Njarðvík, sem höfðu áhuga fyrir hafnarbyggingunni, tóku að sér að útvega féð. Eftir að ríkissjóður hafði fengið nei hjá lánsstofnunum um fé til þessarar framkvæmdar, þá var það eingöngu fyrir dugnað og harðfylgi heimamanna að selja þessi bréf, að það tókst að fá nokkurt fé til hafnarbyggingarinnar. Nú veit ég ekki, hvort þessi möguleiki er til á Hornafirði, en ég efast um það, a. m. k. í stórum stíl. Ég efast um, að þar sé hægt að komast nokkuð áleiðis á sama hátt og í Keflavík.

Í öðru lagi vil ég segja það, að ef Alþ. veitir fé til landshafnargerðar, þá tel ég, að Keflavík og Njarðvík ættu að fá bróðurpartinn af þeirri fjárveitingu, en taka hana ekki til annarra framkvæmda, og sömuleiðis ef um lánsfé er að ræða til landshafnar, sem ríkið ætti kost á, þá tel ég, að Keflavík og Njarðvík eigi verulegan rétt á, að þar verði haldið áfram, en ekki verði skipt í fleiri staði.

Loks vil ég geta þess, að fleiri staðir hafa komið til athugunar sem væntanlegar landshafnir, eins og Rif á Snæfellsnesi, sem hefur verið talað um að gera að landshöfn, og hafa þar einnig farið fram athuganir, sem gefa góða raun, en því hefur ekki heldur verið unnt að koma áleiðis vegna fjárskorts. Ég held því, að þótt þetta frv. yrði að l., þá yrði að þeim engin bót fyrir íbúana á Höfn í Hornafirði og þá aðra, sem þangað sækja úr öðrum landshlutum, nema um leið sé séð fyrir þeim fjármunum, sem þyrfti til að gera þessa höfn. Og ég leyfi mér að efast um, eins og mál standa nú, að hægt sé að útvega nægilegt fé.

Við skulum hugsa okkur, hvernig færi, ef samþ. yrðu l. um landshöfn í Hornafirði, en ríkissjóður ætlaði ekki fé til hafnargerðarinnar í fjárl., og tækist ekki, a. m. k. ekki að verulegu leyti, að útvega fé til hennar með láni. Þá er um leið komin alger stöðvun á þær byrjunarframkvæmdir, sem þegar hafa verið hafnar á staðnum. Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég skilji ekki þá þörf, sem á staðnum er fyrir þessar framkvæmdir. Ég veit, að hún er mjög brýn, en ég tel ekki neina tryggingu fyrir, að úr þeim þörfum verði bætt með því að samþ. þetta frv. Það gæti meira að segja svo farið, að samþykkt þessa frv. yrði til að tefja fyrir verkinu, en það skilst mér, að sé ekki meining þeirra, sem málið flytja. En því aðeins tel ég frv. fara í rétta átt, að unnt sé að tryggja fé til að hefja framkvæmdir á þeim grundvelli, sem l. gera ráð fyrir.

Ég þarf svo ekki fleira að segja. Ég vil aðeins benda á, að hafnargerðir eru ákaflega kostnaðarsamar framkvæmdir. Nú standa yfir hafnargerðir kringum allt land, sem á hverju ári hefur verið eytt í 5—12—15 millj. kr. Það er ekki vafi, að bygging þessara hafna að fullu, sem hafnar hafa verið framkvæmdir við, kostar svo skiptir hundruðum millj. kr. Það er því ekki óeðlilegt, þó að einhver dráttur verði á, að framkvæmdir verði gerðar að fullu, þegar ekki er veitt nema 5—15 millj. kr. á ári, og þó hafa framkvæmdir verið með allra mesta móti undanfarin ár. Ef hægt væri að koma málum þannig fyrir, að hægt væri að hafa færri hafnargerðir í takinu og taka fyrst þær, sem brýnust væri þörfin fyrir, þá væri hægt að framkvæma þessi mál með meiri skynsemi. En vegna ýmissa aukasjónarmiða verður að hafa allan þennan fjölda hafna í takinu og gera lítils háttar framkvæmdir í senn, sem koma að mjög takmörkuðum notum, í stað þess að verja verulegri upphæð til nokkurra hafna, eins og Hornafjarðar, því að ég vil taka hann í röð fyrstu hafna, þar sem gera ætti umbætur, sem munaði verulega um. Hvort þær framkvæmdir yrðu undir því formi, sem hafnarframkvæmdir hafa nú, eða landshafnaformi, legg ég ekki mikið upp úr. Hitt er aðalatriðið, að einhverri skynsemi sé hægt að koma á við þessar framkvæmdir. En þetta frv. gerir sennilega hvorki til né frá, þó að ég telji, að sú hætta geti falizt í því, að það hafi gagnstæðar verkanir við það, sem til er ætlazt, og við því vil ég vara.

Ég tel því, að ekki sé ástæða til annars, eftir því sem fyrir liggur, en greiða atkv. með þeirri rökst. dagskrá, sem meiri hl. sjútvn. ber fram, og það mun ég gera. En það ber á engan hátt að skoða sem andstöðu við þessa framkvæmd, síður en svo, því að ég hef alla tíð verið því hlynntur, að þessi höfn sé í fremstu röð, en ég er aðeins tortrygginn á, að þessi aðferð, sem hér er stungið upp á, verði nokkuð hagkvæmari en það, sem nú er í gildi.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta er ekki nema athugasemdatími, sem mér er ætlaður, enda skal ég láta nægja að taka fram aðeins örfá atriði.

Hæstv. samgmrh. talaði að ýmsu leyti skynsamlega um þetta mál, eins og við mátti búast. Hann viðurkenndi fyllilega, að mér skildist, þörfina á að auka framkvæmdir við hafnargerð á Hornafirði, en hann telur, að hið opinbera hafi ekki nægilegt fé til þessara framkvæmda og því sé fjárhagsgrundvöllur þessa frv. ekki nógu traustur.

Mér virtust koma fram hjá hæstv. ráðh. tvö atriði, sem ég vil gera aths. við. Í fyrsta lagi finnst mér hann gera of lítinn mun á því, hvað hreppsfélaginu sé mögulegt um útvegun lánsfjár til hafnargerðarinnar og hvað ríkinu er mögulegt, en fram hjá því er ekki hægt að horfa, hvað ríkið hefur meira bolmagn en fátækt hreppsfélag, þó að ríkið standi bak við lán, sem hreppurinn tekur.

Þá lét hæstv. ráðh. svo um mælt, að Hornafjörð skorti flest skilyrði til að nytja hin auðugu fiskimið, sem þar eru út af ströndinni. Út af þessu vil ég ítreka það, sem áður kom fram, að þrátt fyrir það að skilyrðin eru að ýmsu leyti svo ófullkomin sem þau eru, þá hefur samt sem áður árlega verið dregið í þjóðarbúið svo milljónum króna skiptir á þessum stað. Og hvað mætti verða, ef hafizt væri handa um að gera verulega endurbót á þeim skilyrðum, sem fyrir hendi eru?

Hæstv. ráðh. gat um, að hafnargerð þeirri, er fyrirhuguð er í Keflavík, hefði lítið miðað áfram vegna fjárskorts. Ég heyrði ekki fyllilega, hvað hann sagði um þetta, en ég ætla, að árið sem leið hafi það verið á aðra milljón króna. Ég hef í höndum skýrslu Landsbankans fyrir 1947. Þar segir svo á bls. 47 um fé það, er lagt hefur verið til þessarar hafnargerðar, með leyfi hæstv. forseta: „Byggingu landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvík var haldið áfram, og nam kostnaðurinn, sem féll á árinu, 5645 þús. kr. Þar af fóru 2875 þús. kr. til kaupa á landi og mannvirkjum. Árið áður voru lagðar 2025 þús. kr. í þessa hafnargerð.“ Ég hygg, að það sé álitið, að skýrsla Landsbankans sé traust heimild, og ef það er tekið til greina, sem í henni segir, að farið hafi í þessa landshöfn, og einnig þess, sem hæstv. samgmrh. segir, að veitt hafi verið til hennar árið 1948, þá skilst mér, að búið sé að leggja í höfnina kringum 7 millj. kr. Ég skal ekki segja, hvað mikið hefur á unnizt fyrir þetta fé, en þetta er allmiklu meira en fé það, sem farið er fram á til hafnargerðarinnar í Hornafirði.

Hv. þm. Borgf. kvaddi sér hljóðs hér áðan, en hann er, eins og kunnugt er, maður skeleggur til sóknar og varnar. Honum hefur runnið til rifja frammistaðan hjá hv. frsm. meiri hl. og talið rétt að gera þar nokkra áréttingu. Það, sem fram kom hjá hv. þm. Borgf., var tvennt: annars vegar að þau ummæli, sem ég lét hér falla um, að hann hefði átt hlut að máli um flutning frv. um landshöfn í Keflavík, væru ekki rétt, og hann gaf þá skýringu, að hann hefði ekki átt sæti í sjútvn. á þeim tíma. Þetta er ef til vill alveg rétt, ég skal ekki bera brigður á það, heldur hafa það, sem sannara reynist, að hv. þm. Borgf. hafi þá ekki átt sæti í sjútvn. En það haggar ekki hinu, að sjútvn. flutti þá frv., eins og hún var þá skipuð. Hitt atriðið, sem var uppistaðan í ræðu hv. þm. Borgf., var það, að framtak heimamanna nýttist betur með því skipulagi, sem nú væri um hafnarframkvæmdir samkvæmt hinum almennu hafnarl. en ef um landshöfn væri að ræða. Hv. þm. Borgf. er sá maður, sem hefur lengsta þingsögu að baki sér og man lengst aftur í tímann, enda hóf hann sögu sína mjög langt frá okkar tíma. Hann minntist á, þegar ríkið fór fyrst að sinna hafnarframkvæmdum í landinu og hvernig á þeim hefði verið tekið af hálfu ríkisins og hvernig þau hefðu aukizt stig af stigi. Af því vildi hann draga þá ályktun, að því meir sem ríkið hefði skipt sér af þessum málum, því verr hefði þeim miðað áfram og það hefði náð hámarki sínu, þegar um landshöfn var að ræða. Mér virðist þessi frásögn hv. þm. Borgf. eiga að sanna, að eftir því sem ríkið hefur veitt meira til þessara hafnarframkvæmda, hafi verkinu miðað verr áfram. Það eru til l. um hafnarbótasjóð, sem gert er ráð fyrir, að veiti á sumum stöðum enn þá meiri aðstoð af ríkisins hálfu en almenn hafnarl. gera ráð fyrir. Þetta er gert til þess að hrinda áfram framkvæmdum á vissum stöðum. Nú er það fjárveitingavaldsins að ákveða, hvernig skipað skuli niður fjárveitingum hverju sinni til þessara mála, hvort meira skuli veitt til hafnargerða samkvæmt hinum almennu hafnarl. og minna til landshafna eða meira til landshafna og minna til hinna almennu hafnargerða. Þetta er mál, sem fjárveitingavaldið hefur í sinni hendi. Þess vegna sé ég ekki, þó að um landshafnarform sé að ræða, að það þurfi að standa gegn því, að framkvæmdir séu gerðar. Það er þvert á móti á hinn veginn, því að þrátt fyrir það að ríkið hefur í mörg horn að líta um fjárgreiðslur, þá er ég ekki svo svartsýnn um fjárhag þess, að því sé ofvaxið að sinna kröfum, sem ekki eru hærri en þær, sem gerðar eru um þessa framkvæmd, þar sem heildarfjárhæðin er 4—5 millj. kr., sem ætlazt er til, að lagt verði fram á nokkrum árum.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það er aðeins út af því, sem hv. þm. A-Sk. sagði um kostnað við landshöfn í Keflavík. Um þetta hafði ég engin önnur orð en þau, hvað gert hefði verið 1948. Kostnaðurinn varð við það, eftir því sem ég vissi bezt, á aðra millj. kr. Hv. þm. hefur ekki hnekkt því, en kom með upplestur úr skýrslu Landsbankans 1947 um það, sem í þetta mannvirki væri búið að eyða, en sú skýrsla sé traust

heimild. Ég skal sízt vefengja þá skýrslu, en aðeins taka fram, að það verður að lesa með aðgætni skýrslu Landsbankans um þetta mál, því að langmestur hlutinn af þessari upphæð hefur gengið til kaupa á mannvirkjum, sem áður var búið að gera og hreppsfélögin á staðnum áttu. Þegar landshöfnin var ákveðin, þá yfirtók ríkissjóður þau mannvirki, sem þar voru, fyrir kostnaðarverð að frádregnum styrknum, sem ríkissjóður hafði veitt. Enn fremur varð að kaupa mikið af löndum af Keflavíkurhreppi og Njarðvíkurhreppi til þess að fá athafnasvæði kringum höfnina, og langmestur hluti þess fjár, sem varið hefur verið til framkvæmdanna, hefur verið notaður í þessu skyni, vegna þess að kaupin voru afgr. með skuldbindingum ríkissjóðs, annaðhvort að ríkissjóður tók að sér skuldir, sem hvíldu á mannvirkjunum, eða þau lönd, sem keypt voru, voru greidd með ríkisskuldabréfum. Þetta var auðvelt, því að eigendurnir á staðnum sættu sig við að fá bréf í staðinn. En framkvæmdir hafa orðið miklu minni en ætlazt var til, vegna þess að það hefur aldrei verið veitt neitt fé af Alþ. og lánsfé hefur ekki fengizt. Þetta gæti endurtekið sig í Hornafirði, og við það er ég hræddur. Tölur þær, sem hv. þm. las hér upp, sanna því ekki neitt.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins mótmæla því, sem kom fram hjá hv. þm. A-Sk., að ég hefði tekið til máls af því, að mér hefði runnið til rifja frammistaðan hjá hv. frsm. meiri hl. Því fór fjarri, hans frammistaða var góð í alla staði. Hitt rann mér til rifja, hvernig hann hafði hausavíxl á hlutunum, þar sem hann sagði, að ég væri á móti því, að ríkið legði fram meira fé til hafnarframkvæmda. Það, sem ég benti á, var það, að þróunin hefði verið eðlileg, miðað við þörf landsmanna, að ríkið hefði veitt meira fé en áður til þessara framkvæmda, og ég taldi höfuðnauðsyn að sameina fleiri aðila um þessar framkvæmdir. Það er raunalegt, þegar það hendir jafnskýran þm. og þessi hv. þm. er að hafa svona algerlega endaskipti á hlutunum. Ég vil benda honum á, hvernig þetta landshafnarfyrirkomulag hefur reynzt á þeim eina stað, sem nokkur reynsla hefur fengizt um. Þar er búið að verja nokkuð á 3. millj. kr. til kaupa á löndum kringum hafnarmannvirkin. Land er vitanlega til kringum höfnina, hver sem á það, og sé byggt á þeim grundvelli, sem nú er byggt yfirleitt, þarf ekki að binda neitt fé frá ríkissjóði til slíkra landkaupa. Ætli það hefði ekki verið raunhæfara að verja slíku fé til þess að byggja ný hafnarmannvirki og skapa ný skilyrði fyrir auknum atvinnuháttum á þeim stöðum, þar sem þetta fé hefði verið notað? Með því að lesa úr skýrslu Landsbankans verður því hv. þm. til þess að benda á stóra annmarka í þessu máli fram yfir það, sem er, ef byggt verður á núverandi löggjöf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Nd., 25. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 359 felld með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PO, SB, StJSt, StSt, ÁÁ, EmJ, FJ, GÞG, HB, IngJ, JóhH, JPálm, JS.

nei: LJós, PÞ, SigfS, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, BÁ, EOl, EystJ, HÁ, HelgJ, HermG, JG, JörB, KTh, BG.

4 þm. (SEH, SK, GTh, JJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 16:13 atkv.

2.—16. gr. samþ. með 17:10 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:8 atkv.

Á 72. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Nd., 1. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. fellt með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HelgJ, HermG, JG, JörB, KTh, LJós, PÞ, SigfS, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, BÁ, EOl, EystJ, BG.

nei: GÞG, HB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JJ, ÓTh, PO, SB, SEH, SK, StJSt, StSt, ÁÁ, EmJ, FJ, GTh.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Jónas Jónsson: Fyrir nokkrum árum var ég við atkvgr. hér, þegar lögtekið var að ábyrgjast verð fyrir aðalútflutningsvörur landsins, með þeim afleiðingum, sem það hefur haft. Nú skilst mér, að ríkissjóð vanti 30 millj. til þess að geta staðið við þær greiðslur, sem á fjárlagafrv. eru til teknar. Mig furðar á ýmsum lagasetningum, sem hér eru gerðar, og frv. ýmsum, svo sem því að vilja leggja 70 millj. kr. í Sogsvirkjun og margar millj. kr. í ýmis önnur fyrirtæki — mig furðar á þeirri löggjöf, sem nú er sett þannig á margan hátt, án þess að nokkur lifandi maður hafi hugmynd um, hvernig þetta muni ganga í framkvæmd. — Að gera hafnarbætur í Hornafirði er sjálfsagt gott. En nú er það svo, að það er ekkert gert í því að byggja landshöfnina í Keflavík og Njarðvík. Og ég álít það rétt að segja það einu sinni enn, og með atkvgr., að þau eru til minnkunar þessi pappírslög, sem eru bara skrautfjaðrir til að benda á við framboð, en ekkert er meint annað með. Ef ég verð á þingi, þegar eitthvað er hægt að gera fyrir Hornafjörð, þá mun ég verða með því. En nú segi ég nei.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vildi bara skírskota til þeirrar grg., sem ég hafði fyrir afstöðu minni undir umr., og með tilvísun til hennar segi ég nei.

3. Húsaleiga (frv. SK og HB).

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var útbýtt:
Frv. til l. um húsaleigu [88. mál] (þmfrv., A. 160).

Á 28. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Nd., 9. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið á ferðinni hvað eftir annað í þessari hv. deild, í sameinuðu þingi og í efri deild. Þau frv. og þær till., sem fluttar hafa verið hér áður um breyt. á l. um húsaleigu, hafa verið nokkuð svipaðar. En með þessu frv., sem hér er nú flutt, er farið nokkuð á annan hátt að. Vegna þess kunnugleika, sem hv. þm. hafa af þessu máli utan frá og af umr., sem fram hafa farið hér á Alþingi, þá veldur það því, að ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta málefni ýtarlega að þessu sinni, — það væri nú varla nein goðgá, en það yrði aðeins endurtekning á því, sem áður hefur hér fram komið, og eru þm. kunnugir þeim frásögnum. En ég kemst nú ekki hjá því að fylgja þessu frv., sem hv. 3. þm. Reykv. flytur með mér, úr hlaði með nokkrum orðum.

L. þau, sem nú gilda um húsaleigu, eru samþ. á árinu 1943, en húsaleigulög höfðu áður verið í gildi hér á landi. Hinum fyrri l. var breytt í byrjun stríðsins, og hafa þau nú haldið gildi sínu frá stríðslokum, eða í 3½ ár, þótt þau hafi aðeins verið sett í þeim tilgangi að hafa áhrif á meðan styrjaldarástand væri í landinu. Það er enginn vafi á því, að löggjafarvaldið setti þessi l. sökum þess, að styrjaldarástand var í landinu. Var það gert í fyrsta lagi til þess að fyrirbyggja okur á húsnæði, líkt og verðlagseftirlit er með öðrum hlutum, sem menn kaupa og selja. Þetta var nauðsyn þá sökum þess, að mikið var um aðkomufólk í Reykjavík og útlendinga. Til þess nú að fyrirbyggja það, að þrengt yrði um of að íbúum Reykjavíkur í fyrirsjáanlegri húsnæðiseklu, var nauðsynlegt að setja þessi l. Það má segja með réttu, að húsnæðiseklan var mikil um tíma, því að aðstreymið til Reykjavíkur var mikið. En nú halda menn að innstreymið hafi tekið enda, og má nú ætla, að óþarfi sé að hafa þessi l. í gildi enn um hríð af þeim sökum. Nú, hins vegar er þess að geta, að svo mikið hefur verið byggt í Reykjavík á undanförnum árum, að hreinasta furða er, hversu aðstreymið hefur orðið mikið, að fylla allt það húsnæði, sem bætt hefur verið við. Í þessu sambandi vil ég minna á, að margar reglur, sem löggjafinn hefur sett sökum þess, að styrjöld skapaði þá nauðsyn, hafa nú verið úr gildi numdar. Er og sjálfsagt að afnema slíkar þvingunarráðstafanir. Húsaleigulögin hafa þó gengið mun nær rétti manna en aðrar þvingunarreglur, sem settar hafa verið, því umráðaréttur húseiganda er tekinn af honum gagnvart húsi sínu. Margir húseigendur, sem leigt hafa frá sér, hafa gert það í upphafi af sparnaðarástæðum, en þessi l. hafa gert hlut þeirra mjög tilfinnanlegan. Fyrir menn, sem hafa nær enga aðra tekjulind en þá, sem þeim hlotnast fyrir leigu af hluta húss síns, kemur þetta mjög hart niður, er þessum tekjustofni þeirra er haldið niðri með l. Einnig er fólk fest í íbúðum, sem það hefur setið í. Áður var mönnum það frjálst að segja leigjanda upp húsnæði. Húseigandi getur haft marga ástæðu til þess. Ef leigusala líkaði ekki við leigutaka af einhverjum ástæðum, gat hann sagt honum upp húsnæði með ákveðnum fyrirvara og tekið í íbúð sína einhvern venzlamann eða kunningja, sem hann vildi heldur leigja húsnæði sitt. Auk þess er hér vantalið, hverjar afleiðingar húsaleigulögin hafa gagnvart þeim, sem selja vilja hús sín, en verða að gera það með þeim agnúa, að svo og svo stór hluti hússins sé í leigu. Hefur þetta þær afleiðingar fyrir húseiganda, að eign hans minnkar í gildi og verð hennar lækkar um tugþúsundir fyrir þetta. Húsaleigulögin eru ekki aðeins úr sér gengin, en eru þegar sumpart afnumin af lífinu sjálfu, ef svo mætti til orða taka. Ég hef nú ekki minnsta kunnugleika á húsnæðisástandinu utan Reykjavíkur, og mun ég því ræða þetta mál út frá þeim kringumstæðum, sem ríkja í þessum efnum hér í höfuðborg landsins. Það hefur verið athugað, hversu mikið hefur verið byggt í Reykjavík síðustu árin, og hafa skýrslur verið um þetta gerðar, og er þá miðað við tímann áður en húsaleigulögin voru sett og til þessa tíma og farið eftir manntalinu í bænum, eins og það hefur reynzt vera réttast á hverjum tíma. Raunin hefur orðið sú, að um ⅛ íbúa Reykjavíkur býr í húsnæði í nýjum húsum. Þessi ⅛, þ. e. leigjendurnir í nýju húsunum, eru allir undanþegnir ákvæðum húsaleigulaganna, og leiga þeirra hefur verið ákveðin eftir frjálsum samningum. Sú leiga er yfirleitt geysihá, miðað við þá leigu, sem borguð er í þeim húsum, sem húsaleigulögin ná til. Ef menn skipta um húsnæði í eldri húsum, eru þeir stöðugt undir húsaleigulögunum, en þeir menn, sem flytja úr gömlu húsnæði í einhverjar af nýju byggingunum, búa við frjálsa leigu. Sú leiga er miklu hærri, sem maður veit, en kunnugt er, að þetta er nokkuð mismunandi. En yfirleitt er húsnæði hjá þessum mönnum komið mikið upp fyrir það, sem er hjá þeim, sem setið hafa lengi í sama húsnæði, sem háð er húsaleiguvísitölunni.

Það er ekki hægt, nema með ákaflega mikilli fyrirhöfn, að rannsaka þetta fyrir alla Reykjavík. En fara má ákaflega nærri í þessu efni með því að taka götur, sem fullbyggðar voru fyrir stríð, og rannsaka bara eftir manntali, hvernig þessi breyting hefur átt sér stað. Það hefur nýlega verið gerð hér athugun með tvær götur, Njálsgötu og Öldugötu, hvernig þessu væri farið í þeim. 1939 voru 481 maður í leiguhúsnæði á Njálsgötu. En við athugun á manntali nú kemur í ljós, að ekki eru nema 118 sömu menn þar í leiguíbúðum, eða tæplega 25%. Í hinum húsunum hafa orðið leigjenda-

skipti. Og það má fullyrða, að þeir leigjendur, sem skipt hafa um húsnæði, hafa lent undan húsaleigulögunum. — Á Öldugötunni var munurinn meiri. Þar voru árið 1939 420 manns í leigubústöðum eftir manntali. En sömu leigjendur í þessu húsnæði voru nú aðeins 74, eða tæplega 18%. Og ég fullyrði, að þeir, sem þannig hafa flutzt á milli, hafa raunverulega lent undan húsaleigulögunum. — Þetta ætla ég, að sýni og sanni, að hópurinn er ekki mjög stór hér í Reykjavík, sem húsaleigulögin ná til. Og ef athugað er, hve gífurlega húsaleiga hefur hækkað, þá efast ég um, þó að húsaleiga í því húsnæði, sem eftir er undir húsaleigulögunum, mundi eitthvað hækka, sem hún mundi að sjálfsögðu gera, — þá efast ég stórlega um það, að dýrleiki húsaleigunnar yfirleitt ykist að neinum verulegum mun við það, því að langmestur hluti leiguhúsnæðis er kominn undan húsaleigulögunum. Mér þykir ákaflega ólíklegt, að það sé meira en einn sjötti hluti af leigjendum í Reykjavík, sem býr við ákvæði húsaleigulaganna. Þetta atriði út af fyrir sig kollvarpar því, sem ég hef heyrt haldið fram, að afnám húsaleigulaganna mundi auka mjög dýrtíðina í landinu. Áhrif húsaleigunnar á vísitöluna byggjast á allt öðru, á því, að húsaleiguvísitalan er látin ganga inn í heildarvísitöluna, og hún er ekkert nálægt því, sem dýrleiki húsaleigunnar er í raun og veru. En dýrtíðin sjálf mundi að líkindum sáralítið hækka við afnám húsaleigulaganna. Sú dýrtíð er komin að mestu leyti, sem skapast mundi við að hafa engin húsaleigulög. Það má vera, að það sé að einhverju leyti sjálfsblekking, þegar menn eru að halda því gagnstæða fram, en ég held, að það sé nú mest til þess að ná sér í einhver rök, í vandræðum, fyrir því að mæla húsaleigulögunum bót.

Það er í mörgu fleira, sem ákvæði húsaleigulaganna hafa fallið alveg dauð til jarðar í meðferð eða framkvæmd laganna. Og það er hv. þm. öllum kunnugt, að þegar húsaleigulögin voru sett, var á það bent, að innstreymið í Reykjavík mundi gera ákvæði þeirra að engu eða a. m. k. draga mikið úr áhrifum þeirra. Og það þótti þá nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að hefta strauminn til Reykjavíkur. Og af mörgum fleiri ástæðum þótti æskilegt að draga úr þeim fólkstraumi, sem á undanförnum árum hafði verið til Reykjavíkur. Þess vegna var tekið inn í húsaleigulögin ákvæði um að banna algerlega eigendum húsa í Reykjavík að leigja utanbæjarmönnum. Þetta ákvæði var bann á húseigendur. En húsaleigunefnd var jafnframt gefin heimild til að hefta þetta og til þess að ónýta alveg leigusamninga um húsnæði í Reykjavík til utansveitarmanna. Ég ætla, að ég þurfi ekki að lesa þetta upp. En í lögunum stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Leigusala (framleigusala) er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og eru slíkir leigusamningar ógildir.“ — En hvernig halda hv. þm., að þessu hafi verið framfylgt? Mér er ekki kunnugt um, hvernig þessar sakir standa nú. En það var athugað nú fyrir nokkrum árum, það var í árslok 1945, hvernig þetta ákvæði laganna hafði verið haldið til þess tíma. Og þá kom í ljós, að á tímabilinu frá því er lögin voru sett og þangað til í árslok 1945 hafði flutzt til Reykjavíkur um 8 þús. manns. Og allt hafði þetta farið í gegnum greiparnar á húsaleigunefnd. Og sá straumur hefur haldið áfram svipaður síðan. Þetta atriði laganna hefur orðið dauður bókstafur, en hefur orðið þess valdandi, að hér hafa skapazt húsnæðisvandræði. Og ef þessi straumur hefði verið annaðhvort enginn til Reykjavíkur eða til muna minni, þá væru hér engin húsnæðisvandræði.

Allt þetta bendir mjög til þess, að húsaleigulögin séu orðin alveg úrelt. Og það hefur verið hvað eftir annað sýnt fram á þetta hér á Alþ., bæði í þessari hv. d. og líka í Sþ. og í hv. Ed. Og ég held, að það hafi ekki verið unnt að hnekkja þeim rökum, sem þar hafa komið fram og öll hafa hnigið í þá átt, að húsaleigulögin séu orðin úrelt.

Ég sé ekki á þessu stigi málsins, við 1. umr., ástæðu til þess að fara mikið út í þá ágalla ýmsa, sem komið hafa fram á húsaleigulögunum, sem eru áberandi og ákaflega óviðunandi í mannlegu félagi. En margt af því er óviðráðanlegt. Og líka er margt af því svo, að það getur raskað rólegri og rökréttri hugsun um þetta mál, ef farið er að minnast á atriði, sem mönnum er einhver sársauki að. Þess vegna kæri ég mig ekki um að innleiða það tilefnislaust í umr. — En ég get ekki látið hjá líða — af því að það er mjög til að upplýsa málið — að minnast á það, að þegar húsaleigunefnd er látin meta húsnæði, þá virðist vera ákaflega lítið samræmi í mati hennar á húsnæði í eldri húsum annars vegar og húsnæði í nýbyggðum húsum hins vegar. Munurinn er þar oft svo mikill, að furðu sætir. Ég skal aðeins í þessu sambandi nefna eitt dæmi. Húsaleigunefnd hefur metið húsnæði í húsi hér á hitaveitusvæðinu í gömlu húsi og metið það á 225 kr. á mánuði. Þar í er náttúrlega nokkur hækkun vegna húsaleiguvísitölunnar. Þetta húsnæði er fjögur herbergi og eldhús og bað og þvottahús í sameiningu við aðra og sérstök geymsla í kjallara. Í hinu húsnæðinu, sem liggur utan hitaveitusvæðisins og er aðeins 72 fermetrar að gólffleti, þar eru tvö herbergi, geymsla í kjallara, sæmilegt þvottahús og lítið herbergi undir súð, sem er þriðja herbergið. Þetta húsnæði utan hitaveitusvæðisins hefur nefndin metið á 918 kr. á mánuði, enda getur vel verið, að sá, sem byggir svona hús nú, geti sýnt fram á, að hann þurfi að hafa þessa leigu. Ég er ekki að vefengja það. Og ég hef heyrt um enn þá gífurlegri mun á leigu í nýjum og gömlum húsum. En hver maður sér, að hér er skapaður mjög óeðlilegur og mikill munur á verði á því, sem kemur þó að sömu notum. Þetta er ekki í samræmi við þá réttarvitund, sem almenningur hefur. Auk þeirra miklu galla, sem fram koma í framkvæmd húsaleigulaganna, þá er ekki hægt heldur að ganga fram hjá því, að það er viðurkennt og hefur verið viðurkennt frá öndverðu af Alþ. og ég held af öllum hugsandi mönnum í þjóðfélaginu, að það eigi ekki að hefta frelsi manna stórkostlega, nema því

aðeins að það sé alveg óhjákvæmilegt vegna almenningsheilla. Nú verður því ekki neitað, að þær hömlur, sem lagðar eru á eigendur þessara gömlu húsa, eru ákaflega miklar, og það miklar, að það hefur komið mörgum þeirra alveg í fjárhagsleg vandræði. Ég mun ekki nefna um þetta nein sérstök dæmi. En ég þekki víða til þess, að mönnum hefur verið gert alveg ókleift að halda við húsum sínum, vegna þess að kostnaður af því er nú svo mikill, og mikill í samanburði við það að koma upp nýjum húsum. Og þegar á þetta er litið, kemur í ljós, að þeir, sem ekki hafa getað smeygt sér undan húsaleigulögunum, eru yfirleitt — sjálfsagt ekki allir — svona hæglátt eldra fólk, — því að það var fjöldi manna, sem byggði sér hús eftir aldamótin, sem þótti þá öruggasta eign að eiga sér hús yfir höfuðið, og það fólk lagði það til byggingar þeirra, sem það með sparsemi og forsjálni hafði aflað til þess að eiga þak yfir höfuðið og geta fengið svolitlar tekjur fyrir leigu, — það er þetta fólk, sem sett er í þann gapastokk, að þessir húseigendur verða að láta húsin grotna niður vegna vanhirðu, því að þessum mönnum er í raun og veru varnað þess að geta selt þessi hús fyrir sannvirði, af því að það þykir svo mikill ágalli, að það verðfellir húsin, ef fólk situr í þeim fyrir þessa gömlu húsaleigu, sem ekki er hægt að losa sig við.

Á þessu stigi málsins ætla ég ekki að fara um þetta fleiri orðum. En ég get aðeins sagt frá því, að undirbúningur hefur verið um alllangan tíma af hálfu félmrn., hæstv. forsrh., um einhverja endurskoðun á þessum lögum. En árangur af því hefur ekki enn þá komið fyrir þingið. Og við flm. þessa frv. sáum ekki fært, þar sem liðið er nú svo mikið á þingið, að bíða lengur með að láta okkar sjónarmið koma fram um málið. Ef nú hæstv. forsrh. eða hans ráðuneyti hefur á prjónunum einhverjar aðrar till. í þessu máli, koma þær að sjálfsögðu fram, og að líkindum lenda þær til athugunar hjá sömu nefnd og þetta frv. — Ég óska, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr., og ég vænti, að þessi mál hafi áður verið til athugunar hjá allshn., og ég geri það að till. minni, að frv. verði vísað þangað.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég vil á þessu stigi málsins ekki tala langt mál um frv. það, sem hér liggur fyrir. En ég vildi þó gera nokkrar almennar aths.

Það má vafalaust færa gild rök fyrir því, að ákvæði húsaleigulaganna séu öðruvísi en vera skyldi og að þau ákvæði leiði til nokkurra vandkvæða og í sumum tilfellum örðugleika. En þó að þessu sé slegið föstu, vildi ég fyrir mitt leyti telja, að enn þá sem komið er séu húsaleigulögin eða sum ákvæði þeirra svo mikil vernd fyrir fjölda fátæks fólks, að mjög verði að athuga gaumgæfilega áður en lokum er skotið frá þeim dyrum, sem afnám húsaleigulaganna mundi hafa í för með sér.

Eins og hv. fyrri flm. þessa frv. tók fram, hefur félmrn. um alllangt skeið látið fara fram athugun á þessari löggjöf, sem upprunnin er fyrir tíð núverandi ríkisstjórnar. Skipuð var milliþn. til að fjalla um þetta mál, sem skilaði löngu áliti. En enn þá sem komið er hefur ekki verið komizt að ákveðinni niðurstöðu af hálfu félmrn. eða ríkisstj. yfirleitt um það, hvað hún vildi leggja til um þetta mál, hvaða breyt. hún sér fært að fara fram á eða bera fram um þessa löggjöf. Hins vegar vil ég taka fram, að ég get ekki á þessari stundu mælt með því frv., sem hér liggur fyrir. En eins og hv. fyrri flm. þess tók fram, má vænta þess, að síðar á þessu þingi muni koma fram frv. um breyt. á húsaleigulögunum og fara þá væntanlega til sömu nefndar, sem nú fær þetta mál til athugunar.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í almennar rökræður út af húsaleigulögunum yfirleitt, kostum þeirra og göllum. En ég vildi láta þá aths. koma fram nú þegar á þessu stigi málsins, að þetta frv. er ekki borið fram eftir ósk ráðuneytisins. En félmrn. hefur þetta mál enn til athugunar, og mun síðar verða rætt innan ríkisstj. um þær breyt., sem ráðuneytið kynni að óska eftir að gerðar væru á húsaleigulögunum. — Mér þykir ekki nema eðlilegt, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, gangi áleiðis til nefndar, og sé ekki ástæðu til að halda uppi umr. um það frekar á þessu stigi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20:1 atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 3. marz, utan dagskrár, mælti

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Þann 6. des. s. l. ár var útbýtt hér í d. frv. til l. um húsaleigu. Fór málið til allshn. þann 9. des. 1948. Þann 18. f. m. var útbýtt hér í d. nál. frá minni hl. n., en síðan hefur ekkert til málsins spurzt. Nú eru liðnir 11 dagar frá því, að nál. minni hl. var útbýtt, og mér þykir það alveg vafalaust, að hinn hluti n., hvort sem það er meiri hl. eða tveir eða þrír minni hl., ætli ekki að skila neinu áliti. Það er óhugsandi um jafnvelgefna menn, að þeir væru ekki búnir að koma saman áliti á 11 dögum, ef þeir ætluðu sér að gera það. Af þessum ástæðum vil ég, fyrir hönd flm. frv., fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál á dagskrá næsta fundar.

Forseti (BG): Út af orðum hv. 5. þm. Reykv. skal aðeins tekið fram, að forseti mun athuga, hvernig á þeim mikla drætti stendur hjá meiri hl. n. á að skila nál.

Á 75. og 76. fundi í Nd., 4. og 7. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á síðari fundinum mælti

Hallgrímur Benediktsson: Það er örstutt fyrirspurn. Þetta er í annað skiptið, sem 7. dagskrármálið er tekið á dagskrá án þess að það komi til umr. Á ég þar við 88. mál, um húsaleigu. Mér er ekki ljóst, hvað er því til fyrir-

stöðu, að málið sé tekið fyrir, — hvort hér stendur á nál. meiri hl. eða hvort það er tvískipt eða hvort forseti veit nokkuð um það, því að það er þýðingarlaust að taka málið á dagskrá dag eftir dag án þess að taka það fyrir til umr.

Forseti (StgrSt): Út af fyrirspurn hv. 3. þm. Reykv. skal ég geta þess, að hæstv. aðalforseti d. gerði ráð fyrir, að þetta mál yrði tekið af dagskrá að sinni. Ég sé, að fyrir liggur nál. frá minni hl. allshn., en ekki frá meiri hl. En að sjálfsögðu skal ég koma þeim boðum til skila, að þetta mál verði næst tekið á dagskrá og þá til umr.

Á 78. fundi í Nd., 10. marz, var frv. enn tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það fer að verða spaugilegur skollaleikur með 3. dagskrármálið á þskj. 160. Það er tekið á dagskrá dag eftir dag og síðan tekið út og svo ekki tekið á dagskrá á milli. Þar sem ég á hér hlut að máli, — ég hef skilað nál., — verð ég að krefjast frekari skýringar á þessu. Ég held, að ég eigi sterka kröfu á því, að málið fái þinglega meðferð.

Forseti (BG): Að sjálfsögðu hefur forseti tekið málið á dagskrá til þess, að það fái þinglega meðferð, og upphaflega var það tekið á dagskrá til þess að benda meiri hl. á að skila nál. Meiri hl. hefur enn ekki gert þetta, en orsökin til þess, að málið er tekið út nú, er ekki sú, heldur að hæstv. forsrh. hefur óskað að taka þátt í umr. um málið, en hann hafði ráðstafað tíma sínum í dag, sem er fyrsti dagurinn frá því að hann kom heim frá útlöndum. Ef hv. þm. heldur, að ég vilji af óheilbrigðum ástæðum tefja fyrir málinu, er það síður en svo. Ég mun ætíð beita mér fyrir því, að öll mál fái þinglega afgreiðslu.

Jóhann Hafstein: Ég var ekki að beina ásökunum til hæstv. forseta, heldur til þeirra, sem sök eiga á þessu. Það má kannske einu skipta, þó að málið sé tafið einn dag, ef hæstv. forsætisráðh. óskar þess, en það situr sízt á honum að tefja það, því að það var samkv. ósk frá honum og fyrir tilmæli hans, að málið var upphaflega flutt. Eftir þessar upplýsingar vænti ég þess, að málið verði tekið fyrir á næsta fundi.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Mér þykir það furðulegt að heyra því haldið fram, að þetta mál sé flutt fyrir tilmæli hæstv. forsrh. (*JóhH:* Það sagði ég ekki. Þetta er útúrsnúningur hjá hv. þm.). Allshn. hefur ekki hraðað málinu, þar sem n. hafði fengið upplýsingar um það, að hæstv. forsrh. ætlaði að leggja fyrir stj. till. um breyt. á húsaleigul. Minni hl. kaus þó að afgreiða málið. Fyrst hæstv. forsrh. hefur óskað þess, að málinu verði frestað, skil ég vel, að hæstv. forseti verði við þeirri beiðni.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vildi sem einn af fjórmenningunum, er athuguðu möguleikana á því, að stjórnarflokkarnir næðu samkomulagi um breyt. á húsaleigul., staðfesta það, sem hv. þm. Ísaf. sagði. Það tókst ekki að ná samkomulagi, og við höfum því skilað af okkur til stj., en félmrn. tók málið að sér. Hv. 5. þm. Reykv. hefur hins vegar tekið að sér að flytja sérstakt frv. um málið, og er ekkert við það að athuga. Upp úr athugun fjórmenninganna mun þó spretta frv., sem félmrn. eða einhver annar semur.

Forseti ((BG): Það virðist ekki fara vel á því að ræða 3. dagskrármálið, þar sem forseti hefur tekið það út af dagskrá, en ég mun þó leyfa athugasemd.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Athugasemd hv. þm. Ísaf. er þýðingarlaus. Það liggur ljóst fyrir, að frv. er sprottið upp úr tilmælum hæstv. forsrh. Hv. þm. þarf ekki að snúa út úr orðum mínum. N., sem forsrh. skipaði, gat ekki komið sér saman, og nú segir hv. 4. þm. Reykv., að annað frv. muni spretta upp úr athugun n. Nú er í uppsiglingu annað frv. Bæði frv. eru komin fram vegna þess, að hv. n. hefur eigi komið sér saman. Hv. 5. þm. Reykv. flytur það ásamt öðrum. Hæstv. forsrh. hefur staðið fyrir því að koma öðru frv. á laggirnar, og við vitum, að það mun koma fram af sömu ástæðu og hitt.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef ekki gert neinar aths. En ég var svo óheppinn að vera kvaddur til af hæstv. forsrh. til að gera athuganir á málinu fyrir þingið í þeim tilgangi, að Alþ. afgreiddi l. um þetta efni, — og þá vitanlega að gera breyt. á gildandi l. Við störfuðum lengi að þessu. Svo virtist sem við mundum verða sammála. Oss var ljóst, að hæstv. ráðh. hafði skipað menn úr þrem flokkum. Þá var okkur og ljóst, að hann mundi hafa gert það til að tryggja grundvöllinn, svo að samkomulag næðist milli flokkanna. Við nm. töldum nauðsynlegt að leggja till. okkar fyrir flokkana til þess að vita, hvaða stuðnings við mættum vænta, ef við kæmum okkur saman um ákveðnar till. En þegar út í það var komið að ráðgast við flokkana, urðu ólík sjónarmið til að fjarlægja okkur hvern öðrum. Var þó meiri munur skoðana innan flokkanna en hjá einstökum nm., og þegar sýnt var, að eigi yrði samkomulag um eina till., þá vildi ég ekki láta þetta dragast öllu lengur og lýsti því yfir, að ég mundi senda till. mínar til hæstv. forsrh. sérstaklega, ef aðrir væru á öðru máli, og um það var enginn ágreiningur, að ósamkomulag væri innan n. Varð það úr, að hver sendi sínar till. Beið ég nú lengi átekta. Þegar ekkert fæddist, átti ég tal við hæstv. forsrh. um það, hvort þess væri að vænta, að eitthvað kæmi frá honum. Hann kvaðst bíða eftir áliti hinna. Nú er liðið á sjötta mánuð síðan, svo að hér er orðinn langur ómagaháls. Þegar ekkert kom frá hæstv. forsrh., tilkynnti ég, að ég mundi leggja till. mínar fyrir þ. Veitti ég honum tvisvar sinnum frest, en sá þó fram á, að fresturinn

yrði ekki til neins. Legg ég þá till. fram ásamt meðflm. mínum. Málið gengur nú til n. þ. 9. des. Lá það lengi hjá n., og að því er mér hefur verið tjáð að mestu leyti sökum þess, að hæstv. forsrh. bað um frest á málinu. Nú eru liðnir réttir þrír mánuðir síðan hv. n. tók við málinu. Fór svo að lokum, að minni hl. hennar nennti eigi lengur að standa í þessu þófi og afgreiddi málið. Síðan það gerðist eru nú liðnar þrjár vikur, og hv. meðnm. í allshn. hefur eigi enn unnizt tími til að skila áliti. Ætli það sé ekki vegna þess, að hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað beðið um frest? Að sönnu hefur hann beðið hæstv. forseta um hann líka. En ég ámæli honum eigi, þótt hann fari að því, er hann er beðinn af hæstv. forsrh. Ég sjálfur hefði gefið marga fresti. (Forseti hringir.) Já, ég skal ekki orðlengja.

Forseti (BG): Mér er ekki óljúft, að 3. dagskrármál sé rætt. En það á trauðlega við nú. Málið verður enn á morgun til umr., og þá mun unnt að koma að öllu því efni, sem mætti verða frv. til skýringar.

Á 79. fundi í Nd., 11. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 160, n. 367 og 449).

Frsm. 1. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þá er nú loks séð fyrir endann á hinu kalda stríði í sambandi við þetta frv. og komið að því að ræða nefndarálitin, og er sú 5 manna nefnd, sem fjallað hefur um málið, þríklofin.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð til þess að gera grein fyrir afstöðu okkar hv. 2. þm. Eyf., en við leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Það er að vísu svo, að okkur er báðum ljóst, að það leiðir af sér ýmiss konar erfiðleika að afnema lögin nú, og erum við að því leyti sammála hinum minni hlutunum. En hitt er jafnljóst, að þeir annmarkar, sem þróast í skjóli húsaleigulaganna, eru engu minni en þeir annmarkar, sem fylgja því að nema lögin úr gildi.

Við 1. umr. þessa máls færði hv. 1. flm. svo glögg rök fyrir þeim annmörkum, sem þróast í skjóli laganna, að ekki er ástæða til að endurtaka neitt af því. En þó vil ég benda á þá veigamiklu staðreynd, að lög, sem hafa svo mikla frelsiskerðingu í för með sér sem húsaleigulögin, eru tæplega verjandi, nema þau komi þeim almennt til góða, er þeirra eiga að njóta. En eins og ég hygg, að almennt sé kunnugt, hafa orðið svo miklar breytingar frá setningu laganna, að því fer víðs fjarri, að þau komi þeim almennt að notum, sem eiga að njóta þeirra, svo að húseigendur þurfa ekki lengur að beygja sig fyrir slíkum rökum. Ýmis tilvik hafa losað um þá bindingu. Fjórði hluti húsanna er háður lágri leigu, og það er eitt veigamesta atriðið, þegar svo miklar kvaðir fylgja sem raun ber vitni, hve lítils hluta l. taka til, og þá skapa þau líka mikið innbyrðis misrétti milli húseigenda — auk allra annarra erfiðleika. Það stendur einhvers staðar í bók eftir Byrnes, fyrrv. utanrrh. Bandaríkjanna, að fátt sé eins nærri ódauðleikanum og opinberar nefndir og skrifstofur. Bandaríkjamenn hafa og rekið sig á þetta í styrjöldinni. Við Íslendingar höfum einnig reynslu fyrir því, sem er svipaðs eðlis. Þegar komið hefur verið á opinberri íhlutun einhvers staðar, þá er síður en svo hægurinn hjá að kippa því máli að nýju til frjálsara horfs. Eru því orð utanrrh. nærri sanni, að þessar stofnanir séu e. t. v. næst ódauðleikanum alls á jörðunni. Hins vegar er það mjög óheppilega tekið til orða varðandi þetta mál, því að lítum við á það, sjáum við, að húsaleigul. voru sett til að mæta vissum örðugleikum, sem gert var ráð fyrir, að stæðu aðeins um takmarkaðan tíma. Langflestir eru þeirrar skoðunar, að hin mikla skerðing, sem í l. er, megi ekki vera ævarandi. Það ætti heldur að létta henni af eins fljótt og unnt yrði. Við rekum okkur á það enn í dag, að sumir halda því fram, að nægileg rök séu til fyrir gildi l. áfram, og styðja þeir þá skoðun sína með því, að ýmsir erfiðleikar yrðu af afnámi l. Raunar er það rétt. En ég tel, að afnema eigi l. í dag og mæta síðan þeim afleiðingum, sem reynslan kann að leiða í ljós, — fremur en að lappa upp á þau með nýjum bótum. M. ö. o., það sé betra að afnema l. nú og gera síðan ráðstafanir á eftir, en eigi miða nýjar endurbætur við það ástand, sem nú ríkir. (*Forseti:* Það er of mikil ókyrrð í d.) Ég er því fylgjandi þessu frv., enda þótt mér séu ljósir margs konar annmarkar, sem snúast þyrfti við, en reynslan skæri síðar úr um, hver háttur yrði á þessu, þegar menn sæju afleiðingarnar af afnámi l. Nú væri hægt að segja, að ráðstafanir væru eðlilega gerðar til að mæta erfiðleikunum, sem sköpuðust af löggjöfinni. Ég yrði meðmæltur samkomulagi um einhverjar slíkar ráðstafanir, — þ. e. a. s., ef menn vildu afnema l., — því að það er eðlilegt, að menn vildu gera einhverjar ráðstafanir til að létta undir með fólki sökum erfiðleika þess. Sama skoðun held ég, að sé yfirleitt ríkjandi, sérstaklega hjá 1. flm. þessa frv., sem hefur lagt mikla vinnu í málið. Þó er eigi miðað þar við afnám l., heldur samkomulag um þær breytingar, er drægu úr göllum l. og því ástandi, sem ríkir í skjóli þeirra. M. ö. o. er meginálit okkar hv. 2. þm. Eyf. það, að rétt sé að afnema l. nú. En sjálfsagt verðum við viðmælandi um aðrar ráðstafanir til að mæta erfiðleikunum, aðeins ef menn fallast á meginprinsippið, en það er, að l. voru miðuð við gerbreytt ástand í landinu og áttu aðeins að gilda um takmarkaðan tíma. En menn gerðu sér vonir um frjálsari viðhorf og eðlilegri farveg málanna hvað liði.

Ég skal svo eigi fara fleiri orðum um málið á þessu stigi þess, varðandi álit okkar.

Forseti (BG): Hv. frsm. 2. minni hl. hv. allshn. er nú fjarverandi. Ég vil vekja athygli hv. þm. Siglf. á því, þar sem hann stendur að nál. einnig, að hv. frsm. er nú ekki viðstaddur í d., en ég hef sterkan grun um, að hann sé í húsinu. (*ÁkJ:* Já, það er hann, að ég held.)

Frsm. 2. minni hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Segja má um frv. þetta, að það sé nokkuð gamall kunningi. Alltaf síðan húsaleigul. voru sett fyrst hér á landi, hafa einhverjir orð-

ið til þess að ganga sérstaklega erinda húseigendanna og viljað afnema l., sem sett voru hverju sinni, jafnvel þótt almenningur hafi krafizt þess vegna knýjandi nauðsynjar, að l. væru áfram í gildi. Nú er það svo með þessi l. sem mörg önnur, er sett eru af mikilli nauðsyn, að þau þrengja að rétti einhverra manna. Hins vegar verða hagsmunir þeirra að víkja fyrir almenningshagsmununum, og þannig er hér ástatt.

Hv. allshn. hefur nú haft málið til langrar athugunar, og hefur talsvert dregizt, að 2. minni hl. n. kæmi fram með álit sitt. Getur það stafað af því, að farið hafði fram hjá 2. minni hl., að 1. minni hl. var búinn að skila áliti sínu. Þó að hv. n. hafi haft frv. til langrar athugunar, þá hefur það verið lítið rætt í henni. Kom það m. a. fram í umr. hér í gær, að hæstv. félmrh. hefði í undirbúningi l. um réttindi og skyldur leigjenda og húseigenda og athuganir á nokkrum breyt., sem til mála gætu komið í löggjöfinni. Óskir komu fram í hv. n. um, að málinu yrði frestað, þar til er till. hæstv. ríkisstj. lægju fyrir. En við það var ekki komandi af hálfu 1. minni hl. n. Sennilega munu einhverjar leiðir finnanlegar í samkomulagsátt um einhverjar breyt. á gildandi löggjöf. En um eins miklar breyt. og hér er lagt til, að verði gerðar, eru þrír hv. nm. ósammála. Á hinn bóginn lá 1. minni hl. svo mikið á að koma skoðun sinni á framfæri, að eigi mátti bíða eftir till. hæstv. ríkisstj. Svo virtist sem áhuginn á því að koma einhverju til leiðar og létta undir með eigendunum væri ekki svo mikill, að hann vildi freista þess að fá málið nánar rætt í hv. allshn., þegar till. hæstv. ríkisstj. lægju fyrir. Þannig er að vísu um frv., að það er flutt á þann veg, að gert er ráð fyrir, að nokkur hluti l. verði áfram í gildi, en nái frv. þó fram að ganga eins og það liggur hér fyrir, hefði það í för með sér afnám gildandi l., og mætti því eins fella þau úr gildi í heild. Hv. 1. þm. Árn. hafði þá sérstöðu í málinu, að hann lýsti því yfir, að hann mundi flytja brtt. við frv. Ég hef nú eigi séð þær enn þá, en sjálfsagt mun hann leggja þær fram nú eða við 3. umr. Mér er ókunnugt um, hverjar brtt. hans munu verða, en með tilvísun til nál. höfum við hv. þm. Siglf. lagt til, að frv. verði fellt, en áskiljum okkur rétt til þess að fylgja brtt., ef fram koma og þess eðlis eru, að þær spilltu eigi fyrir rétti leigjenda á sama hátt og frv. það gerir, sem hér liggur fyrir. Við höfum látið prenta með nál. okkar umsögn Leigjendafélags Reykjavíkur, dags. þ. 20. des. 1948. Eru þar færð rækileg rök fyrir því, að frv. þetta mundi algerlega verða til þess að stórspilla fyrir rétti leigjenda, þeim er þeir hafa í gildandi l. Þar er bent á, að rökin fyrir því, að l. voru sett, hafi verið að sporna við vaxandi verðbólgu og húsnæðisskorti og draga úr óeðlilegum flutningi fólks til kaupstaða, einkum Reykjavíkur. Nú er það svo, að margt hefur farið miður en skyldi, og m. a. hafa mjög margir sætt óhæfilegum kjörum, bæði um kaup á húsnæði og leigu þess. En þótt svo sé, er fjöldi manns í skjóli l. og býr við þau kjör, sem l. ákváðu. En yrði frv. þetta samþ., færi svo, að það okur, sem margir hafa fengið orð fyrir, margfaldaðist. Ég hygg, að Leigjendafélagið hafi á réttu að standa, þegar það segir, að afnám l. opnaði allar dyr á gátt fyrir þeim, sem gætu greitt háa húsaleigu. Húsnæði mundi hækka í verði og flutningur fólks í heilsuspillandi íbúðir ykist, en af þeim er þegar nóg fyrir skv. skýrslu hagfræðings Reykjavíkurbæjar, enda er ástandið þannig, að svo virðist sem draga muni úr íbúðarhúsabyggingum á þessu ári. Mun viðbótin á þessu ári verða minni en verið hefur undanfarin 3 ár. En einmitt af þeim sökum, að svo virðist sem draga muni úr íbúðarhúsabyggingum, m. a. vegna skorts á gjaldeyri og lánsfé til byggingarframkvæmda, ber nauðsyn til, að ekki sé því hraðað um of að gera svipaðar breyt. á gildandi húsaleigul. og í þessu frv. felast. Við í 2. minni hl. n. höfum látið skína í það, að ýmsar breyt. komi til mála á l., og ætla ég það ekki neina vá, þótt losað væri um einstaklingsherbergi, og einnig mætti losa um leigumála fyrir atvinnuhúsnæði. Hv. flm. frv. vilja gera glufu á húsnæðisl. og segja, að eins rétt muni vera að nema þau alveg úr gildi. — Auk fyrrgreindrar umsagnar hefur hv. allshn. fengið umsögn frá Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur, en hún er varla prenthæf. En 2. minni hl. hv. allshn. hefur þó talið rétt að birta þ. þessa svo nefndu umsögn. Hún er lítið annað en hótanir til hv. þingmanna, þar sem skorað er á alla fasteignaeigendur að fylgjast vel með, hverjir séu þeim mótsnúnir á Alþ., og styðja þá menn eigi til valda. Hér er ekki farið dult með, hver sé tilgangurinn. Framhaldið er svo það að styðja þá menn helzt, sem vilja afnema l. Ef ég væri flm., hefði ég frábeðið mér slíka umsögn. Ég vænti þess, að hv. flm. lýsi því yfir, að umsögn félagsins sé send í óþökk þeirra. Vil ég ekki halda, að þessir hv. flm. hafi flutt þetta frv. í því skyni að afla sér þess fylgis, er þeim er lofað, sem afnema vilja l., en hinum óvirðingar, sem aðra sannfæringu hafa. Það má vel vera, að mál þessi séu orðin hitamál hér í bæ. En slíkur málflutningur, sem stj. Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur hefur látið sér sæma, er sízt fallinn til þess að bæta málstað fasteignaeigenda. Virðist hann bera vitni þess, að þessir menn búi eigi yfir miklum rökum, þegar þeir grípa til ógnana og skætings, er þeir eru kurteislega beðnir um að láta í ljós umsögn sína um málið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. Ég vænti þess, að hv. d. sjái, hve nauðsynlegt er, að frv. verði fellt, því að samþykkt þess mundi valda glundroða og óþægindum fyrir mikinn fjölda manna í bænum.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Þegar mál þetta var til 1. umr. hér í þessari hv. d., gat ég þess, að félmrn. hefði gengizt fyrir talsverðum athugunum um, hvaða breyt. gera ætti á húsaleigulöggjöfinni í þessum efnum. Ég gat þess, að ég væri hræddur við að taka frá allar lokur, sem settar eru til tryggingar leigutökum í notkun húsnæðis, til þess að þeir geti búið í húsnæði við hæfileg og viðunandi kjör. Ég hef bæði lesið það og heyrt, að æði mikill dráttur þykir hafa orðið

á þeirri athugun af hálfu félmrn., og má segja, að það sé rétt, og skal það viðurkennt af minni hálfu. Þó má geta þess, að málið er, bæði almennt sem félagsmál og einnig með tilliti til þeirra tíma, sem nú eru, ekki eins auðvelt mál og sumir vilja vera láta. Og í öðru lagi, sem er kannske ekki minna atriði, þá skortir það algerlega, að í íslenzkri löggjöf séu nokkur fullkomin fyrirmæli um viðskiptin milli leigusala og leigutaka almennt. Við höfum hins vegar ábúðarlög, sem gilt hafa hér á landi um langan tíma og hefur verið breytt ekki alls fyrir löngu. En við höfum ekki haft hér á Íslandi nokkurn tíma neina fullkomna löggjöf, sem setji reglur um sambandið á milli leigusala og leigutaka, jafnmikið þó eins og þetta samband er tíðkað og er almennt í öllum kaupstöðum landsins og nær til allt að því meiri hlutans af þjóðinni. Þess er líka að geta, að einmitt í nágrannalöndum okkar, þar sem komið hafa á stríðstímum upp svipuð vandkvæði varðandi húsaleigumál eins og hér á landi, þá hefur verið hnigið að því ráði á seinni árum, ekki aðeins að setja ákvæði um þessi mál, sem væru hæfileg og viðeigandi á óvenjulegum tímum, eins og alltaf á stríðstímum og einnig nokkurn tíma eftir að styrjöldum er lokið, jafnmikið eins og fer úr skorðum, þegar slíkir voveiflegir hlutir gerast, heldur hefur einnig á Norðurlöndum nú ekki alls fyrir löngu verið lögð í það mjög mikil vinna að semja frumvörp og afgreiða lög, sem setja nokkuð nákvæmar og æði mikið tæmandi reglur um afstöðuna milli leigusala og leigutaka. Þau húsaleigulög, sem sett hafa verið á Íslandi og einkum hafa verið bundin við heimsstyrjaldir þær, sem verið hafa á þessari öld, frá 1914 til 1918 og frá 1939 til 1945, hafa að verulegu leyti miðazt við það óeðlilega ástand, sem skapazt hefur af völdum styrjaldanna. Þannig hefur aldrei tekizt að setja á fullkomna löggjöf í landinu varðandi þetta mikilsverða atriði, sambandið og sambúðina milli leigusala og leigutaka. Mér fannst því eðlilegt, þegar þetta mál var á döfinni og þar sem búast mátti við því, — enda er það í samræmi við mína skoðun, — að ákvæði núgildandi húsaleigulaga mundu ekki verða til langframa, þó að ég vilji taka fram, að sumt í þeim, þó með breytingum, verður að vera áfram, að þá sé ástæða til að setja almenna löggjöf um þetta efni og setja þá inn bráðabirgðaákvæði í slíka löggjöf, sem gildi á meðan löggjafinn sér sér ekki fært að afnema öll þau ákvæði, er að ýmsu leyti binda húsaleiguna og vernda leigjendurna vegna vandkvæðanna í sambandi við húsnæðisvandræðin. Ég hef þess vegna fyrir alllöngu gert ráðstafanir til þess að setja þar til hæfa og fróða menn til þess að athuga þessi málefni. Vinnu þeirra er nú að mestu lokið og frv. um þetta samið. Þetta frv., sem ég vonast til, að hægt verði að leggja fyrir hæstv. Alþ. nú innan mjög skamms tíma, er mikill lagabálkur, um 90 greinar, þar sem reynt er að lögfesta reglur, nokkuð tæmandi, út af sambandinu milli leigusala og leigutaka. Er þar að verulegu leyti stuðzt við fyrirmyndar löggjöf, sem sett hefur verið á Norðurlöndum, og má segja, að Vinding Kruse, danskur prófessor, sé höfundur þeirrar löggjafar í Danmörku og hafi mótað reglurnar, sem í þeim gilda, einnig í öðrum Norðurlöndum. Það má segja, að heildarlöggjöf hafi ekki verið til um húsaleigu hér á landi, þó að í skyndi hafi verið varpað upp vegna óvenjulegs ástands húsaleigulögum í sambandi við tvær heimsstyrjaldir. Með frv. því, sem nú er samið og vænta má, að lagt verði fyrir Alþ. innan skamms, er gerð tilraun til þess að setja heildarlöggjöf um skipti leigusala og leigjenda, og er frv. sniðið eftir norrænni löggjöf um þessi efni, en miðað við íslenzka landshætti og lögfestar þjóðarvenjur, er myndazt hafa í þessum efnum á liðnum árum. Það hefur verið horfið að því ráði að setja aftan við sjálfa heildarlöggjöfina — eða ég vildi leggja það til — ákvæði til bráðabirgða, þar sem viðhaldið væri nokkru af þeim takmörkunum, sem nú gilda í húsaleigulögunum, og að þetta væri sett sem bráðabirgðaákvæði til þess að undirstrika það, að þetta sé aðeins sett til bráðabirgða, þangað til tímarnir kynnu að breytast meir til þess að vera venjulegir tímar. Það er þó gert ráð fyrir því í þessu frv., að ýmislegt af því, sem nú fellur undir húsaleigunefndir, sem skipaðar hafa verið í kaupstöðum og hafa með höndum framkvæmd húsaleigulaganna, það eigi að fara undir einn sérstakan dómstól, sem gildir fyrst og fremst fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð, en að öðru leyti hafi sveitarstjórnirnar með þessi málefni að gera og venjulegir dómarar, þó með tveimur meðdómendum, sem skipaðir séu hverju sinni. Það verður þess vegna höfuðbreyt. í sjálfu frv., sem samið er, að húsaleigunefndirnar hverfa úr sögunni. Sveitarstjórnir taka við ýmsum verkefnum, sem húsaleigunefndir hafa nú, og valdsvið þeirra til afskipta af húsnæðismálum er verulega aukið frá því, sem nú er, og er það í samræmi við það, sem annars staðar er á Norðurlöndum. Aðalverkefni húsaleigunefndar færist þá til húsaleigudóms, sem leigusalar og leigutakar geta skotið málum sínum til, og fellir hann úrskurð um ágreining í samræmi við lögin. Húsaleigudómstóll verður þó hvergi fastur dómstóll nema í Reykjavík, og fellur Hafnarfjörður undir lögsögu hans. Annars staðar er dómurinn laus, þannig að héraðsdómari dæmir um þessi mál, með tveimur meðdómendum, sem hann kveður til hverju sinni. — Á fjárlagafrv. er áætlað, að kostnaður við húsaleigunefndir sé 250 þús. kr. úr ríkissjóði, og ætla má, að þessi breyt. yrði sízt til þess að auka kostnað, heldur mætti gera ráð fyrir, að með þessu mætti draga úr kostnaði þeim, sem ríkið hefur haft í sambandi við framkvæmdir þessara mála. Það er gert ráð fyrir því í frv., að dómum húsaleigudóms megi áfrýja til hæstaréttar, öðrum en þeim, sem snerta matsatriði.

Ég hef bent á þessi höfuðatriði í frv. að þeim langa lagabálki, sem samið hefur verið um húsaleigumál, og frv. þetta er nú í prentun og er verið að rita grg. fyrir því. En það, sem ég hef fyrirhugað sem ákvæði til bráðabirgða í sambandi við frv. að slíkri heildarlöggjöf, er í fyrsta lagi það, að atvinnuhúsnæði sé ekki lengur látið vera háð þeim reglum, sem nú

gilda, heldur sé það frjálst og megi segja því upp, en þó er gert ráð fyrir því í frv., að um það gildi nokkuð sérstakar reglur, sem ég sé ekki ástæðu til að fara inn á. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að íbúðarhúsnæði sé áfram háð lögþvingaðri leigu, meðan bráðabirgðaákvæðin séu í gildi, en þetta rýmkað þannig, að einstök herbergi séu tekin undan bráðabirgðaákvæðunum og falli undir heildarlöggjöfina. Enn fremur er gert ráð fyrir, að réttur eigenda til að segja upp húsnæði vegna sjálfs sín eða ættingja sinna verði rýmkaður, þannig að þann rétt öðlizt nú þeir, sem eignazt hafa íbúð fyrir 1. jan. 1945, í staðinn fyrir að í núgildandi l. er miðað við 9. sept. 1941. Það er ætlazt til þess, að þessi bráðabirgðaákvæði gildi fyrst og fremst fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð, en þó sé sveitarstjórnum kaupstaða og kauptúna með 500 íbúum eða fleiri heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, að þau skuli einnig gilda þar. Ég get tekið fram fyrir mitt leyti, að ég hef ekki, vegna þess að málið er ekki komið lengra áleiðis, rætt um það innan ríkisstj., þó að ég hafi sagt hæstv. ráðh. frá því, að ég hafi í undirbúningi frv. að heildarlöggjöf um þessi efni. Ég get því ekki sagt um það nú, að hverju leyti öll ríkisstj. vildi að málinu standa. En ég tel rétt og líka skyldu mína að koma nú á framfæri á Alþ. frv. að almennri löggjöf um þetta efni, sem gæti orðið til frambúðar, jafnmikil vandkvæði eins og nú ríkja um reglur og skýringar á þeim um samband og sambúð milli leigusala og leigutaka.

Samkv. því, sem ég nú hef tekið fram, get ég ekki fallizt á, að öllu sé sleppt lausu í þessum húsaleigumálum, eins og þó er gert ráð fyrir í þessu frv., sem hér liggur fyrir, heldur vildi ég fyrir mitt leyti, að sett yrðu bráðabirgðaákvæði, sem héldu gildi um skeið, með nokkrum lögþvinguðum reglum út af húsaleigunni, en að undan þessum lögþvingunarákvæðum væri tekið atvinnuhúsnæði og einhleypingsherbergi og nokkur ákvæði væru sett ný um það, þegar menn eignast hús.

Ég vildi skjóta því til hv. þd. að hraða ekki afgreiðslu þessa máls, sem hér liggur fyrir, svo að hv. þd. geti ekki athugað fyrir sitt leyti það heildarlagafrv. um húsaleigumál, sem ég hygg, að unnt verði að leggja fyrir hv. d. nú alveg á næstunni. Ég teldi vera mikla nauðsyn á því og að því mikla endurbót, ef hægt væri að fá afgr. á þessu þingi heildarlöggjöf um húsaleigu eða sambandið á milli eigenda húsnæðis og leigutaka og setja um það eðlilegar og réttlátar og tæmandi reglur og halda þó um skeið nokkru af ákvæðum gömlu húsaleigulaganna, þó nokkuð breyttum, og að breyta öllu skipulagi í sambandi við húsaleigunefndir. Ég vildi mega vænta þess, þó að afgreiðsla þessa máls, sem hér liggur fyrir, hafi nokkuð dregizt hér í hv. þd., að hv. þd. teldi þó rétt að afgreiða það ekki frá sér fyrr en til athugunar Alþ. kemur það stóra frv. um húsaleigumálin, sem ég hef getið og ég hygg, að verði lagt fyrir hv. d. nú alveg á næstunni.

Forseti (StgrSt): Hér hefur verið útbýtt brtt. á þskj. 451, sem þarf að leita afbrigða fyrir.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ef hv. 3. minni hl. hefur kvatt sér hljóðs, þá sýnist mér rétt, að ég biði með mína ræðu, þangað til hann hefur gert grein fyrir máli sínu.

Frsm. 3. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram brtt. við þetta frv. og get um ástæður fyrir þeim að mestu leyti vísað til þess nál., sem ég hef skrifað um málið. Ég skal viðurkenna, að þessar till. og nál. er nokkuð síðbúið hjá okkur í meiri hl. n. Þó að við að vísu, þegar við skrifuðum nál., ættum ekki samleið og komum nú sem annar og þriðji minni hl. n. með málið fyrir hv. d., þá var það sameiginlegt fyrir okkur, að við vildum ekki fallast á frv. óbreytt, eins og það liggur fyrir.

Hæstv. forsrh. hefur nú gert grein fyrir því, að hann hafi haft í undirbúningi sérstakt frv. um þetta mál. Og bar það á góma í n. af minni hálfu, hvort ekki væri rétt að setja allsherjarlöggjöf um þetta efni, því að, eins og hæstv. ráðh. tók réttilega fram, þá hafa ekki verið í okkar löggjöf nein ákvæði, er lúta að réttindum eigenda húsa og leigutaka, og stafar það vitaskuld af því, að það er tiltölulega stutt síðan verulega hefur kveðið að því, að menn hafi þurft á slíku að halda. Kaupstaðir og kauptún eru svo ung í okkar þjóðfélagi og svo fámennir staðir kauptúnin víða, að til skamms tíma höfðu lagaákvæði um þetta ekki mikla þörf. En eins og nú er komið um atvinnuháttu þjóðarinnar, þá er löggjöf um þessi mál orðin óhjákvæmileg. Mér þykir því mjög vænt um að heyra, að hæstv. ráðh. skuli nú hafa haft þetta mál í undirbúningi og að það er von á frv. um þetta mjög fljótt fyrir þingið. Ég býst við, að n. hefði ekki unnizt tími til undirbúnings slíkrar löggjafar á þessu þingi, þannig að það hefði verið hægt að ganga frá löggjöf um þetta efni á þann veg, og þess vegna hefði orðið aðeins að gera einhverjar lagfæringar á eldri lögum um þetta eða þá sama sem að afnema hana, eins og þetta frv., sem hér liggur fyrir, stefnir óneitanlega að, þótt nokkur frestur sé gefinn um sum ákvæði laganna samkv. frv. Ég get fullkomlega viðurkennt og hef kynnzt því nokkuð, að þessi lög hafa undir vissum kringumstæðum verið ósanngjörn í garð húseigenda og að þeir hafa haft undir vissum kringumstæðum of lítil ráð á þessum eignum sínum. Hygg ég, að svo sé ekki hvað sízt, þegar samskipti leigutaka og leigusala hafa verið með öðrum hætti en vera ætti, og fer ég ekkert út í það, hverjir hafa í hverju einstöku tilfelli átt höfuðsökina. En það er ekki hægt annað en að viðurkenna, að af hálfu leigutaka hefur stundum stórkostlega skort á um sambúðarhæfni við eigendur húsa, eða eins og stundum mun hafa átt sér stað, að kjör þau, sem húseigandi hefur átt við að búa um leigumála fyrir þessa eign sína, hafa gersamlega verið óviðunandi og honum máske af þeim ástæðum verið alveg um megn að halda við eign sinni. Og þá er þetta náttúrlega með öðrum hætti en fært

er, og þar misskipt rétti manna, og það getur ekki, þegar til lengdar lætur, verið neinum til góðs að halda slíku ástandi. En þó að þessi atvik séu til á ýmsum stöðum eða slík dæmi, þá er eigi að síður þessi lagasetning það þýðingarmikil fyrir leigjendur, að eins og ástatt er enn um húsnæði, ekki síst hér í Reykjavík, þá hygg ég, að það sé rétt, sem fram hefur komið, bæði hjá húsaleigunefnd hér í bænum fyrr og síðar og líka kemur fram í bréfi stjórnar Leigjendafélagsins, að það mundi geta valdið hinu mesta öngþveiti og vandræðum hjá fólki, ef húsaleigulöggjöfin væri mjög skjótt afnumin og ekkert kæmi í hennar stað.

Því ber ekki að neita, að þrátt fyrir húsaleigulöggjöfina, sem verið hefur, þá hygg ég, að mörgum barnafjölskyldum í bæjum hafi reynzt mjög erfitt að fá þak yfir höfuðið, svo að viðunandi væri. Með því að eiga tal við menn um þetta mál hefur maður orðið þess mjög var, að svo virðist sem nokkur tregða sé á því hjá þeim, sem leigja húsnæði, að leigja barnafjölskyldum og margir séu, sem beinlínis hafi gert það að skilyrði fyrir því að fá leigt húsnæði, að börn væru ekki í húsnæðinu. Það má nú vel vera, að það kunni að vera undir sumum kringumstæðum nokkuð óðruvísi umgengni í húsum, þar sem litlu börnin eru. En þó efast ég um, að þar sé meiri munur á eða meir áfátt en hjá einhleypu fólki og umgengnisvenjum þess, þannig að það sé engan veginn allt fengið með því, þó að það séu ekki barnafjölskyldur, sem fá húsnæði á leigu. Og þó að sjálfsagt mönnum beri skylda til að líta á nauðsyn hvers þegns í þessu máli sem öðrum, einmitt hvað húsnæði snertir, þá hygg ég þó, að brýnust sé nauðsynin og mest skyldan að reyna með lagasetningu að sjá einmitt fjölskyldufólki, börnunum, fyrir húsnæði.

Ég ætla stuttlega að fara út í þessar brtt. mínar. Ég vil vona, að hv. þdm. við það að lesa þær og bera efni þeirra saman við ákvæði laganna eða frv. geti fljótt séð, hverju lagt er til, að breytt verði. Ég hef leitazt við að ganga nokkuð til móts við húseigendur í þessu máli, svo að rýmkuð sé aðstaða þeirra um ráð yfir húsum sínum. Að því lúta till. um, að einstaklingsherbergi innan stundar verði laus undan ákvæðum húsaleigulaga, og sömuleiðis till. um húsnæði til atvinnurekstrar. En jafnframt því, sem ég hef reynt að mæta óskum þeirra, þá hef ég líka haft í huga nauðsyn leigjendanna, og lúta að því þau ákvæði brtt. minna, að fjölskyldufólk eða menn, sem hafa á framfæri þrjú börn eða fleiri innan sextán ára aldurs, skuli ganga fyrir um íbúðarhúsnæði. Enn fremur eru svo í þessum brtt. ákvæði, sem tiltaka, að eftir rúmtaki húsa, gólffleti og rúmi að nokkru leyti sé sett hámark á leiguna, 7 kr. á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarinnar, ef veggháeð íbúðarinnar er 2,5 metrar eða meiri, en annars sé leigan nokkru minni, sem því nemur, sem hæð íbúðarinnar er minni. Ég treysti mér ekki til, þó að ég gefi einmitt þessar tölur, að dæma um það, hvort ég með þessu hef hitt á þann mælikvarða, sem sanngjarnastur er. Ég hygg, að það geti staðið mismunandi á um húsnæði einmitt gagnvart slíkri ákvörðun og því sé illt að finna nokkra tölu, sem geti verið hin eina rétta undir öllum kringumstæðum. En samkvæmt því, sem hér hefur gerzt, og með hliðsjón af því, sem hefur tíðkazt hjá öðrum þjóðum um þetta efni, hygg ég, að þessi uppástunga mín fari ekki fjarri öllu lagi. Ég vil geta þess, að í sambandi við þessa ákvörðun, rúm húsnæðis, ætlast ég til, að farið sé eftir þeirri reglu, sem húsaleigun. hér í Rvík hefur haft í sínu starfi við ákvörðun leigu á íbúðarhúsnæði.

Samkv. brtt. minum undir g-lið er ætlazt til, að ýmis ákvæði l. fari úr gildi smátt og smátt, og fer ég ekki nánar út í að rekja það, því að það sér hver maður með því að lesa brtt. En hvenær húsaleigul. ganga endanlega úr gildi, það vil ég leggja á vald bæjarstjórna eða sveitarstjórna eftir því, hvor þeirra á hlut að máli. Mér finnst ekki nema rétt og sjálfsagt, að einmitt þau stjórnarvöld hafi á hendi slíkar ákvarðanir, þar sem þau eiga að vera, hver á sínum stað, langkunnugust högum fólksins hvað þessi mál snertir og hafa miklu meiri kunnugleika á þessu máli en alþm., sem koma víðs vegar að og geta ekki haft annað við að styðjast í sínum ákvörðunum en umsagnir og álit frá ýmsum félagssamtökum eða einstökum mönnum. Hins vegar hafa stjórnarvöld bæja og sveita næga kunnugleika gegnum sitt starf, hver hjá sér, til þess að geta ákvarðað, hvað rétt er að gera í þessu máli. Ég vil einmitt mega vænta þess, að þegar þeim er afhent slíkt vald í slíku máli sem þessu, vandi þau svo ráð sitt, að ekki sé nein hætta á, að þau taki ákvarðanir, sem væru til skaðsemda fyrir þegnana, enda væri þá illa með þau umboð farið, ef þeim mönnum, sem hefðu slík málefni fólksins með höndum, væri ekki betur til þess trúandi að komast að réttri niðurstöðu sakir kunnugleika síns en mönnum úr fjarlægum héruðum, sem ekki eru hér í bænum nema meðan þingið starfar.

Aðrar brtt., sem ég legg til, að gerðar verði á núgildandi löggjöf, hirði ég ekki um að fara að rekja. Þær eru mjög auðskildar þeim, sem hafa kynnt sér efni l. og lesið till., svo að það að fara að rekja þetta nánar væri ekki annað en endurtekning á því, sem hver þm. getur sagt sér sjálfur.

Ég vil nú vona, að hv. flm. þessa máls, hv. 5. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykv., geti fyrir sitt leyti fallizt á þessar till. mínar. Ég ætla, að það væri ekki lítil bót ráðin á l. einmitt frá þeirra sjónarmiði, en að þess sé betur gætt hvað leigjendur í bæjum snertir með brtt. minum en með þeirra frv., því að ég get ekki betur séð eftir þeirra frv. en að innan stuttrar stundar svífi þeir í lausu lofti og hafi litla leiguvernd um sín málefni, hvernig sem takast kynni til við þá miklu breytingu, sem hlyti að verða við afnám l., sé það gert nú í skyndi.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Þó að langt sé um liðið síðan ég mælti fyrir þessu frv., skal ég ekki endurtaka mikið af því. Ég vil hins vegar fara nokkrum orðum um till. þær, sem fram hafa komið frá þeim minni hl., sem í allshn. hafa fjallað um þetta mál. Ég mun að sjálfsögðu byrja á þeim, sem fyrst skilaði áliti,

og get ég tjáð þeim minni hl. þakkir okkar flm. fyrir undirtektir þeirra undir frv. Að vissu leyti get ég sagt það sama um 3. minni hl., sem er að verulegu leyti á sömu línu og flm., en aðalágreiningurinn er að sjálfsögðu við hv. 2. minni hl.

Ég vil taka fram strax sem eins konar formála og vitna þar í ummæli mín við framsögu málsins í upphafi, að afstaða okkar flm. hefur ekki skapazt af neinum þvergirðingi, heldur er hún afleiðing af því, að ekki náðist samkomulag um þetta mál, þannig að þessum ummælum hv. frsm. 2. minni hl., sem hníga í þá átt, að fyrir okkur vaki ekkert annað en afnám l., en ekki samkomulag, þeim vil ég algerlega mótmæla, og í raun og veru mælir á móti þeim sjálf aðferð okkar við málið, því að ég beiddist þess í fyrsta lagi og vann að því með öðrum mönnum, sem forsrh. hefur falið athugun málsins, að reynt yrði að fá eitthvert samkomulag um þetta mál, og leit vel út í bili, eins og ég raunar áður hef tekið fram. Og allir þeir frestir og öll sú bið, sem með okkar leyfi hefur verið viðhöfð í þessu máli, hefur einmitt verið til þess að leita að samkomulagsgrundvelli. Ummæli hv. frsm. 2. minni hl. um það, að fyrir okkur hafi ekki vakað neitt annað en ýtrustu línur, afnám húsaleigulaganna, eru þess vegna algerð ósannindi. — Ég get vitnað í þau ummæli mín, að húsaleigul. voru ekki í eðli sínu óeðlileg, þegar þau voru sett. Það var þá þannig ástatt hér í landi, að nauðsyn bar til að leggja höft á marga hluti, sem á venjulegum tímum er æskilegt að hafa algerlega frjálsa. Þar á meðal var lagt eða átti að leggja hámarksverð á sem flestar nauðsynjar manna til þess að koma í veg fyrir, að eftirspurnin skapaði óeðlilegt verðlag. Þetta hefur farið ákaflega mikið í handaskolum hjá þessum mönnum, sem þetta áttu að gera, sem stafar að nokkru leyti af því, að menn hafa dregið sig nokkuð í flokka eftir stéttum og sumar stéttir notuðu sér forréttindin og verðlögðu sjálfar það, sem þær höfðu til sölu, en aðrar stéttir bældust undir í þessum efnum. Það er þess vegna frá mínu sjónarmiði ekkert óeðlilegt, þó að sett væri hámarksverð á húsnæði, og það mætti ekki mikilli mótspyrnu hér á Alþingi. En húsaleigul. gengu miklu lengra. Þau lögðu ekki aðeins verðlag á húsnæði, heldur tóku þau að verulegu leyti umráðaréttinn af eigendunum, og það er náttúrlega allt annað mál. Einmitt þetta atriði hefur, þó að nokkur vafi kunni að hafa verið á því í byrjun, í reyndinni sýnt sig að hafa valdið mjög miklum og óviðunandi vandræðum í sambúð manna, og stafar það einmitt af því, að þessi höft eru mjög óeðlileg. Hins vegar er ekki því að neita, að einmitt það vald, sem skapað hefur verið hér til þess að meta húsaleiguna, hefur ekki aðeins stutt, heldur valdið því, sem helzt má kalla húsaleiguokur hér í Rvík að minnsta kosti. Hin svokallaða húsaleigunefnd hefur lagt hér svo rangt mat á húsnæði, að engan mann hafði dreymt um slíkt, og ég held, að það sé ekki beinlínis fallið til þess að halda slíku niðri að halda við valdi því, sem húsaleigunefnd hefur í þessum efnum. Ég fór nokkuð inn á þetta í framsöguræðu minni og bar saman nokkur atriði, sem standa enn óhögguð.

Hv. frsm. 2. minni hl. batt sig í raun og veru við þau rök, sem eru hér í nál. á þskj. 449, og það eru dálítið einkennileg rök. Sjálfur nefndarhlutinn segir ekkert um þetta mál. Hann hefur aflað sér umsagna tveggja félaga í bænum, þ. e. Fasteignaeigendafélagsins og Leigjendafélagsins, og vitnar hann í rök leigjendafélagsins og gerir þau að sínum rökum. Þar með er hans rökum lokið. Ég hefði nú gaman af því, ef einhverjir hefðu verið hér viðlátnir af þm., að lesa nú þessi rök og athuga þau. Hér er nú orðið svo mikið moldviðri af þingskjölum, að þm. eru kannske orðnir dálítið galsafengnir af því að lesa hvert einasta plagg í gegn. — Rök Leigjendafélagsins, sem hv. frsm. 2. minni hl. gerði að sínum rökum, eru í fyrsta lagi þau, að húsaleigunefnd hefði verið sett til þess að sporna við vaxandi verðbólgu, í öðru lagi við vaxandi húsnæðisskorti og draga úr óeðlilegum flutningi fólks til kaupstaðanna, t. d. Rvíkur, þetta hafi verið aðaltilgangur laganna. Ég vildi segja, að tilgangurinn hefði einmitt verið sá að sporna við óeðlilega hárri húsaleigu. En nú er að líta á, hvernig þetta hefur tekizt. Leigjendafélagið segir, að öll þessi rök séu enn fyrir hendi, og það virðist hv. frsm. 2. minni hl. álíta, að sé. En hvernig er þessu varið? Á að sporna við vaxandi verðbólgu? Hvaða áhrif hefur húsaleigan á verðbólguna nú? Það veit hver maður, að fyrir a. m. k. 3 árum voru ¾ hlutar leigjenda komnir undan húsaleigul. og margir þeirra undir húsaleigu, sem við ýmsir mundum hafa talið fullkomið okur og húsaleigun. hefur metið. En síðan hefur orðið mikil breyting á þessu. Að vísu hefur það ekki verið rannsakað til hlítar, en ýmsir menn, sem hafa reynt að athuga þetta mál, telja, að af leigjendum muni ekki vera undir húsaleigul. nema ⅛, og sér þá hver maður, hvaða áhrif það hefur á dýrtíðarmálin í landinu, hvort þessi ⅛ eða ⅛ er undir áhrifum húsaleigunefndar. Húsaleigan er m. ö. o. gífurlega há, og með viðhaldi húsaleigul. verður þar engu um þokað, en þó mætti kannske bæta um með einu atriði í áliti hv. 2. minni hl., þ. e. að rétt væri að meta húsnæðið fyrir fram eftir alveg föstum reglum og eins í nýjum húsum. En svona er með þetta fyrsta atriði, sem hv. 2. minni hl. reynir að halda sér uppi á. Það er í rauninni liðið undir lok, að það geti haft áhrif á dýrtíðina í landinu, hvort þessi litli hluti leigjenda, sem enn er undir húsaleigul., verður það áfram eða ekki.

Þá segir í öðru lagi í þessu áliti félagsins, að það eigi að sporna við vaxandi húsnæðisskorti. Ég hefði haft gaman af að heyra, ef frsm. hefði verið hér viðstaddur, hvort hann hefði viljað reyna að færa fram einhver rök fyrir því, hvort það komi í veg fyrir húsnæðisskort að viðhalda húsaleigul. Á hverju byggja þessir menn það? Halda þeir, að húsnæði mundi minnka í bæjunum, þó að húsaleigul. væru afnumin? Hafa húsaleigul. fjölgað húsum í bænum, og mundu þau gera það? Þetta er alger hugsunarvilla. Ég get þvert á móti fært nokkur rök að því, að afnám húsaleigul. mundi fremur auka leiguhúsnæðið, því að það er engum vafa bundið, að haldið er talsverðu af húsnæði utan við leigu,

sem eigendur þurfa ekki beinlínis að nota, því að þeir vilja ekki hlíta húsaleigul. um leiguna.

Þriðja atriðið, sem hv. frsm. 2. minni hl. gerði að sínum rökum — og þar með er eiginlega lokið hans rökum —, er það, að húsaleigul. mundu draga úr óeðlilegum flutningi fólks til kaupstaðanna, einkum til Rvíkur. Mig undrar nokkuð, að þetta félag skuli færa fram slík rök, en enn þá meir, að hv. frsm. 2. minni hl. skuli gera þetta að sínum rökum. Það hefur verið sýnt fram á það hér, það liggur fyrir Alþ., að húsaleigunefnd hefur alls ekki notað ákvæði húsaleigul. til þess að sporna við flutningi fólks til bæjanna. Það hefur verið birt um það skýrsla, og getur hver gengið úr skugga um það, sem vill, t. d. hjá manntalinu. Þegar athugað er t. d. manntalið í Rvík til ársloka 1945, kemur í ljós, að frá því að húsaleigul. voru sett og fram til ársins 1945 fluttust til Rvíkur 8 þúsund manns. Hvað halda menn, að margir hafi flutzt til Rvíkur síðan? Og svo leyfir hv. frsm. 2. minni hl. sér að byggja mótmæli sín gegn þessu frv. okkar á því, að húsaleigul. muni hefta aðstreymið til Rvíkur. Það er svo, að það hefur ekki einu sinni verið reynt að beita þessu ákvæði l., enda streymir fólkið hingað í stríðum straumum. Að bera fram slík rök í áliti 2. minni hl. er — ja, næstum því móðgun gagnvart þd., því að þetta er svo mikil fjarstæða, þar sem fyrir liggur opinber skýrsla um þetta vandræðaástand. — Ég get ekki stillt mig um að geta um það í þessu sambandi, að það er fullkominn sannleikur, að hefði húsaleigul. verið framfylgt í þessu efni af húsaleigun., væri engin húsnæðisekla hér í Rvík og engin óhæfileg sala á húsnæði. Ef húsaleigunefnd hefði haldið þessu fólki frá Rvík, — ég skal ekki segja, hvort það hefði verið hægt eða auðvelt, en það var þó tilgangur l., — ef hún hefði framkvæmt l. að þessu leyti, væri ekki hér til neinn húsnæðisskortur né húsaleiguokur.

Já, hv. frsm. 2. minni hl. talaði um það, að alltaf hefðu einhverjir orðið til þess að ganga erinda húseigenda hér á þingi, og fór svo að lesa úr áliti frá Fasteignaeigendafélaginu, sem ég veit ekki betur en að hann sjálfur og samherjar hans hafi pantað, og fór að skora á okkur flm. að bera af okkur, að það væri með okkar vilja, að húsaleiguokur er látið viðgangast. Ég veit ekki, hvað maðurinn er að fara. Hvað kemur það okkur við, hvort hann eða einhver n. aflar sér álits frá einhverjum? Hvað kemur það okkur við? Það getur verið, að einhverjir hafi gengið erinda húseigenda á þingi. En ég get bara sagt það, að ég er svo gamaldags, að ég er sífellt að líta á mál og athuga, jafnvel löngu eftir að þau hafa verið samþ., hvað er rétt og hvað er rangt. Það er á þessari samkomu ekki svo lítið af mönnum, sem meta málin yfirleitt til atkvæða. Ég hef ekki skipt mér af þessu máli til annars en að vita, hvað er heppilegast fyrir þjóðfélagið.

Ég þarf náttúrlega ekki að svara fyrir frsm. hv. 1. minni hl. En af því að frsm. þess minni hl. er ekki við, skal ég aðeins minna á það, að meðnm. hans, hv. frsm. 2. minni hl., sagði með áherzlu, að þessi minni hl. hefði ekki fengizt til þess að bíða eftir því, að fram kæmi frv. frá forsrh. Nú er það vitað, að þetta mál er ekki mjög ungt, komið á fjórða mánuð, og var komið á fjórða mánuð hér í þinginu áður en hv. 2. minni hl. fékk þá skoðun á því, að hann gæti ungað út nál. Ég veit ekki, hvort það er beinlínis ámælisvert fyrir hv. 1. minni hl., þó að hann á endanum yrði þreyttur á biðinni og kæmi með nál., allra sízt þegar flm. voru farnir að ganga eftir því með fullum rökum og forseti beinlínis farinn að ýta undir það, að nál. yrði skilað. Það er óþarft að taka fram, að ekki hefur verið sýnd nein óþolinmæði í þessu máli, hver fresturinn veittur af öðrum og reyndar allar hugsanlegar leiðir til samkomulags. Að öðru leyti get ég í þessu sambandi vísað til þess, sem ég sagði utan dagskrár í gær. Gerði ég allt, sem ég gat til þess, að við gætum fylgzt að og gaf frest. Sendi ég álitsgerð mína svo til ráðherra, en lagði málið ekki fyrir þingið. Beið ég svo lengi eftir því, að hæstv. ráðh. tæki ákvörðun sjálfur um mínar till., en hann sagði mér, að hann væri að láta semja nýtt frv. Beið ég svo enn, þar til ég tjáði honum, að ég gæti ekki forsvarað öllu lengur að leggja ekki málið fyrir Alþ., en þá bað hann um vikufrest, sem ég veitti. Að viku liðinni bað hæstv. ráðh. enn um frest og fékk hálfan mánuð, en ekki kom frv. hans. Sagði ég honum þá, að þar sem sama n. mundi fá frv. okkar beggja til meðferðar, sæi ég ekki ástæðu til að fresta lengur flutningi míns frv., og sætti hæstv. ráðh. sig við það, og þá lagði ég ásamt hv. 3. þm. Reykv. frv. fyrir þingið. Þetta sýnir, að við flm. höfum ekki sýnt neitt óðagot eða ofstæki í flutningi málsins. Það er líka liðið nokkuð á þriðja ár síðan Alþ. fyrirskipaði endurskoðun á þessum málum, og nú eru liðnir um þrír mánuðir síðan frv. var lagt fram.

Ég þarf ekki mörg orð til þess að svara ræðu hæstv. forsrh. Hann vitnaði í frv., sem hann sagðist vera að láta semja og ætlaði að impónera hv. þm. með því, hve stórfenglegt þetta frv. væri, í 90 greinum, að því er hann sagði. Við þekkjum allir, hvernig það gengur til, þegar hv. Alþfl. lætur semja frv. Nýlega er upplýst, að kostnaðurinn við að semja lítilfjörlegt frv., sem Alþfl. stendur að, hafi verið 57 þús. kr., en óvíst er, hvort lítið hefur verið á þetta frv. síðan því var lokið, og ég mun ekki furða mig á því, þótt þetta 90 greina frv. hæstv. forsrh. verði lengi á leiðinni, og heldur mun ég ekki undrast, þegar ég sé reikninginn yfir kostnaðinn við samningu þess. Að öðru leyti sé ég ekki, hvað það frv. kemur þessu máli við. Það er frv. til l. um sambúð leigjenda og leigusala, en hér er um allt annað að ræða, sem sé umráðarétt yfir húsnæði og verðlag á því, og verð ég að segja, að jafngreindur maður og hæstv. forsrh. hlýtur að sjá muninn á þessu tvennu. Og raunar er frv. hæstv. forsrh. ekkert annað en hleðsla í veginn fyrir það mál, sem hér er til umr. Það á að tefja þetta mál með þeirri tylliástæðu, að verið sé að semja annað frv. um sama efni, en ég hef nú sýnt fram á, að það fjallar um allt annað. Hæstv. forsrh. taldi, að framkvæmd hins nýja frv. mundi ekki kosta meira en húsaleigulögin kosta nú. En það er einmitt þessi kostnaður, sem við flm. viljum

afnema, kostnaður, sem er hvorki meiri né minni en á þriðja hundrað þús. kr., en mér skildist á hæstv. ráðh., að hann væri bara ánægður með, að kostnaðurinn skyldi þó ekki vera meiri. En skv. hinu nýboðaða frv. hæstv. ráðh. verða sett upp dýr embætti, en það er ekki það, sem við þurfum á að halda, heldur hitt, að færa kostnaðinn niður. — Skal ég svo ekki ræða meira um þetta atriði á þessu stigi. Umr. mun ekki verða lokið á þessum fundi, og kemur málið þá ekki til atkv. fyrr en eftir helgi, en áður en ég lýk máli mínu, vil ég taka fram, að ég tel alveg augljóst, að þetta frv. þurfi ekki að bíða eftir frv. hæstv. forsrh.

Um brtt. frá hv. 3. minni hl. n. væri ástæða til að ræða, því að þær eru að mörgu leyti merkilegar, og ef þær hefðu komið fyrr fram, þá hefði getað verið samkomulagsgrundvöllur milli okkar flm. og hv. 3. minni hl., og er raunar að mínu áliti engan veginn útilokað, að svo sé enn. Ég hef því miður ekki getað athugað þessar brtt. sem skyldi, af því að þær eru svo seint fram komnar, en mun ræða þær nánar síðar, en svo að á fátt eitt sé drepið, þá er í e-lið þeirra komið inn á merkilegt atriði, en það er að meta alla húsaleigu eftir gæðum, og er það auðvitað hið rétta að meta hvern hlut eftir gæðum, ekki eftir því, hvað það hefur kostað eigandann að afla hans. Þessu hefur áður verið hreyft, og á þetta get ég vel fallizt. Ég skal svo ekki á þessu stigi dæma um það, hvort rétt er það verð á húsnæði, sem gert er ráð fyrir í brtt. hv. 3. minni hl., en því verður ekki neitað, að það er rétt að meta leiguna eftir stærð og gæðum húsnæðisins, en ekki eftir því, hvernig eigandinn hefur fengið það. Ég vil svo að lokum geta þess og viðurkenna það, að í g-lið er hv. 3. minni hl. kominn inn á sama efni og við um að láta húsaleigulögin hverfa úr gildi, þó að hæfilegur tími sé látinn líða, svo að síður valdi röskun, og þótt það sé lagt á vald sveitarstjórna, hvort lögin skuli afnumin, þá ber hér ekki mikið á milli, þar sem munar því, hvort lögin falli úr gildi árinu fyrr eða seinna. Síðar mun ég svo ræða þessar brtt. lið fyrir lið, eftir að mér hefur unnizt tími til að athuga þær betur.

Umr. frestað.

Á 80. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér finnst rétt í sambandi við þetta mál að athuga ofurlítið forsendurnar hjá báðum aðilum málsins, sem nú hefur orðið ágreiningur um í allshn.

Raunverulega bregður þetta mál nokkru ljósi yfir stjórnmálaástandið hjá okkur. Það er engum vafa undirorpið, að það var mjög almennt gengið út frá því í upphafi, þegar þessi lög voru sett, að þau væru fyrst og fremst stríðsfyrirbrigði, en síðan yrði strax hægt að lina á þeim eða afnema þau. Það ber enginn á móti því, að ýmsir hafa orðið hart úti vegna þessara laga, þótt nauðsynleg séu. Það er því engin tilviljun, að húseigendur vilja lina á þeim, ekki sízt með skírskotun til ákveðins loforðs, er núverandi ríkisstj. gaf, er hún kom til valda, um, að húsnæðisskortinum skyldi útrýmt. Hins vegar kemur og mjög skýrt fram hjá 2. minni hl. allshn., að leigjendur eru mjög ákveðið á móti afnámi laganna, og er sýnt fram á, að það mundi hafa ákaflega slæm áhrif fyrir fjölda leigjenda, koma þeim beinlínis á vonarvöl. Og vissulega verður að segja, að leigjendur dæmi út frá því ástandi, sem nú ríkir í þjóðfélaginu. Það er svo langt frá því, að húsnæðisskortinum hafi verið útrýmt, að hann er þvert á móti ákaflega sár. Fjöldi manns hefst við eða býr í húsnæði, sem beinlínis er bannað að búa í og talið heilsuspillandi. Og hvers vegna er þetta ástand svona? Það er að vissu leyti eðlilegt, að húseigendur komi með sínar kröfur. Þeir byggja þær einfaldlega á loforðum þessarar ríkisstj., og þessir tveir þm. Sjálfstæðisfl. ættu fyrst og fremst að spyrja stjórn sína, hvað hún hafi staðið við af þessum loforðum. Og afstaða leigjenda er ákaflega skiljanleg. Þeir byggja á ástandinu eins og það er, þeir verða að standa andspænis þeim napra sannleika, að loforð stj. hafa ekki verið efnd. Þessu máli, lausn húsnæðisvandræðanna, var slegið upp öllum málum meira, er þessi ríkisstj. tók við völdum. Af hálfu Alþfl. var það beinlínis boðað, að hér eftir þyrftu menn engu að kvíða í þessum efnum. En það hefur e. t. v. gleymzt eitthvað af því, sem þá var sagt. Ég skal lesa hérna fyrirsögn úr Alþýðublaðinu 6. febr. 1947, með leyfi hæstv. forseta. Þessi fyrirsögn nær yfir þvera síðu blaðsins, og er með þeim allra stærstu fyrirsögnum, sem sézt hafa í blaðinu. Þar er stefnu ríkisstj. lýst þannig: „Áframhaldandi nýsköpun, atvinna og velmegun á grundvelli fyrir fram saminnar áætlunar. Útrýming húsnæðisskorts og heilsuspillandi íbúða um land allt.“ Og svo, eftir þessar hátíðlegu yfirlýsingar og auglýsingar er sérstaklega útmálað, að ráðast eigi í stórfelldar byggingaframkvæmdir um land allt, í sveitunum líka. Og nú hafa Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. stutt ríkisstj. í tvö ár, sem ekki hefur framkvæmt neitt af yfirlýstum stefnumálum sínum, heldur þvert á móti. Þeir, sem trúðu loforðum ríkisstj., verða nú að gera sér — og gera sér — ljóst og gera upp við hana, hvernig hún hefur staðið í stykkinu. Hvað hefur hún t. d. gert til að útrýma heilsuspillandi íbúðum og íbúðarhúsnæði? Alþfl., sem sló þessu loforði mest upp og taldi höfuðatriði að koma í framkvæmd, hann hefur byrjað á því að banna íbúðarhúsabyggingar. Slíkt bann hefur aldrei tíðkazt hér á landi, ekki einu sinni á dögum dönsku einokunarinnar. Venjulega hefur fátæktin verið nóg til að hindra byggingu íbúðarhúsa, þó að ekki bætist bann skriffinnskunnar þar ofan á. En þessi ríkisstj. fer aðra leið. Hún setur á fót nefndabákn, sem eykst með hverju ári og er bæði dýrt og erfitt í vöfum, til þess að banna mönnum að byggja yfir sig, og formaður þess stærir sig meira að segja af því, að nú hafi tekizt að draga úr byggingum íbúðarhúsa. Þetta eru framkvæmdir ríkisstj. til útrýmingar húsnæðisskortinum. En ef þetta net skriffinnskunnar skyldi nú samt sem áður ekki

nægja og einhver skyldi fljóta í gegn og fá fjárfestingarleyfi, þá bætist bankavaldið við til hindrunar. En þrátt fyrir það þótt bankavaldið hafi haft í frammi alls konar neitanir á lánsfé til bygginga á íbúðarhúsum, þá hefur aldrei heyrzt hljóð frá hæstv. ríkisstj. um það, að þetta væri móti stefnu hennar. Þeim, sem flutu gegn, áttu lögin að sjá fyrir. Með þessu var Íslendingum gert mjög erfitt með að byggja yfir sig, en á sama tíma voru aðrir menn hér á landi, sem ekki þurftu að sækja um leyfi og byggðu í banni íslenzkra laga, og á ég þar við Bandarikjamenn á Keflavíkurflugvellinum. Þeir hafa flutt inn byggingarefni og byggt eins og þeim hefur þóknazt, án þess að ríkisstj. hafi nokkuð skipt sér af því.

Nú skyldi maður halda, að fyrsta stjórn Alþfl. hefði reynt að sjá um, að lögin frá dögum nýsköpunarstj. um útrýmingu á heilsuspillandi íbúðum hefðu verið framkvæmd og síðan aukin og endurbætt eftir því, sem aðstæður leyfðu. En það er nú eitthvað annað. Sjálf ríkisstj. hefur lagt til að fresta framkvæmd laganna. Ríkisstj. hefur í verkinu afnumið þessi lög, sem uppáleggja ríkisstj. að styðja bæjarfélögin við útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Þau bæjarfélög, sem voru að hefjast handa í þessum efnum, fengu þá kveðju frá ríkisstj., að þau yrðu svikin um þann styrk, sem þau áttu rétt til lögum samkvæmt. Þetta var aðferð Alþfl. við framkvæmd þeirra mála, sem Alþýðublaðið sló svo um sig með. Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. samþ. frv. ríkisstj. Svo koma nú tveir af stuðningsmönnum ríkisstj. og segja: „Við viljum afnema húsaleigulögin" — og færa fram ýmiss konar réttmæt rök máli sínu til stuðnings, en byggð á forsendum, sem þeir hafa sjálfir eyðilagt. Þetta hefði verið raunhæft, ef ríkisstj. hefði staðið við loforð sitt um útrýmingu á húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, og þá hefði ég verið samþykkur því að gefa þetta frjálst, en þegar flokkarnir þrír taka höndum saman um að banna mönnum að byggja yfir sig og banna framkvæmd laga, sem miða að útrýmingu heilsuspillandi íbúða, þá skil ég ekki, hvernig þessir fylgismenn ríkisstj. halda, að hægt sé að afnema húsaleigulögin. Hv. flm. ættu að byrja á því að snúa sér til ríkisstj. og gera upp við hana og segja Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur og öðrum, sem hlut eiga að máli, að gera upp við ríkisstj. Hvað eru menn að gera með að kjósa Sjálfstfl., sem styður Alþýðuflokksstjórnina, sem bannar útrýmingu heilsuspillandi íbúða, og vill svo afnema húsaleigulögin? Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða. Það er eðlilegt, að húseigendur séu óánægðir, þar sem frelsi þeirra er stórlega skert, og það er líka von, að leigjendur vilji ekki afnám laganna. En hefur Sjálfstfl. stuðlað að auknu frelsi í landinu, þannig að hann geti gert kröfur í þeim efnum. Nei, þvert á móti hefur hann lagt á húseigendur og aðra landsmenn þyngri fjötra en nokkru sinni áður. Það hefur verið dregið úr byggingum, og meira að segja hefur formaður fjárhagsráðs hælt sér af því að hafa dregið úr slíkum framkvæmdum. Það verður að vera svolítið samræmi milli orða og gerða, því að meðan svo er ekki, er erfitt að taka þetta öðruvísi en sem sýningarleik. Samræmið er samt ekki meira en það, að þessir menn vilja setja lög á einu þingi og afnema þau á öðru. Auðvitað væri æskilegast að veita mönnum frelsi á þessu sviði og að fólk mætti byggja yfir sig, þegar því sýndist, en menn verða þá að vera frjálsir að semja um kaup og kjör, án þess að ríkisstj. setji nokkur kúgunarlög. Og ef stjórnarflokkarnir ætla að afnema húsaleigulögin, þá verða þeir að afnema kaupgjaldsbindinguna og sjá um, að ríkið standi við lög sín. Það er til lítils að ræða um og setja lög, ef þau eiga aðeins að vera til á pappírnum og vald utan þingsins getur hindrað framkvæmd þeirra. Til þess að lögin um verkamannabústaði, samvinnubyggingar og útrýmingu heilsuspillandi íbúða komist í framkvæmd, þarf aðstoð bankavaldsins, að það vilji veita byggingarlán til langs tíma og gegn lágum vöxtum. Þetta er jafnnauðsynlegt og lögin, því að án þess verða öll lög aðeins til á pappírnum. Hins vegar er vitað, að bankavaldið hefur á síðari árum komið í veg fyrir framkvæmd þessara laga, en því fer fjarri, að ríkisstj. hafi reynt að tryggja framkvæmd þeirra, og það svo mjög, að hún hefur látið undan síga og stjórnarflokkarnir sjálfir afnumið lögin. Það liggur því í augum uppi, að ef flm. frv. vilja leysa þetta, þá eiga þeir fyrst að leysa þetta við ríkisstj. og spyrja hana, af hverju hún hafi eyðilagt þessi lög frá dögum nýsköpunarstjórnarinnar. Nei, það verður að vera samræmi milli orða og gerða manna, og þessir menn hjálpuðu til að skipa þetta öngþveiti, sem nú ríkir. Ef skapa á frelsi, þá verður að mynda almennilega ríkisstj., en ekki hafa ríkisstj., sem eyðileggur fyrir alþýðu manna og bannar allar bjargir. Einhver kann ef til vill að segja, að fyrir þessu séu aðrar ástæður, eins og t. d. skortur á erlendum gjaldeyri, en ef það er satt, sem sagt er, að stjórnin sé búin að kasta 16 millj. í sjóinn með stöðvun togaraflotans, þá er ekki hægt að sjá, að mikill skortur sé á gjaldeyri, og fyrir 10 millj. kr. hefði ríkisstj. getað fengið um 50 þús. tonn af sementi. Annars býst ég við, að svo mikið af byggingarefni hafi verið til í landinu frá dögum nýsköpunarstjórnarinnar, að fjárhagsráð hafi eyðilagt meira eða minna af byggingarefni með banni sínu, og ef eitthvert vit hefði verið í stjórninni, þá væri til gnægð byggingarefnis til útrýmingar húsnæðisskortinum. Ég býst við, að þeir, sem ríkisstj. setti til þess að stjórna þessum málum, hafi ekki mikið hugsað um útrýmingu húsnæðisskortsins. Fjárhagsráð lagði undir sig stærra húsnæði en nokkur önnur nefnd hefur gert. Það litur út fyrir, að það þurfi meira húsnæði til að banna mönnum að byggja yfir sig en til þess að hjálpa mönnum um útvegun á tækjum til öflunar gjaldeyris. Í þessu sambandi hefur aldrei heyrzt hljóð úr horni frá Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl. um sóun á húsnæði.

Í gær var hér rætt um afnám visitölubindingarinnar. Í sambandi við það mál fengu stjórnarflokkarnir tækifæri til þess að afnema rangláta vísitölu, auka frelsi og gera verkamönnum mögulegt að mæta t. d. afnámi húsaleigulaganna. Hver var svo afstaða stjórnar-

flokkanna. Þeir slökuðu ekki til. Sjálfstfl. sýndi þar afstöðu sína gagnvart verkamönnum. En á sama tíma ætlar svo Sjálfstfl. að afnema húsaleigulögin eftir að hafa stutt þessa ríkisstj., sem svíkur gefin loforð. Hér stangast á orð og gerðir, og er undarlega lítið samræmi í aðgerðum þeirra í húsnæðismálum. Þess vegna hefði mér fundizt rétt, að húseigendur og leigjendur, sem báðir hafa nokkuð til síns máls í þessum efnum, gerðu upp reikningana við ríkisstj., sem sveik lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða og það með aðstoð þessara tveggja hv. þm. Ég vil þess vegna, að maður fái að heyra ofur lítið hvers konar pólitík Sjálfstfl. ætlar að reka í byggingarmálum, áður en maður tekur þá alvarlega. Ég get hins vegar vel skilið, að hv. flm. þessa frv. sé farið að leiðast biðin eftir frv. forsrh., en hann hefur fengið frest á frest ofan, og það er ókomið enn. En þetta er ekkert einsdæmi. Svona hefur þingið beðið, svona hefur þjóðin beðið, og svona hafa allir beðið í tvö ár eftir aðgerðum ríkisstj., en þær sjást engar enn. Mig undrar ekki, þótt þolinmæði manna bresti. En hvernig stendur á því, að meðan þjóðin bíður eftir efndum og öll loforð eru svikin, að þá skuli menn líða þessa ríkisstj.? Ég veit svo sem, hvernig efndir ríkisstj. verða: Frv. í 90 greinum, þar sem Alþfl. eru ætluð ný embætti við að hafa eftirlit með því, að landsmönnum takist ekki að byggja yfir sig.

Frsm. 2. minni hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Hér hefur orðið löng ræða eins og svo oft áður hjá hv. 2. þm. Reykv. Raunar hefur hann farið alllangt út fyrir dagskrárefnið eins og venjulega, en ég nenni ekki að elta ólar við það allt saman. Hins vegar eru hér fáeinar skekkjur, sem ég get ekki látið vera að leiðrétta, og er það fyrst viðvíkjandi lögunum um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Hv. þm. sagði, að l. um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis hefðu verið afnumin á Alþingi. Þetta er ekki rétt. L. hafa ekki verið afnumin. Hins vegar samþ. Alþ. bráðabirgðabreyt. þessara l., þannig að brbl. nr. 44 frá 1946 yrðu framlengd og að þau næðu til nokkurra sveitarfélaga, og var Alþ. gefin heimild til þess að veita árlega ákveðna upphæð á fjárlögum í þessu augnamiði. Nú er þetta allt annað en að afnema l., því að þetta er bundið á fjárlögum árlega. Það er því komið undir þm., og þeim er alltaf opin leið að bera fram brtt. við fjárlagaumr., og koma þá þessi l. til fullrar framkvæmdar. Þetta vil ég benda hv. 2. þm. Reykv. á. En eins og fjármálum ríkisins er nú komið, þá held ég, að það sé hyggilegast að framkvæma þessi l. með tilliti og í samræmi við afgreiðslu fjárlagafrv., en það er nokkuð annað en að búið sé að afnema l. um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.

Þá vék hv. 2. þm. Reykv. að störfum fjárhagsráðs s. l. ár og talaði af mikilli mælsku um, að fjárhagsráð hefði bannað íbúðarhúsbyggingar. Hafði þm. stór orð í þessu sambandi. Nú skal ég reyna að svara fyrir barnið. — Á síðasta ári var veitt leyfi fyrir öllum þeim umsóknum, sem bárust um íbúðarhúsbyggingar utan Reykjavíkur, en í Reykjavík var sú takmörkun sett, að ekki var veitt nema til íbúða, sem ekki fóru fram úr 130 m² að flatarmáli. Ný verzlunarhús voru ekki leyfð og ekki heldur stóríbúðir. Fjárhagsráð synjaði ekki neinum íbúðum utan Reykjavíkur. Aðgerðir fjárhagsráðs hafa þannig miðað að því að tryggja mönnum efni til íbúða, alveg öfugt við það, sem hv. 2. þm. Reykv. heldur fram. Svona er barnaskapur hans mikill, að hann heldur, að hægt sé að komast endalaust áfram með þennan vaðal sinn, en eins og hv. þm. vita, þá er oft ekki hirt um að svara þessum hv. þm. Mönnum leiðist að vera að elta ólar við hans taumlausu mælgi og eru hættir að taka nokkuð tillit til þess, sem hann segir í hinum mikla mælskuflaumi sínum. Nú er það svo, að vegna innanlandsvandræða hefur ekki allt verið byggt, sem leyft hefur verið í Reykjavík eða annars staðar. Það er ekki fjárhagsráði að kenna, þó að framkvæmdir gangi ekki örar en raun er á. Hendur manna hafa verið bundnar við fjölda verkefna, sem legið hafa fyrir og verið er að vinna að. Vegna þess bendir margt til þess, að leyfisveitingar hafi verið helzt til örar, frekar en hitt. Reykjavíkurbær fékk leyfi til þess að láta byrja á byggingu 40 nýrra íbúða, en hann hefur ekki enn hafizt handa um framkvæmdir. Einnig fékk bærinn leyfi til að reisa skóla í Kleppsholti, en sú saga er á sömu leið. Byggingarfélag eitt fékk leyfi fyrir 36 íbúðum, en gat heldur ekkert gert. Þvílíkt og þetta mætti lengi upp telja. Í öðrum bæjum en Reykjavík hefur fjárhagsráð veitt svo mörg leyfi fyrir byggingu íbúðarhúsa sem um var sótt, en þar hafa menn í mörgum tilfellum ekki treyst sér til framkvæmda eins og á stóð. Að öðru leyti er það, sem hv. þm. sagði um störf fjárhagsráðs, einnig öfugt við það, sem hann vill vera láta.

Þm. hafa fengið í hendur fjölritaða álitsgerð um störf fjárhagsráðs. Fjallar hún um fjárfestingarmál og er dags. þ. 8. okt. 1948. Hv. 2. þm. Reykv. hefur þessa álitsgerð á borðinu hjá sér og getur fylgzt með mér, að ég fari rétt með, en ég ætla að bera nokkuð saman, hvað í henni felst, við það, sem hv. þm. hefur hér sagt. Álitsgerð þessi er samin af 4 hagfræðingum, þeim Gylfa Þ. Gíslasyni, Klemenz Tryggvasyni, Jónasi Haralz og Ólafi Björnssyni. Einn þessara manna, Jónas Haralz, nýtur mikils álits í flokki 2. þm. Reykv., og hafa kommúnistar oftlega í hann vitnað, enda hefur þessi hagfræðingur skrifað mikið í blað kommúnista, Þjóðviljann, og auk þess verið í kjöri til þingmennsku fyrir flokkinn, og má ætla, að hann sé leiðandi í hagfræðikenningum fyrir flokkinn, enda alkunnur kommúnisti. Nú, þessi álitsgerð fjallar um kosti og lesti í störfum fjárhagsráðs, en ráðsmenn voru nú ekki feimnari en það, að þeir létu fjölrita plaggið og sendu það alþm. Nú er ekki tími né stund til að rekja álitið í einstökum atriðum, en höfuðniðurstaða hagfræðinganna er sú, að fjárfestingin 1948 hafi verið of há, en ekki of lág, sbr. bls. 22 í álitsgerðinni. Þar segir með leyfi hæstv. forseta: „Þessi áætlun verður að teljast mjög há, miðað við sams konar áætlanir nágrannaþjóðanna.“ Enn fremur segir neðar á sömu bls.: „Þrátt fyrir þetta má telja víst, að íslenzka

fjárfestingaráætlunin sé, miðað við þjóðartekjurnar, miklu hærri en bæði norska áætlunin og hliðstæðar áætlanir í öðrum nágrannalöndum, og mun þó sú fjárfesting, sem norska áætlunin gerir ráð fyrir, vera mjög há, miðað við það, sem gerist annars staðar.“ Berum nú þessi ummæli saman við fullyrðingar hv. 2. þm. Reykv. Hér stangast alveg á yfirlýsingar hv. 2. þm. Reykv. og álit hagfræðings kommúnistaflokksins. Þá segir enn fremur á bls. 23 í álitsgerðinni: „Það má fullyrða, að þær fjárfestingarfyrirætlanir, sem felast í fjárfestingaráætluninni fyrir 1948, séu langt um fram árlegar sparnaðarfyrirætlanir.“ Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mikið lengur. Hv. 2. þm. Reykv. og aðrir hv. þdm. geta gengið úr skugga um, að tilvitnanirnar eru réttar, því að þeir hafa þessa bók undir höndum. Það er eftirtektarvert, hversu mikill mismunur er á áliti hagfræðings kommúnista og þeim vísdómi, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur látið frá sér fara hér við þessar umr. Og vegna gamallar vináttu og kunningsskapar við hv. þm., þá vildi ég ráðleggja honum að kynna sér álit hagfræðings flokks síns, áður en hann stendur næst upp til að tala um byggingarmálefni landsmanna, en því fer alls fjarri, að þessi þm. hafi nokkra þekkingu á þeim málum á borð við hagfræðing kommúnistafl. Hv. þm. virðist ekki hafa heyrt neitt eða séð af því, sem hann hefur talað svo mjög um.

Svo skal ég víkja máli mínu til hv. 5. þm. Reykv. Hann hélt því fram, að það væri ekki rétt, að fyrir honum vekti að vera með öfgar í húsnæðismálunum. Hvað sem því líður og hvað sem þetta frv. kann nú að vera slæmt, þá hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir, að það sé til athugunar, að samið væri frv. til nýrra húsaleigulaga, þar sem jafnt verði tekið tillit til húseigenda og leigjenda. Verður það því að teljast nokkur óþolinmæði, er þetta frv. kemur hér fram nú. Ef það skyldi hafa vakað fyrir 1. flm. þessa frv. að ná samkomulagi um afgreiðslu málsins, þá hefði hann átt að bíða, þar til hæstv. ráðh. hefði lagt fram sitt frv., og sjá, hvernig takast mundi um samþykktir till. hans í þinginu. Frv. þetta, eins og það liggur nú fyrir, fer ekki í gegnum þingið. Það finnst mér ólíklegt. Hv. þm. bera það mikla ábyrgðartilfinningu, að þeir vita, að samþykkt frv., eins og það er nú, mundi valda vandræðum meðal samborgaranna. Það nær því alls engri átt að samþ. frv. eins og það nú liggur fyrir. Ef það hefði vakað fyrir flm. að þoka málinu áleiðis án þess að eiga á hættu að skapa glundroða, ef samþ. yrði, þá hefðu þeir átt að bíða enn um stund og reyna að ná samkomulagi um grundvöll, sem líklegur hefði talizt að komast í gegnum þingið.

Ég var því feginn, að hv. 5. þm. Reykv. skyldi þó játa það, að upphaflega hafi það verið nauðsyn, að húsaleigulögin voru sett. En a. m. k. ég og hv. þm. Siglf. teljum, að enn sé nauðsyn að framkvæma þessi l., en það má vera, að l. valdi nokkrum erfiðleikum. Svo er um flest l., sem sett eru til að takmarka, bæði á þessu sviði og öðrum. — Nú hefur verið um það talað, að húsaleigun. í Reykjavík mundi meta leigu of háa, og var að heyra á hv. 5. þm. Reykv., að Alþfl. ætti þar sök á. Nú er annar matsmannanna kunnur sjálfstæðisflokksmaður hér í bæ, en nú eru húsaleigun. tvær. Úrskurðir undirhúsaleigun. eru oft sendir yfirhúsaleigun. Það hefur einatt komið fyrir, er málum hefur verið áfrýjað til yfirhúsaleigun., þá hefur hún lækkað hið fyrra mat, og eru dæmi til þess, að yfirnefndin hafi lækkað leiguna allt að helmingi og jafnvel upp í 60—70%. Sé það nú svo, að það sé einhverjum sérstökum flokki að kenna, hve undirnefndin meti húsaleiguna hátt, þá ætti 5. þm. Reykv. að sakast um það við flokksbróður sinn og flokksbróður 2. þm. Reykv., sem eru tveir um matið í þeirri n. Nú er ein hlið þessa máls þáttur Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur. Hv. flm. þessa frv. hafa látið prenta sem fylgiskjal með frv. bréf frá þessu félagi. Mig undrar það, að flm. skyldu gera það, því að bréf félagsins er mjög ósvífið í garð þm. Nú vil ég ekki væna vin minn, hv. 5. þm. Reykv. um það, að hann hafi haft sérstaka tilhneigingu til að birta slíkar ógnanir sem í bréfinu felast. Í bréfi Fasteignaeigendafélagsins er sagt m. a., að ef Alþ. fallist ekki á það að afnema húsaleigulögin, þá muni fasteignaeigendur sporna gegn því, að þeir þm., sem kunna að vera þessu frv. andvígir, verði kjörnir til þingmennsku framvegis. Af þessu má nokkuð draga, að þetta frv. virðist fyrst og fremst vera borið fram í þágu leigjenda, en hlutur leigutaka fyrir borð borinn. Málið er meira virði en það, að þm. láti ógna sér og það eru fleiri, sem þetta mál snertir, en fasteignaeigendur.

Hv. 1. þm. Árn. hefur flutt hér brtt. við frv., sem við í 2. minni hl. höfum enn ekki haft tækifæri að ræða og athuga. Brtt. hans eru allviðtækar, m. a. er þar færður fram tíminn, sem heimilar að segja upp íbúðum. Það má vera, að það eigi einhvern rétt á sér að gera í því efni einhverjar tilfæringar, en ég get ekki að svo stöddu tekið afstöðu til brtt. hv. þm. Árn. Þar er um það mörg atriði að ræða, að ég verð að taka þær til sérstakrar yfirvegunar. Þó hygg ég, að leiguhámark það, sem hv. 1. þm. Árn. gerir ráð fyrir, eða 7 kr. á mánuði fyrir hvern fermeter að viðbættri vísitöluuppbót, sé of hátt. Um önnur atriði í hans brtt. vil ég segja, að ég tel, að taka beri þau til athugunar, svo sem það að leggja það á vald bæjarstjórnanna, hvort þær vilji, að lögin gildi á þeim stöðum, sem um ræðir, því að það kemur í hlut bæjarstjórnanna að sjá þeim íbúum fyrir húsnæði, sem húsnæðislausir eru, og er það því eðlilegt, að þær hafi um það íhlutunarrétt. Ég skal ekkert um það segja, hvort bæjarstjórn Reykjavíkur mundi nota sér þennan rétt, en ég er hræddur um, að hún leiddi yfir sig vandræði, ef húsaleigul. væru afnumin. — Ég held svo, að ég muni við þessa umr. greiða atkv. að flestu leyti með till. hv. 1. þm. Árn., jafnvel þó að ég sé ekki samþykkur öllu, en ég mun geyma mér til 3. umr. að breyta, ef málið kemst þá svo langt.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Ég vildi láta falla nokkur orð hér um meðferð málsins, þar sem ég er 2. flm. frv. á þskj. 160. Ég ætla að víkja hér að nokkrum orðum, því

að mér finnst það hafa komið berlega í ljós hjá frsm. 2. og 3. minni hl. n., sem draga má af greinargerð okkar, hv. 5. þm. Reykv. og mín. Það er mikið vandræðamál, að liðin skuli vera 8 ár frá því að lögin voru sett og 4 ár eru liðin frá þeim tíma, er lofað var, að húsaleigulögin skyldu afnumin. Og það er í skjóli þessara átta ára, eins og hv. 1. flm. benti á, glögglega komið í ljós, að þetta hefur raskazt svo mikið, að húsnæði, sem raunverulega liggur undir húsaleigunefnd, er ekki nema lítill hluti af leiguhúsnæðinu. Og það er full þörf á því, að þeir, sem lögunum komu á, sjái nú leið til þess að bæta það öngþveiti, sem lögin hafa valdið. Ég vil því næst dvelja við einn lið sérstaklega, sem frsm. 2. minni hl., hv. þm. Ísaf., ætti að skilja, þar sem hann hefur talið sig til þess flokks, sem segir sig vera málsvara þeirra manna, sem í sveita síns andlitis hafa unnið að því og kappkostað að koma sér upp húsum sínum. Þetta eru ekki efnamenn, en það eru einmitt þessir menn, sem verða fyrir þessum óréttindum. Þetta er þungamiðja málsins. Það er fjöldi smærri húseigenda hér í bænum, sem hafa unnið að því á mörgum árum að koma sér upp litlum húsum. Mikið af þessum húsum eru járnklædd timburhús. Til þess að geta staðið í skilum voru þeir oft neyddir til þess að leigja eitthvað út, og eftir þeim hætti, sem þá var, þá var leigan yfirleitt lág. En þá kemur framhaldið, og þessir menn, sem með sparsemi hafa aflað sér svolítils til elliáranna til þess að njóta einhvers öryggis, þeir eru alveg settir upp við vegg, þeir eru gerðir alveg réttlausir. Ég veit mörg dæmi um þetta, sem ekki verður þokað. Leigjendur fara fram á lagfæringar og viðgerðir, en þessir húseigendur geta ekki ráðið við neitt með þeirri leigu, sem þeir fá fyrir íbúðirnar, og að endingu verða þessir menn að gefast alveg upp á gamals aldri og láta af hendi eigur sínar, sem þeir höfðu gert sér vonir um, að mundu verða þeim til stuðnings á elliárunum. Það er þetta, sem er óréttlátt, og ég get ekki skilið í því, að löggjafarþingið skuli láta slíkan órétt viðgangast, því þó að húsaleigul. hafi e. t. v. verið nauðsynleg á sínum tíma, þá hafa þau nú svo ósanngjarnar og óbilgjarnar afleiðingar. Ég vildi aðeins hafa bent á þetta atriði, sem er eitt af mörgum, sem af er að taka. Það er ekkert samræmi í því að halda uppi 9 ára leigusamningi, eins og ég þekki dæmi um, 4—5 herbergja íbúðir, — þá er ekki viðlit fyrir eiganda að ráðstafa húsnæðinu fyrir sig eða skyldulið sitt, eða þó að hann vilji selja, þá situr leigjandi fyrir í íbúðinni og þarf sig hvergi að hræra, — það er ekkert samræmi í því að greiða fyrir 4—5 herbergja íbúð, sem leigð er með þessum kjörum í prýðilegu húsnæði á hitaveitusvæðinu, 225 kr. á mánuði, en núna er greitt fyrir tveggja herbergja íbúð utan hitaveitusvæðisins 920 kr. á mánuði, eftir mati húsaleigunefndar. Það er þetta, sem við eigum að ráða við og þurfum að finna heppilega lausn á og fylgja fast eftir. Eina leiðin, sem við getum tekið upp, er, eins og fram kom hjá 1. minni hl., að fylgja fram frv. um að afnema húsaleigulögin, því að þau eru löggjafanum til vanvirðu, og það er okkar að bæta úr þessu á réttlátan og æskilegan hátt. Ég vil fylgja því fram, sem hv. frsm. 1. minni hl. sagði, að ef gera á einhverjar ráðstafanir, þá þarf að byggja alveg að nýju. — Mér skilst það á hv. þm. Ísaf., að lagabálkur sá, sem von er á frá hæstv. félmrh., sé heil löggjöf og þar komi fram í þeirri löggjöf ákvæði um þær breytingar, sem gera þarf á húsaleigul. — Ég tók þetta dæmi, en það er af mörgum að taka, og það má nærri geta, hvernig viðhorfið er, þegar fólksstraumurinn til bæjarins er slíkur sem raun ber vitni. Það hafa komið fleiri þúsundir manna til bæjarins núna á undanförnum árum, 8 þús. frá því 1945, og það heldur alltaf áfram að flytja, en þessi varnagli húsaleigulaganna hefur aldrei komið til framkvæmda á þessu stigi málsins.

Hv. þm. Ísaf. talar hér með miklum fjálgleik um óþolinmæði af okkur að vilja ekki bíða eftir því, að frv. komi frá hæstv. félmrh. Ég veit ekki, hvort hv. þm. meinar þetta alvarlega eða ekki. Það er búið að vera í sambandi við stjórnina síðan í nóvember í haust, að reyna að finna grundvöll um þessi mál. Þessu frv., sem hér um ræðir á þskj. 160, var úthlutað í desember, og því er vísað til nefndar 9. des., og skilar 1. minni hl. áliti sínu 18. febr. Mér skilst, að þetta sé ekki merki um óþolinmæði, heldur þvert á móti, en ég vil undir öllum kringumstæðum benda á, að þetta frv. er flutt af brýnni nauðsyn, og tel ég mig hafa öll gögn í hendi um það, að hér sé um að ræða ein ósanngjörnustu lög fyrir einstaka húseigendur og einnig fyrir leigjendur, og það er alveg út í loftið að bera leigjendur fyrir sig, því að þeir eru margir á móti. Nei, það, sem liggur fyrir okkur flm., er sú brýna nauðsyn að koma fram réttlæti í þessum málum, því að það er ekki hægt að gefa út lög, sem opna allar gáttir fyrir innstreymi til bæjarins, og hrópa svo úti á hverju horni, að það þurfi að byggja. Lögin eru miðuð við það, að ekki sé óeðlilegur straumur fólks til bæjarins, en því hefur ekki verið til að dreifa, og nú leiða þau af sér hið mesta misrétti. Gömlum borgurum þessa bæjar er nú fyllilega bolað út, og þannig er tekinn af þeim ellilífeyririnn í skjóli þessara laga.

Það fer ekki hjá því, að ég komi inn á ýmislegt, sem hv. 5. þm. Reykv. hefur svo ýtarlega gert grein fyrir, og ég er í einu og öllu sammála afstöðu hans til þessa máls, enda held ég, að okkur báðum séu kunnar ástæður, ekki eingöngu Fasteignaeigendafélagsins, heldur og leigjenda.

Hæstv. félmrh., hann tók hér til máls við þessa umr og sagðist hafa séð og heyrt, að mikill dráttur hefði orðið á þessu máli. Ég get ekki skýrt þennan drátt á annan veg en að löggjafarstofnunin sé í mjög miklum vandræðum með afstöðu til þessa máls. Mér skildist á hæstv. félmrh., er hann minntist á þetta mál, að það væri von á myndarlöggjöf, sem danskur prófessor væri upprunalega höfundur að, en mér skilst, að hún þurfi ekki að rekast á þessa, því að húsaleigul. var skotið á borgarana sem stríðsráðstöfun, og eins og kom fram í grg. á sínum tíma, þá var ætlazt til, að þau væru afnumin að stríðinu loknu. Nú eru liðin 4 ár frá

striðslokum, og hefði því Alþ. átt að vera búið að afnema þau fyrir löngu.

Ég vildi svo segja það um nál. hv. 2. minni hl. á þskj. 449, að það er í raun og veru ekkert, sem kemur þar fram, og skjalið frá leigjendunum, það hnekkir engu af því, sem ég bar fram, því að auðvitað búa þessir leigjendur í gamalli leigu, og það eru einmitt þeir, sem endilega vilja, að húsaleigul. séu sem lengst í gildi. Þá lendir þetta allt á þeim mönnum, sem leigðu þeim fyrir 7—9 árum, svo að það eru nú heldur veik rök.

Þá vildi ég minnast svolítið á nál. á þskj. 351. Það er frá hv. 1. þm. Árn. Á þessu stigi vildi ég segja og vísa til þess, sem ég sagði í upphafi, að eðlilegast er það, að löggjafinn leysi sjálfur þann vanda, sem hann hefur skapað. Ef Reykjavík ætti að byggja yfir allar þær þúsundir, sem til bæjarins flytja og flutzt hafa, þá er eðlilegra, að löggjafinn ákveði, hvað gera skyldi.

Ég vil svo ekki lengja þessa umr. að sinni, en ég ætla sérstaklega að taka það fram, sem þm. varast að minnast á, en er þungamiðjan, að þetta er vandræðalöggjöf og mjög óréttlátt ástand, sem skapazt hefur hér í Reykjavík vegna hennar. Og mig furðar á nál. á þskj. 449, því að þar eru tveir fyrrv. ráðh., sem unnu að þessum lögum og leggja nú til, að það ástand, sem nú ríkir, verði áfram óbreytt. Þá stóð ekki á þessum vinum og samverkamönnum, þegar gilti að vinna saman um þetta nál. Furðar mig á því, að þm. Siglf. og þm. Ísaf. gera bandalag í þessu máli. — Læt ég svo útrætt um þetta mál í bili, en tek ef til vill aftur til máls síðar.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að byrja mitt mál með því að minna á þrjá hv. þm., hæstv. forsrh., hv. þm. Ísaf. og hv. 1. þm. Árn., og annað mál, sem þeir höfðu með að gera, sumir á Alþ., en aðrir sem áhugamenn utan þings. Þessir hv. þm. tóku þá, hver á sinn hátt, afstöðu til réttlætismáls, sem átti erfitt uppdráttar og við mikið ranglæti að stríða í þjóðfélaginu. Nú hafa þessir þrír hv. þm. tekið afstöðu með alveg sérstöku ranglætismáli, sem er að sumu leyti öllu ranglátara en það mál, sem þeir á sínum fyrri dögum tóku að sér að hnekkja. Ég á hér við frv., sem ég hygg, að hv. 1. þm. Árn. hafi verið 1. flm. að, en var um lágmarkssvefn togaramanna. Ég hygg, að hv. 1. þm. Árn. hafi verið fyrsti baráttumaður fyrir því máli. Þannig stóð á þá,-að ungir og hraustir menn sóttust eftir háu kaupi, sem greitt var á togurum, og fóru í þá vinnu, þó að hún væri algerlega óframbærileg, því að það kom oft fyrir, að þeir urðu að vinna 60 klst. án svefns, og þegar þeir voru að fletja fiskinn á þilfarinu, dauðþreyttir, þá kom það fyrir, að þeir köstuðu bolnum af honum fyrir borð í stað haussins. Mennirnir eru svo gerðir, að jafnvel þetta mál mætti mikilli mótstöðu. Þegar 1. flm. þess máls var að berjast fyrir rétti þessara manna, var reynt að kæfa þá rödd. Af hverjum? Af þeim, sem höfðu gróðahagsmuna að gæta og kúguðu þá, sem þarna voru órétti beittir. Hæstv. forsrh. var ekki á þingi þá, en hann mun hafa verið stuðningsmaður flokksins, sem beitti sér fyrir þessu, og sama má segja um hv. þm. Ísaf. Þegar við lítum til baka, erum við flestir hissa á því, að það skuli hafa komið til mála, að þing eftir þing var barizt um það, að ekki ætti að fara með háseta á togurum eins og þræla. En svona var þetta. Það er venjulega ekki hægt að fá réttlætismálunum framfylgt fyrr en að því kemur, að þeir, sem að ranglætinu standa, eru ekki lengur með ranglætinu.

Í byrjun stríðsins taldi þáverandi félmrh., sem er núverandi forsrh., sig nauðbeygðan til að beita sér fyrir því, að þessi þvingunarráðstöfun yrði gerð, og aðallega að því er snerti Reykjavík. Það er síður en svo, að hugsað sé um að afnema þetta ranglæti, og jafnvel forsrh. sjálfur, sem mesta ábyrgð ber á l., hefur ár eftir ár tafið fyrir öllum aðgerðum, sem málið snerta, á Alþ. Mér þykir leiðinlegt að segja þetta. Ég sé ekki annað en sýnt sé ýtrasta ranglæti, eins og þegar níðzt var á togaramönnunum í æsku hans. Hann hefur meira að segja neitað félagi húseigenda um að afhenda þeim nál., sem ríkislaunuð n. hafði gert. Þetta plagg fékkst ekki fyrr en seint og síðar meir. Nú bætir hæstv. forsrh. gráu ofan á svart með því að boða, að seint á þessu þingi, þegar búið er að tefja málið með öllum hugsanlegum ráðum, þá verði komið með stóran lagabálk um skipti húseigenda og leigjenda, þar sem hnýtt er aftan í þessi skemmtilegu ákvæði ýmsum viðbótum, sem eiga að verða eins lengi og mönnum þóknast. Hæstv. forsrh. skal fá að vita það, að það, sem var gert vegna togaramannanna, verður gert nú. Það er ekki hægt að halda í ranglætið lengur né brosa að því. Það skiptir engu, hvort það er forsrh. sjálfur eða aðrir gildir þm., sem í hlut eiga. Réttlætismálið verður að hafa sinn framgang. Það var ekki hægt að halda togaramönnunum lengur í þrældómi en gert var, og það verður ekki hægt að halda þessu ranglæti við lengur, vegna þess að þeir, sem fyrir ranglætinu verða, ætla ekki að þola það lengur, þeir ætla að láta þá, sem fyrir þessu máli standa, víta, hvað þeir vilja.

Ég ætla að fara fáum orðum um það í þessu sambandi, sem mér finnst undarlegast við afstöðu hv. 1. þm. Árn. í þessu máli, sem kemur fram með till., sem er sama og að eyðileggja málið, ef hún verður samþ. Hann byrjaði sína þingmannstíð með því að berjast fyrir góðu málefni, þó að hann væri þá í minni hluta. Ég vil benda á, að hann er þm. fyrir sveitakjördæmi, og fleiri þm., sem hér eru inni, eru þm. fyrir bæði sveita- og bæjakjördæmi og þar á meðal hv. þm. Ísaf. Það er óhollur straumur úr öllum þessum héruðum og bæjum til Reykjavíkur, og fyrirsjáanleg hætta stafar af honum fyrir þjóðina og þessa staði. Mér er sagt, að við Ísafjarðardjúp sé þetta þannig, að fyrst flytji fólkið úr Sléttufirði til Ísafjarðar, en stöðvist ekki þar, heldur flytji það an til Reykjavíkur. Af hverju? Af því að í Reykjavík er ákaflega gott fólk, og þar á að byggja yfir alla menn, sem í bæinn koma. Borgarstjórinn í Reykjavík og hans fyrirrennarar vilja stjórna þessu svona. Nú vil ég spyrja hv. þm. Ísaf. og hv. 1. þm. Árn. um það, hvort þeir séu sannfærðir um, að það væri höfuðólán, þó að einstaka maður í Reykjavík kæmist að því, að það

mætti flytja í tómu húsin við Ísafjarðardjúp eða í tómu bæina í Árnessýslu. Ég held, að það sé bara misgáningur hjá þessum mönnum, að þeir hafa hugsað sér, að allt þyrfti að gera til þess, að sú seinasta manneskja, sem í sveitinni er, komi í þennan bæ. Nú vita allir það, sem eitthvað hugsa, að Reykjavík er stærri að tiltölu við þjóðarlíkamann en nokkur annar sambærilegur bær í veröldinni. Aðalframleiðslutæki þessa bæjar liggja bundin við bryggju og eru búin að vera það aðalpart vertíðarinnar, þegar auðurinn á að berast í land í Reykjavík. Hvernig stendur á þessu? Það er af því, að fólkið, sem er gott fólk, eins og við erum öll, getur ekki komið sér saman um það, hvernig eigi að skipta arðinum. Ef við færum vestur að Djúpi eða austur í Árnessýslu, þá kemur þetta aldrei fyrir þar. Ef bændurnir væru spurðir um, hvort þeir vildu ekki gera „stræk" í sambandi við mjólkursöluna, mundu þeir segja, að það dytti þeim ekki í hug; það væri enginn vandi að skipta því, sem fyrir mjólkina fengist. Þeir eru búnir að finna eðlilegan grundvöll fyrir slíku. En í Reykjavík, þessum sælustað, sem allir eiga að flytja í, stendur þannig á, að 1/12 hluta ársins liggja atvinnutæki lands og bæjar bundin við bryggju. Fólkið í þessum bæ er ekkert heimskara en annað fólk, en hérna er bara óleyst spursmál. Fólkið, sem kemur hingað, kemur inn í sérstakt stríðsástand þessara tíma. Fólkið fær ekki að vinna, af því að það kann ekki að skipta gæðunum. Hver einasta manneskja, sem hugsar alvarlega um þetta mál, ætti að standa með manninum, sem hélt því fram, að mynda þyrfti félag í Reykjavík til að nema landið úti á landinu. Sú till. er miklu viturlegri en till., sem hæstv. forsrh. stendur að með aðgerðum sínum í þessu máli, sem hér liggur fyrir. En þetta hefur þeim háu herrum ekki þóknazt. Þeir skilja ekki, að það er stórt mál að reyna með góðu, eða illu stundum, að stuðla að því, að fólkið setjist ekki allt að á þessum marbakka. Hvað liggur nú fyrir þessum 55 þús. manns, sem búa hér í Reykjavík? F'jmrh. á að borga öllum, sem stunda hvers konar atvinnu hér á landi, nema þeim, sem vinna við togarana. Hvar á hann að fá peninga? Ég hugsa, að þetta verði erfitt fyrir ráðh. og að hann vildi gjarna, að breytt yrði til. Hvort halda menn, að sé dýrara, að fæða fjölskyldu hér á mölinni eða vestur í Sléttuhreppi, sem er að fara í eyði undir verndarvæng hv. þm. Ísaf., þó að hann sé ekki valdur að því. Ég held, að mikill munur sé þar á, þar sem allt þarf að kaupa hér, en í sveitum framleiða menn vörur, sem þeir lifa á. Ég hygg, að hv. þm. Ísaf. hafi verið aðalmaðurinn í því að koma með till. til að koma því í l. að aðstoða fólkið í kaupstöðunum við að byggja. Það er gott og blessað. L. hafa ekki verið framkvæmd. Ekkert er til þess, hvorki peningar né efni. Svona eru menn að leika sér með hlutina í staðinn fyrir að hjálpa fólkinu til þess að komast frá kaupstöðunum.

Ég kem þá að því atriði, hvort til þess sé alveg gífurleg nauðsyn að halda því fólki í þrældómi, sem á gömlu húsin í þessum bæ. Hvað sjáum við í úthverfum bæjarins? Við sjáum Hlíðarnar og Skjólin, og á Laugarnesinu og í Kleppsholtinu rísa upp á stuttum tíma bæir, sem eru eins stórir og Akureyri. Af hverju á þetta fólk að lifa? Togararnir eru ekki fleiri en þeir voru fyrir stríð og engin atvinna, nema telja eigi Hæring og verksmiðjuna í Örfirisey. Það, sem hefur gerzt, er þetta. Það er búið að setja stríðsgróðann fastan í milljónabyggingum. Borgarstjórinn brosir, en ég get sagt honum, að það eru ekki einu sinni millj., heldur milljarðar, sem settir hafa verið í stríðsgróðabyggingar. Fólkið, sem hefur byggt þessi hús, er algerlega laust við húsaleigulögin. Vita menn, hvernig ástandið er með réttlætið í þessum nýju húsum? Þar dettur engum, sem á þau, í hug að leigja íbúð nema með tvöföldum samningi. Ef t. d. hv. þm. Ísaf. kæmi hér í bæinn í fyrsta skipti og kæmi til mín, ef ég væri búinn að byggja höll, og bæði mig um húsnæði, þá mundi ég leigja honum húsnæði og segja: „Við skulum bera samninginn undir húsaleigunefnd, en þú leggur 30 þús. kr. á borðið fyrir utan samninginn. Svo fellur niður húsaleiga í tvö ár." Svona gengur þetta til hér, nema hjá gömlu húseigendunum, sem eiga timburhúsin. Þeir hafa komið sér upp litlum húsum og ætlað að vera frjálsir að því. Það logar allt í ranglæti í þessum efnum. Hvorki hæstv. forsrh. né aðrir með hans hugsunarhátt skipta sér neitt af því. Þessir húseigendur geta engu ráðið um hús sín, ekki burtflutningi fólks úr þeim, hvernig sem á stendur. Ég ætla að fara nokkrum orðum um það, hvernig ástandið er í þessum húsum, sem hæstv. forsrh., sem nú er, setti húsaleigulögin á fyrir 8 árum. Fólkið, sem sat í þessum húsum með lauslegum samningum, þegar húsaleigulögin skullu á, er í þessum húsum enn. Það gerist margt á langri leið. Sums staðar hefur verið svo ástatt, að tvær eða fleiri konur hafa verið í eldhúsi saman. Í langflestum tilfellum skapar slík sambúð hatur á milli fólks, svo að það langar ekki til neins meir en að mega skilja, þurfa ekki að vera stundinni lengur við slíkan ófögnuð. Mér er kunnugt um eitt dæmi. Það var skapill húsfreyja, sem í hlut átti, sem var leigjandi í húsi, en sat föst. Hún gerði slík óþægindi og ólæti, að engu tali tók, þegar bóndi hennar var farinn í burtu, til þess að reyna að hrekja húsfreyjuna, sem átti húsið, í burtu. Þegar fjölskyldur hafa verið hlekkjaðar þannig saman í mörg ár, er alveg ómögulegt, að vel geti farið. Hverjum einasta manni, sem greitt getur atkv. með þessum nauðungarhúsaleigul., hlýtur að vera mjög áfátt um skilning á mannlegu eðli, og mér finnst líka, að hver einasti maður, sem reyndi að skilja, hvílík bölvun það er fyrir fólk að vera fjötrað saman á þennan hátt, mundi vilja ljá sitt lið til að afnema þau l., sem skapa þetta ástand.

Hvers vegna óskuðum við Íslendingar þess að fá aðra aðstöðu en við höfðum árið 1836, á dögum Friðriks konungs VI.? Það var vegna þess, að við þoldum ekki ófrelsið, verzlunarófrelsið, andlegt ófrelsi og pólitíska kúgun. Það tók hvorki meira né minna en tímabilið frá 1836 til 1944 að ná því takmarki að losna við þá hlekki. Við getum lesið kvæðið „Strandsigling" eftir Einar Benediktsson, sem er táknrænt

fyrir hinn danska hroka og beygðan Íslending, sem er hrakinn frá strengjunum af hinum danska dóna. Skáldið er fullt af sársauka yfir því, sem Íslendingurinn verður að þola sem undirmaður þess danska. Við skilnaðinn við Dani unnum við á fáum árum meiri manndóm en á mörgum öldum áður. Það er engin von til þess, að húmbúgtill. eða húmbúgfrv. hafi nokkra þýðingu í þessu máli, og þær eiga ekki við. Þegar íslenzkir þm. voru konungkjörnir, þá voru þeir með miðlunartill. milli Íslendinga og Dana, sem voru eins og til að breiða yfir ranglætið, eins og hv. þm. Árn. er með nú. Þeir konungkjörnu voru varla almennilegir Íslendingar, og menn voru fegnir, þegar þessi stofnun var afnumin. Þetta voru víst beztu menn, en tóku að sér leiðinlegt hlutverk.

Hæstv. forsrh., sem raunverulega ber mesta ábyrgð á þessu máli, vegna þess að hann stóð að l. upphaflega, ætti að vita, þó að hann hafi sýnt skilningsleysi við að leysa þetta mál, að hér er um nokkurn hluta Reykvíkinga að ræða, minni hluta að vísu, sem betur fer, sem verður fyrir þessu ranglæti og telur þetta ástand, sem hefur verið í þessum málum, óþolandi kúgun. Hvað á þetta fólk að gera annað en að kveina? Orðbragðið, sem hv. þm. Ísaf. var að tala um, að hefði verið í bréfi frá húseigendum, var bara saklaus byrjun. Þessir menn hljóta að bera fram miklu harðari röksemdir, og ég lái þeim það ekki. ¼ hluti Reykvíkinga lifir, hvað þessi húsnæðismál snertir, eins og skepnur. Börnin verða að lifa við það, að foreldrar þeirra hatast, og þetta fólk, sem verður að búa svona nauðugt í sambýli, gerir hvað öðru allt til bölvunar, sem það getur. Það var leikið hér í Reykjavík gott leikrit, sem hét Leynimelur 13, sem kom fram, þegar þessi deild var búin að samþ. frv. um húsaleigu. Þegar það frv. kom til Ed., rérum við á móti því, hæstv. dómsmrh., sem nú er, og ég, og okkur tókst að stöðva málið, svo að frv. varð aldrei að l. Í sambandi við þær umr. þá var það, að eitthvert skáld samdi þetta leikrit og tók að sér að lýsa, hvernig ástandið yrði í Reykjavík, þegar slík l. kæmu í framkvæmd. Leikurinn gerðist í þokkalegu húsi. Í húsinu var forstofa, sem búið var að setja upp þvottasnúrur í, og konan þurfti að hengja upp þvott þar. Í húsinu hafði fundizt málverk eftir Kjarval. Nýi leigjandinn tók svo málverkið og bar fram kaffið á því. Þessar röksemdir voru skáldlegri en raunveruleikinn, en leikritið hafði þau áhrif, að menn skömmuðust sín fyrir að samþ. svona l.

Ég er ekki eins trúaður á það og sumir landar mínir, að við Íslendingar séum komnir af konungum. En við vitum, að forfeður okkar unnu frelsinu, og ástæðan til þess, að þeir fóru hingað, var, að þeir vildu ekki þola áþján. Þeir komu hingað og bjuggu til þjóðfélag, þar sem frelsið, eins og þeir skildu það, fékk rýmri farveg en þeir áður höfðu lifað við og þar sem frelsið var meira en þekktist annars staðar í Evrópu. Við vitum, að ástæðan til þess, að þeir komu hingað, var ást á frelsi og óbeit á kúgun, og þeir gerðu sína stjórnarskrá eingöngu til þess að vera á móti kúgun. Hver skyldi fá okkur til að bregðast þessu? Áttum við að segja við hæstv. forsrh., sem býr í góðu húsi vestur í bæ: „Við vitum, að það er herbergi í kjallaranum í húsi þínu, sem þú þarft ekki að nota fyrir geymslu. Nú er kominn hér bóndi austan úr Árnessýslu, sem vantar herbergi. Hann vildi heldur vera í Reykjavík, því að hann hélt, að borgarstjórinn mundi byggja yfir sig. Það er rétt fyrst, sem þarf að skjóta honum inn í kjallarann hjá forsrh.? Það getur vel verið, að forsrh. gerði þetta. En það virðist sem hæstv. forsrh. og hans stuðningsmenn í þessu máli séu ekki klárir á, hvar takmörkin eru. Það getur vel verið, að takmörkin fari að koma óþægilega nærri þeim, ef ófrelsið heldur áfram. Það þarf að koma í ljós, hvers vegna Alþ. vill viðhalda þessari kúgun og þessu siðleysi, því að það er algert siðleysi í þessum l. með öllu, sem þeim fylgir. Þess vegna er það, að hér þýðir ekkert að tala um málamiðlunartill. Það væri eins og að við, sem studdum hv. 1. þm. Árn., þegar hann var að berjast fyrir því, að sjómennirnir fengju að sofa 6 klst. á sólarhring, hefðum stungið upp á, hvort þeir gætu ekki sofið 1½ klst. eða 2 tíma og 10 mín. Deilan var um það, að annaðhvort voru þeir frjálsir menn eða þrælar, þangað til réttarbót fékkst. Ég sé ekki ástæðu til þess að tala um smáatriði í þessu sambandi. Það er bezt að ræða málið á þeim grundvelli, hvort við ætlum að halda við kúguninni eða ekki. Það mætti spyrja um það, hvort sveitaþingmennina langar svo skelfing mikið til þess að sjá síðasta kjósandann sinn koma hingað til Reykjavíkur, og hvort borgarstjórinn hér vill endilega fá síðasta kjósandann úr Árnesþingi til Reykjavíkur. Það væri rökrétt afleiðing af þessu, að meiri hluti bænda úr Árnesþingi ströffuðu hv. 1. þm. Árn. með því að koma og segja: Þú ert að hjálpa til þess, að borgarstjórinn byggi. Nú erum við komnir hingað, en þú skalt bara fara austur í Kaldaðarnes, og hafðu það bara gott þar.

Umr. frestað.

Á 82. fundi í Nd., 17. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. þm. Ísaf. sá ástæðu til þess að fara nokkrum orðum um það, sem ég hafði sagt um húsnæðismálin og pólitík hæstv. ríkisstj. í sambandi við þau og hvernig ríkisstj., og þá sérstaklega forusta hennar, Alþfl., sem hafði lofað, þegar hún tók við völdum, að útrýma húsnæðisskortinum og heilsuspillandi íbúðum, hefur brotið algerlega í bága við þessi loforð og efndirnar orðið þveröfugar. Hæstv. ráðh. hafa nú sjálfir ekki reynt að svara þessum ásökunum, sem á þá hafa verið bornar fyrir það að vera valdir að því háttalagi, sem nú ríkir í húsnæðismálunum, en hv. þm. Ísaf. sá ástæðu til þess að fara að bera nokkurt blak af ríkisstj. Hann byrjaði með því að segja, að ég hefði sagt, að l. um útrýmingu heilsuspillandi íbúða hefðu verið afnumin. Það sagði ég ekki, en ég tók fram, hvernig þau hefðu verið afnumin í reyndinni, það hefði verið frestað framkvæmd þessara l. með bandorminum, og ég lagði áherzlu á það, að þessi hv. d. hefði samþ. þá frestun og þar með í reynd-

inni afnumið l. sem stendur hvað framkvæmdina snertir. Hv. þm. Ísaf. vildi leggja áherzlu á, að þetta væri allt annað en að afnema l., og það er vissulega svo, því að l. eru til á pappírnum, en hafa ekkert gildi. Þá benti hv. þm. enn fremur á það, að við gætum breytt þessu með einfaldri aðferð, þm. Sósfl., við þyrftum ekki annað en að koma fram með brtt. við fjárl. um, að veitt yrði fé til þessara framkvæmda. Við þurfum ekki að sækja þessa vitneskju til hv. þm. Ísaf., því að slíka till. fluttum við, þm. Sósfl., við 17. gr., 25. lið fjárl. í fyrra, um framlag til íbúðarhúsbygginga samkvæmt l. frá 1946, — brtt. um 1 millj. kr. til þess, og ef það hefði verið samþ., þá hefðu l. komið í gildi hvað þetta snertir. Hvað gerðist svo? Það gerðist það, að hv. þm. Ísaf. lagði því lið ásamt fleiri þm. stjórnarfl. að drepa þetta mál. Hann var á móti þessu einfalda ráði til að koma l. í framkvæmd, og hann hjálpaði til þess að eyðileggja möguleikana til þess, að bæjarstjórnir gætu unnið að því að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Ef til vill hefur hv. þm. Ísaf. alls ekki áttað sig á því, hvað var verið að gera í fyrra, þegar þessi till. var felld. Ég býst við, að við reynum að koma aftur fram með slíka till., þó að stjórnarliðið felldi hana í fyrra, og ef til vill fær þá hv. þm. Ísaf. aftur tækifæri til að sýna sinn hug um framkvæmd þessara l. Fram að þessu hefur afstaða hans verið sú, fyrst að fresta framkvæmd l. og síðan að eyðileggja brtt. við fjárl. til að koma þeim í framkvæmd aftur.

Þá fór hv. þm. Ísaf. að tala um það, að ég segði, að það væru bannaðar allar íbúðarhúsbyggingar. Mér skildist hv. þm. segja þetta, en vildi þó draga í efa, að hann hefði haldið þessu fram. Hins vegar sé ég, að Morgunblaðið hefur tekið þetta upp og segir, að ég hafi sagt í fyrra, að bannaðar væru allar íbúðarhúsbyggingar í landinu. Þarna ætti ekki að vera þörf á að snúa út úr, því að mönnum er kunnugt og það er viðurkennt af hálfu stjórnarflokkanna, að í gildi eru l., sem banna mönnum að byggja íbúðarhús án þess að fá leyfi sérstakra stjórnvalda í Reykjavík. Það er það, sem ég sagði, og fjárhagsráð notar þau l. til að banna mönnum að byggja mjög mikið af þeim íbúðarhúsbyggingum, sem annars gætu komizt upp. Ég vil vekja eftirtekt á frásögn Morgunblaðsins, vegna þess að það er dálítið táknrænt, þegar málflutningurinn og það, sem menn segja, er þannig, að algerlega er ranghverft, frá því það er sagt við Austurvöll og þangað til það er komið í Austurstræti, og er þá ekki undarlegt, þó að í slíku blaði eins og Morgunblaðinu skolist eitthvað til um fréttir, t. d. frá ríkjum í Austur-Evrópu og til Austurstrætis. Hv. þm. Ísaf. lýsti því yfir, að fjárhagsráð hefði leyft allar íbúðarhúsbyggingar, sem sótt hefði verið um utan Reykjavíkur, og skoraði á mig að tilnefna dæmi um það, að það hefði verið neitað slíkum íbúðarhúsbyggingum, og hans ágæta blað (nú orðið), Morgunblaðið, var ekki lengi að taka þetta eftir honum og sagði, að mér hefði orðið svarafátt við aðra eins ásökun eins og þessa hjá hv. þm. Ísaf., og það var eðlilegt, því að ég komst ekki að að svara. Það fyrsta, sem ég gerði, þegar ég gekk út úr d., var að spyrja einn af alþm. utan af landi, hvernig þetta væri í hans kaupstað. Þetta var hv. 2. þm. S-M. Hann tjáði mér, að frá Neskaupstað hefði verið sótt um fjárfestingarleyfi af byggingarsamvinnufélaginu þar, en það hefði fengið neitun á öllum íbúðum. Ég vil þess vegna til að byrja með láta þetta dæmi nægja og vita, hvað hv. þm. Ísaf. segir um það. Það væri svo ef til vill, ef farið væri að athuga víðar, hægt að upplýsa hann um fleiri dæmi um, að íbúðarhúsbyggingum hafi verið neitað. Það var ekki nóg með, að fjárhagsráð neitaði mönnum um leyfi. Nú stóð svo á, að samvinnubyggingarfélagið á þessum stað hafði möguleika til að byggja, ef það hefði fengið leyfi, af því að það er víða þannig, að það eru heldur betur efnum búnir menn, sem standa að samvinnubyggingunum, heldur en verkamannabústöðunum. Hins vegar er það þannig í þessum kaupstað, að fyrir verkamannabústaðina var sótt um leyfi og fjárfestingarleyfi fékkst, en þegar kom til hinnar handarinnar, bankans, sem skaffar fé til byggingar verkamannabústaða, þá var það ekki til, þannig að með annarri hendinni sá fjárhagsráð um að hindra byggingar hjá samvinnubyggingarfélaginu á þessum stað, en hins vegar þær byggingar, sem fjárhagsráð leyfði, verkamannabústaðina, sá bankavaldið um að hindra, að hægt væri að fá peninga til byggingarinnar. Svona hjálpast núverandi stjórnarvöld með þessum tveimur aðferðum, fjárhagsráði og bankavaldinu, að því að koma í veg fyrir byggingar hjá landsmönnum.

Svo fór hv. þm. Ísaf. að breiða sig mjög mikið út um það, hve skynsamleg stjórn það hefði verið, sem fjárhagsráð hefði haft í frammi í húsnæðismálunum, og vitnaði þar alveg sérstaklega í álit, sem einn af hagfræðingum fjárhagsráðs, og einn af þeim fáu hagfræðingum, sem eru í Sósfl., hefur tekið þátt í að semja, sem sé Jónas Haralz, og lagði áherzlu á, hvað þessi skýrsla, sem hefur verið send þm., gæfi rétta hugmynd um, hvað skynsamlegar þær ráðstafanir hefðu verið, sem fjárhagsráð hefði gert í húsnæðismálunum. Það er þess vegna ekkert að því, að við athugum ofur lítið þessar ráðstafanir fjárhagsráðs, hvernig það skýrir sjálft frá um þessa hluti og á hvern hátt þetta ráð, sem hefur æðstu stjórn og framkvæmdir í atvinnumálum okkar, hefur skipulagt það, að mönnum væri mögulegt að útrýma íbúðaskortinum og heilsuspillandi íbúðum samkvæmt stefnuskrá ríkisstj. Því hefur hins vegar verið þannig varið um þessar ráðstafanir fjárhagsráðs, að þar hefur allt gengið í ólestri. Það hefur ekki farið saman að tryggja mönnum fjárfestingarleyfi og innflutning á byggingarefni, og það hefur verið ósamræmi á milli þessa hvors tveggja og lánveitinga af hálfu bankavaldsins. Skal ég nú koma inn á þessa skýrslu til staðfestingar þeim dómi, sem ég með þessu er að kveða upp. Hv. þm. Ísaf. sagði, að fjárhagsráð hefði verið að vinna að því að tryggja mönnum efni og það hefði verið tilgangurinn með þessari haftastarfsemi í húsbyggingarmálum að tryggja mönnum efni í húsin. Hér segir í skýrslunni frá fjárhagsráði, á blaðsíðu 25, um

þetta, þegar búið er að rekja nokkuð fjárfestingaráætlunina og gjaldeyris- og innflutningsleyfin, með leyfi hæstv. forseta: „Það, að gjaldeyris- og innflutningsleyfi í þessum vöruflokkum eru síðan veitt hægar og seinna en nauðsynlegt hefði verið, er bæði að kenna hinum erfiðu gjaldeyrisaðstæðum og eins því, að framkvæmd þessara leyfisveitinga var ekki í nægum tengslum við framkvæmd fjárfestingarleyfisveitinga og skömmtun byggingarvöru. Afleiðingin af þessu öll saman hefur verið sú, að um stöðugan skort hefur verið að ræða á flestum byggingarvörum. Skömmtuðum byggingarvörum, eins og sementi og steypustyrktarjárni, hefur verið úthlutað jafnóðum og þær komu til landsins, og síðan hefur verið efnislaust þangað til næstu farmar komu. Mikil óvissa hefur einnig oft verið ríkjandi um væntanlegan innflutning næstu vikur. Af þessu hafa miklir erfiðleikar hlotizt við allar framkvæmdir. Ekki aðeins húsbyggingum, heldur þýðingarmiklum framkvæmdum, eins og hafnarbyggingum, síldarverksmiðjubyggingum o. s. frv., hefur stöðugt verið hætt við stöðvun vegna efnisskorts, og til stöðvunar og tafa hefur einnig komið, jafnvel þótt reynt hafi verið að láta slíkar þýðingarmiklar framkvæmdir ganga fyrir um efni. Oft og tíðum geta slíkar tafir ekki aðeins valdið auknum kostnaði og erfiðleikum, heldur stórtjóni, ef eitthvað ber út af. Á flestum þeim vörum, sem ekki eru háðar skömmtun, hefur verið mikill og almennur skortur.“ Þetta er lítill partur af þeim dómi, sem þessi hagfræðingur kveður upp yfir skipulagi og skipulagshæfileikum fjárhagsráðs í því að tryggja mönnum efni til bygginga. M. ö. o., það hefur ekkert samræmi verið í ráðstöfunum fjárhagsráðs frá fjárfestingarleyfum til útvegunar á efni og útvegunar á lánum og fjármagni til byggingarstarfseminnar. Hins vegar er fjárhagsráð í upphafi þannig byggt upp, að það er alveg einrátt yfir þessum hlutum. Viðskiptanefnd, sem úthlutar leyfum, er deild úr fjárhagsráði og ekki sjálfstæður aðili og ræður því engu sjálf, en verður að taka við skipunum af fjárhagsráði í samráði við ríkisstj., hún heyrir því undir fjárhagsráð að öllu leyti og starfar á þess ábyrgð. Skömmtunarskrifstofan er einnig deild úr þessu báknі, því að l. eru frá upphafi þannig, að þetta er ein stofnun með mismunandi deildum. Svo er meira að segja í þessari skýrslu verið að kvarta yfir því, að ekki sé nægilegt samband og samræmi á milli lánveitinga, fjárfestingarleyfa og skömmtunar á byggingarefni. — Þá skulum við athuga nánar þann þátt í þessu, sem snertir fjárfestingarleyfin. Ég minntist á það í minni fyrri ræðu um þetta mál, að víða úti um landið mundi fátæktin hafa verið nægilegt bann við byggingum og væri óþarfi að vera að banna mönnum þessar byggingar og gera þeim þetta svona erfitt að sækja til Reykjavíkur um þetta og fá svo seint svör, það hefði verið nóg að eyðileggja byggingarmöguleika í landinu í stórum stíl. Hv. þm. Ísaf. viðurkenndi þetta að nokkru leyti og sagði, að vegna fjárhagserfiðleika innanlands hefði ekki verið byggt allt, sem leyft var, og bætti síðan við: „Það liggur ekki í valdi fjárhagsráðs.“ — Fjárhagsráð er sett til þess að hafa vald yfir allri fjárfestingu í landinu, það er fjárfestingarráð og ræður því, í hvað fjármagnið á Íslandi er sett, og það er engin afsökun fyrir ríkisstj., ef þetta fjárhagsráð stjórnar ekki fjárfestingarstarfsemi bankanna. Þegar l. um fjárhagsráð voru sett 1947, þá benti ég á það við umr. í þessari d., að það væri til einskis að ætla að koma svona skipulagi á fjárfestingu landsmanna, svo framarlega sem þetta ráð hefði ekki vald yfir fjárfestingarstarfsemi bankanna, og ég flutti brtt. við 2. umr. við l. um fjárhagsráð, þar sem bæta skyldi inn í l., að þegar fjárhagsráð semdi sína áætlun um fjárfestingar, þá skyldi bönkunum skylt að framkvæma þær. Stjórnarflokkarnir felldu þessa brtt., felldu hana til þess að geta viðhaldið þeim skollaleik að setja upp eitt stórt og voldugt ráð hér í Reykjavík og látið það gefa út leyfi fyrir hinu og þessu og látið síðan bankana geta komið á eftir og sagt nei, þegar ætti að fara að framkvæma þessa hluti, sem fjárhagsráð leyfði. Það var ekkert nema skollaleikur að skapa fjárhagsráð, sem hefur ekkert vald yfir fjárfestingunni. Fjárfestingarvaldið liggur hjá bönkunum fyrst og fremst, og að ætla sér að skapa fjárhagsráð, en gera ekki um leið skuldbindandi ráðstafanir um, að bönkunum sé skylt að fara eftir því, sem fjárhagsráð segir, það er blekking við fólkið, og á grundvelli þessarar blekkingar hefur verið starfað í 2 ár. Þegar fjárhagsráð er búið að gera ráðstafanir til að leyfa svo og svo mikið af byggingum í landinu og við skulum segja, til að ætla því allt það bezta, að gera fjárfestingaráætlun út frá því sjónarmiði, að það væri mátulegt til þess að sjá um góða afkomu manna hvað atvinnu snertir, — þegar fjárhagsráð er búið að gera svona ráðstafanir, þá þarf um leið að vera ákveðið, að bankarnir að sínu leyti sjái um að framfylgja þessari áætlun. Svo framarlega sem fjárhagsráð veit ekki, að þetta muni verða gert, þá er það að blekkja þessa menn, sem fá fjárfestingarleyfi, og gera bankavaldinu mögulegt að neita þessum mönnum eftir á um fjármagn, sem þeir þurfa, og þá um leið að gera ráðstafanir til þess, að þessar byggingar verði ekki framkvæmdar, og ef reiknað er með því að skapa með þessu fulla atvinnu, þá er verið að gera ráðstafanir til þess að skapa atvinnuleysi. Það er engin afsökun til fyrir því, að fjárhagsráð taki ekki í sínar hendur valdið yfir bönkunum. Það er óhugsandi að stjórna fjárfestingu á Íslandi án þess að hafa það vald. Ég veit, að það er mikið að eiga að stjórna þessu, og það veit hv. þm. Ísaf. líka. Hann kynntist því sjálfur í þeirri ríkisstj., sem hann átti sæti í, hvað varð að taka hart á til þess að beygja bankavaldið til þess að framkvæma þá fjárfestingaráætlun, sem ríkið þá gerði um fjárfestingu í nýsköpunartogarana og önnur tæki, sem þá voru keypt til sjávarútvegsins. En lærdómurinn frá þeim tíma ætti að sýna, að það er ekki til neins að skapa svona ráð án þess að hafa ráð yfir þeim stofnunum, sem eiga að framkvæma fjárfestinguna, bönkunum, og þetta ætti að vera því hægara sem bankinn er ríkisbanki. Þess vegna er það ósvífni af hálfu ríkisvaldsins í einu landi, sem

lýsir yfir, að það ætli að koma á áætlunarbúskap, að samþykkja með einni hendinni, fjárhagsráði, að það skuli gera þessa og þessa hluti, en neita með hinni hendinni, ríkisbönkunum, að þessir hlutir skuli gerðir. Með því að framkvæma fjárhagsáætlun á þennan hátt og vinna svona að því, þá er verið að skapa glundroða, en ekki áætlunarbúskap, og það viðurkenndi líka raunverulega hv. þm. Ísaf. með því að tala um, að vegna fjárhagsvandræða hefði ekki verið byggt það, sem leyft var, og það er líka staðfest hjá hagfræðingunum, sem hafa útbúið þessa álitsgerð um fjárfestingarmálin. Þar segir m. a. á blaðsíðu 26, með leyfi hæstv. forseta: „Af þessum sökum er því fullvíst, að þær fjárfestingarfyrirætlanir, sem gert er ráð fyrir í áætluninni, um 327 millj. króna, komast engan veginn til framkvæmda á árinu. Hve há hin endanlega upphæð getur orðið, er ómögulegt að segja, en lausleg áætlun gefur til kynna, að hún geti varla orðið miklu hærri en 230—250 millj. kr., eða um 70—75% áætlunarinnar." Ég hef sérstaklega komið inn á þetta vegna þess, að raunverulega verður það aldrei of oft tekið fram, hvernig allar raunverulegar framkvæmdir, sem snerta fjármál þjóðfélagsins, eru komnar undir því, hvers konar bankapólitík er rekin. Ef það er ekki skapað samræmi á milli þeirrar bankapólitíkur, sem ríkisbankinn rekur, og þeirrar pólitíkur, sem ríkisstj. og Alþ. og þau ráð, sem þær stofnanir setja til að fá sínu vilja fram, setja, þá verður úr þessu slíkur glundroði og óstjórn á þessum hlutum sem við höfum upplifað þessi síðustu 2 ár.

Þá kemur í þessari álitsgerð, sem hv. þm. Ísaf. var að vitna í, nokkuð inn á það, hvernig starfsemin hefur verið hjá fjárhagsráði viðvíkjandi því að hafa samræmi í þeim áætlunum, sem fjárhagsráð samdi og átti að sjá um að láta framkvæma. Einn dómurinn hjá þessum hagfræðingum yfir stjórnarfarinu hjá fjárhagsráði er um það, hvernig það hefur samræmi í sínum fjárfestingaráætlunum annars vegar og innflutningsáætluninni hins vegar. Þetta er á blaðsíðu 27, og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Misræmi hefur verið milli fjárfestingaráætlunarinnar og innflutningsáætlunarinnar, þannig að hin fyrri hefur verið of há í samanburði við hina síðari. Þetta er í raun inni aðeins ein hlið á því misræmi, sem um getur í 1. lið. Vegna hinnar miklu eftirspurnar eftir neyzluvörum hafa innflutningsyfirvöldin ekki treyst sér til að lækka neyzluvöruinnflutninginn eins mikið og fjárfestingaráætlunin hefur krafizt. Þetta hefur leitt til stöðugrar vöruþurrðar á fjárfestingarvörum og mikillar afkastarýrnunar í þessari starfsemi og til þess, að fjárfestingarfyrirætlanirnar hafa að verulegu leyti ekki komizt í framkvæmd." Þarna er í þessum dómi talað um innflutningsyfirvöld eins og það væri einhver annar aðili en fjárhagsráð. Innflutningsyfirvöldin er fjárhagsráð. Það er fjárhagsráð, sem semur innflutningsáætlunina, og það er fjárhagsráð, sem skipar viðskiptanefnd, sem er innflutningsdeild fjárhagsráðs, til að framkvæma innflutningsáætlun þess. Það er ekki til að koma fram með þá afsökun, að viðskiptanefnd hagi sér öðruvísi en í samræmi við fjárhagsráð, nema menn vilji segja að vinstri höndin viti ekki, hvað sú hægri gerir. Að skjóta sér þess vegna undir innflutningsyfirvöldin, — að þau treysti sér ekki til að gera þetta og þetta, er sama sem að segja, að fjárhagsráð, þegar það er búið að semja sína áætlun, treysti sér ekki til að framkvæma hana. Þetta sýnir, að fjárhagsráð hefur enga stjórn á þessum málum. Það semur áætlun án þess að gera sér ljóst hlutfallið milli innflutnings á neyzluvörum og fjárfestingarvörum. Það treystir sér svo ekki til að framkvæma þessa áætlun og sleppir beizlinu fram af öllu saman. Það er auðséð, hversu mildilega er reynt af hagfræðingunum að dæma um gerðir fjárhagsráðs, þar sem þeir segja, að fjárhagsráð hafi ekki treyst sér til að samræma innflutnings- og fjárfestingarleyfin. Sem sé, það hefur ekki treyst sér til þess að stjórna viðskiptamálunum í landinu. Það hefur samið áætlun og gefið út leyfi, en treystir sér svo ekki til að framkvæma sína áætlun. M. ö. o., það er skapað hreint öngþveiti með ákvörðunum fjárhagsráðs. Þetta er ein myndin af þeirri algeru óstjórn, sem er á fjármálum landsins undir stjórn þessara hv. fjárhagsráðsmanna. — Þá er enn fremur vitanlegt, að því er snertir byggingarefnisskömmtunina, að sú skömmtun er framkvæmd með því undarlega móti, sem líka er verk fjárhagsráðs, að skömmtunin er framkvæmd á sementi, timbri og á steypustyrktarjárni. Hins vegar er hún ekki framkvæmd á ýmsum öðrum hlutum, sem til bygginga þarf að hafa, svo sem rafmagnsefni, pípum, þakefni, pappa, dúkum og öðru slíku. Afleiðingin af þessu er sú, að þetta lendir misjafnt til manna, miðað við þarfir, og á svörtum markaði. Hvar er skipulagningin á þessum hlutum? Við sósialistar álítum eftir þeirri reynslu, sem við höfum af þessum málum, að ef ætti að koma á skynsamlegri fjárfestingu hér á landi og reka áætlunarbúskap, þá ætti ríkið að taka innflutning á byggingarefni í sínar hendur. Og ég á bágt með að trúa, að nokkur maður, sem með vakandi ábyrgðartilfinningu hugsar um þessi mál, hvernig stjórnin á þessum málum er í okkar þjóðfélagi, geti staðhæft, að fjárhagsráð hafi starfað af viti að þessum málum. Allar till. okkar sósialista í þessum efnum voru drepnar fyrir tveimur árum. Síðan er með rándýru nefndafargani skapað öngþveiti, sem beinlínis skapar svartan markað, með því að sleppt er svo og svo miklu af þessum hlutum undan skömmtun, og með því er mönnum gert erfiðara fyrir með að ná í þá.

Þá sagði hv. þm. Ísaf., að fjárfestingaráætlunin til bygginga hefði verið of há, og benti hann mér á bls. 22 í áliti hagfræðinganna. Og ég las á þeirri bls. og gat hvergi fundið þessi orð: „of há". Hins vegar skal ég lesa það af þessari blaðsíðu, sem ég geri ráð fyrir, að hann hafi átt við: „Þrátt fyrir þetta má telja víst, að íslenzka fjárfestingaráætlunin sé, miðað við þjóðartekjurnar, miklu hærri en bæði norska áætlunin og hliðstæðar áætlanir í öðrum nágrannalöndum, og mun þó sú fjárfesting, sem norska áætlunin gerir ráð fyrir, vera mjög há miðað við það, sem gerist annars staðar". *(Rödd*

af þingbekkjum: Hvað má draga af þessu?). Það er sitt hvað að draga af þessu eða lesa það. Og hvernig horfir þetta við fyrir Ísland með að koma upp byggingum? Hverjar eru okkar þarfir, og hver er okkar geta? Höfum við minni þarfir hultfallslega fyrir að byggja heldur en þjóðirnar í kringum okkur? *(GÞG:* Vill hv. þm. lesa á bls. 23?) Í Noregi og öðrum löndum í kringum okkur er það þannig, að þar búa þjóðirnar að byggingum, sem eru margra áratuga gamlar og enda aldagamlar. Þegar reiknaður var út þjóðarauður Breta, þeirra sem nú lifa, þá kom í ljós, að ⅘ af þjóðarauðnum hjá þeim voru erfðir og mikið af því fé liggur í húsum. En við Íslendingar tókum hins vegar þannig við okkar landi um síðustu aldamót, að það má segja, að okkar land hafi þá verið óbyggt land. Kynslóð okkar feðra og okkar kynslóð hefur verið að byggja landið. Og við verðum að byggja hlutfallslega meira, miðað við fólksfjölda, heldur en nokkur þjóða þeirra, sem búa í kringum okkur, og meira að segja meira hlutfallslega en Englendingar, sem misstu mikið af húsum í stríðinu síðasta. Það er því gefið, að fjárfestingarþörf Íslendinga að því er byggingar snertir er meiri en þjóðanna í kringum okkur. Og þetta hefur verið viðurkennt af því opinbera síðustu 20 árin með þeim ráðstöfunum, sem það opinbera hefur gert, bæði viðkomandi byggingum í sveitum og kaupstöðum, til þess að flýta fyrir því, að hér á landi verði byggt sem allra mest. Og það er gefið, að þegar á að koma á áætlunarbúskap á Íslandi um þessa hluti, þá hlýtur að verða tekið tillit til þess, að þörf Íslendinga fyrir það að byggja er mjög mikil. — Í öðru lagi: Hvernig er okkar geta til þess að geta byggt? Jú, hún er meiri en þjóðanna í kringum okkur. Þjóðirnar í kringum okkur hafa komið út úr síðustu styrjöld með stórkostlegu tjóni fyrir þær, hvað þeirra verðmæti snertir. Þær þurfa að vinna mikið að því að bæta upp þetta tjón og byggja upp hjá sér. Við Íslendingar hins vegar höfum þá aðstöðu af ástæðum, sem öllum eru kunnar, að við höfum meiri getu hlutfallslega en þessar þjóðir til þess að byggja meira yfir okkur. Í raun og veru takmarkast geta okkar til þess að byggja yfir okkur fyrst og fremst af því mannafli, sem við getum varið í það, svo lengi a. m. k. sem okkar innflutningur er 300—400 millj. kr. á ári. Svo lengi sem við höfum efni á að eyða í benzín á um 10 þús. fólksbíla fyrir meira en 30 millj. kr. yfir árið, þá höfum við efni á að eyða svo miklu í byggingarefni til þess að byggja svo margar góðar íbúðir eins og okkar mannafli kemst að að vinna við, sem við getum séð af frá öðrum framleiðslustörfum. Þess vegna hlýtur hver fjárhagsáætlun um það, hve Íslendingar geti fest mikið fé í húsbyggingum, að miðast við það, að Íslendingar geti, — vegna þeirrar aðstöðu, sem þjóðin hefur haft við að etja, að taka við lítt byggðu landi, — byggt hlutfallslega meira en þjóðirnar í kringum okkur. Og Íslendingar hafa meiri peninga hlutfallslega, sem þeir geta varið til þess að byggja yfir sig, heldur en þjóðirnar í kringum okkur. Ef stoppaðar væru einhverjar af þessum 30 millj. kr., sem fara til benzíns á bílana í landinu, eitthvað, sem um munaði, þá höfum við áreiðanlega efni á að byggja hóflegar íbúðir yfir landsmenn. Þess vegna er það engum efa bundið, að nauðsynin fyrir okkur Íslendinga á því að byggja og okkar geta til þess hefur verið fyrir hendi. Og það komum við sennilega til með að deila um, ég og hv. þm. Ísaf. Hann vildi halda því fram, að enginn samdráttur hafi orðið í framkvæmdum vegna þessara ráðstafana, og vildi auðsjáanlega meina, að vinnuafl væri hagnýtt allt, sem til væri í byggingariðnaðinum, til þessara bygginga, sem framkvæmdar hafa verið. Nú vil ég taka það fram viðvíkjandi þessu, að það hefur orðið gífurlegur samdráttur í þessum framkvæmdum. Og það hefur verið eyðilagt svo og svo mikið af þessum framkvæmdum og tafið fyrir þeim, eins og hvað eftir annað hefur verið staðfest í þessari skýrslu fjárhagsráðs, vegna þess skipulagsleysis, sem hefur verið í veitingu fjárfestingarleyfa, vöruinnflutnings og annars slíks. Og ein versta afleiðing af þessari óstjórn fjárhagsráðs hefur verið sú, að stórkostlega hefur minnkað vinna og atvinna yfirleitt í byggingariðnaðinum. Og úr þessu máli gætum við mjög auðveldlega skorið með því að ræða við iðnaðarmenn hér í Reykjavík á þessu sviði um það, hvernig ástandið sé hjá þeim. Það hefur verið þannig upp á síðkastið, að vinna þessara iðnaðarmanna hefur minnkað alveg stórkostlega. Við vitum, hvernig það hefur verið almennt um byggingaframkvæmdir hér á Íslandi, eins og um allt það, sem landsmenn hafa gert stórt í þessum hlutum. Þeir hafa framkvæmt þessar byggingar með því að vinna við þær af mjög miklum krafti. Það hefur verið alveg gífurleg vinna, sem byggingariðnaðarmenn hafa lagt í að koma upp öllum þeim fjölda bygginga, sem byggðar voru á Íslandi á undanförnum árum. Við þær hefur ekki aðeins verið unnið í dagvinnu, heldur líka í eftirvinnu og næstum fram á nætur. Og við byggingar hefur ekki aðeins verið unnið af byggingariðnaðarmönnum og ófaglærðum mönnum, sem vanizt hafa iðninni, heldur hefur fjöldi manna, sem vinna annað, bæði skrifstofumenn og aðrir slíkir, á kvöldin og á helgidögum tekið þátt í að byggja hús, sem þeir ætla að eiga sjálfir. Það hefur bókstaflega verið hamazt við þessa hluti, og þjóðin hefur þannig lagt gífurlega mikið á sig til þess að vinna upp það, sem þjóðin tapaði á undanförnum öldum hvað húsbyggingar snertir. En hvert er nú ástandið orðið í þessu efni fyrir áhrif fjárhagsráðs, fyrir stjórn þess eða öllu fremur óstjórn? Ástandið er orðið það, að öll eftirvinnan er horfin frá byggingariðnaðarmönnum. Það er svo að segja einungis um dagvinnu að ræða, sem notast oft mjög illa að vegna þess eltingarleiks, sem menn þurfa að hafa til þess að ná í þá hluti, sem til byggingarframkvæmdanna þarf að nota. Það þarf að leggja mikla vinnu í það að leita uppi þá hluti, sem þarf til húsbygginga, suma hverja, og reyna að kaupa þá á svörtum markaði og hafa alls konar hrossakaup um efni til raflagna og pappa og hreinlætistæki, og það verður að tína þetta saman hér og hvar um bæinn, sem til þess þarf að koma húsunum upp. Þarna

hefur verið um að ræða mikla eyðslu á vinnuafli, sem fjárhagsráð hefur beinlínis skipulagt eða verið orsök í með sinni óstjórn. Fjárhagsráð hefur beinlínis valdið því, að unnið hefur verið miklu minna og með lélegri afköstum í byggingariðnaðinum síðustu tímana heldur en annars hefði getað verið, ef slíkrar óstjórnar hefði ekki gætt eins og komið hefur fram í gerðum fjárhagsráðs. Og vegna þessarar óstjórnar fjárhagsráðs hafa framkvæmdir í byggingarmálum dregizt stórlega saman, svo að minna hefur verið unnið en fyrr, og þetta, sem framkvæmt hefur verið, hefur verið gert með miklu meira skipulagsleysi en áður. M. ö. o., þetta ráð, sem átti að útrýma húsnæðisskortinum, eins og Alþýðublaðið tilkynnti, að væri stefna ríkisstj., hefur með þessari glundroðastjórn sinni beinlínis komið þessum málum í öngþveiti, skapað misræmi milli allra þessara áætlana, sem það hefur samið, svo að samræmi hefur ekki verið þar á milli nokkurs skapaðs hlutar, og svarti markaðurinn hefur svo komizt þarna inn á milli. Það er þess vegna ekki undarlegt, þó að það komi til umr., þegar verið er að tala um húsnæðismálin, hvernig stjórnin hefur verið á þessum málum frá hálfu þeirrar stofnunar, sem fyrst og fremst var í raun og veru falið að sjá um framkvæmd þessara áætlana, sem ríkisstj. auglýsti svo rækilega, þegar hún tók við völdum, að hún ætlaði að útrýma húsnæðisskortinum og heilsuspillandi íbúðum. Ofan á þetta hefur svo það bætzt, að fjárhagsráð hefur ekki aðeins unnið vitlaust sín störf og ekki aðeins gleymt öllu samræmi á milli þeirra mismunandi áætlana, sem það hefur samið, og ekki aðeins sleppt því að hirða um, að fjárfestingaráætlun og innflutningsáætlun yrðu samhljóða í fjárhagsáætlun þess, heldur hefur fjárhagsráð þar að auki dregið svo lengi að afgreiða sínar áætlanir um þjóðarbúskapinn, fjárfestingaráætlunina og innflutningsáætlunina, að það hefur tafið og spillt fyrir framkvæmdum í öllum þessum málum og það ekki aðeins hvað byggingar snertir. Það viðurkennir meira að segja hagfræðinganefnd fjárhagsráðs í þessu áliti á bls. 24 og 25. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Það, sem skeð hefur hér á landi á þessu ári, er hvort tveggja, að innflutningsáætlunin hefur ekki verið í samræmi við fjárfestingaráætlunina og að gjaldeyrisleyfi þau, sem veitt hafa verið samkvæmt innflutningsáætluninni, hafa verið veitt of hægt og of seint, og stundum hefur gætt misræmis í hlutföllunum milli einstakra vöruflokka. Ástæðurnar fyrir þeim ótvíræðu mistökum, sem hér hafa átt sér stað, eru ýmsar.“ Og svo er það talið upp í álitinu, og er það langt mál. Enn fremur er þarna komið inn á skort á byggingarvörum og þess háttar. M. ö. o., fjárhagsráð, sem fyrir hönd ríkisstj. hefur átt að framkvæma þá stóru áætlun ríkisstj. að útrýma húsnæðisskortinum, hefur ekki aðeins unnið illa, heldur líka unnið seint og með því unnið mikinn skaða í viðbót við þann, sem gerður var með meira eða minna vitlausum áætlunum. Nú hefur fjárhagsráð fengið þá gagnrýni, sem komið hefur fram í þessari álitsgerð. Og fjárhagsráð fékk líka í fyrra að heyra hér á Alþ., að það ynni þetta nokkuð seint. Og hvað eftir annað hefur hér verið sýnt fram á af hálfu þingsins, hver nauðsyn væri á því, þegar um fjárlög væri að ræða, að fjárfestingaráætlun og innflutningsáætlun lægi fyrir, af því að þetta tvennt væri í svo nánu sambandi hvað við annað. Hvað hefur fjárhagsráð lært af þessari gagnrýni? Nú, þann 17. marz 1949 eru menn ekki farnir að sjá fjárfestingaráætlun eða innflutningsáætlun fjárhagsráðs, og hvorugt hefur Alþ. getað fengið. Hér hafa því endurtekið sig sömu mistökin og áður hjá fjárhagsráði og m. a. það, að byggingarefni, sem átti að byggja úr í sumar sem leið, hefur ekki komið til notenda fyrr en að haustinu, og því hefur orðið að geyma framkvæmdirnar til næsta árs. Fjárhagsráð hefur þó vel vitað, að það, sem þarf að kaupa til landsins til ýmissa framkvæmda, þarf að panta allt að sex mánuðum fyrir fram, áður en það þarf að notast. Enn fremur er gjaldeyrisáætlun, innflutningsáætlun og fjárfestingaráætlun ráðsins svo seint til, að þjóðarbúskapurinn í heild kemst bókstaflega í ólag vegna þessa ráðs.

Ég hef gert þetta að umtalsefni hér í sambandi við frv. um húsaleigu vegna þess, að stjórnin á þessum málum er grundvöllurinn fyrir öllum ráðstöfunum, sem Alþ. gerir með fullri ábyrgðartilfinningu gagnvart ástandinu í landinu í þessum efnum. Alþ. verður, þegar það gerir ráðstafanir gagnvart hlutum eins og húsaleigumálum og öðru slíku, að geta séð um framkvæmd þeirra hluta. Alþ. hafði lagt vissa hluti fyrir á sínum tíma, og ríkisstj. lýsti yfir á sínum tíma, að hún ætlaði að gera vissa hluti. Fjárhagsráð var sett á laggirnar til þess að stjórna þessum hlutum, og allt hefur gengið hjá því í ólagi og vitleysu, og samtímis því hefur svo bankavaldið í landinu gert stórkostlegar ráðstafanir til þess að skapa lánsfjárkreppu, sem nú þegar hefur í húsnæðismálunum haft tvennar afleiðingar: Annars vegar þær að draga úr því, að íbúðir verði byggðar yfirleitt. Og hins vegar eru afleiðingarnar þær, að sífellt neyðast fleiri og fleiri af mönnum, sem eru lítt efnaðir, til þess að selja sín hús í hendur þeim, sem auðugir eru, vegna þess að þeir fá ekki lán til þess að geta átt húsin sjálfir. Og þetta er alveg í mótsögn við það, sem stjórnarflokkarnir lýstu yfir sem sinni stefnu, að sem flestir menn gætu verið bjargálna, því að nú er bankavaldið að gera þveröfugar ráðstafanir við þá stefnu. Búið er að loka veðdeildinni fyrir þessum mönnum, og mönnum er ekki gert mögulegt að fá lán til langs tíma, sem þó er eini möguleikinn til þess, að almenningur geti byggt yfir sig og eignazt sínar íbúðir. Það er þetta, sem ég kalla ómögulega pólitík. Og Alþ. þarf að snúa sér að því að koma lögum í gildi, sem skapa almenningi möguleika til þess að koma upp sínum eigin íbúðum, og sjá um, að menn geti fengið leyfi til þess, sem þurfa, og að eitthvert vit sé í starfsemi þeirri, sem rekin er viðkomandi innflutnings- og fjárfestingaráætlunum. Og þessu þarf þingið fyrst að kippa í lag, og þá fyrst getur það af fullri samvizkusemi unnið að lausn þeirra vandamála, sem við koma þessum húsaleigulögum.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef í raun og veru borið fram hér þau atriði, sem ég tel máli skipta, varðandi þetta frv. á þskj. 160. En þær ástæður, sem liggja til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, voru í fyrsta lagi ræða hv. þm. Ísaf., sem þarf a. m. k. í vissum atriðum skýringa við af minni hálfu, og í öðru lagi þær brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 451. Hv. þm. Ísaf. sagði, að ég hefði verið með í því að setja húsaleigulögin, og það er að sönnu rétt, að ég var einn af þeim, sem voru með í ráðum um ýmiss konar löggjöf varðandi þau vandræði, sem styrjöldin skapaði. Og hv. þm. taldi mér það til hróss, að ég hefði verið með í að setja þessi lög. En ég vildi í þessu sambandi minna hann sérstaklega á það, að ég gerði þá þegar mjög ýtarlegar tilraunir til þess að hafa áhrif á þessa lagasetningu þannig, að fyrirbyggja, að lögin yrðu jafnóvinsæl og sköpuðu jafnmikil vandræði eins og þau hafa orðið og gert einmitt vegna smíðagalla, sem á þeim voru frá öndverðu. Af því að hér var gengið ekki aðeins inn á verðlagsmálefnalega hluti, sem var að sönnu gert, heldur var einnig gengið inn á eignarréttarmál, þá vildi ég, að farið væri í það með þeirri gætni, að það væru a. m. k. fordæmi fyrir því. Og ég lagði þá eindregið til, að ákvæðin um rétt leigjenda væru sniðin eftir ábúðarlögunum, sem þykja vera fullhörð gagnvart eigendum jarða, og ég taldi, af því að þar voru fordæmi og reynsla fyrir, að rétt væri að hafa þau lög til fyrirmyndar í þessu efni laganna. En ég fékk þessu ekki framgengt, þrátt fyrir það að ýmsir hv. þm. tjáðu mér, að þeir álitu þetta mjög eðlilegt. Lögin urðu svo til sem styrjaldarneyðarúrræði, og þeim var vissulega einungis ætlað að fyrirbyggja þær hættur, sem af styrjöldinni þótti líklegt að mundi leiða gagnvart húsaleigumálunum, og þar af leiðandi var ekki ósennilegt, að þeir tímar ættu líka að taka enda, þegar stríðinu væri lokið, eða mjög bráðlega eftir það. Nú hefur hv. þm. Ísaf. látið liggja að því orð hvað eftir annað, að afstaða mín væri eitthvert nýtt fyrirbrigði nú og það væri vegna félagsskapar, sem heitir Fasteignaeigendafélag Reykjavíkur. Ég er nú ekki í þessum félagsskap, og þessi félagsskapur var ekki til, þegar ég byrjaði að reyna að hafa áhrif á það, hvernig húsaleigulögin yrðu úr garði gerð, og síðan, að farið væri að lina eitthvað á þeim. Það er þess vegna ekki hægt að halda slíku fram, að ég sé að ganga erinda Fasteignaeigendafélagsins, af því að ég hef ekki breytt neitt um skoðun í þessu máli. Ég hef rætt um málið og reynt að hafa áhrif á málið, frá því að lögin urðu til og sem sagt áður en þetta félag varð til. Og það er ákaflega fávíslegt, að mér finnst, að álykta, að það sé í von um einhver pólitísk fríðindi, að einn maður fylgir máli, sem öllum hv. þm. er sjálfsagt ljóst, að muni vera óvinsælt hjá allstórum hópi kjósenda, sem sé leigjendahópnum. Og mér hefur aldrei dottið í hug sú sjálfsblekking, að það væri hægt að græða á því pólitískt, að fylgja og krefjast afnáms húsaleigulaganna. Hitt er mjög sennilegt, að því mundi fylgja eitthvert atkvæðatap. En það er nú svo með suma menn — og ég held, að ég sé einn af þeim miklu lánsmönnum, — að það er ekki farið fram á það við þá, að þeir svíki sína skoðun og sannfæringu. Og ég er viss um, að ég mundi tapa tiltrú þeirra manna, sem ég reyni að hlynna að hagsmunalega, ef þeir álitu, að ég hefði gert það gegn betri vitund. Það væri því pólitískur gróði fyrir mig, ef ég væri um þetta að hugsa, að láta ekki neinn mann þurfa að brigzla mér um það, að ég sviki sannfæringu mína. Ég veit, að margir hafa sagt, að ég hefði verið skyldugur að fylgja þeim atriðum dýrtíðarlaganna, sem ábyrgðust visst verð fyrir fiskinn, en ég hef alltaf verið á móti slíku og fundið, að þar var um svikamyllu að ræða. Og ég hef aldrei orðið var við, að ég væri ásakaður fyrir það af kjósendum mínum, og ég veit, að þeim hefði þótt slæmt, ef ég hefði breytt þar gegn samvizku minni. En ég býst við, að þessi ummæli hjá hv. þm. stafi af þeim ógætilegu orðum mínum, að það væri hörmulegt tímanna tákn, að mál væru metin til atkvæða, en þau get ég því miður ekki tekið aftur.

Hv. þm. minntist á, að ég hefðið fundið að því, að frv. væru dýr. Ég viðurkenni, að það er hreint aukaatriði og óþarfi af mér að vera að minnast á það. En það var sagt vegna ummæla hæstv. forsrh., að skipulag hans í frv. því, sem beðið hefur verið eftir í 30 vikur, væri ekki dýrara en nú. Það yrði áfram einhvers konar húsnæðisráð. Ég gat þess aðeins, að ekki væri að efa, að það kostaði nokkurt fé, og vitnaði í það, að samkv. skýrslu hæstv. ráðh. í Sþ. hefði tilbúningur frv. kostað 57 þús. kr., og taldi ekki ólíklegt, að n. þessi kostaði ríkissjóð eitthvað. Ég viðurkenni, að ég hefði ekki þurft að minnast á þetta, en ég gerði það að gefnu tilefni.

Hv. þm. Ísaf. gat þess, að hann hefði verið með mér í tveimur n., þar sem ég hefði verið form., og þær hefðu báðar orðið sjálfdauðar. Það er rétt, við hv. þm. Ísaf. vorum saman í tveimur n., og ef það ólán á eftir að henda mig að verða kosinn eða skipaður í einhverja n., vildi ég óska að fá hv. þm. Ísaf. með mér í n., þar sem hann er hinn ágætasti starfskraftur sökum vits og reynslu. En fátt er svo gott, að ekki fylgi því eitthvað illt, og svo er einnig hér. Hv. þm. hefur ótryggt minni. Hann skýrði rangt frá í meginatriðum, að n. hefðu lognazt út af. Síðari nefndin var ómerkileg, en sú fyrri var merkileg og var kosin vegna þál. í Sþ., að mig minnir 1943. Þessi þál. var ekkert smáræði, og ég vil leyfa mér að lesa hana, með leyfi hæstv. fors.: „Alþ. ályktar að kjósa fimm manna milliþn., er endurskoði og geri till. um löggjöf, er sjávarútveginn varðar, og athugi, á hvern hátt stuðningi ríkisins við þann atvinnuveg verði heppilegast fyrir komið. Nefndin skal m. a. taka til athugunar félagsmál útvegsmanna, verzlunarmál þeirra, bæði kaup á nauðsynjum til rekstrarins og sölu afurðanna, möguleika til aukinnar vinnslu á afurðum sjávarútvegsins, starfsemi fiskimálan. og fiskimálasjóðs, hvernig bezt verði fullnægt lánaþörf útvegsins og tryggingarmál útgerðarinnar. Enn fremur, hvernig heppilegast verði fyrir komið stuðningi við endurnýjun fiskiflotans, byggingu og viðgerð báta og skipa hér á landi og útvegun á vélum til þeirra, ásamt því, hvar

mest sé þörf fyrir hafnargerðir og lendingarbætur vegna fiskveiðanna. Nefndin leiti tillagna og aðstoðar Fiskifélags Íslands. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.“ Ég sagði, þegar þessi þál. kom fram, að hér væri verið að skapa ævistarf handa nefndarmönnunum. Við hv. þm. Ísaf. vorum kosnir í n., og var ég form. hennar. Nefndin starfaði á annað ár og hélt um 100 bókaða fundi, en starfið fór samt mest fram á þann hátt, að nefndarmenn skiptu með sér verkum, þannig að 2 og 2 störfuðu saman. Nefndin sendi síðan mörg mál til hæstv. ráðh., og ég get með ánægju lýst því yfir, að það er ekki sízt að þakka hv. þm. Ísaf., að sum þeirra eru nú orðin að lögum og ekki þeim ómerkilegustu. En það, sem hv. þm. misminnir, er það, að n. hafi orðið sjálfdauð. Þegar n. hafði starfað hálft annað ár, voru sett lög um nýbyggingarráð. Mér sýndist, að óleyst verkefni nefndarinnar mundu falla undir ráðið, og fannst óeðlilegt, að við 5 værum að vinna að hinu sama og aðrir 5 menn í sama húsinu. Ég ræddi þetta því við hæstv. ráðh., og sá ráðh. féllst á að taka okkur af lífi, og var það gert. Ég skilaði svo tafarlítið greinagóðri skýrslu til ráðsins, og er sumt af því, sem þar er minnzt á, nú komið fram sem lög. Nefndin var því tekin af af hæstv. ráðh. og skilaði öllu af sér. Bæði ráðh. og skrifstofustjóri gátu þess, að n. hefði orðið ódýr, og hefur hún varla kostað ríkissjóð eins mikið og frv., sem ég gat um áðan. — Hin n. hefur aftur á móti ekki verið tekin formlega af lífi. Við vorum skipaðir í n. út af aflabrestinum á síðustu síldarvertíð, sinn maðurinn frá hvorum bankanum, Landsbankanum og Útvegsbankanum, og hv. þm. Ísaf. Við áttum að safna skýrslum um afkomu útvegsmanna og gera tillögur um úrbætur. En þegar við vorum í miðju kafi, voru sett lög um, að skilanefnd skyldi starfa að þessu. Ég var alltaf á móti, að skilanefnd þessi yrði sett á stofn, og neitaði að taka sæti í henni. Skilanefnd þessi tók svo við öllu því, sem við höfðum unnið að, og skilaði ég öllu af mér til hennar. Ég hef ekki rukkað ríkið um kostnað þann, sem af starfi nefndarinnar varð. Ég borgaði nokkuð sjálfur, þar eð ég hafði aðstoðarmann, sem ég greiddi laun. Ég hef ekki haft aðstæður til að kalla n. saman, en ég held, að ég þekki nefndarmenn svo vel, að ég viti, að þeir fara ekki fram á neina borgun fyrir starf sitt. Ég vil því minna hv. þm. Ísaf. á það, að hvorug n. slokknaði út af, en fyrri n. henti það slys, að einn nm., hv. þm. Ísaf., féll úr n., að vísu kom annar ágætur maður í staðinn. Af þessu má sjá, að n. glataðist ekki, en hv. þm. Ísaf. glataðist úr henni. Það vakti því nokkra undrun hjá mér, þegar hv. þm. fór að ræða um þetta, en því segi ég frá þessu, að hann gaf tilefni til þess.

Ég mun ekki dvelja lengi við málið sjálft, þar eð ég hef áður gert grein fyrir ástæðum mínum og hv. meðflm. míns. Við töldum eðlilegt, að þessi löggjöf væri sett, þótt við teldum, að hún ætti að vera vægari, og væri ekki nema eðlilegt, að hún væri í gildi á stríðstímunum. En framlenging þessara laga töldum við að væri af þeim toga spunnin, að verið væri að svipta menn eignarréttinum, en engum getur blandazt hugur um, að allgeigvænlega hefur stefnt í þá átt síðustu árin. Einu sinni var hafin tilraun í þá átt að svipta bændur jörðunum, fyrst með því að banna sölu á ríkis- og kirkjujörðum til bænda og síðan með jarðræktarstyrknum, sem var þannig fyrir komið, að hann smáát upp jarðirnar frá bændum og kom þeim yfir á nafn ríkissjóðs, þannig að bændur hefðu vaknað við það einhvern daginn, að þeir áttu ekki lengur jarðir sínar, heldur átti ríkið þær. Síðar voru svo sett lög, sem heftu athafnafrelsi bænda, afurðasölulögin, og var þeim fylgt svo fast fram, að bóndi nokkur, sem kom til bæjarins, var tekinn fastur, af því að hann hafði meðferðis eina rjómaflösku til dóttur sinnar, sem var hér búsett. Allir, sem þekkja viðskiptamálin, vita hvernig þar er ástatt, þar þótti nauðsynlegt að setja viðskiptaráð og ýmiss konar ráð önnur og nefndir, og allt þetta hefur orsakað það, að hér hefur myndazt ástand, sem á ekki sinn líka í sögu þjóðarinnar, nema þá þegar veldi Danakonungs var hér sem mest. Og nú er verið að gera að engu eignarrétt manna yfir húsum. Menn mega ekki lengur ráða verðlagi á húsnæði því, sem þeir leigja. Slíkar ráðstafanir geta verið nauðsynlegar á sérstökum tímum, en nú er verið að taka af mönnum réttinn yfir eignum þeirra, þannig að þeir geta ekki ráðið, hve leigan er há eða til hvers húsnæðið er notað, en ég vil mótmæla slíkri stefnu.

Ég vil nú snúa mér að flm. nál. á þskj. 451, en till. þær, sem hann flytur, eru raunar nýtt frv., enn umfangsmeira en gamla frv. Mér finnst sem hv. flm. sé á sömu línu og flm. þessa frv., að framkvæma verði húsaleigulögin með meiri skynsemi en gert hefur verið og að einhvern tíma sæi fyrir endann á þeim. En okkur hefur ekki gefizt tækifæri til að ræða við hann og hans fylgismenn. Ég vil því fara fram á, að hann taki till. sínar aftur til 3. umr. Það getur verið, að ekki náist samkomulag, en þeir, sem gera tillögur þessar að skilyrði fyrir fylgi við frv., hafa þó engu tapað, þótt þær séu teknar aftur til 3. umr.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það voru nokkur ummæli í ræðu hv. þm. Ísaf. fyrir tveimur dögum, sem eru tilefni til nokkurra athugasemda. Hv. þm. ræddi um starfsemi fjárhagsráðs og íbúðabyggingar og komst m. a. svo að orði, að fjárhagsráð hefði veitt öll leyfi, sem sótt hefði verið um, úti á landi og í Reykjavík þau, sem ekki hefðu verið stærri en 130 m². Mér kom þetta dálítið spánskt fyrir sjónir, þar eð mér er kunnugt um margar íbúðir, sem synjað hefur verið um. Ég vil einkum snúa mér að því, sem snertir Reykjavíkurbæ. Reykjavíkurbær sótti um leyfi til að byggja 80 íbúðir, en fékk aðeins leyfi fyrir helmingnum, og það takmarkað leyfi. Á síðasta ári voru veitt leyfi fyrir 319 íbúðum hér, en 356 var synjað, eða nokkru fleiri en leyfin voru, sem veitt voru, en af leyfunum, sem veitt voru, voru 89 fyrir íbúðum, sem voru stærri en 130 m², sem hv. þm. talaði um, að öllum hefði verið synjað. Nú vita allir, að mörgum hefur verið neitað um leyfi, og er ég því að velta því fyrir mér, hvernig geti staðið á þessum ummælum hjá hv. þm.

Hugsanlegt er, að þeim, sem ekki höfðu lóðaleyfi, hafi verið neitað, en slíkt væri fjarri öllu lagi, þegar það er athugað, að samningar fóru fram um það milli bæjarstjórnar Reykjavíkur og fjárhagsráðs, hvort fyrst skyldi úthluta byggingarleyfum eða lóðaleyfum, og samkomulag náðist um það, að fyrst skyldi fjárhagsráð úthluta byggingarleyfum. Ef synjun um byggingarleyfi er því byggð á því, að hlutaðeigandi hafi ekki lóð, er það fjarri öllu lagi, þar sem samkomulag hefur náðst um þetta atriði. Ég skal ekki kveða upp neinn dóm yfir fjárhagsráði, en tölurnar tala sínu máli, og vitað er, að aðeins 319 byggingarleyfi voru veitt og sum af þeim aðeins málamyndaleyfi, eins og t. d. leyfin til Reykjavíkurbæjar. — Þá kom hv. þm. Ísaf. að því, að sumir aðilar hefðu ekki notað sér leyfin, þar á meðal Reykjavíkurbær ekki notað leyfi fyrir 40 íbúðum. Þetta þarf að leiðrétta. Bærinn sótti um leyfi fyrir tveimur húsum, hvoru með 40 íbúðum, en fékk aðeins leyfi fyrir öðru og það þó með því skilyrði, að aðeins kjallarinn yrði reistur á árinu. Það hefur oft tekið langan tíma að byggja stórhýsi og þau á þann hátt orðið dýrari. Ráðamenn bæjarins urðu því sammála um að byggja húsið á sem skemmstum tíma, ekki á 4—5 árum, eins og stundum hefur orðið. Og það, sem talað var við nefndarmenn, voru þeir á sama máli. Þvert ofan í öll þessi sjónarmið synjar fjárhagsráð um leyfi fyrir öðru þessara húsa, en leyfir hitt með því skilyrði, að alls ekki megi byggja meira en kjallara þess á árinu 1948 og það gildir sama og enga íbúð þar á því ári, því að ekki mátti hafa íbúðir í kjallaranum. Bærinn leit á þetta leyfi sem raunverulega synjun, annað var ekki hægt.

Í öðru lagi er þess að geta, að bærinn sótti um leyfi fyrir húsbyggingum með tilliti til laga um opinbera aðstoð við íbúðarhúsabyggingar bæjar- og sveitarfélaga og byggði þar á lánum, sem á að veita samkv. þeim lögum. En um leið og fjárhagsráð afgreiðir þetta, gerist það, að Alþ. frestar framkvæmd þessara umræddu laga. Þar með var ekki lengur til staðar sá fjárhagsgrundvöllur, sem bærinn byggði á í þessu efni. Það hefur komið fram hjá hv. þm. Ísaf. oftar en einu sinni, að hann hefur verið að álasa Reykjavíkurbæ fyrir að hamstra leyfum, en ég ætla að öllum sé nú ljóst, hve fjarri lagi slíkar ásakanir eru.

Ég skal að lokum geta þess, að afgreiðsla fjárhagsráðs á umsóknum um byggingar í Reykjavík 1948 var algerlega óviðunandi. Samkvæmt rannsókn hagfræðings bæjarins þarf að byggja a. m. k. 500—600 íbúðir í bænum á ári til að fullnægja eðlilegri fólksfjölgun. Það er lágmarkstala og miðast við fólksfjölgun, en sáralitlu væri hægt að útrýma af heilsuspillandi íbúðum, þótt svo mikið væri byggt sem ég nefndi áðan. En fjárhagsráð synjaði um leyfi fyrir 356 íbúðum hér í bæ 1948, en veitti aðeins leyfi fyrir 319, og ég veit, að nú eru uppi raddir um það í ráðinu að lækka þessa tölu ofan í 200—300 á þessu ári. Ég tel, að þetta megi hreint ekki verða niðurstaðan. Það þekkja allir, hve þörfin er gífurleg. Við hljótum að vera samdóma um, að ef horfið er að því ráði að takmarka íbúðarhúsabyggingar í Reykjavík enn meira í ár en s.l. ár, að þá horfir beinlínis til stórkostlegra vandræða. Ég tel það lágmark, að fjárhagsráð veiti leyfi fyrir 600 nýjum íbúðum í bænum á þessu ári, alls ekki færri íbúðum, og í rauninni er alls ekki hægt að una við 200—300 íbúðir, sem er minna en helmingur þess, sem er alveg nauðsynlegt.

Frsm. 3. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég hefði í sjálfu sér ekki þurft að taka hér mikið til máls, ef hv. þm. S-Þ. hefði ekki látið svoleiðis ummæli falla um brtt. mínar, að þær væru alger banaráð við málið og ég hefði í engu falli gengið til móts við óskir húseigenda í bænum. Ég sé, að hv. þm. er hér ekki viðstaddur, og þykir nú miður að svara honum á meðan. Hann er líklega ekki hér í námunda við þingsalinn? Ef það væri athugað, vík ég örfáum orðum að öðrum á meðan.

Hv. 3. þm. Reykv., sem vék að till. mínum lítið eitt, virtist finna þeim það helzt til foráttu, að bæjar- og sveitastjórnir skuli eiga að ákveða um gildi laganna, hvað þau séu lengi í gildi á hverjum stað. Taldi hann, að Alþ. ætti að ákveða, hvenær lögin skyldu ganga úr gildi, eins og það ákvað um gildistöku þeirra á sínum tíma. En þegar lög þessi voru sett, voru alveg sérstakar kringumstæður. Þá var heimsstyrjöldin byrjuð og ýmsar truflanir í húsnæðismálunum og meiri truflanir þóttust menn sjá fyrir, og því voru lög sett um þetta eins og svo margt annað í þjóðfélaginu. Ég hygg, að það hafi fyrst og fremst verið gert vegna íbúa Reykjavíkur, ekki kannske vegna húseigenda, það skal ég viðurkenna. Nú hafa aðstæður breytzt nokkuð í þessum efnum, þannig að ætla mætti, að hægt væri að fara að nema þessi lög aftur úr gildi, eða þannig lít ég á málið, eins og hv. flm., að sá tími fari að nálgast og sé vonandi ekki langt fram undan, að hægt sé að afnema lögin. Mínar brtt. bera vott um, að ég lít svipað á þetta og flutningsmennirnir. Þó er sá munur á, að ég er ekki alveg eins öruggur að ákveða, að eftir rúmt ár skuli lögin upphafin, svo sannfærður er ég ekki um, að kominn verði þá á jöfnuður um þetta hér í Reykjavík. Því vil ég, að bæjaryfirvöldin ákveði á hverjum stað, hvort gerlegt sé að nema lögin úr gildi, er þar að kemur. Þeim bæjaryfirvöldum er eða ætti að vera bezt treystandi til að þekkja þörfina, hverjum á sínum stað, og þess vegna sé ákvörðunarrétturinn um það, hvort lögin skuli vera í gildi áfram eða ekki, í höndum bæjaryfirvalda eftir 14. maí 1951 og að miklu leyti, þ. e. varðandi leiguhúsnæði, þegar eftir 14. maí 1950. Það er að vísu svo, að samkv. mínum till. fellur þessi þáttur laganna ekki úr gildi fyrr en ári síðar en flm. leggja til í sínum tillögum. En það held ég geti ekki skoðazt svo mikilvægt út af fyrir sig, að ekki væri vert á það að líta af flm. Ég held, að það sé ekki sanngjarnt að heimta það af þm., sem allmargir eru utan af landi, að þeir gerist dómarar í þessu efni og ákveði nú, að vorið 1950 skuli húsaleigulögin að fullu og öllu falla úr gildi. Áreiðanlega hefur bæjarstjórnin betri aðstöðu og yfirsýn yfir þessi mál til að

taka endanlega ákvörðun um þetta. Og það er ekkert sérstakt um þetta atriði, þó að það gilti eitthvað lengur, því að enn er ekki fyrirsjáanlegt, hvenær ýmiss konar löggjöf, sem sett var á stríðsárunum, verður numin úr gildi, t. d. afurðasölulögin, og sama má segja um verðlag á ýmiss konar varningi í landinu. Sama er að segja um innflutningsverzlunina og fleira, svo að það eimir eftir af þessari löggjöf frá stríðstímunum í ýmsum greinum enn þá, og það er sökum þess, að öllum er ljóst, að ekki er, því miður, komið á það jafnvægi í þjóðfélaginu eftir stríðið, sem æskilegt væri.

Ég sé, að hv. þm. S-Þ. er enn ókominn hingað í þingsalinn. Nú, það sakar málið í sjálfu sér ekki, þótt ég láti niður falla að svara honum mörgu. Mér fannst af ræðu hans, að hann hefði ekki lesið till. mínar, eða þá lesið þær eins og viss persóna bibliuna, því að sannleikurinn er sá, að það er tímatakmarkið eitt, sem er annað hjá mér en flm., og ákvörðunarrétturinn um það, hvenær lögin skuli úr gildi falla, er færður yfir á bæjarstjórn Reykjavíkur, eða bæjar- og sveitarstjórnir nánar tiltekið. Það er allur munurinn. Og þetta finnst mér harla einkennilegt, að hv. þm. skuli líta svo á, að það skuli muna svo miklu, að ég geri ráð fyrir, að nokkur atriði laganna séu ári lengur í gildi en frv. gerir ráð fyrir, að málið sé bara gersamlega eyðilagt með því. Ég undrast, hve seint ég heyri rödd þessa hv. þm., því að ég minnist ekki, að hann hafi nokkru sinni talað um þessa löggjöf hér áður. Ég varð að hafa afskipti af þessum málum fyrir tveimur árum hér á þinginu og lét þá í ljós undrun mína yfir því, hve lítið hefði rætzt úr þessum málum í Reykjavík og hve lítið væri hægt að rýmka lögin. En málið hélt þá ekki áfram í þinginu.

Annars var ekki eitt, heldur margt furðulegt í ræðu hv. þm. S-Þ. Hann veitti þm. utan af landi ákúrur, og af því að við hv. þm. Ísaf. höfðum sagt nokkur orð, þá taldi hann, að við værum að greiða fyrir fólksflutningum til Reykjavíkur. Mér skildist jafnvel helzt á honum, að till. mínar opnuðu öllum Árnesingum leið til að setjast að hér, af því að ég vildi færa tímatakmark laganna fram um eitt ár. Sjálfur er hann því fylgjandi að afnema húsaleigulögin fyrr, þannig að hægt væri að losa allar leiguíbúðir í Reykjavík og þá fyrst væntanlega opna aðkomufólki leið hingað, en í mínum till. er gert ráð fyrir að afnema lögin í áföngum og til fulls 1951, það skal ég viðurkenna. En ef menn vilja endilega flytja til Reykjavíkur og útvega sér þar húsnæði, þá skilst mér, að auðveldara sé að verða sér úti um húsaskjól, þegar búið er að losa allt leiguhúsnæði með afnámi húsaleigulaganna, í stað þess að það er bundið, á meðan lögin eru í gildi. Ég held, að hann sé þá sjálfur manna óðfúsastur á að koma fólki til Reykjavíkur með því að vilja afnema lögin sem fyrst, ef húsnæði verður þá svo laust fyrir sem hann vill vera láta og fólk sólgið í að flytja hingað, og tel ég þá ekki mitt hlutverk að greiða sérstaklega fyrir afnámi laganna. Hins vegar skal ég viðurkenna, að mínar till. eru ekki miðaðar við þennan hugsanagang, því að það hefur sýnt sig, að menn hafa flutt til Reykjavíkur eftir vild að kalla, meðan lögin hafa verið í gildi, svo að afnám þeirra mun ekki hafa svo mikið að segja í því efni. Mér finnst öll þessi röksemdafærsla hjá hv. þm. S-Þ. afar kyndug.

Þá minntist hann á, að ég hefði verið 1. flm. að togaravökulögunum á sinni tíð, og taldi mér það til tekna. Sjálfur hef ég einnig gert það, enda var um mikið réttlætismál að ræða. En mér skildist á hv. þm., að tillögur mínar nú í húsnæðismálunum væru eins og hrein andstæða samanborið við afstöðu mína til vökulaganna, þá hefði ég verið að verja rétt lítilmagnans, en nú væri ég að ganga á rétt lítilmagnans, þ. e. húseigenda, með því að vera ekki með því, að húsaleigulögin væru afnumin samkv. frv. Ætli þetta sé nú alveg víst? Mér dettur ekki í hug að mótmæla því, að bundið húsnæði hafi orðið til þess, að sumir húseigendur hafi orðið hart úti og orðið fyrir ýmiss konar óþægindum í sambúð við leigjendur. Það getur meira en verið. En er það þá alveg víst, að einhverjir leigjendur, t. d. barnafjölskyldur, hafi haft eða muni hafa betri aðstöðu, þegar þeim er kastað út á götuna. Þá má ætla, að menn séu nokkuð við aldur yfirleitt, sem átt hafa hús áður en eða þegar lögin gengu í gildi, og hafi því ekki yfirleitt ungbörn á sínu framfæri. Miklu fremur mætti ætla, að þeir, sem sitja í leiguhúsnæði, hafi börn á framfæri sínu. Og ætli það sé þá ekki dálítill skyldleiki milli framkomu minnar gagnvart togaravökulögunum og nú gagnvart þessu máli og að þetta sé þá eitthvað öðruvísi en hv. þm. vill vera láta?

Hv. þm. taldi, að þessi lög snertu ¼ Reykvíkinga, og fannst ekki ástæða til að hafa þau í gildi. Eftir frv. falla lögin að fullu úr gildi 1950, en einu ári seinna eftir mínum tillögum, og ætti að vera hægt að þreyja það eina ár. En úr því að lögunum fylgir svo mikil rangsleitni að hans dómi og sumra annarra, hví þá ekki að nema þau úr gildi strax á þessu ári? Það væri meira samræmi þar á milli, frá því sjónarmiði séð.

Ég hef „nóterað" hér hjá mér ýmis fleiri atriði, sem ég hafði hugsað mér að minnast á, en úr því að hv. þm. S-Þ. er hér ekki viðstaddur, kæri ég mig ekki um að fjölyrða um þau. En mér skildist hann fyrst og fremst telja sig málsvara þeirra, sem eiga hús, og ekki fór hann dult með óvilja sinn gagnvart mínum till., og kann ég ekki að vita, hve margir vilja drepa þær. Ég vil því sjá hug manna til þeirra hér við 2. umr. Hv. flm., 5. þm. Reykv., hefur tekið vel í mínar till., en ég get því miður ekki orðið við þeirri ósk að taka þær aftur til 3. umr. og láta þær þá fyrst koma til atkvæða, því að verði þær þá felldar, er ekkert ráðrúm fyrir mig að reyna að fá einhverja lagfæringu. Ég get því ekki átt undir því að láta þær ekki koma fyrr til atkvæða. Verði þær hins vegar felldar nú við þessa umræðu, get ég þó alltaf reynt að fá einhverja lagfæringu við 3 umr. Ég get því ekki tekið till. mínar aftur til 3. umr. samkv. ósk hv. 5. þm. Reykv., þó að ég hefði viljað gera það hans vegna, ef hægt hefði verið. Ég bendi líka á, að ekki er skaði skeður fyrir hann, þó að atkv. gangi nú einnig um mínar till., því að honum gefst þá tóm til við 3. umr. að leitast

við að fá lagfæringu, ef hann er ekki ánægður með afgreiðslu málsins við þessa umr.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Nd., 18. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 2. minni hl. (Finnur Jónsson): Umræður um þetta mál hafa nú farið á víð og dreif og jafnvel snúizt um húsnæðismál almennt og þó sérstaklega um leyfisveitingar fjárhagsráðs fyrir húsbyggingum á síðastliðnu ári. Ég vona, að hæstv. forseti sýni mér þolinmæði og afsaki, þótt ég fari dálitið út í húsbyggingar almennt, eins og aðrir hafa gert. — Ég gat þess viðvíkjandi leyfisveitingum fjárhagsráðs, að leyfin hefðu yfirleitt verið veitt út á land, en dregið úr þeim til Reykjavíkur, en þar átti ég auðvitað við þær umsóknir, sem bárust fjárhagsráði fyrir tilsettan tíma og uppfylltu hin settu skilyrði. Ég veit ekki, hvort ég hef tekið þetta nógu skýrt fram. Hins vegar sé ég, að öll blöðin hafa haft þetta á annan veg en ég ætlaði að segja. Nú liggur hér fyrir skýrsla fjárhagsráðs frá því í sept. 1948 um fjárfestingu til bygginga, og þar er sundurliðað, hve mikið var veitt af leyfum til Reykjavíkur, til kaupstaða og kauptúna úti á landi og til sveitanna. Í skýrslunni kemur í ljós, að leyfisveitingum er skipt hlutfallslega rétt um landið eftir íbúafjölda. Af öllum leyfisveitingum fær því Reykjavík 35%. Þm. hafa nú skýrsluna og geta athugað hana, og ég hugsa, að ef þeir lesa hana, þá muni leiðréttast sá misskilningur, sem hefur komið fram í umr.

Hv. 2. þm. Reykv. vék að mér alllangri ræðu út af athugasemdum mínum við fyrri ræðu hans, og sagði hann, að afstaða mín til laga um útrýmingu heilsuspillandi íbúða hefði verið að fresta framkvæmd laganna og greiða síðan atkvæði gegn tillögu sósíalista um 1 millj. kr. framlag til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum. Hv. þm. sagði í sömu ræðu, að það væri furða, hve hægt væri að ljúga frá Austurvelli til Austurstrætis, en ég vil segja, að það er furða, hve hægt er að snúa öllum málsatriðum á ekki lengri leið en er á milli sæta okkar hv. 2. þm. Reykv., og þessi ummæli hans eru því furðulegri, þegar þess er gætt einmitt, að ég lét semja þennan lagabálk og bar hann fram hér og samkvæmt þessum lögum hafa þegar verið greiddar 6 millj. kr. til útrýmingar heilsuspillandi íbúða. Ef 2. þm. Reykv. telur ástæðu til þess að hæla sér af þessari tillögu sinni um 1 millj. kr. framlag, þá ætti ég að geta hælt mér 6 sinnum meira. Ég hef þó ekki séð ástæðu til þess að benda á þetta nema að gefnu þessu tilefni frá 2. þm. Reykv., enda skipti um, eftir að þessi lög voru samþ., því að þá var byggt meira af verkamannabústöðum og samvinnubústöðum en nokkurn tíma fyrr. Það orkar því ekki tvímælis, að enda þótt lögum þessum væri nokkuð breytt í framkvæmd varðandi kaflann um heilsuspillandi íbúðir, þá hafa þau þó verið til mjög mikillar aðstoðar fyrir hina minni máttar við að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Annars ætlast ég ekki til neinnar viðurkenningar af hv. 2. þm. Reykv., en ég sé ekki ástæðu til þess, að hann snúi svo málsatriðum sem hann hefur gert. Annars verð ég að segja það út af ræðu hans, að eins og svo oft áður, þá er mælska hans svo mikil, að það er eins og tveir eða þrír menn séu að tala saman og séu sinn á hvorri skoðun. Annars var það áberandi hjá hv. þm., að hann taldi fjárhagsráði margt til foráttu og meðal annars það, að það hafi gert áætlun og neiti svo um sjálfsögð leyfi, en í sömu andránni kvartar hann yfir því, að till., sem áttu að veita fjárhagsráði algert einokunarvald í leyfaveitingum og alræði yfir lánsfjárstarfsemi bankanna, skuli hafa verið felldar. Þetta sýnir betur en nokkuð annað, að hv. 2. þm. Reykv. er eins og tveir menn, sem deila innbyrðis. Hvernig dettur manninum í hug að láta þetta auma vald hafa alræðisvald yfir útlánastarfsemi bankanna? — Nú, í ræðu sinni um daginn við 1. umr. málsins hélt 2. þm. Reykv. því fram, að fjárhagsráð hefði ekki gefið út nógu há leyfi til bygginga, og lét þau orð falla, að óhætt hefði verið að gefa út meiri leyfi, og færði hann þau rök fyrir máli sínu, að fátæktin mundi ráða því, hvað framkvæmt yrði og hverjir mundu ekki hagnýta leyfi sín. Nú hafði fjárhagsráð hagað störfum sínum svo, að það leit fyrst og fremst til þeirra umsókna, þar sem í hlut áttu menn með stórar fjölskyldur, er vildu byggja litlar íbúðir fyrir sig og fjölskyldur sínar. Það var því fyrst og fremst reynt að úthluta leyfunum þangað, sem það var vitað mál, að þau væru notuð til afnota fyrir fjölskyldur, sem mundu hagnýta húsnæði sitt sjálfar, en ekki til þeirra manna, sem hafa lifað á því á undanförnum árum að byggja íbúðarhús og selja til þess að græða á því stórfé, en slíkt hefur verið algengt á undanförnum árum. En það er eftirtektarvert, að eftir kenningum hv. 2. þm. Reykv. þá á fyrst og fremst að veita byggingarefni til þessara manna, en láta þá fátæku sitja á hakanum. Ég drep nú á þetta svona til gamans til þess að varpa ljósi á sleggjudóma þá, sem hv. þm. hefur haft hér í frammi. Hann hefur ekki kynnt sér þessi mál, en slegið fram fullyrðingum sínum í sínum mikla mælskuflaumi og án þess, að hann meini það, sem hann er að segja, eða viti, hvað hann er að fara. Nú var mér þetta ljóst þegar við 1. umr. málsins, er ég ræddi nokkuð skýrslu þá, sem fjárhagsráð hafði látið gera varðandi fjárfestinguna. Í álitsgerð þessari er sagt frá störfum fjárhagsráðs og störf þess gagnrýnd, en það má finna að verkum þess eins og öðrum mannlegum verkum. En einmitt þess vegna, að álitsgerð þessi er að nokkru athugasemd um störf fjárhagsráðs, þá sá ráðið, að eðlilegt væri að senda m. a. alþm. álitsgerðina, til þess að þeir gætu kynnt sér störf stofnunarinnar. En eftirtektarverðast við þessa álitsgerð er það, að skýrslan sýnir, að fjárhagsráð hefur gefið út of há fjárfestingarleyfi, en ekki of lág, eins og hv. 2. þm. Reykv. talaði svo mjög um í ræðu sinni. Þeim ber því mikið í milli hv. þm. og hagfræðingi Sósfl., Jónasi Haralz, sem var einn þeirra hagfræðinga, sem sömdu þessa álitsgerð. Ég held, að það hefði verið ráðlegra fyrir hv. þm. að ráðfæra sig við hagfræðing kommúnista, áður en hann fór út á þessar

vandlætingabrautir. Ef hv. 2. þm. Reykv. hefði gefið sér tíma til að lesa álitsgerðina, þá hefði það e. t. v. forðað honum frá því að lenda úti á þeim villigötum, sem hann hefur komizt á með allri meðferð sinni og mælgi í þessu máli. Í skýrslunni er m. a. bent á, að draga verði stórlega úr veitingum til nýrra íbúðarhúsbygginga til þess að geta lokið þeim, sem þegar hefur verið byrjað á. Fjárhagsráð hefur þegar veitt það mikil leyfi til bygginga, að erfitt mun reynast að fullgera þau hús, sem þegar eru langt komin. Hitt er svo annað mál og annar þáttur þess, að fjárhagsráð tók við byggingarmálum þjóðarinnar í hinu mesta öngþveiti eftir störf nýbyggingarráðs. Var svo komið, að erfitt var að finna grundvöll til að fóta sig á og vinna eftir á minna en 1½—2 ára tíma. Hv. hagfræðingur kommúnista kemst svo að orði á bls. 45 í álitsgerðinni, með leyfi forseta: „Í öðru lagi má fullyrða, að ekki sé nú með neinni fjárfestingu eða neinum tæknilegum framförum á skömmum tíma hægt að ná eins mikilli afkastaaukningu í þjóðfélaginu og hægt væri með því að draga úr hinni gífurlegu almennu ofþenslu í atvinnu- og viðskiptalífinu". Og svo heldur hagfræðingur kommúnista áfram: „Ráðið til úrbóta á þessu sviði er því ekki fólgið í að auka veitingu fjárfestingarleyfa, heldur þvert á móti að draga úr henni". Eins og þm. heyra, þá er þetta álit hagfræðings kommúnista, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur miklar mætur á. Svo kemur hv. 2. þm. Reykv. hér og heimtar, að fjárhagsráð gefi út leyfi í belg og biðu, þó að því sé yfir lýst, að fjárhagsráð hafi gengið of langt í leyfisveitingum, en ekki of skammt. Um fjárfestinguna 1949 segja hagfræðingarnir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Með tilliti til þess, sem að framan hefur verið sagt, ætti það þó að vera auðskilið mál, að jafnmiklar leyfisveitingar og 1948 gætu ekki að öðrum ástæðum óbreyttum aukið raunverulega fjárfestingu, heldur aðeins valdið auknum glundroða." Með öðrum orðum, hvar sem er slegið upp í álitsgerð hagfræðinganna, ber að sama brunni. Hagfræðingarnir hafa algerlega gagnstæðar skoðanir við hv. 2. þm. Reykv. Hv. þm. vill, að gefin séu út leyfi í belg og biðu, án þess að séð sé fyrir, að nægur innflutningur sé tryggður, til þess að fullnægja megi leyfum þeim, sem út eru gefin. Ef ég væri í sporum hv. þm., þá mundi ég byrja á því að reyna að gera mér grein fyrir, hver aðferðin væri réttari, og kynna mér alla málavexti, áður en ég stæði upp og talaði, eða að öðrum kosti láta það vera. En hv. þm. hefur aðra aðferð, og það hefur margt einkennilegt upp úr honum komið, eins og t. d. þegar hann sagði eitthvað á þessa leið: Við höfum meiri getu en aðrar þjóðir til að byggja yfir íbúa lands vors og eigum ekki að stoppa, meðan við getum eytt 30 millj. kr. til bílanna. — Með öðrum orðum, meðan gegndarlaust er eytt til bifreiðakaupa, þá á að vera hægt að byggja hvað mest. Það er álit 2. þm. Reykv., en maður hefði nú haldið, að það væri raunhæfara að skera eitthvað niður innflutning bíla, en hagnýta heldur þann gjaldeyri, sem til þess færi, til kaupa á byggingarvörum og þar með aukinna framkvæmda í byggingarmálum. Það er von menn undrist þau rök, sem þessi hv. þm. lætur sér af vörum falla.

Nú, þá var hv. þm. tað tala um það, að fjárhagsráð hefði ekki eftirlit með því, hverjir fengu leyfi fyrir gjaldeyri til vörukaupa. Er mjög furðulegt, að þm. skuli ekki vita betur um þetta. Fjárhagsráð gerir aðeins áætlanir um fjárfestinguna og ákveður, hvað mikið magn skuli flytjast inn í hverjum vöruflokki. Það tilkynnir síðan viðskiptanefndinni þær ákvarðanir með fyrirmælum um að veita leyfi samkv. því, en viðskiptanefndin sér síðan um úthlutun leyfa á milli aðila. Þetta finnst mér nú, að hv. þm. ætti að vita. En þetta er raunar í samræmi við alla framkomu hv. þm., að hann er í endalausum ágreiningi við sjálfan sig. Hv. þm. hefur t. d. oft kvartað um skömmtunarfarganið, en í síðustu ræðu sinni leggur hann orð í belg, hvort ekki sé rétt að skammta allt byggingarefni. En á sama tíma snýr hann blaðinu við og hefur uppi mikla mælgi og stór orð, að allt verði að gefa frjálst og ekkert megi skammta, — fátæktin muni verða hinn mikli takmarkari og vöruskiptari. Ég vildi sannarlega stuðla að því að afnema skömmtun á sem flestum sviðum, og vonandi eru takmarkanir sem skömmtunin stundarfyrirbrigði. Hún er framkvæmd til þess að komast hjá vandræðum, en allir þeir, sem nokkuð þekkja til, hafa svipaðar hvatir og óska þess, að höftin verði ekki aukin enn frá því, sem nú er. En vitaskuld fer það eftir því, hvernig okkur mun vegna gjaldeyrislega.

Ég get svo látið útrætt við hv. 2. þm. Reykv. Mér finnst hann eins geta deilt við hagfræðing flokks síns, Jónas Haralz, eins og halda uppi mælgi hér í hv. þd. Ég vil ítreka það, sem ég hef áður sagt, að þó að ég sé ekki nema í vissum tilfellum sammála Jónasi Haralz, þá hefur hann svo mikla kunnáttu á þessum málum, að ég býst við, að hv. 2. þm. Reykv. hefði gott af að fara í skóla hjá honum, áður en hann talar mikið um þessi mál hér á Alþingi.

Hv. þm. Snæf. talaði hér — og það af nokkurri þykkju — um leyfisveitingar fjárhagsráðs til Reykjavíkurbæjar á síðasta ári. Hv. þm. hafði varla átyllu til þess, og var ég hvergi að gagnrýna framkvæmdir bæjarins í ræðu minni um daginn. Ég benti hins vegar á það, að bærinn hefði fengið nokkuð rífleg leyfi, sem hann hagnýtti ekki af einhverjum ástæðum. En þegar slíkt kemur fyrir, þá mun það leiða af sér, að það kemur niður á öðrum aðilum, sem annars hefði verið úthlutað því magni byggingarefnis, sem gert var ráð fyrir, að Reykjavíkurbær mundi hagnýta á árinu. Reykjavíkurbær fékk leyfi til byggingar á skóla í Langholti. Áætluð sementsþörf var 500 smálestir. Þá fékk bærinn leyfi til að byrja að byggja 40 íbúðarhús. Sementsþörf var áætluð ca. 200 smálestir. Alls hefur því bærinn fengið leyfi fyrir 700 smálestum af sementi, sem hann hagnýtti ekki. Ef reiknað er með venjulegum íbúðum og áætluð sementsþörf ca. 20 smálestir, þá lætur nærri, að hægt hefði verið að veita öðrum aðilum leyfi fyrir 35 íbúðum, en það eru fjölda margir aðrir, sem hefðu hagnýtt þetta. Það er því að taka frá öðrum, þegar ekki er byggt fyrir það, sem

sótt er um og veitt er út á. Mér finnst ástæða til þess að benda á þetta, því að hv. þm. Snæf. talaði með nokkurri þykkju um málið. Nú hygg ég, að ég geti nú nokkuð lesið í eyðurnar varðandi framkomu bæjarins, að hann skyldi ekki sjá sér fært að byrja að byggja kjallara þessa 40 íbúða húss, en stöðvun framkvæmda af bæjarins hálfu hafi ekki verið sökum þess, að ekki fékkst að fullgera íbúðirnar. Ég held, að það sé frekar sú ástæða, að eftir þá reynslu, sem fékkst af byggingu Lönguhlíðarhúsanna svonefndu, þá hafi forráðamenn bæjarins verið í nokkrum efa og ekki talið heppilegt að byggja áfram í þeirri mynd og þess vegna hætt við þau byggingaráform, enda gat ekki slíkt farið saman, að efna loforð um byggingu ódýrra og hentugra íbúða og halda þeirri stefnu áfram, sem var við Lönguhlíð, því að það eru of dýr hús. Nú segir hv. þm. Snæf., að byggingarframkvæmdum hafi verið skotið á frest sökum þess, að l. um heilsuspillandi húsnæði hafi verið breytt af Alþingi. Ég skal ekki rengja hv. þm., en þetta finnst mér mjög ósennileg skýring. Bráðabirgðabreyt á l. var samþ. á Alþ. hinn 24. marz 1948, en fjárfestingarleyfið til bæjarins var dags. 5. maí 1948, og hefur þannig 1½ mánuður liðið frá því, að l. var breytt, þar til fjárfestingarleyfi fyrir íbúðarhúsunum er gefið út. Ég leyfi mér því að álykta, að ef breyt. l. hafi haft nokkuð að segja, þá hefði bærinn hætt við framkvæmdir þessar. Borgarstjóranum var því innan handar að sjá svo um, að ekki þyrfti að gefa leyfið út, þar eð l. hefði verið breytt. Mér finnst það vera ábyrgðarhluti, er sótt er eftir byggingarefni, sem lítið er af, og ekki hagnýtt.

Hv. 5. þm. Reykv. var að minna á loforð um, að húsaleigulögin væru afnumin. Ég veit ekki, hver hefur gefið þau loforð. Ég hef aldrei heyrt minnzt á slík loforð. Hann sagði einnig, að það væri ekki svo mikið húsnæði lengur, sem heyrði undir þessi lög. En ég vil upplýsa, að húsaleigun. telur það ekki vera rétt, að létta l. af, því að það er enn mikið húsnæði, sem l. þessi ná til, og mundi það því valda miklum glundroða, ef þau yrðu afnumin. Löggjöfin veldur ýmsum óréttí, það skal viðurkennt, en hitt er ég hræddur um, að sá ójöfnuður, sem hv. 5. þm. Reykv. talar svo mikið um og aðrir, sem frv. fylgja, verði meiri, ef frv. þetta nær fram að ganga. Nú hefur verið á það bent, m. a. af hv. 1. þm. Árn., að húsaleiga sé afar misjöfn í bænum, og á það hafa flm. frv. líka bent og það mjög réttilega. Er því hyggilegt að varast hækkanir frá því, sem nú er, en reyna hins vegar að koma hér á jöfnuði, og vil ég minna hv. þm. á, að Alþfl. hefur lýst yfir vilja sínum til að breyta þessari löggjöf í þá átt, að húsaleiga verði samræmd og réttur leigutakanna sé tryggður engu að síður en leigjenda. Ef til vill er þetta sú leið, sem færust er út úr ógöngunum, og ef vilji er fyrir hendi að breyta til, þá verður að byrja á því að afnema ójöfnuðinn og rétta hlut þeirra leigjenda, sem búa við ósanngjörn kjör. Mér er ljóst, að ekkert nema gott vakir fyrir flm. þessa frv., en þeir eru á rangri leið, en það er enginn vafi, að það má finna aðra færa leið til að jafna agnúana á húsaleigulögunum, aðra en að hleypa öllu í öngþveiti.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Í þeirri ræðu, sem hv. þm. Ísaf. hélt hér næst á undan þeirri, sem hann hélt núna síðast, skoraði hann á mig að nefna dæmi varðandi það, að fjárhagsráð hefði synjað um byggingarleyfi, eins og ég hafði sagt, og hv. þm. sagði, að ég mundi ekki geta nefnt neitt dæmi, þar sem ekki væri af neinu að taka. Fyrsti maðurinn, sem ég hitti, þegar ég kom út úr deildinni, sagði mér einmitt eitt dæmi úr þeim stað, þaðan sem hann er, utan af landi. Ég nefndi það dæmi og skoraði á hv. þm. Ísaf. að reyna að hnekkja því, en hann hefur ekki borið við að reyna það, hvað þá heldur meira. Og ekki voru aðfarirnar betri hvað snertir aðra þætti ræðu hans. Hann byrjar á því að barma sér yfir því, að ég skuli ekki þakka honum betur fyrir l. um útrýmingu heilsuspillandi íbúða en að bera á hann, að hann hafi greitt atkv. með „bandorminum" og á móti till. okkar sósialista um milljón króna framlagið. En hv. þm. Ísaf. reyndi hvorki að bera á móti því, að hann hafi greitt atkv. með „bandorminum", né heldur reyndi hann að bera á móti því, að hann hefði verið á móti till. okkar sósialista um milljón króna framlagið, heldur fór hann út í allt aðra sálma. Hann reyndi það ekki einu sinni. En hann kom með það í staðinn, að þegar hann hafi verið dómsmrh., þá hafi hann unnið vel og því beri að þakka sér fyrir það. Já, þegar hann var í góðum félagsskap, þá gat hann bara unnið svo vel, og honum var þakkað fyrir það. Honum var þakkað fyrir það í síðustu kosningum, því að ef hann hefði ekki verið í góðum félagsskap, þegar hann var í ríkisstj. með sósialistum, þá er ekki öruggt um, að hann væri hér nú. En hvað gerðist þá? Jú, það, sem gerðist, var það, að það sýndi sig, að þegar hann er í góðum félagsskap, þá er vel hægt að nota hann, en eftir kosningarnar, þá lendir hann út úr þessum góða félagsskap og lendir svo í þessum hræðilega félagsskap, sem hann er í núna. Eitt er það, sem hann gerir. Hann kemur hér og biður okkur um að þakka sér fyrir þetta óskabarn sitt. En hvað er það svo, sem hann gerir við þetta óskabarn sitt, eftir að hann er kominn í þennan hræðilega félagsskap? Jú, það, sem hann gerir, það er nú hvorki meira né minna en það, að hann hálfdrepur það! Og svo kemur hann hérna fram og segir: Þó að ég sé nú búinn að hálfdrepa óskabarnið, þá getið þið þó alltaf komið fram og þakkað mér fyrir, að ég skyldi hafa búið það til. Hann hleypur burt úr góðum félagsskap, þar sem hann fékk gott aðhald, og í þennan líka félagsskapinn! Nei, það afsakar svei mér ekki eyðileggínguna, þó að hann fái að vinna að henni með vondum mönnum.

Þá fór hv. þm. Ísaf. að útlista það, hvernig mér hefði dottið í hug, að fjárhagsráð hefði verið stofnað. Datt hv. þm. Ísaf. það eiginlega í hug, þegar fjárhagsráð var stofnað, að það yrði önnur eins stofnun og það er nú orðið? Man hv. þm. ekki eftir því, að það var stofnað með það fyrir augum, að það ætti að vera til þess að útrýma húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum? Var það ekki aðallega þetta, sem vakti fyrir Alþfl.? Og ef það átti að hafa vald til þess að útrýma húsnæðisskortinum og heilsu-

spillandi íbúðum, þá þurfti það að hafa vald til að kveða á um fjárfestingar, það þurfti að hafa ráð yfir bankanum. En hvernig er það í framkvæmdinni? Jú, það hagar sér eins og það væri litli fingurinn á Landsbankanum. Hvernig gat hv. þm. búizt við því, að þó að það yrði slæmt, þá yrði það ekki hótinu betra en banki?

Svo minntist hv. þm. Ísaf. á það, að fátæktin væri nóg bann til þess að byggja. Já, sú fylgja, sem fátæktin er, er ærið nóg bann fyrir menn utan af landi, sem ætla sér að byggja, þó að ekki bætist þar að auki við kostnaður við að fara hingað til Reykjavíkur til þess að standa í því að reyna að fá leyfi til þess hjá fjárhagsráði að fá að byggja, ef þeir hafa fengið sér lán til þess. Svo þurfa þeir að bíða og bíða eftir svari frá þessum háu herrum, sem að endingu verður svo nei. Nei, það er svo sannarlega nógu erfitt fyrir menn utan af landi að þurfa að ráða við fátæktina, þó að ekki bætist þar á ofan heilt skriffinnskubákn. Hann talar um það, að fjárhagsráð komi í veg fyrir það, að þeir fátæku séu látnir sitja á hakanum. En hverjir eru það, sem eru hafðir á hakanum? Eru það ekki einmitt þeir fátæku, sem alltaf eru hafðir á hakanum í þessu þjóðfélagi? Miðar ekki allt að því að gera þeim fátæku ómögulegt að byggja? Er það ekki af því, að fjárhagsráð synjar um leyfi? Og þó að það veiti leyfi, er það þá ekki vegna þess, að bankavaldið neitar að hjálpa um lán? Miðar ekki allt að því að láta fátæklingana sitja á hakanum? Var það nokkuð undarlegt, þó að ég legði til, að ráðið fengi vald til þess að ákveða um þetta? Var það ekki einmitt logiskt? Var það ekki einmitt rökrétt hugsun, sem lá þar á bak við?

Þm. Ísaf. minntist á, að það væri nú eitthvað annað að lesa skýrslu fjárhagsráðs. Ég get svo sem vel lesið skýrsluna fyrir hann aftur til þess að sýna, hvernig framkvæmdirnar þar hafa verið leystar af hendi, en það er eitt, sem hv. þm. Ísaf. verður að athuga í þessu sambandi, og það er það, að í öllum höfuðmálunum er það sjálf stjórnin, sem hefur valdið. Það er í þessu tvennu, sem höfuðgallarnir liggja: Í fyrsta lagi hefur fjárhagsráð ekki notað til hlítar þá heimild, sem það fékk með l. um fjárhagsráð, um að hafa hönd í bagga með innflutningnum. Í öðru lagi hefur stjórnin vanrækt að láta gera það, sem óhjákvæmilega þurfti að gera, til þess að l. um fjárhagsráð næðu tilgangi sínum, þ. e. a. s. láta það fá vald yfir fjármálapólitík bankanna. Og í þriðja lagi er sú stefna, sem fjárhagsráð hefur tekið, alveg fram úr hófi slæm, því að eins og sást af þeim tilvitnunum, sem ég las hérna í gær, þá er þar allt á misvíxl um allar leyfisveitingar frá ráðinu, og þó að fjárhagsráð veiti fjárfestingarleyfi, þá getur strandað á viðskiptanefndinni eða bönkunum. En veit hv. þm. ekki, hvað viðskiptanefndin, sem svo er kölluð, — veit hann ekki, hvað hún heitir og hvað hún er? Hún heitir Innflutningsnefnd fjárhagsráðs og er skipuð af ráðinu sjálfu. Það ætti því að vera hægt að koma meira samræmi á milli gerða þessara aðila. En það er nú öðru nær en að það sé gert. Innflutningsnefndin eða viðskiptaráðið, það rekur eina pólitík, fjárhagsráðið rekur aðra, og svo kemur ríkisstj., hún rekur kannske enga pólitík — ríkst bara —, en svo er öll þessi pólitík á tvist og bast við þá pólitík, sem seðlabankinn rekur. Og hvernig á annað að verða úr þessu öllu saman en eitt argvítugt öngþveiti? Og svo eru menn svo ósvífnir að klessa nafni áætlunarbúskapar á þessi ósköp.

En svo þegar hv. þm. Ísaf. talar um það, hvort rétt sé að auka fjárfestingarleyfi, þá verður hann að taka það til athugunar, við hvað fjárfestingarleyfin miðast. Þau miðast við það, að vinnuaflið sé tryggt, og þar næst miða þau að því, að þetta vinnuafl sé notað til þeirra hluta, sem gagnlegir eru. En hefur þetta vinnuafl verið nýtt? Nei, langt frá því. Og ef það á nú að fara að minnka innflutninginn á byggingarefni, þá hlýtur það óhjákvæmilega að leiða til atvinnuleysis í þjóðfélaginu. Og það er mjög undarleg pólitík, að fara að skera niður innflutningsleyfi fyrir byggingarefni á sama tíma og leyfi eru veitt til þess að flytja inn vörur, svo að hægt sé að halda gangandi þeim 10—12 þúsundum bifreiða, sem fluttar hafa verið til landsins. En þetta virðist hv. þm. Ísaf. ekki skilja. En ég verð að segja það, að meðan ein þjóð hefur efni á að fleygja út 30 millj. kr. á ári til þess að kaupa fyrir benzín, gúmmí og varahluti til þess að geta haldið lúxusbílum gangandi, þá hefur hún sannarlega efni á því að flytja inn byggingarefni til þess að byggja yfir húsnæðislausa borgara þjóðfélagsins. Mér finnst vel hægt að draga þá ályktun, en eins og ég sagði, þá virðist hv. þm. Ísaf. alls ekki geta skilið það. Áður en skorinn er niður innflutningur á efni til byggingarframkvæmda, þá verður að minnka innflutning á þessu. Hins vegar vil ég taka það fram varðandi skömmtun á byggingarefni, að ef það á að vera skömmtun, þá verður hún að vera kerfisbundin, — en af hverju þarf að vera að skammta timbur og annað efni til bygginga? Auðvitað viljum við láta afnema skömmtun á þessum vörum í landinu, en fyrst óstjórnin er einu sinni komin á, þá er ekki hægt að afnema skömmtunina nema með því að afnema óstjórnina fyrst.

Ég hef nú ekki meiri tíma til þess að svara núna og verð því að láta þetta nægja. En ég býst við, að hv. þm. Ísaf. muni nú reyna að svara, þó að honum reynist það erfitt.

Frsm. 2. minni hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ekki hefði verið veitt leyfi til samvinnubygginga á Norðfirði, þá er rétt að athuga, hvenær leyfisumsókn þar að lútandi barst fjárhagsráði í hendur. Umsóknin barst fjárhagsráði ekki fyrr en eftir að umsóknarfresturinn var útrunninn, þó að 4 íbúðir hafi verið leyfðar. Annars er þarflaust að vera að elta ólar við 2. þm. Reykv. Hann heldur því fram, að ég hafi búið frv. til og komið því fram með einhverjum mökum við kommúnista, en sannleikurinn í málinu er sá, að kommúnistar komu þar hvergi nærri. Ég lagði frv. fram í samráði við fyrrv. fjmrh., Pétur heitinn Magnússon. Forsrh. þáverandi, sem er form. Sjálfstfl., óskaði þess, að ég hefði samráð við fjmrh.,

en hins vegar komu kommúnistar þar hvergi nærri. Þó að búið sé að takmarka framkvæmdaheimild þessara laga, þá er langt frá því, að þeim sé spillt að neinu leyti. Það vita allir, að þau loforð, sem ríkissjóður gefur, þau hafa lítið að segja, nema fé sé veitt á fjárl. til þess að uppfylla þau loforð. En lögin eru að öllu leyti í gildi, aðeins með þeim fyrirvara, að fé sé veitt á fjárl. Það er búið að sýna sig í ýmsum framkvæmdum, að ríkið stendur ekki við skuldbindingar, þó að þær hafi verið ákveðnar í lögum, nema fé sé veitt á fjárl.

Það, að hv. 2. þm. Reykv. er að bera í bætifláka fyrir það, að hann heimtar ótakmörkuð völd handa fjárhagsráði, það kemur að litlu haldi, því að einmitt í þessari sömu ræðu sinni er hann að kvarta yfir, að það hafi of mikil völd. Hann segir, að það hafi of mikil völd, en svo segir hann rétt á eftir, að það sé leitt, að þessi vesæla stofnun skuli ekki hafa vald yfir lánsstofnunum. Þó að ég sé farinn úr fjárhagsráði, þá treysti ég því samt vel til þess að leysa starf sitt af hendi, en þó held ég, að það yrði æði mikið og of mikið verk, ef ein stofnun ætti bæði að hafa með höndum fjárfestingarleyfi og reka þar að auki útlánastarfsemi. Með fjárfestingarleyfi er verið að ákveða, hvað gera megi, en lánsstofnanirnar hafa eins konar neitunarvald, ef einstaklingarnir hafa ekki nægilegt fjármagn sjálfir. Hv. 2. þm. Reykv. spurði að því, við hvað fjárfestingarleyfi væru miðuð. Þetta er barnaleg spurning, en ég skal þó svara honum. Fjárfestingarleyfi eru miðuð við full not vinnuaflsins, eða að nota það eins og mögulegt er. Hins vegar hlýtur innflutningurinn að miðast við gjaldeyrisöflun eða möguleika á henni, og þó að starfsemi fjárhagsráðs sé á byrjunarstigi og mjög skorti á hagfræðiskýrslur, þá verður því ekki neitað, að það hefur komizt furðanlega vel út úr því, svo að það hafa ekki aðrir gert betur, sem gert hafa áætlanir.

Hvað því viðvíkur að mjög hafi dregið úr byggingarframkvæmdum í vetur, þá er það ekki allt vegna skorts á byggingarefni, heldur kemur þar einnig fleira til, — það sjá allir þeir, sem koma út fyrir hússins dyr. Mér er kunnugt um það, að mörg hús hafa orðið að bíða vegna veðurs, en ekki vegna efnisskorts, og þó að fjárhagsráð sé almáttugt í augum hv. 2. þm. Reykv., þá ræður það þó ekki yfir veðrinu.

Að síðustu kom hv. 2. þm. Reykv. að því að ræða um eyðslu og möguleika til bygginga. Hann heldur því fram, að það eigi að fara saman að eyða miklu í byggingar, ef hægt er að eyða einhverju í annað. Hv. 2. þm. Reykv. hefur staðið fyrir því að heimta aukna eyðslu á öllum sviðum. Ég hef reynt að sporna á móti því eins og hægt er, ég hefði viljað láta draga úr ónauðsynlegum innflutningi, til þess að hægt sé að auka fjárfestingar. En þetta hefur ekki átt náð hjá hv. 2. þm. Reykv. og öðrum kommúnistum, því að þeir heimta alltaf aukna neyzlu. Hins vegar hef ég engar slíkar till. séð frá kommúnistum, sem miða að því að draga úr óþarfaneyzlu. Það, sem ég benti á, það var, að það þarf að draga úr eyðslu og neyzlu eins og frekast er unnt, til þess að hægt sé að hafa meira fé til fjárfestingar, en hv. 2. þm. Reykv. heldur því fram, að ef varið er meira fé til neyzlu og eyðslu, þá sé hægt að auka fjárfestingar.

Einar Olgeirsson: Ég vil benda hv. þm. Ísaf. á, að það, sem áætlað er á þessu ári á innflutningsáætluninni, sem útbýtt er fyrst í dag, 18. marz 1949, er timbur fyrir tæpar 10 millj. kr. og sement og kalk fyrir 6 millj. kr. Með stöðvun togaranna, sem sýnir einna gleggst óstjórn ríkisstj. í fjárhagsmálum landsins, er búið að eyðileggja gjaldeyri fyrir allt að 20 millj. kr., en það er meira en hefði þurft til að tvöfalda innflutninginn á aðalbyggingarefni landsmanna. Þetta sýnir bezt óstjórnina í landinu nú, sem stendur í vegi fyrir því, að landsmenn fái að nota sína krafta til þess að vinna að því, sem ríkisstj. hefur lofað: að útrýma heilsuspillandi íbúðum og húsnæðisskorti. Ég hygg, að ég verði að láta lokið umr. í þessu máli, þar sem ég er búinn að tala mig svo steindauðan.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84. og 85. fundi í Nd., 21. og 22. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., 5. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 451, 1. a-g felld með 14:7 atkv.

1. gr. felld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SB, SEH, SK, StSt, GTh, HB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, ÓTh, PO.

nei: SigfS, SkG, StJSt, StgrSt, ÁkJ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, JG, JörB, KTh, BG.

SG, BÁ, PÞ greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁÁ, HelgJ, HermG, JJ, LJós) fjarstaddir.

7 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Sigfús Sigurhjartarson: Enda þótt ég telji l. vera gölluð og orðin úrelt, þá er ég sannfærður um, að slíkt afnám þeirra sem hér er um að ræða mundi leiða til vandræða. Fylgir lítill hugur þessum flutningi, heldur er þetta áróðursmál — og segi ég því nei.

Skúli Guðmundsson: Ég greiddi atkv. með till. á þskj. 451. Þegar sú brtt. hefur nú verið felld, sé ég mér eigi fært að greiða atkv. með 1. gr. frv. og segi því nei.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Að tilmælum félmrn. hefur verið lagt fram frv. til húsaleigul., og vegna þess, að það er eðlilegri lausn á málinu, þá er ég ekki með þessu frv. og segi því nei.

Áki Jakobsson: Með tilvísun til grg. hv. 6. þm. Reykv. segi ég nei.

Einar Olgeirsson: Með tilvísun til grg. hv. 6. þm. Reykv. segi ég nei.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Með tilvísun til grg. hv. þm. V-Húnv. segi ég nei.

Jörundur Brynjólfsson: Ég hefði búizt við varðandi flutning þessa frv., að það vekti fyrir hv. flutningsmönnum að fá lagfæringu á þessu máli. Þó að e. t. v. sé stefnt að afnámi l., hefði ég haldið, eftir upplýsingunum að dæma, að menn hefðu kosið að vinna tíma, áður en l. væru afnumin. Einnig hafði ég ástæðu til að ætla, að menn vildu jafnrétti hér í bæ. Þar eð engu slíku er hér til að dreifa, þá get ég eigi verið slíkri málsmeðferð fylgjandi og segi því nei.

Frv. þar með fallið.

4. Dýrtíðarráðstafanir (frv. HermG og SG).

Á 12. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 128 29. des. 1947, um dýrtíðarrráðstafanir [49. mál] (þmfrv., A. 65).

Á 11., 12. og 13. fundi í Nd., 8., 9. og 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, varðar breytingu á dýrtíðarlögunum, þannig, að niður verði felldar þær gr. dýrtíðarl., sem binda kaupgjaldsvísitöluna. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að strax þegar fór að gæta dýrtíðar í landinu, fannst verkamönnum og launþegum, að hlutur þeirra versnaði. Þá var það sjálfsagt fyrir verkamenn að fylgjast með þeirri breytingu á þann hátt að hækka kaupið jafnhliða því, sem dýrtíðin óx. Þess vegna var horfið að því ráði. Samningar tókust um þetta milli vinnuveitenda og launþega, að verkamenn og aðrir launþegar skyldu mánaðarlega fá uppbót á kaup sitt í samræmi við þá vísitölu, sem hagstofan gæfi út. Þegar þessi árangur náðist, fögnuðu verkamenn sigri, því að þetta var bæði til hagsbóta fyrir þá og sömuleiðis átti það þátt í að skapa vinnufrið í landinu. Hins vegar er því ekki að leyna, að þessi háttur reyndist ekki eins fullkominn og til hans voru gerðar vonir. Kaupgjaldsvísitalan reyndist ekki í samræmi við dýrtíðarvísitöluna, og eftir því sem lengra leið, varð vísitalan rangari og rangari, og það svo að tugum stiga munaði. Þrátt fyrir þá annmarka, sem á þessu voru, var þetta ákvæði til mjög mikilla bóta. Það hefur orðið til þess að tryggja verkamönnum að nokkru, að laun þeirra væru í samræmi við gildandi dýrtíð.

Eins og hv. þm. rekur minni til, voru á síðasta ári, 1947, samþ. l. um allverulega tollahækkun frá Alþ. Með þeim l. var jafnframt bundið hámark þeirrar vísitölu, sem kaupgjald miðaðist við. Mér er ekki grunlaust um, að allmargir hv. þm. hafi afsakað sig með því loforði, sem gefið var, að þetta yrði ekki mikil framtíðarfórn fyrir verkamenn, því að gert var ráð fyrir, að hámarkið væri 300 stig, en vísitalan var þá í 326, en fór síðar upp í 328. Því var haldið fram, að afleiðingin yrði sú, að dýrtíðin mundi fljótlega minnka og vísitalan fara niður í 300 stig og því væri þetta ekki nema augnabliksfórn. Nú er liðinn langur tími síðan l. voru samþ. og allmikil reynsla komin á sannleiksgildi þeirra orða, að þessi l. reyndust ekki nema augnabliksfórn, og reynslan varð sú, að dýrtíðin hefur vaxið og þar með margs konar erfiðleikar. Vísitalan er nú að vísu ekki nema 326 stig. En það er vitað mál, að vísitalan gefur svo ranga hugmynd um það raunverulega ástand, að hagfræðingar telja, að raunveruleg vísitala sé ekki undir 405 stigum. M. ö. o., festing vísitölunnar hefur ekki orðið til að minnka dýrtíðina. Það er af þessum ástæðum, að ég og hv. 8. þm. Reykv. leggjum til, að þau ákvæði þessara l., sem ósanngjörnust hafa verið, verði afnumin. Reynslan hefur sýnt glögglega, að það hefur verið krafizt einhliða fórnar af launþegum, og það ástand, sem skapazt hefur í landinu við vaxandi dýrtíð, er þannig, að kaup það, sem nú gildir, nægir ekki til að framfleyta þeim, sem kaupgjaldið eiga að fá. Launþegar geta ekki unað við slíkt, og í kjölfar þess hljóta að koma hagsmunaátök. Við teljum því rétt frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að þessi ákvæði verði felld niður. Við teljum líka, að með því væri létt af launþegum þeirri ósanngjörnu einhliða fórn, sem þeir eru nú dæmdir til að færa.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en legg til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 16. fundi í Nd., 12. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, KTh, LJós, PÞ, SigfS, SEH, SK, StJSt, StSt, StgrSt, EOl, EmJ, EystJ, GÞG, HB, HermG, JóhH, JG, BG.
SkG greiddi ekki atkv.
15 þm. (JPálm, JJ, JörB, ÓTh, PO, SB, SG, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, FJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ) fjarstaddir.
Frv. vísað til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 21. febr., utan dagskrár, mælti

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Snemma á þessu þingi — eða þ. 3. nóv. s. l. — lagði ég fram frv. um breyt. á l. nr. 128 29. des. 1947, um dýrtíðarráðstafanir. Því var vísað til n. þ. 12. nóv. Minni hl. skilaði svo nál. þ. 10. des., en meiri hl. hefur eigi enn skilað nál. sínu. Þetta er einkennilegt, og má jafnvel segja, að hann ætli engu nál. að skila. Vil ég, að málið sé þegar í stað tekið fyrir, því að það þolir ekki lengri bið, og ber nauðsyn til, að þingið sýni vilja sinn í þessu máli.

Á 74. fundi í Nd., 3. marz, utan dagskrár, mælti

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Fyrir nokkru síðan hreyfði ég því hér í d., utan dagskrár, að frv., sem ég og hv. 8. þm. Reykv. flytjum og útbýtt var í d. 3. nóv. og nál. hefur komið um frá minni hl. fjhn., hefði eigi verið tekið fyrir enn og allar líkur mundu benda til þess, að hv. meiri hl. fjhn. mundi ekki skila nál. Ég beindi þeirri áskorun til hæstv. forseta, þar sem svo langt er liðið frá útbýtingu nál. minni hl., að málið yrði tekið fyrir hér í d. Það hefur ekki verið tekið fyrir enn. Ég vil ítreka þessa ósk, og það því fremur, þar sem form. þeirrar n., sem um málið hefur fjallað, er mættur hér. Ég vænti þess, að hv. form. n. geri grein fyrir þessum drætti eða skýri frá því, hvort hv. meiri hl. n. hugsar sér að skila áliti. Í öllu falli finnst mér það réttlát ósk, að hæstv. forseti taki málið fyrir svo fljótt sem verða má.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Þessi mál hafa legið nokkuð lengi hjá n., en hún hefur fyrir löngu síðan átt tal við hæstv. ríkisstj. um þetta. Ríkisstj. hefur tjáð okkur, að hún hafi til meðferðar breytingar á reglum um innflutning. Nú hefur staðið nokkuð á því, að ríkisstj. skilaði sínum till. í hendur n. N. hefur fengið þær upplýsingar, að till., sem viðskmrh. hefur samið um þessi efni, liggi hjá öðrum ráðh. til athugunar. Meiri hl. n. hefur ekki hugsað sér að gera neinar till. fyrr en n. fær skýrslu ríkisstj. um það, hvernig málið stendur hjá henni og hvaða till. hún gerir.

Hermann Guðmundsson: Út af þessari skýrslu hv. form. fjhn. vil ég segja það, að sá dráttur, sem á þessu hefur orðið, er alveg óverjandi og frekari dráttur gerir málið enn verra. Annars var mér ekki ljóst, hvort hv. form. n. var að gefa skýrslu um það mál, sem ég var að tala um, eða annað mál, því að hann ræddi um reglur um innflutning, en ég um frv. til l. um breyt. á dýrtíðarl.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég vil biðja afsökunar á því, að ég misskildi það, hvaða mál var spurt um. Þessi skýrsla, sem ég gaf snertandi innflutningslöggjöfina, getur verið svar til þeirra hv. þm., sem spurt hafa um slíkar till.

Viðvíkjandi frv. því, sem hv. 11. landsk. spurði um, er því að svara, að bráðlega mun verða haldinn fundur í n. og tekin ákvörðun um, hvort nál. verður gefið út eða ekki.

Á 75. og 76. fundi í Nd., 4. og 7. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á síðari fundinum mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var út af 6. máli á dagskránni, um dýrtíðarráðstafanir, en þetta er í annað skiptið, sem það mál er tekið af dagskrá. Það kom mjög snemma fram í þinginu, og er ég minni hl. fjhn. og skilaði áliti 7. des. s. l., þannig að síðan eru liðnir réttir þrír mánuðir og meiri hl. því haft allan þennan tíma til þess að undirbúa sitt álit, og þó að ég þykist vita, að það verði mjög ýtarlegt, þegar það kemur, virðist það vera yfirdrifinn tími. Ég þykist vita, að ástæðan til þess, að málið hefur verið tekið af dagskrá, sé sú, að meiri hl. hefur ekki enn skilað áliti, en vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að það verði ekki tekið út aftur, heldur verði látið koma til umr., því að það er varla nokkurt mál þ., sem eins margar áskoranir liggja fyrir um að fái afgreiðslu og þetta mál.

Forseti (StgrSt): Ég skal koma boðum hv. 2. þm. Reykv. til aðalforseta og sjá um, að málið verði tekið á dagskrá á morgun.

Á 78. og 79. fundi í Nd., 9. og 11. marz, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 14. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 65, n. 182 og 436).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur að vísu legið nokkuð lengi fyrir þinginu. En það mun öllum hv. þm. ljóst, að málið er þess eðlis, að það eru litlar líkur fyrir, að það nái afgreiðslu. Sú stjórn, sem nú situr að völdum, lagði til, að kaupgjaldsvísitalan væri fest. Og eins og kunnugt er, var kaupgjaldsvísitalan bundin við 300 stig. Og það var gert ráð fyrir því, að framfærsluvísitalan gæti lækkað nokkuð. En framfærsluvísitalan mun nú vera nokkuð nálægt því, sem hún var, þegar lögin um þetta voru sett. En þrátt fyrir það að framkvæmd þessa hafi ekki tekizt til fulls eins og til var ætlazt í fyrstu, munu flestir vera sammála um það, að ekki muni vera hægt að afnema festingu kaupgjaldsvísitölunnar, nema gerðar séu aðrar ráðstafanir um leið, því að a. m. k. í stuðningsflokkum stjórnarinnar munu fæstir vera, sem vilja sleppa þessu lausu aftur. Ein aðalstíflan, sem nú er í verðbólgustraumnum, er einmitt þessi binding vísitölunnar. Og þó að ekki hafi allt gengið að óskum í sambandi við bindingu hennar, verður ekki annað sagt en að þessi ráðstöfun hafi unnið töluvert gagn. Og að framfærsluvísitalan hefur ekki farið hærra en nú er, á rót sína að rekja til þess, að kaupgjaldsvísitalan er föst. — Í meiri hl. fjhn. leggjum við því til, að engin breyt. verði gerð á þessu, nema aðrar ráðstafanir verði gerðar um leið, sem hindri verðbólguna í að vaxa. En ef vísitalan væri ekki bundin, mundi hefjast á ný sú hringrás, að kaupgjald og afurðaverð hækkaði á víxl og verðbólgan þannig ykist, og þetta tvennt mundi fara óðfluga upp á við. Þetta gat verið þolanlegt, meðan afurðirnar fóru hækkandi í verði, sem við fluttum til útlanda. En úr því að þær hætta að hækka í verði, er verra að þola þetta. Og úr því að okkar útflutningsafurðir eru á niðurleið um verð, ættu allir að geta verið sammála um, að brýn nauðsyn sé á að festa kaupgjaldið í landinu. Náttúrlega hvílir sú skylda á ríkisstj. að gera það, sem hún getur, til þess að framfærsluvísitalan

festist og helzt lækki. Mun hæstv. ríkisstj. hafa gert það, sem í hennar valdi stóð, til þess, og mun hún halda slíkri viðleitni áfram. — Ég sé svo ekki ástæðu til að segja meira um þetta fyrir hönd meiri hl. n., og hæstv. ríkisstj. mun standa fyrir sínu máli, að því er þetta mál snertir. En meiri hl. fjhn. er á móti afnámi festingar vísitölunnar, nema eitthvað sé gert annað um leið, sem tryggi, að verðbólgan vaxi ekki stöðugt.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. kom fram snemma á þessu þingi. Nú eru þrír mánuðir síðan ég lagði fram minnihlutaálit um þetta mál og það mjög ýtarlegt, þannig að ég geng út frá því, að hv. þm. hafi haft nægan tíma til þess að kynna sér þetta álit og sjá þau rök, sem þar koma fram, svo að ég ætla ekki að fara ýtarlega út í álitið eða þau fskj., sem með því eru. — Hv. frsm. meiri hl. fjhn. gat þess, að hæstv. ríkisstj. mundi nú standa fyrir sínu máli, hvað þetta mál snertir. Og ég vonast til þess, að sá helmingur ríkisstj., sem enn er eftir á Íslandi, muni nú reyna að standa þá í ístaðinu og færa fram þau rök, sem hann getur, fyrir því, að sú pólitík, sem ríkisstj. tók upp með bindingu vísitölunnar, hafi tekizt og þau loforð, sem ríkisstj. gaf, þegar hún festi vísitöluna, hafi verið haldin. Ég vona, að hæstv. ríkisstj. sé ljóst, að út af þessu máli, sem hér liggur fyrir, liggja nú ótal áskoranir fyrir Alþ. um að samþ. þetta frv. Ég er hér með bunka af áskorunum frá launasamtökum í landinu um að afnema þetta fyrirkomulag, sem hér í frv. er lagt til, að breytt verði, og ég veit ekki til þess, að nokkrar áskoranir mæli með því, að það fyrirkomulag haldist, sem ríkisstj. tók upp í þessu efni. Og hér rétt við hliðina á alþingishúsinu hafa stéttarsamtök haldið fundi, þar sem þess er sérstaklega krafizt af fundarmönnum að fá stórkostlegar uppbætur á sín laun vegna vísitölubindingarinnar. Þjóðarvilji hefur því komið fram í þessu máli, og þjóðin stendur með þessu, sem farið er fram á í þessu frv. Spurningin er, hvort hv. þm. vilja fara eftir þessum vilja. Ég býst við, að það, sem hv. þm. muni leggja til grundvallar, muni vera það, hvort sú stefna, sem ríkisstj. lýsti, að hún ætlaði að fylgja, þegar hún fékk vísitölubindinguna samþ., hafi borið árangur og hvort ríkisstj. treysti sér til þess að standa við þá stefnu. Það, sem ríkisstj. setti fram við þessa hv. d. sem forsendu fyrir því að fá hana til að samþ. vísitölubindinguna, kom fram í því, sem hæstv. forsrh. sagði. Vísitalan var 328 stig, þegar vísitölubindingin var samþ., og hæstv. forsrh. sagði í sinni ræðu, að samþykkt bindingar vísitölunnar mundi þýða raunverulega 5% lækkun á kaupgjaldi manna og þessi 5% mundu þar að auki hverfa mjög fljótt og þó að menn fórnuðu 5% af kaupi sínu í nokkra mánuði, þá væri það bara til þess að kaupa sér tryggingu gegn atvinnuleysinu, en svo framarlega að þessar ráðstafanir væru ekki gerðar, að binda vísitöluna, mundi atvinnuleysi skella yfir. Og sú setning, sem hæstv. forsrh. sagði í sinni framsöguræðu í þessu máli í þinginu, er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Það er að vísu ekki ánægjulegt að leggja fram frv. um það, að laun allra launamanna í landinu eigi að lækka um 5%, en þegar það er athugað, að ef ekkert er að gert og engar ráðstafanir gerðar, er víst og áreiðanlegt, að af því mundi leiða hrun og atvinnustöðvun. Slík atvinnustöðvun mundi fyrst og fremst lenda á launafólkinu í landinu, og álít ég því, að það megi skoða þessi 5% sem eins konar vátryggingarpremíu til þess að tryggja sér áframhaldandi örugga atvinnu í landinu. Ég tel, að þetta vátryggingariðgjald verði að greiða af höndum, ef áfram á að haldast örugg atvinna í landinu og fólk á ekki að þurfa að óttast atvinnuleysi.“ — Þetta voru orð hæstv. forsrh., þegar hann lagði frv. um vísitölubindinguna fyrir Alþ. Og nú væri ánægjulegt, ef hæstv. forsrh. væri hér í deildinni og gæti nú staðið við þessi orð sín. Við erum nú að ræða frv., sem liggur fyrir þinginu og hefur beðið í þrjá mánuði eftir því, að það komi til umr. — Og ef hæstv. forsrh., eftir þær umr., sem hér fóru fram áðan, er ekki floginn til Ameríku, væri æskilegt, að hann tæki þátt í umr. um þessi mál. — M. ö. o., hæstv. ríkisstj. lýsti yfir, að svo framarlega að hún fengi fram þessa 5% lækkun á launum almennings með vísitölubindingu við 300 stig, þá mundi verða komið í veg fyrir atvinnustöðvun og atvinnuleysi. Og það er ekki nóg með, að hæstv. forsrh. segði þetta. Hv. 4. þm. Reykv., sem er heldur ekki hér í salnum nú, þessi hagfræðingur og prófessor við háskólann, lýsti yfir því og lét sinn prófessorsvísdóm sem tryggingu fyrir því, að vísitalan mundi strax eftir 1. jan. 1948 fara niður í 315 stig og svo mundi hún brátt þar á eftir fara niður í 300 stig. Ég sagði þá, að vísitölubindingin mundi verða til þess eins að sýna, hvers virði prófessorsvísdómur hv. 4. þm. Reykv. yrði fyrir þing og þjóð. Það er þess vegna vissast fyrir hv. 4. þm. Reykv. að sýna sig ekki, þegar þessar umr. fara fram. Nú er það komið í ljós, meira en ári eftir að þessi vísitölubinding var gerð, hvernig komið er. Í fyrsta lagi er ríkisstj. ekki búin að eyða atvinnuleysi meðal þjóðarinnar, — þvert ofan í það, sem hæstv. forsrh. lofaði, þegar hann fékk þingið til þess að ganga inn á vísitölubindinguna. Í öðru lagi hefur sýnt sig, að hv. 4. þm. Reykv. og fleiri með honum hafa ekki haft hugmynd um, hvaða afleiðingar vísitölubindingin mundi hafa. Vísitalan komst aldrei niður í 315 stig. Hún var í 318 og 319 stigum, og fór svo hækkandi. Og nú síðustu mánuðina hefur ríkisstj. verið að rembast við, að vísitalan fari ekki yfir 328 stig, eins og hún var, þegar vísitölubindingin var samþ. Í síðasta mánuði var hún 328 stig, og í lok febrúarmánaðar var hún komin í 331 stig. Hvað gerði þá ríkisstj. til þess að láta ekki koma í ljós, að vísitalan væri í marz 331 stig? Hún keypti niður verð á kartöflum og ákvað, að verðlag á þeim skyldi vera 80 aurar í staðinn fyrir ein kr. Og kartöflur voru það mikill hluti úr mat manna fyrir stríð, að vísitalan, sem þá var reiknuð út, var sérstaklega næm fyrir öllum breyt. á kartöfluverði. Þess vegna hefur ríkisstj. þá aðferð, þegar hún þarf að kaupa vísitöluna niður, að lækka verðið á þeim, þó að þær séu miklu minni

hluti af fæðu manna nú heldur en fyrir stríð. Og þess vegna er ódýrast að taka þennan lið fyrir, þegar kaupa þarf niður vísitöluna. Ríkisstj. rembist eins og rjúpan við staurinn til þess að hafa vísitöluna 328 stig, eins og hún var, þegar vísitölubindingin var samþ. Og til þess leggur hún fram fé úr ríkissjóði, sem hún tekur af fólkinu á landinu.

Dýrtíðarráðstafanir ríkisstj. hafa farið út um þúfur. Hvert það loforð, sem gefið var, þegar vísitalan var bundin, hefur verið svikið. Og sjálf stendur ríkisstj. frammi fyrir því, að öll þessi pólitík hennar hefur beðið skipbrot. Þess vegna er ekki undarlegt, þó að ríkisstj. gangi illa að verja þessar aðgerðir sínar. Og er leitt, að sá hluti af ríkisstj., sem eftir er á landinu, skuli ekki geta flogið til Ameríku líka til þess að geta fengið leiðbeiningar um vísitölubindingu. — Hvernig hefur ríkisstj. staðið í stykkinu um það, sem hún lofaði, að yrði, að ef menn vildu taka á sig 5% launalækkun, þá mundi það tryggja atvinnu í landinu? Ríkisstj. hefur beinlínis gert ráðstafanir til þess að koma á atvinnuleysi, skipað fjárhagsráð, sem bannað hefur í stórum stíl byggingar í landinu, t. d. íbúðarhúsabyggingar, og komið í veg fyrir, að menn geti byggt yfir höfuðið á sér. Ríkisstj. hefur þess vegna stórlega dregið úr framkvæmdum í landinu, ekki aðeins byggingum, heldur og iðnaði, með því að flytja ekki nóg hráefni inn í landið, en látið heildsalana fá nóg til þess að flytja inn og græða. Á þessum tíma, síðan vísitölubindingin var samþ., hefur þess vegna farið fram stórkostleg lífskjaraskerðing beinlínis fyrir aðgerðir ríkisstj. Í fyrsta lagi með fölsun á vísitölunni. Í öðru lagi hefur skerðingin orðið þannig, að eftirvinna, sem var mikill þáttur í grundvellinum undir lífskjörum manna, hún hefur að mestu fallið burt við það, að sú atvinna, sem gaf eftirvinnu, hefur af völdum ríkisstjórnarinnar og hennar fjárhagsráðs minnkað svona mikið. Og við þetta hafa tekjur manna í landinu, þar sem slík atvinna var stunduð, sem gaf eftirvinnu, minnkað stórkostlega. Ríkisstj. hefur þess vegna gert ráðstafanir í sinni atvinnupólitík, sem hafa verið þveröfugar við það, sem hæstv. forsrh. lofaði þinginu, þegar hann fékk vísitölubindinguna samþ. Því var þá lofað af honum, að ef þjóðin tæki þessa fórn á sig, gæti hún verið örugg um áframhaldandi atvinnu. En rétt eftir að þessar ráðstafanir eru gerðar, þá eru gerðar ráðstafanir til þess að minnka atvinnuna. Ríkisstj. hefur því brugðizt sínu loforði, sem hún gaf, þegar þessi lög, sem hér er lagt til að breyta, voru samþ. — Samtímis því, sem ríkisstj. hefur dregið úr vinnu almennings í landinu, hefur hún aukið vinnuna í ríkisbákninu. Hún hefur bætt ofan á ríkisbáknið meiru en nokkur önnur ríkisstj. hefur gert á Íslandi. Hún hefur bætt ofan á ríkisbáknið til þess að reyna að hefta sem mest framkvæmdir manna. Allar þær stofnanir, sem ríkisstj. hefur komið á í viðbót við þær, sem fyrir voru, hafa bannað mönnum að gera þetta og hitt, byggja, flytja inn hráefni til iðnaðar og koma af stað vinnu í landinu. Það hafa allt verið höft, en ekkert til að hjálpa í þessum efnum. Ríkisstj. hefur aukið þannig útgjöld ríkissjóðs, þyngt byrðarnar á almenningi, einmitt þeim almenningi, sem hafði minna til þess að geta staðið undir þeim byrðum en áður. Og hún hefur því verið beinlínis að vinna á móti þeirri stefnu, sem hún lofaði að framfylgja, þegar hún fékk vísitölubindinguna samþ. — Og ekki nóg með þetta. Ríkisstj. hefur samtímis öllu þessu, eða bankarnir í samráði við hana, gert ráðstafanir til þess að draga úr atvinnu í landinu. Það hefur verið sköpuð af hálfu bankavaldsins lánsfjárkreppa í landinu. Bankavaldið hefur dregið að sér hendina um öll lán til þess að gera mönnum almennt erfiðara fyrir með að leggja í framkvæmdir, til þess aftur að draga úr atvinnulífinu. Og jafnvel hefur þessi lánsfjárkreppa orðið til þess að gera þeim, sem rétt voru bjargálna, erfiðara fyrir með að halda sínum smáatvinnutækjum, íbúðum eða öðrum eignum og gert það að verkum, að nú fjölgar óðum þeim fyrirbærum, að millistéttamenn neyðast til þess að selja þessar eignir, en ríkir menn kaupa þær. M. ö. o., það eru samræmdar skaðræðisaðgerðir, sem unnar eru af hæstv. ríkisstj. annars vegar og bankavaldinu hins vegar til þess að draga úr atvinnu í landinu, auka höft í atvinnulífinu og banna mönnum að kaupa inn í landið hráefni til iðnaðarins, og heildsalar og aðrir þeir ríku græða svo á þessu. Þetta eru efndirnar á því, sem ríkisstj. lofaði árið 1947, þegar hún fékk þessa löggjöf, sem hér er lagt til að breyta, samþykkta. Þá sagði hæstv. forsrh., að ef þjóðin tæki á sig launaskerðingu um 5%, mundi hún vera örugg með að hafa atvinnu. Nú sjá menn efndirnar. Það er skiljanlegt, að hæstv. ríkisstj., sem svona stendur við það, sem hún hefur lofað þingi og þjóð, vilji koma sér hjá því að standa fyrir sínu máli.

M. ö. o., sú vísitölubinding, sem í árslok 1947 var samþ. og var tilfinnanleg skerðing á launakjörum launþega í landinu, hefur orðið enn þá tilfinnanlegri síðan vegna þeirrar skerðingar á lífskjörum manna, sem hefur farið fram með því, að atvinnuleysi hefur komið til sögunnar, og með því, að eftirvinna hefur fallið burt og með því, að það er erfiðara og má telja ókleift nú orðið að komast að því að útvega sér aukavinnu, sem menn höfðu áður getað, sem voru á launum hjá ríkinu eða við atvinnurekstur einstaklinga eða hlutafélaga. Það er því vitanlegt, að það er fjarri því, að sú vísitölubinding og kjaraskerðing, sem með henni var gerð um áramótin 1947 og 1948, hafi orðið léttbærari vegna þess, að atvinna væri tryggð í landinu, eins og hæstv. ráðh. lofaði í sinni ræðu, heldur hefur þvert á móti þessi vísitöluskerðing orðið þungbærari fyrir þá atvinnurýrnun, sem átt hefur sér stað í landinu af völdum hæstv. ríkisstj. Það er þess vegna auðséð að allt, sem ríkisstj. hefur lofað þinginu og þjóðinni sem forsendu fyrir því að fá vísitölubindinguna samþ., hefur breytzt, það hefur ekki verið staðið við neitt af þessu. Ofan á þetta bætist svo það, að vísitalan er í þessi 2 ár síðan ríkisstj. tók við völdum fölsuð meira en nokkru sinni fyrr, þannig að raunveruleg vísitala nú er komin yfir 400, eins og sýnt er fram á í fylgiskjali, sem ég birti hér með mínu nál., sem er álit n., skip-

aðrar af Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til að rannsaka áhrif dýrtíðarl. á afkomu launþega. Í þeirri n. voru þeir Ólafur Björnsson próf. og Jónas Haralz, sem er einn af beztu starfsmönnum fjárhagsráðs. Þessir menn eru báðir hagfræðingar, sem lögðu fram vísindalega útreikninga um þessa hluti, sem ég birti hér í heild, og er mér ekki kunnugt um, að nokkur hagfræðingur eða stjórnmálamaður hafi leyft sér að fullyrða, að þeir útreikningar væru rangir, heldur þvert á móti viðurkennt þá sem rétta. Ofan á þetta, sem ég hef lýst, bætist svo, að ríkisstj. hefur nú í upp undir mánuð horft upp á það, að stórvirkustu atvinnutækin — atvinnutækin, sem nýsköpunarstjórnin lét kaupa inn í landið á sínum tíma — togararnir eru bundnir við hafnargarðinn, og sú stórkostlega atvinnustöðvun, sem hér er orðin á síðustu árum, hefur átt sér stað án þess, að vitað sé, að ríkisstj. hafi gert nokkrar ráðstafanir til þess að tryggja, að þessi atvinnutæki færu í gang, og án þess, að nokkur maður hafi haldið því fram, að ekki væri stórgróði á því að reka þessi atvinnufyrirtæki, ekki aðeins fyrir þjóðina, heldur líka fyrir þá, sem eiga þau. Það er þess vegna komið svo nú, að sú atvinnuleysispólitík, sem ríkisstj. hefur rekið frá upphafi, allar þær ráðstafanir, sem hún hefur gert til að draga úr atvinnu landsmanna, allar þær ráðstafanir, sem bankarnir hafa gert í samræmi við þessar hernaðaraðgerðir gegn almenningi, þær náðu hámarki nú með því, að togararnir hafa verið stöðvaðir og ríkisstj. hefur engar ráðstafanir gert til þess, að togararnir væru í fullum gangi. Þess vegna er auðséð, að allt það, sem ríkisstj. hefur gert í þessu máli, hefur verið byggt annaðhvort á alveg ótrúlegu þekkingarleysi á afstöðu almennings í landinu og því, sem hann lætur bjóða sér, eða þá hins vegar á fyrirfram ákveðnum vilja um að framkalla atvinnuleysi í landinu í trausti þess að geta í skjóli þess atvinnuleysis lækkað kaupið.

Einn af ráðh. ríkisstj., einn af þeim, sem nú eru flognir til Ameríku, hæstv. viðskmrh., lýsti því yfir, nokkru eftir að þessi l. voru samþ., sem hér er lagt til að breyta, að það væri glæpur, ef verkamenn færu fram á grunnkaupshækkun. Hvað hefur gerzt viðvíkjandi þessum l., sem hér er lagt til að breyta, og þessari umsögn og afstöðu hæstv. viðskmrh. og ríkisstj. um glæp? Það, sem hefur gerzt, er það, að verkamenn, allvíða á landinu, hafa knúið fram grunnkaupshækkanir. Þeir hafa bókstaflega svarað þessari árás ríkisstj. á þeirra launakjör með því að knýja fram hækkun á grunnkaupi, og meira að segja í samgmrn. hafa verið gerðir samningar um einhverjar með meiri grunnkaupshækkunum, sem fram hafa farið á þessu tímabili, þannig að hæstv. viðskmrh. sjálfur hefur orðið að viðurkenna það í reyndinni, að það var óhjákvæmilegt að drýgja þetta, sem hann kallaði glæp. Sem sé, hann hefur orðið að viðurkenna, að það er engin siðferðisleg forsenda fyrir því að ætla að þvinga þessum l. upp á þjóðina, og grundvöllurinn, sem hann sagði, að væri fyrir hendi, þegar dýrtíðarl. voru samþ., hefur hann orðið að viðurkenna, að ekki er lengur fyrir hendi. Svo langt hefur þetta gengið, að stjórnarflokkarnir, sem hafa verið að hæla sér af því, að þeir hafi meiri hl. í stjórn Alþýðusambands Íslands, — að sú stjórn hefur orðið að láta svo mikið undan þrýstingi þjóðarinnar í þessum efnum, að hún hefur orðið að skora á verkamannafélögin að segja upp kaupsamningum til að knýja fram grunnkaupshækkun, og ekki nóg með það, að þeir, sem hafa verkfallsréttinn, vilji beita slíkum aðferðum, heldur hafa þar að auki starfsmenn ríkis og bæja haldið fund, þar sem fyrst og fremst komu fram menn úr stjórnarflokkunum og kröfðust einróma mjög mikillar launauppbótar, eða 36%, þannig að það liggur fyrir, að það er enginn maður, sem treystir sér lengur til að segja, að það sé *til siðferðileg forsenda fyrir* því, að þessi vísitölubinding sé látin standa áfram. Öll þau loforð, sem gefin voru, þegar dýrtíðarl. voru samþ. hér í d., hafa því verið svikin. Þann siðferðilega grundvöll, sem ríkisstj. ætlaði að leggja með því að segja, að það yrði engin hækkun, hefur hún neyðzt til að brjóta, vegna þess að þjóðin hefur þeytt burtu þessum grundvelli. Hér er því verið að reyna að laga lagaákvæði, sem sett var undir fölskum forsendum og enginn siðferðilegur kraftur fylgir. M. ö. o., það er auðséð, að Alþ., sem lét ríkisstj. hafa sig til þess að samþ. þessi l. fyrir rúmu ári í trausti þess, að það mætti trúa einhverju orði af því, sem hæstv. forsrh. sagði, — í trausti þess, að hann mundi reyna að sjá um að framkvæma það, sem ríkisstj. lofaði, að tryggja áframhaldandi atvinnu í landinu — það er auðséð, að það er tími til þess kominn fyrir þessa hv. d. að afnema þessi l. — það er kominn tími til þess að láta verkamenn fá fullkomna uppbót á sitt kaup, og ég vil leggja áherzlu á það, að hv. d. verður að gera sér ljóst, hvað það kostar, ef staðið er á móti því. Það þarf ekki annað en að líta hér niður á höfnina til þess að sjá, hvað það kostar að reikna skakkt í þessum efnum. Togaraeigendur hafa sagt upp samningum við sjómenn til þess að fá fram lækkun, m. a. á kjörum háseta. Það sýnir sig, þegar farið er að ræða þessa hluti, að það er auðvitað enginn grundvöllur fyrir neinni lækkun hjá hásetum á íslenzka togaraflotanum og að það er meiri þörf á kauphækkunum en kauplækkunum, að það eru menn, sem færa þjóðinni það mikinn auð, að þeir eiga kröfu á því að fá meira en hingað til, og að það eru menn, sem vinna þannig vinnu, að margir aðrir mundu ekki fara í fötin þeirra til þess að vinna þá vinnu, sem þeir gera fyrir þjóðina. En það sýnir sig, að auðmenn þessa lands ætla sér að knýja fram kauplækkun hjá þessum mönnum. Hverju er svarað hjá togarahásetum? Þessu er svarað með því, að þeir verði að fá kauphækkun, vegna þess að alþýðan þarf á því að halda og vegna þess að yfirstéttin er nógu rík til að borga og vegna þess að íslenzka ríkisbáknið er nógu dýrt til þess að alþýðan geti sagt við núverandi ríkisstj., að það skuli spara á skriffinnskubákninu, áður en sparað er á þurftarlaunum almennings. Þess vegna er tími til þess kominn fyrir

hv. d. að grípa inn í og afnema þessi l., því ef þessi l. eru afnumin, þá er fullnægt réttlætiskröfu frá öllum almenningi í landinu, en ef þau eru ekki afnumin, — ef þetta frv. er ekki samþ., þá er viðbúið, að afleiðingin af því yrði mjög harðvítugar vinnudeilur í landinu — vinnudeilur, sem öll verklýðsfélögin færu út í. Eru hv. alþm. ekki búnir að fá nóg af því, að togaraflotinn er búinn að vera bundinn í heilan mánuð, og í sambandi við það spanderað 20 millj. af útlendum gjaldeyri, eða vilja þeir meiri vinnustöðvanir í landinu? Mér finnst rétt að gera ráðstafanir til þess, að almenningi í landinu sé sýnt það réttlæti að láta þá samninga, sem almenningur hefur við einstaka atvinnurekendur, koma í gildi aftur, því að vitanlega mundu samningar verklýðsfélaga við atvinnurekendur koma í gildi aftur, um leið og Alþ. felldi niður vísitölubindinguna. Hér er því aðeins um það að ræða að gefa atvinnurekendum og verkalýðsfélögum tækifæri til þess að láta þá samninga gilda, sem fyrir hendi voru, — að það skuli greiða kaup eftir vísitölu, sem útreiknuð sé, og ég álít óhjákvæmilegt, að það komi greinilega í ljós, hverjir það eru, sem vilja bera ábyrgð á því að halda vísitölubindingunni áfram, eftir að ríkisstj. er búin að sýna, hvernig hún framkvæmir l.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn. minntist á það, að það mundi vegna ástandsins í dýrtíðarmálunum ekki vera fært að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir, um að afnema vísitölubindinguna. Ég vil, án þess að fara lengra út í það mál, leggja áherzlu á það, að ríkisstj. hefur engar þær aðgerðir sýnt í verki í dýrtíðarmálunum, sem gefi til kynna, að hún ætli sér að gera nokkuð raunverulegt í þeim málum, og þessar ráðstafanir hjá henni, að gera dýrtíðina tilfinnanlegri fyrir launafólk, eru ekki ráðstafanir á móti dýrtíðinni, það eru ráðstafanir til að velta dýrtíðinni meira yfir á herðar hinna fátækari. Ríkisstj. hefur mér vitanlega engar ráðstafanir gert í 2 ár til að minnka dýrtíðina, en hún hefur gert margar ráðstafanir til að auka hana. Ég veit ekki betur en að það sé búið að leggja tugi milljóna útgjöld á þjóðina síðan þessi stjórn kom til valda. Svo framarlega sem ríkisstj. er að hugsa um að gera einhverjar ráðstafanir á móti dýrtíðinni, þá þarf hún að snúa sínum geiri annað. Þá þyrfti hún að létta byrðunum af þjóðinni, en ekki þyngja þær, hún þyrfti að létta skriffinnskubákninu af þjóðinni, hún þyrfti að létta verzlunarokinu af þjóðinni og öllu farginu, sem er í sambandi við heildsalastéttina, og hún þyrfti að létta vaxtabyrðunum af þjóðinni, sem alltaf er verið að þyngja. Það er þarna, sem ætti að byrja á þessum hlutum, það er þarna, sem byrðarnar fyrst og fremst ættu að vera mestar, en þangað dettur ríkisstj. aldrei í hug að snúa sínum geiri. Hún er sammála um að láta þessar byrðar haldast og þyngja þær. Það á þess vegna ekkert skylt við dýrtíðarmál eða baráttu á móti dýrtíðinni, þetta, sem við erum hér að ræða um, nema að einu leyti. Það, að samþ. þetta frv., sem tveir þm. hafa flutt, hv. 8. þm. Reykv. og hv. 11. landsk., og ég einn úr fjhn. er meðmæltur, það er ráðstöfun gegn dýrtíðinni, þetta, að afnema vísitölubindinguna, það er að létta dýrtíðinni af launamönnum í landinu — það þýðir, að gefa þeim fleiri peninga til að geta staðið á móti dýrtíðinni. Þetta frv. miðar að því að gera dýrtíðina léttbærari fyrir alþýðuheimilin í landinu. Við höfum oft sagt það, fulltrúar Sósfl., að það mundi ekki standa á alþýðu manna að taka á sig fórnir, þegar það væri sýnt, að verið væri að gera ráðstafanir, sem væru til að minnka dýrtíðina í landinu, — þegar það væri sýnt, að það væri byrjað á þeim, sem breiðust hefðu bökin, — þeir væru fyrst látnir fórna og komið síðast að þeim fátækustu. En það er svo fjarri því, að um nokkuð slíkt hafi verið að ræða. Þess vegna er það, að þetta mál á kröfu á því, að Alþ. samþ. það, svo framarlega sem þm. þessarar hv. d. hafa trúað því, sem hæstv. forsrh. sagði, þegar þessi l. voru samþ. í desember 1947, að með þeim væri verið að tryggja þjóðina gegn atvinnuleysi, — svo framarlega sem þeir hafa samþ. þetta í þeirri trú, að þeir væru að leggja augnabliksfórn á almenning til að tryggja honum betri framtíð, þá eiga þeir nú að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir, um að afnema vísitölubindinguna. Ég býst ekki við, að neinn þeirra treysti sér til að halda öðru fram en því, að allt hafi brugðizt, sem hæstv. forsrh. sagði í þeirri ræðu. En hafi hæstv. forsrh. vitað það þá, að það mundi bregðast, þá hefur hann verið að blekkja þm. og þá hafa þeir aðstöðu til þess nú að leiðrétta það og bæta fyrir það, sem þeir gerðu þá. Vilji þeir ekki leiðrétta nú það, sem þá var rangt gert, ekki aðeins siðferðilega, af því að það var óréttlátt gagnvart almenningi, heldur var það einnig pólitískt rangt, af því að það var vitlaus ráðstöfun, sem sýndi sig, að ekki var hægt að standa við. Ef hv. þm. hefur verið ljóst, að það var rangt, sem þeir gerðu, þá hafa þeir nú tækifæri til að leiðrétta það, en svo framarlega sem þeir gera það ekki, þá gerast þeir samábyrgir þeirri pólitík, sem þessi ríkisstj. hefur verið að reka þessi tvö ár, sem hefur leitt til atvinnuleysis í landinu, hefur leitt til þyngstu álaga, sem nokkurn tíma hafa verið lagðar á almenning, og leitt til þess, að almenningur hefur síður þrek til að standa undir þeim álögum en nokkurn tíma áður. Ég álít þess vegna, að hv. þm. eigi að samþ. þetta frv. Það liggja fyrir áskoranir frá flestum kjördæmum landsins, sem lesnar hafa verið upp af hæstv. forseta, um að samþykkja þetta frv. Það liggja fyrir samþykktir frá öllum helztu landssamböndum launafólks í landinu, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og afgreiðslumannadeild Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, um að samþykkja þetta frv. Ég efast ekki um, að það sé í samræmi við vilja almennings í þessu landi, að vísitölubindingin sé afnumin, og það, sem liggur við, svo framarlega sem það er ekki gert, það er almenn barátta í landinu fyrir grunnkaupshækkunum, sem stjórnarflokkarnir treysta sér ekki til að taka siðferðilega afstöðu á móti, þannig að þeir þm., sem fella þetta frv., stofna til vinnudeilna í landinu og

stofna til þess að valda þjóðinni stórkostlegu tjóni, og með allan togaraflotann bundinn við hafnargarðinn og þann hluta ríkisstj., sem enn er á Íslandi, ófæran um að vinna nokkuð af viti í stjórnmálum þjóðarinnar væri það ábyrgðarhluti af hálfu þm. að vilja ekki taka þátt í því að afnema þessi l., sem aðeins hafa komið illu einu af stað og aðeins orðið til að auka óréttinn í landinu og munu nú stofna til illdeilna, svo framarlega sem þau eru látin haldast áfram. Ég vil þess vegna biðja hv. þm. um að athuga mjög alvarlega, hvað hér er í húfi. Við sögðum fyrir, þegar l. voru samþ. 1947, hverjar afleiðingarnar yrðu, og ekki veldur sá, er varar, og nú geta menn horfzt í augu við staðreyndirnar. En það er ekki nóg, menn verða að hafa kjark til að breyta þeim staðreyndum, sem þar eru fyrir. Það er hægt með því að samþ. þetta frv., eins og ég hef lagt til.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að halda langa ræðu, því að hv. 2. þm. Reykv. hefur sagt svo margt ágætt um þetta mál og margt af því, sem ég vildi segja. Ég vil einu sinni enn vekja athygli á því, sem ég sagði, ásamt hv. 8. þm. Reykv., þegar þessi l. voru samþ., að með því væri verið að vinna óskynsamlegt verk, sem mundi hefna sín í framtíðinni. Nú er meira en ár síðan l. voru sett, og hefur sannazt, að hér er ekki um einhlíta dýrtíðarráðstöfun að ræða, heldur einhliða árás á launþega. Það hefur líka sýnt sig, að á þessu tímabili hafa lífskjör verkamanna og annarra vinnandi manna versnað, og samkvæmt áliti sérfróðra manna er jafnvel vísitalan, sem verkamenn fengu laun sín greidd eftir áður, mjög röng og allt of lág, miðað við það, sem ætti að vera í samræmi við verðlagið. Tilgangurinn með því að flytja þetta frv. er sá, að gefa Alþ. tækifæri til þess að breyta óskynsamlegri afstöðu, sem það tók og laga þann skarða hlut, sem launþegar hafa orðið að þola. Ég vil benda á það, að það var eftir harða og langa baráttu, sem launþegum tókst að koma kaupgjaldi sínu í samræmi við verðlag á nauðsynjavöru með því að fá vísitöluuppbót greidda á laun sín, og það var talið af öllum ábyrgum mönnum, að slíkt væri eðlilegt og gæti verið blessunarríkt, því að það mundi hafa áhrif til að draga úr vinnudeilum, sem ella væru, þegar verkamenn segja upp samningum til hækkunar, vegna þess að dýrtíðin hefur vaxið, og afleiðingin af þessu hefur líka verið vinnufriður. En nú er svo komið, að stórkostlegt verkfall stendur yfir á togaraflotanum og alls staðar er verið að gera athuganir, sem ég býst við, að séu undanfari að samningauppsögnum, og meira að segja Alþýðusambandið er með viðræður við ríkisvaldið um lagfæringu á vísitölunni. Hvernig þetta gengur, vitum við ekki, en það er staðreynd að það kaupgjald, sem nú er greitt, nægir ekki til að framfleyta verkamönnum og þeirra fjölskyldum, og verkalýðsfélögin hafa því verið að segja upp samningum og ná samningum við atvinnurekendur.

Hv. frsm. meiri hl., hv. þm. V-Ísf., gat um það í upphafi máls síns, að ekki hefði verið hægt að búast við afgreiðslu þessa máls. Ég skil ekki vel, hvað hv. þm. á við með slíku orðalagi, vegna þess að ég álít, að ég og hv. 8. þm. Reykv. höfum fyllsta rétt til að flytja frv. á Alþ. og getum vænzt þess, að það fái þinglega meðferð. Að vísu hefur þetta mál fengið lengri afgreiðslufrest en flest önnur mál, en meiri hl. hefur lagt fram sitt álit, eftir að búið var að reka á eftir því. Ef ég vildi lesa í málið, þá mundi ég ætla, að það, sem hv. þm. meinti, væri, að það væri vitað fyrir fram, hvernig deildin er stemmd í þessu máli, — að það, sem fyrir ári var samþ. sem l., mundu þm. standa við nú. Nú hafði ég reiknað með því, að hv. þm. væru ekki svo fastir við skoðun, sem þeir sæju, að væri röng, að þeir fengjust ekki til að breyta henni, þegar það er skynsamlegt. Tíminn hefur leitt í ljós, að þessar ráðstafanir voru óskynsamlegar, og þess vegna er fullkomin ástæða til að ætla, að þm. séu nú á annarri skoðun en þeir voru þá.

Hv. frsm. meiri hl. gat um það í sinni ræðu, að þetta ákvæði l. um að binda vísitöluna væri ráðstöfun gegn verðbólgunni. Þetta er aðeins fullyrðing og annað ekki, enda gerði hv. frsm. enga tilraun til að finna þeim orðum sínum stað. Hann kom að því, að það hefði ekki verið hægt að halda áfram á þeirri braut, sem gengin hefði verið, að kaupgjald og verðlag hækkaði til skiptis og togaði allt upp. Það er rétt, að þessu var haldið fram, þegar l. voru samþ., en reynslan hefur sýnt, að ríkisstj. og þau ráð, sem hún hefur sér til aðstoðar, hafa haldið áfram að hækka verðlag á afurðunum, þó að kaup launþega hafi ekki hækkað, svo að þessi staðhæfing stenzt ekki. Hv. þm. sagði að lokum, að ríkisstj. mundi halda áfram slíkri viðleitni sem hún hefði haft í þessum efnum. Við í stjórnarandstöðunni höfum haldið fram, að ríkisstj. hafi skoðað það sem meginatriði, sem hún þyrfti að gera, að halda niðri kjörum launþeganna. Þessu hefur verið borið á móti af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. En ég get fullvissað hv. frsm. meiri hl. um, að það er ekki víst, að langlundargeð verkalýðsins endist öllu lengur til að þola þær mótgerðir, sem verkalýðnum hafa verið sýndar fram að þessu.

Umr. frestað.

Á 81. og 82. fundi í Nd., 15. og 17. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 18. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru nokkrir dagar síðan þetta mál var á dagskrá, og í langri ræðu sinni þá vék 2. þm. Reykv. nokkuð að mér og þeim umr., sem fóru fram í hittiðfyrra um dýrtíðarfrv. hæstv. ríkisstj. Hv. 2. þm. Reykv. sagði af því tilefni, að ég var ekki viðstaddur í hv. d., þegar hann flutti ræðu sína, að ég mundi hafa flúið d. til þess að þurfa ekki að mæta honum í umr. um þetta mál, og hafði eftir mér viss ummæli um dýrtíðarlöggjöfina og ráðstafanir hæstv. ríkisstj. frá því í hittiðfyrra. Hann taldi, að ég mundi mjög

ógjarna vilja við þau ummæli kannast nú eða standa við þau. Nú skal það fúslega játað, að hv. 2. þm. Reykv. er mikill mælsku- og málafylgjumaður, þó að svo vilji til, að sá málstaður, sem hann tekur að sér að verja, sé venjulega þannig, að honum kemur ekki að gagni málsnilldin, eins og mundi vera, ef hann beitti henni í þágu betri málstaðar. En viðvíkjandi því, að ég þyrði ekki að mæta honum hér, — en það kemur ekki mjög oft fyrir, að ég mæti ekki á fundum í d., — þá mætti ég ekki vegna þess, að ég var kvaddur til viðtals við utanbæjarmann, sem ég varð að sinna, og er það ástæðan til þess, að ég heyrði ekki ræðu hv. 2. þm. Reykv. Mér var sagt frá efni ræðunnar, og mun ég nú svara honum með fáeinum orðum.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að þegar vísitölubindingin var lögfest í árslok 1947, hafi orðið allmiklar umræður um, hvað vísitalan mundi lækka mikið við þessar dýrtíðarráðstafanir ríkisstj. og hvað vísitölubindingin fæli í sér mikla raunverulega kauplækkun hjá launþegum. Ég hef lesið yfir þá ræðu, sem ég flutti við það tækifæri, og í henni segi ég, að ég geri ráð fyrir, að raunveruleg kauplækkun launþega vegna þessara ráðstafana sé um 7—8%, og svipaða eða alveg sömu tölu tók hæstv. viðskmrh., þegar hann tók þátt í umr. um þetta mál í hv. Ed. Hins vegar hafði forsrh. í frumræðu sinni fyrir málinu tekið nokkru lægri tölu. Hann sagði, að hagstofan hefði áætlað, að raunverulег kaupgjaldslækkun vegna vísitölubindingarinnar mundi vera um það bil 5%, eða að vísitalan mundi vegna þessara ráðstafana lækka í um það bil 315 stig. Þó að þingskrifararnir hafi ekki haft það eftir mér, að ég hafi talið, að vísitalan mundi lækka niður í 315 stig, má vel vera, að ég hafi í minni ræðu tilgreint lauslega einhverjar af þeim röksemdum, sem þá var almennt haldið á lofti fyrir því, að líklegt væri, að vísitalan mundi lækka niður í 315 stig, þó að ég hafi að sjálfsögðu hvorki haft vilja né getu til að taka neina ábyrgð á þeim útreikningi eða þeim tölum. Mér vitanlega fór engin nákvæm athugun fram á því um þetta leyti, hvað vísitalan mundi raunverulega lækka niður í vegna vísitölubindingarinnar. Ég átti fyrir ríkisstj. talsverðan þátt í hagfræðilegum útreikningi í sambandi við undirbúning löggjafarinnar, en ég tók engan þátt í neinum útreikningi í þá átt að leiða nákvæmlega í ljós, hvað vísitalan mundi lækka vegna þeirra dýrtíðarráðstafana, og mér vitanlega fóru engir útreikningar fram um það mál. Það, sem ég hef sagt um þetta atriði, hefur því verið byggt á lauslegum athugunum. En segjum nú, að ég hafi sagt eitthvað til stuðnings þeirri skoðun, sem var haldið fram, m. a. af hæstv. forsrh., að vísitalan mundi líklega lækka niður í 315 stig vegna dýrtíðarl., hver er þá raunveruleikinn og hvernig var þessi spádómur, miðað við þá spádóma, sem settir voru fram af hv. 2. þm. Reykv. og skoðanabræðrum hans hér á Alþ. Hv. 4. landsk. þm., sem hafði forustu í umræðum um þetta mál, fyrir sinn flokk í Ed., margstaðhæfði, að við setningu þessara l. mundi dýrtíðarvísitalan hækka upp í 350 stig, og má mikið vera, ef hv. 2. þm. Reykv. hefur ekki farið með í þessari hv. d. svipaða staðhæfingu, þó að ég muni það ekki. Hitt man ég glöggt, enda var ræða hv. 4. landsk. þm. prentuð í Þjóðviljanum. Hver varð svo reynslan? Fyrsta vísitala, sem reiknuð var út, eftir að l. voru sett, reyndist 319 stig. Úr 328 stigum lækkaði hún niður í 319 stig, en fór ekki upp í 350 stig, eins og forsvarsmenn Sósfl. spáðu, og er ekki orðin það enn. Hitt er svo allt annað mál, að með því móti að reikna, að vísitalan kynni að hækka eitthvað af öðrum orsökum en vegna dýrtíðarl., þá hefði það getað orðið um 10 stig. Hún mun nú vera 329 stig. Auðvitað hefði það ekki verið á mínu færi og væntanlega ekki annarra heldur að staðhæfa, að með setningu dýrtíðarl. væri skorið fyrir alla möguleika á því, að dýrtíðarvísitalan kynni að hækka nokkurn tíma úr því. Jafnvel þó að ég hafi látið mér eitthvað slíkt um munn fara því til rökstuðnings, að vísitalan mundi fara niður í 315 stig, þá er sú áætlun vissulega ekki fjarri því, sem raunverulega varð, og mjög miklu nær raunveruleikanum en það, sem forsvarsmenn Sósfl. spáðu, og hefur þetta orðið nær því, sem hv. 2. þm. Reykv. segir, að ég hafi fullyrt á þessu stigi málsins og meira að segja lagt minn fræðimennskuheiður við, eins og hann mun hafa komizt að orði hér um daginn. Þetta er ekki rétt haft eftir, svo sem hinar skrifuðu ræður þingskrifaranna bera gleggst vitni um. Þetta var tilefnið til þess, að ég stóð upp, til að blanda mér í þessar umr. Það er auðvitað algert vindhögg hjá hv. 2. þm. Reykv., þegar hann í sinni löngu hrókaræðu um þetta mál er að reyna að koma einhverri ábyrgð á mig af vísitölubindingunni, sem gerð var í árslok 1947. Eins og hann og aðrir þm. muna, sem tóku þátt í umr. um þetta mál, þá andmælti ég frv. og m. a. vísitölubindingunni. (*EOl:* Greiddi hv. þm. atkv. á móti því?) Ég taldi, að þær ráðstafanir, sem lagðar væru á herðar launþeganna og á efnaminni stéttirnar væru tiltölulega þyngri en þær ráðstafanir, sem lagðar væru á ríku og efnameiri stéttirnar, og vegna þess treysti ég mér ekki til að fylgja frv., en hins vegar, þar sem hér var um að ræða eitthvert þýðingarmesta frv. þeirrar ríkisstj., sem ég studdi, beitti ég mér ekki gegn því, og þess vegna greiddi ég ekki atkv. um málið.

Enn fremur vildi ég svo nota ræðu hv. 2. þm. Reykv. til að lýsa því yfir, að ég tel, að vegna þeirra 10 stiga hækkunar, sem orðið hefur á vísitölunni síðan dýrtíðarl. voru sett, vegna þess að hún hefur hækkað úr 319 stigum upp í 329 stig, þá sé grundvöllurinn fyrir þeirri lagasetningu að verulegu leyti brostinn, og ég tel þau launþegasamtök, sem sættu sig við þessa dýrtíðarvísitölu í trausti þess, að vísitalan mundi ekki hækka verulega frá því, sem hún lækkaði í, 319 stig, hafa fyllsta siðferðilegan rétt til að endurskoða afstöðu sína í kaupgjaldsmálum yfir höfuð að tala, eins og alþýðusambandsstjórnin er að gera nú og eins og stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er að gera nú. Og ég vil í framhaldi af hinni miklu ræðu hv. 2. þm. Reykv. um þetta mál segja það, að ég fyrir mitt leyti er á sömu skoðun og stj. þessara tveggja stærstu laun-

þegasamtaka, sem ég nefndi áðan, um það, að það sé ástæða til að taka til fyllstu athugunar að hækka kaupgjald í landinu til þess að mæta að einhverju eða öllu leyti þeirri hækkun á framfærslukostnaði, sem orðið hefur síðan dýrtíðarl. voru sett, því að þær fórnir, sem launastéttirnar tóku á sig með þeirri löggjöf, voru allmiklar, og launakjör hinna lægst launuðu eru vissulega ekki betri en svo, að takmörk eru fyrir því, hvað þeir geta tekið á sig til viðbótar í skertum launum. Þetta mun og vera stefna alþýðusambandsstjórnarinnar, sem nú er, og stefna stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að mæta á einhvern hátt þeirri kjaraskerðingu, sem hefur orðið síðan dýrtíðarl. voru sett, með 10 stiga hækkun vísitölunnar, þó að það sé ekki víst, að þessi launþegasamtök muni aðhyllast þá leið til þess að bæta mönnum kjararýrnunina, sem farið er fram á í því frv., sem hér liggur fyrir til umr., sem er að taka upp gamla vísitölukerfið aftur. (*EOl:* Er þetta stefna Alþfl.?) Þetta er stefna Alþfl. Mér vitanlega er ekki ágreiningur um þessa stefnu innan alþýðusambandsstjórnarinnar. Það er engan veginn víst, og persónulega vil ég segja það fyrir mitt leyti, að ég efast mjög um, að það sé skynsamlegasta lausnin á því máli, sem hér er um að ræða, að taka upp gamla vísitölukerfið. Það er hægt að bæta úr þeirri kjararýrnun, sem orðið hefur á margan máta. Þetta, sem ég að síðustu hef sagt, er sagt til að andmæla því, sem fram kemur í hinni miklu ræðu hv. 2. þm. Reykv., að það sé enginn flokkur í landinu og engir aðilar í landinu aðrir en miðstj. og þm. Sósfl., sem hafi nokkurn hug á því að bæta kjör lægst launuðu manna þjóðarinnar, hug á að bæta upp þá kjaraskerðingu, sem hefur átt sér stað síðan dýrtíðarl. voru sett.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Þetta mál hefur nú verið rætt dálítið við þessa umr. Málið var lengi í n. og virðist, eftir þeirri afgreiðslu, sem það fékk þar, hafa verið talið smámál, því að eftir allan þann tíma fylgja því úr hlaði nokkrar línur frá meiri hl. fjhn. um, „að meiri hl. fjhn. telur ekki fært að víkja frá þeirri stefnu ríkisstj. að festa kaupvísitöluna, vegna hættunnar á sívaxandi verðbólgu". Annað hefur ekki komið frá meiri hl. n. um málið og undirstrikun á þessum orðum frá hv. frsm. meiri hl. n. Það virðist þess vegna ekki vera ákaflega mikið í húfi fyrir hæstv. Alþ., þó að launþegar landsins séu með einum l. sviptir hluta af sínu kaupi, sem nemur eftir útreikningi þeirra manna, sem um þetta hafa fjallað, 50 millj. kr. Það virðist því vera álit hv. alþm. og hæstv. ríkisstj., að lægst launuðu stéttirnar í þjóðfélaginu geti fórnað þessu á altari dýrtíðarinnar til þess að vinna bug á henni. Hvað hefur þetta gert? Hefur það unnið bug á dýrtíðinni? Hefur það komið fram í reyndinni, að svo hafi verið sem haldið var fram af öllum, sem mæltu með þessum l., en launþegum var hótað gengislækkun og öðru fleiru, ef þeir ekki sættu sig við vísitölubindinguna? Nú finnst mér, að ekki væri óeðlilegt, að hlutur hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Alþ. í þessu máli væri dálítið athugaður. Fyrir 2—3 árum var orðið þannig ástatt með launamenn ríkisins, að þeim var ekki borgað kaup eftir neinum l., heldur með alls konar uppbótum, svo að þeir gætu dregið fram lífið. Svo eru samþ. launal., sem er í raun og veru samræming á því, sem verið hefur, en um mjög litlar hækkanir að ræða. Meiri hl. hæstv. Alþ. áleit, að mennirnir þyrftu þessi laun, til þess að þeir gætu lifað á þeim. Hvað skeður svo næsta þing á eftir? Þá er það sama löggjafarvaldið, sem tekur þetta af. Þá er álitið, að launþegarnir geti fórnað þessu. Nokkurn veginn hið sama er að segja um verkamennina og aðra slíka. Þeir hafa árum saman staðið í harki við atvinnurekendurna í landinu um kaupsamninga og ýmis friðindi eða réttindi, til þess að farið væri með þá eins og menn, en ekki þræla. Það hefur gengið svo langt, að skipuð hefur verið ríkisskipuð n. til að semja um sátt, og sú sátt hefur verið undirskrifuð af báðum aðilum. Hver er útkoman af því? Útkoman er sú, að sama valdið, Alþ., hefur svipt þessa launþega samningsrétti og tekið hluta af kaupi þeirra. Þetta hefur allt verið gert til að forðast dýrtíðina. Það var talið, að með þessum ráðstöfunum mundi vísitalan lækka mjög mikið. Ég mun ekki ræða um skoðun hv. 4. þm. Reykv., en mér þótti vænt um, að hann skyldi taka undir þetta mál eins og hann gerði, og ég vona, að hann haldi fast við þennan málstað. En það er svo komið, með þeim vísitölugrundvelli, sem gilt hefur, að ekki einn einasti maður hefur treyst sér til að vefengja, að dýrtíðarvísitalan muni vera um 75 stigum lægri en hún ætti að vera. Undanfarin ár hafði grundvöllur vísitölunnar verið mikill hemill á dýrtíðinni. Verzlunarvaldið t. d. lagði mikla áherzlu á að fá að hækka sínar vörur, en hin lögfesta vísitala orsakaði það, að ríkisstj. leitaði heldur ýmissa annarra ráða. Það var eins og stífla hefði verið tekin úr hvað þetta snerti, þegar vísitölubindingin var lögfest. Og það, sem gerzt hefur, er þetta. Það má fullyrða, að það er ekki til einn einasti maður, sem er ekki sannfærður um, að dýrtíðin hefur aukizt langtum meir síðan vísitölubindingin var lögfest en nokkurn tíma á árunum, þegar vísitalan var alltaf að hækka, vegna þess að hækkunin á öllum hlutum, sem ekki er tekið tillit til við vísitöluútreikninginn, er svo gífurlega miklu meiri en hún áður var. Það er dálítið einkennilegt, að enginn af hv. þm. utan hv. 4. þm. Reykv. hefur gert nokkra tilraun til þess að vefengja það, að þetta ástand sé gott. Það lítur út fyrir, að það sé um að gera að láta þetta mál fara með þögninni gegnum hæstv. Alþ.

Viðvíkjandi því, að verkalýðsfélögin sem slík hafi enn þá óbundnar hendur um að hækka sín grunnlaun, þá er það rétt. Og eftir þessar misheppnuðu tilraunir með vísitölubindinguna er það sýnilegt, að menn hafa verið á rangri leið. Maður hefði getað haldið, að þessar fórnir launþeganna hefðu átt að vera helzta ráðið til þess að halda niðri dýrtíðinni, en eftir þessi ár, sem liðin eru síðan vísitölubindingin var lögfest, sést, að við erum engu betur sett en við vorum áður en þetta var gert. En hvað skeður svo? Til þess að halda þessu ástandi við þarf

nú að auka stórkostlega dýrtíðina, hækka tolla og auka tekjur ríkissjóðs. Þetta er nú komið svo langt, að enginn maður sér leið til þess að leggja meiri skatta á almenning til þess að halda þessu ástandi áfram, og þó standa menn á móti afnámi þessara l. Það hefur komið fyrir í Reykjavík, þegar maður hefur fengið sitt kaup, þá hefur hann fengið eftir vikuna 10 krónur. M. ö. o., þegar tekið er mánaðarlega af launum hans og hann hefur haft það hátt kaup árið á undan, að skatturinn er kringum 400 krónur. Það er ekkert um það spurt, hvort hann hafi nokkuð handa heimilinu. Það eru þessir menn, sem þessi l. ná til. Það eru þessir menn, sem menn hér á þingi hafa hjálpað til að koma í þessa aðstöðu. Og það hefur sýnt sig, að þetta hefur ekki batnað, heldur versnað. Það er þetta, sem verkamenn vilja fá leiðrétt. En hvað er sagt við þá? Þeir vilja gera uppreisn. Þeir vilja setja allt í strand. Þeir vilja leggja atvinnuvegina í rústir. Þetta er við þá sagt, og þó gera þeir ekkert annað en að berjast fyrir að hafa ofan í sig að borða. Mér finnst a. m. k., að við, sem höfum flutt þetta frv., ættum að fá greinileg rök fyrir, hvað hefur batnað. Við eigum heimtingu á því, sem erum hér fulltrúar frá launþegum, að fá að vita, hvað það er, sem hefur batnað, og hvernig þetta eigi að verða áfram. Ég vona, að sú skýring komi áður en þessari umr. lýkur.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það var mjög merkileg yfirlýsing, sem hv. 4. þm. Reykv. gaf hér áðan, að því er mér skildist, þegar hann svaraði mínu framíkalli fyrir hönd Alþfl. Það er leitt, að hv. frsm. fjhn., þm. V-Ísf., sem líka er alþýðuflokksmaður og talaði hér fyrir hönd meiri hl., skyldi ekki hafa gefið þessa yfirlýsingu. Það hefði verið fróðlegt að fá hana. Enn fremur vísaði hann til þess, að ríkisstj. mundi standa fyrir sínu máli, en hún hefur látið það undir höfuð leggjast. Það hefði verið æskilegt, að hæstv. forsrh., sem líka er alþýðuflokksmaður, hefði gefið þessa yfirlýsingu. En meðan hv. 4. þm. Reykv. stendur við, að það sé yfirlýsing frá Alþfl., þá legg ég það til grundvallar og mun halda mér við það í minni ræðu.

Ég ætla þá fyrst að minnast nokkrum orðum á það, sem hann sagði, að ég hefði gefið sér tilefni til að ræða.

Hv. þm. sagði, að ég hefði vitnað í það, sem ég hefði sagt áður um hans ræðu, þegar þessi l. voru samþ. Hann kvaðst ekki hafa fundið í þingtíðindunum þá tilvitnun í sína eigin ræðu, sem ég hefði byggt á. Ég veit ekki, hvort hann hefur þann sið að lesa yfir sínar eigin ræður. Ég geri það ekki, en ég skal lofa honum að heyra úr þeirri prentuðu ræðu á 164. bls., hvað ég hef sagt, vitnandi í ræðu, sem hann hafði haldið áður, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég skoraði á hæstv. forsrh. að gefa yfirlýsingu um það, að hæstv. stjórn mundi ekki misbeita því valdi, sem hún fær með þessu frv., til þess að hætta niðurgreiðslum á vísitölunni. Engin slík yfirlýsing hefur komið fram. Svo er hv. 4. þm. Reykv. sendur út af örkinni eins og áður, þegar hæstv. stjórn er í vandræðum. Hann er látinn lýsa því yfir með sínum óskeikulleik og leggja þar við sinn vísindaheiður og prófessorsheiður, að vísitalan muni lækka niður í 315 stig. Vill hæstv. stjórn þá setja ný l., sem tryggja, að vísitalan verði ekki yfir 315 stig? Það er gaman að heyra, hverju hún svarar því.

Hv. 4. þm. Reykv. ætti að athuga vel, hvað hann er að gera í þessu máli. Það er verið að láta hann nota heiður sinn sem vísindamanns og prófessors til að gefa yfirlýsingu fyrir pólitíska glæframenn til að hjálpa þeim að koma á l., sem verða til þess að stela 50 millj. af alþýðu þessa lands. Af því að þessi þm. er ungur hér á þingi og hefur skamman tíma haft afskipti af hæstv. forsrh, þá vil ég ráðleggja honum að vara sig á því, sem verið er að láta hann gera. Það verður vitnað í þessi ummæli, þegar stjórnin er búin að svíkja, þegar vísitalan er komin langt yfir 315 stig. Nú á að reyna að nota hans prófessorstitil, og þegar búið er að jaska honum nóg út, þá fær hann sín laun. Stefán Jóh. Stefánsson vill hann pólitískt feigan, vegna þess að hann varð til að reka hæstv. núverandi forsrh. úr efsta sæti alþýðuflokkslistans með 24 stunda úrslitakostum".

Þetta er lítill þáttur úr ræðu, sem ég hafði haldið að gefnu tilefni frá honum. En það lítur út fyrir, að hv. 4. þm. Reykv. hafi orðið í vandræðum út af þessum orðum sínum og þau séu dottin úr ræðunni. Það lítur út fyrir, að hann hafi viljað passa upp á, að þau fyndust ekki í handritinu. (*GÞG:* Þetta er ósvífin aðdróttun. Ræðan er eins og þingskrifarinn gekk frá henni.) Svo talar hann um, að ég vilji koma sérstakri ábyrgð á sig. Það vildi ég ekki. Ég gerði það ekki, heldur beindi mínum orðum til hæstv. forsrh. Ég mundi alls ekki reyna að klína sérstakri ábyrgð á hv. 4. þm. Reykv. nema þeirri, sem fólst í ræðu minni. Hann sat hjá. Hann hefur sjálfsagt undirbúið frv. með hæstv. stj., en fengið að sitja hjá. En hann hefur lýst því sjálfur yfir, að hann teldi þann grundvöll brostinn. Hefði sú yfirlýsing komið frá stóli hæstv. forsrh., hefði maður skilið það svo, að nú væri hæstv. stj. að segja af sér. Þessi hv. þm. viðurkennir, að sá grundvöllur, sem fyrsta stj. Alþfl. hér á landi hefur lagt til að lækna dýrtíðina, sé brostinn. Það er þýðingarmikil viðurkenning. Síðan lýsir hann yfir, að tvö sambönd, sem hann þekkir vel, Alþýðusamband Íslands og bandalag starfsmanna ríkis og bæja, vilji beita sér fyrir grunnkaupshækkunum og hann sé því sammála. Þegar ég spurði hann, hvort þetta væri stefna Alþfl., þá skildist mér hann svara því játandi. Það er ánægjulegt út af fyrir sig, að Alþfl., sem fyrir einu ári síðan lýsti yfir, að ef menn ætluðu að gangast fyrir grunnkaupshækkunum hér á landi út af þrælalögum, sem þá voru sett, þá væri það glæpur, það var endurtekið hvað eftir annað af hæstv. viðskmrh., sem nú er í Ameríku, — það er ánægjulegt, að flokkurinn skuli nú hafa tekið þessa stefnubreyt. Nú er því lýst yfir, þegar búið er að praktisera þessi þrælalög með þeirri ægilegu lífskjaraskerðingu, sem þau hafa í för með sér, að allt, sem flokkurinn var að gera, sé glæpur og nú eigi að gera það, sem hann

stimplaði sem glæp fyrir ári síðan. Hefði ekki verið nær að athuga fyrir ári síðan, hvað verið var þá að leggja út í?

Hvernig eru endurbæturnar, sem Alþfl. ætlar að gera á sínum eigin vitleysum? Hv. 4. þm. Reykv. hefur lýst yfir, að það sé stefna Alþfl. að samþ. ekki þetta frv., sem tveir formenn stærstu verkamannafélaganna hafa lagt fram, um að veita verkamönnum aftur það frelsi, sem sem af þeim hefur verið tekið með þessum l., sem hér á að breyta. Nei, flokkurinn vill gangast fyrir grunnkaupshækkunum í landinu. Hvað þýða grunnkaupshækkanir nú? Þær þýða verkföll, óhjákvæmilega. Það mun sízt standa á okkur sósialistum að berjast fyrir, að verkamenn hækki sitt kaup með verkföllum, ef ekki er nein önnur leið til. En finnst hv. 4. þm. Reykv. það svo glæsileg baráttuaðferð að grípa til þess gagnvart þjóðfélaginu að láta verkamenn standa í mánaða verkföllum með þeim kostnaði, sem það hefur í för með sér fyrir þá og þjóðfélagið, ef hægt er að veita þeim sama rétt með einfaldara móti? Er það meining Alþfl. að gangast fyrir verkföllum úti um allt land, þegar Alþ. hefur möguleika til að veita verkamönnum þær hækkanir, sem Alþfl. segist vilja veita þeim, með því að samþ. þetta frv.? Á það endilega að kosta verkamannastéttina mánaðalöng verkföll með þeirri kvöl, sem þau hafa að þýða fyrir verkamenn, og tjóni fyrir þjóðfélagið, þegar Alþ. hefur það í hendi sér að veita verkamönnum þetta sama án allra árekstra? Hver er meiningin með þessu? Það væri gaman að fá upplýsingar um, hvernig stendur á þessari breyttu pólitík. Því er lýst yfir, að ekki megi samþ. þetta frv. og viðurkenna þar með, að kaup skuli greitt samkvæmt vísitölu, heldur á endilega að fara út í verkföll. Það blasir nú við frammi fyrir þjóðinni, að búið er að henda 20 millj. króna í sjóinn vegna togarastöðvunarinnar. Það hefði eitthvað verið sagt, ef þetta hefði komið frá Sósfl. Þá hefði það verið kallað skemmdarstarfsemi og niðurrifspólitík. En það á að vera bjargráðastarfsemi, þegar það kemur frá Alþfl. Nú á að leggja út í verkföll til að vinna upp þessa 9 stiga hækkun, sem orðið hefur. Kannske þessir menn séu að ráðgera verkfall út af 9 stigum af því, að þeir treysti, að verkamenn leggi ekki út í verkfall fyrir svo lítið, af því að þeim þyki ekki taka því, því að þeir vilja ekki leggja út í slíka baráttu fyrir lítið.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði um Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Er það meining hans, að það samband fari út í verkfall, þó að það hafi ekki verkfallsrétt? Eiga þeir að fara út í ólöglegt verkfall? Hvernig eiga þeir að ná rétti sínum? Eiga þeir að halda þing úti í listamannaskála og samþ. þar sínar kröfur, rjúfa síðan þingið og Alþfl. segi, að þeir séu með þeim, og svo ekki meira? Flokkurinn hefur ekki lagt fram frv. um, að starfsmenn ríkis og bæja hafi verkfallsrétt. Það á að veita þeim kauphækkun með því að samþ. þetta frv. og láta þá fá laun sín greidd samkvæmt opinberri vísitölu, sem er 329 stig í staðinn fyrir 300, og það er upp undir það eins mikil hækkun og þeir fara fram á. Hver er meiningin með þessu verkfallsskrafi fyrir hönd launþegasambands, sem hefur ekki rétt til verkfalls? Vill Alþfl. leiða þá út í ólöglegt verkfall, en neita þeim um þá uppbót, sem þeir eiga rétt á samkvæmt launalögum? Hver er meiningin með þessu? Nú fer ég satt að segja ekki að skilja. Mér kemur þetta grunsamlega fyrir sjónir, þegar Alþfl., sem er búinn að gerast kauplækkunarpostuli í þjónustu auðmannanna í þjóðfélaginu til að stela af verkamönnum í tvö ár kaupi, sem þeim ber, þegar hann fer að tala um að hækka kaupið og eingöngu með verkföllum, en ekki með því að afnema þrælalög. Hvaða blekkingar eru hér á ferðinni?

Ég vildi vekja athygli á því, ef það skyldi vera farið að fara út í verkföll nú með öllum þeim kostnaði, sem það hefur fyrir verkamenn og þjóðfélagið, þá þætti mér líklegt, að Alþfl. mundi um leið rjúfa þing og efna til nýrra kosninga og það yrði reynt að sjá um, að verkföllin yrðu um svipað leyti og kosningar færu fram, til þess að Alþfl. gæti reynt að nudda af sér eitthvað af smáninni, sem hann hefur fengið við þessa tveggja ára forustu fyrir kaupþrælkuninni, og skömminni af að níðast á verkamönnum og þeirra samningsrétti. En hvað mundi eiga að gera eftir kosningarnar, þegar Alþfl. skriði aftur saman með hinum flokkunum, sem báðir eru búnir að lýsa yfir fylgi sínu við gengislækkun? Þá mundi hann samþ. gengislækkun, sem hann væri búinn að berjast á móti í kosningunum, eins og hann skreið inn 1939 og samþ. gengislækkun, sem hann hafði barizt á móti, og leika sama leikinn aftur.

Hvað yrði unnið við að fella þetta frv.? Ég held, að ef þetta frv. er samþ., þá mundi gengislækkun eftir kosningar af sjálfu sér hækka kaup starfsmanna ríkis og bæja og verkamanna, en grunnkaupshækkun aftur á móti ekki. Sem sé, það mundi vera meiningin að hjálpa þjóðstjórnarflokkunum eftir slíkar kosningar til að koma á gengislækkun að vera nú með því að fella þetta frv. nú og hindra þar með uppbót vegna gengislækkunar. Afleiðingin yrði því ný kauplækkun í landinu. Ég er hræddur um, að það verði ekki svona auðvelt fyrir Alþfl. að þurrka af sér sín verk frá síðustu áramótum. Ég er hræddur um, að menn sjái gegnum þessa blekkingu. Þetta mál er prófsteinn á, hvort flokkurinn meinar eitthvað með því, þegar hann segist vilja bæta kjör verkamanna og starfsmanna í landinu. Það er ekki til neins að ætla að vinka því frá sér með því að segja: Nei, við viljum ekki þetta frv., við viljum fá verkamenn út í verkföll. Verkamenn fara út í baráttu til að sigra. Sú barátta er stundum tvísýn, alltaf fórnfrek. Hér er hægt að vinna sigur, án þess að verkamenn þurfi að fara út í baráttu vikum og mánuðum saman og þjóðfélagið að bíða stórtjón. Þennan sigur má vinna með því að samþ. þetta frv. Að svo miklu leyti sem þm. Alþfl. eru kosnir af verkamönnum, hafa þeir ætlazt til, að þeir berjist fyrir bættum kjörum þeirra og létti þeim baráttuna. Þeir hafa ekki ætlazt til, að réttlætismálum sé vísað út úr þingsalnum og sagt við þá: Þið fátækir verkamenn getið farið út í verkföll vikum og mánuðum saman, til þess að við þurfum ekki

að rétta upp höndina á Alþ. til að bæta ykkar kjör. Þið getið barizt sjálfir. Heldur hv. þm. að verkamenn skilji hann, ef hann ætlast til þess? Nei, *prófsteinninn er ekki, hvort þeir eru að* þvæla um verkföll, heldur hitt, hvernig þeir snúast við þessu frv.

Þetta frv. hefur verið stutt af svo að segja öllum verkalýðsfélögum landsins. Þau hafa skorað á Alþ. að samþ. þetta frv. Fjölda þeirra er stjórnað af mönnum, sem tilheyra núverandi ríkisstj. Það er því ekkert undanfæri undan, að ef þeir vilja fá í gegn kauphækkun fyrir verkamenn og starfsmenn þjóðfélagsins, þá eiga þeir að afnema vísitöluskerðinguna. Það er í samræmi við þá kröfu, sem þessir menn hafa gert. Hv. 4. þm. Reykv. þarf ekki að telja mér trú um, að breyt. á launal. fari viðstöðulítið í gegn nú. Hann veit, hvað það kostar að fá launal. í gegn. Hann ætti að vita, að Sjálfstfl. brást í Ed., þegar launal. voru sett, og þó var það *samningsmál* ríkisstj. Og að segja Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja að fara út í verkfall er vitleysa. Það hefur ekki verkfallsrétt og treystir sér ekki út í ólöglegt verkfall. Að samþ. ekki þetta frv., en stofna til verkfalla í þess stað er hræsni. Verkamenn eiga heimtingu á að fá það öryggi, sem í þessu frv. felst, ef gengisskerðing á að koma eftir kosningar. Þetta er réttlætismál gegn launþegum, réttlætismál, sem þeir eiga kröfu á að fá samþ. og hv. 4. þm. Reykv. viðurkennir, að þeir eigi að fá samþ., með því að segja, að grundvöllurinn sé brostinn undan þrælalögunum, sem verkamenn hafa orðið að búa undir á annað ár. Í öðru lagi er þetta ódýrasta aðferðin til að veita þetta réttlæti. Nú hefur stjórnarflokkur lýst yfir, að hann vilji beita sér fyrir verkföllum. Við vitum, hvað þau kosta. Við getum reiknað, hvað eitt slíkt verkfall eða verkbann kostar, togarastöðvunin í Reykjavík. Þeir þm., sem finnst til fyrirmyndar að fara út í þá baráttuaðferð, greiða atkv. móti þessu frv. En það kemur á þeirra bak að bera ábyrgðina af slíku verki. Verkamenn óska ekki eftir verkföllum. Þeir hafa samninga við atvinnurekendur, og samkvæmt þeim eiga þeir að fá fulla vísitöluuppbót á kaup sitt. Sú vísitala er nú 329 stig. En það er bannað að standa við þessa samninga og sagt, að aðeins skuli greiða 300. Þetta bann er hægt að afnema með því að samþ. þetta frv. Það kostar enga baráttu fyrir verkamenn og ekkert gjaldeyristap fyrir þjóðfélagið. Þess vegna er þessi aðferð, sem hér er lögð til af formönnum tveggja stærstu verkalýðsfélaganna í landinu, ódýrasta aðferðin, sem hægt er að fá til að tryggja þjóðfélagið upp á framtíðina gegn því, að gengislækkun yrði skellt á. En þeir, sem eru á móti þessu frv., eru að stofna til óeirða í landinu og tjóns fyrir þjóðfélagið. Þeir eru að varna því, að verkamenn og starfsmenn verði tryggðir gegn afleiðingum gengislækkunar, ef henni verður skellt á. Þetta vil ég segja, vegna þess að ég álít, að þinginu beri skylda til að reyna að leysa málið á friðsamlegan hátt, ekki sízt af því, að það sjálft skapaði þetta óréttlæti. En svo framarlega sem Alþ. fæst ekki til að leysa þetta mál á réttlátan og friðsamlegan hátt, þá verða verkamenn að grípa til þess að knýja málið í gegn með þeirri fórnfreku baráttu, sem verkföllin eru. Þess vegna fara verkamenn og fulltrúar þeirra fram á að leysa málið á réttlátan hátt með samkomulagi. Sé því neitað, þá er ekki um annað að gera en að berjast. Þingið tók rétt af verkamönnum, því ber að skila honum aftur. Geri það það ekki, þá er það þess meiri hl., sem fellir þetta frv., að bera ábyrgðina af því.

Gylfi Þ. Gíslason: Ég þakka hæstv. forseta fyrir, að hann gefur mér tækifæri til að svara örfáum orðum nú. Það er hv. 2. þm. Reykv., sem ég vil fyrst og fremst svara. Mér kom mjög á óvart, að hann skyldi leyfa sér að gruna mig um, að ég hefði strikað eitthvað út úr þeirri ræðu, sem ég flutti á þinginu 1947 og hann vitnaði í. Ég kallaði fram í hjá honum, að þetta væri ósvífin aðdróttun, og ég endurtek það. Það var ósvífið og ómaklegt. Það vill svo vel til, að ég get sannað, að þetta er rangt, því að ég hef fyrir framan mig handrit þingskrifarans af ræðu minni, eins og hann gekk frá henni. Ég vissi ekki, að búið var að prenta ræðuna, og hún er væntanlega prentuð nákvæmlega eins og þingskrifararnir hafa gengið frá henni, en þar sagði ég:

„Mér finnst fórnirnar, sem af almenningi er krafizt í þessu frv., vera miklu meiri hlutfallslega en fórnirnar, sem krafizt er af efnastéttunum. Og ef litið er á frv. stj. í þessu ljósi, virðast mér fórnir þær, sem frv. gerir ráð fyrir af hálfu launþeganna, vera þrjár fyrst og fremst:

1. Verðlagsuppbótakerfið afnumið. Þ. e., að ekki má framvegis hækka kaup í sama mæli og verðlag hækkar í landinu, en það fyrirkomulag hefur verið síðan 1939, að Alþfl. fékk þessu komið á. Þetta kerfi á að afnema.

2. Verðlagsuppbótin er lækkuð og þá um leið laun um 8½%. Verð á landbúnaðarvörum og innlendum framleiðsluvörum lækkar jafnframt tilsvarandi.

3. Söluskattur verður lagður á, svo að verð vöru, sem neytendur kaupa, mun hækka verulega, og hefur verið áætlað, að raunveruleg kauplækkun muni vera 8—9%.

Fórn efnastéttanna er hins vegar aðeins ein, eignaraukaskatturinn, og skal ég nú leyfa mér að líta á hann."

Þetta þarf ekki frekari skýringa við. Ég leiðrétti að vísu þessar ræður í gær, en blöðin bera með sér, hvað þingskrifararnir hafa skrifað, svo að ég þykist hafa sannað fullkomlega, að þessi aðdróttun hv. 2. þm. Reykv., að ég breyti ræðum mínum, sé fullkomlega ómakleg, og furða ég mig á því, að hann skuli bera slíkt fram, því að vegur hans mun ekki vaxa við það, heldur minnka.

Að öðru leyti vil ég aðeins segja þetta: Hv. 2. þm. Reykv. heldur nú að vísu nokkuð svipaðar ræður um hvaða mál sem hann talar. Innihaldið er jafnan óhróður um Alþfl. og hæstv. ríkisstj. En þessi ræða hans var þó óvenjulega sérkennileg að því leyti, að ég gat ekki betur skilið en hann talaði á móti yfirlýstri stefnu Alþýðusambandsstjórnarinnar um það, að hún mundi, ef vissum kröfum yrði ekki fullnægt, beita sér fyrir grunnkaupshækkunum

í landinu og náttúrlega verkföllum. Hv. þm. talaði beinlínis á móti þessari stefnu og fór að útlista rækilega, hvað verkföll væru alvarlegur hlutur, fór að vara við þeim, lýsa þeirri ringulreið og því tjóni, sem þau hefðu í för með sér, og kallaði þau óeirðir. Ég skrifaði þetta upp eftir honum og benti sessunaut mínum á það og sagði: Nú þykir mér vera nýr tónn í 2. þm. Reykv., hann kallar verkföll óeirðir, segir að þau séu glæfraleg. — E. t. v. hefur þessi hv. þm. alltaf litið þannig á, en bara verið svo varkár að tala ekki svona, þangað til nú, að meira skrapp úr honum en hann ætlaðist til.

Ég vil svo að síðustu í örfáum orðum endurtaka það, sem ég sagði áðan. Ég sagði, að ég teldi sanngjarnt og réttlátt, að launþegum í landinu, þeim lægst launuðu, yrði bætt sú kjaraskerðing, sem orðið hefur við það, að vísitalan hefur hækkað úr 319 stigum í 329 stig. Mér þykir sanngjarnt, að launþegum sé bætt þessi kjararýrnun. Og ég sagði, að ég efaðist um, að sú leið, sem stungið er upp á í þessu frv., væri heppilegasta og bezta leiðin til þess að bæta úr þessari kjararýrnun. Ég nefndi aldrei grunnkaupshækkun í ræðu minni, en talaði um, að bæta yrði launþegum þá kjaraskerðingu, sem þeir hefðu orðið fyrir. Ég veit ekki betur en að fyrsta krafa núverandi alþýðusambandsstjórnar sé sú, að kjaraskerðingin verði bætt á þann hátt að færa niður dýrtíðina, sem orsakar kjaraskerðinguna, þannig að hún verði ekki meiri en hún var, þegar dýrtíðarlögin voru sett. En það eru til fleiri leiðir til þess að bæta kjör launþega, aðrar ráðstafanir. Þó að dýrtíðin verði ekki enn þá færð niður í fullum mæli, hefur því verið lýst yfir af hálfu alþýðusambandsstjórnarinnar, — og styð ég þá till. hennar, — að ef ekki verði gert annaðhvort, að dýrtíðin verði færð niður í það, sem hún var, þegar dýrtíðarl. voru sett, eða gerðar aðrar ráðstafanir til þess að bæta launþegum þessa kjaraskerðingu, er óhjákvæmilegt að beita sér fyrir grunnkaupshækkunum til þess að vinna af sér kjaraskerðinguna.

Umr. frestað.

Á 85. fundi í Nd., 22. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Það var aðeins aths., sem ég vildi gera til áréttingar því, sem ég sagði síðast þegar mál þetta var á dagskrá, og einkum út af því, sem komið hefur fram síðan. Ég þóttist þá gera grein fyrir því, hvernig þetta lagafyrirmæli, sem hér er lagt til að breyta, hefur haft áhrif á afkomu verkamanna, og lýsti eftir því hjá fylgismönnum þessara laga, sem nú gilda um þetta efni, hvað þau hefðu gert. Ég get ekki séð annað en að þau lög hafi aukið dýrtíðina og gert afkomu alls launafólks í landinu verri. — Það kom fram í umr. á dögunum, þegar um þetta var rætt, og það hefur einnig komið fram í blöðum, að haldið hefur verið fram, að hv. 2. þm. Reykv. væri á móti verkföllum og kauphækkunum. Ég veit ekki, hvernig á þessum fullyrðingum stendur. — En ég undirstrika það, að í framtíðinni mun það vera Alþ., sem ber ábyrgð á því, þegar um deilur verður að ræða, sem hljóta að verða út af þessu ranglæti, sem sýnt er með því að halda dauðahaldi í þann lagastaf, sem við leggjum hér til, að verði breytt, vegna þess, að Alþ. hefur tekið þann hlut af verkamönnum með lögum, sem þeir voru búnir að vinna sér. Og hvort sem það á að vera hjálp við atvinnurekendur, sem þarna er gert, eða Alþ. álítur, að vinnandi fólk yfirleitt í landinu hafi of mikil laun — og ég get nú ekki ímyndað mér, að nokkur hv. þdm. áliti, að verkamaður, sem hefur 15—16 þús. og upp í 20 þús. kr. í laun yfir árið til þess að framfleyta sínu heimili, hafi of mikil laun — þá er það svo, að um leið og menn fella þetta frv. um að afnema þessi ranglátu lagaákvæði, þá verður ekki hægt að skoða það öðruvísi en svo, að hv. þm., sem það gera, álíti, að menn hefðu of góð lífskjör, ef þetta frv. væri samþ. Og það er þetta eingöngu, sem ég vil undirstrika, að slíkt hlýtur að lenda um síðir á þeim mönnum, sem hér felldu nú þetta frv. Og ef hv. þm. halda áfram með þá ranglátu löggjöf, sem þetta frv. miðar að því að afnema, þá mega þeir vera vissir um, að þeir fá deilurnar út af því ranglæti, hvenær sem þær koma.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það hefði í raun og veru verið ástæða til þess, að þessi fundur hefði staðið lengur en aðeins til kl. 2, vegna þess að maður hefði getað búizt við því, að hæstv. ríkisstj. mundi gefa einhverjar skýringar á sinni afstöðu til þessa máls, sem hér er verið að ræða, sérstaklega eftir upplýsingar, sem fram hafa komið frá hv. 4. þm. Reykv. sem einum af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. Hefur þeim ræðum, sem ég hef flutt um þetta mál, ekki verið mótmælt, heldur þvert á móti samsinnt af hálfu þeirra hv. stjórnarsinna, sem tekið hafa þátt í þessum umr. Í þessum umr. kemur fram, hvílíkt skipbrot hæstv. ríkisstj. hefur beðið í hagsmuna- og fjármálastefnu sinni fyrir landið. Þegar þetta mál var fyrr rætt, þegar þessi lög voru sett, hafði hæstv. forsrh. sagt, að ef fólkið lækkaði kaupið um 5—8%, mundi það þýða það, að þjóðin héldi áfram þeirri velmegun, sem hún hafði árið 1947, og þá væri atvinna tryggð handa öllum. Og ég las við þessar umr. upp tilvitnun úr þeirri ræðu hæstv. forsrh. í minni ræðu hér og skoraði á ríkisstj. og stuðningsmenn hennar að standa fyrir sínu máli. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki treyst sér til þess að standa fyrir sínu máli í þessu máli fremur en öðrum. Sá hluti hennar, sem ekki flaug til Ameríku, hefur ekki tekið til máls í þessu máli, sem er í raun og veru aðalmálið, — þ. e. binding kaupgjaldsvísitölunnar, — sem hæstv. ríkisstj. hefur byggt á sínar framkvæmdir í hagsmuna- og fjármálum þjóðarinnar, og þetta eru einu till., sem ríkisstj. hefur, eftir því sem hún sjálf segir, komið með til þess að lækka dýrtíðina í landinu og framkvæma sitt prógramm. En hæstv. ríkisstj. og ráðherrar koma sér hjá að ræða þetta mál. Sá maður af hennar fylgismönnum, sem hins vegar hafði hjálpað henni til að undirbúa þetta mál, bindingu kaupgjaldsvísitölunn-

ar, og hafði lýst því yfir, að vísitalan mundi, strax og þau lög hefðu verið um stund í gildi og verkað, lækka niður í 315 stig og síðan lækka meira, þessi maður vildi koma því á hæstv. forsrh. að svara fyrir ríkisstj. Og þessi sami hv. þm., sem er eini maðurinn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., sem staðið hefur upp til að tala í þessu máli hér, hv. 4. þm. Reykv., sem sjálfur hafði undirbúið þetta mál, sem hér er lagt til að breyta, og gefið yfirlýsingar um það eða samsinnt yfirlýsingum hæstv. forsrh. um það, þessi sami hv. þm. lýsir því nú yfir, að hann álíti grundvöllinn fyrir þessari lagasetningu brostinn, þann grundvöll, sem þessi lög hafi verið byggð á. Og þetta er sérfræðingur ríkisstj. í hagfræðilegum efnum, þetta er vísindamaðurinn, sem hún um hagfræðileg efni hefur vitnað til í sambandi við hvert einasta fjárhagsmunamál þjóðarinnar, sem hún kuklar við að framkvæma. Þessi hv. þm. og hagfræðingur lýsir því yfir, að hann álíti, að það, sem nú verði að gera, sé, að verkamenn fari út í það að berjast fyrir kauphækkunum, — og þá náttúrlega með því móti að segja upp samningum og þá, ef ekki verður gengið að kröfum verkamanna, að koma á verkföllum og öðru slíku. Og ég innti hann eftir því, hvort þetta væri stefna Alþfl., og hann lýsti yfir, að þetta væri stefna Alþfl. Og í hvert skipti, sem hv. 4. þm. Reykv. gefur slíkar yfirlýsingar, — sem auðsjáanlega eiga að vera undirbúningur fyrir kosningar, — þá stekkur hæstv. forsrh. út úr fundarsalnum til þess að komast hjá að láta binda sig við þessar yfirlýsingar. — Nú hefur hæstv. viðskmrh. verið utanlands og veit því ekki eins, hvað fram hefur farið í þessu, eins og ef hann hefði ekki flogið til Ameríku, og er hann hér því viðstadddur nú. Og ég vil þá segja honum, að ég kom inn á það í mínum ræðum, að það hefði verið hæstv. viðskmrh., sem hefði lýst því yfir fyrir ári síðan, að svo framarlega að verkamenn færu út í verkföll, þá liti hann á það sem glæp. *(Samgmrh.:* Þessi orð hef ég aldrei sagt. Þetta er rangtúlkað.) Hæstv. ráðh. er búinn að endurtaka þetta. Hann hafði þessi ummæli í útvarpinu. *(Samgmrh.:* Það er tilbúningur.) Hann sagði, að svo framarlega að menn hvettu verkamenn til verkfalla, skoðaði hann slíkt sem glæp. (*Samgmrh.:* Já, það er annað.) Ef það er glæpur að hvetja til verkfalla, verður það þá ekki eitthvað svipað að fara út í verkfall? Og þetta var þá, sem fram kom í orðum hv. 4. þm. Reykv., að mér skilst, að hvetja til glæpa, ef hæstv. ráðh. vill heldur halda sig við þessa skilgreiningu, sem hann nú kom með. Ætla ég, að inntakið í því, sem hv. 4. þm. Reykv. lýsti yfir, að væri stefna stjórnar Alþýðusambandsins og stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sé að berjast fyrir kauphækkunum. Og þegar ég innti hann eftir því, hvort það væri stefna Alþfl., þá játaði hann því, að það væri einnig stefna hans. Ég benti honum á, að þetta væri rétt að gera, en að það væri í mótsögn við yfirlýsingu Alþfl. og að hæstv. ráðh. hefði tekið svo djúpt í árinni í útvarpsræðu að kalla það glæp. — Og svo skulum við deila um það, hvort það er fremur glæpur að hvetja til verkfalla eða fullyrða, að rétt sé að fara út í baráttu fyrir kauphækkunum.

Þetta, sem fram hefur komið og hv. 4. þm. Reykv. hefur samsinnt, þýðir, að stefnan, sem tekin var í desember 1947, hefur mislukkazt í framkvæmdinni, svo að hagfræðingur ríkisstj., hv. 4. þm. Reykv., neyðist til þess að viðurkenna, að grundvöllurinn fyrir þessari lagasetningu, sem þá var gerð til þess að binda kaupgjaldsvísitöluna við 300 stig, sé brostinn undan þeirri framkvæmd. Allan tímann síðan er Alþfl. búinn að prédika það, að það sé glæpur að hvetja til verkfalla. En nú lýsir einn Alþfl.-þm. yfir, að það sé stefna flokksins, að hann muni neyðast til þess að standa með því, að verkalýðurinn fái nokkra kauphækkun. Þessa gjaldþrotsyfirlýsingu neyðist Alþfl. til að gefa, eftir að hann er búinn að draslast í ríkisstj. í tvö ár, án þess að geta skapað annað í dýrtíðarmálum landsins en það, að grundvöllurinn hefur brostið undan framkvæmdum ríkisstj. í kaupgjaldsbindingarmálum hennar. Og þegar svo er komið, þá ætlar þessi flokkur að slá sér upp á því, þegar á að stofna til kosninga, að reyna að blekkja þjóðina á því, að hann muni berjast fyrir kauphækkunum. Hvar hefur hann tækifæri til þess að berjast fyrir kauphækkunum nema á Alþ., ef honum er alvara, með því að samþ. frv. það, sem fyrir liggur frá hv. 11. landsk. þm. og 8. þm. Reykv.? Alþfl. hefur tækifæri á Alþ. til þess að knýja fram kauphækkun hjá verkalýðnum, ef honum er alvara með það, með því á Alþ. að fylgja þeim málstað, sem með flutningi þessa frv., sem fyrir liggur, er barizt fyrir. Og ég spurði hv. 4. þm. Reykv., hvernig Alþfl. hugsaði sér að knýja fram þær kröfur, sem B. S. R. B. gerði, að fá 36% kauphækkanir. Hvernig ætlar bandalagið að fá þessar kröfur fram? Mér skilst, að Alþfl. eigi stjórnina í því bandalagi. Ætla þeir að láta starfsmenn ríkis og bæja fara út í ólögleg verkföll? Það bólar ekki á því. Ætla þeir að breyta launalögunum? Það bólar heldur ekki á því. Á hvern hátt ætla þeir að hækka kaup starfsmanna ríkis og bæja? Svo framarlega að frv. það, sem hér liggur fyrir, væri samþ., þá mundi það samsvara 10% hækkun á kaupi þessara manna, því að þá mundi kaupgjaldsvísitalan vera um 330 í stað 300. En sú hækkun mundi samt sem áður ekki vera nema þriðjungur af því, sem B. S. R. B. fer fram á. Nú lýsir einn hv. stuðningsmaður ríkisstj. úr Alþfl. því yfir, að þeir ætli að berjast fyrir því, að þetta nái fram að ganga. Samtímis lýsa Alþfl.-menn yfir, að þeir ætli að greiða atkv. á móti þessu frv. hér í þinginu. Hvað er meiningin með þessu? Þessir menn lýsa yfir, að þeir ætli að hjálpa starfsmönnum ríkis og bæja til þess að fá launahækkanir, en þeir ætla að greiða atkv. á móti þeirri einu aðferð, sem hægt væri að hafa til þess að fá fram kauphækkanir fyrir þetta fólk. Hvað er þetta? Þetta er sú argasta pólitísk hræsni, sem komið hefur fram í þinginu í mörg ár. Að gefa svona yfirlýsingar og vilja svo ekki berjast með því frv., sem hér liggur, er pólitísk hræsni. Það þýðir, að það er verið að segja við starfsmenn ríkis og bæja: Þið skuluð berjast fyrir ykkar réttindamálum um að fá hækkað kaup ykkar. En það er svo verið að hugsa það um

leið: Við skulum hindra þá í baráttunni, svo að þeir fái þetta ekki.

En hvernig er sú hlið þessa máls, sem snýr að verkamönnum? Alþfl. segist vera með því, að verkalýðurinn fái kauphækkanir. En hvers konar kauphækkanir eiga það að vera? Hverrar tegundar? Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að Alþfl. hefði aldrei ætlað að beita sér fyrir grunnkaupshækkunum. Þá lægi kannske fyrir að halda, að Alþfl. ætlaði að beita sér fyrir því, að tekið væri öðruvísi tillit til vísitölunnar en nú er gert, þannig að það væri reiknað með einhverjum ákveðnum stigafjölda yfir 300, þegar ákvarðanir væru teknar um kaupgreiðslur. Það mundi þýða lögbrot, að óbreyttum lögum. Hvað þýða þá yfirlýsingar Alþfl.? Er það bara meiningin að hressa upp á kjörfylgið með þessum yfirlýsingum fyrir næstu kosningar og láta þær aldrei fá neina samhljóðan í neinum framkvæmdum? Hvernig horfir málið við frá hálfu verkamanna? Þannig, að verkamenn vilja knýja fram kauphækkanir. Þeir vilja vinna sína sigra, helzt án þess að fórna mjög miklu fyrir það, án þess að grípa til langvarandi verkfalla, sem ekki aðeins gera þeim tjón, heldur þjóðfélaginu í heild. Verkamenn geta unnið slíkan sigur, að þeir fái 10% kauphækkun, með því að þetta frv. væri samþ. Þeir, sem vilja hjálpa verkamönnum til þess, án óþæginda fyrir þjóðfélagið, að fá sitt kaup hækkað, viðurkennandi þannig þeirra kröfur, eiga að greiða atkv. með þessu frv. Þeir, sem hins vegar greiða atkv. á móti þessu frv., eru að berjast á móti eðlilegustu kauphækkunum, sem verkamenn eiga rétt á að fá, því að þessi kauphækkun, ef gerð yrði, væri það, sem verkamenn eru búnir að semja um við atvinnurekendur í landinu, að fá kaup greitt samkvæmt framfærsluvísitölu. En Alþ. hefur gripið þar inn í með ofbeldi undir forustu Alþfl. til þess að ræna verkamenn frelsi þeirra, til þess að strika út ákvæði, sem tryggðu verkamenn gegn dýrtíðinni. Það er Alþfl., sem hefur svikið verkamennina í landinu og stendur gegn því, að þeir fái rétt sinn í þessu efni, sem þeir höfðu, en Alþfl. segir samtímis, að hann ætli að gangast fyrir launahækkunarbaráttu manna. Við vitum, hvernig Alþfl. stjórnar verkfallsbaráttu. Hefur nokkurn tíma nokkur flokkur stjórnað verkfallsbaráttu eins vitlaust eins og Alþfl.? Hefur nokkur flokkur orðið þjóðinni dýrari, þegar hann kemur nærri því að stjórna verkfallsbaráttu? Finnst þessari hæstv. ríkisstj., sem búin er að sitja meira en mánuð yfir togarstöðvun, finnst henni svo glæsilegt að leggja til verkfalla og betra en að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir. Það er annars undarleg pólitík, sem hér á sér stað, milljónatugir, sem þjóðin tapar á ranglætinu vegna verkfalls Alþfl. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 86. fundi í Nd., 5. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson) [Frh.]: Með því að forseti hefur tjáð mér, að ekki séu fleiri á mælendaskrá en ég, með framhald ræðu minnar, er e. t. v. rétt að falla frá orðinu. Það er orðið langt síðan ég talaði, býst ekki við, að það þýði að taka upp umr. héðan af, og vil þá heldur fá atkv. um málið.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Það var talað um það undir þeim löngu umr., sem áður urðu um þetta mál, að ríkisstj., og þá sérstaklega ég, hefði lítið látið frá mér heyra um þetta mál og jafnvel ekki hlustað nema á lítinn hluta umr. Það er að vísu satt, enda held ég, að ég hafi fyrir fram getað gert mér nokkurn veginn ljósa grein fyrir því, hvað sagt yrði um málið, og þyrfti því ekki að eyða tíma mínum til að hlusta nákvæmlega á öll þau orð, sem féllu. En mér þykir rétt, áður en komið er að atkvgr. í þessu máli, að geta þess, að ég sé mér ekki fært fyrir mitt leyti að mæla með því. Það er svo, að þegar sett voru þau l., sem ætlað er að breyta með frv., en það var um áramótin 1947—1948, þá var það tilraun, sem að mínu viti var mjög merkileg og nokkuð árangursrík, til þess að hefta, ef unnt væri, áframhaldandi skrúfugang verðbólgunnar. Ég tel, að löggjöf þessari hafi hjá miklum meiri hl. launastéttanna verið tekið með skynsemi og að þetta fólk hafi játað, að það var kannske ekki síður þeirra hagur en annarra að gera slíkar ráðstafanir. Hitt er annað mál, að því miður hefur ekki tekizt að hefta vöxt verðbólgunnar eins mikið og vonast var eftir og tilgangurinn var með löggjöfinni. Þó er rétt að geta þess, að nú, einu ári og þrem mánuðum eftir að l. öðluðust gildi, er vísitalan þó ekki nema 9 stigum hærri en hún var eftir að l. fóru að verka á verðlag í landinu. En ýmislegt hefur valdið því, og óviðráðanlegt flest, að þessi hækkun hefur orðið. Einna mestan þáttinn átti verðlagshækkunin á landbúnaðarafurðum eftir reglum þeirra l., sem Alþ. setti. Er það að sjálfsögðu umdeilanlegt, eins og allir dómar, hve réttur sá dómur var, sem kveðinn var upp um verðlag á landbúnaðarafurðum á sínum tíma. Einnig má geta þess, að vegna sölu á ýmsum íslenzkum afurðum til landa, þar sem verðlag er mjög hátt, hefur þurft að gera clearing-samninga, sem hafa fært okkur dýrari vörur ýmsar en frá mörgum öðrum löndum. Hafa þær haft sín áhrif á vísitöluna. Ég minnist þess, að vegna viðskipta við Ítalíu kom dálítið af sápuspónum til landsins, sem voru miklu dýrari en íslenzkir eða þeir, sem fluttust frá Noregi. Ef til vill man hæstv. viðskmrh., hverju þetta orkar, en ég veit, að það er meira en eitt stig, aðeins þetta eina atriði. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi. En sömu sögu er að segja frá fleiri löndum, þar sem verðlag er hátt, einkum austan til á meginlandi álfunnar og í Bandaríkjunum, ekki hvað sízt í sambandi við sölu íslenzkra afurða.

En þrátt fyrir þetta, og þó að ég játi hispurslaust, að launamenn í lægri launaflokkum megi sízt í missa, þá álít ég, að þegar til lengdar lætur sé þeim jafnvel það heppilegra, sem nú er, heldur en að taka þeim afleiðingum, sem í ljós kynnu að koma, ef aftur hæfist sami skrúfugangurinn, sem óhjákvæmilega mundi leiða til þess, að margur atvinnurekstur í landinu stöðvaðist eða drægi verulega úr honum. Það leiddi aftur til atvinnuleysis. Það hefur

verið og er meðal þroskaðra verkalýðssamtaka víða um heim fullur skilningur á því, að verstu örlög, sem bíða verkalýðsins, eru þau, ef verðbólgan kemst út í slíkan algleyming, að það hefur í för með sér stöðvun eða stórkostlegan samdrátt atvinnulífsins, sem aftur leiðir til atvinnuleysis. Af þessum ástæðum, sem ég nú hef nefnt, get ég ekki lagt með því að frv. verði samþ. Mun ég óhikað segja það hvar sem er, ekki síður þar, sem fulltrúar verkalýðssamtakanna eru mættir, enda hef ég þegar rætt við fulltrúa íslenzkra verkalýðssamtaka og sagt hispurslaust mína skoðun í þessu efni. Þetta kemur að engu leyti til af því, að ég óski eftir, að kjör íslenzks verkalýðs verði rýrð. Þvert á móti. Ég vildi mega stuðla að því, að kjör verkalýðsins yrðu svo góð sem frekast væri hægt. En ég met alla málavexti á þá lund, að þegar til lengdar léti yrði verra fyrir verkalýð og launastéttir, að skrúfugangurinn hæfist á ný, sem mundi leiða til aukinnar verðbólgu og meira eða minna atvinnuleysis, heldur en þó er með því ástandi, sem nú ríkir í höfuðatriðum, þegar reynt er að halda uppi sem fyllstri og öruggastri vinnu og hafa kjörin svo góð sem frekast er unnt eftir öllum aðstæðum. Að þessu vill ríkisstj. styðja. Og einn liður í því er löggjöf sú, sem sett var um áramótin 1947—48. Það má hver maður, sem vill, leggja ríkisstj. til lasts, þótt hún ráði ekki við og geti ekki borgað niður allt það háa vöruverð á þeim innfluttu óhjákvæmilegu nauðsynjavörum, sem öðru hvoru orka nokkuð á vísitöluna og draga þá einnig úr kaupmætti launanna. Það verður áfram stefnt að því af þessari ríkisstj. að reyna að halda verðlaginu svo mikið niðri sem unnt er og með því móti reyna að skapa sem allra tryggasta og öruggasta atvinnu í landinu, tryggja það, að áfram verði haldið með framleiðsluna með sem fyllstu afli, til þess að við getum aflað okkur nauðsynja frá öðrum löndum.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Út af orðum hæstv. forsrh. vildi ég þá gera stutta aths. Hann sagði, að stefna ríkisstj. með samþykkt dýrtíðarl. í árslok 1947 hafi verið sú, að tryggja fulla atvinnu og sem öruggasta, og enn fremur, að áframhaldandi gildi þessara l. mundi þýða að koma í veg fyrir atvinnuleysi. En nú er það staðreynd, að atvinnuleysið er byrjað. Þessi stefna ríkisstj. hefur því þegar beðið skipbrot og er þegar eftir umr. viðurkennt af stuðningsmönnum stj. Atvinnuleysið er komið. Þær fórnir, sem verkalýðurinn varð að færa vegna samþykktar dýrtíðarl., hafa ekki tryggt honum atvinnu. Þvert á móti hefur atvinnuleysið farið vaxandi nú. Og einmitt þessa dagana eru uppsagnir bæði í almennri verkamannavinnu og hjá öðru starfsfólki mjög tíðar.

Í öðru lagi hefur samþykkt þessara dýrtíðarl. 1947 ekki heldur tryggt verkamönnum og atvinnurekendum þann vinnufrið, sem stjórnin áleit, að hún væri að skapa. Nú sem stendur er þvert á móti — af eðlilegum ástæðum — vaxandi verkfallsalda hjá verkalýðnum. Sökum þess að Alþ. hefur bundið vísitöluna með þessum l., sem hér er lagt til að breyta, hefur verkalýðurinn orðið að berjast fyrir grunnkaupshækkun. Nú standa hér yfir slík verkföll, verkföll, sem eru dýr fyrir verkamenn og fyrir þjóðina, og stafa af því fyrst og fremst, að vísitalan er bundin með þessum l. Verkalýðssamtökin í landinu, alveg án tillits til þess, hvort forustan í hverju tilfelli er úr hópi stjórnarandstöðunnar eða ekki, eru komin í baráttu til að knýja fram grunnkaupshækkun. Og það, sem knýr verkalýðssamtökin, er þessi binding, sem Alþ. hefur framkvæmt. Nú sýnir sig, að atvinnurekendur koma til með að láta undan þessum kröfum, en til þess þurfa verkamenn að standa í löngum og harðvítugum verkföllum. Væri ódýrara fyrir þjóðfélagið og mundi sýna réttlætistilfinningu Alþ., ef það leysti fjöturinn, sem settur var 1947. Skrúfugangurinn kemur alveg jafnt til greina, hvort sem grunnkaupið er hækkað eða vísitölubindingin afnumin. Það eru bara tvær mismunandi aðferðir til þess að verða við réttmætum kröfum verkamanna. Þess vegna eru verkalýðssamtökin komin út í baráttu fyrir hækkun grunnkaups. Og það er Alþ., sem knýr þessa baráttu fram með þeim kostnaði og tjóni, sem af henni leiðir, með því að halda fast við vísitölubindinguna. Til þess að skapa vinnufrið er þess vegna rétt af Alþ. að verða við því að leysa vísitölubindinguna og leyfa vísitölunni að hækka og að kaup verði goldið samkv. vísitölunni.

Í þriðja lagi er það, að þó að verkamenn geti notað sinn verkfallsrétt til að auka kaupið, þá geta starfsmenn hins opinbera ekki farið verkfallsleiðina, eru því sviptir þeim möguleika til að bæta sín laun. Með því að halda fast við vísitölubindinguna, væri Alþ. að beita óréttlæti. Er eðlilegt, að Alþ. veiti starfsmönnum ríkisins þá uppbót, sem þeim ber, sem verkamenn eru nú að knýja fram sér til handa. Það er vitað, að samtök starfsmanna ríkis og bæja hafa farið fram á allt að 36% hækkun á sínu kaupi og rökstutt þá kröfu. Afnám bindingar vísitölunnar mundi þýða, að það væri reiknað með vísitölunni 328 eða 329. En það mundi nema um 10% launahækkun handa starfsmönnum hins opinbera. Það er þess vegna raunverulega allt, sem mælir með því, að Alþ. samþ. þetta frv. Ég vildi aðeins hafa endurtekið rök mín, út af því, sem hæstv. forsrh. sagði. Annars er búið að ræða þetta mál svo mikið.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Aðeins nokkrar aths. út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. Hann sagði, að stefna stj. með dýrtíðarl. frá 1947 hefði beðið skipbrot. Þessu neita ég fyrir mitt leyti eindregið. Jafnvel þó að beztu vonirnar kunni ekki að hafa rætzt að fullu, er ekki vafa bundið, að skapazt hefur traustari grundvöllur til að byggja á íslenzkt atvinnulíf inn á við. Og út á við hefur skapazt meira traust, sem stuðlar að því, að íslenzkt atvinnulíf getur fremur haldizt í horfinu. Ég gat gert mér vonir um, að vísitalan færi niður fyrir 319, en það varð þó ekki af ýmsum ástæðum, sem ég hef rakið.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að atvinnuleysi væri nú byrjað. Ég held, sem betur fer, að ekki séu mikil brögð að því. Má m. a. marka það af því,

að meðan á togaraverkfallinu stóð, gátu flestir eða allir togarasjómenn fengið atvinnu. Sem betur fer er ekki byrjað atvinnuleysi, og vænti ég, að hægt verði að hindra það.

Það er nú svo, að aldrei er hægt að tryggja öruggan vinnufrið nema með allsherjarsamningum milli ríkisvaldsins og verkamanna. Og það hefur tekizt víða um lönd. En varðandi deilur þær, sem hér hafa risið á vinnumarkaðinum á undanförnum mánuðum, er það að segja, að þær eiga alls engar rætur að rekja til dýrtíðarlaganna frá 1947. Ég nefni t. d. togaradeiluna, hún var ekkert í sambandi við þau lög. Og kaup verkakvennafélagsins Framsóknar var hækkað af því, að þetta félag taldi sig vera orðið á eftir öðrum 20 verkakvennafélögum í landinu um kaupgjald. Ég held því, að vísitölubindingin hafi að mjög litlu leyti leitt til þessara vinnudeilna, en orðið verkalýðnum aftur á móti til góðs.

Áki Jakobsson: Ég ætla nú ekki að lengja þessar umræður, en aðeins mælast til þess, að hv. forsrh. gefi upplýsingar um eftirfarandi atriði: Annars vegar er alþýðuflokksforustan í Alþýðusambandinu að eggja verkalýðsfélögin til að leggja út í verkföll til að ná hækkun á grunnkaupi, svipaðri hækkun og nemur skerðingu kaupsins vegna vísitölubindingarinnar. Hins vegar koma svo fulltrúar Alþfl. hér á Alþ. og lýsa sig andvíga því, að vísitölubindingin sé afnumin. Ég vildi aðeins fá upplýst, hvaða leik hér er verið að leika. Það, sem þessir menn telja þjóðhættulegt hér á þinginu, það eru hinir sömu menn og flokkar þeirra að hvetja verkafólk til að gera utan þings, þ. e. a. s. berjast fyrir því að fá kauphækkun, sem nemur kaupskerðingu vegna vísitölubindingarinnar. Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu. Ég býst við, að margir séu hissa á þessum augljósa tvískinnungi: Annars vegar að vera á móti afnámi vísitölubindingarinnar, hins vegar að æsa til verkfalla til að ná kauphækkun, sem henni nemur. Væri þá ekki langeinlægast að afnema þessa vísitölubindingu. Nei, það er auðséð að Alþ. sér ekki eftir verkafólki til að rýra tekjur sínar með því að standa í verkföllum, þó að önnur leið sé fær og sjálfsögð. Það er fróðlegt að heyra hvað hæstv. forsrh. segir við þessu.

Enn fremur er þessi furðulegi tvískinnungur alveg sérstakur fjandskapur við opinbera starfsmenn, af því að þeim er fyrirmunað að ná rétti sínum með verkföllum. Það virðist sérstakt keppikefli Alþfl. að ná sér niðri á opinberum starfsmönnum. Þau eru augljós heilindin hjá Alþfl. Verkamönnum er sigað út í verkföll til að bæta sér upp það kaup, sem af þeim er stolið, en opinberir starfsmenn eiga að vera bundnir með öllu, þar sem þeir geta ekki beitt þessu vopni, þó að þeir hafi kvartað um það og fært að því rök, að þeir geti ekki dregið fram lífið af því kaupi, sem þeim er skammtað.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það eru aðeins nokkur orð. Fyrst vikið hefur verið að opinberum starfsmönnum og þeirra óskum um bætt launakjör, þá er rétt, að það komi fram, að þeir hafa ekki að neinu verulegu leyti rökstutt sínar kröfur með því að leggja til, að vísitölubindingin verði afnumin. Ýtrustu kröfur þeirra eru 36% launahækkun, en kaupskerðing vegna vísitölubindingarinnar nemur 6—8%. Höfuðrök opinberra starfsmanna eru samanburður við hækkuð laun í landinu frá því, að launalögin voru sett, er þeir taka kaup eftir. Í rökstuðningi sínum fyrir hækkuðu kaupi vitna þeir ekki til vísitölubindingarinnar.

Út af Alþýðusambandinu skal ég geta þess að gefnu tilefni, að enda þótt stjórn þess sé að miklum meiri hluta skipuð alþýðuflokksmönnum, þá hafa samtökin vitaskuld frjálsar hendur til að taka sínar ákvarðanir, og er þar ekkert flokksræði, þó að samstarfið milli Alþýðusambandsins og Alþfl. sé hið bezta. Krafa stjórnar Alþýðusambandsins hefur ekki verið afnám vísitölubindingarinnar, heldur er hún sú, að bætt yrði upp í kaupi sú 10 stiga hækkun, sem orðið hefur á hinni raunverulegu vísitölu síðan dýrtíðarlögin voru sett, þá var vísitalan 319 stig, en er nú 329 stig. Alþýðusambandið hefur heldur ekki fyrirskipað neinu verkalýðsfélagi að leggja út í verkfall út af þessu, en bent þeim á að hafa lausa samninga, jafnframt því sem leitað hefur verið eftir samstarfi við ríkisstj. og samvinnu í þessu efni, og ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún óskaði einnig eftir þessari samvinnu og samstarfi til að athuga, hvernig hægt væri að samrýma þau sjónarmið sem bezt, að halda niðri dýrtíðinni, en hafa kjör almennings jafnframt sem allra bezt. Vona ég, að samkomulag verði milli stjórnar Alþýðusambandsins og ríkisstj. um þessi mál, því að höfuðkrafa Alþýðusambandsins er ekki afnám vísitölunnar, heldur að kaup hækki sem svarar þeim 10 stigum, sem vísitalan hefur hækkað um síðan dýrtíðarlögin voru sett. — Þetta sé ég ástæðu til að taka fram út af orðum hv. þm. Siglf.

Áki Jakobsson: Ég vil benda á ósamræmið í ræðu hæstv. forsrh., sem engum kemur á óvart, sem til þekkir. Hann sagði, að opinberir starfsmenn væru ekki á móti vísitölubindingunni út af fyrir sig, en þeir heimtuðu bara 36% launahækkun. Þetta eru nú rök. Auðvitað kæmi ekki þessi krafa fram, ef vísitalan væri rétt, en vegna þess að hún er bundin og fölsuð, er þessi krafa til. Og þegar athuguð er afstaða og aðstaða opinberra starfsmanna til leiðréttingar á kjörum þeirra, sér maður, hve þeir eru miklu verr settir en verkalýðssamtökin, jafnvel þótt stjórn Alþýðusambandsins hafi gott samstarf við ríkisstj. um að halda kaupi verkamanna niðri, því að þrátt fyrir þessa forustu í Alþýðusambandinu hafa verkamenn borið fram kröfur um kauphækkun í samræmi við þá hækkun, sem orðið hefur á vísitölunni síðan 1947.

Verkalýðssamtökin eru heldur ekki á móti vísitölubindingunni, segir hæstv. ráðh., þau vilja bara fá hækkun, sem nemur hækkun vísitölunnar frá því, að hún var 319 stig. En það stendur þó óhaggað, að Alþýðusambandið lætur í veðri vaka, að það hvetji til verkfalla til að fá þessa leiðréttingu fram, á sama tíma og alþýðuflokksmenn hér á Alþ. standa á móti leiðréttingu á vísitölunni. Þetta er í hæsta máta undarlegt, og býst ég við, að af hálfu forustumanna þessa

flokks sé um það eitt að ræða í raun og veru, að flokkurinn sé allur staðráðinn í að halda niðri kaupi verkafólks og launþega í landinu, en flagga með verkföllum annað veifið í blekkingarskyni.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það eru aðeins örfá orð. Það er nú raunar sama og berja höfðinu við steininn að deila við hv. þm. Siglf., sem neitar staðreyndum. Ég gat þess, að þeir aðilar, sem vildu fá kaup sitt bætt, tefldu því hvergi fram sem rökum fyrir sínu máli, að afnema ætti vísitölubindinguna. Þar er ekkert samband á milli, þetta stendur óhaggað. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að svara köpuryrðum þessa hv. þm., þau eru svo alþekkt. Og þeir, sem þekkja hinn pólitíska starfsferil hans, taka ekki yfrið mikið mark á þessum orðum.

Sigurður Guðnason: Ég vil endurtaka það, að dýrtíðarlögin hafa ekki náð tilgangi sínum. Allir í verkalýðsstétt eru sannfærðir um, að þau hafa ekki náð tilgangi sínum. Þau hafa ekki tryggt atvinnu, því að á þessu ári hefur atvinnuleysi farið ört vaxandi, þótt ekki sé það orðið kroniskt, eins og var fyrir stríð.

Ég vil biðja hv. þm. að athuga, að þessa dagana og vikurnar hafa mörg smærri félög farið fram á kauphækkanir, svo sem verkakvennafélagið Framsókn, bílstjórar, trésmiðir o. fl., og yfirleitt miðast kaupkröfurnar við vísitöluskerðinguna. Nú er það vitanlegt, að flest verkalýðsfélög, sem hafa mánaðar uppsagnarfrest, en það er helftin af vinnandi mönnum í landinu, sem segja upp samningum sínum, ef þetta frv. hér verður fellt og Alþýðusambandið tekur upp þessa kröfu um hækkun kaups, sem nemur vísitöluhækkuninni frá 1947, og þá skellur yfir alda á uppsögn samninga. Fram hjá því verður ekki hægt að komast. Og háttvirtir þingmenn, sem eiga að ráða og bera ábyrgð á afkomu þjóðarinnar, verða nú að gera upp við sig, hvort átt skuli á hættu, að barizt verði um þessar kjarabætur, eða Alþ. taki þann kostinn að afnema vísitölubindinguna með þjóðarhag fyrir augum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Nd., 7. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1.—2. gr. felld með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, ÁkJ, EOl, KTh, LJós.

nei: SEH, SK, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JG, JS, JörB, PÞ, BG.

9 þm. (SB, BÁ, GTh, HermG, JóhH, JPálm, JJ, ÓTh, PO) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gylfi Þ. Gíslason: Ég tel þá stefnu núverandi stjórnar Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja réttmæta, að vilja vinna að því að bæta lágt launuðum launþegum á einhvern hátt þá kjaraskerðingu, sem þeir hafa orðið fyrir síðan dýrtíðarlögin voru sett. Ég tel hins vegar ekki, að sú leið sé til þess heppilegust, að taka aftur að greiða mánaðarlega dýrtíðaruppbót á laun, var og tillaga þar að lútandi felld á síðasta alþýðusambandsþingi. Vegna þessa og í trausti þess, að tillit verði tekið til óska Alþýðusambandsins og B. S. R. B. um ráðstafanir til þess að bæta og samræma kjör verkalýðs og lágt launaðra launþega, segi ég nei.

5. Eignakönnun.

Á 68. fundi í Sþ., 25. apríl, var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun* [192. mál] (þmfrv., A. 564).

Á 93. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vildi aðeins segja, að frv. þetta er flutt eftir beiðni fjmrh., og hefur n. áskilið sér að hafa óbundnar hendur um atkvgr. og athuga málið betur milli umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 94. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 15:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:3 atkv.

Á 96. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. fellt með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, GÞG, JóhH, JS, PO, SB, SEH, StSt.

nei: StgrSt, EOl, EystJ, HÁ, HelgJ, KTh, PÞ, SigfS, SG, SkG.

EmJ, HermG, JG, BG greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁkJ, BÁ, FJ, GTh, HB, IngJ, JPálm, JJ, JörB, LJós, ÓTh, SK, StJSt) fjarstaddir.

6. Réttindi kvenna.

Á 70. fundi í Ed., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um réttindi kvenna [155. mál] (þmfrv., A. 422).

Á 71., 72. og 73. fundi í Ed., 7., 8. og 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 74. fundi í Ed., 11. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég tel það meginhlutverk Íslendinga að stuðla að því, að jöfnuður allra landsins barna verði sem allra mestur og allir þegnar þjóðfélagsins geti notað krafta sína og hæfileika. Með flutningi þessa frv. vil ég stuðla að því, að stigið verði stórt skref í þá átt, að konur geti notið sín til fullnustu, eins og þær hafa efni og hæfileika til. Ég geri mér góðar vonir um undirtektir hv. þm., því að Íslendingar hafa að jafnaði verið á undan öðrum þjóðum í að veita konum þau réttindi, sem þeim ber. Það hefur stundum kostað harða baráttu að fá þessi réttindi fram, en það hefur aldrei verið séð eftir því eftir á. — Ég vil nú rekja sögu þessara mála í örstuttum dráttum.

Það var fyrir tæpri öld, að stúlkur fengu jafnan erfðarétt við pilta, en höfðu aðeins haft hálfan erfðarétt til þess tíma. Þá er það næst að taka, að fyrir tæpum 70 árum höfðu konur engan kosningarrétt, en þá er þeirri breytingu komið á, að konur, sem veittu búi forstöðu og náð höfðu vissum aldri, fengu atkvæðisrétt um sveitarstjórnarmál. Þá gerist það næst, að fyrir 40 árum fengu allar konur rétt til að kjósa í sveitarstjórn. Sé athugað um menntun kvenna, sést, að nokkur merk skref hafa verið stigin af Alþ. í þeim efnum á undan öðrum þjóðum. Sú var tíðin, að konur höfðu ekki rétt til að ganga undir próf við hina æðri skóla og stunda þar nám, en 1886 kom sú tilskipun, að konur skuli hafa rétt til að ganga undir 4. bekkjarpróf í lærða skólanum í Reykjavík og hafa rétt til að stunda nám í læknaskólanum og að nokkru leyti í prestaskólanum, en þær höfðu þó ekki rétt til að nota þau réttindi, sem prestaskólapróf veitti, og er þar tekið fram, að þær skuli engan rétt hafa til námsstyrkja af opinberu fé. Þessi ákvæði voru í gildi til 1911, að Hannes Hafstein beitti sér fyrir því, að þau væru numin úr gildi og konur hefðu rétt til að stunda nám í öllum menntastofnunum og ganga þar undir próf og fá rétt til embætta og styrkja af opinberu fé. Þessi lög eru enn í gildi og þykir nú hjákátlegt að hafa í l. ákvæði um, að konur megi fá styrki, stunda nám, taka próf og öðlast réttindi til embætta. Er því full ástæða til að nema þau úr gildi og setja önnur í staðinn, sem fullnægja betur kröfum tímans. Það eru allir sammála um, að þessi lög hafi öll stefnt til góðs, og því ástæða til að láta þau standa og halda áfram á sömu braut. Nú segja sumir, að konur hafi jafnrétti við karla, en þó mun vera leitun á konu, sem viðurkennir, að svo sé, og allir réttsýnir karlmenn verða að viðurkenna, að þrátt fyrir ýmsar góðar réttarbætur sé enn alllangt í land, að konur njóti sömu réttinda og karlar. Því fer fjarri, að íslenzka konan hafi sömu aðstæður eða lögtryggðan rétt til að njóta sín á jafnréttisgrundvelli í atvinnulífi þjóðarinnar. Þar eru enn margar hömlur og gamlir fordómar, sem að vísu eru að smáþoka, en betra væri samt sem áður að flýta fyrir með lagasetningu. En þar sem skórinn kreppir allra mest að, er á hinu fjárhagslega sviði, en á því sviði hafa konur langt frá því jafnrétti við karla. Það kann sumum að finnast, að það sé ekki svo mikið. En það var ekki mikið annað, sem á skorti hjá Íslendingum í viðskiptunum við Dani en að okkur skort fjárhagslegt sjálfstæði, og er þeir höfðu fengið það, var eins og allt leystist hér úr læðingi. Á sama hátt er ég sannfærður um, að mörg öfl mundu losna úr læðingi hjá konunum, ef þær fengju fullt fjárhagslegt sjálfstæði. Danir áttu erfitt með að skilja, að þetta stæði okkur fyrir þrifum, og nú eru til karlmenn, sem skilja ekki, að þetta er nauðsynlegt fyrir kvenfólkið. Að vísu hefur mikið áunnizt í þessum efnum. Má t. d. nefna, að um 1890 var kaup karla um það bil 5 sinnum hærra en kaup kvenna. Því fer fjarri nú, að kaupmismunurinn sé svo mikill, og ég hygg, að megi slá því föstu, að enginn teldi rétt nú, að karlar hefðu fimmfalt kaup á við konur, og flestir munu slá því föstu, að þetta stefni í framfaraátt. En hvernig litur þetta út nú? Það er alveg rétt, að á sumum sviðum hafa konur alveg sömu laun og karlar, og á þetta einkum við í hinum ábyrgðarmeiri stöðum. Það mundi enginn taka í mál, að kvenlæknir hefði lægri taxta en karllæknir. Sama er að segja um sýslumenn; þar mundi vera gengið út frá sömu launum, hvort sem um karl eða konu væri að ræða. Ég held líka, að ríkisféhirðir hafi sömu laun og fyrirrennari hennar hafði, sem var karlmaður. Þegar Alþ. gekk frá launal. síðast, virðist megintilgangurinn hafa verið, að konur nytu sömu launa hjá ríkinu og karlar, en þó er á einum stað mótsögn, því að 16. launaflokkur er eingöngu fyrir konur, sem vinna að iðnaði, en þetta virðist vera einhver meinloka og gegn meginanda l. En þótt andi l. hafi verið þessi, hefur framkvæmdin orðið önnur, því að konur hafa verið ráðnar í lægstu launaflokkana, en karlar skipa hærri flokkana, og konur hafa ekki verið færðar upp eftir sömu reglum, og má líta á þetta sem lagabrot. Hjá ýmsum ríkisstofnunum er flokkur sá, sem nefnist 3. flokks skrifarar, nær eingöngu skipaður konum. Hér á Alþ. hafa forráðamenn þingsins greitt körlum og konum, sem eru þingritarar, sömu laun, en sama regla virðist gilda hér um hin lægra launuðu störf, að konur virðast aðallega skipa þau. Þegar komið er niður í anddyrið, hafa konur þær, sem þar annast fatageymslu, svo lág laun, að engum karlmanni mundi vera boðið slíkt, hversu vesall sem hann væri. Og þó að Alþ. hafi margt vel gert í þessum efnum, virðast forráðamenn þess enn haldnir af hinum gömlu hleypidómum. Hið sama virðist gilda hjá einkafyrir-

tækjum. Hinar færustu konur í vélritun og bókhaldi eru látnar hafa lægra kaup en karlar, sem eru þeim engu fremri á því sviði. Kynferði er látið ráða, en ekki hæfni. Ég er kunnugur vinnu karla og kvenna í hraðfrystihúsum og hef veitt því athygli, hvort karlar væru hæfari en konur. Mér virðast karlmenn vera hæfari til að vinna langan vinnudag, en konur séu hraðvirkari. En ef við athugum afköstin við innpökkun fisksins, þá eru konur stórum afkastameiri, og þegar á allt er litið á frystihúsum, er ekkert réttlæti í því, að karlar hafi stórum hærra kaup. Sama er að segja um aðra staði, t. d. skrifstofur, að erfitt er að sjá, að karlmenn hafi þar nokkra sérstaka yfirburði, og hið sama er að segja um afgreiðslu í verzlunum. En samt sem áður hafa karlar hærra kaup. Geti einhver bent mér á, að karlmenn séu hæfari við sum störf, skal ég óðara benda á, að konur séu hæfari við önnur, og ég sé því ekki, að það sé réttlætanlegt að greiða körlum hærra kaup. Sé litið á iðnaðinn, þar sem mest allt er unnið með vélum, en ekki með kröftum, verður ekki séð, að konur séu lélegri vinnukraftur. En hver er svo kaupgjaldsmismunurinn? Ég skal taka dæmi um það, sem ég þekki og skýrslur liggja fyrir um: Hæsta kaup karla í almennri daglaunavinnu er kr. 8.40 á klst., en hæsta kaup kvenna í almennri daglaunavinnu er hins vegar ekki nema kr. 6,45 á klst. Mismunurinn er þarna, eins og menn sjá, kr. 1,95 á klst., eða fast að 20 kr. mismunur á 10 stunda vinnu. Þetta dregur sig saman yfir árið og getur orðið mörg þúsund krónur á ári, þegar unnar eru jafnmargar klukkustundir. Hér í Reykjavík er þessi mismunur á kaupi verkamanna og verkakvenna þó miklu meiri, eða fast að þremur krónum á klst., og nálgast því munurinn á kaupi verkamanns og verkakonu 30 kr. á 10 klst. Ef við lítum á heildina, hvernig þetta er í landinu að því er verkalýðsfélögin snertir, þá er hlutfallið, þar sem minnstu munar milli karla og kvenna, þannig, að konur hafa 75% af kaupi karla, en það er það bezta hlutfall, sem ég þekki til, en hins vegar stappar nærri því á einstöku stöðum í landinu, að kaup kvenna sé ekki nema 50—60% af kaupi karla. Í iðnaðinum hér í Rvík er kaup karla og kvenna mjög mismunandi, og alls staðar er mismunurinn á þá leið, að kaup karla er miklu hærra en kaup kvenna. Þannig hafa t. d. karlmenn í smjörlíkisgerðunum 1800 kr. á mánuði, en stúlkur 1080 kr. Ég hefði þó getað ímyndað mér, að konur gætu lært að búa til smjörlíki með svipuðum afköstum og karlar. Eftir samningum verksmiðjufólks eru byrjunarlaun karla kr. 945,00 á mánuði, en kvenna kr. 585,00. — Við matreiðslustörf, en við þau hafa konur fengizt á Íslandi frá alda öðli, svo að þar ættu þær ekki að vera vankunnandi, ef þær mennta sig á sama hátt og karlar, en samt er kaupmismunur sá, að karlar hafa frá 1950—2437 kr. á mánuði, en hæsta kaup kvenna við matreiðslustörf mun vera um 1100 kr. á mánuði, og algengt er, að kaup kvenna sé langt fyrir neðan það. — Klæðskerar í annarra þjónustu hafa um 2000 kr. mánaðarlaun, en stúlkur, sem lokið hafa sveinsprófi í kápusaumi, hafa 1050 kr. á mánuði. Mér er tjáð, og hef það fyrir satt þangað til annað kemur í ljós, að konur séu útilokaðar frá iðnréttindum í bókbindara- og prentarafélaginu, en konur fá þó að vinna að bókbands- og prentarastörfum, og er þá kaupgjaldsmismunurinn í þessum iðngreinum á þessa leið: Karlmenn við prentiðn hafa 501—534 kr. á viku, en byrjunarlaun kvenna við þau störf eru 108 kr. á viku. Eftir 5 ár er kaup kvenna komið upp í 309 kr. og eftir 10 ár upp í 360 kr. á viku. Ég get ekki ímyndað mér, að konur séu svo tornæmar við þau störf, sem í prentsmiðjum eru unnin, að þær geti ekki verið fullnuma eftir 4—5 ár, en þær fá þetta kaup ekki fyrr en eftir 10 ár, og við bókbindarastörfin eru þær ekki komnar á fullt kaup fyrr en eftir 12 ár, og þá fá þær 360 kr. á viku, en karlar byrja með 500 kr. á viku.

Ég gæti tekið miklu fleiri dæmi um þetta, en þetta ætti að nægja til að sýna, hvernig mismunurinn er gegnum gangandi um kaup karla og kvenna við ýmiss konar störf í þjóðfélaginu, skrifstofustörf, búðarstörf, iðnaðarstörf og hvar sem borið er niður. Ég hef hér í grg. getið eins furðulegs fyrirbrigðis að því er snertir kaup karla og kvenna, en það er við líksöng. Það er alkunna, að þegar flytja á mann til moldar, þykir hlýða að syngja og láta bæði karla og konur taka þátt í þeim söng. Mér er sagt, að karlmönnunum séu greiddar 50 kr. fyrir að syngja, en konunni 30 kr. Það er auðvitað ekki nema alveg í hlutfalli við önnur dæmi, sem ég nefndi, en dálitið er það þó hjákátlegt. Svipað mun hlutfallið vera, þegar yfirsetukona og læknir eru við þá athöfn saman að taka á móti barni, sem fæðist í heiminn, eins og þegar verið er að syngja til moldar, — þá mun vera svipað um hlutfallið milli kaupgjalds læknisins og ljósmóðurinnar.

Ég er sannfærður um það, að þessi gífurlegi munur á verðlagi vinnu karla og kvenna í þjóðfélaginu helgast fyrst og fremst af hefðbundnum vana. Það dettur engum í hug, að þessi munur sé löghelgað réttlæti eða nákvæmt mat. En viðurkenni menn þetta, þá ætti mönnum að vera ljúft að veita fylgi sitt til þess, að þessu verði breytt þannig, að báðum kynjum séu goldin laun fyrir framlag við vinnu og þjónustu í þjóðfélaginu í samræmi við það, sem rétt er. Ég hef slegið því föstu hér í þessu frv., að rétt sé að láta allt sérstakt kvennakaup niður falla og að algerlega verði greitt sama kaup körlum og konum. Þetta veldur aðeins því, að þar, sem vinnuafl kvenfólksins verður talið koma að eins góðum notum eða betri en vinnuafl karla, yrðu konur teknar til starfa, en við þau störf, þar sem karlar eru betri vinnukraftur, þá yrðu þeir teknir til starfa umfram konur, og það álít ég einu réttmætu ástæðuna til þess að ráða því, hvernig konur skipast í störf og hvernig karlmenn. Þetta er sums staðar orðað á þann hátt, að það beri að gjalda konunni sama kaup fyrir sömu vinnu, en ég sé ekki, að það hafi neinn kost í för með sér, því að val atvinnurekandans ætti að geta skorið úr um það, og konur yrðu þá aðeins teknar til starfa þar, sem þær afkasta eins miklu og karlar, og það tel ég eðlilegri grundvöll heldur en að fara að vega og meta, hvort kvenmaður komi að sama gagni og

karlmaðurinn og gæti orðið úr því eintómur hráskinnaleikur.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá vil ég treysta því, að á sama hátt og Alþ. Íslendinga var á undan löggjafarsamkomum flestra annarra þjóða um að færa rétt kvenna til samræmis við rétt karla, þá vilji Alþ. nú einnig stíga lokaskrefið á þann hátt að gera rétt kvenna í þjóðfélaginu að öllu leyti jafnan rétti karla, í atvinnumálum, fjármálum, á sviði fjölskyldulífsins, rétt til náms og menntunar, rétt til embætta og sýslana og allra starfa í þjóðfélaginu og síðast en ekki síst á fjárhagssviðinu. Á síðustu árum hafa Íslendingar og stigið það skref í samstarfi við aðrar þjóðir að vinna að því, að konum sé skapaður sami réttur í hvívetna og körlum. Þetta tel ég, að Íslendingar hafi tekizt á hendur með aðild sinni að Bandalagi sameinuðu þjóðanna. Það eitt með öðru tel ég benda á, að það sé sjálfsagt og rétt, að Alþ. samþykki frv. eins og þetta. Íslendingar hafa stigið mörg myndarleg skref í áttina til þess að jafna rétt karla og kvenna í þjóðfélaginu, og nú er ekkert annað eftir en að stíga lokaskrefið, sem leiði til algers jafnréttis karla og kvenna. Með því mundi verða skapað réttlátt og betra þjóðfélag. Ég er sannfærður um það, að á sama hátt og íslenzka þjóðin fór fyrst að taka verulegum framförum eftir að hún hafði öðlazt sitt fjárhagslega sjálfstæði, eins mundu kraftar kvenfólksins koma betur í ljós og leysast úr læðingi, ef löggjöfin veitti þeim algerlega fjárhagslegt sjálfstæði og jafnrétti á við karla á því sviði eins og öðrum.

Ég vil svo vona, að þetta frv. fái greiðan gang gegnum þingið og allir hv. alþm. veiti því brautargengi. Legg ég til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 90. og 91. fundi í Ed., 28. og 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr:

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Ed., 2. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 422, n. 555 og 592).

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið til meðferðar í heilbr.- og félmn., en eins og segir í nál., hefur n. ekki orðið sammála um það. Minni hl. mun gera grein fyrir afstöðu sinni hér, en hann leggur til, að frv. verði samþ., en við í meiri hl. viljum vísa málinu frá með rökst. dagskrá. Nú er ég ekkert viss um, hvort sömu „mótív" eru fyrir þessu hjá okkur þremur í meiri hl., en við höfum komizt að sömu niðurstöðu. Hvað mig snertir, er ég ákveðið með því, að konur og karlar hafi sömu réttindi og skyldur, og tel, að að því beri að stefna ákveðið. En ég tel ekki mögulegt að leysa þetta mál með einu frv. eins og þessu, þar sem þessu er þannig varið nú, að stundum eru konur réttlægri, en stundum rétthærri. Ef t. d. kona verður prestur, eins og hún hefur heimild til, og giftist og deyr, þá á maðurinn ekki rétt til eftirlauna. En ef karlmaður verður prestur, giftist og deyr, þá á konan rétt til eftirlauna. Þarna eru konur því rétthærri en karlmenn. Á öðrum sviðum eru þær aftur á móti réttlægri, t. d. varðandi sifjal. og l. um ríkisborgararétt. Ég álít því, að þetta mál snerti svo mörg önnur l., að ekki sé hægt að afgreiða það með einu frv. Það verður að breyta l. í hverju tilfelli. Ef t. d. kona giftist, fær hún ríkisborgararétt mannsins og heldur honum meðan hjónabandinu er ekki slitið. Maðurinn fær ekki ríkisborgararétt konunnar, heldur konan ríkisborgararétt mannsins, og maður og kona geta ekki haft sinn réttinn hvort. Þegar svo kemur fyrir, að kona giftist erlendum manni, er ekki hægt að veita henni ríkisborgararétt — þó að Alþ. hafi gert það — fyrr en hún hefur afsalað sér þeim ríkisborgararétti, sem maðurinn hefur. Þó að Alþ. samþ. að veita henni ríkisborgararétt, er það lögum samkvæmt ekki hægt, nema hún skilji við mann sinn eða losi sig á annan hátt við erlenda ríkisborgararéttinn. Ef um karlmann er að ræða, getur hann strax fengið ríkisborgararétt, og þarf ekki skilnað til þess. Á þessu sviði er því ekki jafnrétti. Ég vil, að svo sé, en í þessu frv. er ekki stafur um þetta, t. d. hvort taka ætti upp rétt eins og að hjón geti haft sitt hvorn ríkisborgararétt eins og í Englandi og Ameríku. Þetta er eitt dæmi, en þannig er það á fleiri sviðum. Það er heill hópur af l., er þyrfti að breyta, og það er ekki ætlið svo, að réttur konunnar þurfi að vaxa, sums staðar er það gagnstætt. Ég hef farið yfir lagasafnið og hef 10—20 tilvitnanir, er sýna, að það er sitt á hvað, hvors réttur er meiri.

Vegna þess að frv. nær ekki því marki, sem því er ætlað, legg ég til, að því verði vísað til stj. með ákveðnum fyrirmælum um, að málið í heild verði rannsakað og athugað, hvað þurfi að gera til þess að jafnrétti skapist. Ég veit, að þessi stj. hefur í mörgum tilfellum kastað höndunum til þess, sem hún hefur átt að gera, eða ekki snert það, sem hún hefur þurft að gera eða að láta gera. Það kann því að virðast ósamræmi hjá mér að vilja vísa málinu til stj. En þess ber að gæta, að málið tilheyrir almennum mannréttindamálum og að forsrh., sem fer með þessi mál, telur sig til flokks, er mest talar um mannréttindi og gildi lýðræðisins. Þrátt fyrir vantraust mitt á stj. verð ég því að ætla, að hæstv. forsrh., er hefur jafnlipran og áhugasaman mann og Jónas Guðmundsson fyrir skrifstofustjóra, muni geta haft mannskap til þess að fela Jónasi Guðmundssyni að athuga málið og leggja fram frambærilegar till. um lausn þess fyrir næsta þing. Til þess ætlast ég. Ég er viss um, að skrifstofustjórinn mundi hafa gaman af því að leysa málið og leggja fram till. um það, og vænti þess, að við getum á næsta þingi fengið málið svo vel undirbúið, að sú niðurstaða náist, sem hv. flm. vill fá.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, n. klofnaði um þetta mál. Málið var rætt á tveimur fundum, en n. gat ekki orðið sammála. Meiri hl., hv. þm. N-M. (PZ), hv. þm.

Barð. (GJ) og hv. þm. Seyðf. (LJóh), lögðu til, að málinu yrði vísað frá, og rökstuðningurinn fyrir því er sá, að það sé svo óvíst og óljóst og ekki nógu vel rannsakað, að hvaða leyti konur hafi takmarkaðri rétt en karlmenn. Af þessum ástæðum leggur meiri hl. til, að málinu sé vísað til stj., að stj. láti athuga og rannsaka það og flytji að því loknu frv. um það. Það stendur ekki „á næsta þingi" í rökst. dagskránni, þó að hv. þm. N-M. segði það — og það gladdi mig —, heldur „eftir því sem þurfa þykir". Það verður ekki sagt, að meiri hl. sé frv. andvígur, en hann vill drepa því á dreif, málsmeðferðin bendir til þess. Það munu fáir þm. vera betur sammála um það en hv. þm. N-M. og hv. þm. Barð., að það er ekki líklegt til framgangs að vísa máli til stj. (*GJ:* Það hef ég aldrei sagt.) Oft og mörgum sinnum. Hv. þm. Barð. mundi ekki kjósa þá afgreiðslu á málum, sem hann ber fyrir brjósti. Hann mundi ekki telja það vinsemd til máls að leggja til, að það fengi þá meðferð. En sérstaklega gildir þetta um hv. þm. N-M. Hann hefur hvað eftir annað vikið að því, að versti dauðdagi, sem mál gæti fengið, væri að vísa því til stj. Hann vék einnig að þessu í ræðu sinni nú, en taldi, að málið mundi fá allgóða afgreiðslu af því, að Jónas Guðmundsson væri svo góður skrifstofustjóri. Það eru bara fáir dagar síðan hv. þm. N-M. talaði hér um réttindi og skyldur embættismanna. Því máli var á sínum tíma vísað til stj. og ákveðnum manni falið að sjá um endurfæðingu þess, en hún er nú búin að taka þrjú eða fjögur ár. Ég er þess vegna hræddur um, að þeir, sem leggja til, að þessu máli verði vísað til stj., búi því þar gröf í næstu þrjú eða fjögur ár, þó að þeir telji sig vini málsins. Ég verð að segja það, að hefði málið fjallað um hlutafélög, þá hefði hv. þm. Barð. ekki talið það svo óvíst og óljóst, að vísa yrði því til stj. Og mér er nær að halda, að ef það hefði fjallað um skuldir og innheimtu, þá hefði lögfræðingurinn í n., hv. þm. Seyðf. (LJóh), þótzt kunna skil á því, og ef það hefði fjallað um kýr, hefði hv. þm. N-M. talið sig vita það mikið, að hann hefði ekki lagt til, að því væri vísað til stj. En þetta mál, sem fjallar um konur, er svo undarlegt, að jafnvel lögfræðingurinn stendur ráðþrota. Ég held, að þeir viti meira en þeir vilja vera láta, að minnsta kosti lögfræðingurinn.

Það er rétt, er hv. frsm. meiri hl. tók fram, að frv. fer ekki fram á annað en að konur fái jafnan þegnrétt við karlmenn. Réttur karlmannsins er viðmiðunin, svo að ef konur hafa meiri rétt á einhverjum sviðum, verður það lagfært, en þar, sem hann er skarður, verður hann bættur, svo að þær fái sama rétt. Ég get ekki ímyndað mér annað en að hver maður í nútímaþjóðfélagi eigi að njóta sömu aðstöðu og hafa sömu réttindi og skyldur. Þeir sjá ekki langt, sem gera sér ekki ljóst, að að þessu hlýtur að stefna í hverju siðuðu þjóðfélagi. Það er ekki farið fram á nein forréttindi, aðeins jafnrétti, og gegn því verður ekki staðið. 1. gr. er ekki annað en staðfesting á þjóðfélagsþróun, er þegar er orðin. Það er algengt, að í löggjöf séu teknar staðreyndir sem staðfesting á ástandi, sem þegar er komið. En í 2. gr. er strax leiðrétting á því ástandi, sem nú er. Þar er mælt fyrir um það, að konur skuli hafa sama rétt í atvinnumálum og fjármálum og karlar. Það er greinilegt, að þær hafa það ekki nú. Þær mega t. d. ekki stunda nám í vissum iðngreinum, og aðrar eru þeim lokaðar vegna þess, að viðkomandi aðilar vilja ekki taka þær til þess náms, sem þær vilja stunda. Ég kem að þessu síðar. Sums staðar þarf að brjóta niður rótgrónar venjur til þess að konan fái rétt til þess að njóta sín. Það er rótgróin venja víða, að margvísleg störf eru lokuð fyrir konum eða að þær hafi aðeins aðgang að aðstoðar- og aukastörfum, sem verst eru launuð, og vegna þess er það orðin nokkuð rótgróin venja að meta gildi starfs lægra, ef kona vinnur það, en nokkrum mundi detta í hug, ef karlmannshendur kæmu þar að.

Það er rétt að taka til nánari athugunar beina útilokun kvenna frá vissum störfum. Í prentiðnaðinum eru mörg störf, sem eru eins vel fallin fyrir konur og karla, og sömuleiðis í bókbandsiðnaðinum. Vélsetjarastarfið, sem er ný grein í prentiðnaðinum, er eins vel fallið fyrir kvenfólk og karlmenn, og það er eðlilegt, það er skylt vélritun, og viðurkennt er, að þar er kvenfólkið hæfara. En til skamms tíma hafa það verið lög prentarafélagsins, að kvenfólk megi ekki vinna í prentsmiðju „að öðru en ílagningu í vélar, götun, talnaprentun, strikun og því um líku, en alls ekki að neinum eiginlegum prentlistarstörfum." Þetta hefur til skamms tíma verið svo, en því hefur nú verið breytt á þann veg, að í staðinn fyrir „kvenfólk" er talað um „aðstoðarkvenfólk". Einn af greindustu forsvarsmönnum prentarastéttarinnar gerir í sambandi við þetta svofellda játningu: „Hitt er annað mál, að grein þessi hefur líklega átt þátt í því, að stúlkur hafa ekki ráðizt til prentnáms hér á landi í því nær hálfa öld, því að henni var meðfram ætlað að girða fyrir það, að prentsmiðjueigendur, sem hefðu augastað á að færa sér í nyt, að kvenfólk hefur fram á síðustu ár og raunar enn gefið kost á vinnuafli sínu fyrir lægra verð en karlmenn, sæju sér þann leik á borði að taka aðstoðarstúlkurnar, þegar þær væru farnar að kynnast verkum prentaranna í prentsmiðjunum, til náms, í því skyni að koma sér upp ódýrara vinnufólki á síðan, og það hefur ávallt verið ætlunin, þegar stúlkur hafa verið ráðnar til prentnáms hér á landi." Þarna er það játað, að þessi ákvæði hafi orðið til þess, að í hálfa öld hafi engin kona ráðizt til prentnáms. Þeim er ekki heimilt að vinna annað en aðstoðarstörf, og launin eru eftir því. Þetta er náttúrlega sams konar hugsunarháttur og liggur til grundvallar fyrir þrælahaldi. Er þarna nokkuð, sem þarf að laga? Mundu menn sætta sig við það, ef þetta gilti um karlmenn? (*PZ:* Eru þetta landslög?) Hvað sem það heitir, verður þessu ekki hnekkt nema með lagasetningu frá Alþingi og spursmál, hvort það lagast samt til fulls. — En svo er önnur hlið á þessu. Kvenfólkinu er borið á brýn, að það gefi kost á sér til undirboðs undir þeim taxta, sem prentarafélögin hafa sett. Nú vil ég tryggja kvenfólki sömu launakjör og karlmönnum, og er þar í rauninni um að ræða útilokunarákvæði

gagnvart kvenfólki sem niðurboðsaðila. Það er eðlileg krafa; það er full ástæða til þess fyrir alla, sem viðurkenna, að kvenfólk eigi að vera jafnrétthátt og karlmenn, að viðurkenna innihald 2. gr. frv. míns um jafnrétti kvenna í atvinnumálum, til þess að hnekkja rótgróinni venju og viðtekinni og áhrifamikilli á samninga voldugra stéttarfélaga. Þetta dæmi gerir öllum skiljanlegt, að ekki er ástæðulaust að veita konum aukinn rétt í atvinnumálum. Þetta misrétti karla og kvenna í atvinnumálum kemur þó vafalítið miklu víðar fram og á fleiri sviðum og í fleiri myndum, en ég skal láta það nægja, sem ég hef nú sagt.

Í sömu gr. er það tekið fram, að konur skuli hafa jafnan rétt og karlar í fjármálum. Lög þau, er nú gilda um fjármál hjóna, eru frá því um aldamót, eða frá árinu 1900. Þar segir t. d. svo, með leyfi hæstv. forseta: „Maðurinn hefur einn umráð yfir félagsbúinu og rétt til að ráðstafa eignum þess". Er nú þetta réttlæti? Nei, það er algert einræði karlmannsins. Ef það stæði nú t. d. svo: „Konan hefur ein umráð yfir félagsbúinu" o. s. frv., — ætli karlmennirnir mundu ekki telja sig réttlausa samkvæmt þessum lagastaf? — Og enn fremur segir í lögunum: „Maðurinn má gefa allt að 5% sameignar án samþykkis konunnar". Ef það stæði nú „konan" í staðinn fyrir „maðurinn" — ætli það þætti ekki skerðing á jafnrétti karlmannsins? Jafnréttisákvæði væri þetta, ef gr. væri t. d. orðuð svo: Hvort hjónanna sem er, — o. s. frv. En það er fjarri því, að svo sé. Það er um svo algert misrétti að ræða, að um alveldi mannsins er það talið til undantekninga, að eiginmaðurinn hafi ekki forræði fyrir sjálfsaflafé konunnar. Mikið var! Hann má sem sagt ekki „valta og skalta" að eigin vild með þá aura, sem konan kynni að vinna sér inn af sjálfsdáðum.

Um þetta misrétti þarf ég ekki að fjölyrða meira, svo augljóst sem það er.

Hinn þátturinn í misrétti karla og kvenna í fjármálum er svo sá, að launakjörum konunnar er þannig háttað, að hún hefur ekki möguleika til að vera fjárhagslega sjálfstæð. Ef karlmönnum væri ætlað að búa við slíkt, væru þeir flestir á sveitinni. Að vísu má segja, að karlmönnum sé lögð sú skylda á herðar að sjá heimilunum farborða. En það eru ekki heldur svo fá hundruð mæðra og ekkna, sem sú skylda hvílir á. Hafa þær þá undanþágu? Nei, þær búa við hinn skarða hlut, sem konan ber frá borði. Jú, að vísu, ef konan er í æðstu stöðum þjóðfélagsins, er t. d. læknir eða lögfræðingur, þá gegnir öðru máli, en yfir hina breiðu heild þjóðfélagsins tekur þetta eigi að síður. Ekkjan, sem þarf að sjá fyrir börnum sínum með sínu kvenmannskaupi, er stórkostlega illa sett, svo að bitna hlýtur á börnum hennar og uppeldi þeirra og þó fyrst og fremst á henni sjálfri. Mér hefur verið tjáð, að sú hafi orðið niðurstaða nýafstaðinnar athugunar á skýrslum þar að lútandi, að 1/10 hluti af öllum skólabörnum á landinu sé á framfæri móður. Þau eru þannig ekki svo fá börnin, sem eiga uppeldi sitt undir hinum rýru tekjum móðurinnar. Um þetta misrétti eru fjöldamörg dæmi, sem óþarft er að rekja, en þegar launamismunurinn er allra minnstur, er hann um 25% og allt upp í 50%. Í sambandi við þetta misrétti vil ég geta þess, að stórbreyting hefur orðið á þjóðfélaginu á þessari öld með aukinni tækni. Starf konunnar hefur flutzt út af heimilinu, í skrifstofuna, verzlunina, verksmiðjuna o. s. frv. Og eins og þessi þróun hefur orðið, þá efast ég um, að þjóðfélagið *mætti* við því, að konur hyrfu t. d. úr iðnaðinum, þar sem þær eru oft og tíðum eftirsóttari sökum hæfni en karlar. En úr því svo er, mælir og öll sanngirni með því, að þær beri ekki minna úr býtum.

Þá er eitt ákvæði í frv., þ. e. a. s. 3. gr., á þá lund, að konur skuli njóta jafnréttis við karla innan fjölskyldulífsins. Ekki ætti að þurfa að skýra hvað í þessu felst. Frv. um ríkisborgararétt hefur legið fyrir þessari deild í vetur, og mönnum ætti að vera kunnugt, að ýmis réttindi, eins og t. d. þegnrétturinn sjálfur, eru bundin við föðurinn einan. Ef kona giftist útlendingi og hverfur svo aftur heim, er staðið í stímabraki um það á Alþ., hvort hún eigi að fá þegnrétt aftur. Ef um karlmann er að ræða, þá er allt í lagi. (*PZ:* Lagar frv. þetta?) Ég hygg það; því að ríkisfang móður verður þá réttur barnanna engu síður en föður, og það, sem er afleiðing af hjúskap að lögum, ætti að falla undir þetta. En um þetta þýðir annars ekkert að spyrja lögfræðing n. Hann hefur sagt, að hann viti ekkert um þetta, og þetta þurfi allt að athugast.

Þá er tekið fram í 4. gr. frv., að konur skuli hafa sama rétt til náms og menntunar sem karlar. Lögin frá 1911 segja um þetta svo mikið sem það, að konur skuli hafa rétt til námsstyrkja, af því að þá þurfti að afnema bann, sem við því lá, og þau segja einnig, að konur megi stunda nám og ganga undir próf, af því að fram að 1911 var það bannað. Þessi ákvæði voru þó eingöngu miðuð við bóklega námið. Konur hafa verið og eru útilokaðar frá námi í ýmsum verklegum greinum og í öðrum styður venja að því, að þær hafi ekki réttinn, og þarf að brjóta hana niður með beinum lagafyrirmælum. Sem sagt, að með l. frá 1911 var konum veittur réttur til prófa og embætta, en í þessu frv. segir, að þær skuli hafa sama rétt og karlar „til allra embætta, sýslana og starfa". Það er þannig um viðtækari réttindi að ræða en í hinum gömlu l., og er hugsun mín sú, að því misrétti, sem konur búa við að þessu leyti, þannig að þær eru settar hjá í öllum praksis við ýmiss konar opinber störf, verði ekki hnekkt öðruvísi en með lagafyrirmælum. — Misréttið í launamálunum hefur enginn reynt að véfengja, enda er það svo ótvírætt, að konurnar eiga þar við ótrúlegt ranglæti að búa. Ég mun því ekki orðlengja það frekar.

Það var skýrt tekið fram af frsm. meiri hl. n., að hann væri samþykkur því, að konur fengju jafnan þjóðfélagslegan rétt og karlar, en hann sagði, að þessu takmarki yrði aðeins náð með mörgum frv. og með því að breyta mörgum lögum. Sannleikurinn er nú sá, að lokaákvæðið í frv. mínu felur það í sér, að lögin frá 1911, sem og eldri lagaákvæði, sem stangast við þessi lög, falla niður við gildistöku þessa lagafrv. Ég

þarf ekki að segja samþm. mínum frá því, að hér á Alþ. er afgreiddur fjöldi laga með þessu ákvæði, að eldri lög skuli með þessu eða hinu ákvæði úr gildi numin, og munu menn minnast slíks ákvæðis í frv., sem menn eins og t. d. Einar Arnórsson hafa staðið að að semja. Það byggist því ekki á neinum rökum, að ekki sé hægt að ógilda mörg lög með einum lagafyrirmælum. Reglan er einmitt sú, að ný lagaákvæði ómerki eldri lög, sem fara í bága við þau, þótt ekkert sé fram tekið um það. Ef meiri hl. n. hefði því raunverulega viljað láta konur fá fullt jafnrétti við karla, þá hefði hann ekki vísað málinu frá með rökum eins og þessum. Í lögfræðipraxísnum kæmust lögfræðingarnir fljótlega að því, hvaða eldri ákvæði væru ómerkt með þessum lögum. Þegar lög eru ógilt með nýjum lögum, er sjaldgæft, að það hafi áður verið kannað til fulls, hvaða lagaparagröff þau fella úr gildi. Meiri hl. hv. n. virðist því ekki hafa haft einurð til að segja raunverulega skoðun sína á málinu. Þeir aftur á móti, sem hafa einurð til að segja, að þeir séu á móti því, að konur hafi jafnrétti við karla, verða að leiða rök að því, að það jafnrétti komi í bága við hagsmuni þjóðfélagsins. En erfitt mun verða fyrir þá að færa á það sönnur. Það eitt væri þó nægilega þungt á metunum til þess að helga andstöðuna gegn þessu frv. Ég vil því spyrja hv. samþm. mína í félmn.: Telja þeir, að þetta komi í bága við hagsmuni þjóðfélagsins, eða telja þeir það ekki?

Ég vil geta þess, að ég hef fengið vitneskju um, að á Norðurlöndum hefur verið látin fara fram atkvgr. um það, hvort menn vildu, að konur hefðu sömu laun og karlar. Í Noregi varð niðurstaðan sú, að 88% svöruðu játandi, 9% voru á móti því, en 3% höfðu ekki myndað sér skoðun á málinu. Hér á landi eru það 3 af 5 nm. í heilbr.- og félmn. Ed. Alþ., sem ekki hafa myndað sér skoðun um þetta. Það voru því mjög ólík hlutföll, en þau mundu verða eitthvað svipuð, ef íslenzka þjóðin væri spurð eins og Norðmenn, enda væri þá gert ráð fyrir, að konur væru valdar til starfa þar, sem þær væru jafnokar karlmanna eða fremri þeim, og þau svið eru ekki svo fá. Í Svíþjóð fór líka fram atkvgr. um þetta á s.l. ári; 71% svöruðu játandi, 20% voru á móti, en 9% höfðu ekki myndað sér skoðun. Það er heldur hærri tala en í Noregi, en 71% voru því sem sagt fylgjandi, að konur fengju sömu laun fyrir sömu vinnu og karlar.

Hér í okkar þjóðfélagi er ekkert samræmi í þessum efnum. Allar konur í kennarastétt, konur, sem gegna læknis- og lögfræðistörfum og stúlkurnar, sem sitja við hlið piltanna í þingskrifarasætunum, hafa t. d. sömu laun og karlar og eins í einstöku iðngreinum, þar sem þær hafa haft aðstöðu stéttarfélagslegs eðlis. En hinn breiði fjöldi, verkakonurnar, konur, sem vinna við opinberar stofnanir o. s. frv., búa við hið mesta misrétti í þessum efnum. Í þessu er ekkert samræmi. — Eina ástæðuna hef ég ekki minnzt á, en hún er sú, að með aukinni tækni hafa störfin orðið miklu léttari og útheimta eigi sömu karlmannsorku og fyrr, og hefur því kvenfólk sömu aðstöðu til ýmissa starfa og karlmenn. Þetta hefur eigi einvörðungu orðið vegna breyttra sjónarmiða, heldur hafa og þjóðfélagshættirnir breytzt frá hinu frumstæða þjóðfélagi. Þannig sést hið aukna jafnrétti frá hinum ólíkustu hliðum. Íslendingar eru ekki einir um að standa að auknu jafnrétti kynjanna. Að þessu er ákveðið unnið í Englandi. Á þingi verkamannaflokksins, þar sem um 12 þús. foringjar hans voru viðstaddir, var gerð samþykkt um að hafa leyst þessi mál fyrir árslok 1951 og eigi síðar. Það var sú tíð á Íslandi, að engri konu var trúað fyrir kosningarétti, hinu hættulega vopni, kjörseðlinum. Svo var byrjað á að veita konum, sem stóðu fyrir búi, atkvæðisrétt í sveitarstjórnarmálum, og urðu það þá einkanlega ekkjur. Þetta þótti ekki illa gefast. Næsta stigið var, að konur í Rvík og Hafnarfirði fengu kosningarétt 1907. Og árið 1909 er þetta endurskoðað og ákveðið, að konur fái kosningarrétt í sveitarstjórnarmálum. Næstar voru vinnukonurnar, og var rætt um það á Alþ., en þá sagði einn hv. þm., að honum virtist það byltingarkennt að fara að veita þeim kosningarrétt (*LJóh:* Höfðu vinnumenn hann?) En hið undarlega gerðist, einkum þegar í ljós kom, að að öðrum kosti vildu þær ekki vera vinnukonur, að þá létu þeir sig. Árið 1915 er konum svo almennt trúað fyrir kosningarrétti. Þetta þurfti því að taka í mörgum skrefum, en ég spyr: Hver mundi nú vilja svipta konur kosningarrétti? Árið 1911 fá konur heimild til að stunda nám í öllum skólum. Hver mundi nú vilja útiloka þær frá því? Þær fengu ekki að stunda nám í skólum fyrr en löngu eftir að þær fengu að ganga undir próf. Var deilt um, hvort konum skyldi leyft að stunda nám í lærða skólanum. Þennan rétt öðluðust þær m. ö. o. ekki fyrr en 1911. Hver vildi nú svipta konur rétti til embætta? Nú hafa þær haft hann í 38 ár. Rétt er, að við urðum fyrstir til þess að stíga þetta skref. Væri þá nokkur háski á ferðum og eigi vel til fallið, að við yrðum líka fyrstir til að stíga skrefið til fulls og veita konum full mannréttindi? Um aldaraðir var það þannig, að stúlkur áttu að taka hálfan arf á við pilta, og fram á miðja 19. öld bjuggu konur við hálfan rétt við karla að þessu leyti (*GJ:* Hann er bara aftur í fornöld. — *Forseti:* Þetta er ekki nútímalöggjöf.) Ja, ég skal nú segja ykkur, mínir elskanlegu, að tilskipuninni frá 1850, um nokkrar breytingar á erfðalögunum á Íslandi, er fyrst verið að breyta núna með frv. hv. þm. Dal. Dytti nokkrum manni í hug, að réttlæta mætti, að stúlkubörn, sem nú fæðast, fengju aðeins hálfan rétt á við pilta? Nei. En svona var þetta. 1882 eða 1883 segir merkur Íslendingur, að hann hafi það fyrir satt, að kaup karla í ársvist sé fimmfalt á við kaup kvenna. Mundi nokkrum detta í hug að hverfa að þessu aftur? Mundum við eigi telja með öllu óhugsandi, að karlmaður gæti tekið að sér verk fimm kvenna? — M. ö. o., ég hef tekið hér langa röð af dæmum um umdeildar réttarbætur í réttindabaráttu kvenna. En hver einasta hefur sýnt, að hún var sjálfsögð, og er ekkert álitamál lengur. Er þá búið að fullnægja öllu réttlæti nú? Ég held, að það yrðu ekki tilfinnanlegar breyt., sem til þess þyrfti að gera. Varðandi þróunina

í þessum efnum segir hver maður eftir á, að þetta og þetta hafi verið sjálfsagður hlutur. Svo er háttað um öll réttlætismál. Réttarbætur þurfa eigi að vera lengi í gildi þar til allir segja, að þær hafi verið sjálfsagðar. Nú er spurningin þessi: Vilja menn halda þróuninni áfram, þar til fullu jafnrétti er náð? Það eitt felst í þessu frv. og ekkert annað. Að því er frsm. sagði, að konur hefðu sums staðar viðtækari rétt en karlar og naumari rétt á öðrum sviðum, þá er ætlunin með frv., að þetta jafnist og konur fái hvergi rífari rétt nema að því er varðar móðurhlutverk konunnar, t. d. þegar kona leggst á sæng, og er þar eigi um það að ræða, að hægt sé að segja henni upp stöðu sinni. En að því er varðar annað en móðurhlutverkið, sé jafnrétti kvenna á við karla tryggt. Ég þykist mega vænta, að maður, sem vill, að misréttið verði jafnað á næsta þ., geti alveg eins samþ. og ekkert haft á móti því, að málið verði leyst á þessu þingi. Þar getur ekkert gerzt til bóta, ef það er ekki réttlætanlegt á þessu þingi.

Ég skal eigi fjölyrða frekar um málið. Ég tel mig hafa sýnt, að það er enginn hugarburður, að konur búi við skarðari hlut en karlar, þó að hv. þm. hafi ekki komið auga á þann mun. Ég hef sýnt fram á, hvernig eldri lagaákvæði hafa vikið fyrir hinum yngri, með því að vitna til hinna nýjustu laga. Ég vil því vænta þess, að d. felli hina rökst. dagskrá og verði með því að samþ. frv. á þessu þingi. Og það yrði engin vansæmd fyrir íslenzka þjóðfélagið að stíga þetta spor á undan mörgum öðrum. Í grg. er bent á, að í sáttmála og mannréttindaskrá sameinuðu þjóðanna sé stutt að því, að komið sé í l. jafnrétti karla og kvenna. Íslendingar hafa tekið á sig skyldur með þátttöku sinni og eiga eigi að þverskallast við þeim. — Ég læt lokið máli mínu með ósk um, að d. samþ. frv. á þessu þ. og felli dagskrártill.

Forseti (BSt): Mér sýnist sem þessu máli verði eigi lokið fyrr en komið er langt fram á nótt (*PZ:* Ég skal vera stuttorður). Það eru fleiri á mælendaskrá.

Umr. frestað.

Á 93. og 95. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 113. fundi í Ed., 17. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Það var ýmislegt í ræðu hv. 3. landsk. (HV), sem ég þyrfti að svara, en af því að tíminn er naumur, skal ég falla frá ræðu minni. En ég vildi aðeins láta það koma fram hér, að á minn fund hefur komið form. kvenréttindafélagsins og lýst yfir, að hún geti vel sætt sig við málið eins og það er í rökst. dagskránni.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þar sem rökst. dagskráin, sem hér er flutt, er í rauninni áskorun til ríkisstj. um að láta fara fram rannsókn um það, að hve miklu leyti kvenfólk nýtur ekki sömu réttinda nú og karlmenn, og að hún að þeirri rannsókn lokinni leggi fyrir Alþ. frv. til l. eða breyt. á eldri l. til þess að skapa sem fullkomnast lagalegt jafnrétti milli kvenna og karla, þá mundi mér þykja nauðsynlegt, að n. gæfi ríkisstj. leiðbeiningar um það, að hverju þessi rannsókn ætti að beinast. Ég er ókunnugur því og veit ekki til, að það sé á vitorði annarra manna, að kvenfólk njóti hér minni lagalegra réttinda en karlmenn. Og ef ætlunin er að finna því stað og gert er ráð fyrir því í till., þar sem ráðgert er að breyta l., eftir því sem þurfa þykir, þá mundi mér þykja nauðsynlegt, að ríkisstj. væri bent á þann lagastaf, áður en hún fer í þetta starf, sem hlyti líka að leiða til þess, sem n. sýnist ganga út frá, sem sé, að kvenfólk hafi að lögum minni réttindi en karlar. Nú er kunnugt, að á einstaka stað hefur kvenfólk meiri rétt en karlmenn, en mér er ekki kunnugt um, að þær hafi minni rétt. Varðandi ríkisborgararéttinn, þá hafa þær þar ekki minni rétt og að sumu leyti meiri rétt en karlar. Þær geta í ýmsum tilfellum haft tvöfaldan ríkisborgararétt, þar sem karlar hafa í sömu tilfellum einungis ríkisborgararétt í einu landi. Og þó að menn öðlist réttindi með misjöfnum hætti, er ekki hægt að segja, að það sé meiri eða minni réttindi, frekar en það eru ólík atvik, sem koma til greina, enda væri hægurinn hjá fyrir n. eða flm. þessa frv., sem hér um ræðir, að flytja einfalda breyt. við þau ákvæðnu l., ef ætlunin er að breyta skilorði þeirra. Slík atriði, eins og t. d. með ríkisborgararéttinn, er hægt að taka út af fyrir sig og skora á ríkisstj. að láta rannsaka eitt út af fyrir sig, ef það vakir fyrir mönnum. En vegna þess að hér hlýtur að vera átt við einhver dulin lagaréttindi, sem ekki er að sjá í þeim skrifuðu l., þá þykir mér nauðsynlegt, að fyrir liggi leiðbeiningar um þetta áður en hægt er að samþ. dagskrána. Ég tel frv. líka með öllu ástæðulaust vegna þess, að það jafnrétti, sem flm. talar um, er fyrir löngu fyrir hendi, og hann er þess vegna heilan mannsaldur á eftir till. sínum hér. Sem sagt, konur hafa fyrir löngu jafnrétti að l. Ég mundi þess vegna hika við, eins og dagskráin er orðuð, að greiða henni atkv., þó að ég hins vegar telji frv. með öllu ástæðulaust, en vildi beina þessari fyrirspurn til n. mér til leiðbeiningar. Ef það sannaðist, að raunverulegar líkur væru fyrir því, að þessi leið bæri einhvern árangur, væri auðvitað sjálfsagt að samþ. till. En á meðan slíkt liggur ekki fyrir, treysti ég mér ekki til að greiða henni atkvæði.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Eins og ég gat um í framsöguræðu minni, reyndi ég að gera mér dálitla grein fyrir því, sem hæstv. dómsmrh. talaði um, og fann nokkur ákvæði í l., þar sem konan er ekki jafnrétthá og maðurinn, en fann fleiri ákvæði, þar sem hún er í raun og veru rétthærri. Það er mjög mikið talað um þessi mál, og eins og kemur fram í þessu frv., sem hér um ræðir, þá er þetta almennt orðalag, sem flm. er með í frv., sem ekkert segir um, hverju skuli breytt og hvernig. Ég hef þess vegna hugsað mér sem flm. að þessari rökst. dagskrá, að með því að fela ríkisstj. að rannsaka þessi mál, kæmi hið rétta í ljós, og þá mundi það sjást, og það er ekki svo ýkja mikill munur á rétti karls og konu, og að hann er

nokkuð sitt á hvað í hinum einstöku málum. Nú er krafan yfirleitt sú, að konan hafi sama rétt og karlmaðurinn. Nú hefur hún að vissu leyti meiri rétt. Hún má giftast 18 ára, en karlmaðurinn ekki fyrr en 21 árs. Hún má ein fara á hjúkrunarkvennaskóla og ljósmæðraskóla, en þar mega karlmenn alls ekki koma. Hún fær eftirlaun, þegar maður hennar fellur frá, hafi hann haft embætti, t. d. verið barnakennari. En ef kvenmaður er barnakennari og hún deyr, fær maðurinn ekki eftirlaun. Þarna vil ég láta skapa jafnrétti hjá báðum aðilum. Ég vænti þess vegna, að rökst. dagskráin verði samþ., þannig að ráðh. láti leggja vinnu í að rannsaka, hvernig þetta liggur, svo að sá misskilningur, sem nú er mjög ríkjandi í landinu um það, að konan sé réttminni en karlmaðurinn, megi hverfa, þannig að enginn metingur verði um það í framtíðinni, að annað kynið sé rétthærra en hitt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Mér heyrðist núv. hv. form. n. færa rök að því, sem ég vissi áður, að konur væru í mörgum tilfellum rétthærri en karlmenn. Ef ætlunin er að leiðrétta þetta og hlutast til um, að karlmenn komist inn á ljósmæðraskóla og hjúkrunarkvennaskóla, sé ég ekki betur en að það verði að orða till. dálítið öðruvísi. Það getur verið, að þetta felist í till., ef mjög vandlega er að gáð, en fljótt á litið getur maður ekki komið auga á það. Væri gott að fá skýringu á því hjá n., hver ætlun hennar er í þessu, og hygg ég, að rétt væri að taka þá till. aftur til 3. umr. og athuga betur orðalag hennar, ef meiningin er að fá þessu réttlætismáli karlmannanna fullnægt, þannig að þeir að þessu leyti fengju jafnrétti á við konurnar.

Varðandi þá staðhæfingu hv. 1. þm. N-M. (PZ), að það væri útbreidd skoðun um landið, að konur hefðu að ýmsu leyti minni rétt en karlmenn, þá vil ég segja það, að ekki er hægt að búast við, að einhver athugun af hálfu ríkisstj. mundi eyða þeim misskilningi, enda ekki líklegt, að sú athugun leiddi til neins. Ég get ekki skilið, að slík leiðrétting á rangsnúnu almenningsáliti mundi verða afleiðingin af samþykkt þessarar rökst. dagskrártill. En þar að auki vil ég benda hæstv. forseta á það, að ég hygg, að sá háttur sé hafður á afgreiðslu mála frá hæstv. Alþ., að þótt rökst. dagskrár feli í sér áskoranir til ríkisstj., sé a. m. k. ekki föst venja, að þær séu afgr. til ríkisstj. og vilji þess vegna oft gleymast. Við vitum, að það er tilviljun, hvort ríkisstj. eða ráðh. eru viðstaddir, þegar slíkar rökst. dagskrár eru samþ. Og þótt svo væri, væri varla við því að búast, að þeir legðu þær á sitt eigið minni í öllum þeim fjölda mála, sem koma fyrir Alþingi. Hitt vitum við líka, að umræðupartur alþt. kemur nú ekki út fyrr en 4—5 árum eftir að ræðurnar eru fluttar, þ. e. prentun ekki lokið fyrr, svo að þegar af þeirri ástæðu er mjög hæpið, að ríkisstj. fái yfirleitt á formlegan hátt að vita um þær rökst. dagskrár, sem samþ. eru, og vildi ég í tilefni af þessari dagskrártill. beina því til hæstv. forseta, að mér sýnist, að skrifstofa Alþingis og forsetar Alþingis þurfi að athuga sérstaklega, hvaða rökst. dagskrár eru með þeim hætti, að í þeim felast áskoranir til ríkisstj., og senda þær þá ríkisstj. með sama hætti og t. d. þáltill. eru venjulega sendar.

Ég held nú, að það væri miklu líklegra til þess að leiðrétta þennan misskilning, sem hv. 1. þm. N-M. talar um, að hann gæti um hann og leiðrétti á sínum tíðu ferðum um landið, þar sem við vitum, að margt ber á góma, þó að hann sé þar aðallega í nautgripaerindum. Teldi ég því upplagt fyrir hv. þm. að taka nú upp fræðslustarfsemi í þessum efnum, auk þess sem ég heyri, að hann er nú þegar orðinn svo vel að sér í þessu, að það væri gott, að hann skrifaði um það grein, sem mundi þá verða lesin með athygli.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 555 felld með 4:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, LJóh, PZ, BSt.

nei: BrB, HV, StgrA, ÁS.

GÍG, JJós, SÁÓ, ÞÞ, BBen, BK greiddu ekki atkv.

3 þm. (BÓ, EE, HermJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 5:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, HV, StgrA, ÁS, BK.

nei: LJóh, PZ, BSt.

GJ, GÍG, JJós, SÁÓ, ÞÞ, BBen greiddu ekki atkv.

3 þm. (BÓ, EE, HermJ) fjarstaddir.

2.—8. gr. felldar með 5:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, HV, StgrA, ÁS, BK.

nei: GJ, LJóh, PZ, BBen, BSt.

GÍG, JJós, SÁÓ, ÞÞ greiddu ekki atkv.

3 þm. (EE, HermJ, BÓ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. um að vísa frv. til 3. umr. felld með 5:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, HV, StgrA, ÁS, BK.

nei: GJ, JJós, LJóh, PZ, BSt.

GÍG, SÁÓ, ÞÞ, BBen greiddu ekki atkv.

3 þm. (EE, HermJ, BÓ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Mér finnst nú, að þótt mörg mál hafi verið kölluð krypplingar, hafi ekkert verið það jafnmikið og þetta. Ég treysti mér ekki til að setja þennan kryppling á og segi því nei.

Lagafrumvörp

afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. EOl og HermG).

Á 11. fundi í Nd., 8. nov., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt [56. mál] (þmfrv., A. 75).

Á 13. og 15. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hefur því verið þannig háttað, frá því að sá siður var upp tekinn að reikna út vísitölu, að skattur hefur ekki verið tekinn til greina í þeim útreikningi, þannig að þótt skattar hafi hækkað, hefur ekki verið reiknað með því í vísitölunni. Þær skattahækkanir, sem orðið hafa undanfarin ár, hafa komið við einstaklingana í vaxandi mæli og einkum síðan laun manna almennt voru skert með festingu vísitölunnar; svo hafa útsvör hækkað mjög, og er nú svo komið, að óeðlilega hár hluti meðallauna fer nú í skatta og útsvör. Þegar svo ríkisstj. hefur hindrað, að menn fái uppbót á laun sín eftir vísitölu, þá er það sanngirniskrafa, að ríkið að sínu leyti reyni að draga nokkuð úr skattþyngslunum. Ég hef því ásamt hv. 11. landsk. lagt þetta frv. fram til þess að vita, hvort möguleikar væru á, að ákvæðin um persónufrádrátt yrðu endurskoðuð. En upphaflega hugsunin, sem lá honum að baki var sú, að hann skyldi samsvara tekjum þeim, sem nauðsynlegar teljast einstaklingunum til lífsviðurhalds.

Nú er það svo, að fyrir stríðið var miðað við 3800 kr. í grunn fyrir 5 manna fjölskyldu, og með þeirri vísitölu, sem nú er reiknað með, nemur það um 12—13 þús. kr. En hins vegar er vitað af þeim mönnum, sem gerst mega vita, svo sem hagfræðingum, að vísitalan er mjög misvísandi — svo að ekki sé ríkar að orði kveðið — og ég hef séð útreikninga, er sýna það, að hún er nær því að vera 400 stig, ef tillit er tekið til raunverulegs verðs á húsaleigu t. d. Og þá er þó gengið út frá sams konar lífsafkomu og fyrir stríð, en við vitum, að þar er allur annar mælikvarði nú orðið. En þótt það væri ekki tekið með í reikninginn og aðeins miðað við 400 stiga vísitölu á þau grunnlaun sem reiknað er með nú, þá yrðu það þó 16 þús. kr. Með þessari till. mundi skattfrjáls persónufrádráttur nema 16 þús. kr. fyrir 5 manna fjölskyldu. Og ég þykist mega fullyrða, að þar er sanngjarnlega í hlutina farið. Ég tel hins vegar rétt að drepa á þá hlið þessa máls, að þegar hæstv. ríkisstj. hefur gert þær kröfur til einstaklinga, sem af því leiðir, að vísitalan er bundin við 300 stig, — en með því er hverjum einstaklingi sagt, að nú verði hann að spara við sig nauðþurftir, — þá er ekki óeðlilegt, að einstaklingarnir geri þá kröfu, að ríkið spari svolítið líka. En nú er þvert á móti, — og það ástand hefur versnað síðan það hætti að þurfa samþykki fjmrh. til að ráða menn í þjónustu ríkisins, — að ríkið eykur stöðugt eyðslu sína. Það er því tímabært, að ríkisstj. sé áminnt um að spara nokkuð eyðslu sína eða þá að taka nokkuð af þeim gróða, sem ekki er snert við á ýmsum sviðum. Þá skal ég enn geta þess, að ég er ekki alveg viss um, að ég hefði borið þetta frv. strax fram, ef ég hefði ekki heyrt, að það stæði tæpt, að álit milliþn. í skattamálum kæmi fyrir þingið nú.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. að loknum þessum umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 75, n. 189 og 222).

Ásgeir Ásgeirsson: Ég hef lítið um þetta mál að segja. — Meiri hluti n. leggur til, að það verði afgr. með rökstuddri dagskrá. Þessi dagskrá hefði í raun og veru átt að koma til atkv. fyrir þingfrestunina, en það varð ekki, og ekki er komin nein skýrsla um það frá stjórninni, en með því að nú er verið að endurskoða skatta-

löggjöfina, þá finnst mér, að þetta mál geti legið kyrrt um stund.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef sem minni hl. fjhn. skilað áliti um þetta mál, þar sem ég færi fram rök fyrir því, að frv. sé samþykkt. Ég sé það, að meiri hl. fjhn. leggur til að vísa því frá með rökst. dagskrá. En við því er tvennt að segja. Við höfum þegar afgreitt mál um breyt. á þessum l., um tekju- og eignarskatt, og þá var álitið rétt að afgreiða málið, án þess að fyrir lægi álit mþn., því að óvisst var, hvenær álit n. kæmi. Hv. þd. hefur því ekki talið rétt hingað til að fresta málum af þeim sökum. Hins vegar eru það ekki rök, að þetta sé ekki réttlætismál, og vona ég, að d. sjái ekki ástæðu til að bíða álits mþn. um málið. Þar sem þetta hefur verið gert áður, finnst mér, að eins sé hægt að gera þetta nú. Í öðru lagi mun álit mþn. nú ef til vill liggja fyrir hjá ríkisstj., og mun vonandi einhver geta gefið upplýsingar um það, hvort líkindi séu fyrir því, að frv. að skattalögunum verði lagt fyrir. Nú kann það að verða, að þessi nefnd verði ekki sammála. Ég vildi þess vegna, af því að ég veit, að þetta frv. á fylgi að fagna meðal þm., eindregið óska þess, að þessi till. um rökstudda dagskrá verði ekki samþ., og vona, að frv. verði látið ganga áfram.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 222 samþ. með 15:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HB, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JörB, SB, SEH, SK, StgrSt, ÁÁ, FJ, GÞG, HÁ, BG.

nei: HermG, KTh, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.

14 þm. (JóhH, JS, JJ, LJós, ÓTh, PÞ, PO, SkG, StJSt, StSt, BÁ, EmJ, EystJ, GTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Sigurður Kristjánsson: Ég lít svo á, að ákvæði frv. séu ekki ósanngjörn, en hins vegar get ég fallizt á, að þetta atriði falli undir þá athugun, sem nú er verið að gera á skattal., og segi því já.

2. Jeppabifreiðar (frv. PZ).

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um innflutning jeppabifreiða [76. mál] (þmfrv., A. 127).

Á 19. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa um þetta mál langa framsögu, því að í grg. hef ég tekið fram þau atriði, sem hér skipta máli. — Eins og menn sjá, fer þetta frv. fram á, að ríkisstj. hlutist til um, að til landsins verði fluttar 6 jeppabifreiðar og þær verði látnar til þeirra aðila, sem um ræðir í frv. Mér er ljóst, að fyrir dyrum stendur, ef gjaldeyrisástæður leyfa, að flytja inn það margar jeppabifreiðar, að vissa er fyrir því, að þær verða fleiri en þessar 6. En þetta horfir þannig við, að óvíst er, hvort gjaldeyrir verður til til innflutnings jeppabifreiða og í öðru lagi hverj ræður, hverjir þær fá. Nú er það svo, að þegar ég tek þessar 6 bifreiðar, þá er það af þeim ástæðum, að þörfin fyrir þær er önnur heldur en fyrir þá tugi af mönnum, sem skrifa mér og biðja mig að útvega sér jeppa, það eru allt einstaklingar, sem ætla að nota þetta fyrir sjálfa sig, en hér er um samtök margra bænda að ræða, sem þurfa á því að halda að geta leyst af hendi það starf, sem þar er verið að vinna. Þessir aðilar snerta mig og mitt starf að því leyti, að hægt er að koma á frekar en ella kynbótum á nautgripum. Ég get bæði hugsað mér þá afgreiðslu á þessu máli, að það verði samþ., og einnig, að það verði afgr. með rökstuddri dagskrá, þar sem því væri treyst, að þessir aðilar fengju innflutning á jeppum, ef hægt væri að flytja þá til landsins vegna gjaldeyrisástæðna, því að með því væri því slegið föstu, að þessir aðilar ættu að koma í fremstu röð. Það mætti kannske deila um það, í hvaða n. þetta mál ætti að fara, en ég flyt þetta fyrst og fremst sem landbúnaðarmál, og þess vegna held ég, að það eigi að fara í landbn. Það orkar ekki tvímælis, að í sambandi við þessar 6 bifreiðar þá er þar um að ræða þörf heildarinnar fyrst og fremst. Það nær t. d. ekki nokkurri átt, að þegar byrjað er að sæða núna í Borgarfirðinum, þá verði að flytja sæðið á leigubifreiðum. Ég held, að kostnaðurinn kæmist upp í 200 kr. á kú, ef nota ætti leigubifreiðar, en það er þó ekki nema 40 kr. nú í Eyjafirðinum, þó að það sé dýrt, af því að þeir þurfa að nota ónýtan jeppa, sem kostar í rekstri geysilegt fé. — Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um málið að sinni.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það má ekki minna vera en að ég sem þm. Eyfirðinga þakki hv. flm. fyrir að hafa borið þetta mál fram, því þó að mér finnist kannske dálítið athugavert við það að bera fram frv. um hvert atriði í þessu sambandi, þá sýnir þetta þó velvild til þessa máls, sem hér um ræðir, og eins og hann skýrði réttilega frá, lítur út fyrir, t. d. í Eyjafirði, að þessi starfsemi verði að leggjast niður sökum þess, að ekki hafa fengizt jeppar handa þeim mönnum, sem við þessa sæðingu fást. En það er vitað, að í misjöfnu færi er ekki hægt að nota aðrar bifreiðar en jeppabifreiðar, og sannleikurinn er sá, að þótt ég flytti ekki frv. um þetta mál, þá hafði ég afskipti af því áður, því að ég hafði reynt allar mögulegar leiðir hjá gjaldeyrisyfirvöldunum til þess að fá þessar 2 jeppabifreiðar, í Eyjafj., en svarið hefur verið þvert nei. Ég skal játa, að mér hugkvæmdist ekki að flytja um það sérstakt frv., að inn skyldu fluttar 2 jeppabifreiðar, og meira að segja hugkvæmdist mér það ekki, eftir að ég hafði lesið frv. eins af þm. Reykv. um það,

að inn skyldi flytja eina jeppabifreið handa þingvallanefnd, því ef gjaldeyris- og innflutningsmálum er komið í það horf, að menn telji sig nauðbeygða til að flytja sérstök frv. um innflutning á einum jeppa eða 6 jeppum, þá sýnist mér í hreint óefni komið og verði ekki hjá því komizt að reyna að lagfæra það mál eitthvað, án þess að til slíkrar löggjafar komi.

Ég vona, að hæstv. forseti setji ekki ofan í við mig, þótt ég minnist ofurlítið á annað atriði en innflutning jeppabifreiða. Ég hef fengizt við annað mál, stærra heldur en þetta jeppamál, en það er tilheyrandi niðursuðuverksmiðjunni í Ólafsfirði. Þessi niðursuðuverksmiðja er fullbúin til vinnslu og hefur verið byggð með leyfi allra yfirvalda þar til heyrandi og stuðningi ríkisins. En þegar þessi verksmiðja á að fara að vinna, þá fær hún ekki nauðsynlegt efni til þess að geta unnið, hún fær ekki fluttar inn dósir. Mér sýnist þetta afar einkennilegur þjóðarbúskapur. Ég hef heyrt þá afsökun, að ekki hafi tekizt að útvega góðan markað fyrir íslenzka niðursuðu, og þá sýnist einkennilegt, að ríkið skyldi vera að styðja að því, að þessi verksmiðja kæmist upp. Ég held það sé ekki heppilegt að verja 2 millj. kr. til þess að láta þetta hús standa þarna án nokkurra nota, og vitanlega verður að greiða vexti af því. Mér finnst þetta frv. um innflutning 6 jeppabifreiða og innflutningur á niðursuðudósum vera hliðstætt varðandi þá örðugleika, sem á því eru að fá inn í landið nauðsynlega hluti. Eins og hæstv. viðskmrh. er kunnugt, er komin hafnargerð og allmikil bryggja á Dalvík, þar hefur verið góður afli í haust og líkur til, að hann haldist, en það liggur við, að sumum bátunum sé ekki fært að halda áfram veiðum sökum erfiðleika á bryggjunni, því þegar þarf að flytja vatn í tunnum langar leiðir fram á bryggju, þá verður það töluverður aukakostnaður, sem þar leggst á. En ástæðan til þess, að svona er ástatt um vatnið þarna á bryggjunni í Dalvík, er sú, að ekki hefur fengizt innflutningur á vatnspípum, sem ekki kosta þó meira en 6000 kr. — Mér er ljóst, að það þarf að spara innflutning, og mun ekki almennt séð verða kröfufrekur við stjórnina í því efni, en ef þarf að hætta við sæðingu eins og við höfum í Eyjafirði og ef þarf að láta verksmiðju, sem kostar 2 millj. kr., standa ónotaða í Ólafsfirði vegna þess, að ekki fást niðursuðudósir, og ef þarf að flytja vatn langar leiðir að fram á bryggju í Dalvík, af því að ekki fást 6000 kr. fyrir vatnspípum, þá sýnist mér þetta vera allmikið öfugstreymi. Þess vegna vil ég, — jafnframt því sem ég endurtek þakkir mínar til hv. flm. fyrir að hafa tekið þetta upp, þar sem ég hafði ekki talið almennilega fært að flytja frv. um 2 jeppabifreiðar, — nota þetta tækifæri til þess að heyra, hvort hæstv. viðskmrh. hefur ekki eitthvað út af þessu að segja.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Þetta er nú dálítið undarleg braut, sem farið er inn á með þessu frv., þar sem lagt er til, að Alþ. taki að sér að veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi í staðinn fyrir þá aðila, sem hafa haft með þetta að gera hingað til, því að í rauninni er þetta ekkert annað en það, að í staðinn fyrir viðskiptan. taki Alþ. að sér að gera það. M. ö. o., þegar viðskiptan. sér ekki fært að sinna beiðni, þá er bara farið til Alþ. og lagt fram frv., sem á að ná afgreiðslu eitt út af fyrir sig, án þess að hafa hliðsjón af öðru. Það getur verið, að þetta sé leið, en ég hygg, að meðlimir þessarar hv. d. og sennilega beggja d. fengju nóg að gera, ef þeir ættu að taka þetta starf að sér. Ég held þess vegna, ef þarna er um að ræða einhverja afgreiðslu, sem ekki sé í samræmi við það, sem réttlátt er og eðlilegt, þá sé þetta ekki leiðin til þess að bæta úr því. Það var flutt frv. í Nd. um innflutning einnar jeppabifreiðar, hér eru þær 6, þá gæti maður búizt við því, að næst kæmi frv. um vatnspípur fyrir 6000 kr. handa Dalvík, síðan niðursuðudósir handa verksmiðjunni í Ólafsfirði fyrir 5—6 þús. kr. o. s. frv. Það kann að vera, að úthlutun þessara leyfa sé ekki sem réttlátust og það mætti komast eitthvað nær því rétta en gert hefur verið, en ég hygg, að þetta sé engin eða mjög lítil lausn.

Út af þessu sérstaka máli, sem hér liggur fyrir, innflutningi jeppabíla, skal ég geta þess, að á árinu sem leið voru fluttar inn í landið á fimmta þúsund bílar og ríkisstj. var sammála um það, að það mundi vera nóg í bili, og samþykkti þess vegna að óska eftir því við innflutningsyfirvöldin, að ekki yrðu gefin út ný gjaldeyrisleyfi fyrir bílum umfram það, sem í umferð var. En þegar kom að áramótum, þá voru ekki öll gömul leyfi komin til landsins eða bílar fyrir þau, heldur voru eftir 200—400 bílar, og þá var samþykkt, að ekki kæmu aðrir bílar til greina heldur en þeir, sem greiddir voru. Það kann að vera, að þetta sé nokkuð harkaleg meðferð og hafi slæmar afleiðingar, en það er ekki búizt við því, að þetta bann vari að eilífu, heldur verði það endurskoðað, eftir því sem fjárhagsgeta gefur tilefni til og þörf er fyrir þennan innflutning. En ég skal fúslega taka á mig eða ráðun. þá sök í þessu máli að eiga þátt í því, að yfirleitt var tekið fyrir að veita leyfi, eftir að þessi ríkisstj. tók við völdum. Hvað viðvíkur niðursuðudósum til niðursuðuverksmiðjunnar í Ólafsfirði, þá skal ég geta þess að það hefur verið mjög erfitt að fá blikk í niðursuðudósir eða dósirnar sjálfar tilbúnar annars staðar frá en frá Bandaríkjunum og upp á síðkastið erfitt þar líka. Hins vegar er ekki hægt að selja þessa vöru með sæmilegum hagnaði eins og nú standa sakir nema helzt í þeim löndum, sem við höfum clearingviðskipti við, þannig að til þess að koma þessari starfrækslu í gang þarf að kaupa til hennar rekstrarvörur í dollurum, en fá greiðslu fyrir afurðir í öðrum gjaldeyri, sem var okkur minna verðmætur. Við þetta bættist það, að þegar umsóknir niðursuðuverksmiðjunnar voru á ferðinni, þá var dollarainneign bankanna á þrotum, svo að möguleikarnir til að skaffa þetta voru litlir. Varðandi vatnspípurnar á Dalvík fyrir 6000 kr. þá hef ég ekki heyrt það fyrr, því að það er ekki allt undir ráðun. borið, sem sótt er um, nema helzt vafaatriði, og skil ég ekki annað en að hægt verði að hafa einhver ráð með að veita leyfi fyrir þessum vatnspípum, og vona ég, að það mætti forða þinginu frá því, að borið verði

fram sérstakt frv. fyrir vatnspípum á Dalvík fyrir 5—6 þús. kr.

Gísli Jónsson: Ég vil mjög taka undir það, sem hæstv. ráðh. benti á, að það leiðir auðvitað út í ófæru, ef ætti að taka upp þann hátt að flytja sérstök frv. um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi hér á þingi, í stað þess að um þau mál verði fjallað í þeirri stofnun, sem fjalla á um þessi mál. Ég verð að segja það, að ég er undrandi yfir því, að slíkt frv. skuli hafa komið fram. Að vísu bendir það til þess, að menn séu ekki almennt ánægðir með ráðstafanir í þeim málum, en það er önnur hlið á málinu, og ber að sækja í aðrar áttir til leiðréttingar á því en hér er farið fram á, og mun ég því ekki treysta mér til að fylgja þessu máli eins og það er borið fram. En verði sú stefna tekin upp, þá vil ég leyfa mér að benda þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar, á það, að fyrir Alþ. liggur yfirlit um þetta sama mál frá sýslumanni Barðastrandarsýslu, og vænti ég, að hv. n. taki það til athugunar, ef hún ætlar sér að afgreiða málið. Hins vegar kom hér fram í sambandi við sams konar frv., sem mikið var rætt í sameinuðu þingi um daginn, vantraust á Búnaðarfélag Íslands um réttláta úthlutun á þessum bílum, og það heldur aldrei meiri vantrausts-yfirlýsing komið fram á þá stofnun en kemur fram hjá hv. 1. þm. N-M. í sambandi við þetta mál, þar sem hann treystir ekki þessari stofnun lengur til að úthluta þessum bílum, sem inn yrðu fluttir, og ber fram sérstakt frv. um, að bílar verði tryggðir til þeirrar starfsemi sérstaklega, sem heyrir undir þessa stofnun. Hygg ég, að það hefði verið kallaður kuldagjóstur frá minni hlið, ef ég hefði komið fram með svona till. til að lýsa vantrausti á þá stofnun, sem þessi hv. þm. starfar við.

Ég vildi svo í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. upplýsti í sambandi við dósirnar, aðeins gera stutta fyrirspurn um það, hvort honum er kunnugt um, að verið sé að vinna að því að fá tekna upp brezka samninga um það, að leyfilegt sé að flytja út dósir frá Bretlandi til Íslands á næsta ári, vegna þess að það var ekki tekið upp í samningana síðast. Ég ræddi um þetta m. a. við brezka matvælaráðuneytið í London í sumar, og þá var eina ástæðan fyrir því, að ekki var hægt að fá fluttar dósir frá Bretlandi til Íslands, talin sú, að það hefði ekki verið tekið upp í verzlunarsamninga. Að vísu tjáði skrifstofa ráðuneytisins mér, að það væri ekki alveg útilokað, að þetta fengist, en sagði ennfremur, að það væri ekki hægt að veita þetta, nema í framtíðinni yrði það tekið upp í samninga. Ég fékk því um þokað fyrir sérstaka aðstoð ákveðinna áhrifamanna, að leyfður var útflutningur ákveðinnar tölu niðursuðudósa frá Bretlandi til Íslands. En í heild töldu þeir sig ekki geta sinnt slíkum beiðnum, nema því aðeins að um þetta væri samið. Mér þætti líklegt, að ef hægt væri að taka þetta upp í samninga á næsta ári, væri hægt að fá nægar dósir frá Englandi í stað Ameríku.

Það er sjáanlegt, að þetta mál ætlar að verða svo margþætt, að það er orðið nú þegar landbúnaðarmál, samgöngumál, sjávarútvegsmál og heilbrigðis- og félagsmál eftir þeim umr., sem hér hafa farið fram. Þess vegna vildi ég gera það að minni till., ef þessu máli verður vísað til n., að það fari til hv. allshn., mér finnst það eigi helzt þar heima.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég vil vænta þess, að ef hv. þm. Barð. reynir að hressa svolítið upp á minnið, þá viti hann í fyrsta lagi, að það er bannaður innflutningur á jeppabifreiðum, og í öðru lagi, þegar þeir komu síðast, var ákveðið, að Búnaðarfélag Íslands úthlutaði þeim ekki. Og ef jeppabifreiðar koma hér á eftir, þá er ekkert ákveðið um það, hverjir úthluti þeim. Þetta veit hv. þm., en honum er bara svo tamt að tala gegn því, sem hann veit bezt, ef hann heldur, að hann geti fengið einhvern til þess að trúa sér, þegar hann ófrægir menn eða stofnanir. Það er alveg óákveðið nú, hvort nokkrir jeppar verða fluttir inn eða hverjir úthluti þeim, og það er þess vegna, að ég flyt þetta frv., og einnig vegna hinnar miklu nauðsynjar á jeppum fyrir nautgriparæktarfélögin í landinu. Ég veit vel, að þetta er vandræðaástand. Og þetta frv. á engan rétt á sér, ef vissa væri fyrir því, að jeppar yrðu fluttir inn í landið á annað borð. Ég gæti hugsað mér tvenns konar afgreiðslu á þessu máli, að frv. yrði samþ., þótt segja megi, að það sé varasöm braut, en ég gæti einnig hugsað mér, að málið yrði afgr. með rökst. dagskrá, að í trausti þess, að inn í landið verði fluttir jeppabílar og þeim verði úthlutað réttlátlega og þar sem þörfin væri mest knýjandi, hvaða aðilar sem það gerðu, þá tæki deildin fyrir næsta mál. Ég sagði, að ég hugsaði mér ekki neina sérstaka afgreiðslu á þessu máli öðrum fremur, heldur aðeins að þeim tilgangi verði náð, að nautgriparæktarfélögin geti eignazt þessi nauðsynlegu tæki.

Ég ætla ekki að fara að tala um innflutning bifreiða almennt. En hæstv. ráðh. fór ekki með sannar fregnir áðan, að ekki hefðu verið fluttar inn bifreiðar nema út á gömul leyfi. Það eru ekki nema nokkrir dagar síðan sendur var listi upp í viðskiptanefnd yfir 6 bifreiðar, sem átti að flytja inn, án þess að áður hefðu nokkur leyfi verið gefin fyrir þeim eða búið að borga þær, nema kannske eina þeirra. En hver borgar þá? Það er eftir að vita. Eins og hv. 5. þm. Reykv. minntist á í sambandi við annað frv., um innflutning á jeppabifreið, á þskj. 56, þá hafa samkvæmt upplýsingum hagstofunnar verið fluttar inn 272 bifreiðar á 9 mánuðum, og það er vissa fyrir því, að þær hafa ekki nema sumar komið inn á þann hátt, sem hæstv. ráðh. talar um. Það er ekki nema svona 3½ mánuður síðan maður bauð bifreið í kassa nýkomna til landsins á 85 þús. kr. Og þegar hann var spurður að því, hvernig stæði á því, að hann gæti á þessum tímum náð í svona bifreið, svaraði hann: „Ég lá bara yfir þeim dag eftir dag, og þá gekk það á endanum.“ Og þessi maður seldi bifreiðina fyrir 85 þús. kr. og tók hana aldrei upp úr kassanum sjálfur. Og þótt hæstv. ráðh. segi, að allar þær bifreiðar, sem fluttar séu inn nú, séu út á gömul leyfi og borgaðar fyrir ári síðan, þá er það ekki það sanna í málinu.

(*Samgmrh.:* Ég sagði það heldur ekki, heldur væru þær það yfirleitt.) Það er kannske satt með eitthvað af þeim, að þær séu út á gömul leyfi.

Ég er ekki viss um, hvort réttara er að láta ráðherra ráða yfir því, hver fái bifreiðarnar, og senda nýjan og nýjan lista um það, hverjum veita skuli leyfi viðskiptanefndar næst til bílakaupa, eða láta Alþ. ráða því.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. N-M. fann ástæðu til að lýsa því yfir hér, að ég hefði farið með ósannindi hér í hv. d., en ég segi hann ósannindamann að því og vísa þeim ummælum heim til föðurhúsanna aftur. Ég hef hvorki í þessu máli né öðrum borið upp í mig vitandi vits nein ósannindi, og skal hv. 1. þm. N-M. fá að sanna það, ef hann vill halda því fram, sem hann sagði áðan. Ég sagði aðeins, að á síðasta ári hefðu verið fluttar inn í landið rúmlega 4 þús. bifreiðar og á þessu ári nokkuð hátt á þriðja hundrað. Þær 4 þús. bifreiðar voru í aðalatriðum, sagði ég, í aðalatriðum, út á eldri leyfi. Hv. þm. ætlaði að reyna að finna orðum sínum stað með því að tala um það, að nýlega hefði verið sendur til viðskiptanefndar listi yfir 6—7 bifreiðar, sem ríkisstj. hefði óskað eftir, að fluttar væru inn. Það er að vísu rétt, að ríkisstj. óskaði eftir því, að 6—7 bifreiðar væru fluttar inn, og eru það einu tilmælin, sem komið hafa frá ríkisstj. til viðskiptan. um slík mál. En þeir menn, sem þessar bifreiðar voru ætlaðar, höfðu borgað þessar bifreiðar á löglegan hátt og þurftu ekki gjaldeyri, en sumir höfðu verið búsettir erlendis og áttu þær úti. Þetta er allt, sem ríkisstj. hefur óskað eftir í þessum efnum. Hitt er svo allt annað mál, að það kann að vera, að viðskiptan. og fjárhagsráð hafi veitt leyfi fyrir þessum tækjum án þess, að ríkisstj. óskaði eftir því og þvert ofan í vilja hennar. Svo bera þessir starfsmenn það kannske, að ríkisstj. komi og óski eftir því. En þetta tilfelli, sem ég nefndi, er það eina tilfelli, sem ríkisstj. hefur staðið að innflutningi á bifreiðum. — Ef hv. þm. leyfir sér að hafa þau orð, að ég fari hér með ósatt mál, þá skal hann fá að sanna það.

Hv. þm. Barð. spurði að því, hvort gerðar hefðu verið ráðstafanir til þess, að í nýja brezk-íslenzka samninginn yrðu tekin ákvæði um innflutning hingað á dósum og efni í þær. Þegar umr. fóru síðast fram um þessa samninga, þá fóru okkar sendimenn, sem til samninganna fóru, með þau mjög eindregnu fyrirmæli að reyna að fá tekið inn í þennan samning mjög miklu meira af járnvörum í einu formi og öðru heldur en fékkst, og svör þeirra voru þau, að það hefði ekki verið hægt að þoka um meira í þessu efni. Ég er alveg viss um, að þegar næst verður hafið samtal um þessi mál við Englendinga, þá mun þetta atriði verða tekið upp á ný, því að þetta er ein sú vara, sem við höfum mest not fyrir. En ég vil þó einungis geta þess í þessu sambandi, að það hefur fleiri en okkur gengið illa að fá járnvörur frá Bretlandi upp á síðkastið. Það hefur t. d. orðið vart við, að ýmsir nágrannar okkar, sérstaklega Danir, sem eru einn aðalviðskiptamaður Bretlands með landbúnaðarafurðir og selja þangað mjög mikið af þeim, hafa orðið að takmarka innflutning sinn einmitt vegna þess, að ekki var hægt að fá þær járnvörur frá Englandi, sem Danir vildu fá, svo að þetta kemur til af því, að England hefur ekki getað afgreitt járnvörur meira en gert var. En þótt einhver einstakur maður gegnum viðskiptasambönd sín geti fengið úr þessu bætt, þá er slíkt ekki aðgengilegt fyrir alla þá viðskiptamenn, sem kynnu að koma og biðja um það, enda ber Bretum ekki skylda til þess, því að samningurinn hljóðar ekki um það að láta þetta magn. Það hefur gengið illa að fá þunnt blikk í dósir og plötur og pjátur, en vonandi verður hægt að greiða úr því síðar, þó að ekki séu sett um það sérstök l., enda efast ég um, að það bæti nokkuð úr skák.

Ég vil benda á það, að ég tel rétt að þetta mál fari til fjhn., því að ég tel ekki eðlilegt, að þetta mál fari til hv. landbn. Þetta er svo mikið prinsipmál og snertir meir kannske ýmis önnur atriði en landbúnaðarmál. Ég á að vísu ekki atkvæðisrétt um það, en ég tel réttara að skoða þetta sem fjárhagsmál og það fari þá til hv. fjhn., svo að hún fengi að segja sitt álit um það almennt, hvort eigi að taka þann hátt upp, að innflutningur skuli afgreiddur með l. frá Alþ., því að í raun og veru er frv. um það.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér inn í þær deilur, sem fram hafa farið um þetta mál. En ég vil gjarna láta í ljós þá skoðun mína, að ég tel, að Alþ. sé komið inn á mjög varhugaverða braut með því að koma fram með frv. sem þetta og annað frv., sem lagt var fyrir hv. Nd. Og ég er fyllilega sammála hæstv. viðskmrh. um það, að Alþ. hafi öðru að sinna en að taka að sér starf viðskiptanefndar í þessu efni. Mér finnst, að ofan á önnur vinnubrögð þingsins, eins og þau hafa verið, þá sé varla því við bætandi, að þessi háttur sé tekinn upp. Ég skal ekki bera neinar brigður á það, að hér sé um nauðsynjamál að ræða, það kann vel að vera, að svo sé. En ég tel þessa aðferð til þess að fá leiðréttingu mála sinna alveg fjarstæða og geti ekki komið til mála. Ég mun eindregið verða á móti þessu frv., hvort sem það verður í n. eða utan nefndar.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð út af nefndarskipun í málinu. Það er búið að stinga upp á, að því verði vísað til hv. landbn. af hv. flm. En hæstv. viðskmrh. hefur stungið upp á, að málinu verði vísað til hv. fjhn.

Í hv. Nd. er frv. svipað og þetta, sem hér liggur fyrir, um innflutning á jeppum. Og finnst mér ekki fjarri að láta þessi jeppafrv. lenda hjá sömu n. í báðum d., en frv. í hv. Nd. var vísað til hv. fjhn. Og ég tel í raun og veru réttara, að þetta mál lendi einnig í fjhn., því að þótt þetta frv. sé að nokkru leyti annars eðlis, þá er það ekki það að öllu leyti. Það á að smala og verja land á Þingvöllum með þeim jeppa, sem ræðir um í frv. hv. Nd., og fer ég ekki lengra út í það. Ég er hvort sem er í báðum þessum n. og kemst því ekki undan því, að þessir jeppar, sem hér er um að ræða, verði

keyrðir á mig. En ég tel eðlilegra, að málið fari til fjhn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég tek aftur till. um allshn. Það er ákaflega eðlilegt, að málið fari til hv. fjhn., ef það fer í n. á annað borð.

Ég stóð aðallega upp til þess að gera grein fyrir því hér, af því að mér skildist það koma fram í ræðu hæstv. ráðh., að ég hefði borið ásökun á ríkisstj., að það hefði ekki verið tekið upp í samningana atriði, sem ég nefndi áðan, um dósir og efni í þær. *(Samgmrh.:* Ég var bara að svara fyrirspurninni.) Ég tók það aðeins fram, að reynt skyldi að taka þetta upp í samninginn. Það lá ekki í minni fyrirspurn nokkur ásökun til hæstv. ríkisstj. eða til þeirra manna, sem um það mál hafa fjallað. En ég gat þess aðeins af því, eins og ég sagði áðan, að ég hafði átt tal um þetta við matvælaráðuneytið brezka, sem taldi sig ekki geta leyft nú útflutning á dósum, sem ættu að vera utan um þær vörur, sem ætti að flytja til Englands.

En það var annað atriði, sem mig langaði til að spyrja hæstv. ráðh. um — í sambandi við þær upplýsingar, sem hann gaf um innflutning á bifreiðum, sem hann sagði, að hefðu verið fluttar inn vegna þess, að þær hefðu verið greiddar áður af því fé, sem viðkomandi aðilar hefðu annaðhvort fengið yfirfært eða aflað á annan löglegan hátt, hvort slík greiðsla muni hafa farið fram að einhverjum hluta eða að öllu leyti með umboðslaunum, sem fyrirtæki eða einstakir menn eignast úti og hafa ekki flutt inn í landið. Og vil ég í sambandi við þessa fyrirspurn mína minna á, að það var upplýst í Sþ. nýlega, að Samband ísl. samvinnufélaga hefði ekki skilað sínum umboðslaunum á annan hátt en að skila innflutningsleyfum fyrir innflutningi, sem það hefur fengið. Nú væri ákaflega fróðlegt að fá að vita, hvort S.Í.S., sem mun vera stærsti bifreiðainnflytjandi, hefði fengið leyfi til þess að nota þetta fé til greiðslu á bifreiðum á þennan hátt. Það er þegar upplýst, að S.Í.S. hefur ekki skilað sínum umboðslaunum og hefur notað þau sumpart til þess að standa undir skrifstofukostnaði erlendis og sumpart til þess að greiða vörur frá útlöndum. Mér finnst sjálfsagt, ef slíkir peningar hafa verið notaðir til greiðslu á bifreiðum, þá sé látin falla niður endurnýjun, því að slíkt ætti ekki að sitja fyrir öðrum innflutningi. Ég hef haft með gjaldeyri að gera vegna fisksölu erlendis, og ef það er rétt, að þetta hafi átt sér stað, að ekki hafi verið skilað slíkum gjaldeyri, þá er þar gefið fordæmi, sem kannske mætti ætla, að aðrir vildu fara eftir. Hins vegar hefur mér ekki fundizt nema sjálfsagt, að þessum gjaldeyri væri skilað til bankanna hér, en það er þá engin sanngirni í því, að aðrir komist upp með það að kaupa vörur fyrir sig fyrir þess konar gjaldeyri.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Eftir því sem mér var tjáð í febrúarmánuði, að mig minnir, þá voru enn óafgreidd eitthvað á fjórða hundrað innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir bifreiðum til landsins. Af þessari tölu mun rúman helming bifreiðanna hafa verið búið að greiða í gegnum bankana hér á venjulegan hátt, þ. e. a. s. þannig, að innkaupandinn hafi lagt fé inn á bankann og bankinn síðan opnað „rembours" fyrir vöruna eða borgað vöruna í öllu falli þannig, að peningarnir voru komnir venjulega til firmans og bifreiðarnar komnar til afgreiðslu þar.

En nokkur hluti bifreiðanna var afgreiddur, en ekki yfirfært andvirði þeirra. Hins vegar hafði viðkomandi aðili leyfi í höndunum; og var samþ. að hafa þennan hátt á, að þeir, sem voru búnir að láta bankann borga fyrir sig, skyldu fá innflutningsleyfi eins og þeir hefðu lent með þau fyrir áramótin. En þeir, sem ekki voru búnir að borga, fengu ekki sín leyfi endurnýjuð, og skyldu þau falla niður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, LJóh, PZ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BK, BSt.

nei: BÓ, GJ, GÍG, JJós, SÁÓ.

4 þm. (EE, HV, HermJ, BBen) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 26. nóv., utan dagskrár, mælti

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi gjarna, að hæstv. viðskmrh. mætti hér í d., ef hann er í Nd. og sér sér fært. Vildi ekki einhver segja honum þetta? — Ekki við. Jæja, jú, þarna er hann.

Í sambandi við ummæli þau, er hér voru í gær látin falla um bíla, þá segir hæstv. viðskmrh. þau ósönn og stj. hafi aldrei haft nein afskipti af úthlutuninni, nema fyrir skömmu hefði farið listi yfir 6 menn frá stjórninni upp í viðskiptanefnd, sem stjórnin hefði óskað eftir, að fengju innflutningsleyfi hjá nefndinni. Þá er ég heyrði þetta, hugsaði ég: Ljótur er nú bærinn, og góð er nú stj. Síðan fer ég til starfa í sparnaðarnefndinni, en sú n. á að gera tillögur um sparnað í ríkisrekstrinum. Hefur hún sent frá sér nokkrar till. um notkun bíla og m. a. lagt til, að hæstiréttur hefði eigi lengur bíl. En á fundi, sem n. hélt í gær, var lagt fram bréf frá hæstarétti, þar sem hann skýrir frá því, að nefndin muni ekki hafa kynnt sér allar aðstæður, en býst við, að hún hafi séð, að rekstrarkostnaðurinn við bíl réttarins væri óvenjulega hár. Hann kveður í þessu bréfi, að þetta stafi af því, að þeir hafi haft gamlan Buick-bílgarm. En í aprílmánuði s. l. hafi þeir fengið nýjan bíl fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar, og sé nú kostnaðurinn um 5 þús. kr. Er ég frétti tíðindi þessi, hugsaði ég með mér, að þá hefði þó alltaf verið um fleiri bíla að ræða, sem ríkisstjórnin hefði hlutazt til um innflutning á, en þessa 6. Hæstv. ráðh. hefur því farið með ósannindi. Hann tók munninn fullan, þegar hann kvað orðróminn í bænum hafa við ekkert að styðjast. Ég vænti því, að hæstv. ráðh. komi auga á þetta. Mætti svo fara, að stj. hefði verið viðriðin fleiri bíla en hæstaréttarbílinn, og ég veit með vissu, að svo er.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Í umr. hér í gær sagði ég, að s. l. ár hefðu verið fluttir til landsins rúml. 4000 bílar og þ. á. á þriðja hundrað bílar. Ég sagði, að þeir væru í aðalatriðum — þá var það, að hv. 1. þm. N-M. greip fram í fyrir mér — í aðalatriðum hefðu þeir verið fluttir inn á leyfi, sem stj. hefði engin afskipti af. Ég tók það líka fram, að sex bílar væru það aðeins, sem ég myndi eftir, að stj. hefði úthlutað. Ég vil gjarna skýra þessum hv. þm. frá þætti stj. í innflutningi þessara rúml. 4000 bíla. Þessa sex bíla, er nú var getið, hafa menn þeir átt, sem ýmist hafa verið búsettir erlendis eða eignazt þá á annan löglegan hátt. Þess fyrir utan fékk forseti Íslands einn, forseti hæstaréttar annan bíl, en hinn þriðji er líkvagn. Þessir níu bílar eru einmitt þeir bílar, sem stj. hefur haft afskipti af á 2 árum *(PZ:* Þriðjungur bætzt við frá í gær.) Hv. þm. hóf mál sitt með því að lýsa mig ósannindamann. En ég fullvissa hann um, að annað var ekki flutt inn á vegum stj., — eins og ég segi: 9 bílar af ca. 4500. Svo geta menn dæmt um sanngirni okkar hvors um sig, þegar þess er gætt, að ég sagði: í aðalatriðum.

Hermann Jónasson: Úr því að verið er að tala um þetta mál á annað borð, þá væri fróðlegt að fá að vita, svo að hægt sé að átta sig, hvers vegna allir þeir bílar, sem greiddir voru 1947, eru model 1948.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ef hv. þm. Str. hefði verið í d. í gær, hefði hann fengið svar við fsp. sinni. Um s.l. áramót voru á 4. hundrað leyfi óinnleyst, þau er óinnflutt var fyrir. Af þeim var búið að greiða um helming (tæp 200). Þannig er háttað, að opnaður er rembours — ábyrgðarreikningur — fyrir leyfunum í bankanum, síðan gerir fyrirtækið pöntun. En afgreiðslan á vörunni kann að dragast fram yfir áramót, þó að greiðslan sé innt af hendi fyrir áramót.

Hermann Jónasson: Ég veit um þetta. En því hefur verið haldið fram við mig, að í 78 skipti af hverjum hundrað lægju bílar fyrir vestan. (*Samgmrh.:* Hinu hefur nú verið haldið fram við mig).

Á 52. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Ed., 3. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 127, n. 296).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið athugað af fjhn., og varð sú niðurstaðan hjá n., að hún treystist ekki til og sá ekki ástæðu til, eins og nú standa sakir, að fara að ívilna nokkrum jeppabeiðendum fram yfir aðra. Sérstaklega þótti henni ekki ástæða til þessa nú, þegar fram er komið í Nd. frv. um innflutning og úthlutun jeppa til landbúnaðarþarfa, sem hefur það fylgi, að það mun komast í gegnum þá hv. deild og þessa hv. deild lítið breytt eða óbreytt, og verður þar með komið skipulagi á úthlutun jeppabifreiða í þarfir bænda og landbúnaðarins yfirleitt, stofnana hans og starfsmanna. Því var n. alveg sammála um, að ekki bæri að afgreiða þetta frv. eins og það lá fyrir. Frv. það um jeppainnflutning, sem ég nefndi áðan, að væri í Nd., kom fram síðar en þetta frv. hér, og geri ég ráð fyrir, að þetta frv. hefði aldrei verið látið koma fram, ef hitt hefði verið komið fram á undan. Það skal ég þó ekki fullyrða um. En sem sagt þótti n. réttast að leggja til, að frv. væri vísað frá með svo hljóðandi rökst. dagskrá:

„Í trausti þess, að stofnanir þær, sem frv. ræðir um, fái réttláta afgreiðslu, er úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa fer fram, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Við sem sagt treystum því, að við úthlutun jeppanna verði, er þar að kemur, tekið hæfilegt tillit til þarfa þeirra aðila, er frv. þetta ræðir um, nautgriparæktarsambanda í Eyjafirði, Borgarfirði, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum og loks rannsóknarstöðvarinnar á Keldum, án þess að við nm. tækjum nokkra afstöðu til þessa máls. Við vorum allir 5 sammála um þessa afgreiðslu málsins, og er hún ekki í óþökk flytjanda þess, hygg ég, eins og viðhorfið er í þessum málum.

Páll Zóphóníasson: Ég gat þess, er ég lagði þetta frv. fram, að ég gæti hugsað mér tvenns konar afgreiðslu á því. Í fyrsta lagi, að bílarnir væru fluttir inn til þessara stofnana, sem hér um ræðir, eða í öðru lagi, að því væri lýst yfir, að stofnanir þessar fengju hlutdeild í eða forgangsrétt að jeppum, þegar að innflutningi þeirra kæmi. Ég get nú eftir atvikum sætt mig við afgreiðslu hv. fjhn. En ég bendi þó á, að með öllu er óvíst, hve margir jeppar verða fluttir til landsins, þótt frv. það verði að lögum, sem nú er komið fram í Nd., um jeppainnflutning. Ég held, að það hafi orðið að samkomulagi þar, m. a. milli viðskmrh. og n., að innflutningurinn færi eftir því, hvað gjaldeyririnn tilléti. Nú virðist mér eftir innflutningsáætlun fjárhagsráðs að dæma, að ekki rúmist nema hátt á annað hundrað jeppar á henni, og ekki nærri svo margir, ef þeir eru fluttir inn frá Englandi. Þar kosta slíkir bílar um 13—14 þús. kr. íslenzkar í innkaupi, en ekki nema um 4000 krónur íslenzkar í innkaupi frá Ameríku, því að þar hefur verð á þeim lækkað. Eins og áætlun fjárhagsráðs er, virðist mér þetta líta svona út, en ekki er búið að ganga frá henni alveg endanlega. En varðandi þann takmarkaða jeppainnflutning, sem rúmast á áætluninni, kemur og annað til greina, og það eru þau leyfi fyrir jeppum, sem nýbyggingarráð veitti á sínum tíma og menn ganga enn með upp á vasann. Það eru 91 eða 93 leyfi, þótt sumir af þessum mönnum séu nú búnir að fá bíla, og um tvo veit ég með vissu, að þeir eru látnir. Nú er spurningin með þessi leyfi, hvort þau verða látin gilda nú, ef farið verður að flytja inn jeppa. Ég fyrir mitt leyti tel dálítið vafasamt, að þau eigi að vera í gildi. En verði þessum leyfum dæmdur forgangsréttur, þá eru eftir um 100 bílar, sem rúmast á innflutningsáætlun fjárhagsráðs, og verði frv. það, sem er í Nd., samþ. óbreytt, eiga 25 bílar á móti hverjum

einum að fara beint til bænda, og verður þá æði þröngt fyrir dyrum með að fullnægja þörf þeirra stofnana, sem ég ber hér fyrir brjósti. En þó geri ég þetta ekki að ágreiningsatriði, í von um, að úr rætist með einhverjum hætti, annaðhvort með því, að hlutfallið 1:25 verði rýmkað, eða að gömlu leyfin verði ekki látin hafa forgangsrétt. Og loks gæti greiðzt úr þessu á þann hátt, að fleiri jeppar yrðu fluttir inn en mér sýnast nú rúmast á áætlun fjárhagsráðs. Ég sætti mig því við afgreiðslu fjhn. á þessu máli eftir atvikum, en ég treysti því, að þörfum þessara stofnana, sem nefndar eru í frv. mínu, verði fullnægt strax og hægt er að flytja inn þessa bíla. Allt eru þetta þjóðþrifastofnanir, sem eiga tvímælalaust að ganga fyrir einstökum mönnum.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin á þskj. 296 samþ. með 11 shlj. atkv.

3. Almannatryggingar (frv. SK og BG).

Á 29. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar [97. mál] (þmfrv., A. 181).

Á 31. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. sjá, þá er þetta ekki fyrirferðarmikið frv., en ég vildi þó skýra tilgang þess og tilefni með örfáum orðum. Í l. um almannatryggingar er talað um frádrátt frá elli- og örorkulífeyri á tveim stöðum. Í fyrsta lagi í 13. gr., þar sem segir, að „þeir, sem við gildistöku laga þessara njóta lífeyris eða eftirlauna af opinberu fé eða úr opinberum sjóðum, er sé að minnsta kosti jafnmikill og lífeyrir skv. 15. gr., eiga ekki rétt á ellilífeyri. Ef ellilífeyrir eða eftirlaun ná eigi þeirri fjárhæð, á hlutaðeigandi rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði það, sem á vantar, enda hafi hann náð tilskildum aldri.“ Nánari reglur eru svo í ákvæðum til bráðabirgða um þennan frádrátt frá tekjum almennt, en þar segir, að umframtekjur skuli dragast frá lífeyri að helmingi, þangað til þreföldum lífeyri er náð. Þá skal enginn lífeyrir greiddur. Við flm. lítum svo á, að ákvæðin um frádrátt frá lífeyri eigi að vera á einum stað og það hafi ekki neina þýðingu, hvernig teknanna er aflað, hvort heldur um er að ræða heiðurslaun eða eftirlaun o. s. frv., heldur sé það aðalatriðið, að elli- og örorkubæturnar komi því aðeins, að viðkomandi sé í þörf fyrir þær. Ef menn eru starfhæfir eða efnaðir eða hafa há eftirlaun, þá er ekki ástæða til að greiða þeim elli- og örorkulífeyri. En þegar maður athugar bráðabirgðaákvæðin, þá sér maður, að þar er ákaflega smálega í sakirnar farið, þar sem elli- og örorkubæturnar eru 100 krónur í grunn á mánuði, og sjá allir, að enginn getur lifað af því einvörðungu, þegar dýrtíð fer vaxandi. Nú hefur okkur flm. sýnzt, að varla væri hægt að segja, að maður hafi nægar tekjur til lífsviðurværis, ef hann hefur minna en 500 krónur í grunn á mánuði, og fyrr en tekjur hans væru komnar yfir það mark, væri ekki rétt að svipta hann lífeyri. Krónutalan er auðvitað matsatriði, og má þar um deila, en það verður væntanlega athugað við umr. og í n. Að lokum vil ég geta þess, að á fjárlögum eru jafnan allmargir menn, sem fengið hafa örlítil heiðurslaun fyrir langa þjónustu í almennings þágu, en vilji þessir menn njóta elli- og örorkustyrks samkvæmt núgildandi l., eru þeir algerlega sviptir þessum launum. — Ég óska þess svo að lokum, að frv. verði vísað til 2. umr. og n.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að mér virtist sem fram kæmi í ræðu hv. flm. þessa frv. grundvallarmisskilningur á tryggingalöggjöfinni. Hv. flm. sagði, að út frá því væri gengið, að ellilaunin væru miðuð við það að gera mönnum kleift að lifa, en svo er alls ekki. Samkvæmt l. eiga allir að njóta ellilauna án tillits til efna og ástæðna, en í reglum til bráðabirgða er efnahagurinn látinn hafa áhrif á styrkupphæðina. Afleiðingin af því, að l. voru svona hugsuð, var sú, að eðlilegt var að setja ákvæði 13. gr., því að fjöldi þegna var tryggður með öðrum hætti en með tryggingalögunum; sem sagt allir opinberir starfsmenn voru tryggðir á annan hátt, þegar tryggingalögin komu til framkvæmda, og þeir fá allir eftirlaun, og þá er óeðlilegt, að þeir fái það, sem tryggingalögin ákveða. Hitt er rétt, að ákvæði 13. gr. hafa komið hart niður á sumum, svo sem þeim, sem fengið hafa smá heiðurslaun, t. d. póstum o. fl. Ég beini því til n., hvort ekki muni hægt að leiðrétta það á annan hátt en frv. gerir ráð fyrir.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Það er missskilningur hjá hv. 6. þm. Reykv., að ég hafi haldið, að elli- og örorkustyrkurinn væri miðaður við, að menn hefðu nægar tekjur, því að ég tók það fram, að af því að styrkurinn væri ekki nema 100 kr. í grunn á mánuði, þá væri það ekki nóg, en hvað því viðvíkur, að opinberir starfsmenn hafi yfirleitt eftirlaun, þá er það rétt um flesta, nema þá, sem hafa mjög lág heiðurslaun á 18. gr. fjárlaga. Ég hef ekki á móti því, að n. athugi formið á frv., en hitt er óvefengjanlegt, að eftir ákvæðum til bráðabirgða hafa þeir engan rétt til ellilífeyris, sem hafa há eftirlaun, og það kemur ekki til mála, að menn með yfir fimmfaldar elli- og örorkubætur fái styrk samkvæmt frv. Það ætti að vera auðvelt að endurbæta l. og breyta þeim, og geri ég ekki ráð fyrir, að ágreiningur verði um það, að auðugir menn ættu ekki að fá ellilaun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 181, n. 336).

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Þetta frv. fer fram á að breyta tveim ákvæðum l., í fyrsta lagi síðari málsgr. 13. gr., sem kveður á um, að „þeir, sem við gildistöku laga þessara njóta lífeyris eða eftirlauna af opinberu fé eða úr opinberum sjóðum, er sé að minnsta kosti jafnmikill og lífeyrir samkv. 15. gr., eiga ekki rétt á ellilífeyri. Ef ellilífeyrir eða eftirlaun ná eigi þeirri fjárhæð, á hlutaðeigandi rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði það, sem á vantar, enda hafi hann náð tilskildum aldri." Hv. flm. vilja breyta þessu og fella ákvæðin niður. — Í öðru lagi eru ákvæði til bráðabirgða, þess efnis, að fullan elli- og örorkulífeyri skuli því aðeins greiða, að aðrar tekjur styrkþega fari ekki fram úr fullum lífeyri. En séu tekjur hærri, lækki lífeyririnn um helming þess, sem umframtekjurnar nemi, og falli niður, þegar þær ásamt lífeyrinum hafa náð upphæð, sem er jafnhá þreföldum lífeyri. Þessu vilja hv. flm. breyta svo, að í stað „um helming" komi „um einn fjórða" og í stað „þreföldum lífeyri" komi „fimmföldum lífeyri". Það er eigi ósanngjarnt að ganga að þessu, en þar eð almannatryggingal. eru í endurskoðun, féllst n. á það, að ekki væri rétt að samþykkja málið, heldur láta það bíða og sjá, hvað úr endurskoðun l. verður. Leggur hún til á þskj. 336, að frv. sé afgreitt með rökstuddri dagskrá að þessu sinni.

Forseti (BG): Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið — — (*SK:* Mig hefði langað til að segja nokkur orð um málið, áður en gengið yrði til atkvæða um það.) Eftir atvikum get ég fallizt á, að umr. sé fram haldið, og tekur hv. 5. þm. Reykv. til máls.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal í endurgjaldsskyni við hæstv. forseta reyna að vera stuttorður. Gekk ég af ógætni inn í hliðarherbergi, því að ég hélt, að hv. n. mundi gera frekari grein fyrir þessu. Ég sé, að hv. heilbr.- og félmn. leggur til, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Færir hún fram þá ástæðu, að tryggingalöggjöfin sé í endurskoðun. Það er svona á pappírnum eigi óframbærileg ástæða. En þetta þarf skýringar við. Málið er ekki nýtt. Á hverju ári verðum við, sem í hv. fjvn. erum, að berjast við þetta mál. Þannig mun og hv. þdm. kunnugt um, að skv. tryggingal. eiga að dragast frá tekjum þeirra manna, sem að öðru leyti njóta ellistyrks og örorkubóta, tekjur þær, sem þeir fá annars staðar frá, að vissu leyti. Þetta er á tveim stöðum í l., í 13. gr., en þar segir fortakslaust, að tekjurnar eigi að dragast frá, og því næst í ákvæðum til bráðabirgða, um frádrátt af elli- og örorkubótum — auk annarra bóta. Nú virtist okkur óviðeigandi með öllu að taka tillit til þess, hvernig tekjur gamalmenna eru til komnar, láta þess gæta, þá er um frádrátt er að ræða, og því má hér eigi leggja sama mælikvarða á. En eigi að gera einhvern mun hér á, þá á síður að draga frá þeim tekjum, er reiknaðar eru sem eins konar heiðurslaun vegna einhverra sérstakra starfa eða afreka í þágu hins opinbera. Mjög margt af því fólki, sem er á 18. gr. fjárl., nýtur mjög lágra fjárhæða. Þetta er fólk, sem hefur verið mjög lengi í þjónustu hins opinbera, fátækt og tekjulítið, og hefur ekki náð að safna neinu fé. Helzt er hér um ýmiss konar matsmenn að ræða, svo sem fiskimatsmenn, ullarmatsmenn o. fl., ljósmæður, pósta, leiðsögumenn ýmsa o. s. frv., menn, sem yfirleitt hafa verið lengi í opinberri þjónustu fyrir litla þóknun og því eigi getað safnað fé. Þetta fólk kom á 18. gr., og má fremur líta á fjárhæðir þessar sem heiðurslaun en bein framfærslulaun. Er ekki hægt að lifa af þeim. Af þeirri ástæðu er það, sem ég hef hreyft í hv. fjvn. undanfarin tvö ár, að þessi rýru laun væru tekin af fólkinu gegn vilja þeirra manna, sem komizt hafa inn á fjárlögin. Og það rennur í raun og veru til Tryggingastofnunarinnar, m. ö. o., lamb fátæka mannsins er tekið og gefið hinum ríka. En Tryggingastofnunin hefur á skömmum tíma safnað óeðlilega miklu fé og á það nú að verulegu leyti í banka. Hún hefur haft ríflegar tekjur í hlutfalli við skyldur sínar. Því er ómaklegt, að þetta litla fé sé tekið frá þeim snauðu og lagt til stofnunar þeirrar, sem er með hinum bezt stæðu í landinu. Ef frv. verður fellt, eins og hv. n. leggur til, liggur eigi annað fyrir en að taka öll hin smáu laun burt af 18. gr. fjárl. Að vísu græðir ríkið á þessu, en ömurlegt má þykja að taka aftur þetta litla, sem veitt er í smáum mæli á 18. gr.

Annað atriði frv. er það, að okkur flm. virðist sá mælikvarði, sem ákvæði til bráðabirgða leggja á, hvernig aðrar tekjur skuli dregnar frá, vera nokkuð harðdrægnislegur. Það á eigi að svipta menn örorkubótum, fyrr en aðrar tekjur þeirra nema því, er einhleypur maður geti lifað af. Nú eru ellilaunin aðeins 100 kr. í grunn á mánuði, og óhugsandi er, að menn geti dregið fram lífið á þeim — hvað þá lifað sómasamlega. Ég lýsi ánægju minni yfir því, að hv. n. hefur fallizt á það í áliti sínu, að þessi breyting, sem við flm. leggjum til, að gerð sé, sé eigi óeðlileg. En ef svo er, vil ég skora á hv. þdm., að þeir fari að því, er þeir telja sanngjarnt, en eigi að hinu, að verið sé að endurskoða l. í heild, því að á því getur staðið, — svo að árum skiptir jafnvel. Slíkt og þvílíkt tekur oft langan tíma. Þó að samkomulag næðist um ákveðnar till., væri ekki rétt að láta gott mál bíða, þar til er þær till. yrðu að l. — Eins og ég tók fram áðan, vil ég endurgjalda hæstv. forseta fyrir orðið og eigi lengja umr. En málið liggur hér fyrir mönnum. Er nú um það að ræða, hvort menn vilja vikja af leiðinni aðeins vegna endurskoðunar l. eða hvort þeir vilja samþykkja sanngjarnar till. í frv.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um ummæli hv. flm. Ég gat þess greinilega, í hverju breytingarnar væru fólgnar. Hv. n. taldi þær ekki

ósanngjarnar. En ég vil benda á, að fjölda ákvæða í l. þarf að athuga. Á Alþ. hafa verið gerðar tilraunir til, að ýmsum ákvæðum verði beitt, þeim er frestað hefur verið. En fallizt var á að bíða með þetta, þar til endurskoðun l. er lokið, en henni mun í orði kveðnu verða lokið í lok þessa árs. — Varðandi 18. gr. fjárl. er það svo, að ég fullyrði ekkert um heiðurslaunin, hvort fólk það, sem þeirra nýtur nú, eigi þau skilið fremur en aðrir. Menn geta komizt þarna inn vegna dugnaðar aðstandenda og vina. Mætti nefna menn, er ættu heima á 18. gr., en hafa aldrei verið skráðir þar. Það er því ekki hægt að tala um misrétti varðandi þær sakir. En hart er það aðgöngu fyrir uppgjafaekkjur, að sumar þeirra fá ekkert úr tryggingunum, þó að þær hafi greitt til Tryggingastofnunarinnar. Þetta verður þó tekið til athugunar og ráðin bót á því, sem ábótavant þykir. Rétt er hjá hv. flm., að varðandi 18. gr. var samið svo um við hæstv. ríkisstj., þegar l. voru sett árið 1946, að ákvæðin skyldu standa í 5 ár. En ég fer ekki fleiri orðum um þetta mál. Ég held, að hin rökstudda dagskrá sé í anda l., og má vel bíða eftir endurskoðun þeirra.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti atkvgr. um málið, meðan þessi hv. d. er ekki fullskipuð. Annars segi ég hið sama og hv. frsm. tók fram um fólkið á 18. gr. fjárl., að því ber eigi að neita, að margir fleiri verðskulduðu að vera á 18. gr. En hins vegar er það ekki rétt, sem hv. frsm. sagði, að tilviljun ráði um, hverjir komist inn, því að þeir, sem lægstlaunaðir hafa verið, eru teknir eftir vissum reglum, nefnilega allir aldraðir matsmenn, sem komnir eru yfir venjulegan starfsaldur, leiðsögumenn, póstar og ljósmæður, — og alveg án tillits til aðstandenda. En allt eru þetta lág laun, er eigi má meta sem framfærslulaun, heldur sem eins konar viðurkenningu þjóðfélagsins til handa þessu fólki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Nd., 15. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 336 samþ. með 19:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, SEH, SkG, StJSt, StgrSt, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, JS, JörB, KTh, PÞ, SigfS.

nei: SK, StJSt, HermG, IngJ, JóhH, JPálm, LJós, SB, BG.

JG greiddi ekki atkv.

6 þm. (ÁkJ, ÁÁ, GTh, JJ, ÓTh, PO) fjarstaddir.

4. Fiskiðjuver í Höfn í Hornafirði.

Á 13. fundi í Sþ., 4. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði [52. mál] (þmfrv., A. 70).

Á 9. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af mér og hv. 1. þm. N-M. Það er ekki nýtt hér á þingi. Það var flutt á síðasta þingi í sama formi og það er nú, og þarf ég ekki að rekja ástæður þess. Ég get að vísu getið þess til skýringar, að frv. er flutt að beiðni hafnarn. og hreppsn. Hafnarhrepps, sem telja, að hreppsbúum og öllum Austfirðingum sé það mjög mikils virði, og röksemdir fyrir því eru vitanlega þær sömu og áður, í fyrsta lagi, að Hornafjörður er sá staður, sem auðveldast er að sækja frá á beztu mið Austurlands, einkum á vetrarvertíð. Það má þó geta þess, að það er nokkurn veginn víst, að fiskur er þar oftar en á vetrarvertíð, t. d. hafa nú í haust fiskað dálítið þeir bátar, sem þar eiga heima, þó að aðstaða sé þar slæm til að taka á móti afla. Hér er um að ræða aðalverstöð heils fjórðungs, og ætti það að vera næg sönnun þess, að hér er um nauðsynjamál að ræða, ekki síst þegar þess er gætt, að á síðustu árum hefur skipafloti landsmanna aukizt verulega, en þá er nauðsynlegt að bæta hafnarskilyrði sem víðast, svo að takast megi að hafa fullt gagn af þessum veiðiskipaflota. Enn fremur er eitt atriði í þessu sambandi, en það er hagnýting fiskimiðanna, þar sem það er viðurkennt, að þar sem búið er að auka veiðiskipaflotann svo mjög, þá getur svo farið, að ýmis góð fiskimið verði upp urin, svo að fiskistofninn útrýmist á þeim slóðum. Hingað til hefur það verið svo, að mikið af vélbátaflotanum hefur stundað veiðar í Faxaflóa með þeim hætti, að slíkt hefur verið um of. Það er því ástæða til að tryggja, að vélbátar geti stundað veiðar á sem flestum fiskimiðum, en það geta þeir ekki, nema þeir hafi sem víðast ekki aðeins nauðsynleg hafnarskilyrði, heldur einnig aðstöðu til að nýta aflann.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 357 og 376).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi og var þá gaumgæfilega athugað í sjútvn. og vísað frá með rökst. dagskrá, og þykir mér rétt að vísa í nál. á þskj. 394 frá síðasta þingi, þar sem gerð er mjög ýtarleg grein fyrir þessu máli frá öllum hliðum, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það. Þrátt fyrir þetta þótti n. rétt að

senda frv. til stjórnar fiskimálasjóðs og óska eftir umsögn frá stjórninni, ef ske kynni, að afstaðan hefði breytzt frá þeirra sjónarmiði. Umsögn sjóðsstjórnarinnar er birt sem fylgiskjal á þskj. 357, og fer umsögnin í sömu átt og skoðun meiri hl. n. um það, að ekki beri að leggja til að samþykkja þetta frv. eins og það liggur fyrir, heldur vísa því frá. Þetta álit sjóðsstjórnarinnar og meiri hl. byggist m. a. á því, að það hafi verið mörkuð ákveðin stefna í þessum málum undanfarið, þ. e. að styrkja með hagkvæmum lánum þá aðila, sem vilja koma upp fiskiðjuverum í landinu, og þetta hefur verið notað þannig, að ekki færri en 70—80 frystihúsum hefur verið komið upp á fáum árum. Hafa þessar stofnanir átt aðgang að fiskveiðasjóði, fiskimálasjóði og stofnlánadeild sjávarútvegsins, eftir því sem þessar stofnanir hafa haft fjármagn til á hverjum tíma. Væri horfið frá þessari stefnu og farið inn á þá braut, sem hér er ætlazt til, og ríkið færi að koma upp fiskiðjuverum, þá er sjáanlegt, að ekki yrði stöðvað við þennan eina stað í landinu, Hornafjörð, heldur mundu kröfur koma frá fjölda annarra staða um, að ríkissjóður kæmi þar einnig upp fiskiðjuverum, og hefur slík krafa t. d. komið frá Ísafirði í sambandi við frv., sem hér var lagt fram fyrir tveim árum um að reisa þar fiskiðjuver, því að auk þess sem þetta væri til hagsbóta fyrir mennina sjálfa, að þurfa ekki að standa sjálfir undir fjárhagslegum erfiðleikum, þá er að sjálfsögðu samkvæmt 11. gr. hagsmunamál fyrir hvert hérað, þar sem slíkt iðjuver er sett upp, að ½% af brúttóandvirði seldra afurða renni í viðkomandi sveitarsjóði. Ef farið væri inn á þessa braut, þá mundi það framkalla svo stórkostlegar kröfur frá öðrum aðilum, að ríkissjóður mundi ekki fá staðið undir þeim, og þá er hætt við, að misjafnlega yrði skipt á milli þessara staða, þar sem einn fengi svo og svo stórar fjárupphæðir til starfrækslu á sínum stað, en öðrum yrði að neita um sams konar aðstöðu. Meiri hl. sjútvn. treystir sér því ekki til að leggja til á þessu stigi málsins, að horfið verði frá þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið, og fara inn á nýjar brautir. Það hefur komið fram sú skoðun, að einstakar verstöðvar væru þannig settar, m. a. Hornafjörður, að þær séu útilokaðar frá því að geta notið þess fjárhagslega stuðnings, sem markaður er í þeirri stefnu, sem almennt hefur verið tekin, og þurfi því að gera alveg sérstaka undantekningu í þessu máli, enda komi það þá til úrskurðar Alþ., hvaða stefna yrði tekin á hverjum tíma af öllum þeim hóp, sem bæði um slíka aðstoð. Í því sambandi vil ég benda á, að aðeins á einum stað hefur verið farið inn á slíka braut, að reisa fiskiðjuver á kostnað ríkisins, og þá var sá staður valinn í Reykjavík. Ég skal ekkert um það segja, hvort Reykjavík hefur mesta þörf fyrir slíkt iðjuver, en ef svo hefur ekki verið, þá hafa þeir menn, sem völdu Reykjavík, brugðizt skyldu sinni í því að verja 8 millj. kr. í að setja upp fiskiðjuver í Reykjavík, en ganga fram hjá Hornafirði, og ég sé ekki meiri þörf á að setja upp slíkt iðjuver á Hornafirði nú en það var á þeim tíma, sem fiskiðjuverið var sett hér í Reykjavík, og því síður var ástæða fyrir ríkissjóð að taka á sig fjárhagslegar byrðar. Einnig vil ég benda á það, að það er vafasamt, hvort þetta fengi staðizt, ef 8. gr. er óbreytt, þ. e. að greiða útgerðarmönnum og sjómönnum það verð fyrir afurðirnar, sem eftir væri, þegar búið væri að greiða allan kostnað, sem tilheyrir þessari gr., og er vafasamt, að fiskiðjuverið gæti fengið nokkra viðskiptaveltu, ef fara á eftir reynslunni hér í Reykjavík, þar sem hefur orðið að lækka stórkostlega verð á hráefni til fiskiðjuversins, en það hefur samt ekki getað fengið neitt hráefni. Tapið á fiskiðjuverinu í Reykjavík er svo mikið, að hefði átt að fylgja þessari reglu hér að draga frá hráefnisverðið, þá hefði ekkert orðið eftir til að greiða til útgerðarmanna og sjómanna, sem lagt hafa hráefnið inn. Það yrði því að gera sérstakar ráðstafanir, aðrar en gert er ráð fyrir hér í frv., til þess að tryggja, að sjómenn og útgerðarmenn fengju almennt gangverð fyrir sína vöru. Ég skal ekki frekar fara inn á þetta atriði, því að ég legg ekki til, að frv. verði samþ., en ef það yrði samþ., þá þarf að athuga miklu betur 8. gr. og breyta henni frá því, sem hún er í frv.

Það hefur komið í ljós og verið skýrt frá því í sameinuðu þingi, að fiskiðjuver ríkisins, það eina, sem til er, hafi við mikla fjárhagslega erfiðleika að stríða og liggi við, að það verði selt á nauðungaruppboði, til þess að bankarnir, sem hafa lánað því fé, geti fengið tryggt sín veð og afborganir af lánum eins og vera ber, og það bendir ekki til þess, að það ætti að fara á þessum tímum inn á enn víðtækari ríkisrekstur á þessu sviði.

Meiri hl. n. leggur því til, að málið sé afgr. með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Meðan ríkissjóður telur sig ekki geta lagt fram nægilegt fé til þess að ljúka byggingu fiskiðjuvers ríkisins, sem þó er talið nauðsynlegt til tryggingar betri afkomu, og meðan því er heldur eigi séð fyrir nauðsynlegu rekstrarfé, þykir ekki rétt að leggja til, að ákveðið sé með lögum, að ríkissjóður skuli reisa og reka annað fiskiðjuver, sem kosta mundi stórfé, og í trausti þess, að þær lánsstofnanir, sem lögum samkvæmt er ætlað að styðja þá, sem koma vilja upp slíkum fiskiðjuverum, meti að fullu þá þörf, sem hér er fyrir hendi, og styrki þá aðila, sem vildu koma upp fiskiðjuveri í Hornafirði, eftir því sem lög og reglur um lán frekast heimila, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Ed., 22. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Því miður gat ég ekki verið hér á fundi í gær til þess að fylgjast með því, sem hv. frsm. meiri hl. hafði að segja. En þetta mál er nú svo kunnugt í þessari hv. deild, að ekki er þörf á að fara um það mjög mörgum orðum.

Eins og nál. ber með sér, þá vill meiri hl. vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá eins og í fyrra, er það lá fyrir þinginu. En nú eru þó ekki færðar fram fyrir því hinar sömu ástæður. Þá var allt lagt upp úr þeim rökum, að ekki

væru nægilega góð skilyrði í Höfn í Hornafirði til þess, að ríkið gæti farið að stofna þar slíkt fyrirtæki. Nú liggur það hins vegar fyrir í áliti meiri hl. og bréfi stjórnar fiskimálasjóðsins, að skilyrðin séu óumdeilanleg og brýna nauðsyn beri til að koma slíku fyrirtæki á fót. Og aðalástæðan fyrir því að visa frv. frá nú er talin vera sú, að ríkið hafi ekki ráð á að leggja fé til þessa fyrirtækis, eins og fjárhag þess er háttað. Þá er fiskiðjuver ríkisins á Grandagarði dregið inn í umræður um þetta, og meiri hl. n. ber fram þau rök í nál., að reynslan af því bendi ekki til þess, að hið fyrirhugaða fiskiðjuver beri sig fjárhagslega. — Ég held hins vegar fram gagnstæðri skoðun. Ég tel, að þeir fjárhagslegu örðugleikar, sem þetta fyrirtæki hefur átt í, séu orsök til þess, að af því hefur ekki fengizt nein reynsla um réttmæti þeirrar iðngreinar; það hefur ekki verið búið þannig að þessu fyrirtæki, að annars árangurs sé að vænta. Og ég held þvert á móti, að það, sem okkur Íslendinga vantar mest til þess að undirbyggja okkar gjaldeyrisöflun, það sé einmitt öflugur fiskiðnaður.

Það er öllum kunnugt, að sjávarafli okkar Íslendinga er meiri að tiltölu en nokkurrar annarrar þjóðar, en hins vegar er það útflutningsverðmæti, sem við fáum fyrir hann, alls ekki í samræmi við aflamagnið, og orsökin er sú, að við flytjum aflann út mikið til óunninn eða lítt unninn og fáum því ekki nándar nærri eins mikinn erlendan gjaldeyri og við gætum aflað, ef við ynnum úr fiskinum sjálfir. Þetta er því ein hin öruggasta leið til að afla hins torfengna gjaldeyris, og yrði þetta frv. að lögum, væri stórt skref stigið í þá átt.

Ef það á hins vegar að blanda starfsemi fiskiðjuvers ríkisins inn í þetta mál, þá ætti það helzt að vera á þann hátt að átelja það, að stjórnarvöld og lánsstofnanir hafa búið svo að þessu fyrirtæki, að það hefur barizt í bökkum fjárhagslega og ekki verið unnt að reka það af nándar nærri fullum krafti. Þetta væri nær að átelja heldur en að nota þau vandræði, sem þetta fyrirtæki hefur verið sett í, sem rök gegn því að reisa fleiri fiskiðjuver. Þetta er sem sagt einungis tylliástæða og ein sú fjarstæðasta, sem til greina getur komið í þessu sambandi — ekki sízt þar sem fyrir liggur viðurkenning sú frá stjórn fiskimálasjóðs, sem meiri hl. lætur fylgja áliti sínu, um óumdeilanlega nauðsyn slíks fyrirtækis. — Og ég vil undirstrika það, sem ég sagði áðan, að einn veigamesti þátturinn í almennum framförum á sviði sjávarútvegsins er þetta, að við eignumst fyrirtæki, sem geta unnið úr þeim fiski, sem við öflum. Af þessum ástæðum legg ég eindregið til, að frv. verði samþykkt.

Ég geri ráð fyrir, að flm. frv. geri nánari grein fyrir einstökum atriðum, og sé því ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, einkum þar sem nauðsyn þessa fyrirtækis virðist hafin yfir allan efa, svo að því er jafnvel slegið föstu í nál. hv. meiri hl.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Nál. hv. meiri hl. sjútvn. hefst á því, að sagt er, að þetta frv. hafi verið flutt á síðasta þingi og afgr. þá með rökst. dagskrá. Þetta er rangt. Að vísu vildi meiri hl. n. þá láta það fá slíka afgreiðslu. En það rétta er, að rökstudd dagskrá í þá átt var felld og meiri hl. þessarar þd. samþykkti að vísa frv. til 3. umr., enda þótt það dagaði síðan uppi. Og ég verð að segja, að það er einkennilegt, að hv. meiri hl. skuli skrifa undir staðhæfingu sem þessa.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um þær röksemdir, sem komið hafa fram gegn frv. og formaður meiri hl. n. viðhafði í gær. — Ein aðalröksemd hans var sú, að ef ríkið færi út í það að reisa fiskiðjuverið í Hornafirði, mundu margir staðir í landinu sigla í kjölfarið með beiðnir um, að ríkið reisti þar slík fyrirtæki. Nefndi hv. þm. einkum Ísafjörð sem dæmi. Ég vil benda á, að hér getur ekki verið um neitt slíkt að ræða. Þegar hér var til meðferðar fyrir nokkrum árum frv. um fiskiðjuver, var gert ráð fyrir 5 stöðum, sem til greina kæmu, eða Höfn í Hornafirði, Ísafirði, Vestmannaeyjum og svo Suðurnesjum. Í Vestmannaeyjum og á Ísafirði hafa þessi mál þegar verið tekin til lausnar á öðrum grundvelli. Þessir staðir hafa það líka fram yfir Höfn í Hornafirði, sem miklu veldur um aðstöðumun, að þar eru stór bæjarfélög með talsvert bolmagn til framkvæmda. Hins vegar er Höfn í Hornafirði sú verstöð, sem er ein mesta viðleguhöfn á landinu fyrir aðkomubáta, og það er því hagsmunamál miklu fleiri aðila, að þar yrði landshöfn, heldur en á öðrum umræddum stöðum. — Þessum rökum hefur alls ekki verið mótmælt, sem eru þó ein aðalrökin í grg. fyrir frv. Þá eyddi ræðumaður nokkrum tíma til að tala um Fiskiðjuver ríkisins í Rvík og taldi, að ef það væru þungvæg rök fyrir því að reisa fiskiðjuver í Hornafirði, þá hefði þetta fiskiðjuver átt að vera reist þar. Þetta mætti nú til sanns vegar færa, ef það hefði ekki einkum vakað fyrir stjórn fiskimálasjóðs, er hún ákvað að reisa fiskiðjuverið við Grandagarð, að gera það í tilraunaskyni og til þess að þreifa fyrir sér um nýjar leiðir. Þetta fyrirtæki er fyrst og fremst byggt í þeim sérstaka tilgangi, og falla því þessi rök um sjálf sig. Um frv. sjálft ræddi hann mjög lítið, nema breytinguna á 8. gr., og hélt hann því fram, að svo mundi ekki verða, að fyrirtækið bæri sig og unnt yrði að greiða sjómönnum og útgerðarmönnum almennt gangverð fyrir vörur sínar. Mestöll röksemdafærslan fyrir þessu hefur verið sú að lasta fiskiðjuverið í Rvík og sýna fram á, að það gæti aldrei borið sig, og til þessa málflutnings hefur ekki eingöngu verið gripið í sambandi við þetta frv., heldur hefur verið notað hér á Alþ. hvert tækifæri til að sýna, hve illa hefði verið til þess stofnað og á haldið, og þetta síðan notað sem röksemd gegn því að reisa slík fyrirtæki annars staðar. Vegna þessara tíðu ummæla þykir mér ástæða til að benda á, hve fjarstæður þessi málflutningur er. Það liggja þvert á móti í augum uppi glöggar röksemdir fyrir því, að þetta fyrirtæki beri sig. Það er ekki gamalt og hefur verið í byggingu síðustu árin, og það var fyrst í marzmánuði á s. l. ári, að það tók til starfa. Hraðfrysting gat ekki hafizt þar fyrr en í lok marz, þegar liðið var fram á vetrarvertíðina, og kom því langt

frá að fullu gagni. Starfsemin á því ári gat því ekki orðið nándar nærri með eðlilegum hætti hvað árangur snerti. Niðursuða byrjaði ekki fyrr en 12. apríl, og sér hver maður, hve miklu það veldur um það, að rekstur bar sig ekki á því ári. Svo er sú andstaða, sem komið hefur fram hjá stjórnarvöldunum og bönkunum gegn fyrirtækinu og hindrað hefur, að það gæti starfað af fullum krafti. Þá vil ég enn fremur benda á það, að stjórn fyrirtækisins hefur kvartað undan því við hæstv. sjútvmrh., hve fyrirtækinu væri gert erfitt með að starfa, með því að útvega því ekki fé til að ljúka við bygginguna þess, og að bankarnir neituðu um rekstrarfé, svo að niðursuðudeildin hefur ekki getað starfað. Þetta hefur valdið því, að nokkur halli hefur orðið, þó að hann sé ekki mikill. En samt sem áður er það notað sem rök gegn byggingu annarra slíkra fyrirtækja. Í bréfi frá stjórn fyrirtækisins kvartar hún mjög undan ýmsum atriðum, t. d. að ekki hafi fengizt nægilegt fjármagn til að fullgera framleiðslukerfið, og hefur það því ekki getað starfað, en fjármagn það, sem í því liggur, stendur á háum vöxtum, og orsakar það m. a., að halli verður. Þá stendur verulegur hluti af stofnfénu á 7% vöxtum, þar sem ekki hafa fengizt lán til þess að greiða bráðabirgðalánin, og há slíkir vextir eðlilega rekstrinum. — Niðursuðan getur ekki starfað, vegna þess að hana vantar rekstrarfé, og henni er neitað um slíkt á sama grundvelli og öðrum fyrirtækjum, nema sala sé tryggð, og hefur þetta ekki gilt um annan rekstur á sjávarútveginum. Og er lítt skiljanlegt, hvers vegna þetta fyrirtæki er eitt látið sæta þessum kostum. Stjórn fyrirtækisins setti fram eftirtaldar kröfur: 1. Að útveguð verði hagstæð lán úr stofnlánadeildinni í stað bráðabirgðalánanna; 2. að útvegað verði hagkvæmt viðbótarlán til að fullgera ísframleiðslukerfið, svo að hægt verði að framleiða nægilegan ís handa íslenzka fiskiflotanum og spara þannig gjaldeyri. — Enn fremur liggur fyrir áætlun framkvæmdastjóra um reksturinn. Annað, sem stjórnin óskaði eftir, var, að fyrirtækinu væri tryggt rekstrarfé til niðursuðunnar, án þess að sett væru skilyrði, sem öðrum fyrirtækjum væru ekki sett. Þá hefur stjórnin bent á það, að þrátt fyrir ráðherrabréf frá 20. okt. 1947 um, að fiskiðjuverið bæri að reka sem sjálfstætt fyrirtæki, hefði Landsbankinn neitað að viðurkenna niðursuðuna sem sjálfstætt fyrirtæki. En hér er aðeins um tylliástæðu að ræða til að hindra starf fyrirtækisins.

Þá vil ég leyfa mér að gefa upplýsingar um áætlun stjórnar fiskimálasjóðs, ef takast mætti að koma fyrirtækinu að fullu upp og á öruggan grundvöll. Stjórnin telur æskilegt að hefja framleiðslu á reyktum síldarafurðum, svo sem flökum af smá- og millisíld, sem þeir telja, að góður markaður muni vera fyrir. Það er rétt að athuga, hvort fyrirtækið mundi vera á fjárhagslega öruggum grunni, þegar það verður fullgert. Ég vil því gefa nokkrar tölur úr áætluninni um framleiðsluna, þegar búið er að fullgera fyrirtækið.

Áætlun um rekstur ísframleiðslukerfisins er á þessa leið:

Ársframleiðsla 10 þús. tonn.

Kostnaður:		
Vinnulaun	500	þús. kr.
Rafmagn	250	— —
Beinn kostnaður	750	þús. kr.

Hagnaður verður svo af ísfisksölunni:

til smábáta	75	kr. pr. tonn
til togara	65	— — —

Þar frá dregst kostnaður við mölun og flutning um borð, og verður brúttó-hagnaður 324 þús. kr., eða mun hærri upphæð en sú, sem þarf til að fullgera ísframleiðslukerfið.

Það sér hver maður, að ekki er von, að fyrirtækið geti borið sig með því að starfa aðeins 200 daga af árinu, en framleiðir þó fyrir 270 þús., sem er nokkru meira en þarf til að fullgera ísframleiðslukerfið. Fjöldi togara kaupir nú ís erlendis, og er því hér um gjaldeyrissparnað að ræða, svo að ekki er hægt að bera við gjaldeyriserfiðleikum, að ísframleiðslukerfið er ekki fullgert. Að vísu verður að draga frá vexti og afborganir, sem áætlað er ríflega 70 þús. kr. — Enn fremur vil ég benda á áætlun um niðursuðuverksmiðjuna, þar sem gert er ráð fyrir, að framleiddir séu 420 kassar á dag í 4 mánuði. Þar er raunar ekki gert ráð fyrir heildarafköstum. Ég get getið þess um verð á þessari niðursuðu, að miðað við verð það, sem forstjórinn telur, að hægt sé að fá, verður töluverður hagnaður af sölunni miðað við framleiðslukostnað. Og sé miðað við vöru þá, sem seld var til Tékkóslóvakíu í fyrra, var verð á henni töluvert hærra en hér er gert ráð fyrir. Sama má segja um aðrar niðursuðuvörur, svo sem síld í tómatsósu, að von er til, að framleiðslukostnaðurinn verði mun minni en verð það, sem vara þessi var seld á til Tékkóslóvakíu í fyrra og hefði verið hægt að fá víðar, ef varan hefði verið til, sem ekki var, vegna þess að rekstrarfé vantaði.

Ég skal láta þetta nægja til að sýna, hve fjarstætt er að nota fjárhagsástæður þessa fyrirtækis til að vera á móti slíkum fyrirtækjum annars staðar, þar sem þeirra er sérstaklega þörf, eins og í Höfn í Hornafirði, þar sem venjulega er fjöldi aðkomubáta, en nú er að minnka vegna þess, að þar vantar fiskiðjuver.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál mikið, en vil gera athugasemdir við það, sem rangt hefur verið hjá frsm. og flm. Frsm. sagði, að felld hefði verið niður höfuðástæðan gegn því að setja upp fyrirtækið. Þetta virðist benda til þess, að hv. frsm. hafi ekki lesið nál. Það byrjar á því að vísa til nál. í fyrra, en þar er gerð grein fyrir því, hvers vegna ekki er lagt til, að fiskiðjuver verði reist í Höfn í Hornafirði, og er það ekki fellt niður nú, heldur aðeins vísað til þess, þar sem þau rök, sem þá voru færð fyrir því að reisa ekki iðjuverið, eru jafngild nú og fyrir ári síðan. Hv. flm. gerði að umtalsefni afköst fiskiðjuversins í Reykjavík og taldi rangt að blanda því í þetta mál. Ég vil benda á það, að í frv. er gert ráð fyrir, að byggt verði hraðfrystihús, sem frysti 30 tonn af flökum sams konar og í Reykjavík, niðursuðuverk-

smiðja, sem sjóði niður 10 tonn eins og í Rvík. En þar er ekki gert ráð fyrir ísframleiðslu eins og í Rvík, en í þess stað er gert ráð fyrir fiskimjölsverksmiðju og lifrarvinnslustöð, en þetta hvort tveggja kostar mun meira en ísframleiðslukerfið. Og þegar rætt var við forstjóra fiskiðjuversins í Rvík, lét hann í ljós þá skoðun, að þetta fyrirtæki mundi kosta mun meira en fiskiðjuverið í Rvík, eða yfir 10 millj. kr., en flm. gerir ráð fyrir 4 millj. kr. láni til verks, sem kostar yfir 10 millj. kr. Þeir hafa þá gert ráð fyrir, að 6 millj. kr. kæmu annars staðar frá, ef til vill á fjárlögum. Hér er því um 10 millj. kr. fyrirtæki að ræða, sem bæði á að greiða upp og láta bera sig. Í 8. gr. er sagt, að áður en hráefni séu greidd, skuli reikna kostnaðinn og auk þess taka 2% í varasjóð auk fyrningargjalda. Það er rangt hjá flm., að ég sé á móti þessu af því, að fyrirtækið geti ekki borið sig. Ég sagði, að með tilliti til frv. og einkum 8. gr. þá gætu útgerðarmenn og sjómenn ekki fengið gangverð fyrir fiskinn. Það er ekki hægt að reisa verksmiðju austur á Hornafirði fyrir 10 millj. kr. og láta framleiðsluna bera kostnaðinn, ef greitt er gangverð fyrir fiskinn, enda hefur næg reynsla fengizt af slíku hér í Rvík. Hv. flm. mega ekki loka augunum fyrir því, að jafnvel þótt hægt væri vegna fjárhagsins að samþ. frv., þá yrðu Hornfirðingar ekkert sérlega þakklátir, þó að fyrirtækið væri reist, ef ekki er hægt að tryggja reksturinn. En það er ekki hægt að láta fyrirtækið standa undir sér með því að greiða gangverð, og er þetta álit allra, sem hugsað hafa um málið. Ég vil spyrja hv. flm., hvaða greiði Hornfirðingum sé gerður með því að reisa hjá þeim fiskiðjuver, sem ekki er tryggt, að geti starfað. Hvað er að segja um landshöfnina, sem ákveðið var að byggja í Njarðvík? Hvað er að segja um Austurveg, sem ákveðið var að leggja? Hvað geta hv. flm. keyrt þar mikið? Hv. flm. loka augunum fyrir því, að fjárhagurinn er þannig nú, að þótt frv. yrði samþ., gæti ríkið ekki lánað til þessa fyrirtækis, svo að lögin yrðu ekki annað en dauður bókstafur. Það er ekki af illvilja, sem sjútvn. leggst á móti þessu. Ég vil benda á það, að eins og tímar eru nú er meira verð fyrir saltfisk en niðursuðu og hraðfrystan fisk, og mætti koma upp saltfiskverkun á Hornafirði, þó að þar væri ekki 10 millj. kr. iðjuver, en það hafa hv. flm. aldrei komið inn á, heldur reynt að berja fram 10 millj. kr. iðjuver á staðnum.

Flm. hélt langa ræðu um afkomu fiskiðjuversins í Rvík og kenndi hæstv. ríkisstj. um, að allt gengi þar ekki vel, en hvert orð, sem hann sagði, var gegn verinu í Hornafirði, því að ef hæstv. ríkisstj. getur ekki eða vill ekki leggja fé til fyrirtækis, sem komið er upp, hvaða líkindi eru þá til, að sú sama hæstv. ríkisstj. geti eða vilji leggja nægilegt fjármagn til fiskiðjuvers austur í Hornafirði? Og hvað eru Hornfirðingar bættari að standa við hornstein þessa iðjuvers í fjölda ára? — Allur kostnaður við iðjuverið hér í Rvík var 9 millj. og 800 þús. kr., og það var byggt af fiskimálan., sem hafði til þess vafasama heimild, en nokkurt fé og lét í það 1265 þús. kr., en gafst síðan upp, þótt þeir hefðu nægilegt fjármagn. Þeir fengu stórar fúlgur til að standa undir kostnaðinum, en köstuðu frá sér allri ábyrgð og löngun til að gæta sóma síns í þessu sambandi. Þetta er hv. þm. kunnugt um. Mundi ekki hið sama ske aftur, ef hinir sömu menn sæju um þetta. Þeir enda svo með því að tilkynna hæstv. ráðh., að þeir segi sig úr stjórn fyrirtækisins, og hlaupa þannig frá öllu saman. Það er engin furða, þótt menn vilji fá annað slíkt fyrirtæki á Austurlandi. Þeir höfðu fengið nær 3½ millj. kr. úr stofnlánadeildinni, sem áttu ekki að ganga til þessa fyrirtækis, og þannig íþyngt útgerðarmönnum, og 400 þús. kr. hjá fiskveiðasjóði og enn íþyngt útgerðarmönnum. Það er lítill sómi að slíkum mönnum sem þessum í starfinu og engin furða, þó að hæstv. ráðh. láti ekki takmarkalaust fé í hendur þessara manna, sem ekki hafa staðið sig betur en þetta. Ég vil í sambandi við þetta mál benda hv. flm. á, að nú er svo komið fyrir S.R., að þær verða að leita beint til ríkissjóðs, til að hann greiði fyrir þær áfallin gjöld, án þess að þær hafi greitt svo mikið sem 1 kr. í ríkissjóð. En ef þær hefðu verið reknar af einstaklingum, hefðu þeir greitt fleiri millj. í ríkissjóð í skatta. Eftir öll þessi ár er ástandið þannig, að 50% er rekið af einstaklingum, þar sem þeir enn uppfylla þær skyldur sínar við ríkissjóð að greiða skatta og skyldur, en hinn helmingurinn er rekinn af ríkinu, sem hefur brugðizt þeirri skyldu að láta stofnanirnar standa undir sér fjárhagslega, heldur hafa þær orðið að sækja í ríkissjóð ábyrgðir og sumpart stórkostlegar fjárfúlgur til þess að geta staðið við sínar skuldbindingar. Það er þessi stefna, sem meiri hl. sjútvn. vill ekki ganga inn á. Ég veit, að hv. frsm. minni hl. vill fara inn á þá stefnu, en hann getur ekki láð okkur, sem erum inni á hinni stefnunni, meðan þetta tekur ekki öðrum breyt. en reynslan hefur sýnt, þótt við viljum ekki vera með til þess að keyra út í þetta fen. Það er talað um það í alvöru að leggja milljónir á þegnana sem skatt á hverju ári í mörg ár til þess að standa undir sumpart fyrirsjáanlegu tapi og sumpart því tapi, sem þegar er orðið á síldarverksmiðjunum, og þegar fjvn. ræddi þetta við stjórn síldarverksmiðjanna og sagði: Hér er ekkert annað fyrir ykkur að gera en að lækka verðið á síldinni til þess að reyna að vinna stofnanirnar upp, — þá var svarið, að það væri ekki hægt, af því að einstaklingar gætu borgað meira. Ef það væri enginn einstaklingsrekstur, þá væri það áreiðanlega gert.

Ég vil ekki vera að fara út í smáatriði í þessu máli, en vil benda á, að hv. frsm. hefur annaðhvort af ókunnugleika eða löngun til að halda sér ekki við sannleikann fullyrt, að togararnir keyptu allan ís í Englandi. Ég get sagt honum, að þetta er alveg gagnstætt, það er undantekning, ef togararnir kaupa þar ís, einstaka skip kann að hafa gert það, en allur fjöldinn kaupir ís í Reykjavík, en þetta er aukaatriði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að vera að deila um þetta atriði. Ég hef þegar rætt þetta undanfarið, og ekkert nýtt hefur komið fram. N. telur það enga lausn á þessu vandamáli, þó að þetta frv. væri samþ., nema síður sé. Það hefur aldrei verið efazt um nauðsynina fyrir því að koma upp frystihúsi, mjölverksmiðju og lýsis-

bræðslu á Hornafirði og af þeirri stærð, sem væri eðlilegt, en ég tel heldur ekki útilokað, að þessir menn, ef þeir vilja nokkuð sjálfir, séu færir um að gera það með þeirri aðstoð, sem ríkissjóður veitir slíkum aðilum í gegnum fiskveiðasjóð og fiskimálasjóð, og tel, að ekki eigi að fara inn á þá braut, sem ætlað er að fara inn á með þessu frv. Þess vegna leggur meiri hl. n. til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til að svara þessari síðari ræðu hv. frsm. meiri hl. Ég vildi þá byrja á því, sem hann talaði um, að hér væri um of mikla stærð að ræða og þetta fyrirtæki mundi kosta yfir 10 millj. kr. Ég vil benda á það í fyrsta lagi, að ekki er um ákveðna stærð að ræða í frv., heldur „allt að", sömuleiðis segir, að til byrjunarframkvæmda sé heimilt að taka að láni allt að 10 millj. kr. Ég geri ekki ráð fyrir því, þótt farið væri út í þetta, að byrjað yrði á öllu í einu, heldur mundi byrjað á hraðfrystihúsinu fyrst, og þess vegna séu full rök fyrir þessu eins og það er þarna áætlað. Annars tók ég það fram í minni fyrri ræðu, að ég gæti verið til viðtals um breyt., ef meiri hl. sýndi þann skilning að vilja hjálpa málinu áfram með þeim breyt., sem hann teldi æskilegar. Hv. frsm. sagði, að ég hefði komið inn í 8. gr. ákvæði, sem ætti að svikja síðar. Ég vísa þessu algerlega á bug, þar sem þetta er það sama og gert er ráð fyrir með mörg fyrirtæki, sem ríkið rekur, og ég ætla, að um svipað sé að ræða við síldarverksmiðjur ríkisins, þó að það geti komið fyrir þau atvik, sem gera það að verkum, að slíkar stofnanir geti ekki staðið undir þessu, eins og þegar síldin bregst árum saman eins og nú, og skal ég koma betur að því síðar. Þá talaði hv. frsm. nokkuð um það, hvaða greiði væri gerður þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, með því að samþykkja frv. án þess að framkvæma það, og hann fór að benda á önnur frv. um stórmál, sem hefðu verið samþ. hér á Alþ., en ekki framkvæmd, og minntist m. a. á landshöfn í Keflavík o. fl. Ég verð að játa það, að ég flyt frv. í þeim tilgangi, að það verði framkvæmt, ef það verður samþ., og ég býst við, að þeir hafi líka ætlazt til þess, sem fluttu þau mál á sínum tíma, og maður getur alls ekki reiknað þannig að hugsa sér, að vinnubrögðum sé hagað þannig á Alþ., að aldrei sé flutt neitt mál, vegna þess að þótt það væri samþ., þá væri engin vissa fyrir, að ríkisstj. framkvæmdi það, það yrði þá lítið úr vinnubrögðum hér á Alþ., ef þeirri reglu væri fylgt. Þá vildi hv. frsm. færa rök fyrir því, að möguleikar ríkissjóðs væru engir, því að það vantaði fjármagn til þess að koma þessu í framkvæmd. Ég þykist hafa fært nokkur rök fyrir því, að möguleikar ríkissjóðs þurfi ekki að vera því til hindrunar, að þetta verk komist í framkvæmd. Ég skal benda á það, að það hefur nú verið framkvæmt annað verk hér, sem mjög mikill vafi er á, að hefði átt að gera, og ég veit, að kostar miklu meira fé en þetta verk mundi kosta. Ég veit, að hv. þm. Barð. er ekki búinn að gleyma þeim ræðum, sem hann hélt fyrir nokkrum dögum, þegar hann deildi á síldarverksmiðjuskipið Hæring, og hvaða dóm hann gaf þeirri framkvæmd, en þar er búið að eyða stórkostlegum erlendum gjaldeyri og ekki vissa fyrir því, að það fyrirtæki mundi gera útflutningsframleiðslu landsmanna meira gagn en ef farið væri út í að fullgera fiskiðjuverið hér í Reykjavík, svo að það geti notið þess fjármagns, sem í það er komið, og byggja fleiri slík iðjuver af svipaðri gerð þar, sem það er nauðsynlegt, því að enn er eftir að byggja upp fiskiðnaðinn, til þess að útgerðin geti gengið sæmilega og skapað þjóðinni gjaldeyri. Enn fremur vildi hv. frsm. telja, að engin trygging væri fyrir því, þó að frv. yrði samþ., að þetta yrði neitt fremur rekið en fiskiðjuverið. Vil ég svara því með sömu röksemd og hinu atriðinu, að maður verður að reikna með því, að það, sem Alþ. samþykkir að framkvæma, verði framkvæmt og unnið.

Nokkrum tíma ræðu sinnar varði hv. frsm. til þess að ræða um stjórn fiskimálasjóðs og framkvæmdir hennar og benti á, að hún hefði stokkið frá öllu saman, þegar hún hefði verið búin að koma öllu í strand. Þetta hefur komið fram í umr. áður, og það var bent á það á síðasta þingi, að fiskimálanefnd hefði haft fulla heimild til að verja fé eins og hún gerði, til þess að byggja þetta fyrirtæki, því eins og ég tók fram áðan, þá var þetta fyrirtæki byggt samkvæmt sérstökum ákvæðum í l. um fiskimálasjóð, þar sem honum er ætlað það hlutverk að gera tilraun til að leita eftir nýjum leiðum í framleiðslu sjávarafurða, og á þeim grundvelli er þetta byggt, og þegar hv. frsm. hefur gífuryrði um það, að þessi stjórn hlaupi frá öllu, þegar það er komið í strand, þá veit ég, hvað hann á við. Hann á við það, að snemma á þessu ári skrifaði stjórn fiskimálasjóðs sjútvmn. bréf, þar sem hún tilkynnti, að ef ekki yrði búið betur að fyrirtækinu en hingað til, m. a. að tryggja niðursuðuverksmiðjunni rekstrarlán með svipuðum kjörum og öðrum fyrirtækjum af líkri gerð, þá sæi hún sér ekki fært að halda áfram stjórninni. Þetta var eðlilegt. Ég skal annars ekki fara út í þetta atriði, en get þessa aðeins fyrst hv. frsm. meiri hl. sá ástæðu til að fara að minnast á það.

Ein röksemd hv. frsm. var sú, að nú væru síldarverksmiðjurnar komnar í þau vandræði, að þær væru farnar að óska eftir sérstakri fjárveitingu úr ríkissjóði til þess að standa við sínar skuldbindingar, og vildi svo gera samanburð á einkaverksmiðjum, sem borga skatt í ríkissjóð, og síldarverksmiðjum ríkisins. Hv. frsm. er vel kunnugt, að hér er ekki um sambærilega hluti að ræða. Síldarverksmiðjur ríkisins eru byggðar vegna sjómanna, og það er ekki ætlazt til þess, að þær verði á nokkurn hátt féþúfa fyrir ríkið, en það er engin vissa fyrir því, hvernig það hefði verið með síldarútveginn, ef ríkisverksmiðjurnar hefðu ekki verið byggðar, en það er vissa fyrir því, að hann hefði ekki verið rekinn eins og hefur verið gert síðasta áratuginn, og þar með hefði þjóðin verið stórum fátækari en hún er nú, ef síldarverksmiðjur ríkisins hefðu ekki verið til. En hins vegar er vitað mál, að síldarverksmiðjur ríkisins hafa samkvæmt l., sem Alþ. hefur samþ., ráðizt í

stórar framkvæmdir á seinni árum, og það vildi svo óheppilega til, að þegar búið var að gera þær framkvæmdir, þá hefur komið hvert síldarleysisárið eftir annað, svo að ekki hefur fengizt neitt verkefni til að vinna, og þá er ekki nema eðlilegt, að þar komi fjárhagserfiðleikar til greina. Það væri nógu fróðlegt að vita, hvernig síldarverksmiðjuskipið Hæringur verður statt eftir 2—3 ár, ef það fær ekkert að gera þann tíma.

Ég hef þá minnzt á aðalatriðin í því, sem hv. frsm. tók fram, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara frekar út í það, sérstaklega þar sem búið er að ræða málið svo mikið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 25. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 357 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, SÁÓ, ÞÞ, BK, BÓ, EE, GJ, GÍG.

nei: PZ, StgrA, ÁS, BrB, HV, BSt.

3 þm. (HermJ, LJóh, BBen) fjarstaddir.

5. Stjórnarskrárbreyting.

Á 21. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til stjórnskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944* [75. mál] (þmfrv., A. 122).

Á 21. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Frv. þetta snertir eigi stjskr. að öðru leyti en því, hvernig henni verði breytt í framtíðinni. Hefur svo til gengið, að henni hefur fyrst verið breytt af Alþ., síðan kosningar látnar fara fram, þar sem menn eiga að láta uppi álit sitt um breyt., fella menn frá þingsetu, ef þeim líkar þetta eigi, en síðan verður hið nýkjörna þing að samþykkja stjórnarskrárbreytinguna. M. ö. o. verður Alþ. að samþykkja hana á tveim þingum. Kallað er, að þessi aðferð eigi að tryggja, að stjskr. verði í sem mestu samræmi við vilja þjóðarinnar, en trygging er þó engin fyrir því, að svo verði. Kemur það af því, að er kosið er, er kjósandinn um leið að kjósa þm. til næstu fjögurra ára. Verður hann því að ákveða, hvort hann vilji fremur kjósa þann mann, sem er honum sammála um stjskr.-breyt., en lítt á hans máli í öðrum málum, eða hinn, er nálgast skoðanir hans á öllum öðrum málum en stjskr. Verður kjósandinn að gera upp við sjálfan sig, hvorn frekar eigi að kjósa, — hvort hann vilji fremur kjósa þann, sem verði honum andstæður, á þing næstu 4 árin. Af þessum rökum er það alveg rökrétt, að engin trygging sé fyrir því annars vegar, að stjskr. verði sett í samræmi við vilja landsmanna, en hins vegar undir hælinn lagt, hvort meiri hl. Alþ. hafi þjóðina að bakhjarli til að breyta stjskr. Kjósandinn verður því að hræra almennum málum saman við stjskr.-málið. Þess vegna legg ég til, að hætt verði að breyta stjskr. á þennan veg. Er það vilji minn, að stjskr. verði sett á þann hátt, að sem tryggilegast sé, hún verði í samræmi við þjóðarviljann, og nefnir þar til sérstakt stjórnlagaþing, er komið verði á laggirnar og hafi engu að sinna nema breytingum á stjskr. Er þetta aðalefni frv.

Hitt er minna um vert, hvort menn þeir, sem kjörnir eru til stjórnlagaþings, séu fleiri eða færri. Hef ég nefnt til 24 talsins, en þeir gætu mín vegna allt eins verið 100. Þó vil ég auðvitað ekki, að kosnir verði aðeins 3—5 eða 500—600. M. ö. o., tala kjörinna fulltrúa er aukaatriði í málinu. — Annað aðalatriði er það, að fulltrúar séu kjörnir þannig, að meiri hluti þjóðarinnar standi að baki meiri hluta fulltrúanna. Því vil ég, að þeir séu „kosnir almennum kosningum í eins manns kjördæmum, og séu þau sem líkust að mannfjölda." Hér er miðað við 24. En veldu menn einhverja aðra tölu, þá yrði að gæta þess, að fólksfjöldi kjördæmanna, hvers eins, yrði sem jafnastur, en tala kjördæma breyttist eftir tölu þingmanna. Meiri hluti kann að verða lítill á hverjum stað, en með þessari tilhögun yrði þó meiri hluti þjóðarinnar, er stæði að allsherjar meiri hlutanum, sem kosinn yrði. — Þriðja aðalatriðið er það, að frá því er ákveðið er þetta fyrirkomulag og til þess er kosið verður til stjórnlagaþings líði nokkur tími. Er nauðsynlegt, að mönnum sé gefinn kostur á að ræða málið alhliða, svo að skoðanir þeirra fái að njóta sín. Sannleikurinn er nefnilega sá, að það hefur ekkert verið gert til að fræða þjóðina um ýmiss konar sjónarmið, er hljóta að liggja til grundvallar breytingum á stjskr., jafnvel þótt verið sé að tala um nauðsyn á breyt. og búið sé að skipa fleiri en eina n. til endurskoðunar á stjskr. Helzt hefur verið unnið í þessa átt á Austurlandi, og þar er þetta í hvers manns munni, að ekki eigi að blanda stjskr.-málinu saman við önnur mál. En lítið hafa menn gert til að afla þeirri skoðun fylgis, að ekki eigi að breyta stjskr. nema á sérstöku stjórnlagaþingi. Ég legg því til, að beðið verði um hríð með kosningar til þessa stjórnlagaþ., svo að almenningi gefist kostur á að kynna sér skoðanir í málinu og menn geti svo skipt sér í sérstaka flokka eftir því. Geri ég ráð fyrir, að kosningarnar færu fram árið 1951 og þar næst yrði svo stjórnlagaþingið háð. En hugsazt gæti, að þrátt fyrir það að menn yrðu kosnir til þingsins á fyrrgreindan hátt í einstöku kjördæmum og næðu meiri hlutanum með sér, þá kæmu upp margar stefnur, engin þeirra hefði ein hreinan meiri hluta á bak við sig og sköpuðust þannig samsteypur á stjórnlagaþinginu. Því eru sett í frv. ákvæði þess efnis, að þjóðin greiði atkv. um stjórnarskrárbreytinguna að nýju og því aðeins verði hún að l., að meiri hl. þjóðarinnar þá tjái sig henni samþykkan. Þessar brtt. eiga að víkja málinu að þeim kjarna

málsins, að tryggja beri, að stjskr. sé í samræmi við vilja þjóðarinnar. En það er eigi hægt með núverandi fyrirkomulagi, þar sem stjskr.-málinu er blandað saman við fjölda annarra mála. Þeir, sem vinna eiga að endurskoðun stjskr., hafa enga hugmynd um, hvað á að gera. Og ég er í vafa um, hvort til séu nema sárafáir menn hér á þingbekkjunum, er látið hafa uppi álit sitt um breyt. á stjskr. eða fengið umboð til þess frá kjósendum sínum. En ég vil hafa sérstakt stjórnlagaþing og það annist aðeins breyt. á stjskr. Og mér finnst, að sú eina breyting, sem kæmi til mála, sé að ákveða það, að stjskr. verði breytt á sérstöku stjórnlagaþingi, og að svo verði um hnútana búið, að breytingarnar verði þá í samræmi við þjóðarvilja.

Ég geri ráð fyrir, að frv. fari til n. Hins vegar hef ég ekki gert mér miklar vonir um samþykki Alþ. Mér hefur skilizt, að fjöldinn allur af þm. kæri sig ekki um að fela þetta neinum öðrum og vilji sjálfir ráða breytingum á stjskr., og líklegt, að frv. færi þá ekki lengra en til n. En ég geri mér þó vonir um, að þetta kunni að opna augu einhverra fyrir nauðsyn þess, að það sé tryggt, að stjskr. verði breytt í samræmi við þjóðarvilja. Ég legg svo til, að frv. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Ed., 29. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9:3 atkv.

Á 74. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 14. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 122, n. 372 og 452).

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Um þetta mál er ekki margt að segja. Það fer lítið fyrir því, en það er því meiri stórhugur í því. Þar sem þetta er stjórnarskrárbreyt., hefði verið æskilegt, að hæstv. forsrh. hefði verið viðstaddur, en hann mun hafa öðrum hnöppum að hneppa í sambandi við umr. í Nd. — Allshn. lítur svo á, að ekki sé rétt að taka þetta eina atriði sérstaklega burt, heldur sé það rétta það að fela þeirri n., sem nú vinnur að þessu máli, að koma fram með till. um þetta. Allshn. taldi það eðlilegra, og leggur því til, að málið verði afgr. með rökst. dagskrá, sem ég skal leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, þar sem svo langt er liðið síðan hún kom fram. Dagskráin er þannig:

„Þar sem deildin telur rétt og eðlilegast, að stjórnarskrárnefnd sú, er nú starfar, athugi þær breytingar á stjórnarskránni, er frv. þetta ræðir um, og leggi fram breytingar í þá átt, ef hún álítur ástæðu til þess, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Í raun og veru tel ég með þessu nóg sagt, eins og nú standa sakir, og ætla ekki að teygja lopann frekar, nema sérstök ástæða gefist til.

Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég gat, eins og kemur fram í nál., ekki fallizt á rök meiri hl. n. í þessu máli, og í grg. frv. og nál. mínu kemur fram afstaða mín. Ég get að miklu leyti fallizt á það, sem sagt er í grg. Ég vil benda á það, að þó að þrjár n. hafi haft þetta mál með höndum, eða um 20 manns, síðan 1944, en þá var heitið afgreiðslu á næstunni, þá hefur ekkert orðið ágengt. Það er vitað mál, að n. sú, er nú situr og einn af ráðh. veitir forstöðu, hefur ekkert þokað málinu áfram. Ég held því, að skynsamlegast sé að fá sérstöku stjórnlagaþingi málið í hendur. Þó eru þetta ekki veigamestu rökin fyrir því, heldur hitt, að þegar kosið er til Alþ., er fyrst og fremst kosið eftir almennum flokkslegum sjónarmiðum. Menn kjósa þá þm., er þeir telja standa sér næst í skoðunum almennt, en kjósa ekki með tilliti til stjórnarskrármálsins. Jafnvel þó að frambjóðandinn sé á annarri skoðun en kjósandinn í stjórnarskrármálinu, verður annað þyngra á metunum. Ég held því, að eðlilegast sé að fá málið í hendur sérstöku stjórnlagaþingi, svo að menn geti kosið með tilliti til þessa eina máls. Ég skal svo ekki lengja umr. frekar, en það er sízt af skorti á umr., sem lítið hefur verið gert í málinu, því að málið hefur verið rætt svo að segja daglega í blöðunum síðan 1944.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig furðar mjög á því, að meiri hl. n. skuli ekki hafa komið auga á það, að þetta atriði er allt annars eðlis en öll önnur atriði varðandi stjskr. Hér er um það að ræða, á hvern hátt stjskr. skuli breytt, og þess vegna á þetta ekkert erindi til n., sem endurskoðar stjskr. Fyrst er að gera sér það ljóst, þegar þetta er rætt, hvort haga skuli breyt. á stjskr. eins og nú er gert eða hvort fela skuli sérstöku stjórnlagaþingi að breyta henni. Allir eru sammála um það að gera stjskr. hærra undir höfði en öðrum l., og þess vegna er reynt að tryggja það, að hún sé meira í samræmi við vilja fólksins en önnur l. Eins og nú er, eru breyt. á stjskr. samþ. tvisvar og þurfa að samþykkjast óbreyttar í seinna skiptið, en á milli hafa kjósendur kosið um stjskr. og um leið þm. til fjögurra ára. Þetta gerir, að þeir geta ekki kosið um stjskr. út af fyrir sig. Þeir þurfa um leið að segja, hvort þeir vilja hafa þm. til þess að fara með umboð sitt. Þetta er mergurinn málsins. Það getur t. d. farið svo, að hv. þm. Dal. lendi í þeirri „situation", að hann verði sammála Einari Olgeirssyni, en ósammála Ólafi Thors, um breyt. á stjskr., og komist í vandræði með það, hvorn þeirra hann á að kjósa, ef þeir væru nú báðir í kjöri í því kjördæmi, sem hann ætti kosningarrétt í. Á hann þá að kjósa Einar Olgeirsson, sem væri sammála honum um stjskr., eða á hann að kjósa eftir því, hvernig hann vill hafa gang þingmálanna næstu 4 ár og kjósa Ólaf Thors? Þannig er þessu ætíð varið, þegar kosið er um stjskr. — Og því þarf að afgreiða málið á sérstöku stjórnlagaþ. Þetta er aðalatriði málsins. En hitt er aukaatriði, þó að ein n. hafi lengi unnið að endurskoðun á stjskr., önnur langt komin, þótt nú sé hún komin til himnaríkis, og hin þriðja langt komin með að gefa

málið alveg á bátinn. Aðalatriðið er, að þannig sé búið um hnútana, að stjskr. sé sett í samráði við vilja þjóðarinnar. Þar næst ber að ákveða þetta svo snemma, að frá því, er það er ákveðið að kjósa skuli til stjórnlagaþ., og til þess er kosið er, líði svo langur tími, að ræða megi málið í blöðum og á mannfundum og um það, hverju eigi að breyta, geti myndazt ákveðnar skoðanir, og þjóðin skipzt um þær. Þegar ég í till. minni get þess, að ég geti sætt mig við að tímamarkið verði fært til, felst það í henni, að þjóðin þurfi að fá að átta sig á þessu máli. Hún verður að fá að ákveða, hvort vera skuli með öllu valdalaus forseti eða forseti með takmarkað eða mikið vald, hvort stjskr. eigi að kveða á um, að einmenningskjördæmi verði í landinu, það allt eitt kjördæmi eða haldast skuli framvegis núverandi óskapnaður í kjördæmaskipuninni. Þjóðin þarf að fá að átta sig á þessu, frá því er stjskr. er breytt þar til að kosið er til stjórnlagaþ. Mér er annars ekkert kappsmál annað en svo verði kosið, að meiri hl. komi fram í gegnum kosninguna. Síðan, þegar stjórnlagaþ. er sett, er kosningin er afstaðin, verði stjskr. breytt í samræmi við vilja kjósendanna. Að öðru leyti gæti ég komið inn á hvaða samkomulag sem vera skal.

Hv. n. hefur eigi tekið neina afstöðu til breyt. á stjskr. Hún skilur ekki, að það, hvernig breyta eigi stjskr., snertir eigi önnur atvik. En hv. n. veit, að meiri hl. þjóðarinnar er ákveðinn í að heimta stjórnlagaþ. Hv. form. ætti að vita, að á búnaðarþ., þar sem sitja 25 fulltrúar, hefur verið samþ. áskorun um að breyta stjskr. á sérstöku stjórnlagaþ. Og hv. n. veit einnig, að víða um landið hefur þetta mál verið rætt og gerðar samþykktir í því. Hún þorir ekki að ganga í berhögg við þjóðina. Annar tilgangur hennar er ekki nema draga málið á langinn. En ekkert er enn komið frá þeirri n., sem setið hefur nú í tvö ár. Þetta er lítilmannlegt. Betra hefði verið, ef hv. n. hefði komið hreint til dyranna og sagt: Við skulum bara fella frv., og hér er verið að draga vald úr höndum Alþ., eins og hv. þm. segja undir fjögur augu. Hv. n. leggur engan dóm á það, hverjar leiðir eigi að fara. Hún bara vísar málinu frá álitslaust. Annars geri ég ekki ráð fyrir, að það þýði mikið að tala um málið á þessu stigi þess. Mér þykir miklu verra að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, af því að mér er annt um það. En annað kemur hér einnig til greina. (*Forseti:* Ég bið hv. þm. að afsaka, vil spyrja hann, hvort ekki eigi að hringja, til þess að fleiri hv. dm. geti verið viðstaddir.) Það er, að enginn veit, þó að við sitjum nú í dag hér á þ., hve lengi við sitjum. Þingið getur haft þann endi, að kosið verði í vor. Og ef sú vending kemur í málið, þá gæti komið fjörkippur í stjskrn., þá kann að verða flaustrað af breytingum á stjskr. til að spara kosningar. Og þá væri verra, að þ. er búið að vísa þessu máli frá, því að þá er erfiðara að taka það upp að nýju. Þótt þessi afgreiðsla málsins sé skv. meiri hl. þ. nú, þá er eigi víst, að svo verði síðar. Og þá er verr farið að hafa vísað því frá nú.

Ég þarf ekki að segja meira, hef nú dregið fram aðalatriðin í málinu og aukaatriðin líka, sem gjarnan má breyta min vegna. Aðalatriðin eru þessi: 1) að meiri hl. þjóðarinnar fái að ráða og 2) tíminn, frá því er stjskr. er breytt og stjórnlagaþ. ákveðið, til þess er kosið er til þess, sé svo langur, að ákveðnar stefnur nái að myndast, en þær eru engar til núna.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég sé, að tómlegt er í hv. d. hjá hv. 1. þm. N-M. og mér einnig nú, geri ég ráð fyrir. Því mun eigi heppilegt að hafa langar umr. Ég geri ráð fyrir því, að ég sannfæri ekki hv. þm., enda mun hann ekki hingað kominn til að láta sannfærast. Ég vil bara segja, að hver einasta n. gerir það yfirleitt að athuga form á frv., hvernig formlega sé með þau farið, og er það hið fyrsta. Og þegar sérstök n. er starfandi í þessu máli, þá er rétt, að til hennar átti að beina málinu. Þess vegna komum við nm. ekki með neinn dóm á því. Yrði svívirðilegt fyrir stjskrn., ef hún fengi ekki málið í sínar hendur. Þá væri bezt að leggja hana niður og þ. tæki þetta allt í sínar hendur. Það er engin ástæða til að taka fram hjá n. Annars veit ég ekki, hvað hv. þm. hefur í huga. En nú ríkir sú venja og hefur verið við tvær hinar síðustu breytingar á stjskr., að kosið er til sérstaks stjórnarskrárbreytingaþ. og aukaþ. og síðan kosið á eftir. Stjórnarskrárbreyt. hefur það ævinlega í för með sér, að kjósa verður undir eins á eftir, og þá verður sérstaklega kosið til stjórnarskrárþ. Og þegar kosið er, vita menn, hvað í því felst: hvort kjósa verði upp aftur eða ekki. Þetta er því ekki eins nauðsynlegt og hv. þm. heldur. Auk þess hefur þetta í för með sér milljónakostnað.

Annars sé ég ekki, að það þýði að hafa frekari umr. um þetta hér. Hv. þm. eru að hlusta á „skemmtileik" í hinni hv. d., en hvorki mig né hv. þm. N-M.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég vildi gera grein fyrir atkv. mínu. Ég er fylgjandi þessu frv. í grundvallaratriðum. Tel ég, að lítið stoði að skipa n. ár eftir ár til að athuga málið og fá það aldrei frá þeim. Álít ég og, að lítið stoði að vísa þessu máli til núverandi n., því að um það fari sem undanfarið, ef við því eigum að fá nauðsynlegum breyt. á stjskr. komið fram, þá sé það eigi hægt á annan hátt en með þeirri leið, sem lagt er til, að farin verði í frv. Hins vegar ætla ég ekki að ræða frv. sjálft. Í sjálfu sér vildi ég breyt. á því. Þó er ég fremur fylgjandi stjórnlagaþ. en málið sé í höndum n., sem aldrei skilar áliti eða reynir að koma málinu frá sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þar sem tveir hv. nefndarmenn úr n. þeirri, sem um þetta mál fjallar, auk fleiri þm. úr hv. deild, eru fjarverandi, vil ég óska þess, að atkvgr. verði frestað.

Forseti (BSt): Það kann að vera vafasamt að

biða með mál, þó að hv. þm. vanti í deildina, þar sem það skeður svo oft. En þar sem vantar tvo hv. nefndarm., vil ég verða við þessum tilmælum í þetta sinn.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 17. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 372 samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EE, GJ, GÍG, SÁÓ, ÞÞ, ÁS.

nei: BK, BÓ, HermJ, PZ, BSt.

5 þm. (HV, JJós, LJóh, StgrA, BBen) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Björn Ólafsson: Í mótmælaskyni gegn vinnubrögðum þeirra þriggja nefnda, sem skipaðar hafa verið til að gera breytingar á stjskr. og engu áliti hafa skilað, segi ég nei.

Bernharð Stefánsson: Ég er tilbúinn til að greiða atkv. efnislega um frv. og segi því nei.

6. Menntaskólar (frv. HV og PZ).

Á 7. fundi í Ed., 2. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla [47. mál] (þmfrv., A. 60).

Á 9. fundi í Ed., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta mál, breyt. á l. um menntaskóla, hefur tvívegis verið flutt hér á þingi áður, og er það því hv. þdm. kunnugt. Að vísu er frv. nú í nokkuð breyttri mynd að því er orðalag snertir, og leiðir einnig af því efnisbreyt. Frv., eins og það var áður flutt á Alþingi, var um það, að menntaskólar skyldu vera einn í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Ísafirði o. s. frv., en nú er sagt, að menntaskólar skuli vera í Reykjavík, á Akureyri, Ísafirði o. s. frv. Það er sem sé óbundið, hvort menntaskólar séu fleiri en einn í höfuðborg landsins, enda er svo komið, að þeir eru í raun og veru fleiri en einn. Þessi breyt. á frv. sveigir mjög í þá átt, sem till. komu fram um í sambandi við þetta frv. á síðasta þingi. Að öðru leyti eru orðalagsbreyt. í samræmi við þær brtt., sem menntmn. þessarar d. gerði við frv., þegar hún fjallaði um málið síðast. Undirtektir þær, sem málið hefur fengið hér á þingi, eru þannig, að menntmn. þessarar d. hefur tvívegis mælt með, að frv. verði samþ., en í hvorugt skiptið hefur málið fengið fulla afgreiðslu á Alþingi.

Skipun menntaskóla í landinu er nú þessi: Menntaskóli er í Norðlendingafjórðungi, 3 í Sunnlendingafjórðungi, þ. e. a. s. tveir útskrifa stúdenta í Reykjavík, og menntaskólarekstur var hafinn á Laugarvatni í fyrravetur. Aftur á móti er enginn menntaskóli staðsettur á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Nú þykir okkur flm. þessa frv. hlýða, að næst þegar einhver breyt. yrði gerð á um menntaskóla, þá yrði það ekki á þá lund, að bætt yrði við t. d. fjórða menntaskólanum í Sunnlendingafjórðungi, en Vestfirðinga- og Austfirðingafjórðungar yrðu áfram menntaskólalausir. Þess vegna leggjum við til með þessu frv., að sú stefnuyfirlýsing verði gerð af Alþingi, að menntaskólar verði reistir í öllum landsfjórðungum. Þó kemur það undir Alþingi, hvenær fé skuli veita til stofnunar hinna nýju skóla í fjárl.

Ég hef flutt það áður sem rök fyrir þessu máli, að menntaskólaleysi Vestur- og Austurlands veldur því, að fólk flytur úr þessum landsfjórðungum til Reykjavíkur. Ég hef sýnt fram á, að þessum landsfjórðungum sé það tilfinnanleg blóðtaka, í fyrsta lagi að missa efnilegasta námsfólk sitt burt, oftast fyrir fullt og allt, þegar það fer burt til síns menntaskólanáms, og einkum er það tilfinnanlegt, þegar aðstandendur þessa efnilega fólks flytja oftast með til þess að fyrirbyggja stöðvun á menntabraut barna sinna, en aðstaðan er þannig, að það er ekki fært efnalitlu fólki að kosta, þótt ekki sé nema einn ungling til 4 ára menntaskólanáms í Reykjavík. Ég hef reynslu fyrir, að það kostar 12—15 þús. á ári, þó að ekki sé viðhöfð nein óhófseyðsla. Þetta þýðir 50—60 þús. kr. á fjórum árum. Við teljum því, að með þessu frv. sé stefnt að því, sem stefna ber að, að jafna menningarlega aðstöðu fólksins í öllum landshlutum. Einnig má líta svo á, að í frv. sé stefnuyfirlýsing Alþingis í þá átt, að heppilegra sé, fyrst og fremst menningarlega, að hafa menntaskólana fleiri og smærri.

Ég vil svo aðeins vikja að því að því er Ísafjörð snertir og Vestfirði, að þar eru nú starfandi þrír framhaldsskólar, sem m. a. undirbúa nemendur sína undir miðskólapróf, sem eins og kunnugt er veitir réttindi til framhaldsnáms í kennaraskóla og menntaskóla, ef nemendur ná meðaleinkunninni 6 í landsprófsgreinunum. Nú munu vera um 30 nemendur í miðskóladeildum þessara framhaldsskóla Vesturlands, og ættu þeir þá, ef þeim hlekkist ekki á við próf, að fá rétt til að setjast í menntaskóla. Af þessum hópi eru um 20 í miðskóladeild gagnfræðaskólans á Ísafirði, og verð ég að segja, að það liggur í augum uppi, að það er allt of mikil blóðtaka fyrir Ísafjarðarkaupstað, þegar 20 ungir menn fara á einu ári til framhaldsnáms í Reykjavík með þeim gífurlega kostnaði, sem það hefur í för með sér. Ísafjarðarkaupstaður hefur líka látið til sín taka í þessu máli. Bæjarsjóður Ísafjarðar hefur haft málið til umr. og sent þinginu samþykkt á þá lund, að bæjarstj. Ísafjarðar bjóði fram ókeypis lóð undir menntaskóla í kaupstaðnum. Ég sé, að nýverið hefur sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu einnig sent Alþingi áskorun um það, að frv. þetta verði samþ. Þá er mér einnig kunnugt um, að Vestur-Ísafjarðarsýsla leggur einnig kapp á, að þetta mál nái fram að ganga, og er það ekki nema von.

Ég þarf ekki að eyða að því mörgum orðum,

hvílíkur ávinningur það væri fyrir Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðung að fá slíkar menningarstofnanir sem menntaskóla innan sinna vébanda. Það skýrir sig sjálft, að slíkar stofnanir mundu hafa margvíslegt menningarlegt gildi fyrir þessa landshluta.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð á þessu stigi. Ég vil aðeins geta þess, að þetta er sameiginlegt mál fyrir Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðung, og því verður áreiðanlega fylgt fast fram af málsmetandi mönnum þessara landshluta og lagt mikið kapp á, að það nái fram að ganga, alls ekki fyrir metnaðar sakir eingöngu, heldur fyrst og fremst vegna menningarlegs gildis, sem það hefur fyrir fólkið í þessum byggðarlögum.

Ég legg svo til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 60, n. 163).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 163 ber með sér hefur n. rætt þetta frv. á nokkrum fundum og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

Það er nú orðið nokkuð langt síðan málið kom hér fram, en drætti þess hjá menntmn. veldur einkum það, að hv. 1. þm. Reykv. er nýr maður í nefndinni, og því var hann ekki kunnugur málinu og áskildi sér rétt til að fá nokkurt tóm til að athuga það og mynda sér skoðun á því, og auðvitað var orðið við þeirri ósk hans. En er n. tók málið aftur fyrir, var hv. 1. þm. Reykv. farinn af landi burt, og bað einn nm., hv. 2. þm. Árn., um, að málið yrði enn ekki tekið fyrir, fyrr en varamaður hv. 1. þm. Reykv. tæki sæti í n. Það var enn fremur orðið við þeirri ósk um frestun á málinu, en nokkru síðar var enn þá boðað til nefndarfundar, og var varamaður hv. 1. þm. Reykv., frú Auður Auðuns, boðuð á þann fund. En hvorki hún né hv. 2. þm. Árn. komu á fundinn, og sá nefndin sér nú ekki annað fært en afgreiða málið, enda höfðu allir, sem hlut áttu að máli, verið boðaðir á hann, og meiri hl. n. var mættur, eða 3 á fundi og 2 fjarstaddir. Niðurstaðan varð svo sú, eins og áður er sagt, að allir nm., sem mættir voru, urðu sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt.

Ég hygg, að ég hafi gert nokkra grein fyrir því við 1. umr. þessa máls, að frv. er nokkuð breytt frá því, sem það var flutt hér í fyrra. Þá kom fram brtt. frá hæstv. dómsmrh., og gerði hann bæði aðaltillögu og varatillögu, og hefur nú frv. verið breytt allnákvæmlega í samræmi við varatill. hæstv. ráðh. Enn fremur gerði nefndin sjálf brtt. við málið á síðasta þingi, og var ákveðið, að hinir nýju menntaskólar skyldu þá fyrst koma til framkvæmda, er fjárveiting væri fyrir hendi í því skyni, og var sú till. n. nú tekin upp í frv.

Þessi er þá búningur málsins orðinn, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða mjög um það, eftir að ég hef gert grein fyrir málinu við 1. umr., þar eð ekki hafa verið gerðar alvarlegar tilraunir til að hnekkja því. Hins vegar er það ljóst af því, sem ég áðan sagði, að einstakir menn hafa gert nokkrar tilraunir til að tefja og þvæla málið, og tel ég það miður farið og óviðkunnanlegra en að berjast þá heldur opinskátt gegn því. Ég kann alltaf betur við þá aðferð.

Eins og kunnugt er hafa margir rétt til menntaskólanáms hér á landi, en allir, sem hafa öðlazt þann rétt og vilja neyta hans, verða annaðhvort að leggja leið sína til Reykjavíkur eða Akureyrar, hvaðan sem þeir eru af landinu. Á Akureyri er einn menntaskóli og tveir í Reykjavík, þ. e. a. s. gamli menntaskólinn og verzlunarskólinn, sem nú hefur öðlazt rétt til að brautskrá stúdenta. Og nú mun vera að opnast sá möguleiki að stunda menntaskólanám á Laugarvatni, þar sem örlítill vísir að lærdómsdeild hefur vaxið upp í fyrra og í ár. Þannig er að koma upp vísir að þriðja menntaskólanum í Sunnlendingafjórðungi. Einn menntaskóli er í Norðlendingafjórðungi, en enginn á Vesturlandi og enginn á Austurlandi.

Samkvæmt skýrslum, sem fræðslumálastjóri lét taka saman s.l. vetur, kemur skýrt í ljós, að hundraðstala nemenda við framhaldsnám hefur farið mjög eftir nágrenni þeirra við skólana. Hundraðstalan er mjög há í Reykjavík, miðað við heildartöluna, en á Akureyri er hundraðstalan næst. Næst koma kaupstaðir og byggðir í grennd við Akureyri og kaupstaðir í grennd við Reykjavík og aðrir staðir í nágrenni bæjarins. Hundraðstala Vestfirðinga og Austfirðinga var lægst. Þessar tölur sýna glöggt, hve miklu örðugra er fyrir ungmenni úr þessum landshlutum að stunda framhaldsnám, og kemur þessi niðurstaða engum á óvart, sem nokkuð þekkir til. Meiningin með þessu frv. er að gera þær breytingar á þessum hluta núverandi skólakerfis, að menningarleg aðstaða til framhaldsnáms sé sem jöfnust, hvar sem er á landinu, og vil ég ekki trúa því að óreyndu, að slíkt réttlætismál mæti andstöðu hv. þingmanna. Þetta hefur verið þrautrætt hér áður, og þar sem svo er, vil ég snúa máli mínu til Ísafjarðarkaupstaðar sérstaklega, þar sem ég er kunnugastur.

Á Ísafirði var stofnaður unglingaskóli árið 1906, og var það eins vetrar skóli fyrst í stað. En 1920 var honum breytt í tveggja vetra skóla, og starfaði sá unglingaskóli til 1930, en þá var hann gerður að gagnfræðaskóla með þriggja vetra námi, er starfaði í samræmi við löggjöf um gagnfræðaskóla þar til í ársbyrjun 1946, að hann byrjaði að starfa eftir nýju skólalöggjöfinni og verður 4 vetra skóli, og áður en langt um líður verður skólinn til fulls starfandi eftir nýju skólalöggjöfinni. Aðsókn að honum fer sívaxandi, og eru þar nú á þriðja hundrað nemendur, og þegar fjórði árgangurinn bætist við, er sýnt, að um 300, eða líklega á fjórða hundrað,

nemendur verða í þessum skóla, þar sem nú eru 80—90 í hverjum árgangi.

Gagnfræðaskólinn á Ísafirði hefur allra skóla mest lagt áherzlu á verklegt nám og varð fyrstur allra gagnfræðaskóla til að stofna verknámsdeild og framkvæma nýju skólalöggjöfina s.l. skólaár á fyllri hátt en nokkur annar framhaldsskóli í landinu. Skólinn hefur lagt og leggur megináherzlu á að veita öllum þorra nemenda sinna, eða fjórum af hverjum fimm, fyrst og fremst menntun á hinu verklega sviði. En nokkur hluti nemenda er bezt fallinn til bóklegs náms, eins og gengur, og einn af þremur flokkum í hverjum árgangi er bóknámsdeild. Og þetta unga fólk, sem er á bóklega sviðinu, eða úrval þess, vill leggja leið sína í menntaskólana eða í kennaraskólann. Nú eru aðeins 20 nemendur í bóknámsdeild skólans, og takist þeim að ná miðskólaprófi, liggur leið þeirra til framhaldsnáms, en jafnframt burt úr átthögum sínum. Ég veit raunar að mikill hluti þessa ungmennahóps stöðvast á menntabrautinni af fjárhagsástæðum einum, ef Alþingi sér ekki fært að láta hefja menntaskólanám á Ísafirði næsta vetur. Og ég veit, að það yrði of mikil blóðtaka fyrir staðinn, ef svo mörg af efnilegustu ungmennum hans hyrfu þaðan árlega til Reykjavíkur eða annað til framhaldsnáms, og ef unglingarnir kæmust ekki burt af fjárhagsástæðum, sem margir stranda á, þá væru þeir þar með stöðvaðir á menntabrautinni, og þetta er hvort tveggja þungt á metunum.

Í framkvæmd yrði þetta mál þannig, að ef frv. þetta væri samþ., væri þar með slegið föstu, að menntaskóli skuli rísa upp á Ísafirði og eins á Austurlandi, jafnóðum og fé er veitt til þeirra á fjárlögum. Ég vænti þess nú, að svo verði og að kennsla geti hafizt í fyrsta bekk lærdómsdeildar menntaskóla á Ísafirði næsta vetur, og yrði þá líklega að bæta við einum kennara, og síðan verði einum bekk bætt við á ári í fjögur ár, þar til menntaskólinn væri að fullu tekinn til starfa. Hvort framkvæmd málsins bæri þannig eða jafnbrátt að á Austurlandi, skal ég ekki segja um, og mun hv. meðflm. minn gera þá grein fyrir því, sem honum sýnist.

Nú er menntaskólinn í Reykjavík fullsetinn, og ef hann á að taka við miðskólaprófsmönnum utan af landi, þarf að bæta við hann húsakynnum og kennslukröftum og leggja þar með fram miklu meira fé til hans en áður. Ég sé því ekki, að annar munur sé á því að koma upp menntaskólum á Ísafirði og Austurlandi annars vegar eða efla menntaskólann í Reykjavík með fjárframlögum hins vegar, — ég sé ekki að munurinn sé annar en sá að velja um það, hvort hin óhjákvæmilega útþensla menntaskólanámsins verði öll í Reykjavík og unga fólkið knúið þangað til framhaldsnáms, eins og lengst af hefur verið, eða stofnað skuli til nauðsynlegrar aukningar á menntaskólanámi í landinu í þeim landshlutum, sem örðugast eiga og hafa átt um að koma ungu fólki til framhaldsnáms. Um þetta er að velja. Í báðum tilfellum þarf ríkið að leggja fram fé. Aðstreymi unga fólksins til Reykjavíkur er ærið íhugunarefni, þótt ekki sé verið að knýja efnilegasta skólafólkið þangað fyrr en nauðsyn krefur.

Nú eru líkur til þess, að ég hygg, að verzlunarskólinn geti um sinn tekið við aukningu nemenda úr Reykjavík við menntaskólanám, svo að nokkurt tóm gefist til að rannsaka þessi mál, sem virðast vera deilumál meðal Reykvíkinga. Og það er hollt að athuga þau vel. Ýmsir álíta, að endurbyggja eigi menntaskólann í Reykjavík á sama stað og stækka hann, aðrir, að reisa eigi nýjan menntaskóla og leggja þann gamla niður o. s. frv., og um þetta er mikið rætt og deilt. Enn aðrir segja, að stækka eigi menntaskólann í Reykjavík og hafa hann áfram á sama stað og byggja til viðbótar nýjan skóla hér, en Vestfirðingar og Austfirðingar eiga þá engan skóla að fá. En ég hygg nú, að þeir séu fáir, sem vilja í alvöru sníða jafnréttishugsjón æðri menntunar svo þröngan stakk.

Það þarf enginn að óttast, að það mundi fjölga óeðlilega tölu nemenda í menntaskólum landsins yfirleitt, þótt stofnað yrði til menntaskólanáms í Vestfirðinga- og Austfirðingafjórðungi, þótt einhverjir kæmust til framhaldsnáms, sem ella hefðu ekki klofið það af fjárhagsástæðum. Hitt er víst, að ef ekki væru stofnaðir menntaskólar í þessum landshlutum, þá væru allir, sem til menntaskólanáms komast, knúðir til að sækja námið til Reykjavíkur eða Akureyrar og óréttlæti og ójöfnuður í sambandi við aðstöðu til æðri menntunar eftir landshlutum héldist áfram, og enginn getur reiknað út þau verðmæti, sem við það fara forgörðum.

Ísfirðingar hafa, án tillits til allra innbyrðis deilna og flokkadrátta, fylkt sér einhuga um, að þar verði stofnsettur menntaskóli. Bærinn hefur boðið fram ókeypis lóð undir skólann, sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu gert sérstaka áskorun um framkvæmd þessa máls, og nú síðast hafa 60 áhrifa- og forustumenn úr öllum flokkum á Ísafirði skorað á hv. Alþ. að afgreiða þetta mál sem lög á þessu þingi. Af þessu er ljóst, að Ísfirðingar leggja mjög mikið kapp á þetta mál, af því að þeir vilja gefa sem flestu ungu fólki, sem rétt hefur til menntaskólanáms, færi á að stunda það og halda þessu unga fólki í sínum bæ og sínum átthögum svo lengi sem auðið er.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en vona aðeins, að málið fái skjóta afgreiðslu, eftir að það hefur verið athugað, og verði að lögum í vetur.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að segja hér nokkur orð, þar sem ég á sæti í menntmn. og hef orðið viðskila við meiri hl. hennar, eins og hv. 3. landsk. hefur nú lýst. Ég furða mig ekkert á því, að meiri hl. skuli vera búinn að skila sínu áliti, jafnmikinn áhuga og hann virðist hafa á málinu, og hefði mér að vísu þótt skemmtilegra að geta látið prenta mitt sérálit samtímis, en það er því miður ekki tilbúið, en því verður hraðað í prentun eftir föngum. Ég er nú ekki sömu skoðunar og meiri hl. n., sem hefur gefið út sameiginlegt álit, þó að ég hins vegar játi, að áhugi meiri hl. sé eðlilegur og réttlátur varðandi æðri menntun í landinu og umhyggja fyrir menntun æskufólksins sé fögur hugsjón þeirra eldri. En

hér kemur fleira til greina, sem gæti orðið til tafar, m. a. það, hvort hraða skuli svo mjög framkvæmd málsins, hvort það sé nógu vel undirbúið, að til framkvæmda komi, hvað sem lagaafgreiðslu líður.

Hér er boðið upp á menntaskóla á Ísafirði og Eiðum og á Laugarvatni. Ójá. Ég sé, að hv. flm. sýna lofsverðan áhuga á að stofnsetja menntaskóla í sínum héruðum, og ég ætti nú kannske að vera tilbúinn að taka í sama streng, þar sem þriðji skólinn á að vera að Laugarvatni, í mínu héraði. En ég verð að gera þetta upp við sjálfan mig og taka þá á mig þær ákúrur, sem ég kynni að fá fyrir að leyfa mér að efa, að þetta sé tímabær lögfesting. Ég held, að meginatriðið sé það, að stúdentaframleiðslan í landinu nú sé alveg nægileg miðað við, hvað hægt er að fylgja á eftir til æðra náms, sem stúdentspróf er nauðsynlegur millilíður í, og embætti í landinu virðast fullskipuð eins og nú er. Það hefur stundum komið fyrir, að þakklætið hefur ekki fylgt eftir á með hvatningunni til þess að verða stúdent og vita svo ekkert, hvað gera skal. Stundum er líka hitt, að fátækur piltur, en gáfaður vill verða stúdent, og eru vandræði að geta ekki liðsinnt honum til að ná því takmarki. En þegar um þetta er að ræða, þá álít ég, að það sé fleira, sem komi til greina til liðsinnis í þeim málum, heldur en umrædd fjölgun. Ég nefni þar t. d., að Akureyrarmenntaskólinn hefur heimavist, sem er ákaflega hagkvæm fátækum utanbæjarmönnum. Reykjavíkurmenntaskólarnir (verzlunarskólinn útskrifar stúdenta) hafa ekki aðstöðu til að bera sig saman við Akureyrarskólann að þessu leyti. Þess vegna finnst mér frá sjónarmiði þeirra, sem vilja meira en orðin ein, að það ætti frekar en gert er að taka tillit til fátækra námfúsra aðkomumanna, því að það vantar hér að fullnægja skilyrðum, sem fullnægt er á Akureyri að þessu leyti. Þegar á þetta er litið og málsatriðum í fullri alvöru fylgt á eftir, þá álít ég, að vegalengdirnar til menntaskólanna séu ekki eins veigamikið atriði og hitt, að menntaskólarnir séu ekki fleiri en það, að hægt sé að gera fyllstu kröfur til þeirra um kennaralið og allt, sem þarf til þess, að skólinn ræki hlutverk sitt. Það er ekki alveg hættulaust, ef menntaskólarnir eru mjög margir, ef ekki er tilbúið nógu vel mannað kennaralið í viðbót, því að l. gera strangar kröfur til þess, eins og vera ber.

Það hefur á undanförnum þingum verið minnzt á það og fluttar till. um það að reisa menntaskóla í sveit, og þá aðallega miðað við sveit á Suðurlandi, og í samræmi við það er ákvæði í þessu frv. um menntaskóla á Laugarvatni. En ég held, að það sé mjög mikið álitamál, ef slíkur skóli ætti að koma á Suðurlandi, hvort slíkur skóli ætti að vera á Laugarvatni fremur en einhverjum öðrum stað. Það er af mörgum talað um það, að við eigum að vera þjóðræki fólk, og Sunnlendingar eiga fornt og merkilegt menntaból, sem heldur hefur hrörnað á síðustu öldum, og finnst mér, að sá staður gæti einnig komið til álita í þessu sambandi. Ég verð að segja það eins og það er, að í mínu héraði hef ég ekki orðið var við neinn mikinn áhuga um þetta málefni enn sem komið er. En ef slíkur skóli verður settur niður í sveit, þá þarf hann að mínu áliti að vera þannig, að allra lífnaðarhátta sveitarinnar gæti í andrúmslofti og umhverfi skólans. Þar sem hver menntadeildin rís af annarri, eins og er að verða á Laugarvatni, af sumum rétt skilið og öðrum misskilið, þá gæti slíkt frv. sem þetta orðið álitamál. Jafnvel þótt það þætti að ýmsu leyti tímabært að fjölga menntaskólunum, þá vakir eitt málsatriði fyrir mér í þessu sambandi, og það er það, að slíka stofnun sem hér um ræðir og aðrar slíkar megi ekki lögfesta öðruvísi en með öryggi um, að l. verði meira en pappírsgagn. Við höfum nokkra reynslu af því, að lögfesting hefur verið gerð, bæði um skólastofnanir og fleira. Lögin hafa ákveðið, að þetta og þetta skuli gert, en framkvæmdirnar hafa oft orðið seinlegar og smáar frá sjónarmiði þeirra, sem telja aðgerðirnar nauðsynlegar og aðkallandi, og fyrir áhugamennina, sem vilja þetta af heilum hug, eins og t. d. flm. þessa frv., þá verður þetta, ef framkvæmdirnar dragast í mörg ár, hreinasti krossburður. Ég mun því gera till. um það, áður en frv. eins og þetta er lögfest, að fjárveitingarvald þingsins og ríkisstj. sé sá bakhjarl, sem segi til um, hvað hún vill leggja til framkvæmdanna, til þess að þetta verði ekki skrípamynd, sem fólkið fái trú á, að verði til gagns, en verði að falsvon.

En ég hef ekki rætt nema undan og ofan af því, sem mér er ofarlega í huga í sambandi við þessi mál. Ég hef orðið var við það, að það er fjöldi bænda sunnanlands, sem trúa á starf sitt og vilja vera því tryggir og vilja að æskumennirnir fái þá menntun, sem tilheyrir starfi ættarinnar, og þannig mun það vera í öllum starfsgreinum, og það kemur að því fyrr eða seinna, að það skýrist fyrir fólkinu, að það þarf að flokka fólkið, ekki eftir stundarlöngun, heldur eftir framtíðarstarfinu, til þess að atvinnuhlutföllin í landinu raskist ekki.

Ég vil svo með þessum formála láta þess getið, að ég mun, eftir því sem tími er til við þessa umr., ef henni fæst frestað, en að öðrum kosti við 3. umr., bera fram rökstudda dagskrá í þeim anda, sem ég hef nú lýst, og láta svo kylfu ráða kasti um, hver úrslitin verða.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða hina efnislegu hlið málsins, því að það var rætt ýtarlega á síðasta þingi, en vegna afgreiðslu frá n. vildi ég setja fram nokkrar fyrirspurnir til hv. frsm. — Hann gat þess fyrst í sinni ræðu, að hann kysi heldur harða baráttu á móti en að þm. þvældust fyrir í málinu, og geri ég ráð fyrir, að hann hafi átt við minni hl. n., en ekki d., og skilst mér þá, að meiri hl. hafi notað þá aðstöðu að setja fram nál., meðan þessir þm. eru fjarverandi, svo að þeir séu ekki að þvælast fyrir. En ég vildi benda á það, að það er ekki óeðlilegt, þó að hv. 1. þm. Reykv. vildi fá nokkurn frest til að kynna sér þetta mál, því að hann hefur ekki verið kunnugur málinu frá fyrri þingum, eins og hv. 2. þm. Árn., og vil ég fyrir hans hönd mótmæla því, að hann hafi þvælzt fyrir í málinu, nema af eðlilegum ástæðum að óska eftir hæfilegum tíma, og er ekki minni sómi að því heldur en

að meiri hl. n. setur málið í gegn vitandi það, að þessi hv. þm. er fjarverandi, og notar síðan aðstöðuna til að knýja málið fram í n. En af tilefni nál. vil ég gera fyrirspurn til hv. frsm. um það, hvort n. hafi rætt þetta mál við hæstv. menntmrh., og þá, hvaða svör hann hefur gefið í málinu, og hvort n. hefur rætt við fræðslumálastjóra og mþn. í skólamálum, því að frá mþn. í skólamálum hefur komið ýtarlegt frv. um menntaskóla í landinu, sem síðar varð að l., og þar er byggt upp ákveðið skólakerfi og er ekki óeðlilegt að n. hafi sent málið til umsagnar til þeirrar n. eða rætt við hana. Eins væri gott að fá upplýsingar um, hvort n. hefur rætt þetta mál við viðkomandi héruð, því að mér er kunnugt um, að þessi héruð eiga nú hluta í þeim skólum, sem starfa sem gagnfræðaskólar. Ég sé, að hv. frsm. ætlast til, að það verði byggður nýr menntaskóli á Ísafirði og þar eigi þá áfram að starfa gagnfræðaskóli, þó að hann hugsi sér til bráðabirgða að auka við kennsluna og hún verði í gagnfræðaskólanum, og tekur hann þar upp till. frá mér frá í fyrra, sem hann þá var á móti. Ég benti þá á, að með samkomulagi við menntmrh. mætti bæta við einum bekk á Ísafirði, en honum þótti það fjarstæða, en ég sé, að hann er kominn inn á það nú. Ég vil einnig í sambandi við þetta benda á, hvað viðvíkur Vestfirðingafjórðungi, að það var haldinn stór fundur á Rafnseyri fyrir 4 árum, sem hv. þm. V-Ísf. gekkst fyrir að halda með ýmsum skólanefndum í Vestfirðingafjórðungi, og þá álitu allir sjálfsagt að koma upp menntaskóla á Rafnseyri í minningu um Jón Sigurðsson. Það er nú svo með þann stað, að hann er að fara í eyði og hefur verið prestlaus í mörg ár. Það vaknaði einu sinni áhugi fyrir þessum stað, og voru þá veittar 150 þús. kr. til að hressa hann við, og þá var a. m. k. hugsað af viðkomandi aðilum, m. a. þessum flokksbróður hv. frsm., að reyna að koma upp menntaskóla á þessum stað í minningu Jóns Sigurðssonar. Nú vildi ég gjarna heyra frá hv. frsm., hvort hann hefur haft nokkra samvinnu um þetta við þessa aðila og hvort þeir séu sammála um, að í staðinn fyrir skóla á Rafnseyri vilji þeir styðja hugmynd um að setja skólann upp á Ísafirði. Ég sé, að til þingsins hefur komið áskorun varðandi þetta mál frá Norður-Ísfirðingum, en ekki Vestur-Ísfirðingum. Hins vegar furðar mig ekkert á því, þó að Ísfirðingar sæki það fast að fá menntaskóla á Ísafirði og vilji skaffa ókeypis lóð undir skólann, því að þetta getur verið stórkostlegt fjárhagslegt atriði fyrir bæinn, því að hann mundi taka á móti hærri upphæð í útsvörum í sambandi við vinnu við bygginguna heldur en sem svarar þeirri upphæð, sem lóðin kostar. Auk þess mundi hann fá góðar tekjur af þeim kennurum, sem yrðu á föstum launum við skólana, og er þess vegna ekki óeðlilegt, þó að Ísafjörður vilji fá skólann á staðinn. Þá vil ég benda á það, að það hafa komið fram mjög sterkar kröfur um það frá prestastéttinni, að menntaskóli verði byggður í Skálholti, og ég býst við, að biskup landsins standi þar framarlega til að halda uppi fornri minningu um Skálholtsstað, og væri fróðlegt að fá að vita, hvort hugsað er annars vegar að byggja tvo menntaskóla í Árnessýslu eða hvort fullt samkomulag er um að hafa skólann heldur á Laugarvatni en í Skálholti. Nú var að heyra á hv. 2. þm. Árn., að þetta sé heldur lítið áhugamál þar eystra, og kann það að stafa af því, að þeir hafi meiri áhuga á væntanlegum menntaskóla í Skálholti. En mér er kunnugt um, að þeir aðilar, sem hugsa sér að berjast fyrir endurreisn Skálholtsstaðar sem menningarseturs, hugsa sér að þar verði reistur menntaskóli.

Nú upplýstist það nýlega í Sþ., að hæstv. menntmrh. hefur á s.l. ári látið starfrækja menntaskóla á Laugarvatni, að vísu í óleyfi, hann hefur tekið í óleyfi úr ríkissjóði 40000 kr., og sé ég þá ekki ástæðu til að verðlauna það alveg sérstaklega með því að ákveða með l., að menntaskóli skuli þar vera, og hafi hann fengið syndakvittun frá þinginu í sambandi við þetta fjárnám, þá syndgar hann kannske upp á náðina aftur og heldur menntaskóla á Laugarvatni næsta vetur án þess að fá lagafyrirmæli um það hér. En ekki hefði verið óeðlilegt, að Alþ. hefði fengið að vita um það, hvort þetta mál hefur verið rætt við hann, ekki síst vegna fortíðar hans í þessu máli.

Hv. frsm. gat þess, að það væri og mikil fórn fyrir Vestfirðingafjórðung að senda sína nemendur til Reykjavíkur, og er ég honum sammála um það, að það er ekki lítill kostnaður fyrir þá nemendur, sem eiga heima á Ísafirði, að fara annaðhvort til Reykjavíkur eða Akureyrar til náms í 4—6 ár. En því er heldur ekki að neita, að það er sami kostnaður fyrir aðra nemendur, sem þurfa að fara til Ísafjarðar, og þetta kemur því ekki til góðs fyrir aðra en þá, sem búsettir eru á Ísafirði. Það er hins vegar rétt, sem hv. 2. þm. Árn. tók fram, að það er ákaflega mikið atriði fyrir alla þessa nemendur og landið í heild, að heimavist sé gerð bæði ódýr og hentug. Verða skólarnir aldrei til sparnaðar fyrir aðra en þá, er í heimavist eru. Hér er aðeins verið á byrjunarstigi. Heimavistin á Akureyri er ekki komin upp sakir fjárskorts. Ef það á að koma þrem menntaskólum á fót, er þar með íþyngt þeim, sem fengið gætu ódýrara uppihald. En hið eina, er mildað gæti kostnaðinn, er ódýr og hagkvæm heimavist.

Þá vil ég spyrja, hvernig n. hefur gert sér grein fyrir kostnaðarhliðinni. Er óeðlilegt, þegar borin eru fram frv., að hv. þm. geri sér enga hugmynd um kostnaðinn. Þótt segja megi, að eigi hafi svo mjög verið hugsað um þetta undanfarið, þá er hagur ríkissjóðs nú engan veginn svo, að ástæðulaust sé að gefa þessu gaum. Ég minnist þess um önnur mál, að fjarstæða þótti að minna á þetta og ræða um kostnaðinn, m. a. í fyrra.

Ég brosti, þegar getið var um 60 forustumenn á Ísafirði, einvörðungu í menntamálum, hvað þá öðrum. (*HV:* Ég vil vísa hv. þm. inn á lestrarsal.) Já, en þetta nær engri átt í einum kaupstað. Ef öll röksemdafærsla hv. þm. er á sömu lund, þá virðist mér hún hálffúin.

Að lokum vil ég benda á, að frá Ísafirði hefur komið krafa um sjómannaskóla, og var sótt mjög fast að fá fé veitt til hans. M. a. voru þau rök færð, að mikill kostnaður væri því samfara að senda menn til Reykjavíkur og auk þess

væri réttlætanlegt að gera þetta, af því að fyrsti sjómannaskóli landsins hefði einmitt verið á Ísafirði. En að mjög athuguðu máli þótti það nú ekki hagkvæmt. Jafnvel Ísfirðingar sjálfir hurfu að þeirri skoðun, að betra væri að hlúa að eina stóra sjómannaskólanum í Reykjavík. *(HV:* Allir skólar eiga að vera í Reykjavík.) Ég bendi á, að öll rök hníga á þá leið, að réttara væri að hlynna að skólanum í Reykjavík og gera þessum mönnum kleift að sækja þangað ódýra skólavist.

Ég þykist vita, að hv. frsm. litur eigi á þessi orð mín þannig, að þau lýsi andúð minni á þessu máli. Ég vil, að sem flestir fái að njóta námshæfileika sinna, þeir er þess æskja. Hér er aðeins um það að ræða, að menn vilja fara mismunandi leiðir. Hallast ég að þeirri skoðun, að búa beri vel að þeim skólum, sem fyrir eru í landinu, eða a. m. k. sé komið í veg fyrir, að heimavistir og skólastofur þurfi að standa hálftómar, vegna þess að þær eru ófullgerðar. En það stafar aftur af því, að byrjað er á of mörgu í einu. T. d. er mjög vanráðið um framkvæmdirnar að Laugarvatni, og er betra að ljúka við hálfgerðan hlut en byrja á öðrum. Mér skilst, að hæstv. ráðh. og ýmsir aðrir séu fastráðnir í því að koma upp menntaskóla að Laugarvatni, enda tekur hæstv. ráðh. heimildarfé til þess.

Ég geri ráð fyrir, að hæstv. forseti muni fresta þessari umr. Hins vegar mælist ég ekki undan atkvgr., þó að ég vildi gjarna fá atkv. sem flestra hv. þdm.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnishlið málsins, því að frsm. menntmn. mun nú hafa orð fyrir þeim hluta n., er afgreitt hefur málið. En orð féllu á þá leið hjá hv. þm. Barð., að skilja má þau sem ásakanir á n. eða þá nm., sem afgreitt hafa málið. Gerði hann það að vísu ekki beinlínis að sínum orðum. En þann skilning vildi hann leggja í orð hv. frsm., að þrír nm. hefðu gripið tækifærið, þegar hinir voru fjarverandi, til að afgreiða málið, hefðu laumazt til þess. Ég lagði allt annan skilning í þetta. En vitaskuld verður hver og einn að skilja hlutina sem honum þykir bezt við eiga. Við hv. þm. Barð. höfum áður rætt um það, hvernig skilja beri, hvað sé nefnd. Og nú ætla ég aðeins að leyfa mér að koma fram með einn skilning á þessu máli. — Ég held, að það sé nefnd, þegar meiri hl. nefndarmanna er á fundi og hann hefur verið löglega boðaður. Er svo ástatt um mörg nál., að allir nm. skrifa ekki undir, en þá er getið fjarveru þeirra, sem eigi eru viðstaddir, og er það gert á þskj. 163: „Á þeim fundi nefndarinnar, þegar málið var afgreitt, voru tveir nefndarmenn, þeir Eiríkur Einarsson og Björn Ólafsson, fjarstaddir." Þessi hv. samkoma heitir efri deild Alþingis, þó að einhverja dm. vanti á fund. Um það efast enginn maður. Og n. var ályktunarfær, þegar hún afgreiddi málið. En þá kemur til greina hitt, hvort við þrír höfum viljað komast hjá því, að félagar okkar tveir í n. greiddu atkv. Þann 9. nóv. er málið tekið fyrir á fundi í n. Þar eru 4 nm. mættir og á meðal þeirra hv. 1. þm. Reykv., er tók þátt í athugun málsins með okkur. Hins vegar stóð hv. 2. þm. Árn. svo sem ekkert við. Frv. með grg. var lesið upp, rætt var um málið og það athugað. Þann 29. nóv. er málið tekið fyrir að nýju, en í millitíðinni hafði verið minnzt á málið, án þess að það væri tekið hreinlega fyrir. Þá stendur þannig á, að hv. 1. þm. Reykv. er farinn af landi brott, og hv. 2. þm. Árn. biður um, að málinu sé frestað, þar til er varamaður hv. þm. geti mætt. Ég sem formaður n. samþykkti það og frestaði afgreiðslu þess, en tók jafnframt fram, að hv. 2. þm. Árn. yrði að sjá um, að varamaðurinn mætti á næsta fundi í n. Þetta mál hafði verið til meðferðar í hv. d. í fyrra, og var meira að segja búið að koma frv. í það horf, er helzt mátti vænta, að menn yrðu ánægðir með. Þótti þetta því nægileg málsmeðferð í n. Þann 3. des. er málið svo afgr. Sá fundur var skriflega boðaður öllum nm., þeim er á þingi voru, og bað ég starfsfólk Alþ. að boða varamanni hv. 1. þm. Reykv. þennan fund. En mér bárust þau boð, að frúin hefði eigi enn tekið sæti á þingi og mundi ekki koma. Skildi ég þetta á þá lund, að hennar væri ekki frekara að vænta. Mér virðist því sem eina ásökunarefnið sé það að slá ekki afgreiðslu málsins á frest, þar til að hv. 1. þm. Reykv. er kominn til þings aftur. En skrýtið þykir mér, ef n. má ekki afgreiða mál, þó að einn nm. sé í útlöndum, heldur eigi að bíða komu hans. En hefði hv. þm. verið á landinu, veit ég, að hann hefði tekið fullan þátt í afgreiðslu málsins. Um hv. 2. þm. Árn. er það að segja, að þann 3. des. vissi hann áreiðanlega um fundinn, því að hann merkti við á fundarboðið, að hann hefði séð það. Gruna ég hann fastlega um að hafa verið staddan allnærri, jafnvel í þinghúsinu sjálfu, þá er fundur var haldinn. *(PZ:* Þar get ég borið vitni.) Við þrír höfum ekki farið á bak við meðnefndarmenn okkar, enda haft viðleitni þá í frammi, að þeir tækju þátt í afgreiðslu málsins með okkur. — Ég sagði í upphafi, að ég ætlaði eigi að ræða efnishlið málsins. En ég tek það fram, að ég álít vafasamt það, sem hefur verið látið uppi um kostnaðarhliðina. Svo var gengið frá hér um árið, að kalla má, að hvert það ungmenni, er náð hefur miðskólaprófi, eigi heimtingu á að mega halda áfram námi. Aðsókn að slíku námi fer því sívaxandi. En m. a. hefur krafa komið fram um nýjan menntaskóla í Reykjavík. Tel ég efasamt, hvort dýrara sé að reisa menntaskóla með einni bekksögn úti á landi en ráðast í stórbyggingu hér í Reykjavík. Eins og hv. frsm. n. sagði, er leið sú, sem þrædd er í frv., ódýrari fyrir borgara í fjarlægum landsfjórðungum, þá er börn eiga að námi, eða unga menn, sem eru að ryðja sér braut af eigin rammleik, — hvað sem því líður hvort sé dýrara fyrir ríkissjóð. Mun ég svo eigi fjölyrða frekar um málið.

Forseti (ÞÞ): Þar eð tveir hv. þdm., þeir 2. þm. Árn. og 1. þm. N-M., hafa báðir kvatt sér hljóðs og mér virðist sem fleiri muni vera vígreifir nokkuð, geri ég eigi ráð fyrir, að takast megi að ljúka afgreiðslu málsins á þessum fundi, og mun því fresta umr.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég vildi mælast til þess, að mál þetta verði tekið af dagskrá af þeirri ástæðu, að ég lenti í minni hl. innan n. og minnihlutaálit mitt er komið til prentunar, en mér var sagt áðan, að það væri ekki enn komið úr prentun. Af þessari tilgreindu ástæðu vil ég fara fram á við hæstv. forseta, að málið verði tekið af dagskrá.

Forseti (BSt): Það er nú raunar upplýst, að hv. þm. lýsti engum ágreiningi innan n. á fundum, en samkv. þessum upplýsingum, þótt segja megi, að þetta komi seint fram, skal ég fresta umræðum, — og er málið tekið af dagskrá.

Á 28. fundi í Ed., 10. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 60, n. 163 og 183).

Forseti (BSt): Þar eð brtt. hefur engin komið fram, heldur einungis till. til rökstuddrar dagskrár, þá þarf eigi að leita afbrigða. Þar sem komið er sérstakt nál. frá hv. 2. þm. Árn., verður að líta á hann sem frsm. minni hl. n., og tekur hann til máls. (*EE:* Þetta er frh. umr., og það er einhver á mælendaskrá.) Nei.

Frsm. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Sá hv. þm., sem hafði kvatt sér hljóðs á undan mér, mun ekki vera viðstaddur, svo að ég skal hagnýta mér málfrelsið. (*GJ:* Hagnýta?) Ég hef nú litlu við það að bæta, sem ég tók fram við fyrri umr. málsins, að ég sem minni hl. n. mundi leggja fram till. til rökstuddrar dagskrár, og birtist hún hér á þskj. 183. Annars get ég skírskotað til fyrri ummæla minna og grg. dagskrárinnar. Ákjósanlegt hefði verið, ef aðrir hv. þm. hefðu verið við og notið málfrelsis síns, en við þetta læt ég sitja, mælist til þess, að hv. þdm. sjái sér fært að afgreiða málið með því að samþykkja dagskrána. Ég læt þess og getið, að hér í þessari hv. d. urðu einhverjar meiri háttar umr. um mig sem minnihlutamann í n. og fjarverandi á fundi hennar. Það er auðvitað alveg rétt hjá hæstv. forseta, að ég var enginn mótmælandi í þessu máli, en því síður var, að ég féllist á niðurstöður meiri hlutans um samþykkt frv. Á hinn bóginn varðveitti ég rétt minn til að koma fram með sérstöðu mína í málinu, svo sem ég nú hef gert.

Frsm. meiri hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Eins og hæstv. forseti, formaður menntmn., sagði, hafði hv. 2. þm. Árn. tekizt allvel það verk að stuðla að drætti málsins með því að vera svo síðbúinn, að enginn hefur getað vitað um, hvað honum liði. En nú hefur hann bætt einum kapítula við fyrri framkomu sína í þessu máli til að sýna hæfileika sinn til að þvælast fyrir í vegi góðra mála. Ég sé engan veginn tilganginn með þessu síðbúna nál. minni hlutans. En út af fyrir sig getur það haft það hlutverk sem endranær að tefja málið og draga það á langinn. Ég hefði þó talið eðlilegra að vera annaðhvort heill með málinu eða tygja sig hreinlega til bardaga gegn því.

Ég vil svo svara nokkrum spurningum hv. þm. Barð. í sambandi við málið. Hann spurði um, hvort mþn. í skólamálum, sem enn starfaði, hefði fengið málið til umsagnar. Til þess þótti ekki ástæða, þar eð það var sent henni á næstliðnu þingi. Hafði hún það lengi til meðferðar og fékk send gögn, þ. á m. skýrslu, sem var mjög dregin inn í umræðurnar. Hún sýndi, að notin af menntaskólunum eru mjög miklu meiri fyrir fólk, sem á heima í Reykjavík og á Akureyri, heldur en fyrir unga menn úr öðrum landshlutum. Úr Reykjavík og frá Akureyri var hundraðshluti nemendanna margfaldur að hæð til samanburðar við Vestfirðingafjórðung og Austfirðingafjórðung, sem nú eiga að fá menntaskóla skv. þessu frv. til að jafna aðstöðu ungmenna í landinu. Ég hygg, að fyrirspyrjandinn muni fallast á, að ærið tilefnislítið sé að senda málið til sömu n., er áður hefur skilað till. sínum um það og telur sig hafa lokið verki sínu. Held ég, að starf hennar úr þessu sé aðeins að senda frá sér till. um frv. til l. um iðnskólafyrirkomulagið í landinu. — Þá eru þau atriði, sem varða staðsetningu skólanna og hv. þm. Barð. vék að. Kvað hann menntaskóla vera mundu eins vel stæðan á Rafnseyri og hvar annars staðar. Tók hann þó fram, að það væru eigi sínar till. í málinu. N. hefur ekki tekið slíkt til athugunar. Hygg ég, að nm. hafi verið ásáttir um, að sá staður, þar sem gagnfræðaskóli væri og legði til meginþorra nemenda, ætti að vera menntaskólasetur. Yrði ríkissjóði með því sparað fé, því að þá væri síður þörf fyrir heimavist, sem hleypir nú stofnkostnaði allt*énd fram. Ég álít þessi rök hafa sannfært n. um, að lítt væri hugsanlegt að reisa skólann annars staðar á Vesturlandi. En um Rafnseyri er það að ræða, að sá staður er nú í eyði, fyrst og fremst fyrir sakir afskipta hins opinbera í sambandi við lýðveldisstofnunina, þeirra er sýna áttu rækt*arsemi við minningu Jóns Sigurðssonar forseta. Ég hef átt tal við marga Rafnseyrarbændur, og þeir ljúka upp einum munni um það, að staðurinn sé ekki byggilegur. Ábúandanum er leigður hann til eins árs í senn, svo að engin trygging er fyrir því, að hann fái að halda staðnum áfram. Allt er þar í niðurníðslu og engin framtíðarvon fyrir hendi. Er svo lítil rækt lögð við minningu foringjans mikla. — Þetta var nú útúrdúr í tilefni af ræðu hv. þm. Barð. Hann vék og að því, að þetta væri stórt fjárhagsatriði fyrir Ísafjarðarkaupstað sjálfan og því hafi áskorunin komið þaðan. Ég fullyrði, að Ísfirðingar hafa hér eigi í huga fjárhagslegan ábata. Þeim leikur aðeins hugur á auknu menningarlegu jafnrétti á við Reykvíkinga og Akureyringa. Það er hin rökstudda þörf, sem þeir styðja. Hitt er annað mál, að af þessu mun jafnframt leiða fjárhagsleg hlunnindi fyrir þennan kaupstað sem hina tvo. Hver kaupstaður, þar sem er menntaskóli, hlýtur ævinlega að hafa fjárhagsnytjar af þeim sökum. Ég veit t. d., að Akureyri á mikið af vexti sínum og viðgangi að þakka áhrifunum frá menntaskólanum þar. Minna má og á, að gagnfræðadeildin við Reykjavíkurskóla hefur ætíð verið kostuð af ríkissjóði, og Akureyrarskóli hefur notið sömu hlunninda, síðan mennta-

skóli var þar settur árið 1930. Hins vegar verða hinir kaupstaðirnir að bera kostnaðinn við gagnfræðaskóla sína sjálfir. Ef einblína ætti á fjárhagslega hlið málsins, má virðast tími til kominn að veita Ísfirðingum fjárhagslegt jafnrétti við Reykjavík og Akureyri í því skyni að rétta hlut kaupstaðarins, þó að seint sé. — Hv. þm. Barð. vék að kostnaðarhlið þessa máls, að því er kæmi til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð. Ég held, að þessi hv. þm. leggi of mikið upp úr því, er í frv. felst, en það fer fram á stefnuyfirlýsingu Alþ. þess efnis, að auk núverandi menntaskólasetra verði reistir tveir nýir menntaskólar, á Ísafirði og í Austfirðingafjórðungi, á Eiðum. Meira felst ekki í frv. En á því Alþ., er ákvæði framlög til þessara framkvæmda í fjárlögum, kæmi fyrst til kasta fjárveitingavaldsins. Hér er á hinn bóginn eigi um neina útgjaldaliði að ræða, þó að frv. verði samþ. Benda má á, að þessu máli er svo farið, að komi ekki menntaskólar á Vestfjörðum og Austfjörðum, þá er vitanlegt, að tala þeirra nemenda, sem færu í hina skólana, mundi aukast, og legðu þeir þá leið sína m. a. til Reykjavíkur. Auk þess má benda á, að menntaskólinn í Rvík hefur engin tök á að veita öllum þeim nemendum skólavist, sem rétt eiga til hennar. Það yrði því að byggja hér mikið skólabákn, ef fullnægja ætti þörfinni, en slíkt fyrirkomulag er varla heppilegt.

Það var eitt atriði í ræðu þm. Barð., sem gladdi mig, en það var, að hann vildi jafna aðstöðu æskunnar til náms. Nú er þetta einmitt kjarni þessa máls, og ef alvara er á bak við þessi orð hjá hv. þm., þá er hann samþykkur anda þessa frv.

Ég tel, að ekki væri nauðsynlegt að hefja framkvæmdir í þessu máli með byggingum, þó að til þess leiddi. Það væri auðvelt á Ísafirði að byrja kennslu 1. og 2. bekkjar menntaskóla í húsnæði gagnfræðaskólans og hrinda málinu þannig í framkvæmd án verulegs kostnaðar, en það er sú aðferð, sem vakir fyrir mér og öðrum Ísfirðingum, er áhuga hafa á þessu máli.

Þá vil ég víkja að hinu síðbúna áliti minni hl. n., 2. þm. Árn. Hann talar um hvatlegar ákvarðanir að ætla Laugarvatn sem skólastað. Ég held, að hér sé alls ekki um hvatlegar ákvarðanir að ræða. Fyrst og fremst eru nú lög fyrir því að reisa menntaskóla í sveit á Suðurlandi, svo að það er ekki aðeins um hugmynd að ræða, en auk þess má benda hv. 2. þm. Árn. á, að á grundvelli þessara laga er nú þegar hafin kennsla, sem svarar til 2. bekkjar menntaskóla, og er það framhald af því, að s.l. vetur starfaði þar 1. bekkur. Það virðist sem þetta hafi alveg farið fyrir ofan garð eða neðan hjá hv. þm., þó að það sé í hans eigin kjördæmi, hvernig sem það hefur mátt verða. Ég tel, að 2. þm. Árn. nægi þetta svar við því, að menntaskóla sé raunverulega ætlaður staður á Laugarvatni. Annars er 2. þm. Árn. hjalandi um það, að þörf unga fólksins verði betur leyst með því að byggja góða heimavist við menntaskólann í Rvík. Þetta er gömul hugmynd, sem var mikið notuð í baráttunni gegn menntaskólanum á Akureyri, en þó að nú séu liðin 25 ár síðan sú barátta stóð, þá bólar ekki á neinni heimavist við menntaskólann í Rvík. Ef áhugi fyrir jafnrétti til náms hefði verið fyrir hendi hjá þeim mönnum, sem ísmeygilegast börðust gegn menntaskólanum á Akureyri og með tungumýkt reyndu að eyða því máli, eins og t. d. ummæli þeirra, að ráðlegra væri að byggja góða heimavist fyrir utanbæjarnemendur við menntaskólann í Rvík, sýna, þá ættu nú að vera einhverjar heimavistir hér, en það er ekki svo mikið sem eitt einasta rúm við menntaskólann í Rvík eftir aldarfjórðungsbaráttu. Slík er reynslan af afturhaldinu í landinu, — og er nokkuð minni ástæða að ætla að eins færi nú? Hv. 2. þm. Árn. segir í sínu nál., að málið skorti undirbúning. Hvaða undirbúning telur þm. að vanti? Ég sé ekki, að það þurfi neinn frekari undirbúning til þess, að Alþ. gefi þá viljayfirlýsingu, að menntaskólar skuli verða stofnaðir á Ísafirði og Eiðum.

Ein röksemdin gegn menntaskólum á umræddum stöðum er sú, að núverandi menntaskólar hafi miklu betri aðstöðu til góðrar kennslu en smærri skólar dreifðir um landsbyggðina og auk þess hafi þeir söfn og fleiri slík hjálpargögn. Þetta er að miklu leyti rétt, — en á að draga þá ályktun af því, að í Rvík eigi að staðsetja allt, vegna þess að aðstaðan sé þar yfirleitt betri? Á t. d. að flytja alla skóla til Rvíkur vegna þess, að þar er aðstaðan betri til kennslu? Ef til vill er það skoðun þessa hv. þm. Eða er það yfir höfuð álit manna, að allir Íslendingar eigi að búa í Rvík? Ef svo er ekki, sem ég geri frekar ráð fyrir, — skyldi þá ekki vera tímabært að gera tilraun til að jafna aðstöðumun fólksins, sem býr úti á landsbyggðinni, og þeirra, sem búa í Rvík, og gæti ekki þetta mál einmitt verið spor í rétta átt? Loks kemur 2. þm. Árn. að því í nál. sínu, að það kunni að leiða að því, að rétt sé að reisa menntaskóla í sveit, og í því sambandi kemst hann svo að orði: „En þá yrði líka að vanda til alls, svo að andrúmsloft sveitanna kæmist þar að og nyti sín. Slíkur menntaskóli mætti ekki verða í neinni þeirri hvirfingu, er kynni á leiðinlegan hátt að minna á það, er raskar rónni í stórbæjunum.“ Þarna kemst þm. að þeirri niðurstöðu, að jafnvel sé of mikil hvirfing á Laugarvatni, — en hvað mun þá um báknið, sem hann vill reisa í Rvík? Hv. þm. vildi sennilega frekar staðsetja menntaskóla á eyðibýlinu Skálholti, þó að hann bæri það ekki fram. (*EE:* Var ekki nógu fljótfær til þess.) Hins vegar tel ég, að Laugarvatn sé bæði fjárhagslega og menningarlega heppilegasti staðurinn fyrir umræddan skóla. — Hugleiðingar sínar endar svo 2. þm. Árn. með því að leggja til, að málinu verði vísað frá með svohljóðandi rökstuddri dagskrá: „Í trausti þess, að ríkisstj. hlynni sem bezt að þeim menntaskólum, sem nú eru í landinu, svo sem með því, að gerðar verði heimavistir fyrir fátæka utanbæjarnemendur, og taki jafnframt til athugunar, hvar hentast mundi síðar að reisa menntaskóla í sveit, ef skólum þessum yrði fjölgað, sem eigi þykir ástæða til að svo komnu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“ Ég skil ekki, hvers vegna sumum er svo annt um að bregða fæti fyrir þetta frv. Það er ekki eins og það sé

markmiðið með frv. að rýra á nokkurn hátt hlut þeirra skóla, sem fyrir eru, heldur þvert á móti.

Annars er það ekkert nýtt, að afturhaldsmenn í landinu þvælist fyrir menntaskólastofnun. Við höfum í því efni fyrir okkur sögu menntaskólamálsins fyrir 25 árum. Aðalandstæðingar þess máls, þeir Magnús Jónsson, Bjarni frá Vogi og Jón Þorlákssson, héldu því fram, að nægilegt væri að hafa einn menntaskóla og að stúdentaviðkoman, sem þá var, 20—30 á ári, væri alveg nægileg, en hins vegar þóttust þeir vilja byggja heimavist til að jafna aðstöðu nemenda, sem ekki er þó búið að byggja enn. Þeir, sem börðust fyrir málinu, bentu á, að nú þegar væri ⅛ hluti þjóðarinnar búsettur í Rvík og hversu hættulegar afleiðingar það gæti haft fyrir þjóðina, ef fólksflutningarnir úr sveitum og sjávarþorpum til Rvíkur héldu áfram. Hvað mundu þessir menn segja nú, þegar nálægt ⅖ hlutar þjóðarinnar eru búsettir í Rvík. Nei, það er alveg víst, að menn verða að gera það alvarlega upp við sig, hvort þeir óska eftir, að öll þjóðin setjist að í Rvík, og ef þeir komast að þeirri niðurstöðu, sem ég geri ráð fyrir, að það geti orðið mjög háskalegt fyrir þjóðina, þá verða þeir að stuðla að með raunhæfum aðgerðum, að aðstaða þeirra, sem úti á landsbyggðinni búa, verði bætt. Eða á það að fara eftir því, hvaða hæfileika og hvaða þroska menn hafa, hvar sem þeir eru búsettir á landinu? Og það er táknrænt, að þeir, sem lögðu sig mest fram um að þvælast fyrir menntaskólamálinu fyrir um 25 árum síðan, þeir reyndu það — eins og nú er reynt að gera af veikum burðum — með því að slá því fram, að þetta væri langbezta lausnin, að byggja heimavist við menntaskólann í Rvík. En ekki sjást merki þess, að þennan aldarfjórðung, sem liðinn er síðan, hafi þeir gert mikið til þess að koma þessari ágætu hugmynd í veruleika. — Það hefur vakið furðu mína, að það voru einmitt háskólaborgarar á Alþ. fyrir 25 árum, sem börðust hatramlegast á móti því, að Norðlendingar fengju jafnrétti við Sunnlendinga um að fá menntaskóla. Svo að segja hver einasti þm., sem mælti í gegn málinu þá, var háskólaborgari, og hv. 2. þm. Árn. er víst háskólaborgari. En alþýðumennirnir á þingi og ýmsir góðir menn með þeim, einstöku háskólaborgarar líka, höfðu góðan skilning á málinu, og þeirra innsýn í framtíðina virðist hafa verið nær veruleikanum heldur en hinna lærðu manna og skarpvitru á þeim dögum. Sveinn í Firði var einn þeirra manna, sem fyrir 25 árum skildi menntaskólaþörf Norðlendinga. Aðrir sögðu þá ýmsir, að það mál væri einskisvert og metnaðarmál Norðlendinga. Sveinn í Firði svarar þessu þannig þá: „Metnaðurinn á alltaf fullan rétt á sér, ef hann er heilbrigður og horfir fjöldanum til heilla, svo sem hér er. Hér er á ferðinni gott mál og nytsamlegt. Málið stutt af mönnum úr öðrum landshlutum. — Eftir mínum hugmyndum um þessa hluti, er Reykjavík einhver allra óhollasti og lakasti staður á landi hér fyrir uppeldi ungmenna. Mótbára, að ekki mundu verða til sómasamlegar stöður fyrir allan þann sæg stúdenta og lærðra manna, sem kæmi, ef skólarnir yrðu tveir. Ég er þó ekki hræddur við þetta. Þeir gætu orðið bændur, iðnaðarmenn, kennarar, o. s. frv. Og hvað er við því að segja nema gott eitt að eignast skólagengna, jafnvel háskólagengna bændur? Það er engin nýlunda hjá nágrannaþjóðunum að hitta slíka menn meðal bænda, og bæði hafa þeir verið hér og eru til í bændastétt."

Einn af þeim, sem lögðust á móti menntaskólamáli Norðlendinga, var Jón Auðunn Jónsson. Hann sagði þá: „Kostnaðurinn við þennan alóþarfa Akureyrarskóla væri fé, sem að mestu væri kastað á glæ." — Hvað ætli reynslan hafi sýnt nú um þennan dóm fyrrv. þm.? Ég efast um, að nokkur sé til á Alþ. nú, sem vildi taka undir þetta. Og þessi þm. sagði: „Við höfum nóga menn til að standa fyrir verklegum framkvæmdum, nema ullarverksmiðju. Ekki er þörf á stofnun menntaskóla á Akureyri vegna þessara tveggja manna." Svona talaði þessi þm. En ég hygg, að það hafi orðið verkefni til fyrir þá, sem útskrifazt hafa frá menntaskólanum á Akureyri, nokkurn veginn allt til þessa dags, og skipta þeir menn þó mörgum hundruðum.

Það gekk ekki fyrir sig á einu ári að koma fram menntaskólamáli Norðlendinga. Því var hreyft árum saman, og það var barizt á móti málinu eftir ótrúlegustu leiðum. Meira að segja — ég get ekki stillt mig um að skýra frá því — eftir að Norðlendingar höfðu fengið leyfi til þess, að ungt fólk fengi að stunda stúdentsnám fyrir norðan, en ekki að taka stúdentspróf þar, en piltarnir áttu að fara til Reykjavíkur til að taka þar próf, þá vitnaðist það, að þáverandi rektor menntaskólans hafði beðið kennara menntaskólans í Rvík að veita ekki piltum að norðan stundakennslu. Svona frekt var hamazt á móti málinu, að það var beinlínis gert í menntaskóla þjóðarinnar að bregða fæti fyrir pilta að norðan, sem óskuðu að kynnast kennurum við menntaskólann í Reykjavík, með því að fá hjá þeim tímakennslu. Kennaralið skólans var á þeim tíma beðið um það af rektor skólans að veita þeim ekki tímakennslu. — Ég hygg, að menn sjái, að þegar svona er hamazt á móti góðu máli, þá er komið í óefni fyrir mönnum.

Rétt áður en menntaskóli Norðlendinga fékk afgreiðslu á Alþ. — 1924 var það, sem þál. fékkst samþ. um málið — lagði þáverandi fræðslumálastjóri, núverandi hv. þm. V-Ísaf., málinu lið með þessum orðum:

„Ótti manna við stúdenta er annars broslegur. Og eins og þingið virðist hrætt við þá, sýnist undarlegt, að það skuli ekki grípa til róttækra ráðstafana til að girða fyrir, að nokkrir verði stúdentar. — Að menn skuli t. d. ekki hrifsa stafrófskverin af börnunum, áður en þau verða læs, af ótta við, að þau verði einhvern tíma stúdentar. En stúdentahræðslan er gersamlega ástæðulaus í sambandi við þessa tillögu, nema menn vilji draga úr stúdentamenntun með þeim hætti að gera námið svo dýrt, að ekki geti aðrir en Reykvíkingar og auðugustu utanbæjarmenn komið sonum sínum og dætrum á framfæri. En þess er að gæta, að fleiri landshorn eiga rétt á sér en það, sem við byggjum. Hér í Reykjavík senda foreldrarnir börn

sín á menntaskólann, og ríkið greiðir kostnaðinn, ca. 500 kr. á hvert barn á ári. — Nú greiðir hver að meðaltali 80—100 kr. í ríkissjóð á ári, og hagnast því Reykjavíkurbúar ekki lítið á þessum viðskiptum við ríkissjóð. Það er meiri en lítil hætta búin menningu vorri af þessari sérstöðu Reykjavíkur. Kjarni þjóðarinnar hefur til þessa ekki þroskazt í Reykjavík. ..... Tillagan sparar að vísu ekki fé ríkissjóðs, heldur fé fátækra námsmanna."

Ég hef með þessum tilvitnunum í umræður frá 1923 og 1924 komið inn á mörg atriði, sem hafa verið uppistaða í umr. nú, þegar þetta mál, sem hér liggur fyrir, var flutt í fyrra og nú, þegar það er flutt á þessu þingi. Og ég tel, að sagan hafi endurtekið sig hér, bæði að því er snertir málstað þeirra, sem berjast nú fyrir þessu máli, og einnig saga þeirra, sem börðust á móti menntaskólamálinu 1923 og 1924, í baráttu þeirra, sem berjast á móti málinu nú.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið. Ég treysti því, að allir hv. þm. sjái, að hér er á nákvæmlega sama hátt eins og fyrir 25 árum síðan verið að reyna að bregða fæti fyrir þetta mál og með sömu aðferðum, með því að hjala um heimavistarbyggingu við menntaskólann í Rvík, sem leysi allra þörf og veiti öllum jafnréttisaðstöðu, og með því síðan að bera fram rökst. dagskrá um að vísa málinu frá. En eins og þeim ágætu mönnum, sem börðust gegn menntaskólamálinu fyrir 25 árum, sem þá lá fyrir hæstv. Alþ., missýndist hrapallega um hættuna, sem þeir töldu, að stafaði af aukinni stúdentaframleiðslu, og um, að engin þörf væri fyrir menntaskóla Norðurlands, eins missýnist hv. 2. þm. Árn. og þeim, sem við hlið hans standa til þess að berjast á móti þessu máli, þrátt fyrir það þótt þeir hafi stórt og gott höfuð á herðunum.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Ed., 13. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í umr. um þetta mál síðast minntist hv. form. menntmn. á, að ég hefði ásakað hann sem formann í sambandi við afgreiðslu málsins. Orð mín ber ekki að skilja sem ásökun á form. eða n., heldur voru þau sögð að gefnu tilefni frá hv. frsm. Ég gerði nokkrar spurningar til hv. frsm. í minni fyrri ræðu, og hefur sumum verið svarað. Kem ég aftur að því. Ein spurningin var um það, hvort frv. mundi ekki hafa kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, og kvað frsm., að svo mundi ekki verða, því að fyrir lægju kröfur um nýjan menntaskóla í Reykjavík, og skildist mér, að frsm. teldi, að með samþykkt þessa frv. væri þeim kröfum bægt í burtu, en ég er ekki á sama máli um það. Hafi það verið rétt, að það, að bæta við einni deild í Laugarvatnsskólanum, hafi kostað 40 þús. kr., þar sem þó voru húsakynni fyrir hendi, þá skil ég ekki annað en þetta frv., ef að lögum verður, komi allþungt niður á ríkissjóði. Ég tel því æskilegt, að þetta mál verði rætt við hæstv. fjmrh., en um það gaf hv. frsm. engin svör, og skildist mér, að það hefði enn ekki verið gert. Nú var upplýst og viðurkennt af hv. frsm., að fræðslulögin væru eins og stendur engan veginn uppfyllt vegna fjárskorts, og hann upplýsti einnig, að gömlu fræðslulögin væri ekki hægt að uppfylla með árlegu framlagi ríkissjóðs, eins og það er nú. Eftir að þessar upplýsingar eru fram komnar og viðurkenndar af hv. frsm., þá undrar mig, að hann skuli leggja kapp á að auka við ákvæði fræðslulaganna um byggingu fleiri skóla, sem kosta stórfé, meðan ekki er hægt að uppfylla þau ákvæði, sem fyrir eru. Ég get því ekki verið sammála því að auka þannig stórlega útgjöld ríkissjóðs án þess að benda á leiðir til tekjuöflunar á móti. Hv. frsm. upplýsti einnig, að hv. menntmn. hefði ekki rætt málið við mþn. í skólamálum, og vísaði hann til þess, að mþn. hefði skilað áliti sínu um menntaskóla, og væri því ekki ástæða til að ræða málið frekar við hana. Nú skilst mér, að í till. mþn. hafi ekki verið gert ráð fyrir menntaskólum á Eiðum og Ísafirði, og því var ástæða til að ganga úr skugga um, hvort nefndin hefði skipt um skoðun. Ég ásaka þó ekki form. menntmn. fyrir að hafa ekki gert það, en eðlilegt er, að á þetta sé bent, því að það hefði verið eðlileg málsmeðferð og málinu til styrktar, ef mþn. hefði samþykkt það. Hins vegar ef mþn. var á móti málinu, þá var rétt að fá það fram, og dettur mér ekki í hug, að menntmn. hafi látið undir höfuð leggjast að leita álits mþn. af ótta við afstöðu hennar. — Þá upplýsti hv. frsm. einnig, að n. hefði ekki haft samband við þá aðila, er hugsa sér að reisa menntaskóla á Rafnseyri. Ég geri ráð fyrir, að það stafi af því, að n. hafi talið slíka hugmynd fjarstæðu. Þessi hugmynd hefur þó komið fram hjá heilu sýslufélagi, og legg ég ekki dóm á hana, en það hefði ekki verið óeðlilegt, að n. spyrði þá, sem skólann vilja á Rafnseyri, hvort þeir gætu ekki sameinað hugmynd sína hugmyndinni um menntaskóla á Ísafirði, því að líkurnar fyrir skólabyggingu á Rafnseyri minnka stórum, ef skóli er reistur á Ísafirði. Í sambandi við þetta minntist hv. frsm. á, að Rafnseyri væri komin í eyði fyrir aðgerðaleysi þeirra manna, sem reisa áttu staðinn við. Ég mótmæli þessu sem fjarstæðu. Það er algerlega ósæmilegt að bera fram ómaklegar fullyrðingar sem þessar. Ég get fullvissað hv. frsm. um það, að áður en hugmyndin um skólabyggingu á Rafnseyri kom fram, þá var presti veitt þar brauðið, án þess að hann tæki við jörðinni. Leigði hann jörðina til bónda, en hann var farinn, þegar till. um skólabygginguna kom fram. Þessi prestur kom beint frá prófborðinu og var settur um stund án þess að hugsa sér að staðfestast þarna, og það var ekki hugmyndin um að reisa skólann, sem flæmdi hann burt. Hugmyndin hefði einmitt frekar átt að ýta undir hann að vera kyrran, því að áformað var, að Rafnseyrarprestur veitti skólanum forstöðu, eins og sr. Böðvar Bjarnason hafði gert, er hann um mörg ár kenndi unglingum gagnfræði, um leið og hann þjónaði Rafnseyrarprestakalli. Það er því hrein fjarstæða, að Rafnseyri hafi farið í eyði af þeim sökum, er hv. frsm. vildi vera láta. Bóndinn, sem var þar, hætti búskap af heimilisástæðum, ekki af því, að reisa ætti

Rafnseyri við, heldur af því, að hann treystist ekki til að búa.

Hv. frsm. færði það eitt sem rök fyrir skóla á Ísafirði, að kostnaðurinn fyrir námsfólk, sem færi í menntaskólann í Reykjavík, væri svo gífurlegur, að foreldrarnir færu með þeim þangað. Einmitt af því, hve uppihaldið er dýrt hér í Reykjavík, þá var stungið upp á heimavist við menntaskólann hér, en það gat hv. frsm. ekki fallizt á. En ef sami háttur er hafður á Ísafirði, að þar verði ekki heimavist, þá verður kostnaðurinn hlutfallslega jafnmikill fyrir þá, sem ekki eiga heima í sjálfum Ísafjarðarbæ. Þeir, sem eiga heima í Dýrafirði, Grundarfirði, við Djúp o. s. frv., yrðu að leigja sér herbergi og þjónustu úti í bæ, og það yrði ekki mikill kostnaðarmunur á Ísafirði og í Reykjavík. Það yrði bitamunur, en ekki fjár. Þess vegna er það lausnin, ef menn vilja draga úr kostnaði nemenda, að byggja heimavist. Það hefur verið gert á Akureyri og Laugarvatni og verður gert á Eiðum. Ég hygg því lítil rök fyrir því, að þeir, sem ekki eiga heima í Ísafjarðarbæ, mundu frekar leita þangað en til Akureyrar eða Reykjavíkur, því að kostnaðurinn verður nánast hinn sami, ef ekki er heimavist. En hv. frsm. kom inn á það, að heimavist væri ekki aðalatriðið, heldur hitt, að þeir staðir, sem nefndir eru í frv., nytu sömu menningarlegrar aðstöðu og aðrir staðir. Það má segja, að þetta sé sjónarmið út af fyrir sig, og í þessu ber okkur ekki mikið á milli. Aðeins það, að ég vil í staðinn fyrir að reisa þarna nýja skóla, láta halda áfram að bæta við nýjum bekkjum, og þannig gætu staðir þessir náð sömu menningaraðstöðu og aðrir staðir. Þó að ég vilji ekki fylgja því að ákveðnar séu með l. tvær nýjar stofnanir og þeirri þriðju sé ákveðinn sérstakur staður, þá er ég fús til að fylgja því, að sú eðlilega þróun geti átt sér stað, m. a. á Ísafirði, þegar skilyrði eru fyrir hendi til þess, eins og sagt er, að séu þar nú, og kostar ríkissjóð miklu minna fé og kemur fljótar að gagni en þó að það sé ákveðið í l., að skóli skuli byggður.

Hv. frsm. segir í sambandi við þetta, að hann fari ekki fram á annað en stefnuyfirlýsingu um, að þessi menningarlega aðstaða verði gefin héruðunum, sem hér um ræðir, eins og Reykjavík. En frv. er allt annað en stefnuyfirlýsing. Í því felst fyrirskipun, í fyrsta lagi um, að menntaskólar skuli verða reistir á Ísafirði, á Eiðum og að menntaskóli, sem áður hefur verið ákveðinn í l. á Suðurlandsundirlendi, skuli verða settur á ákveðinn stað. Það er að vísu tekið fram í frv., að þetta skuli ekki gert fyrr en jafnóðum og fé sé til þess veitt á fjárl. Ég vil nú benda hv. þm. á það, að ef núverandi menntmrh. hefur talið það sæma sér að taka fé úr ríkissjóði, án þess að heimild væri til þess, til þess að starfrækja menntaskóladeild á Laugarvatni, eins og hann hefur viðurkennt hér á Alþ. að hafa gert, hversu miklu frekar hann mundi fara ofan í ríkiskassann, ef frv. það, sem hér liggur fyrir, yrði samþ. Það er því alveg óruggt, að menn, sem hafa slíka tilhneigingu til eyðslu úr ríkissjóði, mundu telja sér heimilt, án þess að bera kinnroða fyrir það, að eyða ekki aðeins smáupphæðum, heldur svo tugum eða hundruðum þúsunda skipti, þó að það væri ekki ákveðið í fjárl. Svo að, eins og áður er fram tekið, þá er þetta allt annað en stefnuyfirlýsing, sem hér er farið fram á. Hv. frsm. gat þess, að ákvæðið um staðsetningu menntaskólans á Laugarvatni væri sett inn vegna þeirra mannvirkja, sem þegar væru byggð þar. Nú vil ég upplýsa það fyrir hv. frsm., að þær byggingar, sem eru til nú í dag á Laugarvatni, geta á engan hátt uppfyllt eftirspurn fyrir kennslu handa unglingum, sem vilja fara á héraðsskóla. Þess vegna er byrjað þar á nýrri byggingu, sem talið er að muni kosta 6 millj. króna. Það er ekki hægt að halda þar áfram þeirri kennslu, sem lögboðin er, eða uppfylla þá eftirspurn, sem fram kemur um skólavist frá nemendum, sem vilja ljúka sínu námi á héraðsskólum, nema að byggja til viðbótar á staðnum, og er því ekki ástæða til að setja menntaskólann að Laugarvatni af þeim ástæðum, að þar séu til byggingar fyrir hann. Í þessu sambandi vil ég líka benda á merkilegar upplýsingar, sem fengust við heimsókn fjvn. að Laugarvatni. Þar er til fyrir stór og mikill matsalur, sem á sínum tíma var gerður fyrir héraðsskólann. Honum fylgir tilheyrandi eldhús. Fyrir utan þetta er svo í hinni nýju byggingu verið að byggja annan matsal, jafnstóran eða stærri, fyrir nýja skólann. Þriðji skólinn, húsmæðraskóli, er svo til á Laugarvatni líka. Nú gerðum við fjvnm. fyrirspurn um það til þeirra manna, sem ráða þessum málum þar eystra, hvort ekki væri skynsamlegra að hafa eitt eldhús, sem notað væri fyrir alla þessa skóla, sem standa þarna saman í einum hnapp, þar sem með því mætti spara bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað. Svarið var, að það væri ekki hægt að hafa sameiginlegan matsal og sameiginlegt eldhús, vegna þess að ekki væri hægt að hafa svo gott samkomulag milli skólanna, að slíkt væri mögulegt. Að fenginni slíkri yfirlýsingu, get ég ekki séð, að menntaskólinn ætti frekar að vera á Laugarvatni en annars staðar. Ef samkomulagið er svo lélegt á ekki stærri stað, að ekki sé hægt að spara stórkostlegan kostnað við að hafa jafnsjálfsagt samstarf og ætti að vera á því, sem hér er um að ræða, þá held ég, að bezt sé að hafa millibilið milli skólanna meira en svo, að þeir séu báðir í sama húsi.

Hv. frsm. sagði, að það hefði verið aðaláhugamál afturhaldsins í Reykjavík að koma ekki upp heimavist við menntaskólann í þau 25 ár, sem liðin væru síðan það var hugsað. Ég skal ekki um það segja, hvaða menn hann á hér við. Ég vil leyfa mér að benda á það, að mestallan þennan tíma hefur þetta mál fyrst og fremst verið undir stjórn rektors menntaskólans hér, og þá hefur það líka verið hans að berjast fyrir því, að byggður yrði heimavistarskóli hér, eins og rektor menntaskólans á Akureyri hefur talið það skyldu sína að berjast fyrir þessu máli þar og hefur orðið mikið ágengt. Ég veit ekki, hvort meðflutningsmaður hans að þessu frv. er á sama máli um það, að rektor menntaskólans hér eigi mesta sök á því ófremdarástandi, sem hv. frsm. segir, að sé á skólanum. Mér dettur ekki í hug, að á þeim peningatímum, sem hafa verið hér í landinu,

hefði ekki verið hægt að bæta húsakost menntaskólans, eins og ýmissa annarra skóla hér, ef rektor hefði sótt það fast. Þá væri alveg áreiðanlega öðruvísi umhorfs hér við menntaskólann í Reykjavík.

Þá ræddi hv. frsm. nokkuð um þá nauðsyn að draga úr aukningu menntaskólans í Reykjavík og taldi það óhollt fyrir þjóðina, að þangað væri hrúgað öllum menntastofnunum, og jafnvel líka, að hlúð væri að þeim menntastofnunum, sem fyrir væru. Hv. frsm. segir, að þegar menntaskólinn á Akureyri hafi verið byggður, þá hafi ⅛ hluti þjóðarinnar verið í Reykjavík, en nú muni nær helmingur þjóðarinnar vera þar. Ég fullyrði, að þessi aukning Reykjavíkur stendur ekkert í sambandi við menntaskóla. Kröfurnar um byggingu nýrra menntaskóla í Reykjavík koma fyrir það, að aðstreymi fólksins hefur verið til Reykjavíkur, af því að hér eru betri skilyrði til góðrar lífsafkomu, betri atvinnuskilyrði. Það á svo að hegna þessum mönnum með því að gefa ekki börnum þeirra tækifæri til þess að fara á menntaskóla. Þau eiga þá heldur að fara til Ísafjarðar eða eitthvað annað til þess að læra þar. Það leiðir af sjálfu sér, að sá staður, hvar sem hann er á landinu, sem nú hefur yfir 50 þús. manns, þarf miklu stærri menntaskóla en hann þurfti, meðan íbúarnir voru aðeins 25 þúsundir. Það væri því rangt, án þess að ég vilji á nokkurn hátt draga taum Reykjavíkur, að neita þeim 25 þúsundum, sem við hafa bætzt, um nýjan menntaskóla, ef á sama tíma ætti að byggja nýja menntaskóla á öðrum stöðum, sem ekki hafa nema 3—4 þús. íbúa. Til sönnunar sínu máli segir svo hv. frsm., að þjóðin, með Reykjavík svo stóra, sé orðin eins og stórt höfuð með visinn líkama. Væri þá betra að snúa þessu við og gera líkamann stóran og sterkan en höfuðið visið? Ég hef heyrt talað um, að menn með visinn líkama og heilbrigt höfuð hafi orðið þjóð sinni að meira gagni en miklir skrokkar með léleg og visin höfuð. Það er það, sem hv. frsm. stefnir að, að þjóðin verði ekki neinn krypplingur, eins og hann talar um, með vel gefið höfuð, heldur mikill líkami með ónýtt höfuð, ef fólkinu fjölgar jafnmikið og verið hefur í Reykjavík, en á sama tíma er kippt burtu menntastofnunum. Hv. frsm. segir einnig, að Reykjavík sé versti staður til náms fyrir unglinga. Ég mótmæli þessum fullyrðingum. Við menntaskólann í Reykjavík hafa verið valdir einhverjir allra beztu kennarar, sem völ er á, og þar með talinn núverandi rektor. Hann mun hafa bezt skilyrði af öllum skólum á landinu til þess að geta veitt góða kennslu, og er það ekki sagt til neins ámælis fyrir aðra skóla. Hvað er það þá, sem gerir það að verkum, að Reykjavík er versti staður til að nema í? Ég veit það ekki. Er Reykjavík slík Sódóma, að ekki sé hægt að vera í henni við nám á menntaskóla án þess að gerspillast, andlega og líkamlega. Ég mótmæli þeirri ósvífni, sem hv. frsm. hefur haldið fram hér um Reykjavík sem alveg rangri. Og ef borinn væri saman menningarbragur þess bæjar, sem hv. frsm. er frá, og Reykjavíkur, þá er ég hræddur um, að Ísafjörður yrði ekki númer 1.

Ég hef þá rætt nokkuð ummæli hv. frsm. Ég tel, að sá háttur, sem hann hefur haft til þess að ná samúð með þessu máli, hafi verið rangur og að gott málefni þurfi ekki að nota ósanngjarnar fullyrðingar sér til stuðnings, það skemmi frekar en bæti. Mér virðist, þó að það kunni að hafa verið að einhverju leyti hugsun hv. frsm. að bjarga hér góðu máli, þá séu flétt aðar saman við það aðrar óskyldar og ljótar kenndir, sem ekki er sæmandi að flytja inn í umr. hér.

Frsm. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Ég er vantrúaður á mikil ræðuhöld um þetta mál, sem í sjálfu sér er hið þýðingarmesta. Ég held, að hv. þm., sem ekki geta komizt að einhverri niðurstöðu um það, hvort þeir eru með eða á móti málinu, eins og það liggur fyrir hér, muni tæplega sannfærast, þó að ég eða hv. frsm. haldi hér stólparæður. Ég held, að það væri þá frekar gert til þess að njóta andagiftar sinnar eða ánægjunnar af að hlusta á sjálfan sig heldur en að búast megi við svo miklum rökum í þeim ræðum, að það mundi breyta skoðunum manna. Samt sem áður vildi ég nota tækifærið til þess að gera nokkrar aths. við fáein atriði, sem hv. frsm. minntist á í sinni síðari stólparæðu. — Hv. þm. ber mér það á brýn, að ég hafi í menntmn. viljað þvælast fyrir málinu og tefja það. Ég skal kannast við, að það sé rétt að því leyti, að ég átti ekki samleið með meiri hl. n., og innan mjög skamms tíma samdi ég mitt nál. Ef þessu máli er ætlað fram að ganga, þá er það sannarlega ekki síðar á vegi hér á Alþ. en mörg önnur mál og þau stórbrotnari, sem ekki eru komin lengra á veg en þetta frv. Það fellir þetta mál áreiðanlega aldrei, hvað seint það hefur komið fyrir hér, eins og hv. þm. vildi láta skína í. Hættan er önnur, að mínu áliti, sem sé sú, að málið sé ekki traustara eða betur undirbúið en svo, að það út af fyrir sig kunni að verða því að falli. — Hv. frsm. fór mörgum orðum um það í ræðu sinni, að ég vantreysti því eða væri því mótfallinn, að menntaskóli ætti að koma á Laugarvatni. Í mínu nál. geri ég ekkert til að afsanna það, en ég segi eitthvað í þá átt, að vel geti margir fleiri staðir komið þar til greina. Hv. frsm. hengir hatt sinn á þetta og gerir mig svo að höfundi þeirrar skoðunar, að frá mínu sjónarmiði séð sé um Laugarvatn eða hins vegar Skálholt að ræða. Ég nefni ýmsa aðra staði, sem vel gætu komið til greina. Annað segi ég ekki um það. Annars tel ég, að hv. frsm. geri engum greiða með því að vera að breiða sig út yfir Laugarvatn eins og sjálfsagðan stað fyrir menntaskóla. Ég vil ekki dæma um það. En ég segi það, að þessi ákvörðun sé gripin úr lausu lofti. Það eru margar aðrar ágætar jarðir og gömul, fræg skólasetur, sem til greina gætu komið, eins og t. d. Haukadalur og Oddi, ef fólkið fengi að segja álit sitt um þetta og málið væri betur undirbúið en orðið er. Hv. frsm. lætur skína í það, að mér sé ókunnugt um, að þegar sé búið að ákveða, að menntaskóli skuli verða í sveit á Suðurlandi. Ég kannast ekki við, að það sé ákveðið með l. Hitt veit ég, að í l. um menntaskóla frá 1946 er talað um menntaskóla í

Reykjavík, á Akureyri og að sá þriðji skuli vera í sveit. (*HV:* Á Suðurlandi.) Nei, stjórnartíðindin nefna það ekki. Ég get ekki fellt slíkt inn í l., það geta aðrir, t. d. hv. frsm. Ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, yrði gert að l., er meira gert með því en að bæta við þriðja menntaskólanum í sveit. Þeim er bætt tveim við og þeim þriðja á Ísafirði, svo að þeir yrðu fleiri til samans en lögfestir voru 1946. Ég vissi það vel og vildi því segja mátulega mikið, þegar ég óska eftir því, að ríkisstj. undirbúi það, að reistur verði þriðji skólinn í sveit, þegar tímabært þykir, sem ég dreg í efa, að sé á þessu þingi, sem nú situr.

Hv. frsm. fór mörgum orðum um það, sem var nokkuð skrýtinn útúrdúr, að fyrir aldarfjórðungi síðan hafi margir hinna þröngsýnni og íhaldssamari manna verið á móti því, að Akureyrarmenntaskóli yrði stofnaður. Hv. þm. var svo óheppinn, að hann minntist á nöfn í sambandi við þá, sem hefðu beitt sér gegn því, að skólinn yrði reistur, og nefndi þá Bjarna frá Vogi. Ég hélt, að þeim góða, látna heiðursmanni yrði fremur fundið annað til foráttu en að hann hefði ekki verið mjög framsækinn í menningar- og fræðslumálum (*BSt:* Hann vildi ekki menntaskóla á Akureyri.) Menntaskólinn á Akureyri er mikil og merkileg menntastofnun, og ég álít þá þm., sem á móti honum stóðu, skammsýna, en hina heppna, sem stóðu að því að koma skólanum upp. Fyrsta ástæðan til þess, að menntaskólinn á Akureyri hefur orðið slíkur ágætisskóli og hann er, er sú, að hann hefur notið svo góðs húsbónda sem raun ber vitni um, þar sem er Sigurður Guðmundsson skólameistari. Hann stjórnaði þessu stóra og ábyrgðarmikla heimili með ágætum. Hefði einhver miður vel til þess fallinn valizt í þá stöðu, hefði öðruvísi getað farið. Var það ekki Sigurður Guðmundsson fyrrv. skólameistari, sem hélt því fram í ræðu sinni 1. des., að þjóðinni væri hollara að bæta þá menntaskóla, sem fyrir eru, heldur en að reisa nýja? Og þetta eru orð af fræðimanns vörum, sem mikla þekkingu og reynslu hefur í skólamálum, en ekki gjálfur af vörum þekkingarlauss manns.

Frsm. var að tala um, að heimavistirnar hefðu verið vanræktar, og það er á vissan hátt réttmæt athugasemd, og það tel ég vera fyrsta verkefnið að lagfæra. Það mál er að vísu komið af stað á Akureyri, en ekki verið neitt hafizt handa hér í Rvík. Og heimavistirnar eru góð hjálp efnalitlum piltum utan af landsbyggðinni, ef þær eru góðar og vel reknar. Það liggur í augum uppi, að skólar, sem reistir væru t. d. á Ísafirði og Eiðum, yrðu að hafa heimavistir og þar af leiðandi yrði kostnaðurinn svipaður, hvort sem nemandinn væri í heimavist hér í Rvík eða á Ísafirði, ef aðbúnaðurinn væri sá sami. En á hinn bóginn er miklu betri aðstaða hér til skólahalds, t. d. hægara að fá kennara og aðstaða til að nýta söfnin.

Þá spurði frsm. meiri hl., hvaða undirbúning ég teldi skorta. Ég get auðveldlega svarað því, þar sem allan undirbúning, bæði fjárhagslegan og hvað allt fyrirkomulag snertir, vantar til þess að lögfesta slíkt frv.

Næst varpar frsm. fram þeirri spurningu, hvort ekki eigi þá bara allir skólar að vera í Rvík. Ég tel, að svona spurningum þurfi ekki að svara, en hitt er staðreynd, að sumir skólarnir geta ekki annars staðar verið en í Rvík, t. d. læknaskólinn, og svo eru aðrir, eins og menntaskólarnir, sem bezt eru settir í Rvík og þar næst á Akureyri, vegna þess að á þessum stöðum er öll aðstaða miklu betri, og þá aðstöðu er meiri nauðsyn að nota við menntaskóla en t. d. við alþýðuskólana. Hitt, að allt skólahald sé ein heimavist, tel ég svo langt frá veruleikanum, að það sé hafið yfir allar umr.

Mér fannst eins og frsm. hneykslaðist á því, þegar ég talaði um, að menntaskóli, sem reistur yrði í sveit í framtíðinni, ætti að vera á þeim stað, þar sem væri hreint, ómengað sveitaloft. Ég minntist ekkert á Laugarvatn í því sambandi, hvorki til né frá, en hins vegar tel ég allan vara góðan í þeim efnum.

Ég tók það fram í upphafi máls míns, að langar ræður væru venjulega til lítils, þegar aðalatriði málsins væru fram komin, og þar af leiðandi mun ég ekki ræða þetta frekar nú. Ég hef drepið á það helzta með tilliti til þeirrar dagskrár, sem ég hef lagt fram. Að lokum vil ég benda á, að þjóðin verður að vita, hvert stefnir. Það er nauðsyn, að þjóðin ali upp viðsýna og vel menntaða stúdenta, en hitt er vafasamt, hvort beina á fleirum inn á þær brautir en þörf er fyrir sem embættismenn og sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum og stúdentspróf þarf til að verða. Það má mennta aðra þjóðfélagsþegna á svo margan hátt, sem ef til vill er heillavænlegra fyrir þjóðina. Annars má mikið um þetta mál ræða, en ég læt hér staðar numið, og að síðustu skírskota ég til dagskrártill. minnar og vænti, að þdm. sjái sér fært að samþ. hana.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef áður gert grein fyrir skoðun minni í þessu máli, en vil þó segja fáein orð til viðbótar vegna þess, sem fram hefur komið. — Þetta frv. sætir allmikilli mótstöðu, og eru helztu rökin, sem færð eru gegn því, þau, að stúdentaframleiðslan sé þegar of mikil. En mér finnst andstæðingar frv. ekki gá nægilega vel að því, að stúdentsmenntunin er aðeins spölur á leiðinni til háskólanáms og nú er háskólanámið orðið svo miklu fjölþættara en það var áður og þörfin fyrir háskólagengna menn á hinum ótalmörgu sviðum alltaf að aukast. En svo er auk þess annað atriði, og það er, að kröfur um almenna menntun eru svo miklu meiri en þær voru áður, og má segja, að stúdentsprófið nú sé hlutfallslega ekki meiri menntun en gagnfræðaprófið var fyrir 30 árum.

Þegar l. um menntaskóla á Akureyri voru sett fyrir 25 árum, voru rökin nákvæmlega þau sömu, sem færð voru gegn því frv. og þessu, sem hér liggur fyrir. Andstæðingar frv. beita þeim rökum, að hægt sé að bæta úr aðstöðumun þeim, sem nú er til menntaskólanáms, með því að byggja mikla heimavist í Rvík, og víst gæti það verið til bóta, en það bætir ekki aðstöðumuninn, sem fólginn er í því að hafa slík menntasetur í héraðinu. Þess vegna tel ég frv. stefnuyfirlýsingu í þá átt að minnka aðstöðu-

mun fólksins í Rvík og fólksins úti á landsbyggðinni og þar af leiðandi spor til þess að draga úr fólksstraumnum til Rvíkur.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það eru aðallega tvö atriði, sem ég ætla að gera að umtalsefni. — Eins og allir sjá, sem lesa þetta frv., felur það í sér ákvæði um að stofna 3 nýja menntaskóla, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum. Það er gert ráð fyrir, að tveir þeirra verði í sveit, á Eiðum og Laugarvatni, og sá þriðji á Ísafirði. Út af þessu finnur 2. þm. Árn. ástæðu til að gefa í skyn með dylgjum, að þessir staðir séu viðsjálir og þar sé andrúmsloftið ekki sem skyldi. Hann segir í sínu nál.: „Slíkur menntaskóli mætti ekki verða í neinni þeirri hvirfingu, er kynni á leiðinlegan hátt að minna á það, er raskar rónni í stórbæjunum." Er hv. þm. að dylgja með, að Eiðar eða Laugarvatn séu slíkar hvirfingar, eða hvers konar árásir eru þetta á menn, — forstöðumenn þessara skóla, — sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér hér? Þetta er líka fjarstæða. Það er ekkert á þessum stöðum af því, sem raskar ró manna í stórbæjum. Við sjáum þar enga róna og yfirleitt ekkert, sem raskar ró og húsfriði, og þess vegna tel ég ástæðulaust að vera með dylgjur um þetta í sambandi við þessa staði. Hitt atriðið, sem ég vildi minnast á, er út af þeim ummælum, að það væri í raun og veru enginn vilji í þessum umræddu landshlutum fyrir menntaskólastofnun þar. Það væru t. d. ekki forustumennirnir á Ísafirði, sem skrifað hefðu undir áskorunina. Þeir, sem skrifað hefðu undir hana, væru allir „aftan í oss", gerðu það fyrir aðra, en hefðu ekki sjálfstæða skoðun á málinu. Ég tel svona málflutning mjög óviðeigandi og vart sæmandi, því að auðvitað er hver sá maður, sem sjálfstæða skoðun hefur á einhverju máli og berst fyrir henni, forustumaður. Og hvað Austurland snertir, þá hefur þetta mál komið fyrir á hverju leiðarþingi í N-Múlasýslu og allir þar reynzt fylgjendur þess, enda aldrei dottið annað í hug.

Það mátti vænta þess, að Sjálfstfl. yrði á móti þessu máli, því að hann hefur fyrr verið á móti aukinni menntun í landinu, enda er það einkenni íhalds allra tíma, að það berst á móti *aukinni menntun, á hvaða hátt og hvernig* sem hún birtist, því að það veit sem er, að með henni er forréttindastefnunni hætta búin. Annars er það einkennilegt, — og þó ekki, þegar skyggnzt er undir yfirborðið, — hvað menn eru hræddir við, að fólk menntist. Menntaskólanám er ekkert annað en almenn menntun, sem gerir menn betur færa til hvers konar starfa og nýtari og heilsteyptari þjóðfélagsborgara. — Það er talað um menntaskólanám sem áfanga á leið til háskólanáms, en það þarf ekki að vera neinn áfangi, heldur aðeins almennt nám. Ég er ekkert hræddur við, að almennir borgarar fái menntun. En þeir menn, sem vilja halda við sérréttindum ákveðinna stétta í þjóðfélaginu, þeir telja sér hag í, að almenningur sé ekki upplýstur nema sem minnst, og þeir hafa staðið og standa á móti menntun hans alls staðar og ævinlega. Þeir stóðu á sínum tíma á móti *menntaskóla á Akureyri;* töldu ekki þörf á að útskrifa nema svo sem 20 stúdenta árlega, rétt til að fylla upp í skörð í *embættismannahópnum.* Þeir óttuðust, og óttast það enn, að því fleiri menn sem fái almenna menntun, því færri verði þeir „attan í oss", sem leiddir yrðu eins og blindingjar af stjórnmálaskúmunum til andstöðu við það, sem raunverulega horfir þeim til heilla. Það er því ekkert að furða, þótt íhaldið hér standi á móti því, að mönnum séu gefin aukin tækifæri til almennrar menntunar; það gerir það eðli sínu samkvæmt, hér eins og annars staðar, nú eins og ávallt áður. Hins vegar vita þessir menn, að **það er ekki vel séð hjá** fólkinu að leggjast á móti menntaskólunum, og þess vegna segja þeir það ekki beint, að þeir séu á móti þeim. Þeir segja aftur á móti sem svo: Það sé miklu betra að koma upp heimavist við menntaskólann í Rvík. Og svo tala þeir um það í ein 25 ár að koma upp heimavist við menntaskólann í Rvík, — en ekkert er gert. Þeir töluðu nákvæmlega á sama hátt um að koma upp heimavist við menntaskólann hér, þegar rætt var um stofnun menntaskóla á Akureyri, og höfðu það sem skálkaskjól eða snuðu, sem stungið er upp í **krakka** til þess að láta hann ekki grenja. Og þetta kemur þeim ekkert undarlega fyrir, *sem þekkja Sjálfstfl. hér á* landi. Hann rær að því öllum árum að halda í sérréttindi og fríðindi ákveðinna manna, og til þess að sá róður megi sækjast, þarf fjöldinn að hafa sem minnst af menntun að segja, annars sér hann í gegnum moldviðrið. Þetta er nú lífsskoðun þessara manna, og við því er ekkert að segja. Samkv. henni eru þeir á móti því, að menntaskólar rísi, og þeim verður ekki komið upp nema í trássi við þá.

Um hina tilteknu skólastaði er annars það að segja, að þeir hafa verið valdir vegna þess, að þar eru til vísar að menntaskólum, sem geta vaxið og þroskazt, og í því er fólgin nokkur trygging fyrir því, að lögin um þá verði ekki tóm pappirsgögn, — eins og t. d. um ríkishótelið eða Austurveg, — sem ekki væri fyrir hendi, ef það þyrfti að reisa þá frá grunni. Og án þess að lagt sé í mikinn kostnað, ættu þar að geta vaxið upp góðir menntaskólar *smám saman* á næstu 10—15 árum. Og Alþ. hefur það alveg í hendi sér, hve ört sú þróun gengur, og form. fjvn., *hver sem hann* verður í framtíðinni, ræður mestu um fjárveitingarnar. Það er óumdeilanlega hægara að auka menntaskólanámið með því að ákveða nú þessa framtíðarstaði, þar sem skilyrði eru þegar fyrir hendi og síðan að fikra sig áfram eftir atvikum og getu.

Ég veit ekki, hvernig fara muni um þetta mál nú hér á Alþ., en ef svo færi, að hin rökstudda dagskrá hv. 2. þm. Árn. yrði samþ., mundi það eiga fyrir sér hinn sama feril og mörg önnur góð mál, að vera tekið upp aftur og aftur, unz ekki tjáir lengur á móti að standa, þar sem öllum er ljóst orðið, að rétt er stefnt.

Frsm. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Ég vildi taka til máls vegna þess, sem hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. N-M., sagði. Hann gerði hér tilraun til að blása sig út af vandlætingu vegna þess, að ég kæmi með aðdróttanir í nál. mínu, þar sem ég varaði við því, að

menntaskólar væru reistir á þeim stöðum í sveitum, þar sem sukk væri eins og í stórborgum — og taldi að ég hefði átt við Eiða og Laugarvatn. Þessu er alls ekki þann veg farið. Ég hef ekki hugmynd um það, hvort t. d. á Eiðum er nokkuð slíkt að forðast. Um Laugarvatn er það á hinn bóginn vitað, að það er ákaflega mikil tilhneiging í þá átt að dyngja þar saman mörgum skólum; og þó að það geti allt farið vel, þá vildi ég benda á, að þessu geta fylgt vissar hættur. Hvað breiðan sem hv. þm. gerir sig, er þetta athugavert. Ég get tekið það dæmi, að þegar byggingar húsmæðraskóla hafa verið til umræðu, hafa húsmæðurnar í vissum héruðum mælt á móti því, að þeir væru settir þar, sem fjölmennir skólar eru fyrir, og heldur viljað, að þeir væru út af fyrir sig. Þessi athugun er einmitt nauðsynleg, áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar í þessu efni. Það er því ekkert annað en misheppnaður smáleikur, sem hv. 1. þm. N-M. setur hér á svið út af þessu.

Hv. þm. taldi stúdentsmenntun mjög nauðsynlega og minntist í því sambandi á ihald og „aftaníossa". Nú er hann raunar ekki stúdent, og hann er því dæmi um það, að menn geta orðið ágætir borgarar, þótt menn hafi ekki þá menntun — hann er beinlínis praktexemplar af slíkum manni. En þetta er nú sagt í gamni. Hitt er annað mál, að stúdentsmenntunin þarf að vera sem gagngerðust, og þegar stúdentaskólarnir rísa í sveitum, þurfa þeir að vera stúdentaskólar í orðsins beztu merkingu.

Frsm. meiri hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vildi nú helzt vera stuttorður. Mér virðist við umræður, að frekar sé reynt að draga málið á langinn en varpa ljósi yfir það. Þó voru ýmis atriði í ræðu hv. 8. landsk., sem upplýstu málið í ýmsar áttir, og var prýðilegt að fá þau fram, og hið sama hjá hv. 2. flm. — Hv. þm. Barð. hefur tvívegis vikið að fjárhagshlið þessa máls. Eins og ég hef tekið fram, þá tel ég, að með þessu frv. sé ekki lagt í sérstaklega mikinn kostnað og að fjárhagshliðin komi fyrst til greina, þegar kemur að því, að hús þurfi að reisa, og yrði þá að flytja ný frv. um það á Alþ. En ég veit, að það vakti fyrir hv. þm. að gera sér grein fyrir kostnaðinum í framtíðinni. Það gæti hann t. d. gert með því að líta á kostnaðinn við menntaskólann á Akureyri í fjárlagafrv. 1949. Það er allfjölmennur skóli með stórri heimavist, og heildarkostnaður er 825710 kr. Á Ísafirði yrði langt þar til skólann sæktu fleiri en ca. 120 nemendur, og hið sama mundi að segja um Eiða og Laugarvatn um langa framtíð. Skólinn á Ísafirði yrði fyrst um sinn heimavistarlaus, en heimavistir yrðu aftur á Eiðum og á Laugarvatni. Ég get af þessum samanburði ekki ímyndað mér, að fjárhagshliðin fældi menn frá að samþykkja þetta frv., sem fyrst og fremst er stefnuyfirlýsing um það, hvort talið sé heppilegra, að skólarnir séu fleiri og smærri og dreifðir um landsbyggðina eða eitt allsherjar skólahús í Rvík. Og með samþykkt frv. yrði þetta svona, að skólarnir væru staðsettir í öllum landshlutum — þar af tveir í sveitum — og þetta væri kerfið, sem með þessu væri slegið föstu í framtíðinni. Og hve sá maður, sem búinn er að gera það upp við sig, að þessi skipun sé eðlilegust, getur greitt atkv. með þessu frv. Afstaðan til hinna tveggja sjónarmiða, um víðari eða þrengri staðsetningu, á að ráða öllu um afstöðuna til frv. og annað ekki. Ef til þess kæmi, að t. d. Ísafjarðarskólinn þyrfti að fá fjárhagslega aðstoð á næstunni til kennslu vegna samþykktar þessa frv., þá þyrfti til þess sérstaka fjárveitingu frá Alþ. — ein 30 þúsund, en ekki meira, svo að kostnaðarhliðin er hverfandi.

Ég vil minna á, að fyrir 25 árum kom andstaðan gegn menntaskóla á Akureyri fram í sömu myndum og hún birtist nú gegn þessu frv. Það var talað um, að réttara væri að byggja bara heimavist, og það kom fram rökstudd dagskrá þá eins og nú. En þó að miklir krafta- og áhugamenn vildu drepa málinu á dreif og töluðu um að byggja heimavistir við menntaskólann í Rvík, liðu samt þau 25 ár, sem síðan eru liðin, án þess að sú heimavist léti á sér bóla. Hv. þm. Barð. spyr, hvort það sé ekki fyrst og fremst Pálma Hannessyni að kenna. En það er fjarstæða. Það er fyrst og fremst því að kenna, að þetta var aldrei annað en tal, sem notað var í blekkingaskyni til að koma góðu máli fyrir kattarnef. — Nú horfir málið hins vegar svo við, að sýnilegt er, að menntaskólar hljóta að rísa í sveitunum, og mér þykir því ólíklegt, að það verði nokkuð af heimavist við menntaskólann í Rvík. Þeir menn eru á eftir tímanum sem impra á því lengur, og því ekki eins þægilegt að nota þá hugmynd í blekkingaskyni.

Í sambandi við skólann á Laugarvatni upplýsti hv. þm. Barð., að þegar hann og aðrir í fjvn. komu þangað um daginn, hefðu þeir séð, að það var sérstakt eldhús fyrir húsmæðraskólann og annað fyrir héraðsskólann, og hann dró þá ályktun, að úr því þeir gátu ekki haft sameiginlegt eldhús, mundi svo fara, að menntaskólinn hefði þriðja eldhúsið, og væri því ekki betur settur þarna en annars staðar. Þarna virðast nú ráða önnur sjónarmið en skólamannsins. Ég hafði talið, að það skipti mestu máli, að með því að fleiri skólar væru saman, væru tryggðari not af góðum kennslukröftum, og væri það að því leyti mestur vinningur. En svo er t. d. einn íþróttasalur og ein sundlaug fyrir alla skólana á Laugarvatni, og ef til vill gætu skólarnir átt sameiginlegan samkomusal — miklu fremur en sameiginlegt eldhús.

Þetta frv. hefur verið flutt tvisvar sinnum alveg óbreytt, en er nú flutt í þriðja sinn breytt. Það hefur sem sagt verið byrjað á að halda menntaskóla einn vetur á Laugarvatni, og er þetta því annað árið, sem menntaskóli er haldinn þar, svo að þróunin er búin að skera úr um menntaskólastað á Suðurlandi. Hvað viðvíkur því, að ég vilji ekki hlynna að hinum 100 ára gamla menntaskóla í Reykjavík og menntaskólanum á Akureyri, þá teljum við, að þótt þróun tímans hafi sýnt, að menntaskóla vantaði á Austur- og Vesturlandi, þá eigi ekki að vanrækja hina. Hvað viðvíkur ummælum hv. þm. Barð., að ég hefði gert lítið úr kennaraliði menntaskólans í Reykjavík, þá er það misskilningur, því að skólinn hefur á að skipa úrvals kennaraliði, en verður auk þeirra að not-

ast við misjafna stundakennara. Hvað viðvíkur því, sem hann hafði eftir mér, að Reykjavík væri hinn versti staður til uppeldis æskulýðsins, þá er orðalagið tekið eftir öðrum hv. þm., tekið úr alþingistíðindunum frá þeim árum, sem barátta stóð yfir um menntaskóla á Akureyri. Ég var sammála þm. um það, að sem uppeldisstöð væri Reykjavík ekki heppilegasti staðurinn, og er ekkert hallað á Reykjavík með því.

Ég er sammála einu atriði, sem hv. 2. þm. Árn. tók fram, að það væri gefinn hlutur, að hvert hérað fengi sína skóla, og hafið yfir allar umræður. Ég er hv. þm. algerlega sammála um þetta, og þróunin verður sú, að bæði Austurland og Vesturland fá sína menntaskóla fyrr eða síðar og árangurslaust að bolast við þeirri þróun í skólamálum. Bjarni frá Vogi, Jón Þorláksson, Magnús Jónsson o. fl. sáu ekki, að þróun tímans heimtaði menntaskóla á Norðurlandi. Hið sama hendir nú þá, sem berjast gegn menntaskólum á Austur- og Vesturlandi. Þeim blöskraði, að 20 stúdentar skyldu útskrifast á ári og útlit væri þá, að þeir yrðu 30. Þeir voru hræddir við þessa miklu stúdentaviðkomu. Og enn er hamrað á því, að stúdentaviðkoman sé of mikil. En þó þarf nú stúdentsmenntaða menn á fleiri og fleiri sviðum. Eru of margir læknar? Stendur ekki fjöldi læknisembætta óskipuð víðs vegar um landið? Og hér virðast læknarnir hafa nóg að gera, langar biðraðir hjá hverjum lækni. Eru of margir prestar? Nei, víða eru óskipuð brauð hingað og þangað um landið. Ég hef ekki heldur enn heyrt um atvinnuleysi hjá lögfræðingum. Að vísu fást enn menn í embætti eins og sýslumanna- og bæjarfógetaembættin, en svo er fjöldi fyrirtækja, sem þarfnast manna með þessa menntun, fyrir utan þá, sem praktísera. Hin gömlu embætti ein útheimta margfalda þá tölu, sem menn óraði fyrir fyrir 25 árum, auk þess, sem atvinnuvegirnir taka fjölda manna til sín. Auk þess gegnir fjöldi manna, sem ekki hafa tilskilda menntun, kennarastörfum við framhaldsskólana. Það verður því áreiðanlega ekki hægt að vera á móti þessu frv. á þeim grundvelli, að of margir stúdentsmenntaðir menn séu nú í landinu og að það yrði offramleiðsla á stúdentum. Og ég held, þótt kæmi menntaskóli á Ísafirði, sem útskrifaði árlega 20—30 stúdenta og annar eins á Eiðum, að enginn þyrfti að kvíða offramleiðslu á stúdentum. Hér liggur nú fyrir rökstudd dagskrá, þó að ég verði að segja, að ég hafi aldrei séð eins órökstudda dagskrá. Mér þykir því einsætt, að hún verði felld.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að misbjóða ekki þolinmæði hæstv. forseta. Ég sé ekki ástæðu til að svara hv. frsm. nú, og mun ég geyma það til 3. umr. En út af því, sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. N-M., vil ég segja nokkur orð. Hann hélt því fram, að ég hefði haft þau orð um menn þá, er undirrituðu áskorun til Alþ., að þeir væru aftaníossar. Ég mótmæli því, að ég hafi sagt þetta eða nokkuð vansæmandi um þá, og er allt slíkt tilbúningur hv. 1. þm. N-M. Ég mótmæli því einnig að hafa sagt, að þeir fyrir-austan tryðu öllu, sem hv. þm. segði. Ég vil mótmæla, að slík illmæli séu höfð um svo stóran hóp manna, að þeir trúi öllu, sem hv. þm. N-M. segir. Enn fremur vil ég mótmæla því, að Sjálfstfl. hafi jafnan verið á móti menntun og almennri fræðslu. Ég vil benda á það, að sá skóli, verzlunarskólinn, sem hv. 1. þm. N-M. taldi séreign Sjálfstfl., hefur verið gerður að menntaskóla. En ég hef ekki orðið var við það, að hliðstæður skóli, sem starfar fyrir fé samvinnumanna, fylgismanna hv. þm., hafi komizt svo langt. Hverjir stóðu fyrir aukningu sjómannaskólans? Og hverjir stóðu í sameiningu við aðra að nýju fræðslulögunum gegn hv. 1. þm. N-M. og flokksmönnum hans? Og var það ekki þáverandi 1. þm. Reykv., sem barðist einkum fyrir þeim hér í hv. deild? Þess vegna er það hrein illmælgi að bera það á nokkurn mann, að hann trúi orðum hv. 1. þm. N-M.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Ed., 14. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 183 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, JJós, LJóh, ÞÞ, BBen.

nei: HV, HermJ, PZ, SÁÓ, ÁS, BK, BSt.

4 þm. (BrB, GÍG, StgrA, BÓ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 8:6 atkv.

2. gr. samþ. með 8:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:4 atkv.

Á 40. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil einungis leggja til, að þessu frv. sé vísað til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. frá 10. landsk. þm. um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BrB, EE, GJ, JJós, ÞÞ.

nei: ÁS, BK, GÍG, HV, HermJ, PZ, StgrA, BSt.

3 þm. (BÓ, LJóh, SÁÓ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Ásmundur Sigurðsson: Ég get ómögulega verið að gefa ríkisstj. neina traustsyfirlýsingu og segi því nei.

Brynjólfur Bjarnason: Mér finnst réttast, að þetta fari með öðrum góðum frv. í ruslakistu ríkisstj. og segi já.

Bernharð Stefánsson: Með fyllsta trausti til ríkisstj. og einkum þess hæstv. ráðh., er till. bar fram, segi ég nei.

Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 49. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Á 88. og 89. fundi í Nd., 8. og 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 60, n. 528).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar hin nýja löggjöf um skóla og fræðslu í landinu var hér til umr. fyrir 2—3 árum, þá var það einn þátturinn í henni að setja lög um menntaskóla. Þar segir svo, að menntaskólarnir skuli vera tveir, á Akureyri og í Rvík, og auk þess skuli setja þann þriðja á stofn í sveit, þegar Alþ. veiti fé til þess í fjárlögum. Þessu ákvæði hefur enn ekki verið framfylgt, heldur hefur Alþ. þvert á móti orðið að skera niður fjárveitingu til hinna tveggja, menntaskólans á Akureyri og menntaskólans í Rvík. Hér er farið fram á, að Alþ. lögfesti, að menntaskólarnir skuli vera fimm, þ. e. á Akureyri, Rvík, Eiðum, Ísafirði og Laugarvatni. Menntmn. athugaði þetta mál og fékk í því skyni ýmis skjöl hjá fræðslumálastjórninni. Niðurstaðan varð sú, að n. varð sammála um, að meðan Alþ. sér sér eigi fært að veita fé til að leysa ýmis verkefni, sem liggur fyrir í skólamálunum, þá sé ekki ástæða til að stofna 5 menntaskóla, og samþ. n. að skora á hæstv. deild að afgr. málið með rökst. dagskrá, sem prentuð er á þskj. 528. Sé ég svo eigi ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál að svo stöddu.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vil í tilefni af hinni rökstuddu dagskrártillögu menntamn., um ástæður fyrir því, að menntaskóli sé ekki stofnaður í sveit, spyrja, hvort ekki er veitt menntaskólakennsla að Laugarvatni, og ef svo er, þá virðist mér eftir dagskrártill., að sá skóli sé stofnaður án nokkurrar lagaheimildar. — Mér er kunnugt um það, að á Ísafirði er mikill áhugi fyrir því, að hægt verði að fá þar einhverja menntaskólakennslu, þótt það jafnvel yrði ekki nema að litlu leyti. Ég vil því spyrja: Ef hægt er að stofna slíkan skóla á Laugarvatni, er þá ekki hægt að gera það sama á Ísafirði?

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég teldi eðlilegast, að hæstv. menntmrh. hefði svarað þessari fsp., en hann mun nú vera að sinna skyldustörfum annars staðar hér í húsinu og getur það því ekki að sinni. Ég skal játa það, að ég hef ekki kynnt mér þetta atriði, en það mun vera rétt, að á Laugarvatni fer fram kennsla samsvarandi kennslu í 1. bekk lærdómsdeildar menntaskólanna. Á þessu þingi var borin fram fsp. um þetta mál, — mig minnir af hv. 4. þm. Reykv., og hæstv. menntmrh. svaraði þá þeirri fsp., og hafi hv. þm. Ísaf. verið viðstaddur, þá hlýtur hann að hafa fengið upplýsingar um þetta. Ég álít því, að nægilegt sé að vísa til þess, sem áður hefur fram komið hér í þinginu um þetta mál, en vil geta þess, að ég fyrir mitt leyti álít ekki, að stofnaður sé menntaskóli á Laugarvatni, heldur sé stofnað til kennslu fyrir einn bekk í menntaskóla og honum haldið uppi af því starfsliði, sem fyrir var við skólann, en aukakennslan í þessu sambandi er greidd af fé, sem veitt er til aukakennslu, því að skólarnir fá alltaf fé til aukakennslu, bæði til að borga stundakennurum og kennurum, sem fengnir eru í forföllum. — Annars vil ég aðeins endurtaka það, sem ég sagði í upphafi ræðu minnar, að hæstv. menntmrh. mun svara þessum fsp. við tækifæri.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það er mjög eðlilegt, að ég beindi fsp. minni til frsm. n., af því að á þetta er drepið í hinni rökstuddu dagskrá, sem hér liggur fyrir. Auk þess sagði hv. þm., að n. hefði útvegað sér ýmis gögn varðandi þetta mál, og virðist mér því eðlilegt, að fsp. sé beint til frsm. nefndarinnar.

Hv. þm. gat þess, að hér hefði verið borin fram fsp. um þetta í vetur, en sú fsp. var bara ekki í sambandi við þetta mál, heldur var hún í sambandi við, hvort stofna ætti menntaskóla á Laugarvatni. Það má hins vegar vel vera, að hægt sé að fara kringum ákvæði laganna í þessum efnum, og ef hægt er að stofna til menntaskólakennslu á Laugarvatni án fjárveitingar, er sjálfsagt hægt að stofna visi til menntaskóla víðar en á Laugarvatni, þó að fé sé veitt í öðru skyni, og ég tel, að það hafi fyrst og fremst vakað fyrir flm. þessa frv. að á Ísafirði yrði stofnaður vísir að menntaskóla.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef nú raunar fáu að bæta við það, sem ég hef áður sagt. Hv. þm. Ísaf. slær því nú fram, að menntmn. hafi eigi vitað, hvað hún var að segja, er hún bar fram þessa rökstuddu dagskrá, en samtímis viðurkennir hann þó, að eigi hafi verið stofnaður menntaskóli á Laugarvatni. Í l. um menntaskóla stendur, að stofna skuli menntaskóla í sveit, þegar veitt sé til þess fé á fjárlögum. Ég hygg, að á fjárlögum hinna síðari ára sjáist hvergi þess konar fjárveiting. Að vísu má deila um, hvað meint sé, þegar rætt er um stofnun menntaskóla, en ég tel rétt að telja þar með allt, sem þarf til slíkra starfa, og ef um heimavistarskóla er að ræða, má telja þar með kennarabústaði samkvæmt nýju skólalöggjöfinni. Hitt er svo annað mál, að auðvitað er heimilt að stofna til hvers konar kennslu hvar sem er án fjárveitingar á fjárlögum til slíkrar kennslu, og vil ég í þessu sambandi minna á, að í Námsflokkum Reykjavíkur fer fram kennsla í ýmsum sömu greinum og í gagnfræða- og menntaskólum. Þá er einnig í Verzlunarskóla Íslands kennt til stúdentsprófs, og að öllu þessu athuguðu sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að á Laugarvatni sé veitt þessi umtalaða kennsla, þar sem engri fjárveitingu er varið til þessara mála á fjárlögum.

Annars hygg ég, að allar upplýsingar, sem

þennan hv. þm. vantar, liggi frammi í þingtíðindunum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þar sem fsp. þær, er ég bar hér fram í vetur, hefur nú borið á góma, þá vil ég segja nokkur orð af því tilefni. Fsp. mín var um það, hversu margir nemendur hefðu stundað menntaskólanám á Laugarvatni s.l. vetur og hversu margir stunduðu slíkt nám í vetur, og í 2. lið fsp. var spurt um, hver kostnaðurinn hefði verið við þessa kennslu. 3. liður fsp. minnar var um það, samkv. hvaða lagaheimild kostnaður þessi væri greiddur úr ríkissjóði. Hæstv. menntmrh. svaraði þessari fsp. á þann veg, að í fyrra hefðu 8 nemendur stundað þetta nám, en nú í vetur 18 nemendur, þar af 10 í 1. bekk og 8 í 2. bekk. Kostnað kvað hann hafa orðið um 20 þús. kr. í fyrra vetur, en mundi verða um 40 þús. kr. í vetur, og hæstv. menntmrh. játaði, að kostnaðurinn hefði verið greiddur úr ríkissjóði án sérstakrar lagaheimildar. Jafnframt tók hæstv. menntmrh. það fram, að þarna væri ekki verið að stofna menntaskóla, heldur væri með þessu verið að gera tilraunir í þá átt, hvort heppilegt mundi að hafa þarna menntaskóla eða ekki. Ég vil taka það fram, að ég tel þetta mjög óviðkunnanlegt, að fara þannig á bak við sjálft Alþ. í þessu, og ég tel algerlega óviðeigandi að efna til þessarar kennslu án nokkurrar fjárveitingar til hennar. Ef þurfa þótti að gera slíkar tilraunir, var sjálfsagt að taka upp fjárveitingu á fjárlögunum í því skyni, en ekki að fara þannig á bak við Alþ. Með þessu er ég ekki að ræða um það principielt hvort stofna skuli skóla á Laugarvatni eða ekki, heldur hitt, að með þessu, eins og það er framkvæmt nú, er verið að sýna Alþ. óvirðingu, sérstaklega þar sem segir í lögunum, að stofna skuli menntaskóla í sveit, þegar veitt sé til þess fé á fjárlögum. Hér er því farið á bak við þingið, en úr því að farið er út á þessa braut, þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að eins sé farið að annars staðar á landinu, t. d. á Ísafirði, og ég sé satt að segja ekki, hvernig hægt er að standa móti því, ef viss skilyrði eru fyrir hendi. Það liggur auðvitað í augum uppi, að það er ekki heppilegt fyrirkomulag að hafa 8 eða 10 nemendur í bekk, eins og gert er á Laugarvatni, og ef skólastjórinn á Ísafirði, eða einhver skólastjóri einhvers staðar á landinu, telur sig hafa fleiri nemendur til þessa náms, þá finnst mér sjálfsagt, að hann fái frekar fé til þessarar kennslu en Laugarvatnsskólinn. Annars virðist mér, að hér sé farið út á mjög hættulega braut, og tel það síður en svo til fyrirmyndar að stofna til slíkrar kennslu að Alþ. forspurðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 91. fundi í Nd., 23. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 528 samþ. með 17:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, PÞ, SigfS, SEH, SK, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EOl, HB, HelgJ, JóhH, JG, JPálm, JS, BG.

nei: LJós, FJ, GÞG.

StJSt, EmJ greiddu ekki atkv.

13 þm. (JJ, KTh, ÓTh, PO, SB, SG, SkG, ÁkJ, EystJ, GTh, HÁ, HermG, IngJ) fjarstaddir.

7. Þingfararkaup alþingismanna.

Á 47. fundi í Sþ., 9. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um þingfararkaup alþingismanna [159. mál] (þmfrv., A. 437).

Á 78. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til **1. umr.**

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Þetta er nokkuð gamalt mál, þó að það sé fyrst nú lagt fram í frv.-formi. Fyrir 5 eða 6 árum var samþ. þál. um að fela stj. að láta undirbúa frv. til l. varðandi þingfararkaup. Ástæðan var í fyrsta lagi sú, að sökum breytts verðlags var sá mælikvarði, sem lagður var á vinnu þm., úreltur; auk þess sem Alþ. og stj. höfðu klastrað í þetta á vafasaman hátt til þess að bæta upp gersamlega úreltan kauptaxta. Þetta var orðið óviðunandi og er enn. Þess vegna var þessi n. skipuð, að ég held árið 1944 eða 1945. N. vann aðallega að því að afla upplýsinga um kjör alþm. í öðrum löndum, en af því að heimsstyrjöld stóð og samgöngur voru takmarkaðar, tókst ekki að afla upplýsinga um kjör þm. nema fyrir stríð, að Bandaríkjunum undanteknum. N. tók því það ráð að afla upplýsinga hjá sendiráðum viðkomandi þjóða í Reykjavík. Þessum upplýsingum var síðan safnað saman og þær látnar fylgja frv., sem n. samdi og sendi stj. Síðan hafa tvær ríkisstj. verið, en hvorug þeirra hefur treyst sér til að leggja frv. fram, og nú er svo komið, að það er kannske að ýmsu leyti orðið úrelt og þarf athugunar við. En þingfararkaupsn. þótti óviðunandi að vinna með l. eins og þau eru, og þess vegna varð það að samkomulagi, að n. tæki að sér frv. og kæmi því á framfæri við Alþ. Þetta gat ekki orðið, nema annar hluti þingfararkaupsn. tæki þetta að sér, og það féll í hlut þeirra nm., sem sæti eiga í þessari d., að taka það að sér. Nú hafa nm. ekki talað um það, hvort þeir treystu sér til þess að fylgja frv. óbreyttu eða hvaða breyt. þyrfti að gera á því. En sökum þess, að engin stj. hefur treyst sér til þess að leggja frv. fram, höfum við neyðzt til að fara þessa leið. N. er með flutningi frv. að leggja á vald þm., hvað þeir vilji gera í málinu. En það fylgir frá okkur sú yfirlýsing, að við teljum ófært að hlíta núverandi kjörum, enda erfitt fyrir þingfararkaupsn. að starfa samkvæmt l., eins og þau eru nú. Ég held, að ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð, en endurtek það, að bæði ég og meðflm. mínir áskilja sér rétt til að koma fram með till. til breyt. í samræmi við breyttar aðstæður. Ég

er ekki viss um, til hvaða n. er heppilegast að vísa málinu. Af því að það er fjárhagslegs eðlis, gæti það farið til fjhn., en það getur einnig átt heima í allshn. Ég mun ekki koma fram með neina till. í því efni, en þar sem nokkuð er orðið áliðið þings, væri æskilegt, að sú n., sem fær málið til meðferðar, vildi flýta því sem mest.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég vildi gera það að till. minni, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18:1 atkv.

Á 95. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 437, n. 581 og 584).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 584 ber með sér, þá hefur meiri hl. allshn. ekki getað fallizt á, að þetta frv. *næði nú fram að ganga, en þó,* eins og nál. einnig ber með sér, eru ýmis sjónarmið, sem gætu réttlætt ýmislegt, sem í frv. stendur og annað varðandi þingfararkaup alþingismanna. Það er orðið nokkuð langt síðan þetta frv. varð til, því að í byrjun þings sendi hæstv. forsrh. það til þingflokkanna, til þess að þeir segðu álit sitt um það, hvort flytja bæri frv. Síðan leið langt fram á þing, án þess að frv. væri flutt, og virtist þá ekki mikill áhugi fyrir því, og þegar það var lagt fram, þá virtist heldur ekki mikill hugur fylgja máli af hendi þeirra, sem það höfðu tekið til flutnings. Höfuðástæðan fyrir því, að við getum ekki mælt með samþykkt þessa frv. nú, þrátt fyrir það að við teljum ýmislegt í því réttlætanlegt, er sú, að vegna núverandi aðstæðna, þá þarf sem mest að halda niðri öllum kostnaði við rekstur hins opinbera, og ef þingmenn fara að gefa sjálfum sér kjarabætur, þá mætti segja, að þeir gæfu þar með fordæmi fyrir aðrar launastéttir að krefjast kauphækkana. Við leggjum því til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, enda þótt það væri fullkomið réttlæti að bæta kjör þingmanna, ef borið er saman við aðra, því að það er staðreynd, að þeir, sem þurfa að fá *menn fyrir sig til að sinna sínum störfum,* á meðan þeir sitja á þingi, þeir geta ekki borið kostnaðinn af þeirri vinnu, sem þeir þurfa að kaupa, með þingfararkaupi sínu, og þótt þeir þm., sem búa hér í Reykjavík og nágrenninu, geti að mestu sinnt sínum störfum á meðan þing *stendur,* þá *þurfa þeir þó oft vegna setu* sinnar á Alþingi að kaupa nokkra aukavinnu, og sést því, að hvort sem þm. búa utan eða innan Reykjavíkur, að þá eru þeir ekkert ofhaldnir af núverandi launum sínum. Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum að sinni, en við leggjum til, að frv. verði vísað frá af þeim ástæðum, sem ég hef nú greint og fram koma í hinni rökstuddu dagskrá á þskj. 584.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl., þá hefur n. ekki orðið sammála um þetta frv., og vill meiri hl. visa því frá með dagskrá, sem studd er eingöngu með sparnaðarrökum, en minni hl. — þ. e. a. s. ég — vill samþ. frv. Ég vil nú fara nokkrum orðum um þetta mál. Ég tel, að það, að þm. hafi svo mikil laun, að þeir séu engum háðir, sé skilyrði fyrir því, að þm. geti gegnt skyldum sínum eins og þeim ber samkv. stjórnarskránni, enda sýnir saga þingræðisins í öðrum löndum, að að þessu marki hefur verið keppt. Nú eru laun þingmanna hér 79,12 kr. á dag, meðan þing situr, og getur hver maður séð, hvort nokkur, a. m. k. fjölskyldumaður, getur dregið fram lífið með þessum launum. Hv. frsm. meiri hl. benti á, að margir þm. gætu unnið önnur störf þrátt fyrir þingsetuna. Þetta er rétt, og þeir gera það líka, þ. e. a. s. hafa á hendi önnur embætti. Það munu vera hér um 20 þm., sem gegna öðrum embættum hjá ríkinu, en það þarf enginn að segja mér, að þeir ræki þau embætti jafnvel, þegar þeir sitja á þingi, og þann tíma, sem þeir sitja þar ekki. Við vitum, að það er ekki lítill tími, sem fer í fundastörf og nefndastörf og alls konar störf í sambandi við þingið, enda mun það svo, að ýmis embætti hv. þm. séu ekki yfir þingtímann nógu vel af hendi leyst. Í Frakklandi var það einu sinni svo, að menn gátu keypt embætti og hirtu svo launin án þess að koma nokkru sinni í embættið. Við erum nú að síga ofan í þessa sömu gryfju, og ein af ástæðunum fyrir því, að ríkisbáknið er nú orðið svo risavaxið, er sú, að margir af forstjórum ríkisstofnananna eru uppteknir við önnur störf, m. a. þingstörf. Það væri búið að kippa þessu í lag, ef forstjórarnir þyrftu að kaupa menn í staðinn fyrir sig, eins og þm. utan af landi þurfa að gera, en þeir, forstjórarnir, hirða sitt kaup, þótt þeir geti ekki innt störf sín af hendi og verði að fá aðra til að vinna þau. Eitt þýðingarmesta skrefið í baráttunni gegn skrifstofubákninu er það að gera kaup þm. svo hátt, að þeir þurfi ekki á öðrum launum að halda. Það væri þá eðlilegt, að nefndarstörf væru unnin án sérstakrar greiðslu, en það er oft greitt sérstaklega fyrir þau, og má náttúrlega segja, að það sé ekkert athugavert meðan þingfararkaupið er svo lágt. Það væri verulegur sparnaður fyrir ríkið að borga þm. hærra kaup, en láta þá vinna meira í nefndum án sérstakrar greiðslu, en ýmsir þm. eru kvaddir til nefndarstarfa og fá sérstaka borgun fyrir það, og mundi vera hollast, að þm. þyrftu ekki að vera á hnotskóg eftir slíkum bitlingum. Undirstöðurök hv. meiri hl. eru tómt slúður. Ég hefði gaman af því, að það færi fram rannsókn á tekjum þm., tekjum þeirra af ýmiss konar starfsemi og starfi þeirra í nefndum og milliþinganefndum. Það mundi ábyggilega koma í ljós, að það mundi verða sparnaður að fækka við þá bitlingunum og greiða þeim heldur sæmileg árslaun.

Þá er eitt, sem nokkru mun skipta um afstöðu hv. meiri hl. og ekki kom fram í ræðu frsm. Opinberir starfsmenn hafa farið fram á að fá 20%launauppbót á árinu 1949. Mun vera mikill hugur í stjórnarliðinu að synja þessu, og ekkert að furða, þótt þeir, sem þannig ætla að taka í það mál, séu dálítið feimnir við að samþykkja þetta. Kröfur opinberra starfsmanna

koma væntanlega til afgreiðslu á þessu þingi, og mun ég ekki ræða það mál frekar. En öll rök, og einnig frá sparnaðarsjónarmiði, mæla með því, að þetta frv. nái fram að ganga. Það er hafið yfir allan efa, að eitt af skilyrðum þess, að Alþ. geti verið það sjálfstæða löggjafarvald, sem því er ætlað að vera, óháð duttlungum ríkisstj. á hverjum tíma, er það, að þannig sé búið að þingmönnum hvað efnahagsafkomu þeirra snertir, að ekki sé hægt að hræða þá frá að fylgja sannfæringu sinni með hótunum um að svipta þá öðrum störfum eða embættum. En það er enginn minnsti vafi á því, að hið lága kaup og bitlingafyrirkomulagið á mikinn þátt í því, að þingið er nú í æ vaxandi mæli að verða hópur manna, sem hlýðir fyrirskipunum í stað þess að hlýða sannfæringu sinni. Það hefur sýnt sig átakanlega, að þingmönnum þykir viðurhlutaminnst að rétta upp hendurnar eins og ríkisstj. þykir bezt í það og það skiptið.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að þetta tal um að gera þm. óháða með því að borga þm. hærra kaup og að þeir tækju þá ekki laun fyrir nefndarstörf, er út í bláinn. Það er atriði út af fyrir sig, en það liggur bara alls ekki fyrir í þessu frv.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Það er rétt, að þetta er ekki beinlínis tekið fram í frv.; en ég hef í nál. áskilið mér rétt til að flytja brtt. og fylgja, og um þetta atriði hefur einmitt oft verið rætt í sambandi við kaup þm. Þetta kemur harðast niður á þm. utan Rvíkur; það getur enginn maður með fjölskyldu lifað af þingfararkaupi sínu í Rvík. Ef hann finnur ekki náð fyrir augum ríkisstj. og hann er ekki settur í launaða nefnd, verður hann að borga fleiri þúsundir með sér. Allir þm. utan af landi, a. m. k. þeir, sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá, geta staðfest, að þetta er rétt. Með 73 kr. dagkaupi er ómögulegt að halda sjálfum sér uppi í Rvík og fjölskyldu úti á landi.

En þetta mál er ekki eingöngu um kauphækkun, þetta er spursmál um aðstöðu þm. til að geta gegnt skyldustörfum sínum, og er þannig um að ræða undirstöðu okkar þingræðis. Með þessu er valdagjörnum klíkum gert óhægra um vik að kaupa fylgi þingmanna og kúga þá. Sá leikur er alkunnur víða, og var t. d. leikinn í Englandi, þar sem þingmenn fengu ekkert kaup, og það voru því auðmenn einir, sem gáfu sig í það að gerast þingmenn. Hér er því um að ræða stórt skref áfram á braut þingræðis, og það er sannarlega ekkert hégómamál, hvort þingmenn þurfa að vera betlandi á ríkisstj. eða ekki, til þess að geta setið á þingi. Þetta er því lýðréttindamál og spursmál um viðhald þingræðisins. Yfir lýðræði okkar vofir nú háski, meiri en nokkru sinni fyrr, og gerir það þetta mál enn brýnna. Ég veit vel, að valdaklíkurnar, sem undanfarið hafa ekki gert hér eina einustu þýðingarmikla samþykkt nema til bölvunar almenningi í landinu, vilja hafa þingmenn sem háðasta sér og munu spyrna á móti því, að þetta mál nái fram að ganga. Menn, sem hafa kapitalisk fyrirtæki gangandi, geta setið á þingi hvort sem þingfararkaup er hærra eða lægra, einkum ef þeir hafa nú búsetu í Rvík og þykjast ekki þurfa að mæta á þingi, nema þegar þeim sýnist. Hinir, sem standa einir uppi og eiga e. t. v. auk þess heima utan Rvíkur, eru verr settir. Hvenær sem kallið kemur, verða þeir að mæta á þingi, og þegar því er lokið hefur ríkið engar frekari skyldur við þá. Oft hefur verið það ástand hér, að þeir hafa ekki getað gripið til atvinnu á stundinni að þingi loknu. Og þeir þingmenn t. d., sem hafa gegnt kennarastörfum, hafa átt allt aðra aðstöðu en þeir, sem sitja í ríkisembættum. Þeir hafa ekki getað sameinað hvort tveggja. Einu mennirnir, sem örugglega geta setið á þingi, eru þeir, sem hafa fyrirtæki gangandi eða sitja í ríkisembættum.

Ég vildi ekki láta þetta mál svo fara hjá, að hv. þm. gerðu sér ekki ljóst, að þetta er ekki fyrst og fremst kjarabótamál, heldur lýðréttindamál og frumskilyrði þess, að þingmenn geti jafnan tekið afstöðu til mála eftir sannfæringu sinni einni.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Mér þykir ástæða til þess, þar sem ég er skráður sem flm. frv., að skýra nokkuð frá afstöðu minni til till. allshn. Ég vil í fyrsta lagi leiðrétta þann misskilning, að við flm. séum nokkur nefnd, sem hafi búið málið til flutnings. Málið hefur borið þannig að, að skipuð var mþn. fyrir 4—5 árum til þess að rannsaka kaupgreiðslur þingmanna og gera ákveðnar till. Það eru fjögur ár síðan n. lauk störfum, og þarf ég ekki að endurtaka það, sem ég sagði í minni framsöguræðu, að n. lagði verulega vinnu í að afla sér upplýsinga um kaup þingmanna í Norðurálfu og í Ameríku, en það var erfiðleikum bundið af því að þá stóð styrjöldin yfir, og varð að styðjast við skýrslur um kjör þm. fyrir stríð. En n. lauk störfum á ekki mjög löngum tíma og skilaði ríkisstj. gaumgæfilegu áliti. Síðan hafa setið 2 ríkisstjórnir og hvorug þeirra séð sér fært að bera fram frv., veit ég ekki um ástæðuna. Með samþykki þáltill. í þá átt á sínum tíma kom sá vilji fram, að lagðar yrðu fyrir þingið í frv.-formi till. n. um það, hver kjör þm. ættu að verða framvegis. Síðan eru liðin 4 ár. Þingfararkaupsn. hefur allan þann tíma verið í vanda stödd út af kaupi þingmanna, þar sem það er fjarri því að vera í samræmi við það, sem tíðkast annars staðar um þetta, og í algeru ósamræmi við kaupgreiðslur aðrar hér á landi. Þingfararkaupsn. hefur séð, að þingmenn — og þá einkum þeir, sem búsettir eru utan bæjar — hafa alls ekki getað lifað hér af launum sínum eins og sæmir mönnum í þeirra stöðu; en hins vegar hefur n. ekki getað vikið frá lögum, er um þetta gilda. Af þessum sökum er það, að þegar ríkisstj. sá sér ekki fært að leggja fyrir þetta frv., né heldur annað, er hún hafði sjálf látið semja, þá urðu umræður um það í þingfararkaupsn., hvernig snúast skyldi við málinu. N. hefur viljað koma sér út úr þeim vandræðum að þurfa að skammta þm. greiðslur, sem alls ekki geta talizt sæmandi. Hvað eftir annað hefur verið grennslazt eftir

því hjá forsrh., hvort frv. um þetta mundi verða lagt fyrir, og talið, að svo mundi verða, en ekkert orðið úr. Því varð að ráði, að hluti n. legði frv. fram í þeirri deild, þar sem þeir nm. áttu sæti, og var samþ. að leggja það fram í Nd. Hugsun okkar var sú, að þar sem fyrir lá þingsamþykkt um það, þá væri rétt, að þingið fengi frv. til athugunar og ætti þess kost að samþ. það eða fella, en það lægi ekki í handraða hjá forsrh. Við vildum koma því rétta boðleið til þingsins og töldum sjálfsagt að gera það. Vitanlega er upphaflega frv. orðið úrelt nú og því vitanlega ástæða til að breyta því í samræmi við tímann, þar sem liðin eru 4—5 ár síðan það var samið, og mér datt aldrei í hug, að það yrði óumbreytanlegt, þótt að lögum yrði.

Ég gat þess við framsögu, að við vorum ekki allir sammála, t. d. um eftirlaun eftir 10 ára þingsetu, það þótti mér of skammur tími til þess að miða eftirlaun við hann. Eins lagði ég til, þótt ekki gerði ég ágreining um það, að þingfararkaup yrði miðað við 14 mánuði, svo að þm. hefðu aðhald um að sitja hér ekki lon og don við þingstörf. Um málið að öðru leyti er það viðurkennt í nál. meiri hl., að þingfararkaupið sé ekki viðunanlegt, og er víst enginn ágreiningur um það. En ég vil taka það fram í þessu sambandi, að það er áberandi, hve illa er talað um Alþ. utan þings, og það er ekkert undarlegt í sjálfu sér, þar sem löggjöf þingsins snertir mjög almenning og ýmislegar ráðstafanir hljóta að verða óvinsælar. En að þessu níði um Alþ. standa líka margir, sem gjarna vildu eiga sæti í þessari virðulegu samkundu, en ekki hafa átt þess kost og fyllzt því gremju. En hverjar sem orsakirnar eru, þá er það staðreynd, að talað er um Alþ. með lítilsvirðingu og flutt um það hið leiðinlegasta níð, og ekki er laust við, að virðulegir þjóðfélagsborgarar hafi tekið þátt í þessu, og það er útbreidd skoðun, að þingmenn séu eiginlega engir menn. Nú verður það að teljast mjög óheppilegt, að þm. taki sjálfir þátt í þessu tali og örvi og ýti undir vantraust fólksins á Alþ. En því verður ekki neitað, að með því að meta sjálfa sig ákaflega lágt í öllum greinum, þá staðfesta þm. þennan dóm almennings, sem kann að eiga nokkurn sannleika í sér fólginn, en er þó ranglátur.

Ég segi þessi orð ekki í þeim tilgangi, að ég vilji sérstaklega krefjast þess, að þetta frv. verði samþ. Þingfararkaupið er það sama nú og venjulega hefur verið — verkamannakaup, eða því sem næst. En þar sem af þm. er krafizt víðtækrar þekkingar á fjölmörgum sviðum, er ekki óeðlilegt, að vinna þeirra sé metin eitthvað líkt og annarra, sem svipaðar kröfur eru gerðar til.

Ég vil að lokum aðeins bæta því við, að þingfararkaupið er nú eins og verkamannakaup í dagvinnu, eða 73 kr. á dag, en eftir frv. er lagt til, að það hækki í tæpar 100 kr. á dag. En ég vil lýsa því yfir, að hvort heldur sem dagskrártill. verður samþykkt eða ekki, þá mun ég láta mér það vel líka sem 1. flm. frv., en verði hún samþykkt, þá leyfi ég mér að lýsa því yfir, að þingfararkaupsn. mun líta svo á, að þar með sé hún laus úr öllum vanda og laus við alla tilhliðrunarsemi í sambandi við útreikning þingfararkaups.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 584 samþ. með 20:7 atkv.

---

8. Utanríkisráðuneytið og fulltrúar þess erlendis.

Á 49. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis [166. mál] (þmfrv., A. 466).

Á 83. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Nd., 21. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 466, sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. Rang., er um breyt. á l. frá árinu 1941. Í 1. gr. frv. er ákveðin tala þeirra sendiherra og sendifulltrúa, sem gert er ráð fyrir, að Íslendingar hafi erlendis. Skulu þeir eigi vera fleiri en fjórir, en nú eru þeir fleiri. En tala þessara manna hefur ekki verið ákveðin fyrr, heldur lagt á vald ríkisstj. að ákveða tölu þeirra á hverjum tíma. Til eru l. frá 1921 um sendiherra í Kaupmannahöfn. Er lagt til í 2. gr. frv., að þau falli úr gildi. En í frv. er ekkert um það sagt, hvort vera skuli sendiráð eða sendiherra í Kaupmannahöfn. Verður það á valdi ríkisstj., hvar Íslendingar hafa sendiráð erlendis. Hér er aðeins takmörkuð tala sendimannanna. Hins vegar eru bæði í l. og 1. gr. þessa frv. ákvæði um, að ríkisstj. geti „falið forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu."

Kostnaður við utanríkisþjónustuna hefur farið vaxandi. Árið 1945 hefur hann verið kr. 1270000 rúmar skv. ríkisreikningi þess árs, sem nú hefur verið lagður fyrir Alþ. En á fjárlagafrv. fyrir þetta ár er gert ráð fyrir kr. 1923500. Og í till. hv. fjvn., sem nýlagðar eru fyrir þ., er gert ráð fyrir að bæta enn við þessa upphæð, svo að hún verði alls kr. 2060000. Okkur flm. þessa frv. þykir kostnaðurinn svo mikill, að þörf sé á að takmarka hann. Ætti að vera hægt með færri mönnum að annast sómasamlega þessi störf, er Íslendingar þurfa að vinna erlendis. Nú er það venja við alla meiri háttar samninga að senda sendinefndir, og er líklegt, að því verði haldið áfram, þótt sendifulltrúar okkar erlendis verði hafðir til aðstoðar. Tilgangur okkar með frv. er að gera tilraun til að draga

úr gjöldum ríkissjóðs vegna utanríkisþjónustunnar.

Ég hef veitt því athygli, að árið 1941, þegar l. frá því ári voru sett, var frv. vísað til allsherjarnefnda þingdeilda. Fer ég því fram á, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnishlið málsins, og virðist eðlilegt, að frv. hefði ekki verið tekið á dagskrá núna, úr því að hæstv. dómsmrh. getur ekki látið álit sitt í ljós. Kom hann til landsins kl. 7 í morgun. Ég geri ráð fyrir því, að ýmsir menn sitji á þ., er telji sig hafa bæði ástæðu og aðstöðu til að athuga það, — að hv. flm. ólöstuðum báðum, — hvaða þörf Íslendingar hafi fyrir sendifulltrúa erlendis. Hefði ekki verið óeðlilegt, þegar málið átti á annað borð að flytjast inn í þ., að vanir menn hefðu fjallað um það. Ég sagði, að ég ætlaði ekki að taka frv. efnislega til meðferðar. En varhugavert er að setja utanríkisþjónustunni einhverjar þröngar skorður. Það verður að vera teygjanlegt, hvað hentar að gera að dómi þeirra, sem fjalla um þetta mál. Hygg ég, að það sé misráðið að koma sparnaði að í utanríkisþjónustunni. Er eigi fjarri sanni að segja, að af öllum embættismönnum, sem vinna í þjónustu íslenzka ríkisins, séu fáir, sem skila jafnmiklum jákvæðum árangri og sendifulltrúar Íslendinga erlendis. Ríkið á nú mjög víða í samningum. Það er nú að semja við Breta, Tékka, Pólverja og Austurríkismenn. Eru sendiherrarnir í því efni raunverulega í fararbroddi. Ríkið á ótölulegum fjárhagslegum hagsmunum að gegna, og verður að gera ráð fyrir því, að menn þeir, sem eru starfandi í utanríkisþjónustunni erlendis, standi öðrum betur að vígi. Ég vil á þessu stigi málsins vara menn við því, að sparnaðarþörfin fái útrás í þessu formi. Á Norðurlöndum eru nú þrír sendiherrar. Gæti vel komið til mála að fækka þeim niður í einn. Getur verið, að þetta liggi frv. til grundvallar. Að því leyti er ég því ekki ósammála hv. flm. Það er ekki ástæða fyrir mig að fara út í það, hvers vegna þetta hefur eigi þótt tímabært enn þá, þó að vakað hafi fyrir utanríkisþjónustunni um tíma. Hvað sem því líður, vil ég eindregið vara við því, að sparnaðarþörfin brjótist hér út. En ég vil segja það að lokum, að eðlilegt virðist að snúa sér til utanrmn. með slíkt frv. sem hér liggur fyrir. (*SigfS:* Er ekki búið að leggja hana niður?) Það væri ástæða til að leggja niður n., þar sem hv. þm. situr. Ég teldi heppilegra að snúa sér til utanrmn. (*SkG:* Hún er bara ekki til í d.) Hún er til í þ. Mætti vísa málinu frá allshn. til utanrmn., ef við þætti eiga. Efnislega væri rétt að fara þannig að. Mun ég því hafa efnislega á réttu að standa, þótt vera megi, að formlega hafi ég á röngu að standa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 96., 97. og 101. fundi í Nd., 2., 3. og 5. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 102. fundi í Nd., 6. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 466, n. 598 og 599).

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. og ekki orðið sammála. Minni hl. n., hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Siglf., leggur til, að málið nái fram að ganga, en meiri hl. leggur til, að málið verði afgr. með rökst. dagskrá, sem er á þskj. 599. Svo sem kunnugt er, voru lög sett um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis 1941. Samkvæmt þeim ákveður stj., á hvaða stöðum skuli vera sendiráð. Þar er líka ákveðið, að forstöðumanni sendiráðs sé heimilt að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum, ef stj. telur það rétt. Samkvæmt l. hefur verið stofnað eitt sendiherraembætti í Vesturálfu heims, bæði fyrir Bandaríkin og Kanada, og getur það ekki talizt ofrausn, þar sem ekki hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að koma á fót sendiráðsskrifstofu í Suður-Ameríku, þó að segja megi, að nauðsynlegt sé að hafa þar sendiráð af viðskiptaástæðum. Á öðrum stöðum í Vesturálfu veit ég ekki til, að séu launaðir sendimenn, heldur hefur stj. farið þá leið að skipa nokkra ræðismenn. Ég veit ekki, hvaða gagn þeir gera, en hæpið er, að af því séu full not þar, sem líkur eru á verulegum viðskiptum. Ég þarf ekki að taka það fram, að í Ástralíu, Afríku og Asíu höfum við enga sendiherra. Í Norðurálfu höfum við þrjá sendiherra á Norðurlöndum, einn í Frakklandi og einn í Bretlandi. Ekkert sendiráð er í Rússlandi. Þar var á sínum tíma sendiráð, en sendiherrann, sem þar var, var kvaddur til annarra starfa. Ég held, að ekki leiki á tveim tungum, að nauðsynlegt sé að hafa sendiráð á sem allra flestum stöðum, þar sem líkur eru fyrir viðskiptum, sérstaklega þar, sem veruleg von er um útflutningsviðskipti. Sú heimild, sem er í l. um, að sendimenn annist forstöðu sendiráða í fleiri löndum en einu, hefur sérstaklega verið notuð í sambandi við sendiherrann í Frakklandi. Ég hygg, að hann sé nú sendiherra í svo mörgum löndum, að ekki verði meira á bætt. Hins vegar veita þeir sendiherrar, sem nú eru í Bretlandi og á Norðurlöndum, ekki forstöðu nema einu sendiráði, nema sendiherrann í Kaupmannahöfn, sem líka er sendiherra í Finnlandi. Hér mætti gera breyt. á og hafa t. d. bara einn sendiherra fyrir öll Norðurlönd, eða fela þeim nokkru umfangsmeiri störf. Þrátt fyrir þetta telur þó meiri hl. n. tæplega rétt að fastbinda þetta nú með l., eins og gert er í frv. Viðskipti í Evrópu eru langt frá því að vera komin í eðlilegt horf, heldur má segja, að þau taki mánaðarlega breytingum. Meðan svo er, er tæplega rétt að ákveða tölu sendiherra og sendifulltrúa með l. Það getur ætíð komið fyrir, að nauðsynlegt sé og rétt að setja upp sendiherraskrifstofu, og þá er óheppilegt að þurfa að fara með það til Alþ. í hvert sinn. Meiri hl. n. leggur því til, í því trausti, að ríkisstj. gæti hins fyllsta sparnaðar og hagsýni viðvíkjandi kostnaði við sendifulltrúa erlendis, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá.

Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa þetta langt

mál. Eins og hv. þm. Ísaf. sagði, gátum við í n. ekki átt samleið um málið. Minni hl. telur réttmætt, að settar séu nokkrar takmarkanir fyrir fjölda þessara starfsmanna. Í fyrsta lagi teljum við þetta nauðsyn vegna þess, að gæta verður sparnaðar. Samkv. fjárl. ársins sem leið hygg ég, að ætlað hafi verið til þessarar þjónustu nær 2 millj. kr., og er þá þar með talið það, sem greitt hefur verið sérstökum sendimönnum, er sendir hafa verið til þess að semja um afurðasölu, því þó að ræðismenn séu allmargir, geta þeir ekki annazt þess konar erindi til fulls. Það má því gera ráð fyrir því, að umfram sendiráðin verði sérstakar sendinefndir sendar til samninga, og eykur það kostnaðinn, þó að af því leiði hins vegar, að sendiherrar geti verið færri. Ég er ekki að gera lítið úr starfsemi þessara manna, en við verðum að gæta þess að reisa okkur ekki hurðarás um öxl. Komizt jafnvægi á og viðskipti verða með öðrum hætti en tíðkazt hefur um skeið, má og ætla, að nokkuð megi draga úr þessum störfum. Það er heldur ekki alls kostar hyggilegt að hafa svo lauslega um þetta búið, að ráðh. geti stofnað til eins margra sendiráða og hann telur nauðsyn. Þetta mæli ég ekki til þeirra, sem haft hafa þessi mál með höndum og hafa nú, heldur með tilliti til skipan þessara mála í framtíðinni. Maður veit ekki, hverjir koma til með að hafa þessi mál með höndum eða hvað aðgæzlusamir þeir verða. Ég tel því hyggilegt, að með l. séu reistar nokkrar skorður við þessu, og vil vona, að ekki verði til tjóns, þó að slík ákvörðun sé tekin. Ef það sýnir sig síðar, að þörf er á að bæta við þá tölu sendiherra, sem frv. ákveður, þá má gera það með breyt. á l. Ég er sannfærður um, að þingið fellst á það, ef það telur, að ávinningur sé að því.

Ef þannig kynni að standa á gagnvart störfum þeirra, er nú eru erlendis, að heppilegra væri, að l. gengju ekki í gildi svo fljótt, skiptir ekki máli, þó að þau gangi fyrst í gildi um næstu áramót, ef þá stæði betur á um samfærslu þeirra, er hafa þessi embætti.

Eins og ég sagði áðan, er hér fyrst og fremst um sparnað að ræða, en málið er einnig flutt með framtíðarskipan þessara mála fyrir augum. Ég held, að það sé réttmætt, og sé ekki ástæðu til að ræða það frekar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir að hafa afgr. þetta mál mitt og hv. 1. þm. Rang. á tiltölulega skömmum tíma. Að sjálfsögðu er ég ekki jafnánægður með afstöðu allra hv. nm. og get ekki fallizt á till. hv. meiri hl. á þskj. 599. Við 1. umr. frv. gerði ég nokkra grein fyrir málinu, og því til viðbótar hefur hv. frsm. minni hl., hv. 1. þm. Árn., bent á rök því til stuðnings. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka neitt af því, er komið hefur fram frá okkur, er fylgjum þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 103. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 104. fundi í Nd., 9. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 599 samþ. með 16:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PO, SB, SEH, SK, StJSt, StSt, ÁÁ, EmJ, FJ, GTh, AG, JóhH, JPálm, JS, BG.

nei: JörB, KTh, PÞ, SigfS, SG, SkG, StgrSt, BÁ, EOl, EystJ, HÁ, HelgJ, HermG, JG.

GÞG greiddi ekki atkv.

4 þm. (JJ, LJós, ÁkJ, IngJ) fjarstaddir.

9. Fjárhagsráð (frv. SkG o. fl.).

Á 8. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit [34. mál] (þmfrv., A. 37).

Á 9. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég flyt hér, ásamt þeim hv. 1. þm. Skagf. og hv. 2. þm. N-M. frv. á þskj. 37 um breyt. á l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Við flm. frv. höfum leitazt við að skýra efni þess í grg., sem því fylgir. En ég vil þó fara hér nokkrum orðum um helztu atriði frv. Við leggjum hér til, að tvær stofnanir, sem nú starfa að framkvæmd l., viðskiptanefnd og skömmtunarskrifstofan, verði lagðar niður, en fjárhagsráð annist úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa og vöruskömmtun, ef ákveðin verður. Einnig verði embætti verðlagsstjóra lagt niður og fjárhagsráð fari með verðlagsákvarðanir og eftirlit með verðlagi, eftir því sem þurfa þykir. Við leggjum til, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir helztu nauðsynjavörum almennings, sem nú eru flestar skammtaðar, verði úthlutað beint til notenda, jafnt til allra. Fá menn þá innflutnings- og gjaldeyrisleyfin í stað skömmtunarseðlanna, sem nú er dreift út. Einnig leggjum við til, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til kaupa á fjárfestingarvörum verði látin fylgja öllum fjárfestingarleyfum, sem fjárhagsráð gefur út. Þetta gildi þó ekki um einstakar vörutegundir eða hluti, sem kosta innan við 200 kr. Verzlanir og önnur fyrirtæki, sem fá innflutningsleyfin frá einstaklingum, eiga að fá upphæðir þeirra taldar saman og þeim skipt fyrir heildarleyfi, er verði tölusett, eins og nú er.

Síðasta Alþ. hafði til meðferðar frv. um breyt. á þessum l., sem flutt var af hv. 6. þm. Reykv., en byggt á till., sem fulltrúar Framsfl. í fjárhagsráði höfðu áður borið fram. Var þar lagt til, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir skömmtunarvörum skyldu miðuð við afhenta skömmtunarseðla til viðskiptan. Frv. þetta var samþ. hér í hv. Nd., en fellt með eins atkv. mun í hv. Ed. Á síðasta þingi var aftur á móti samþ.

till. til þál. um skiptingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa milli landshluta. Var þar skorað á hæstv. ríkisstj. að taka til greina þær till., er samþ. voru á fundi fulltrúa frá kaupstöðum og kauptúnum á Norður-, Austur- og Vesturlandi, er haldinn var í s.l. febrúarmánuði. En ekki virðist hafa verið farið eftir þeirri áskorun Alþ.

Ég vil benda á það, að ákvæði þessa frv. eru í góðu samræmi við það frv., er flutt var á síðasta þingi, og þá þál., er þá var samþ. Sú niðurstaða, er þar var að stefnt í þessum málum, mun nást, ef frv. okkar verður samþ. En frv. okkar er að því leyti víðtækara, að með samþykkt þess verður framkvæmd viðskiptamálanna gerð einfaldari og umsvifaminni en hún er og um leið ódýrari. Samkv. okkar till. er vöruskömmtunin og veiting innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir hinum skömmtuðu vörum sameinað í eitt. Með þeirri sameiningu hverfur úr sögunni það ósamræmi, sem verið hefur í þeim framkvæmdum að undanförnu. — Það er alkunnugt, að fjöldi manna hefur ekki getað fengið vörur, nema að nokkru leyti, gegn þeim skömmtunarseðlum, sem út hafa verið gefnir. Slíkt er með öllu óviðunandi. Þá hefur það einnig valdið mörgum fyrirhöfn, óþægindum og kostnaði, að þeir hafa ekki getað fengið þær skömmtuðu vörur á þeim verzlunarstöðum, þar sem þeim er hagkvæmast að verzla, heldur hafa þeir orðið að leita eftir vörunum annars staðar, jafnvel í öðrum landsfjórðungum. Með þeirri tilhögun, sem frv. okkar gerir ráð fyrir, er ráðin bót á þessu.

Ég vil að síðustu nefna það, sem ég tel aðalatriði frv. og höfuðtilgang þess, en það er að gera verzlunina svo frjálslega sem hún getur orðið á haftatímum. Verði frv. samþ., eru allir landsmenn sjálfráðir um það, hjá hvaða verzlun þeir kaupa þær nauðsynjavörur, sem þeim á annað borð er leyft að kaupa. Og það eitt tel ég viðunandi. En með því fyrirkomulagi, sem nú er, er langt frá því, að menn séu frjálsir ferða sinna og gerða í þessum efnum. Nú eru það stjórnskipuð ráð og nefndir, sem með úthlutun innflutningsleyfanna til verzlana raunverulega stjórna því og gefa landsmönnum fyrirmæli um það, hjá hvaða verzlunum þeir kaupa aðfluttar nauðsynjavörur. Þetta er óþolandi ástand. Vilji einhver heimilisfaðir eiga einhver ákveðin viðskipti við einhvern ákveðinn kaupmann, þá á hann að fá að gera það, óáreittur af yfirvöldunum. Vilji annar hafa viðskipti við ákveðið kaupfélag, á hann líka að hafa frelsi til þess. Báðir eiga þessir menn að hafa sama rétt til að ráða því sjálfir, hvar þeir verzla. Afskipti ríkisstj. eða ráða og nefnda, sem hún skipar, af því, við hvaða verzlanir menn skipta, eru hvort tveggja í senn, óþörf og óviðeigandi. Ríkisstj. og ríkisstofnanir hafa sannarlega nóg viðfangsefni, og ríkisreksturinn er nógu umfangsmikill og dýr, þótt opinberir aðilar hætti að stjórna því, hjá hvaða verzlun hver einstakur landsmaður kaupir sínar nauðsynjar.

Nú er þannig ástatt í okkar viðskipta- og gjaldeyrismálum, að þar er þörf opinberra afskipta. Óhjákvæmilegt er að takamarka vöruinnflutninginn. Oft þarf einnig að binda viðskiptin við ákveðin lönd. Það er vitanlega enn hægt eftir okkar frv. En ég vænti þess, að þm. geti orðið mér sammála um það, að æskilegt sé, að afskipti ríkisvaldsins af þessu máli séu ekki meiri en þörf er fyrir á hverjum tíma. Og það höfuðatriði, sem ég hef hér nefnt, sem sé það, að menn eigi að vera frjálsir að því að verzla þar, sem þeir telja sér hagkvæmast, það atriði vildi ég óska, að þeir menn taki sérstaklega til athugunar, sem um þetta frv. fjalla. Ef þm. flestir eða meiri hluti þeirra geta orðið á einu máli um það, að hver einstaklingur í þessu þjóðfélagi eigi sjálfur að ráða því, hjá hvaða verzlun hann kaupir sínar nauðsynjar, þykir mér ólíklegt annað en hægt sé að komast að samkomulagi um eitthvert það fyrirkomulag á þessu máli, sem tryggi þetta. Og ég vil lýsa því yfir fyrir hönd flm., að telji aðrir eitthvert annað fyrirkomulag betra, sem tryggi þetta, þ. e. frelsi einstaklinga til að velja sér viðskiptastað, heldur en það fyrirkomulag, sem við höfum stungið upp á, erum við að sjálfsögðu til viðtals um það, en þetta tel ég vera höfuðatriðið, sem við stefnum að með flutningi frv., og um þetta vildi ég fyrst og fremst, að umr. snerust, því að um það vil ég fá upplýsingar, hvort menn geta ekki einmitt á þetta fallizt.

Ég vil svo leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 5. apríl, utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Snemma á þessu þ. bar ég fram með tveim öðrum hv. þdm. frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Það var 34. mál þ. Því var þá vísað til 2. umr. og hv. fjhn. Þegar það síðan hafði legið í langan tíma þar í n., þá kom álit frá minni hl. í byrjun marzmánaðar. En álit frá meiri hl. er eigi komið enn. Vafi leikur á, hvers vegna það sé ekki enn komið fram. Fer ég fram á það við hæstv. forseta, að málið verði tekið á dagskrá á næsta fundi d., þar eð svo er liðið á þingtímann, og reynt að þoka því áleiðis.

Forseti (BG): Vegna orða hv. þm. mun forseti athuga það, hverjar orsakir kunni að liggja til þess, að nál. meiri hl. hv. fjhn. hefur eigi enn verið lagt fram.

Á 88. fundi í Nd., 8. apríl, utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef borið fram ósk til hæstv. forseta um það, að frv. til l. um breyt. á l. um fjárhagsráð á þskj. 37 yrði tekið hér til 2. umr. í hv. d. Málið hefur ekki verið tekið á dagskrá enn þá, og er ekki sýnt, að það verði í dag. Vil ég því ítreka þá ósk mína til hæstv. forseta, að hann sjái sér fært að taka þetta mál á dagskrá næsta fundar í hv. Nd.

Á 89., 90. og 91. fundi í Nd., 19., 22. og 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 37, n. 416, 97).

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það er nú langur tími liðinn síðan málinu var vísað til hv. fjhn. Minni hl. hefur gefið út álit á þskj. 416, en ekki er enn komið álit frá hv. meiri hl. n. En e. t. v. er þess ekki langt að bíða.

Með frv. fylgir alllöng og ýtarleg greinargerð, og einnig var það skýrt við 1. umr. málsins, svo að ég sé eigi ástæðu til þess að fjölyrða um það að sinni, nema tilefni gefist, en legg til, eins og segir á þskj. 416, að frv. sé samþ.

Á þskj. 97 flytur hv. þm. A-Húnv. allmargar brtt. og sumar þannig, að ég legg á móti því, að þær verði samþ. Annars hefur hv. flm. ekki gert grein fyrir brtt. sínum enn þá, svo að ég mun eigi ræða þær að sinni.

Jón Pálmason: Herra forseti. Eins og hv. flm. tók fram, þá er nú liðinn alllangur tími síðan þetta frv. var lagt fram, og enn er ekki komið álit frá hv. meiri hl. fjhn., en hvort það stafar af því, að hæstv. ríkisstj. leggur til, að það nái ekki fram að ganga, eða það eru einhverjar aðrar orsakir, sem til þess liggja, veit ég ekki. Strax og frv. kom fram, flutti ég margar brtt. á þskj. 97. Eins og hv. þm. geta séð, þá fara þær í þá átt að gerbreyta þessu frv., sem byggt er á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Eins og hv. þm. minnast, var ég frá upphafi andvígur þessum lögum og taldi þau ganga í þá átt að færa allt verzlunar- og viðskiptalíf í fjötra hafta og skömmtunar, auk þess sem öllum þeim nefndum, sem það gerði ráð fyrir, að yrðu stofnaðar, var gefið allt of mikið vald, og undir þeirra verndarvæng gæti þróazt alls konar óreiða og sukk, til skaðsemdar fyrir þjóðfélagið, og sú hefur einnig orðið raunin á.

Þær nefndir, sem nú ráða mestu í þessum málum, eru 1. viðskiptanefnd, 2. fjárhagsráð, 3. millibankanefnd, og skipta þessar nefndir valdinu á milli sín. Reynslan hefur sýnt, að þótt leyfi hafi fengizt á einum stað, hefur verið synjað á öðrum og oft hlotizt af þessu mikil vandræði með að fá vörur til allra nauðsynlegustu þarfa. Er ekki þörf á, að ég reki þetta nánar, það er öllum hv. þm. svo vel kunnugt. Í stað þessara nefnda legg ég til í brtt. að komi aðeins ein nefnd eða ráð og kallist það fjárhagsráð. Sé það skipað með nokkuð öðrum hætti en það fjárhagsráð, sem nú starfar, eða þannig, eins og segir í brtt., 1. lið a, að í því séu 5 menn, einn tilnefndur af bankastj. Landsbankans, og sé hann úr þeirra hópi, annar af bankastj. Útvegsbankans á sama hátt og þrír skipaðir af ríkisstj. án tilnefningar. Ráðið skal kjósa sér sjálft formann. Ég legg til, að ráðið sé þannig skipað, til þess að fyllsta samræmis sé gætt með öflun og eyðslu gjaldeyrisins og það sé aðeins ein nefnd, sem hafi valdið í þessum málum, svo að eitt þurfi ekki að reka sig á annars horn. Þessi skipan er að vísu nokkuð lík því, sem var á fyrstu árum verðlagseftirlitsins og haftanna og ekki gafst vel í fyrstu, en þó mun betur en sú skipan, sem á þessu hefur verið síðustu árin. Í brtt. er tekið fram að fjárhagsráð eigi að vinna að því, að sá gjaldeyrir, sem þjóðin aflar, sé notaður á sem hagkvæmastan hátt til vörukaupa erlendis frá og þær vörur seldar almenningi, með sem hagstæðustu verði.

Ég fellst á, að fjárhagsráð semji, eins og verið hefur, áætlanir um, hve miklum gjaldeyri sé hægt að verja til vörukaupa ár hvert og skipti innflutningnum niður í vöruflokka, og sé þá miðað við, að innflutningur á neyzluvörum sé í sem mestu samræmi við skömmtun, að svo miklu leyti sem hún er framkvæmd, en annars í sem fyllstu samræmi við notaþörf. Því, sem eftir er þá af áætluðum gjaldeyri, skal varið til kaupa á framleiðslutækjum, byggingarvörum, efnivörum til iðnaðar og þeim vörum, sem framleiðsluatvinnuvegirnir þurfa til rekstrar framleiðslunni. Út í þetta skal ég svo ekki fara nánar, því að ég hygg, að þm. hafi gert sér vel ljóst, hvaða breytingu till. mínar hafa í för með sér á frv.

Hv. þm. V-Húnv. og aðrir hv. flm. þessa frv. virðast gera það að grundvallaratriði, að skömmtunarseðlarnir séu gerðir að innflutningsheimild. Almenningur gæti þá framvísað þessum innflutningsheimildum í hvaða verzlun sem væri og einstaklingurinn óskaði helzt að verzla við. Þessa aðferð tel ég mjög hættulega og hygg, að hún mundi skapa enn verra ástand í þessum málum en nú er. Eftir minni till., sem er í samræmi við ályktun kaupstaðaráðstefnunnar frá s.l. hausti, skal fjárhagsráð úthluta leyfum til verzlunarsvæða, kaupstaða og kauptúna í réttu hlutfalli við íbúatölu á hverju verzlunarsvæði. Síðan skulu Verzlunarráð Íslands og S.Í.S. úthluta leyfunum til smásöluverzlana, kaupfélaga og verzlunarhlutafélaga. Smásalarnir og kaupfélögin hafa þannig frjálst val og alveg á valdi sínu, hvaða heildsölufyrirtæki eða innflytjanda þau láta útvega sér vöruna. Varðandi okkur kaupfélagsmenn kæmi það þannig út, að kaupfélögin færu með leyfin til S.Í.S. og létu það útvega sér vöruna, en til annarra innflytjenda, ef þau fengju betri kjör þar. Ef farið væri eftir minni till., mundi fjárhagsráð úthluta leyfum til landshluta og héraða eftir fólksfjölda og þessu þannig komið í mun fastara horf en nú er, um leið og komið væri í veg fyrir, að ákveðnir landshlutar yrðu afskiptir um þær vörur, er til landsins eru fluttar. Það getur kannske orkað tvímælis að láta Verzlunarráð Íslands og S.Í.S. skipta leyfum í sameiningu milli aðila innan ákveðinna héraða, en það legg ég til, að sé gert, vegna kunnugleika þessara aðila fram yfir aðra. Nú mætti gera ráð fyrir, að ekki náist alltaf samkomulag milli þeirra um skiptinguna, og skal þá viðskmrh. skera úr. Nú, að öðru leyti get ég gengið inn á nokkur atriði í frv., svo sem að felld sé niður skömmtun og látið sé heyra undir fjárhagsráð að koma þeirri breyt. á.

Með þessum orðum hef ég nú lýst aðalatriðunum í brtt. mínum á þskj. 97, og fæ ég eflaust tækifæri til að svara andmælum gegn

þeim síðar. Í stuttu máli eru aðalbrtt. mínar:

1. Ein nefnd komi í stað þeirra þriggja, sem nú sjá um innflutning, og sé hún skipuð með öðrum hætti en nú er gert.
2. Takmarkað verði svo valdsvið hennar, að hún geti ekki þanið arma sína yfir allt athafnalíf landsmanna, vegna þess að úr því verður aldrei annað en vitleysa.
3. Vöruleyfum sé úthlutað til landssvæða og verzlunarstaða eftir fólksfjölda.
4. Það sé falið Verzlunarráði Íslands og S. Í. S. að sjá um skiptingu leyfanna milli smásöluverzlana.

Ég get ekki fallizt á, að það sé nein allsherjarlækning, eins og haldið hefur verið fram í blöðum, að einstaklingar fái nokkurs konar skömmtunarseðla, sem einnig séu innkaupaheimildir, heldur mundi það aðeins verða til þess að gera allt þetta kerfi mun þunglamalegra og ýta undir alls konar brask með þessar innkaupaheimildir. Hitt hygg ég vera beztu lækninguna, að láta smásalana sjálfa hafa innkaupaheimildir, og tvímælalaust einföldustu leiðina, sem hingað til hefur verið bent á. — Ég skal svo að þessu sinni láta þessi orð nægja um mínar brtt. Ég skal geta þess, að ég tel það mikla nauðsyn, að ekki sé látið halda áfram það ástand, sem hefur verið og er síðan l. um fjárhagsráð voru sett.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. þm. A-Húnv. Hann hóf mál sitt með því að geta þess, að hann hefði upphaflega verið á móti l. um fjárhagsráð, þegar þau voru sett. Hann taldi, að þar hefði verið of langt gengið í því að leggja höft á viðskipti landsmanna, en þrátt fyrir þetta telur hv. þm. sér ekki fært að leggja til að þessum hömlum sé af létt. Hins vegar leggur hann til, að þessu sé hagað nokkuð öðruvísi en verið hefur, þannig að það sé aðeins ein n., fjárhagsráð, sem fari með gjaldeyrismálin og úthluti innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, og einnig að þessu verði skipað nokkuð öðruvísi en nú er. Þetta er nú í verulegu samræmi við það, sem við leggjum til í okkar frv. Samkvæmt því er gert ráð fyrir, að undirdeildir fjárhagsráðs verði lagðar niður, þ. e. a. s. viðskiptanefndin og skömmtunarskrifstofan og einnig verðlagseftirlitið sem sérstök stofnun. Hins vegar höfum við ekki gert neinar till. um, að breytt verði fyrirkomulaginu um skipun fjárhagsráðs, en þar er þó ekki um minn ágreining að ræða. Þá leggur hv. þm. A-Húnv. til í sínum brtt., að innflutningsleyfin fyrir vörum séu eingöngu veitt smásöluverzlunum, en engin heildverzlun né heldur einstaklingur fái slík innflutningsleyfi. Það má nú sennilega ýmislegt um þetta segja, bæði með og móti, en þó tel ég það nokkuð vafasamt, — jafnvel þó að á það sé fallizt, að aðalreglan ætti að vera sú, að smásöluverzlanir fengju fremur innflutningsleyfi en heildsöluverzlanir, — að það ætti að binda þetta svo, að engir nema smásöluverzlanir geti fengið innflutningsleyfi. T. d. þegar hv. þm. telur, í 4. málsgr. 2. gr. í brtt. sínum, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir framleiðsluvörum, efnivörum til iðnaðar o. fl. verði veitt á sama hátt og veita eigi leyfi fyrir almennum neyzluvörum, þ. e. a. s. eingöngu smásöluverzlunum, þá tel ég vafasamt að ákveða það, að t. d. enginn mætti flytja inn skip annar en einhver smásöluverzlun, og einnig ýmislegt, sem þarf til stærri iðnaðar. Þetta er þó ekki stærsta ágreiningsatriðið, og sé ég ekki ástæðu til að tala meira um það.

Hv. þm. A-Húnv. telur þetta mikla fjarstæðu, sem lagt er til í frv., að skömmtunarseðlarnir, sem úthlutað er til almennings, verði látnir gilda sem innkaupaheimild. Þarna lítum við flm. frv. og sömuleiðis minni hl. fjhn. öðruvísi á. Hv. þm. A-Húnv. leggur það til í sínum brtt., að innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir því vörumagni, sem fjárhagsráð ákveður, að flutt verði til landsins, kornvöru, kaffi, sykri og fleiri vöruflokkum, sem upp eru taldir í 1. málsgr. 2. gr., verði skipt milli verzlunarsvæða, kaupstaða og kauptúna í réttum hlutföllum við íbúatöluna á hverjum verzlunarstað. Þetta er í samræmi við samþykkt svokallaðrar kaupstaðaráðstefnu í fyrravetur. Ég hef ekki mikið við þetta að athuga, en hitt get ég ekki fallizt á, að það sé eðlilegt fyrirkomulag, að tvær stofnanir hér á landi, Verzlunarráð Íslands og S. Í. S., eigi að ákveða skiptingu á vörunum á milli smásöluverzlananna. Það tel ég mjög óeðlilegt, að þessar tvær stofnanir, þó að góðar séu, eigi að ráða því, ef þær koma sér saman um það, hvernig vörum er skipt milli hinna einstöku smásöluverzlana um allt land. Ég tel t. d. sjálfan mig alveg eins dómbæran um það, hvar hagkvæmast sé fyrir mig að kaupa þá vöru, sem ég á annað borð get fengið frá útlöndum handa mér og mínu heimili, eins og stjórn verzlunarráðsins og S. Í. S. Ég hef það álit á mér, að ég sé eins fær um það sjálfur að sjá, hvar heppilegast er fyrir mig að kaupa þessa vöru, eins og að skjóta því máli undir dóm þessara virðulegu stofnana. Mér finnst það einkennilegt, ef hv. þm. A-Húnv. treystir þessum stofnunum betur en sjálfum sér til að ákveða, hvar hann kaupir vörur fyrir sig og sitt heimili. Í hans kjördæmi eru til tvö kaupfélög og eitthvað af kaupmannaverzlunum. Ég fullyrði, að ég þekki svo vel til þar, að meiri hluti bænda og annarra í hans kjördæmi hafa sín viðskipti við kaupfélögin þar í sýslunni og vilja hafa sín viðskipti þar. Nú skulum við segja, að útkoman yrði sú, þegar verzlunarráðið og Sambandið færu að skipta þeim vörum, sem í hlut Austur-Húnvetninga kæmu, milli verzlana þar í héraði, að kaupfélögin fengju t. d. þriðja partinn, en kaupmennirnir hitt, þá býst ég við, að ýmsum þætti hart að vera knúðir til þess með valdboði að verzla við kaupmannaverzlanir, ef þeir vildu heldur skipta við sín eigin kaupfélög. Það má snúa þessu við. Við skulum hugsa okkur, að eitthvert sinn yrði af verzlunarráðinu og Sambandinu, eða þá viðskmrh., ákveðið, að allar vörur eða svo til allar skyldu fara til kaupfélaganna þar í sýslunni og mjög lítið til kaupmannaverzlana, en hins vegar væru allmargir menn í héraðinu, sem óskuðu að skipta við kaupmennina, en þeim væri á þennan hátt meinað að haga sínum viðskiptum eins og þeir helzt óskuðu. Þetta

tel ég mjög óviðeigandi. Ég tel það yfirleitt alveg óþarft, að ríkisstj. eða einhverjar n., sem ríkisstj. og Alþ. velur, og sömuleiðis stofnanir, eins og Verzlunarráð Íslands og S. Í. S., eigi að úrskurða um það fyrir alla landsmenn, hvar þeir eigi hver og einn að hafa sín viðskipti. Ég tel það mannréttindamál, að hver og einn geti ákveðið þetta sjálfur, eftir því sem hann telur sér bezt henta. Og það leggjum við til í okkar frv. á þskj. 37, að fyrirkomulagið verði þannig, að hver einstakur maður fái að ráða því, hvar hann hefur sín aðalviðskipti. Hv. þm. A-Húnv. og ýmsir fleiri telja það mikla fjarstæðu að láta skömmtunarseðlana, þ. e. innkaupaheimildirnar, gilda sem innflutningsleyfi. Ef hann getur bent á annað fyrirkomulag, sem leiðir til sömu niðurstöðu, þá er ekki nema gott eitt um það að segja. Fyrst hv. þm. telur þetta fyrirkomulag ófært, að láta skömmtunarseðlana gilda sem innflutningsleyfi, en ef hann hins vegar vill á það fallast, að eðlilegt sé, að hver maður fái að ráða því, hvar hann hefur sín viðskipti, þá væri því víst þakksamlega tekið af okkur flm. frv., ef hann vildi benda á annað fyrirkomulag, sem leiddi til þeirrar niðurstöðu, að við gætum ráðið því á hverjum tíma, hjá hvaða verzlun við keyptum okkar nauðsynjar. Ég tel allt annað óviðunandi en að ég og hv. þm. A-Húnv. og raunar allir menn í þessu landi geti ráðið þessu sjálfir.

Ég held, að ég hafi þá tekið það fram, sem ég tel ástæðu til að minnast á í sambandi við brtt. hv. þm. A-Húnv., og get því látið mínu máli lokið.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður, en vildi segja nokkur orð um þetta mál, áður en lengra er haldið umræðunni. Í fyrsta lagi út af afgreiðslu málsins er það að segja, að hér liggur fyrir nál. frá minni hl. fjhn. og nokkrar brtt., en ekkert nál. frá meiri hl. fjhn., sem þó hefði verið mjög eðlilegt, að fyrir hefði legið, eigi síður en álit minni hl. n. Það liggja sjálfsagt gildar ástæður fyrir því, að meiri hl. fjhn. hefur ekki skilað áliti. Ég þekki m. a. eina, og hún er sú, að ég hafði óskað eftir því við n., að ákvörðun um afgreiðslu málsins yrði frestað, þar til ég hefði getað sýnt n. frv., sem lengi hefur verið í smíðum hjá mér og ríkisstj. Frv. var raunar tilbúið fyrir alllöngu síðan, en það hefur ekki náðst fullt samkomulag um það. Þetta frv. var samið út frá nokkuð svipuðum forsendum eins og mér virðist, að frv., sem hér liggur fyrir, hafi verið gert, sem sé vegna þess, að fram hafa komið í framkvæmd fjárhagsráðsl. ýmsir annmarkar, sem æskilegt hefði verið að bæta úr og fá út úr heiminum. Eins og áður er getið, átti ég þess vegna þátt í að semja frv. um þetta sama efni, sem var tilbúið frá minni hendi upp úr síðustu áramótum. Þetta frv. hefur verið rætt allýtarlega í ríkisstj., en þó ekki náðst um það enn sem komið er fullt samkomulag. Ég veit ekki, hvort rétt er að bíða lengur með flutning þess og flytja það hér þá eins og það er. Ég hafði hugsað mér að leita frekara samkomulags og sjá, hvort hægt yrði að koma sér saman um það að lokum. Þetta er mjög viðkvæmt mál og erfitt viðfangs, eins og allir vita, sem koma nálægt því, svo að ekki er hægt að segja í skyndi, að svona skuli það vera, þetta má gera og annað ógert láta. Það eru mörg atriði, sem þarf að athuga mjög vandlega og reyna að sigla milli skers og báru til þess að fá einhverju réttlæti fullnægt. Ég gat þess, að sjálfsagt hefði fyrir flm. þessa frv. vakað eitthvað svipað og vakti fyrir mér, þegar ég fór að reyna að semja þetta frv., sem ég gat um, en það er, að komið hafa í ljós alveg óumdeilanlegir gallar við framkvæmd fjárhagsráðslaganna. Ég skal nefna nokkra þeirra. Í fyrsta lagi er það, að samstarfið milli fjárhagsráðs og undirnefnda þess hefur ekki alltaf verið eins gott og æskilegt hefði verið og bandið milli ráðsins og undirnefndanna hefur ekki verið eins traust og eðlilegt og maður hefði viljað vera láta. Það hefur komið fram, að samstarfið milli fjárhagsráðs og undirnefndanna hefur ekki verið í eins föstum skorðum og ætlazt var til. Þessu þarf náttúrlega að breyta. Það þarf að vera föst stjórn á þessum stofnunum. Þær þurfa að mínu viti að heyra undir ákveðið ráðuneyti í stjórnarráðinu, ekki sérstaklega undir mitt ráðun. eða viðskmrh., en ákveðið ráðun., sem fylgist með störfum þess, eins og er um flestar aðrar ríkisstofnanir. Nú heyrir fjárhagsráð ekki undir eitt sérstakt ráðun., heldur ríkisstj. alla. Að vísu eru bréf fjárhagsráðs og málaleitanir sendar forsrh., eins og vera ber. En hann afgreiðir þau ekki eins og sín mál, sem heyra undir hans ráðun., heldur kallar saman ráðherrafund, og það er ekki hægt að skera úr um neitt mál, sem fjárhagsráði og undirn. þess tilheyra, nema öll stj. fái þau til meðferðar á ráðherrafundi. Þetta er allt annar háttur og miklu þunglamalegra en er við stjórn nokkurra annarra ríkisstofnana. Ég tel, að fjárhagsráð þyrfti að heyra undir eitt ráðun., svo að meðferð mála þess komist í fastar skorður, en sé ekki eins þung í vöfum og seinfær og nú er. Það hefur líka komið fyrir, að á þennan hátt hefur ýmislegt farið á milli mála hjá fjárhagsráði og undirn., eitt í austur og annað í vestur. Þess vegna er að mínu viti eitt hið fyrsta, sem leiðrétta þarf, að koma fjárhagsráði og undirn. þess, ef einhverjar verða, í fastar skorður, undir fasta stjórn. Hins vegar eru svo ýmis höfuðatriði, sem ekki verða ákveðin nema af ríkisstj. í heild, eins og t. d. samning innflutningsáætlunar og fjárfestingaráætlunar o. fl., sem að eðlilegum hætti þarf að vera ákveðið af stj. allri, því að það þarf að vera í samræmi við stjórnarstefnuna í heild, og er æskilegt, að allir ráðh. segi sitt álit um það. Ég tek þetta fram, sem að mínu áliti er einn aðalgallinn á því, hvernig fjárhagsráð er byggt upp. Hins vegar er því ekki að neita, að fjárhagsráð hefur þrátt fyrir þetta unnið ákaflega merkileg störf síðan það tók til starfa. Það hefur verið þess verk, að nokkurn veginn jöfnuður hefur náðst á inn- og útflutningi. Það hefur líka verið þess verk að koma — ég vil segja góðu skipulagi á þau fjárfestingarmál, sem undir það hafa heyrt og voru algert nýmæli, þegar það tók til starfa. Ég hef ekki heyrt að verulegu leyti undan því kvartað, að það hafi ekki tekizt eins og til var

ætlazt. Fleira mætti nefna, sem það hefur vel gert, og ber að segja frá því, ekki síður en hinu, sem miður hefur farið, sem í raun og veru ekki er fjárhagsráði að kenna, heldur hvernig að því er búið með þeim l., sem það starfar eftir. Annað atriði, sem stöðugt er um deilt, ekki frekar nú síðan fjárhagsráð tók til starfa en áður, er innflutningurinn, hvernig skipta á innflutningnum milli einstakra aðila, sem við innflutning fást. Það ætla ég, að sé þungamiðjan í þessu frv. að taka skömmtunarseðlana og gera þá að innkaupaheimild fyrir vörum, ekki aðeins úr búðum, heldur gjaldeyris- og innflutningsleyfum fyrir því vörumagni, sem skömmtunarseðlarnir greina. Ég fyrir mitt leyti tel þetta ekki heppilegt fyrirkomulag af ýmsum ástæðum, sem ég mun ekki rekja hér nú, af því að hæstv. forseti benti mér á að vera ekki of langorður. Sumar þessar ástæður liggja í augum uppi, en aðrar ekki eins, en eru þó ekki síður þýðingarmiklar. Ég skil vel, hvað fyrir hv. flm. frv. vakir, sem er það, eins og hv. þm. V-Húnv. sagði, að hver og einn geti verið frjáls að verzla þar, sem hann vill helzt verzla. Ég fyrir mitt leyti tel, að því marki sé hægt að ná með öðrum og betri hætti. Hv. þm. V-Húnv. lýsti eftir till. í þá átt, og skal ég í stuttu máli segja honum, hvað fyrir mér vakir í því efni. Mín till. er sú, að stöðugt, eða a. m. k. í upphafi, yrði flutt inn nokkru meira magn af þeim vörum, sem skammtaðar eru, heldur en skömmtunin sjálf greinir, og allra sízt má flytja inn minna magn en skammtað hefur verið, eins og komið hefur fyrir undanfarið ár, en það leiðir til vitleysu. En þetta kemur af því, að samstarfið milli skömmtunaryfirvaldanna og fjárhagsráðs er ekki eins náið og vera á. Ef þessar stofnanir væru allar undir einni og fastri stjórn, þá verður vitanlega að vera samræmi í því, sem inn er flutt, og því, sem skammtað er. Till. mín er þess vegna sú, að fyrst um sinn verði flutt inn meira magn en það, sem skammtað er, og einhverjum vissum hluta þess, við skulum segja 70—80% eða þar um bil, yrði skipt á milli innflytjendanna, sem annazt hafa innflutninginn áður og í svipuðum hlutföllum og þar hafa áður verið höfð, t. d. að miðað væri við meðaltal einhvers undanfarins árs, — en síðan yrðu þau 20—30%, sem afgangs væru, notuð til að veita nýjum mönnum, sem kæmu til sögunnar, einhvern hæfilegan innflutning, ef það þætti æskilegt, og til þess að jafna á milli þeirra, sem telja sig órétti beitta, og loks yrðu þessi 20—30% notuð til að veita þeim, sem fyrstir yrðu til að selja vöru sína, uppbót, svo að þeir geti alltaf haft vöruna á boðstólum í sínum búðum. Þetta er hægt með því að flytja inn nokkru meira af vörum en skammtað er, svo að birgðir safnist, og þá getur hver maður verið sjálfráður að því, hvar hann kaupir sínar nauðsynjar, farið í þær búðir, sem hann kýs helzt, og fengið sig afgreiddan þar, en innflutningurinn er þá veittur þeim mun meiri til þess manns, sem fyrst getur selt af þeim hluta, sem ekki er skipt eftir kvótamagni. Ég sé ekki annað en að þetta fyrirkomulag nægi, til þess að hver og einn einstaklingur geti farið í þær búðir, sem hann vill skipta við, og geti haft viðskipti þar, án þess að skömmtunarseðlarnir séu gerðir að innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, sem ég tel að ýmsu leyti óhentugt, eins og ég sagði áðan. Þetta fyrirkomulag má „diskutera", og eru sjálfsagt á því annmarkar ekki síður en á öðru fyrirkomulagi, en ég held þó, að með þessu mætti ekki síður ná góðum árangri en því, sem lagt er til í frv., sem hér liggur fyrir.

Ég vil svo aðeins segja nokkur orð um brtt. hv. þm. A-Húnv., sem mér finnst, að í verulegum atriðum séu ekki óskyldar till. hv. þm. V-Húnv. Hann fer fram á það, að í staðinn fyrir, að gjaldeyris- og innflutningsleyfin séu veitt til einstaklinganna sjálfra, þá séu smásölunum eingöngu veitt þessi leyfi. Ég tel það orka mjög tvímælis, hvort þetta er réttari leið en hin, og ég tel, að sama árangri mætti ná með þeirri aðferð, sem ég hef hér bent á, þeirri leið að hafa leyfin að mestu leyti í sama farvegi og verið hefur, en veita þeim viðbótarinnflutningsleyfi, sem fyrst seldu og fólkið vildi verzla við. Þetta mætti „kontrolera" með því að láta skömmtunarseðlana, sem kaupmennirnir fengju fyrir vörur, vera að nokkru leyti innkaupaheimild fyrir vörum, sem þeir fengju í staðinn frá heildsalanum, og þá gæti þetta smám saman færzt í þær skorður, að sá, sem seldi mest, fengi mestan innflutning. Þetta eru þau grundvallaratriði, sem ég tel, að ættu frekar að koma til greina en það frv. og þær brtt., sem hér liggja fyrir.

Umr. frestað.

Á 93. fundi í Nd., 26. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við umræðurnar um þetta mál í gær gerði ég nokkra grein fyrir brtt. mínum á þskj. 97. 1. flm., hv. þm. V-Húnv., gerði þessar brtt. nokkuð að umtalsefni og virtist eigi geta fallizt á að ganga inn á þá leið, sem þar er stungið upp á. Þessi hv. þm. lýsti sig að vísu samþykkan því ákvæði, sem er í samræmi við kaupstaðaráðstefnuna í haust, að skipta innfluttum vörum eftir mannfjölda milli verzlunarsvæðanna. En aðalandstaða hans er í því fólgin, að hann vill halda fast við þá skipun, að öllum landsmönnum, er þess óska, skuli gefin innflutningsleyfi fyrir vörum og skömmtunarseðlarnir látnir gilda sem innflutningsleyfi. Er þetta uppistaðan í frv. hans. Ég tel, þótt núverandi fyrirkomulag sé fráleitt og ég sé samþykkur því, sem kom fram við umræðurnar í gær í Sþ., að aldrei hafi verið slíkt ófremdarástand í verzlunarmálunum og nú, að þá sé þó þessi till. hv. þm. V-Húnv. enn fráleitari, því að ég get eigi hugsað mér öllu fráleitara fyrirkomulag en gefa öllum innflutningsleyfi fyrir vörum. Fer hlutfallið að verða einkennilegt, ef lögleiða á þetta, og það leiddi til þess, að til viðbótar við þann svarta markað á vörum, sem nú er ríkjandi, brask og baktjaldasölu, kæmi svartur markaður með skömmtunarseðlana, sem reynt væri að klófesta. Það er eigi von, að afkvæmið sé gott frá sósialistum og framsóknarmönnum, enda er það næsta ófélegt útlits. Segja má, að ráð það, sem ég er með, sé ekki gott, að takmarka vald fjár-

hagsráðs eingöngu við að skipta niður innflutningsleyfum milli verzlunarsvæða í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers svæðis og síðan skuli þeim skipt á milli smásöluverzlana af Verzlunarráði Íslands og stj. S. Í. S. En þetta er einfaldasta leiðin af þeim, er bent hefur verið á, því að hvað er eðlilegra en það, úr því að höft eru á annað borð, að leyfin séu afhent til þeirra, sem dreifa vörunum út á meðal fjöldans? Leyfin, sem verzlanirnar fá, mundu síðan verða afhent þeirri heildverzlun, er einstaklingarnir kynnu að vilja láta útvega vörur fyrir sig. Ýmsir hafa sagt, að þetta verði ekki samþ. á þ., því að það sé of einfalt. Virðist hafa verið keppni um það, að gera allt sem flóknast og erfiðast. Hv. þm. V-Húnv. sagði, að flestir mundu treysta sjálfum sér til að skera úr um, hvar þeir vildu verzla. Nú er þeim skv. till. mínum tryggt, að vörunum verði skipt í réttum hlutföllum milli verzlunarsvæða. Þegar búið er síðan að skipta vörunum milli verzlananna, þá er tækifæri til fyrir menn að skera úr um, hvar þeir vilji helzt verzla. Má segja, að nokkur takmörkun sé hér, en hún er eigi meiri en verið hefur, síðan höftin voru lögfest hér, og sú takmörkun var á því byggð, að þeir geta ekki verzlað, sem eigi hafa leyfi. Og allt það bras, sem hefur verið ríkjandi hér, hefur miðað að því, að sumum verzlunum hefur verið hampað, og þetta hefur skapað misrétti í verzlunarviðskiptum undanfarin ár, og hefur það gengið lengst til óréttlætis síðustu ár, svo að smákaupmönnum utan Reykjavíkur hefur verið varnað að fá innflutningsleyfi. Hv. þm. V-Húnv. sagði, að of langt væri gengið í því að skipta innflutningsleyfum milli smáverzlana, ef um stærri, óskammtaðar vörur væri að ræða. En það sést eigi, hver er tilgangurinn með iðnaðar- og byggingarvörur í frv. hans. En hv. þm. V-Húnv. nefndi t. d. skip. Ég þekki þó engin dæmi til, að skip hafi verið flutt inn sem vara til einstakra verzlana. En hitt er algengara, að þeir hafi fengið innflutningsleyfi fyrir skipum, sem þau kaupa, bæjarfélög, útgerðarmenn o. fl., en ekki heildverzlanir, kaupfélög eða aðrir. Þess vegna tel ég, að þetta dæmi, sem hv. þm. V-Húnv. tók, sé með öllu út í loftið að þessu leyti til, því að skip koma þarna alls ekki til greina sem almenn verzlunarvara, því að það er öðru máli að gegna með þau en venjulegar neyzluvörur og auk þess þær vörur, sem notaðar eru til framleiðslunnar, því þegar ég tala um framleiðsluvörur, þá á ég auðvitað fyrst og fremst við þær vörur, sem eru notaþarfir framleiðslunnar, svo sem útgerðarvörur, vörur til landbúnaðarframleiðslu, vörur til iðnaðar o. s. frv., veiðarfæri, áburður og aðrar þær vörur, sem óhjákvæmilegar eru fyrir þá, sem reka atvinnu, hvort sem er til sjávar eða sveita, til þess að geta haldið áfram atvinnu sinni. Þar í eru eðlilega efnivörur til iðnaðar og svo auk þess, sem ég taldi, fóðurbætir og annað slíkt, sem telja verður undir þessum flokki vara. — Hv. þm. V-Húnv. endaði ræðu sína með því að segja, að hann gæti fallizt á hvert annað fyrirkomulag en sína till., sem tryggði það, að menn gætu haft frjálsar hendur um það, hvar þeir verzluðu. Það er nú erfitt að koma með nokkrar allsherjarreglur, sem tryggi þetta, meðan verzlunarhöft eru ríkjandi í landinu. En ég er nokkurn veginn viss um, að mínar till. tryggja þetta betur og á miklu eðlilegri hátt en sú fáránlega till. að ætla sér að gera skömmtunarseðlana að allsherjar innflutningsleyfum, sem allir menn í landinu eiga að fá í sínar hendur. Að öðru leyti en þessu sé ég nú ekki ástæðu til að svara hv. þm. V-Húnv.

En ég sé ástæðu til að fara um málið nokkrum orðum í tilefni af ræðu hæstv. viðskmrh. Í sjálfu sér er meðferð þessa máls nokkuð glöggt dæmi um það ástand, sem nú ríkir hér í okkar landi. Það flytur einn stjórnarflokkanna þetta frv. um gerbreyt. á viðskiptamálunum í landinu. Hann flytur það svo að segja í þingbyrjun, fyrir mörgum mánuðum. Hann gengur í bandalag um afgreiðslu þess við stjórnarandstöðuna. En hvað gera hinir stjórnarfl.? Samkv. yfirlýsingu hæstv. viðskmrh., þá hefur hann, að sjálfsögðu í umboði ríkisstj., farið fram á það við fulltrúa Alþfl. og Sjálfstfl. í fjhn. að skila ekki áliti um þetta mál í alla þá mánuði, sem liðnir eru síðan þetta mál var lagt hér fram. Nú er þetta eitt af elztu, viðkvæmustu og stærstu deilumálunum, sem um er að ræða í okkar fjármálalífi. Og reynslan af þeim l., sem okkar viðskiptamál eru nú byggð á, er svo herfileg, að það er furðulegt að heyra annað eins og það af munni hæstv. viðskmrh., að hann hafi orðið var við litla óánægju út af skiptingunni á leyfunum. Ég verð að segja, að ég hef engan mann hitt, ekki af neinum flokki, ekki neins staðar, sem ekki er óánægður með það fyrirkomulag, sem er í þessum efnum. Og samkv. þeirri yfirlýsingu, sem kom fram hjá hæstv. viðskmrh., þá tók það sig glöggt út, að hann er líka orðinn sannfærður um, að þetta fyrirkomulag getur ekki haldið áfram óbreytt. Það getur ekki haldizt áfram það fyrirkomulag, sem hæstv. viðskmrh. lýsti, að þegar ein stofnunin heldur í austur, þá fer hin í vestur, eins og hæstv. ráðh. orðaði það. Hér er um að ræða fjórar eða fimm nefndir, sem hafa með þessi mál að gera. Við höfum fjárhagsráð, viðskiptanefnd, verðlagseftirlit, skömmtunarskrifstofu og millibankanefnd, auk svo bankanna sjálfra. Þetta fyrirkomulag er þannig, að það er engin furða, þó að vörur séu orðnar dýrar og það séu miklir erfiðleikar, sem þeir hafa við að etja, sem á vörum þurfa að halda, einstaklingar, félög og verzlanir, — enda er þetta svo. — Þá lýsti hæstv. ráðh. því, sem við vitum allir og allir hljóta að játa, að það er algerlega óhæft fyrirkomulag, að yfirstjórn þessara mála er í höndum allrar ríkisstj., sem saman stendur af þremur óskyldum flokkum, í stað þess að vera í höndum eins ráðherra. Og að sjálfsögðu á þetta að vera í höndum þess ráðh., sem fer með viðskiptamál. En að þetta fyrirkomulag er sett á og sett upp þetta stóra ráð, sem sumir hafa kallað stórráð, í samræmi við stórráð fasista og kommúnista í einræðislöndunum, og að þetta ráð er sett undir alla ríkisstj., er byggt á því, að skv. 2. gr. laganna, sem það er stofnað eftir, þá er þessu ráði ætlað að þenja sitt vald út yfir alla skapaða hluti í okkar þjóðfélagi, því að sú lagagr. er eins og stefnuskrá einhvers

flokks, sem hyggst ætla að gera allt, sem hægt er að gera, til endurbóta á fjármála-, atvinnu- og menningarsviði og öðrum sviðum. Allar þessar nefndir heyra undir alla ríkisstj., en ekki einn ráðherra. Og það loforð, sem hæstv. viðskmrh. gaf í ræðu sinni í gær, er hann lagði fram sínar till., sem hann hafði í smíðum og ekkert samkomulag hefur orðið um í ríkisstj., allan þann tíma, sem þingið er búið að standa, er á þá leið, að í þeim till. felist það, að yfirstjórn þessara mála allra sé í höndum eins ráðuneytis. Það er fullkomnara skipulag, því að þá ber eitt ráðun. ábyrgð á hlutunum. En nú er þessu grautað saman á svo fáránlegan hátt, að furðu sætir, að það skuli vera liðið fram á þennan dag.

Ég skal nú ekki að þessu sinni fara miklu fleiri orðum um þetta mál. Ég geri ráð fyrir, að það komi til atkvgr., enda þótt það sé nokkuð undarlegt í sjálfu sér og óvenjulegt hér á þingi að taka mál til meðferðar og afgreiðslu, sem meiri hl. nefndar hefur ekki skilað áliti um. Ég geri samt sem áður ráð fyrir því, að það komi til atkv., vegna þess, hve langt er um liðið, síðan það var borið fram. En ef von er á öðru frv. um svipað efni, þá er náttúrlega mjög æskilegt fyrir hæstv. Alþ. að sjá framan í það frv., áður en þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer til úrslitaatkvgr. við 3. umr. hér í hv. d.

Skal ég svo láta þessu máli lokið. Vil ég þó að endingu taka fram, að ég get ekki fallizt á, að nein þau rök hafi komið fram í ræðum þeirra, sem hér hafa talað gegn mínum till., er sýni það, að á þessum málum sé í vændum annað heppilegra, einfaldara og eðlilegra skipulag en það, sem þar er stungið upp á.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Það hefur komið hér fram í umr., og það er satt, að þetta mál hefur legið mjög lengi hjá fjhn. þessarar hv. d. En það hefur líka komið fram, af hvaða ástæðu það er, í ummælum hæstv. viðskmrh. hér á síðasta fundi, að ég ætla, í þessari hv. d. Ég mun í þessari ræðu minni halda mér eingöngu við þetta frv. sem slíkt, því að ég sem einn nm. í fjhn. hef farið nokkuð ýtarlega í gegnum þetta frv. Og það kemur nú að nokkru leyti fram í því, sem ég ætla að segja hér, hvaða álit ég hef á því og hvort ég tel, að samþykkt þess mundi vera til nokkurra bóta eður eigi.

Þær höfuðbreyt., sem felast í frv. hv. þm. V-Húnv. o. fl. til breyt. á lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, greinast aðallega í tvennt: Í fyrsta lagi breytingar á stjórn innflutnings- og verðlagseftirlits. Í öðru lagi breytingar á ríkjandi fyrirkomulagi á úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa. Hér á eftir verða þessi atriði athuguð hvert út af fyrir sig.

Fyrri kaflinn er um breytingar á stjórn innflutnings- og verðlagsmála. — Í 2. gr. frv. er svo ákveðið, að fjárhagsráð skuli sjálft veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, og er gert ráð fyrir, að innflutnings- og gjaldeyrisdeild samkv. 10. gr. laganna um fjárhagsráð verði felld niður. — Ég vil, áður en ég fer lengra hér, taka það sérstaklega fram, að ég gagnrýni þetta frv. alveg út af fyrir sig, og þar dreg ég saman atriði, sem mér finnst varhugaverð eftir byggingu frv. sjálfs. En það er ekki þar með sagt, að ég sé í einu eða neinu sammála því, sem fram kemur í þessu frv., vegna þess að yfirleitt tel ég það svo sundurlaust og illa byggt upp og svo gallað, að það í raun og veru komi alls ekki til greina að samþ. það eins og það liggur fyrir.

Í 7. gr. frv. er tekið fram, að fjárhagsráð geti falið sérstökum trúnaðarmönnum eftirlit með verðlagi, en embætti verðlagsstjóra á að leggja niður. Ekkert samsvarandi ákvæði er um, að fjárhagsráð geti falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast veitingu gjaldeyris- og innflutningsleyfa. En í greinargerð með frv. segir svo á bls. 4—5:

„Þeirri mótbáru kann að verða hreyft, að með því að fela fjárhagsráði úthlutun leyfanna sé hætta á, að það geti eigi unnið svo vel sem skyldi að öðrum verkefnum, sem því er ætlað að hafa með höndum, sem er stjórn á fjárfestingu landsmanna og heildarákvarðanir um utanríkisviðskiptin. En auðvelt ætti að vera að haga framkvæmd leyfisveitinganna þannig, að það verk eyði ekki of miklu af vinnutíma sjálfra ráðsmannanna frá öðrum störfum í ráðinu. Samkvæmt þeim till., sem hér eru fram bornar, getur úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfanna að miklu leyti orðið verk skrifstofumanna í þjónustu fjárhagsráðs, þar sem úthlutun leyfa fyrir mestum hluta innflutningsins færi eftir fyrir fram ákveðnum reglum og aðalstarf sjálfra fjárhagsráðsmannanna varðandi úthlutunina yrði eftir sem áður að taka ákvarðanir um upphæð leyfanna í heild.“ — Þannig stendur þetta í grg. þessa frv., sem hér er um að ræða.

Það mun vera skýr reynsla frá fyrri tíð í sambandi við rekstur hinna ýmsu nefnda, sem hafa haft veitingu gjaldeyris- og innflutningsleyfa með höndum á undanförnum tíma, að slíkt hefur verið ærið starf, og breytir ekki miklu í því efni, þótt innflutningsleyfi fyrir skömmtunarvörum yrðu veitt á þann hátt sem segir í frv. — Það er glöggt, að ekki væri með nokkru móti viðhlítandi, að skrifstofumönnum í þjónustu fjárhagsráðs yrði falin úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa. Er það mjög mikil afturför frá þeirri skipan, sem er samkvæmt lögunum um fjárhagsráð, að til sé sérstök innflutnings- og gjaldeyrisdeild, ef í stað þessarar deildar eiga að koma einhverjir skrifstofumenn, ef til vill lítt ábyrgir. — Ég á við, að þetta sé ábyrg deild, en þessu sé ekki bara kastað í einn eða annan skrifstofumann, e. t. v. lítt ábyrgan. — Er ósamræmi í því að heimila fjárhagsráði að fela eftirlit með verðlagi sérstökum trúnaðarmönnum, en starfið við úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa sé falið skrifstofumönnum. Það er augljóst, að fjárhagsráðsmenn geta ekki persónulega annazt veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, enda er það ekki rétt, sem segir í hinum tilfærðu orðum í grg., að úthlutun leyfa fyrir mestum hluta innflutningsins fari samkv. frv. eftir fyrir fram ákveðnum reglum, sem geri úthlut-

un allra leyfa einfalt verk. Engar slíkar fastar en þó einfaldar reglur eru í frv., og verður vikið að því síðar. Það verður eftir sem áður umfangsmikið og ábyrgðarmikið starf að úthluta innflutnings- og gjaldeyrisleyfum. — Það sama gildir um embætti verðlagsstjóra. Að vísu er þó, eins og áður er sagt, gert ráð fyrir því í frv., að sérstökum trúnaðarmönnum verði falið að gegna þeim störfum, en aðgengilegra er þó, að embætti verðlagsstjóra haldist, og líklegra til árangurs, enda er ekkert, sem bendir til, að neinn sparnaður yrði við að leggja niður þetta embætti og láta sérstaka trúnaðarmenn koma í staðinn.

Í 4. mgr. 4. gr. frv. er tekið fram, að vöruskömmtun skuli falin fjárhagsráði. Samkv. l. um fjárhagsráð fer innflutnings- og gjaldeyrisdeild með vöruskömmtun, en hana á nú að leggja niður. Að öðru leyti er ekkert sagt í frv. um vöruskömmtun, og sýnist mega leiða af því, að framkvæmd hennar eigi áfram að verða í höndum sömu aðila og nú er, enda er varla séð, hvernig fjárhagsráð geti annað því að hafa sjálft skömmtun vara með höndum.

Í öðru lagi er breyting á gildandi fyrirkomulagi á úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa. — Meginbreyt. felst í 3. gr. frv. um úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir tilteknum vörutegundum, sem er þannig, að hún fari fram til einstaklinga eins og nánar er ákveðið. Það mun vera einróma álit kaupsýslumanna, að slíkt fyrirkomulag yrði með öllu óframkvæmanlegt, og ber margt til. Þótt auðvitað sé ekki auðvelt að gera sér grein fyrir því út í æsar, hvaða afleiðingar slík regla hefði, ef hún yrði að lögum, er þó unnt að benda á nokkur glögg atriði. Reglan í 3. gr. frv. mundi leiða til harðvítugrar samkeppni milli verzlana innbyrðis um að ná til sín slíkum innflutnings- og gjaldeyrisleyfum hjá einstaklingum, og yrðu þá mörg ráð notuð. Nokkur reynsla í þessu efni fékkst fyrir jólin 1947, þegar stofnaukar fyrir eplum voru gefnir út, en það var þó aðeins lítilfjörlegur forsmekkur af því, sem verða mundi í þessum efnum, ef reglan í 3. gr. frv. yrði að lögum. Af slíku kapphlaupi um innflutnings- og gjaldeyrisleyfin mundu stafa ýmiss konar ólögmætir verzlunarhættir, leyfin mundu ef til vill ganga kaupum og sölum, og glundroði, sem ekki yrði fljótlega lagfærður, hljótast af. Og vil ég kveða fastar að orði um það, því að það var svo hér á fyrsta haftatímabilinu, 1931 og þeim árum, að þá komust innflutnings- og gjaldeyrisleyfin hér kannske gegnum þrjá eða fjóra liði, áður en þau voru notuð endanlega. — Er þetta atriði eitt út af fyrir sig nægilegt til þess, að með engu móti væri unnt að lögfesta regluna í 3. gr. frv., en þó kemur miklu fleira til greina, og verður fátt eitt af því talið hér. Reglan í 3. gr. frv. mundi t. d. leiða af sér, að verzlunaratvinna yrði mun umfangsmeiri og flóknari. Gera má ráð fyrir, að mikið yrði um, að einstaklingar afhentu verzlununum gjaldeyris- og innflutningsleyfi sín fyrir fram. Yrði viðkomandi verzlun þá að bóka nákvæmlega hverja afhendingu leyfis frá einstaklingi og hverja úttekt hans. Þetta yrði svo erfitt í vöfum, að telja má það raunverulega óframkvæmanlegt, þótt á pappírnum væri látið heita, að slíkt væri unnt. Í slíkum fyrirframafhendingum innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fælist einnig talsverð áhætta fyrir einstaklingana, og meðan vöruskömmtunin er höfð, er það eitt sjálfsagt, að fyrirkomulagið sé þannig, að vara komi þegar í stað móti seðli. En reglan í 3. gr. gæti án alls vafa leitt til þess, að slíkt yrði ekki framar aðalreglan, heldur mundi mest bera á fyrirframafhendingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfanna.

Reglan í 3. gr., 3. málsgr., um, að þegar fjárhagsráð veiti fjárfestingarleyfi, skuli það jafnframt veita þeim, sem fá slík leyfi, innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir öllum þeim erlendu vörum, sem þurfi til framkvæmdanna, er þess eðlis, að hún er með öllu óframkvæmanleg. Þær vörur, sem útvega þarf til framkvæmda, eru auðvitað mjög margvíslegar, og þegar fjárfestingarleyfi er veitt, er oft að meira eða minna leyti óvíst, hve mikið þarf af ýmsum vörum til framkvæmda. Ef slíkt ákvæði yrði að lögum, er glöggt, að ekki gæti framar orðið að ræða um nokkurt eftirlit með vöruinnflutningi til landsins, sem hald væri í.

Í 3. gr. segir, að um gjaldeyrissölu bankanna gegn þeim leyfum, sem miðuð eru við vörumagn, skuli farið eftir reglum, sem um það verði settar. Ekki er gefin nein bending um, hvernig þær reglur verði, og því síður er nokkuð minnzt á það, hvaða reglur skuli gilda um sölu gjaldeyris gegn leyfi, sem hljóðar um tiltekið verð. Í 3. gr., 2. mgr., segir, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir kornvörum kaffi og sykri séu miðuð við ákveðið vörumagn, en fyrir öðrum skömmtunarvörum við verð. Í 3. gr., 4. mgr., segir, að verzlanir og fyrirtæki, sem fá þau innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, sem einstaklingum eru veitt samkv. 1. og 2. málsgr., þ. e. fyrir skömmtunarvörum, skuli framvísa þeim hjá sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík hjá fjárhagsráði). Þar séu upphæðir leyfanna lagðar saman og þeim skipt fyrir tölusett heildarleyfi, er innflytjendur síðan framvísa hjá tollyfirvöldum og bönkum.

Það er glöggt, að ákveða þarf, hvað innflutningsleyfi, sem hljóðar á söluverð, skuli gilda að innflutningsverði, og er ómögulegt að ætla sýslumönnum og bæjarfógetum að ákveða slíkt, enda mun það varla vera tilætlunin, þótt svo gæti virzt af orðalagi frv. Í 4. gr. síðustu mgr. er svo ákveðið, að ríkisstjórnin geti bannað að selja tilteknar vörutegundir (aðrar en skömmtunarvörur), nema gegn innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, enda sé þá jafnframt ákveðið hlutfall milli leyfisupphæðar og útsöluverðs vörunnar í hverjum vöruflokki.

Í 3. gr. frv. vantar algerlega ákvæði um, hvernig skuli ákveða innflutningsverðið, þegar gjaldeyris- og innflutningsleyfum, sem hljóða á söluverð, er skipt fyrir ný leyfi, sem hljóða á innflutningsverð. Þetta er vitaskuld mjög þýðingarmikið atriði, en þetta sýnist vera eitt af þeim mörgu ákvæðum í lagafrv. þessu, sem ekki virðast hugsuð.

Þetta er vitanlega ekki nema nokkuð af því, sem hefur legið nokkuð lauslega fyrir manni að rekast á, viðkomandi göllum þessa frv., því

að það er svo staksteinótt í þessu frv., að það er mjög erfitt að finna, hvernig á að framkvæma þetta fyrirkomulag, sem hér er stungið upp á, svo að nokkurt öryggi geti hér verið um að ræða, og þarna er ekki sízt að tala um neytendurna í landinu, að það er ákaflega mikil varasemi, sem þarna gætir í réttlátri dreifingu um landið, og að það er verið að íþyngja verðlaginu að óþörfu. En ég hef minnzt á það, og held því fram hér, einmitt þar sem hér er lögð áherzla á að veita leyfi beint til neytenda, að við höfum reynslu fyrir því, að það geti orðið hreinasta fjarstæða. Ég man eftir því, að það komu menn austan úr héruðum á árunum 1932—33 og sögðu: Ég fékk þetta leyfi, en er hægt að fá eitthvað fyrir það. Þetta var mjög algengt.

Ég tel mig hafa farið nokkuð samvizkusamlega í athugun minni á frv., og hef ég í einu og öllu reynt að halda mig einhliða við efni málsins út af fyrir sig, en eins og ég tók fram, þá eru það því miður aðeins örfá dæmi, sem ég hef bent á, en þyrfti að athuga miklu nánar. Og ástæðan til þess, að meiri hl. fjhn. hefur ekki komið fram með nál., er sú, að við vonuðum, að það kæmi fram frv. frá hæstv. viðskmrh., því að hann var á fundi hjá fjhn. á sínum tíma og óskaði þess persónulega, að svo mætti verða. En að lokum get ég ekki látið hjá líða að koma með undrun mína yfir því, að menn skuli ekki vilja láta innflutningsverzlunina sjá um að ná vörum til landsins. Ég á þar við S. Í. S. og svo þá kaupsýslumenn, sem ýmsir dm. kalla heildsala. En það er áreiðanlegt, að í gegnum þessa þjónustu, sem er öll út á við, hvort sem hún er framkvæmd af S. Í. S. eða heildsölum, þá var þar um að ræða stórkostlega framför á stríðsárunum, þannig, að stjórnarvöldin fóru fram á, að það væri tryggt svo og svo mikið vörumagn til landsins, svo að ekki þyrfti, þótt eitthvað bæri út af, að verða vöruþurrð að nauðsynjalausu. Og mér vitanlega var samkomulag milli S. Í. S. og annarra innflytjenda, þar sem það voru alltaf í landinu 6—8 mánaða vörubirgðir, en í dag er allt uppþurrkað, og því eru báðir þessir aðilar mjög á móti. Og það kom fram hjá hæstv. viðskmrh., að hann ætlast til, að inn komi meira magn af vörum en ákveðið er eftir skömmtunarreitunum, sem í umferð eru, þannig að það mætti rétta hluta þeirra, hvort sem það eru kaupfélög eða aðrir, sem yrðu ef til vill fyrir órétti. — Ég gæti talað miklu meira í sambandi við þessi mál, en ég hef lokið við að koma með aths. og hef haldið mér eingöngu við þetta frv. En þar sem fundartími er úti, þá læt ég hér við sitja.

Umr. frestað.

Á 94. fundi í Nd., 28. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð út af því, sem hv. þm. A-Húnv. hafði sagt um þetta mál. Ég tók eftir því bæði í ræðu hans og hv. 3. þm. Reykv., að þeir gerðu sér ekki ljóst, hvaða áhrif þetta frv. mundi hafa. Mér heyrðist á þeim, að með þessu væri verið að koma á sem næst því frjálsri verzlun. Ég vil nú biðja þessa hv. þm. að rifja upp, hvernig málum var háttað, þegar hér var frjáls verzlun. Það er að vísu alllangt síðan eða síðan fyrir 1914 og því von, að menn séu farnir að gleyma því. Þá var það þannig, að sá maður, sem átti peninga, gat pantað hvaða hlut sem var hjá einhverjum kaupmanni og gat borgað þetta með íslenzkum peningum. Þá voru íslenzkir peningar sem sé ávísun á útlenzka vöru. En hvað hefur breytzt? Það, að okkar íslenzku peningar gilda ekki lengur sem slík ávísun. Þeir hafa ekki sama gildi gegn erlendri og innlendri vöru. En hvernig getum við komizt sem næst frjálsri verzlun? Með því að fá hverjum manni í landinu ákveðinn seðlaskammt, sem sé ávísun á þá erlendu vöru, sem ríkið getur látið hvern einstakling hafa. Þetta er það skipulag, sem kemst næst því að vera frjáls verzlun. Ég er hræddur um, að þessir hv. þm. hafi gleymt, hvernig frjáls verzlun er, enda kemur það í ljós, að þeir óttast frjálsa verzlun, og hv. 3. þm. Reykv. vill láta úthluta leyfunum til S. Í. S. og heildsalanna. Hv. þm. A-Húnv. vill hins vegar útvíkka sérréttindahópinn þannig, að hann nái einnig til smásalanna. Það má segja, að það sé að vísu skárra, en það eru þó sérréttindi gagnvart neytendum. Með þessu er fólki því veitt leyfi til að nota peningana eins og fyrir 1914. Af þessu leiðir svo, að um leið og fólkið fær þessa miða í hendur, leitast kaupsýslufélög og kaupmenn við að fá þessa seðla og þannig skapast samkeppni, og það er einmitt það, sem við viljum fá. Hv. þm. A-Húnv. sagði, að afleiðing af þessu yrði mjög hörð samkeppni milli verzlana og svartur markaður. Við viljum einmitt fá harða samkeppni, þannig að verzlanir keppi um viðskipti fólksins. Það má vera, að einhver svartur markaður skapist um þessa seðla, en ég vil þó heldur, að hver fjölskylda njóti ágóðans af því heldur en fáeinir kaupmenn og kaupfélög. En hvaða þýðingu hefur það, ef kaupmenn og kaupfélög keppast um að ná í viðskipti fólksins? Það þýðir það, að kaupmenn og kaupfélög keppast um að lækka dýrtíðina. Við viljum, að kaupmenn séu þjónar fólksins, og frv. stefnir því í hárrétta átt. Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að þetta mundi leiða til harðvítugrar samkeppni innbyrðis milli verzlana. Við viljum fá harðvítuga samkeppni. Þetta þýðir því það, að í staðinn fyrir, að kaupmenn hafi samráð sín á milli um hátt vöruverð, og í staðinn fyrir einokun, svartan markað og bakdyraverzlun, þá munu verzlanirnar keppa um fólkið. Ummæli þessara hv. þm. eru beztu meðmælin með þessu frv. Ég álít, að þar sem ekki hefur verið gert mikið af hálfu Alþingis til að minnka dýrtíðina, þá ættu hv. þm. að sjá sóma sinn í því að tefja ekki fyrir málum, sem miða í þá átt, og vona ég því, að þetta mál fái skjóta og góða afgreiðslu.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég undrast stórlega ræðu hv. 2. þm. Reykv. Hann lét svo um mælt, að samþingsmenn sínir væru búnir að gleyma, hvað væri frjáls verzlun. Ég efast um, að þessi hv. þm. viti, hvað er frjáls verzlun. Hann sagði, að hér hefði ekki verið um neina frjálsa verzl-

un að ræða eftir 1914. Ég held, að þar sé nú fullmikið sagt, en megingallinn á ræðu þessa hv. þm. var sá, að hann vill reka verzlunina á annan hátt en nokkur önnur menningarþjóð gerir. Hann vill algerlega þurrka út alla innflutningsverzlun, hvort sem um er að ræða S. Í. S. eða heildsalana. Innflutningsverzlun okkar Íslendinga hófst eiginlega 1913—14, en komst svo meira til framkvæmda eftir fyrra stríðið. Samvinnufélögin höfðu t. d. skrifstofu í Kaupmannahöfn fyrir stríð, en þá varð allt að ganga gegnum danska kaupmenn. Íslendingar vildu ekki una því, og þess vegna var það, að við fórum að beina viðskiptum okkar til Englands og Ameríku. Áður en síðasta stríð skall á, hafði því verzlun okkar flutzt vestur á bóginn, og það hefur svo þróazt síðan. Á þessu sést bezt, hvernig Íslendingar hafa alltaf gripið tækifærin, þegar þau hafa gefizt, og hvernig þeir hafa ætíð reynt að fá vöruna frá fyrstu hendi. — Þetta er svo sem ekki nýr hugsunarháttur hjá hv. 2. þm. Reykv. Hann vill fyrst ráðast á hina ungu verzlunarstétt okkar og leggja hana hreinlega að velli. Ég vil nú spyrja: Í hvaða menningarlandi er verzlunarstéttin, og þá fyrst og fremst innflutningsverzlunin, jafnhundelt og hér á landi af hálfu sumra stjórnmálaflokka? Það hlýtur að vera augljóst, að eftir að við höfum náð slíkum samböndum, sem við nú höfum, bæði í austri og vestri, að þá eru það allmargir landar, sem nú bjóða vöruna frá fyrstu hendi. Þetta er heildsalan okkar, en það er það orð, sem hv. 2. þm. Reykv. vill algerlega þurrka burt úr íslenzku máli, bæði í orði og á borði. Í öðrum löndum er innflutningurinn studdur með ráðum og dáð af því opinbera, og þegar síðasta stríð skall á, var fyrst leitað til innflytjendanna, því að alltaf verður að flytja vörur til landanna, hvað sem á gengur. Hv. 2. þm. Reykv. heldur því svo fram, að það skapi frjálsa verzlun að úthluta 100—200 kr. leyfum á mann. Fjöldi þessara leyfa mundi liggja ónotaður af þeirri ástæðu, að fjöldi fólks ætlast til þess, að aðrir sjái um innflutning varanna, og þetta fólk gefur sér ekki tíma til þess að standa í slíku stússi sem þetta hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér. Hlutverk frjálsrar verzlunar er að skapa jafnvægi í verzlunarmálunum, en það getur slíkt uppboð aldrei gert. — Hv. 2. þm. Reykv. vitnaði í orð mín á allt öðrum grundvelli, er hann var að tala um, að þetta mundi leiða til harðvítugrar samkeppni milli verzlananna. Ég álít, að það sé ekki heppilegt að stofna til harðvítugrar samkeppni um að ná innflutnings- og gjaldeyrisleyfunum frá einstaklingunum og að við eigum alls ekki að bjóða í þessi leyfi út af fyrir sig, enda held ég, að það verði aldrei til þess að lækka dýrtíðina og vöruverðið, ef leyfi fyrir vörunum eru fyrst keypt háu verði, og um það efni mun framkvæmdastjóri S. Í. S. ábyggilega vera mér sammála. Ég vil benda á, að þegar er fengin reynsla í þessum efnum, nefnilega um jólin 1947, og þá fór það svo, eins og allir vita, að kaupmenn og kaupfélög slógust út af stofnaukunum fyrir eplum. Á árunum 1931—32 voru gefin út svona leyfi og útkoman varð sú, að fjöldi þessara leyfa dagaði uppi. Neytendurnir gleymdu leyfunum eða þá að þeir sögðu, að þetta hefði verið svo lítið, að sér hefði ekki fundizt taka því að panta út á þau. Ég vildi óska þess, að hv. 2. þm. Reykv. gæti sannað mér, að í einhverju öðru landi en hér á Íslandi sé ráðizt svo heiftarlega á innflytjendur eins og gert er hér á landi. Ég veit, að það þekkist hvergi að ráðast þannig á þá menn, sem leita upptaka varanna, enda er það glæpur gagnvart neytendunum. Það hefur verið rætt um það, að bændur og einstakir menn gætu fengið innflutningsleyfi fyrir þær vörur, sem þeir þyrftu að nota, en ég skil ekki annað en að háttv. 2. þm. Reykv., jafnglöggur og greinargóður maður og hann er, sjái hvílíkt öryggisleysi yrði þá í þessu um allar vörubirgðir og vöruinnflutning til landsins, ef þessi háttur yrði upp tekinn. Svo er það að hinu leytinu ekkert nema eðlilegt, að maður, sem fær t. d. 200 kr. innflutningsleyfi, kemur til Péturs eða Páls og getur sagt við hann: Heyrðu, vinur, ég skal láta þig hafa þetta leyfi, þú lætur mig hafa aura fyrir. — Ég tel þess vegna, að þetta sé bæði vitlaust og hættulegt. En ég held því hins vegar fram, að það sé auðvelt að komast að samkomulagi um innflutninginn á milli heildsala og kaupfélaga. Hingað til hafa kaupfélögin álitið það bezt að hafa ekki vörur, sem heildsalarnir hafa flutt inn, og öfugt. Ég get t. d. sagt hv. þm. það, að mörg undanfarin ár hef ég flutt inn vörur til landsins, sem eru að magni til hliðstæðar þeim, sem kaupfélögin flytja inn. Þessar vörur hafa farið til 19—20 hafna úti um land, og ég hef alltaf lagt áherzlu á að skipa vörunum fyrst út um land, áður en þeim er afskipað hér í Reykjavík. Þetta hefur náttúrlega gengið allmisjafnlega, en ég get sýnt hv. þm., að þetta hefur verið gert. Við vitum um verðlagseftirlitið, og með hverri sendingu verða innflytjendurnir að leggja fram reikninga, sem eru gagnrýndir af verðlagseftirlitinu. Það eru athugaðir reikningarnir frá verksmiðjunum, og það er hægt að komast að því, hvort það sé hagkvæmast að verzla við þau fyrirtæki, sem verzlað er við. Fraktin er reiknuð, og það er athugað, hvort leigð hafi verið ódýrustu skipin til flutninganna. En þetta yrði allt saman með öðrum hætti, ef þessi háttur yrði upp tekinn, að láta hvern einstakan hafa sitt smáleyfi. Það yrði aldrei hægt að flytja inn í eins stórum slöttum, fyrr en búið væri að safna saman öllum smáleyfunum, þá fyrst væri hægt að bjóða þau kjör, sem boðleg eru. Mig sannast að segja furðar á því, að hv. 2. þm. Reykv. skuli ekki sjá þetta. Hann má ekki láta persónulega óvild gagnvart vissri stétt leiða sig afvega, því að hann á að vita það, að hann vegur mest gagnvart neytendunum með því að gera það. En við skulum nú vona, að hann átti sig á þessu, því að hann getur ekki mótmælt, að þessu er þannig varið.

Ég vitnaði til tímans fyrir 1914, og ég er reiðubúinn til að sanna það, hve hörð sú orusta var, sem kaupmenn áttu í til þess að leysa frá umboðslaun, sem fóru til Danmerkur. Mörg dönsk firmu, sem höfðu umboð fyrir Danmörku, héldu því fram, að þau hefðu einnig umboð fyrir Ísland. Þessi firmu höfðu umboð á vörum

frá Englandi t. d., og þeir kröfðust einnig umboðslauna fyrir vörur, sem fóru hingað. Við neituðum þá, að þeir tækju þessi laun. Við vildum kaupa vöruna beint frá viðkomandi firma, og við gátum það. Ég veit það, er alveg viss um, að hv. 2. þm. Reykv. sér, hve hættulegur háttur það er að dreifa smáleyfum út um allt land til einstaklinga. Við verðum að bjóða í svo mikið magn í einu, að við getum komizt að sem allra beztum kjörum, og kemur þá margt til greina. Þeir, sem bjóða ódýra vöru, gætu ekki gert það, ef þetta fyrirkomulag yrði ofan á.

Ég vil ekki fara inn á það nú, sem orð féllu um hjá hv. þm., að kaupfélögin og heildsalarnir væru að togast á um innflutninginn. En sannleikurinn er sá, að þau geta það ekki að öðru leyti en því, sem leiðir af hlutarins eðli. Það er „kvótasystemið", sem deilt er um. En ég vil þá bara spyrja hv. þm.: Er það þá nokkuð meiri trygging fyrir betri verzlun, að öll verzlunin fari til kaupfélaganna? Þeir, sem mest hafa vit á þessu, hafa lagt áherzlu á það, að þetta jafnvægi milli kaupmanna og samvinnufélaga héldist, því að þá væri mest trygging fyrir beztum kjörum. En hitt er svo annað mál, að það er hvergi hægar að misbeita þessu en einmitt hér hjá okkur. Það er svo fjarri mér að vilja samvinnufélögin úr sögunni, en ég er hins vegar algerlega andvígur því, að þau tímabil, sem við þurfum mest að herða að okkur, séu notuð til þess að gera eina stofnun miklu sterkari en hinar, því að það kemur harðast niður á neytendunum. Ég vitnaði áður í samvinnufrömuð, sem var í Danmörku. Það var lögð fyrir hann sú spurning, hvort hann vildi útiloka kaupmenn. Hann sagði þá, að það versta áfall, sem samvinnufélögin gætu fengið, væri að útiloka kaupmenn, því að bezt væri, að þessir tveir aðilar ættust við á grundvelli frjálsrar samkeppni.

Ég hef nú dvalið nokkuð lengi við þetta, vegna þess að hv. 2. þm. Reykv. var hér að ræða um grundvallaratriði, sem ég held, að hann hafi misskilið, því að ég ætla hann ekki vera þann mann, að hann geti ekki viðurkennt þessa stétt manna, af því að honum er persónulega í nöp við hana.

Það hafa orðið miklar og stórkostlegar breytingar á þessu sviði hjá okkur frá því fyrir 1914 og til þessa dags. Það er mikill munur á því, hvað við kaupum nú betri vörur og bjóðum betri vörur núna en þá handa neytendum í landinu. Það eru stórkostlegar framfarir. Mér skilst það á hv. 2. þm. Reykv., að hann álíti, að hér sé um hreina auðvaldsstétt að ræða, en sannleikurinn er sá, að marga af þessum mönnum vantar jafnvel nauðsynlegasta rekstrarfé, þó að margir séu sæmilega vel stæðir, sem betur fer. En hvernig hefur þetta svo gengið fyrir sig? Bæði kaupmenn og kaupfélög hafa orðið að taka lán til þess að geta rekið þessa verzlun, og báðir þessir aðilar hafa orðið fyrir miklum áföllum. En hvernig færi svo, ef gengið væri að þessari stétt dauðri? Þá stæðum við ábyggilega langt að baki því, sem við vorum í upphafi. Ef farið yrði eftir stefnu hv. 2. þm. Reykv. og neytendur fari til umboðsmanna sinna, helzt fram hjá öllum heildsölum, bæði hérlendum og erlendum, þá yrði það mjög hættuleg leið. En hins vegar er bezta tryggingin fyrir hagkvæmustu kjörum og beztri vöru að fá hana hjá þeim, sem hafa bein sambönd við stærstu fyrirtæki úti í heimi, hvort sem það er nú S. Í. S. eða heildsali, sem hefur þessi sambönd.

Ég ætla ekki að fara að ræða þetta nánar, en fór út í þetta af því, að það kom fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv., að hann álítur, að bezta tryggingin fyrir neytendurna sé, að þeim sé úthlutað smáleyfum. En það er ekki nema hálfur sannleikur, því að innflytjandinn fær leyfi — það er alveg rétt, en það er hins vegar engin trygging fyrir því, að neytendurnir fái vöruna eða fái hana með eins góðum kjörum og annars væri hægt. Hins vegar er það alveg rétt, að frjáls verzlun er eiginlega engin til núna, því að alls staðar þarf að fara í gegnum verðlagseftirlit, en það er alls ekki farið eftir beztu kjara kaupum, en það tel ég meginatriði í frjálsri verzlun, að lægsta framboð á sambærilegri vöru ætti að koma til neytenda. Þess vegna er það þjónustustarf á verzluninni gagnvart neytendunum að komast að sem beztum kjörum og hagkvæmustum fyrir þá, og mun ég gera það áfram eins og hingað til og veit, að aðrir munu gera það líka.

Ég ætla svo ekki að teygja umræðurnar meira, þó að margt mætti um þetta segja, en ég held, að þetta hjá hv. 2. þm. Reykv. sé nú reyndar ekki annað en málamyndaraðstoð við sálufélaga sinn, hv. þm. V-Húnv., en ég verð að segja það, að mig hryggir það mjög, að svo mætir menn sem þeir eru skuli vera jafnstagneraðir og raun ber vitni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég verð að byrja með því að mótmæla því vantrausti, sem hv. 3. þm. Reykv. lýsir á stétt sína og sína sálufélaga, því að hann virðist álíta, að með þessu skipulagi yrði heildsalastéttin þurrkuð út, ef hún ætti að leggja í baráttu um neytendur, og svo mundi þetta allt lenda á neytendunum, því að varan yrði þá dýrari en ella. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm., því að þetta yrði þvert á móti til þess, að innflytjendurnir kepptu um að bjóða sem bezt kjör, svo að varan yrði því ódýrari. Þetta mundi þar að auki vinna á móti dýrtíðinni í landinu. Ég verð að lýsa því yfir, að það er alveg ástæðulaust fyrir hv. þm. að vera að vantreysta svona stéttarbræðrum sínum, og ég mótmæli harðlega því vantrausti. Nú er ástandið svo komið, að báðir aðilar eru að „stagnerast". Þeir þurfa ekki að keppa um markaðina, hvorki kaupmenn né kaupfélög. Með því að úthluta þeim þessum vörum, þá er verzlunin að „stagnerast", því að það er engin keppni á milli þeirra. En ef hins vegar þetta fyrirkomulag verður tekið upp, þá eru þeir settir í harða keppni, og ég er viss um, að kaupfélögin standa sig vel í þeirri keppni og kaupmennirnir líka. En sem sé, það er þetta sem við þurfum að fá, og þess vegna er rétt að taka upp þetta fyrirkomulag.

Hv. 3. þm. Reykv. er hræddur um, að menn muni gleyma leyfunum heima og týna þeim.

Hefur hann þá orðið var við það t. d., að menn hafi gleymt skömmtunarseðlunum eða gert sér það að leik að týna þeim? — Þá sagði hann, að það yrðu vandræði með birgðir, ef þetta fyrirkomulag yrði tekið upp. Það hefur alltaf verið talað um það, en það er hægt að skapa þær fljótlega, en aðalatriðið er, að þetta fyrirkomulag komi sem fyrst.

Þá sagði hv. 3. þm. Reykv., að það yrði enginn vandi að úthluta birgðum til S. Í. S. og heildsala, það yrði bara að vera hliðstæð úthlutun, og það væri hægt að komast að samkomulagi um, hvor flytti hvað inn. Má ég þá spyrja hv. þm.: Hvers vegna í ósköpunum eru þessir aðilar þá ekki búnir að komast að samkomulagi fyrir löngu? Það hefur enginn getað komið á þessu samkomulagi. Ríkisstj. getur það ekki, stjórnarflokkarnir geta það ekki. En ef hv. 3. þm. Reykv. hefur lykilinn að þessu, því í ósköpunum leysir hann þá ekki þessi vandræði, sem eru alveg að eyðileggja allt stjórnarsamstarfið? Nei, eina leiðin til þess að leysa þessi vandræði er að láta fólkið gera það sjálft. Fólkið þarf að hafa frelsi til þess að geta gert þetta, það þarf að hafa leyfin til að flytja inn.

Svo kemur hv. þm. með þau rök, að þetta sé hvergi gert í öllum heiminum, en ef við getum tekið upp betra fyrirkomulag en annars staðar þekkist, því í ósköpunum skyldum við þá ekki gera það? Það voru hér einu sinni menn, sem byrjuðu að skrifa á íslenzka tungu, þegar allar aðrar menntaðar þjóðir skrifuðu á latínu. Núna erum við stoltir af því, að þeir skyldu gera það. Hvers vegna skyldum við þá ekki taka upp þetta fyrirkomulag, ef við sjáum að það er heppilegra? Svo sannarlega eru það ekki nein rök, að enginn annar geri það. Ég held líka, að það sé ekki rétt af hv. þm. að hafa svona mikið vantraust á sinni eigin stétt, og þess vegna vil ég endurtaka það, að röksemdir þeirra, sem á móti þessu máli mæla, mæla með því.

Umr. frestað.

Á 95. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti (BG): 3. þm. Reykv. hefur kvatt sér hljóðs.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Ég get fallið frá orðinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 96. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Nd., 3. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 97,1.a felld með 18:4 atkv.

— 97,1.b—d felld með 17:4 atkv.

1. gr. samþ. með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KTh, LJós, PÞ, SigfS, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, BÁ, EOl, EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, JG, BG.

nei: ÓTh, PO, SB, SEH, SK, StSt, ÁÁ, EmJ, FJ, GTh, AG, JóhH.

JPálm, JS greiddu ekki atkv.

4 þm. (JörB, StJSt, IngJ, JJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 17:2 atkv.

Brtt. 97,2 felld með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SB, SEH, FJ, GTh, JPálm.

nei: KTh, LJós, PÞ, PO, SigfS, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, JG, BG.

ÓTh, SK, StSt, ÁÁ, AG, JóhH, JS greiddu ekki atkv.

4 þm. (JörB, StJSt, IngJ, JJ) fjarstaddir.

3.—4. gr. samþ. með 17:6 atkv.

Brtt. 97,3 felld með 17:4 atkv.

5.—13. gr. samþ. með 17:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:7 atkv.

Á 101. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 102. fundi í Nd., 6. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 103. fundi í Nd., 7. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 99. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 101. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Það, sem hér er um að ræða á þskj. 37, er breyt. á l. um fjárhagsráð. Að mínu áliti er talsvert mikil þörf fyrir að breyta þessum l. um fjárhagsráð, því að þau eru að mörgu leyti stórgölluð og að mörgu leyti afar einkennileg, eins og sjá má, ef litið er t. d. á 2. gr. laganna, þar sem talað er um verkefni fjárhagsráðs eða um það, sem fjárhagsráð á að miða störf sín við. Þar er t. d. það, að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls í landinu og að öllum verkfærum mönnum sé tryggð atvinna í landinu; enn fremur að öllum vinnandi mönnum og sérstaklega þeim, sem stunda framleiðslu til sjávar og sveita, séu tryggðir möguleikar til að halda í horfi atvinnu sinni. Enn fremur er þar til tekið, að komið sé í veg fyrir spákaupmennsku. Þessi ákvæði þarna í gr. eru ákaflega einkennileg, því að það er erfitt að hugsa sér það, að stofnun eins og fjárhagsráð geti tekið á sínar herðar að sjá svo um, að allir menn hafi næga vinnu í landinu. Ég veit ekki, hvaða stofnun það gæti verið, sem slíkt gæti tekið að sér. Hins vegar, ef ekki þyrfti annað en að búa til stofnun með lögum og segja henni að láta alla vinnandi menn í landinu hafa næga atvinnu, þá værum við búnir að finna ráð við vandamáli, sem allur heimurinn hefur leitað að í fjölda mörg ár og leitar

að í dag. — Starfsemi fjárhagsráðs virðist ekki benda til þess, að þessi stofnun hafi getað afkastað þessu hlutverki, sem því er þarna ætlað, því að það hefur alls ekki komið nálægt þeim verkefnum, því að þetta ákvæði er út í loftið. Og mikið af þessum l. er meira og minna gallað, eins og ég tel það gallað, þegar við erum að fá voldugu ráði sem verkefni í hendur það, sem allir vita og ekki sízt þeir, sem búið hafa til l. um það, að þessu ráði er ógerningur að afkasta.

Það, sem er þungamiðjan í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er að skipta leyfum fyrir tilteknum vörutegundum, kornvörum til manneldis, kaffi og sykri, ávöxtum og grænmeti, fatnaði og vefnaðarvörum, skófatnaði, búsáhöldum og hreinlætisvörum, jafnt á milli allra manna í landinu. Þetta er í eðli sínu hin gamla höfðatöluregla, þ. e. að ætla öllum mönnum jafnan skammt af hvaða vöru sem er. Nú er það svo, að flestum hlýtur að vera kunnugt, að það er ekki sama notkun á þessum vörum, sem þarna eru upp taldar, alls staðar á landinu hjá einstaklingum. Í bæjum og sveitum nota menn misjafnlega mikið af sumum þessum vörum, t. d. skófatnaði, vefnaðarvörum og búsáhöldum. Af þessum vörum er notað miklu meira í bæjum en úti á landsbyggðinni, sem kemur að eðlilegum hætti, að notkun þeirra er ekki eins mikil utan bæjanna. Þess vegna er það í eðli sínu óeðlilegt að ætla sér að skipta öllum þessum vörum jafnt á milli neytendanna. Ég skal viðurkenna aftur á móti, að vörum eins og kornvörum, kaffi og sykri er eðlilegt, að sé skipt jafnt, vegna þess að af þessum vörum nota menn nokkurn veginn sama skammt hvar sem er á landinu.

Aðalatriðið í frv. er svo það, að einstaklingum skuli veitt innflutningsleyfi fyrir þessum vörum, sem um er að ræða. Það er m. ö. o. þannig, að það á eftir frv. að taka upp þá óhæfilegu og geipilegu skriffinnsku að veita hverjum einasta neytanda í landinu innflutningsleyfi. Þessum innflutningsleyfum eiga svo neytendur að framvísa í verzlunum, og verzlanir eiga síðan að snúa sér til innflytjenda eða S. Í. S., til þess að þeir geti svo aftur fengið leyfi út á þessi leyfi hjá sýslumönnum eða frá fjárhagsráði. Þetta er svo óhemjuleg skriffinnska, að það er alveg furða, að nokkur maður skuli láta sér detta í hug að koma á slíkri framkvæmd. (*GJ:* Þetta er nú Framsóknarfrv., svo að það er nú engin furða.) — Vegna þess, sem ég tók fram áðan, að neyzlan er mjög mismunandi á ýmsum stöðum á landinu, annars vegar í bæjum, en í sveitum hins vegar, á þessum vörutegundum, yrði dreifing þeirra óeðlileg eftir þessu frv. Um leið og hver maður fær jafnan skammt á við alla aðra af þessum vörum, þá verður dreifingin á þeim óeðlileg í landinu, vegna þess að sumt af þessu fólki, og kannske mikið af þessu fólki, fær þá leyfi fyrir vörum, sem það notar ekki og ætlar sér ekki að nota. En þessi leyfi yrðu svo afhent í verzlanir og kaupfélög, og varan kemur á þá staði, þar sem eftirspurnin eftir henni er ekki til staðar. Það má segja, að þetta gildi ekki í jafnríkum mæli, ef um þrönga skömmtun er að ræða og ekki er flutt inn meira og jafnvel minna af vörum en skömmtuninni nemur. En jafnvel þó að innflutningurinn sé ekki meiri en skömmtuninni nemur, þá mundi það vera í ákaflega mörgum tilfellum, sem neytendur eða leyfishafarnir keyptu ekki þá vöru, sem þeir hafa leyfi fyrir. Hins vegar mundi leyfið verða afhent og varan flutt inn af þeim, sem leyfið fær. Þá má segja, að í „theoríunni" sé þetta framkvæmanlegt. Í „theoríunni" má segja, að höfðatölureglan sé ekki mjög fráleit í þessu efni. En bara þegar maður athugar höfðatölureglina í þessum efnum, eins og hún er kölluð, þá koma gallar á þessu fyrirkomulagi fram í framkvæmdinni, eins og þegar talað var um það á sinni tíð, að það ætti að skipta jafnt á milli landsmanna eða þeirra innflytjenda, sem sjá um vörudreifinguna, landbúnaðarvörum og sjávarútvegsvörum. Ef svo hefði verið gert, þá hefði það komið þannig út, að S. Í. S., sem flytur inn líklega 80 eða 90% af landbúnaðarvörum, það hefði samkv. höfðatölureglunni ekki átt að fá nema 30—40% af þeim vörum. Hins vegar hefði Sambandið eða kaupfélögin átt að fá 35% af sjávarútvegsvörum. En a. m. k. á þeim tíma, sem ég þekkti til, flutti S. Í. S. ekki inn nema 4—5% af sjávarútvegsvörum. Þetta er eitt lítið dæmi um það, hvað sú raunverulega höfðatöluregla er fráleit, ef á að framkvæma hana alveg eftir orðsins fyllstu merkingu.

Sú breyt., sem verður á þessari stofnun, ef þetta frv. verður samþ., er sú, að niður verður felld viðskiptanefnd. Það má segja, að niðurfelling viðskiptanefndar sem slíkrar sé þörf ráðstöfun, vegna þess að framkvæmd haftanna í höndum þessara tveggja stofnana — ég kalla þetta tvær stofnanir — hún er svo fráleit, að hún getur ekki verri verið. Og sem dæmi um það, hversu vinnubrögðin eru þar þunglamaleg, má benda á það, að einn maður í viðskiptanefnd getur fengið máli vísað með ágreiningi til fjárhagsráðs. Einn maður í fjárhagsráði getur með ágreiningi fengið sama máli vísað til ríkisstj. Ríkisstj. á svo að taka ákvörðun um málið, sem henni veitist oft erfitt að gera, vegna þess að hér er oft um pólitísk atriði að ræða, sem verður togstreita um í ríkisstj. Og venjulega verður niðurstaðan, að málinu er vísað enn aftur til fjárhagsráðs og fjárhagsráð vísar því aftur til viðskiptanefndar og viðskiptanefnd afgreiðir svo ekki málið. Og þá er málið búið að vera nokkrar vikur eða mánuði innan þessara stofnana og hjá ríkisstj., sem er nú höfuðið á þessum stofnunum. Og þannig eyðileggst öll skynsamleg afgreiðsla á þessum málum, sem eru kannske meira varðandi fyrir afkomu einstakra manna og alla afkomu í landinu en nokkuð annað. Það er næsta hryggilegt að hugsa til þess, að ríkisstj. skuli ekki koma sér saman um að fá fram einhvern skynsamlegan rekstur á þessari stofnun, sem um það bil hver einasti maður á landinu þarf eitthvað undir að sækja, heldur skuli þessi stofnun vera svo, að ekki einn einasti maður, sem maður hittir, mælir þessari stofnun bót, heldur eru allir undantekningarlaust, sem fordæma þessa aðferð. (*BSt:* Það finnast vonandi ráð í hv. fjhn., ef málið kemst til hennar.) Fjhn. á nú að segja sitt álit

á þessu frv. hérna, og þá á hún að segja sitt álit um það, hvort með samþykkt þessa frv. mundu komast betri vinnubrögð á í þessari stofnun. Ég er ekkert frá því, að vinnubrögðin í þessum efnum mundu batna við það, að viðskiptanefnd sem slík yrði lögð niður. Viðskiptanefnd hefur talsvert mikið vald, eins og nú er. En með samþykkt frv. yrði sá valdaaðili burt numinn, og þetta vald yrði veitt fjárhagsráði, og fjárhagsráð yrði að taka ákvarðanir um hlutina, en ekki viðskiptanefnd. Og þetta er að mínu áliti eina till. í þessu frv., sem notandi er. Og ég vildi gjarna samþ. þann lið frv., sem um þetta fjallar.

Ég skal nú ekki þreyta hv. þd. lengur með umr. um þetta mál í kvöld, enda sé ég, að menn hafa tekið sér frí, sem hér eiga sæti. En ég vildi bara endurtaka það, að ég tel, að þetta frv. stefni til svo gífurlegrar skriffinnsku í viðbót við alla þá skriffinnsku, sem við höfum búið við, að af þeirri ástæðu væri full ástæða til þess að synja frv. um framgang.

Forseti (BSt): Það virðist ekki þýða að ætla að halda þessu máli áfram. Ég hafði nú vonazt eftir því, — af því að þetta er 1. umr., — að það gæti fengið að ganga til n. nú í kvöld. Var það stutt aths., sem hv. þm. Barð. ætlaði að gera? (*GJ:* Nei, það var eiginlega um dagskrá.)

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er um dagskrá. Hæstv. forseta er vel ljóst, að hér er á ferðinni eitt allra mesta hitamál þingsins. Og ég vildi mjög mælast til þess, að hann frestaði þessari umr., þar til fleiri hv. þm. væru við og þar til hæstv. viðskmrh. væri viðstaddur til þess að ræða þetta mál. Ég vonast til þess, að hæstv. forseti vilji verða við því, að þetta mál verði geymt, þar til hægt er að ræða það við hæstv. ráðh., og þá rætt þegar betur stendur á heldur en nú, þar sem menn hafa staðið hér í umr. síðan kl. tvö í dag.

Forseti (BSt): Mér hefur aldrei komið til hugar úrslitaafgreiðsla þessa máls nú. En mér virðist ekki sérstök hætta á ferðum, þó að málinu væri nú vísað til n., þannig að samkomulag gæti orðið um það, að málið gæti komizt til n., því að þó að svo væri, þá gæti nú bæði það komið fyrir, að nefnd afgr. ekki málið og það kæmist þá ekki lengra. Og þar að auki, þó að n. afgr. málið, væru þó tvær umr. um það eftir. — En að sjá um, að hlutaðeigandi ráðh. verði við umr., til þess treysti ég mér blátt áfram ekki. Og að gera kröfu til mín um það, er að gera kröfu, sem ég get ekki uppfyllt. — Var það meining hv. þm. Barð. að kveða sér hljóðs um þetta mál? (*GJ:* Ég þarf að ræða lengi um þetta mál við 1. umr.) — Það er sýnt, að það er ekki hægt að koma málinu til 2. umr. og n., sem ég hafði nú ætlað mér nú í kvöld. Umr. um málið er því frestað.

Á 102. fundi í Ed., 10. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að segja nokkur orð í sambandi við þetta mál hér við þessa umr. Ég skal nú ekki fara mjög út í hinar einstöku gr. frv., en geyma það, þar til málið kemur aftur úr nefnd og séð verður, hvaða till. hv. fjhn. hefur fram að flytja um breyt. á frv.

Þegar lögin um fjárhagsráð voru samþ. hér á Alþ., þá var farið þar inn á mjög nýja og viðtæka braut í verzlunarmálum þjóðarinnar, í ýmsum athafnamálum og í raun og veru í öllum málum þjóðarinnar, sem snerta líf hennar og afkomu. Ég held, að því verði varla neitað, að þessi lagabálkur, sem settur var á sínum tíma af miklum meiri hluta Alþ., hann hafi fullkomlega brugðizt vonum manna, og ég held á hverju einasta sviði, eins og hv. 1. þm. Reykv. benti hér á í gær. Ég held, að það sé varla nokkur maður í nokkurri stétt í þjóðfélaginu, sem ekki viðurkenni í dag, að þær vonir, sem bundnar voru við þennan lagabálk, hafi brugðizt. Þar með er ekki sagt, að ýmislegt gott hafi ekki komið frá fjárhagsráði í sambandi við ákvæði þessara laga. En það er áreiðanlegt, að dómur þjóðarinnar er sá, að þaðan hafi komið meiri erfiðleikar og meiri hömlur og meira illt en gott. Þegar svo þessi dómur liggur fyrir, þá er einkennilegt, að það skuli ekki geta náðst samkomulag um breyt. á þeim lagabálki til bóta. Að vísu eru einstakir menn, sem halda því fram, að þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 37, sé hér stórkostlega til bóta, ef það nær fram að ganga. En það er út af fyrir sig heldur ekki nema nokkur hluti þingsins, sem er á þeirri skoðun, þótt þetta frv. hafi náð samþ. í hv. Nd. Og ég er einn af þeim, sem telja, að þær breyt., sem hér er lagt til, að gerðar séu á þessum l., stefni í öfuga átt og séu því síður en svo fallnar til þess að bæta úr þeim ágöllum, sem fyrir eru í þessum efnum. Mér er það fullkomlega ljóst, að fyrsta skilyrðið til þess, að þjóðin virkilega geti fengið að njóta hæfileika sinna, er, að hún hafi sem mest frelsi í landinu, en lögin um fjárhagsráð fara í öfuga átt við það. Þau reyra böndin að einstaklingum og félögum og því harðari, því erfiðara sem er í ári. Og reynslan hefur sýnt, að því meir sem þessi bönd eru reyrð og frelsið er skert, því verr líður þjóðinni, því lakara verður bæði atvinnuástand hennar og fjárhagsafkoma öll. Það er því ekki leiðin til þess að bæta úr þessu að fara enn lengra inn á haftakerfið og enn lengra inn á yfirstjórn einstakra manna yfir þjóðinni, manna, sem hljóta að hafa mjög takmarkaða hæfileika til þess að geta fyrirskipað einum í dag og öðrum á morgun um það, hvernig þeir skuli haga sínum atvinnuháttum og fjármálalífi hér í landinu. — Ég hefði því haldið, að eftir að fengizt hefur þessi reynsla, þá væri hægt að komast að samkomulagi um að snúa við á þessari braut, en fara ekki lengra inn á hana, eins og þó hér er ætlazt til með þessu frv. En um það virðist ekki vera samkomulag enn. Aðalástæðan fyrir því er auðsjáanlega eiginhagsmunir einstakra manna, sem þetta snertir, nákvæmlega á sömu lund eins og á sér stað hjá einni ákveðinni stétt í þjóðfélaginu, sem nú rís upp þessa dagana, — þ. e. bílstjórastéttin —, sem krefst þess, sem allir menn vita, að er hverjum manni nema þeim sjálfum til stór-

ógagns. En þannig er orðið ástandið í viðskipta- og athafnamálum hjá þjóðinni, að einstakir menn sjá sér hag í því að halda áfram höftum og þrengja enn meir að einstaklingsfrelsinu og hafa höftin enn meiri en nokkru sinni áður. Það er svona líkt eins og er menn taka að sér að vinna eitthvað á óþrifastað, að þegar þeir eru búnir að vera nægilega lengi þar, finna þeir ekki lyktina af því, sem þar er óþverralegt. Og hins sama virðist kenna hjá Íslendingum í sambandi við öll þessi mál. Og þetta er því einkennilegra sem vitað er, að eftir því sem þjóðin hefur höggvið fleiri helsi af sjálfri sér, eftir því sem hún hefur fengið meira sjálfsforræði, eftir því sem henni fór að vegna betur, þá skuli hún nú, nokkru eftir að hún hefur orðið sjálfstæð, reyra sjálfa sig í þá fjötra, sem hér er um að ræða. En því miður virðast nú ekki miklar leiðir vera til þess, að þjóðin komist út úr þessu öngþveiti, beinlínis vegna tillits til einstakra manna og einstakra stétta, sem hugsa um aðstöðu sína til þess að geta krafsað til sín meira af verðmætum þjóðarinnar en þeir mundu geta, ef frjáls samkeppni væri í landinu eins og hjá menningarþjóðum. Ég tel, að það sé fyrsta skilyrðið fyrir hina íslenzku þjóð nú til úrbóta í viðskipta- og verzlunarmálum að viðurkenna það, sem raunverulega er í okkar viðskiptamálum, að kaupmátturinn inn á við er margfalt meiri en kaupmátturinn út á við og að gengi varanna á móti peningum er ramfalskt. Það þarf ekki að draga fram mörg dæmi til þess að sýna fram á þetta. Það er öllum ljóst, að á hinum svarta markaði í landinu er erlendur gjaldeyrir seldur fyrir tvöfalt verð eða meira á við skráð gengi. Jafnvel sjálft Alþ. hefur farið inn á þá braut að selja erlendan gjaldeyri með 75% álagningu, og er víst meiri eftirspurn eftir honum en innstæður erlendis þola. Það er vitað, að enginn atvinnurekstur, sem byggður er á útflutningi, getur lengur borið sig í landinu og að ríkissjóður verður að verja tugum milljóna kr. til þess að bæta upp verð til þeirra manna, sem standa að útflutningsframleiðslunni, sem beinlínis stafar af því, að gjaldeyri landsmanna er misskipt. Meðan þetta ástand er í landinu, þá er að sjálfsögðu ekki hægt að leysa þessa fjötra, sem hér eru á, eða jafnvel slaka neitt til á þeim. Og það er þess vegna, sem það er í raun og veru meginþörfin fyrir landsmenn nú að viðurkenna þetta ástand og breyta þessu fyrirkomulagi, létta af höftunum, leyfa einstaklingunum að sýna mátt sinn og möguleika og hæfni til þess að flytja vörur til landsins fyrir sem minnstan gjaldeyri — eins og raunverulega var ákveðið í þessum lögum frá upphafi og í þeim samningi, sem gerður var á milli þeirra flokka, sem styðja núverandi hæstv. ríkisstj., og líka milli þeirra flokka, sem studdu fyrrv. hæstv. ríkisstj., — og láta þannig jafnvægi skapast í landinu í viðskiptamálum og atvinnumálum þjóðarinnar. Og fyrr en þessi staðreynd er viðurkennd, er ekki hægt að búast við, að nokkur jákvæður árangur náist til úrbóta. — En ekkert af því, sem ég hef hér minnzt á, er í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Hér eru aðeins fyrirmæli um það að fara enn lengra inn á haftabrautina, enn lengra inn á svarta markaðinn, gefa aðilum enn betri og meiri möguleika til þess að verzla með innflutningsleyfi, ekki til þess, að það lækki vörur í verði til neytenda, heldur til þess að hækka það stórkostlega. Slíkt fyrirkomulag er ekki til þess að leysa þann vanda, sem hér er á ferðinni.

Ég skal viðurkenna, að sumt af því, sem fjárhagsráð hefur gert, síðan það var stofnað, hefur verið nauðsynlegt. En ég tel, að það, sem nauðsynlegt hefur verið gert hjá fjárhagsráði, það hefði mátt gera, þó að ekkert fjárhagsráð hefði verið til. Það var starf, sem að langmestu leyti lá í að afla upplýsinga fyrir viðkomandi aðila til að haga sér eftir. Það var allt annað en það vald, sem þessi stofnun hefur beitt til óþurftar í þjóðfélaginu — ekki af illgirni, síður en svo, heldur af því, að það er ekki hægt annað, eins og málum er komið nú, hversu góðir og samvizkusamir menn sem þar væru. Auk þess sem vitað er, að sú stofnun hefur verið rekin ákaflega mikið pólitískt og flokkarnir notað þar sinn pólitíska styrkleika, eftir því sem þeir hafa haft möguleika til á hverjum tíma, enda er það svo í þessu landi nú, að sá, sem hefur valdið á innflutningnum, hann hefur allt vald hér. Það er ekki lengur peningavald, skynsemi, menntun og frelsi, sem ræður, heldur er það innflutningurinn, valdið yfir verzluninni, sem ræður öllu í landinu. Þar er aðstaðan sterkust og mest valdið. Það má geta nærri, hve hollt það er fyrir þjóðina, að innflutningsverzlunin ráði þannig öllu. Það er því engin furða, þó að framleiðslustörfin, sem hafa í för með sér áhættu og gefa hvorki arð né völd, séu ekki eftirsótt, því að innflutningsverzlunin gefur mestar tekjur og mest vald yfir öðrum mönnum. En þetta er áreiðanlega ekki leið til frelsis og frama, heldur er þjóðin að kollsigla sig með þessu. Reynslan sýnir, að því lengra sem farið er inn á þessa braut, því verri er hagur landsins, bæði inn á við og út á við.

Ég hef aðeins viljað láta þetta koma fram við þessa umr. Síðar mun ég ræða einstök atriði frv., ef það þá kemur aftur í d. á þessu ári.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 103. fundi í Ed., 11. maí, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 112. fundi í Ed., 17. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 37, n. 750).

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv. kom til fjhn. fyrir nokkrum dögum og hefur einu sinni verið tekið fyrir í n. Ég óskaði þess þá, að afgreiðslu málsins yrði frestað, og rökstuddi þá ósk með því, að í Nd. væri á ferðinni frv. um skipun þessara mála og ég vildi kynna mér, hvernig málið stæði í Nd. og hver yrði afgreiðsla n. þar, áður en við afgr.

þetta mál í fjhn. hér og tækjum afstöðu til þess. Tveir hv. nm. gátu ekki fallizt á þetta og hafa gefið út sérstakt nál., en meiri hl. n. hefur ekki afgr. málið, og það er í athugun hjá einstökum nm. Ég verð eindregið að óska þess, að hæstv. forseti taki ekki málið á dagskrá, heldur gefi meiri hl. n. tækifæri til að athuga það betur, ef við þrír skyldum geta komið okkur saman.

Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er fyrirsjáanlegt, að ef þessu máli verður frestað nú, er það hið sama og að koma í veg fyrir, að tekin verði afstaða til þess á þessu þingi, þar sem svo stutt er eftir af starfstíma þingsins. Ég get ekki séð ástæðu til, að ekki sé tekin afstaða til málsins og hummað fram af sér að afgr. það, eins og gert hefur verið síðan í haust. Því er borið við, að beðið sé eftir, að fjhn. Nd. taki afstöðu til frv., sem komið er fram hálfu ári eftir að þetta frv. er borið fram. Ég býst við, að það frv. verði alls ekki afgr. Það er aðeins komið gegnum 1. umr., og það er ekki líklegt, að það fái afgreiðslu. Hins vegar er það svo um þetta mál, að þeir, sem ætla sér að taka afstöðu til þess, hafa þegar gert það, því að mál, sem er því náskylt, hefur verið hér fyrir Alþ. og rætt um það í þinginu, blöðunum og útvarpinu. Ég sé því ekki ástæðu til að fresta málinu, enda væri hægt að fresta hverju máli með því að setja það í samband við eitthvað annað mál og gefa ekki út nál. Málið liggur ljóst fyrir og hefur verið rætt meira en nokkurt annað mál, einnig í útvarpinu, og oft á Alþ. og mannfundum. Menn hafa því tekið afstöðu til þess. Af hálfu Framsfl. er líka gerð sú krafa, að málið verði afgr. og tekin afstaða til þess. Það er ekki ástæða til að bíða eftir því, að afstaða sé tekin til annars máls. Áður en ég sný mér að efni málsins er eðlilegt, að úr því verði skorið, hvort málið kemur til afgreiðslu eða ekki.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður og ekki tefja umr. Hv. þm. Str. talaði sérstaklega fyrir flokk sinn í þetta skipti, en ég vil segja, — og beina máli mínu til hæstv. forseta, — að meðan hann var sjúkur um tíma, bar svipað að. Er hann var rúmliggjandi, hafði meiri hl. n. gefið út álit, og málið var tekið á dagskrá og þess óskað, að það gengi sína leið. En minni hl. bað um frest til að geta komið fram með nál. Ég taldi rétt að verða við þessari ósk, jafnvel þó að um minni hl. væri að ræða — en hér er það meiri hl., er óskar eftir fresti — og hélt, að ég úrskurðaði þá í anda hins reglulega forseta, sem mér hefur virzt réttlátur maður í sínu sæti. Ég vil því taka undir með hv. 7. landsk. og óska þess, að gefinn verði nokkur frestur, svo að meiri hl. geti komið saman, því að önn hefur verið mikil síðan í gær og tími stuttur til umráða. Ég vil mælast til þess, að málinu verði frestað fram undir kvöld, — ég þori ekki að ákveða tíma, hv. form. n. veit betur um það. Sem sagt, ég óska, að gefinn verði nokkur frestur, svo að við getum skilað nál., og tel það í samræmi við það, sem áður hefur tíðkazt, einnig minn úrskurð, sem gerður var í trássi við mína eigin flokksmenn og gegn mótmælum þeirra.

Forseti (BSt): Hv. þm. Dal. og hv. 7. landsk. hljóta að sjá og skilja, að ekki er hægt að hafa sömu reglu á síðasta starfsdegi þingsins og fyrr á þinginu. (*ÞÞ:* Er þetta síðasti starfsdagur?) Það mun vera ákveðið að slíta þingi á morgun, og ég geri því ráð fyrir, að þetta sé síðasti starfsdagur þessarar hv. d. Hefði þessi ósk komið fram fyrr, hefði ég að sjálfsögðu orðið við slíkum tilmælum. Annars má benda á, að í Nd. mun aldrei hafa komið nál. nema frá minni hl. (*ÞÞ:* Því meiri nauðsyn.) Frv. er samþ. í Nd. og þannig möguleiki tímans vegna að gera það að l., ef hv. d. vill. Ég tel því ekki forsvaranlegt að hindra, að atkv. gangi um málið. Hins vegar skal ég fresta umr. til klukkan fimm, ef n. telur sig hafa gagn af því. Er þá málinu frestað til klukkan fimm, enda hafa hv. nm. engan annan tíma. (*GÍG:* Við höfum ekki einu sinni þann tíma.)

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég tel, að við höfum lítið gagn af fresti til klukkan fimm, en það má reyna að nota hann og sjá, hvað við getum komizt áfram í málinu.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Björn Ólafsson: Herra forseti. N. hefur tekið málið til athugunar á fundi og mun geta skilað áliti eftir 15—20 mín. Vildi ég mælast til, að með málið yrði beðið, til þess að nál. geti komið inn á fund. En að sjálfsögðu er þó hægt að ræða um málið.

Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og ég sagði áður utan dagskrár, þegar rætt var um meðferð þessa máls, þá hefur þetta mál verið margrætt á mannfundum, í blöðum og útvarpi og á Alþ. líka. Ég hygg fá mál verið hafa rædd meir af mönnum en þetta. Ég efast því eigi um, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að hafa hér langa framsögu. Það yrði endurtekningar á því, sem margsagt hefur verið, bæði á þ. og víðar. Og einnig má vera ljóst, að um málið hafa hv. þm. fyrst og fremst myndað sér rökstudda skoðun. — Ég sé því eigi ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri og vísa til hinnar stuttu grg. og legg til, að málið verði samþ.

Forseti (BSt): Enginn hefur kvatt sér hljóðs. Erfitt er að taka þetta mál fyrir á dagskrá, því að það er ágreiningsmál.

Umr. frestað um stund, en var enn fram haldið síðar á fundinum.

Frsm. meiri hl. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Eins og d. er kunnugt, hefur fjhn. klofnað um málið. Minni hl. hennar hefur þegar skilað áliti, en meiri hl. n. hefur beðið með að skila áliti sínu, því að hann áleit rétt, að athugað yrði, áður en málið væri afgr. út úr d., frv. það, sem nú liggur fyrir hv. Nd. og lagt hefur

verið fyrir d. af hæstv. viðskmrh. N. taldi nauðsynlegt, að þessi tvö frv., sem fjalla um sama mál, yrðu athuguð með tilliti til samræmingar á frv., því að þótt hún kunni að vera á móti því frv., sem hér liggur fyrir, eins og það er nú, kann að vera, að menn mundu geta framkvæmt skynsamlega samræmingu á þessum tveimur frv. og þannig fengið breyt. á l. um fjárhagsráð, sem ýmsir telja, að mikil nauðsyn sé, að fram geti gengið. En meiri hl. n. telur alveg fráleitt að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir, ef ekki getur unnizt tími til að láta slíka athugun fara fram, sem ég nú hef nefnt. Og þar sem komið er að þinglokum og sýnt er, að þetta mál verður knúið hér fram til atkvgr., án þess að tími geti unnizt til að sinna slíkri athugun, leyfir meiri hl. n. sér að bera fram svohljóðandi dagskrártill.:

„Með því að nú liggur fyrir neðri deild frv. um sama efni frá viðskmrh., sem ekki hefur unnizt tími til að athuga með tilliti til samræmingar á þessum tveimur frv., en hins vegar æskilegt, að ekki sé tekin ákvörðun um svo mikilvægt mál án rækilegrar athugunar á samræmingu frumvarpanna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá“.

Ég leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu dagskrártill., því að ekki hefur unnizt tími til að fá hana prentaða.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt rökstudd dagskrá frá hv. meiri hl. fjhn., sem hv. frsm. hefur nú lýst. — Fleiri þm. hafa ekki kvatt sér hljóðs, og er því umr. lokið.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá meiri hl. fjhn. (sjá þskj. 809) samþ. með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÓ, EE, GJ, GÍG, JJós, LJóh, SÁÓ, ÞÞ, BBen.

nei: BrB, HV, HermJ, PZ, StgrA, ÁS, BK, BSt.

Lagafrumvarp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

Jeppabifreið (frv. SK).

Á 9. fundi í Nd., 2. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um innflutning jeppabifreiðar [44. mál] (þmfrv., A. 56).

Á 10. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19:1 atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ef enginn úr hv. fjhn. sér ástæðu til að kveðja sér hljóðs í þessu máli, þá liggur næst, að ég mæli nokkur orð út af frv. — Er það fór til n. fyrir 12 vikum um það bil, var ég ekki viðstaddur og óskaði því eftir, að hæstv. forseti léti málið koma til umr. En ég sá enga ástæðu til að tefja það, enda fór frv. umræðulaust áleiðis. Vegna þess er enn meiri ástæða fyrir mig að segja nokkur orð um málið, áður en gengið er til atkv. En *ég vænti þess, að ekki verði út á það sett*, þó að ég fari í byrjun almennum orðum um frv. — auk aths. við einstakar gr. frv., sem eru fáar.

Það, sem ég vildi byrja á, er stofnun þjóðgarðsins. Að sumu leyti hef ég verið svo lánsamur að vera falin umsjón með honum meðal þriggja manna, en að öðru leyti hafa orðið ýmsir örðugleikar varðandi þetta starf. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður rétt fyrir þúsund ára afmæli Alþingis. Þótti þá vel við eiga, úr því að þjóðin var svo heppin að geta haldið það hátíðlegt, að þess yrði minnzt með því að ákveða í l. sérstaka helgi á þessum stað. Þjóðfélagsstofnun hér á landi og jafnframt lýðveldi og fornbókmenntir vorar eru þeir hlutir, sem Ísland á að þakka virðingu annarra þjóða, — og án þeirra væri Ísland eigi sjálfstætt ríki í dag. Nú er það skylda vor að halda uppi heiðri hinnar þúsund ára gömlu þjóðfélagsstofnunar. Það er háttur flestra eða allra þjóða að eignast einhverja þjóðardýrgripi, eitthvað, sem alþjóð getur talið sameign sína. Þegar ákveðið var að gera Þingvelli að slíkum þjóðardýrgrip, var ekki um missýningu þar að ræða. En missætti nokkurt varð í upphafi, einkum vegna þess, að leggja varð tvær allgóðar jarðir til þjóðgarðsins. Aðrir töldu þetta tildur eitt. Menn eru yfirleitt seinir til að veita því viðurkenningu, er aðrir hafa fundið upp. Þessi krytur er þó horfinn nú. Eru nú sveitarmenn og almenningur sammála um, að Þingvöllur eigi að vera helgidómur þjóðarinnar. Ég hef setið lengi í Þingvallanefnd, og ég viðurkenni, að n. hefur ekki þorað að ganga nema skammt í því að framkvæma þá hluti, er æskilegir mega kallast og samboðnir helgi staðarins. En allar framkvæmdir eru fjárfrekar, og við nm. vildum ekki fara djúpt í vasa þjóðarinnar. Lengst af hefur þjóðgarðurinn fengið 10 þús. kr. fjárveitingu. En landið var friðað strax og kostað miklu til. Þriðja jörðin leggst nú brátt til hans, því að innan takmarka hans má ekki vera búfé. Jörð þessi er þó að hálfu leyti í ábúð og fær núverandi ábúandi að halda henni um sína daga. Má hann hafa kýr og nýtur veiðiréttinda í vatninu. Girðingin um þjóðgarðinn er um 20 km. löng, og hefur verið kostað allmiklu til hennar, enda er hún sérstaklega vönduð. Nú fór svo framan af varðandi friðunina, að Þingvallanefnd bakaði sér eins konar andúð sveitarinnar vegna þeirrar röskunar, er hún olli. Búfé, sem ekki má sjást innan þjóðgarðsins, veitti honum ágang, og var erfitt að koma við vörnum gegn þessu. Átti og umsjónarmaðurinn í erjum við sveitarmenn út af framkvæmdum n. En þetta hefur nú algerlega breytzt. Þykir sveitarmönnum orðið sómi að þeim og eru samhentir umsjónarmanninum, enda hefði tæplega verið hægt að hrinda málinu áleiðis án aðstoðar þeirra. Hefur umsjónarmaður nú aflað sér vinsælda í starfi sínu.

Þegar þjóðgarðurinn var stofnaður, voru nokkur hús innan takmarka hans, milli Öxarár og Hrafnagjár. Þau hafa nú öll verið numin burt nema Þingvallabærinn, er byggður hefur verið upp. Síðan eru liðin 20 ár. En hvorugu hefur verið haldið við, og þolir það nú eigi öllu lengri bið. Girðingunni hefur verið haldið við af umsjónarmanninum án kaupa á efni. Mun nú komið fram endurbótum á þessu. — Þegar

þjóðgarðurinn var settur með l., reis sú alda hér á landi, að menn eignuðust sumarbústaði á þeim slóðum. Hylltust sérstaklega margir íbúar Reykjavíkur til þess. N. lenti nú strax í þeim vanda, hvort bústaðir þessir skyldu leyfðir. En hún sá brátt, að ætlunin var eigi að banna þjóðinni garðinn. Væri sjálfsagt, að almenningur fengi að njóta gleði og ánægju á þessum stað. Síðan var heimilað að reisa þessa bústaði, — en ekki milli Óxarár og Hrafnagjár. Eru sumarbústaðirnir nú allir í hlíðinni út frá Valhöll, þar sem hún var fyrir flutninginn. Þessi hús eru yfirleitt vel byggð og fallega, og hafa þau verið reist undir umsjón skipulagsstjórans og húsameistara ríkisins, er haft hafa eftirlit með því, að engar byggingar yrðu reistar þarna, nema þær, sem sómi yrði að.

Landsmenn sækja eins og pílagrímar til þessa staðar. Minningarnar um hið forna þing valda því. Auk þess á hið opinbera hægast með að fara þangað með erlenda gesti. Þingvallanefnd hefur ævinlega haft nokkur herbergi til umráða í bænum og boðið þangað útlendum gestum, sem landið vill heiðra sérstaklega með dvöl á hinum fornhelga stað. Af þessum sökum er Þingvöllur sá staður, er útlendingar sjá bezt, og verður því að gera allt til þess, að hann megi verða sem lýtaminnstur. Hefur n. lagt áherzlu á þetta og sömuleiðis alla umgengni gesta þarna. Henni fannst nauðsynlegt, að mönnum gæfist kostur á að fara ferða sinna um nágrennið án þess að traðka niður gróðurinn. En þessum reit er haldið við til að halda náttúru hans óniddri, en hún er sérkennileg fyrir sakir hraunmyndana ýmiss konar, jurtaríkis síns og dýraríkis, þar sem er vatnið. Þótti nauðsynlegt að leggja bæði akvegi og gangstígi um hraunið og vellina. Þessu er ekki langt komið, og hafa fjárveitingarnar frá Alþ. gengið til vegalagninga og skógræktar. En svo hefur reynzt, þó að augljóst sé, að þjóðgarðurinn stendur nú í meiri blóma en fyrr, að gamli trjástofninn vill eigi vaxa eins og vonir manna stóðu til, enda fékk hann áfall fyrir nokkrum árum af flugnavargi. En n. hefur ákveðið að gera garðinn allan skógi vaxinn í tíð sinni.

Umsjónarmaður er á Þingvöllum. Hefur hann bæinn og túnið og nýtur lítilfjörlegra launa að auki, 3500 kr. Er hann sérstaklega vel fallinn til starfsins, en nú roskinn að aldri. Hann er húsasmiður og trjárækt armaður og lagði stund á þetta í Ameríku. Hefur hann nú þegar sett niður allmargar plöntur, en þær hafa ekki viljað hafa frið. Hver einasta planta hans hefur þó lifað, og er eins og allt, sem hann snertir á, sé lífinu vígt. Hann hefur sett niður um 10—20 þús. plöntur, en vanhöld hafa þó orðið á hinu opna svæði. Þetta stafar frá ýmiss konar gálausum og óskynsömum lýð, er grandar jurtunum af einu saman „bríarii". Þessi tamningarskortur á mönnum hefur orðið okkur til baga, en við höfum tekið það ráð að hefja ræktun á afskekktari stöðum. Skógræktarstjóri hefur verið okkur hjálplegur og sýnt fram á, að jarðvegurinn er þar góður. Ákveðið var að setja niður 25 þús. plöntur af barrviði og 5 þús. af öðrum tegundum. Ég hef farið austur og litið á þetta, og virðist það hafa tekizt ágætlega. — N. hefur gert minna en þurft hefði til að vernda hið fagra vatn, sem þjóðgarðurinn hefur ráð yfir að miklu leyti. Við höfum í því efni leitað til fiskifræðinga, og hefur Árni Friðriksson visað okkur til ferskvatnsfræðings. Eðlilegt er, að ábúendur þeirra jarða, sem lönd eiga að vatninu, hafi gengið á fiskistofninn, en hann verður að vernda á því svæði, sem liggur innan takmarka þjóðgarðsins, enda höfum við undirbúið ráðstafanir til að vernda fiskistofninn.

En þetta eru nú aukaatriði í málinu. Þótti mér þó rétt að taka þetta fram, vegna þess að ég hef aldrei vakið athygli hv. þm. á þjóðgarðinum á Þingvöllum. Hefur verið gengið út frá því, að Alþ. léti sér annt um hann, og hefðum við nm. frekar getað búizt við aðfinnslum af hálfu þess. Mundi ég fúslega viðurkenna ýmsa galla á framkvæmdunum, en n. hefur þó lagt sig í framkróka til að koma í veg fyrir þá.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að sumarbústaðaeigendur þar eystra hafa gert mikið til að prýða umhverfis bústaði sína með trjágróðri og auk þess hafa þeir lagt fé til vegagerðar. Þá hafa ýmsar stofnanir og félagasamtök fengið svæði til að rækta og prýða með trjám og blómum í nafni síns félags. Um leið og ég segi þetta finnst mér verðugt og rétt að minnast á, að umgengni um þjóðgarðinn hefur farið hraðbatnandi, þó að vitanlega sé misjafn sauður í öllum þeim fjölda, sem sækir þjóðgarðinn heim, og þar af leiðandi nauðsyn á nákvæmri gæzlu. Einkum er mikil eldhætta síðari hluta sumars, þegar hinn þunni mosajarðvegur fer að þorna í sumarhitunum, og þarf þá oft ekki annað en að sígarettu sé kastað í gáleysi, til að eldur fuðri upp. Við höfðum góða hjálp til að kveða niður elda, sem þannig kviknuðu, á meðan setuliðið var hér, því að setuliðsmennirnir höfðu stöð þarna rétt hjá og aðstoðuðu umsjónarmanninn oft.

Eitt, sem gæta þarf, er veiðin í vatninu, en í sambandi við hana eru menn mjög ágengir og seilast oft í þá staði, þar sem klakstöðvar eru nú, og kem ég þá að því, hversu erfitt það er fyrir umsjónarmanninn að hafa ekki bíl til að elta slíka veiðiþjófa, því að fótgangandi hefur hann ekki möguleika til að hafa hendur í hári þeirra. — Auk þessa starfs hefur umsjónarmaðurinn mörg önnur. Hann á að vísa gestum á tjaldstæði og sjá um, að ekki sé tjaldað annars staðar en á ákveðnum svæðum, sem til þess eru ætluð, og hann á að gæta þess, að búfé komist ekki í þjóðgarðinn, en það er oft mjög erfitt, því að fénaðurinn sækir í skóginn. Þessi gæzlustörf eru öll mjög erfið og krefjast þess, að sá, sem þau á að vinna, sé fljótur í ferðum, ef þau eiga að vera vel af hendi leyst, og þar af leiðandi næstum ómögulegt annað en að gæzlumaðurinn hafi gott farartæki. Þjóðgarðsnefnd hefur því gert allt, sem mögulegt er, til þess að umsjónarmaðurinn fái jeppabifreið, það er ekki hægt að koma við finni bifreið. En þessi útvegun hefur ekki tekizt, þrátt fyrir það að í n. eiga sæti bæði núverandi og fyrrverandi forsrh. Þingvallanefnd sá sér því ekki annað fært en áfrýja til Alþingis. Ég hef að vísu heyrt, að sumum þm. þætti þetta lítilmótlegt

mál, en ég vil bara benda þm. á, að á bak við þetta litla mál er verndun þjóðgarðsins, og svo veit ég nú ekki betur en að fyrir Alþ. liggi ýmis mál, sem ekki eru á nokkurn hátt merkari en þetta, eins og t. d. frv. um heimild til að selja einhverja landsspildu upp á kannske 5—6 hundruð kr. Ég sé því ekki, að Alþ. sé á nokkurn hátt lítilsvirt með þessu máli, enda er það líka æðsti réttur í málum þjóðgarðsins. — Ég vænti svo, að þm. líti á þetta með velvild og skilningi.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég sé, að hv. frsm. n., sem um þetta mál hefur fjallað, er ekki viðstaddur, og vil því láta þess getið, að enda þótt n. hafi ekki skilað áliti, þá eru allir nm. á einu máli um það, að Alþ. geti ekki gefið leyfi sem þetta, er hér um ræðir. Þegar Alþ. er búið að ákveða með lögum, að sérstök stofnun skuli hafa með slíkar leyfisveitingar að gera, þá getur það ekki brotið þannig sínar eigin gerðir með því að ganga fram hjá stofnuninni og ekki hvað sízt þegar hin lögskipaða stofnun hefur synjað um leyfið. Hins vegar viðurkenni ég þörf þjóðgarðsins fyrir umrætt tæki og tel því heppilegasta lausn á þessu máli að vísa því til ríkisstj. með þeim óskum, að hún bregði skjótt við og veiti því góða fyrirgreiðslu.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Þessi till. þm. V-Ísf., að vísa þessu máli til stj., er bersýnilega þýðingarlaus, því að sjálfur forsrh., sem sæti á í nefndinni og hefur gert sitt til að reyna að fá þetta umrædda leyfi, hefur ekki fengið það.

Út af því, sem þm. sagði, að Alþ. gæti ekki veitt gjaldeyrisleyfi, þá vil ég nú geta þess, að Alþ. samþ. svo að segja daglega lög, sem fela í sér meiri og minni gjaldeyrisgreiðslur. Og það hafa verið samþ. l. um að kaupa skip o. fl., en það, sem hér er farið fram á, eru hreinir smámunir hjá slíku, því að hér er varla um að ræða meira en 800 eða 1000 dollara gjaldeyrisleyfi. Ég tel, að það sé of langt gengið, ef Alþ. setur yfir sig nefndir, sem gera því ógerlegt að verja þjóðgarðinn sómasamlega, og þess vegna mótmæli ég því, að þessu máli verði vísað til stj.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef hlustað með ánægju á þá skýrslu, sem flutt hefur verið af flm. þessa máls, um þjóðgarðinn og verndun hans, en hins vegar er ég alveg á móti því, að Alþ. setji lög, sem heimila innflutning, er fjárhagsráð og viðskiptan. hafa synjað um. Í fyrsta lagi er það í beinni andstöðu við þá ákvörðun Alþ., að þessar stofnanir skuli sjá um þessi mál, og svo í öðru lagi gæti það leitt til þess, að mikil brögð yrðu að því, að óánægðir menn, sem ekki fengju leyfi hjá viðkomandi stofnunum, færu að leita til einstakra þm. og biðja þá að flytja frv. um slík leyfi, en slíkt væri varla æskilegt.

Út af þessu erindi 5. þm. Reykv. við umræddar stofnanir og þeirri synjun, sem hann hefur ekki viljað sætta sig við, er rétt að taka það fram, að þessi ráð og nefndir hafa vissar reglur til að fara eftir, og í sambandi við þetta mál hefur viðskiptanefnd það sér til afsökunar, að á innflutningsáætlun ársins var enginn gjaldeyrir ætlaður fyrir jeppabifreiðum, og ef n. hefði veitt leyfi fyrir einni bifreið, þá voru fjöldamargir aðrir, sem áttu eins mikinn rétt til að fá bifreiðar og sú stofnun, sem hér um ræðir. Nú horfir þetta mál allt öðruvísi við, því að á þessu ári er gert ráð fyrir að verja 3 millj. kr. í þessu skyni, og þar af leiðandi er það misskilningur hjá flm., að það sé þýðingarlaust að vísa þessu máli til ríkisstj. nú, þó að forsrh. hafi ekki getað leyst það á síðasta ári.

Þjóðgarðurinn er alls góðs maklegur, enda hefur enginn mótmælt því hjá flm., að mikil þörf væri fyrir bifreið við vörzlu garðsins, en hitt tel ég varhugavert, að Alþ. fari að veita leyfi fyrir slíkri bifreið og brjóta með því lög, sem það hefur sjálft byggt upp. Ég held, að flm. ætti að sætta sig við, að málinu verði vísað til stj., því að nú er aðstaðan allt önnur en á síðasta ári og fullvíst, að stj. mun ekki bera hlut þjóðgarðsins fyrir borð.

Ásgeir Ásgeirsson: Í tilefni af því, sem flm. sagði um innflutningsleyfi, sem Alþ. hafi veitt, þá vil ég taka fram, að mér er ekki kunnugt um þau leyfi. Bæði vegamálaskrifstofan og vitamálaskrifstofan verða að sækja um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til viðkomandi stofnana, svo að dæmi séu nefnd.

Ég vil svo taka undir þau orð, sem hæstv. viðskmrh. viðhafði, að heppilegasta lausnin á þessu máli sé að vísa því til ríkisstj., og geri ég ráð fyrir, að flm. geti vel unað við þá lausn.

Sigurður Kristjánsson: Út af ummælum þm. V-Ísf. vil ég taka það fram, að tilgangi mínum með þessu frv. er alls ekki náð fyrr en jeppabifreiðin er fengin. Þess vegna fer ég ekki dult með það, að ég mun ekki starfa í þessari nefnd, ef þetta mál verður ekki leyst. Enda þótt við höfum fengið hjálp frá lögreglunni og alltaf haft gott samstarf við þá stofnun, þá eru ekki alltaf möguleikar á því, að hún geti veitt okkur aðstoð, en þegar lögreglustjóri sendi okkur lögregluþjóna á bifhjólum, þá kom vel í ljós, hversu mikill munur er á að gæta þjóðgarðsins með góðum farartækjum.

Um þá afsökun viðskmrh., að ekkert hafi verið flutt inn af bifreiðum á árinu 1948, þá vil ég endurtaka það, sem ég hef áður upplýst, að á árinu voru fluttar til landsins 252 bifreiðar. Hvernig gjaldeyrisins hefur verið aflað, skal ég ekki segja um, því að þar er í gruggugra vatni að hræra en ég kæri mig um að vera með nefið ofan í.

Má ég spyrja hæstv. forseta: Verður borin hér upp till. um að vísa málinu frá? (*Forseti:* Það er venjulegt.) Ef svo er, vil ég óska eftir, að fari fram nafnakall um hana.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég er þakklátur flm. þessa frv. fyrir að hafa gefið Alþ. skýrslu um störf Þingvallan. Ég verð að líta svo á, að mér sé leyfilegt að ræða þá skýrslu, þó að hún komi beint ekki því máli við, sem hér liggur fyrir. Það er alveg rétt, að Þingvallan., sem skipuð er af Alþ., gefi þessa skýrslu við og við, og er þá

ekki nema sjálfsagt, að þingið láti í ljós skoðun sína um það, hvernig n. hefur tekizt starfið.

Ég hygg, að n. hafi margt vel gert og af áhuga og með það sjónarmið í huga að vernda þennan stað, sem er í senn okkar helgasti sögustaður og einnig einhver fegursti staður af hinum mörgu fögru stöðum þessa lands. En mér finnst þó, að að ýmsu leyti hafi n. mistekizt, og hef ég sérstaka ástæðu til þess að gagnrýna eitt í ræðu hv. flm. Hann skýrði frá því, sem er alkunnugt, að n. hefur farið inn á þá braut að leigja utan þjóðgarðsins suður og vestur með vatni land undir sumarbústaði. (*Forseti:* Ég vil vekja athygli hv. 6. þm. Reykv. á því, að hv. 5. þm. Reykv. hefur lokið við sinn ræðutíma. Það er enn fremur æskilegt, að umr. komist ekki mjög langt frá aðalefni málsins.) Ég er ekki með neinar ásakanir á hendur hv. 5. þm. Reykv. eða Þingvallanefnd, heldur er þetta sagt aðeins að gefnu tilefni, sem hv. þm. skýrði frá, að leyft hefði verið að byggja sumarbústaði, sem menn vita, að eru svo að segja allir eign auðmanna í höfuðstaðnum. Með öðrum orðum, rétt utan við hinn helga þjóðgarð hafa þessir auðmenn höfuðstaðarins helgað sér umráðarétt yfir einu fegursta svæði við Þingvallavatn, og þeir hafa afgirt sínar lóðir, afgirt ströndina meðfram vatninu og meinað þannig almenningi að njóta og nota þetta svæði, sem er eitt hið fegursta við Þingvallavatn, sem liggur þarna rétt hjá þjóðgarðinum. Þetta tel ég að sé mjög misráðið af n., og ég vil ekki, að málið sé rætt hér á Alþ. án þess, að þetta komi fram. Einmitt þetta svæði, þessi strönd, hefði átt að vera opin fyrir almenning, og einmitt á þessum stað hefði átt að rísa upp ódýrt hótel fyrir almenning, sem byggt hefði verið á einfaldan og ódýran hátt, og þannig reynt að gera mönnum ódýrt að búa á þessum fagra stað í sumarleyfi. Slíkt hefði verið miklu æskilegra en að það sé aðeins opið örfáum auðmönnum. — Ég skal svo ekki fjölyrða meir um það. Ég vil, að hv. þm., sem eru trúnaðarmenn Alþingis í þessari n., heyri álit mitt, og ég hygg, að ég standi ekki einn að þeirri skoðun.

Annað atriði er það, sem ég vildi aðeins minnast á, það er skógurinn á Þingvöllum. Nefndin hefur lagt mikla áherzlu á að græða skóg á Þingvöllum. Ég skil það afar vel. Það er nú svo í okkar skóglausa landi, að skógurinn hefur orðið okkur draumaparadís, og hinn mikli draumur er að klæða landið skógi. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé eitt af okkar stærstu framfaramálum að klæða landið skógi, og það af hagrænum ástæðum til þess að verja jarðargróðurinn fyrir uppblástri, og við getum áreiðanlega vænzt þess, að við höfum miklar nytjar af skógi í framtíðinni. Sú ástæða er ekki fyrir hendi í þjóðgarðinum á Þingvöllum, heldur að koma skóginum til þess að þroskast það, sem við höfum ástæðu til að ætla, að hann hafi eitt sinn verið, sem sé að fá þann eðlilega gróður til að ná þroska, sem var á Þingvöllum áður en mannshöndin kom þar til sögunnar. Nú tel ég, að sé komið út í öfgar með skóggræðslu á Þingvöllum, sérstaklega að því er snertir barrskóginn. Með þeirri tilraun í stórum stíl held ég, að sé verið að breyta okkar helga sögustað, færa hann í búning, sem hefur aldrei skreytt hann. Ég held í raun og veru, að þótt sjálfsagt sé að græða nokkurn skóg á Þingvöllum, megi ganga of langt. Það er misskilningur, að skógurinn sé fallegur, eða þannig lít ég á hann, og mér finnst, að þar sem hann er þéttastur, sé búið að útrýma því, sem er bezt og sérkennilegast í íslenzku umhverfi. Ég held, að n. ætti að láta sér nægja að rækta nokkur skógarbelti og halda sig við björkina og víðinn, sem er eðlilegasti gróðurinn á þessum stað, en ekki að planta barrskóg á stór svæði, og reyna að koma Þingvöllum í það horf, sem þeir áður voru í. Hávaxinn skógur á Þingvöllum mun ekki auka á fegurð staðarins.

Ég vil biðja hæstv. forseta afsökunar, en hv. þm. leiddi þetta mál inn, og þótti mér rétt, að n. heyrði álit þm. á því, hvernig henni hefur tekizt í starfi sínu.

Sigurður Kristjánsson: Viðvíkjandi sumarbústöðum eru skiptar skoðanir. Við höfum fengið allmiklar aðfinnslur fyrir að hafa ekki leyft að byggja nægilega mikið af sumarbústöðum, eða eins marga og sótt hefur verið um. Við höfum ekki viljað taka svæðið milli Öxarár og Hrafnagjár undir sumarbústaði, og þá er ekki um annan stað að ræða en þennan. Ég skal taka fram út af því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að Þingvallan. hefur tekið umsóknir algerlega eftir röð, og þegar umsóknirnar eru fleiri en hægt er að taka til greina, þá er eingöngu farið eftir því, hvort maðurinn hefur stærri eða minni fjölskyldu, en ekki hvort hann hefur efni á að byggja eða ekki. (*SigfS:* Það eru samt sem áður auðmennirnir, sem hafa byggt þá.) Þeir hafa orðið fyrri til að byggja þarna.

Viðvíkjandi skóginum, þá skal ég geta þess, að ráðunautur í þessu efni er skógræktarstjóri ríkisins. Og þó að þarna sé hugmyndin að koma upp belti af barrtrjám, þá er víðáttan þarna geysimikil, og ég skal taka fram til huggunar hv. þm., að við erum allir sammála um það í Þingvallan., að það eigi að leggja megináherzlu á birkirækt í þjóðgarðinum.

Forseti (BG): Eftirleiðis mun verða haldið strangar á fyrirmælum þingskapa um umr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég ætla mér ekki að brjóta þingsköp, herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að ég skil vel, hvaða þörf eftirlitsmaðurinn á Þingvöllum hefur fyrir jeppabifreið, og um tíma í sumar stuðlaði ég að því, að honum yrði lánuð bifreið frá mínu ráðuneyti. — Ég vil lýsa því yfir, að þótt rætt hafi verið um í sambandi við innflutning jeppabifreiða, að þeir skuli fara til bænda, að verði því máli vísað til ríkisstj., þá tel ég, að þessi bóndi á Þingvöllum, sem er starfsmaður Þingvallan., sé meðal þeirra bænda, sem rétt eigi til þess að fá slíka bifreið. Hann er að vissu leyti bóndi og hefur mikið og merkilegt land, sem þarf mikla umönnun. Ef það kemur til minna kasta að úthluta þessum bifreiðum, þá mun ég beita mér fyrir því, að þessi bóndi komi til greina þar ekki síður en aðrir.

ATKVGR.

Till. frá þm. V-Ísf. um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JörB.

nei: PO, SigfS, SEH, SK, StJSt, JG, JS.

BG greiddi ekki atkv.

15 þm. (StJSt, StgrSt, ÁkJ, EOl, FJ, GTh, HB, HermG, JóhH, JPálm, JJ, KTh, LJós, ÓTh, PÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Þetta mál var tekið fyrir í fjhn., og mig minnir, að afgreiðsla þess væri þannig, að lagt var til, að málinu yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá, og þá var valinn frsm. af hálfu n. Nú skilst mér, að nál. hafi ekki komið fram enn. Þar af leiðandi liggur ekki þessi dagskrá fyrir. Úr því að svo er ástatt, get ég fallizt á þessa till. frá hv. þm. V-Ísf., sem er formaður n., og segi því já.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Meðferð opinberra mála.

Á 4. fundi í Nd., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um meðferð opinberra mála [12. mál] (stjfrv., A. 12).

Á 6. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er með allýtarlegum skýringum, og ég get því stytt mál mitt mjög um það, en efni þess er að breyta þeirri aðferð, sem hefur verið á meðferð opinberra mála, þ. e. a. s. refsimála hér á landi.

Svo sem mörgum er kunnugt, eru lagafyrirmæli þau, er nú gilda um meðferð opinberra mála, ærið gömul. Ýmis ákvæði eru frá 17. öld, önnur frá 18. öld og fyrri hluta 19. aldar, þ. e. a. s. flest meginákvæðin eru orðin meira en 100 ára gömul og frá þeim tíma, þegar allt aðrar hugmyndir ríktu um meðferð þessara mála en nú. Það hefur þess vegna lengi verið í hugum manna, að þessu þyrfti að breyta. Það eru 100 ár síðan Vilhjálmur Finsen skrifaði í Ný félagsrit, hvort ætti að taka upp kviðdóma, en lítið hefur verið gert að því að koma á breyt. í þessu efni, þangað til fyrir nokkrum árum í framhaldi af setningu l. um meðferð einkamála í héraði, þá var samið frv. um meðferð opinberra mála. En sannleikurinn er sá, að það frv. var ekki þess eðlis, að það væri verulegur vinningur að fá það samþ. Þess vegna dagaði það uppi, og var aldrei verulega ýtt á eftir, að það næði fram að ganga. Mátti segja, að með því væru l. gerð heilsteyptari en þau höfðu áður verið. Þar var tínt saman allt, sem sett hafði verið í l. um langan aldur, en grundvallarbreyt. voru örlitlar um meðferð mála, og var frv. því harla ófullnægjandi. Flestum lögfræðingum var ljóst, að þetta var gott undirbúningsstarf, en þó ekki rétt að samþ. frv., eins og það var. Það kom fram till. um það fyrir 1—2 árum að leggja þetta frv. óbreytt fyrir þingið, en það varð ofan á, að ég hygg að mínum ráðum, að fram færi ný endurskoðun á þessari löggjöf í heild. Eftir samþykki Alþ. kvaddi ég þá Einar Arnórsson, Gissur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson til að annast þessa endurskoðun; en Einar Arnórsson hefur mesta fræðilega þekkingu í þessu efni hérlendra manna, hefur haft á hendi kennslu um opinbert réttarfar við Háskóla Íslands og gegnt dómarastöðu við mikinn orðstír auk hinna merku ritstarfa, er eftir hann liggja um þessi efni, en hinir mennirnir báðir hafa einkum mikla reynslu í dómarastöðum — Jónatan Hallvarðsson sem lögreglustjóri, sakadómari og hæstaréttardómari og Gissur Bergsteinsson sem fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu og þar með einn af handhöfum ákæruvaldsins og síðar hæstaréttardómari. Flestar hliðar þessa máls áttu því að vera sæmilega tryggðar við endurskoðun laganna, þar sem þessir menn höfðu jafnmikla þekkingu og reynslu varðandi þessi mál. — Þeir tóku til starfa fyrir alvöru á s.l. vori; áttu þeir nokkrum sinnum tal við mig, og frv. las ég vandlega yfir og gerði á því nokkrar breytingar. Frv. er árangur af þessu samstarfi, en fyrst og fremst að þakka hinum ágætu nefndarmönnum. Þeirra er starfið og flestar hugmyndirnar.

Nú er sá háttur á opinberum málum, að það er sami maðurinn, sem fer með rannsókn máls og dæmir í málinu, og oft er hann í þriðja lagi sá, sem ákveður, hvort mál skuli höfða. Héraðsdómarar gegna þannig þremur hlutverkum, ákæra, rannsaka og dæma í hinu sama máli, og þar sem þeir hljóta þannig að dæma um sitt eigið verk, hvernig rannsókn hafi tekizt, er viðbúið, að dómur slíks aðila verði ekki sakborningi í vil, en dómari leggi kapp á að fá dóm í því máli, er hann höfðar sjálfur og rannsakar. Réttur sakbornings er þannig mun minni en vera ætti.

Það er nú almennt viðurkennt í réttarfari, að greina beri á milli þess, er rannsakar og dæmir. Það þykir líka víða góður háttur í engilsaxneskum löndum, að dómur sé í tvennu lagi — kviðdómur, sem kveður á um sekt eða sakleysi, og svo löglærður dómari, sem ákveður hæfilega refsingu; og er þessu ólíkt farið hér á landi. Hins vegar hafa menn ekki treyst sér til, að sá háttur yrði tekinn upp hér, vegna ólíkra staðhátta og fámennis og of mikils kunningsskapar. Kviðdómar hafa líka gefizt mun verr í ýmsum öðrum löndum en engilsaxneskum, og aðrar þjóðir hafa sumar hikað við að taka þá upp eða horfið frá því, þar sem þeir eru ekki samgrónir réttarhugmyndum manna. Það er einkum mannfæðin hér á landi sem á sök á því, að örðugt mundi verða að fá hér gersamlega hlutlausa kviðdóma, þar sem kviðdómendur væru ekki áður kunnugir sakborningi.

Meginviðleitnin í frv. þessu hnígur að því að greina eftir föngum á milli rannsóknar og dóm-

enda, þannig að í stóru máli a. m. k. verði einn, sem rannsakar, og annar, sem dæmir. Þó valda staðhættir því, að þetta hlýtur sums staðar að lenda nokkuð á sama manni og ekki unnt að gera svo fullkomna grein þarna á milli sem æskilegt væri og rétt. Hér í Rvík verður þó auðveldara að greina á milli þessa, og ráðgert er, að *rannsóknarstjóri hér annist einnig nokkuð* rannsóknir úti á landi. Einnig var gert ráð fyrir að kveðja til meðdómendur, þannig að það verði fleiri en einn sem dæmir, og þykir öruggura að hafa þann hátt á. Skulu þeir vera löglærðir, því að ólöglærðir meðdómendur hafa ekki þótt gefast sérstaklega vel. Enn er það höfuðatriði í frv., að sett er upp embætti saksóknara og ákæruvaldið lagt í hendur hans, þótt það verði enn hjá héraðsdómurum í sumum minni háttar málum. Saksóknari á að verða sjálfstæður embættismaður, sem lúti eigin boði, óháður dómsmrh. Þó er svo fyrirhugað, að dómsmrn. hafi eftirlit með embættisfærslu hans, fylgist rækilega með því, hvernig hann rækir starf sitt, og hafi rétt til að benda honum á, ef ástæða þykir til málshöfðunar, og vara hann við, ef hann ákveður eitthvað hæpið, en ákvörðunarvaldið liggur þó hjá honum. Hins vegar getur dómsmrh. sett hann frá starfi, eða fært hann til í embætti, ef meiri háttar ágreiningur rís.

Það er mjög örðugt hér á landi sökum ýmissa staðhátta að finna rétta skipun á meðferð ákæruvaldsins. Hefur mjög gætt hér trúar á eitt allsherjar læknislyf: opinberan ákæranda. En sannleikurinn er sá, eins og kemur fram í ófullkomnu yfirliti í grg., að mjög óvíða er ákæruvaldið beinlínis tekið úr höndum dómsmrn.; það hefur víðast hvar úrslitavaldið um ákærur í opinberum málum. Saksóknarar hafa nóg að starfa vegna þess, hve fjöldi opinberra mála er mikill í öðrum löndum, en dómsmrh. er þar víðast æðsti maður þessara mála og getur tekið í taumana, telji hann nauðsyn á. Er það rétt, því að oft getur verið álitamál, hvort opinber mál skuli höfða eða ekki, og er hæpið að leggja svo fullkomið matsatriði í hendur ópólitísks embættismanns, sem ekki ber beina ábyrgð gagnvart ríkisstjórn og löggjafarsamkomu, þar sem þingræði er. Ég held, að hugmynd manna um saksóknara hafi mótazt af misskilningi, og bendir til þess margt af því, sem menn telja, að opinber ákærandi ætti að gera, t. d. í sambandi við blaðagrein um daginn, sem menn töldu, að saksóknari hefði höfðað mál út af, ef það embætti hefði verið til; en ef ástæða hefði verið til þess, þá var það skylda dómsmrh., og er því ekki um aðra breytingu að ræða en þá, að skyldan hefði færzt yfir á annað embætti. Ég hef því verið í miklum vafa varðandi það, hvernig þessu atriði ætti að koma fyrir í frv., og ég játa, að ég er ekki viss um, að sá háttur, sem hér er valinn, sé algerlega fullnægjandi. Ég hef þó fallizt á, að þetta *muni vera einna réttast, eins og sakir standa*, því að það er óneitanlega hæpið að láta pólitiska ráðherra hafa alveg takmarkalaust vald í þessum efnum. Að vísu er þess að gæta, að varhugavert er, að þetta vald sé fengið ópólitískum embættismönnum, sem skipaðir eru fyrir sína embættistíð. Ráðherrar koma og fara, og eitt af því, sem ræður þar nokkru um, er einmitt það, hvernig þeir beita þessu viðkvæma valdi, en hjá ópólitískum embættismanni þarf mikið að bjáta á, til þess að hann verði að láta af störfum. Mér virtist því rétt að gera ráð fyrir samvinnu þessara tveggja aðila og meira *réttaröryggi í þeim hætti, sem hér er lagt til* að hafa, en í þeirri skipan, sem verið hefur.

Ég hef nú séð því hreyft, að allmikinn kostnað muni leiða af þessari nýju skipan, en tel það naumast gilda ástæðu á móti því, þar sem hér er um sjálfsagðar breytingar að ræða, sem margar hefði átt að vera búið að gera fyrir 100 árum. Ég tel því ekki sæmilegt að horfa í kostnað, sem af þeim leiði. Aðalkostnaðurinn er við skipun saksóknara og skrifstofu hans, en ég vil vekja athygli á því, að jafnvel þótt numið væri úr frv. embætti saksóknara og þar með sparaður nokkur kostnaður, teldi ég engu að síður vinning að frv., ef það væri samþ., og mundi bæta stórum ástandið. Þó að það væri engan veginn í samræmi við nýtízku reglur, þá væri það svo mikil framför, að gerbreyting má kallast. Embætti rannsóknarstjóra, legg ég höfuðáherzlu á, að verði haldið. Það mundi ekki ná neinni átt að fella þá viðbót úr frv. Frv. yrði spillt, og einnig með því að fella niður embætti saksóknara, þótt hér hafi hins vegar gætt öfgatrúar á gildi þess embættis.

Annar kostnaður yrði svo af skipun 3—5 sakadómara, en sannleikurinn er sá, að það er lítill kostnaður. Eina breytingin er sem sagt sú, að þeir, sem nú starfa að þessu, fá sérstaka stöðu. En það er óheppilegt fyrirkomulag hér, að í sambandi við embætti sakadómara starfa margir menn við dómsstörf vegna anna, og er því hið eina rétta, að þeir hafi sjálfstæðar stöður og geri það á eigin ábyrgð, er þeir dæma menn í fangelsi eða af þeim æruna. Ég tel það því til stórra bóta og kostnaðinn hverfandi.

Ég sé svo ekki að öðru leyti ástæðu til að rekja efni frv. nánar, þar sem því fylgir ýtarleg grg.; en í hverri gr. frv. að kalla má felst nýmæli til bóta, og legg ég til, að það fái greiðan framgang og verði samþ. á þessu þingi, því að ekki er skammlaust, að við séum í þessum málum 100 árum á eftir tímanum, og má því ekki lengur svo búið standa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Skipulag kaupstaða og kauptúna.

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um skipulag kaupstaða og kauptúna [20. mál] (stjfrv., A. 20).

Á 7. og 8. fundi í Nd., 27. og 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Eins og getið er um í grg. fyrir þessu frv., er það samið af nefnd, sem skipuð var til þess af félmrn. á sínum tíma. Í frv. þessu eru dregin saman í eina heild nokkur þau ákvæði, sem gilda um skipulag bæja og kauptúna, og einnig eru hér sett nokkur ný ákvæði, sem að fenginni reynslu þótti rétt að láta þar standa. Höfuðbreyt. í þessu frv. frá gildandi l. er það, að með skipulagsnefnd ríkisins, sem ætlað er að sjá um framkvæmd skipulagsmálanna undir stjórn ráðuneytisins, starfi skipulagsstjóri, sem sé sérstakur embættismaður ríkisins. Það hefur að vísu verið svo undanfarið, að skipulagsstjóri hefur verið starfandi og haft skrifstofu, en án þess þó að staða hans eða embætti væri ákveðið í lögum. — Að öðru leyti er nú ekki ástæða við 1. umr. málsins af minni hálfu — nema því aðeins að sérstakt tilefni gefist — að fara um frv. fleiri orðum. Það er hvorki flókið né margbrotið. En ég tel rétt, að heildarlög fáist um þetta efni, og þess vegna er frv. þetta lagt fram. — Ég legg til, að því, að lokinni þessari umr., verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það er vissulega ekki að ófyrirsynju, að hafizt hefur verið handa um að endurskoða og safna í eina heild þeim ákvæðum, sem í l. eru um skipulag kaupstaða og kauptúna, því að það er sannast mála, að okkar löggjöf á þessu sviði hefur verið ákaflega ófullkomin, enda framkvæmdin víðast hvar í hinu mesta ófremdarástandi. Að því leyti er mikil ástæða til að fagna þessu frv. En við fljótlega athugun á því virðist mér því miður, að ekki hafi tekizt þessi endurskoðun nærri því eins vel og skyldi. Vil ég leyfa mér á þessu stigi málsins að minnast á örfá atriði í þessu efni til athugunar fyrir þá hv. nefnd, sem væntanlega fær frv. til meðferðar.

Fyrst vil ég minna á það, að svo hefur verið ákveðið í l. til þessa, að þrír embættismenn ríkisins hafa verið í skipulagsnefnd fyrir alla bæi og öll kauptún á landinu. Og ég legg áherzlu á það, að þessi nefndarskipun hefur verið miðuð við ákveðin embætti, en ekki við þá menn, sem þau skipuðu, þannig að það er ekki trygging fyrir því, að með þessum hætti á skipun þessarar n. veldust í n. menn með hæfileika og áhuga, hvað skipulagsmál snertir. Auk þess vil ég benda á, að allir þessir embættismenn hafa haft og hafa geysilega þýðingarmiklum embættum að gegna, og mætti ætla, að á krafta þeirra væri fullhlaðið með því, að þeir ræktu þau embætti vel. Nú er það til mikilla framfara, að að vissu leyti er frá þessu horfið í þessu frv. Eftir frv. hefur þessi skipulagsn. ekki sama verksvið og valdsvið sem hún hafði. En enn er hún til eftir frv., að vísu sem ráðgefandi nefnd. Mér sýnist, að úr því að þarna var breytt um, hefði átt að stíga þetta spor út og hætta að miða þessa n. við ákveðin embætti. Ég sé enga tryggingu fyrir því, að í störfum vegamálastjóra, vitamálastjóra og húsameistara ríkisins séu menn á hverjum tíma, sem öðrum fremur séu til þess hæfir að vera í skipulagsn. sjálfir, þó að n. sé nú ekki nema ráðgefandi og hafi ekki sama vald og hún hafði áður. Og ég held, að sú hv. þingnefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, ætti að athuga, hvort ekki væri rétt að breyta hér um frá ákvæðum frv., þannig að þessi ráðgefandi n. væri ákveðin, þar sem betur verði fyrir því séð, að sérfræði og áhugi á þessu sviði fái notið sín. Þetta er ekki sagt til þess að kasta nokkurri rýrð á þá menn, sem nú eru í þessum embættum og eiga að skipa þessa n. eftir frv. En ég held, að almennt sé það talin óheppileg regla að miða þessa nefndarskipun við embætti, en réttara væri að finna einhverja leið til þess að tilnefna n. þessa á hverjum tíma þannig, að nokkur trygging sé fyrir því, að áhugamenn með sérþekkingu veljist í n.

Það er að vísu smátt ákvæði í frv. að benda á og kannske ekki þess virði að taka fram í þessum umr., að mér finnst næsta mikill óþarfi, sem tekið er fram í 10. gr. frv., að kort skuli vera eins og þar segir. Þetta eru svo almennar reglur, að ég álít, að það þurfi ekki að lögfesta þetta.

Þá eru það skipulagsn. bæja og kaupstaða. Hér er gert ráð fyrir, að í bæjum almennt verði skipuð þriggja manna skipulagsn., og skipi ráðh. einn, að fengnum till. skipulagsstjóra, annan kýs bæjarstjórn, en bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður n. Hvað Reykjavík snertir er þessu nokkuð öðruvísi hagað. Þar er gert ráð fyrir, að n. sé þannig skipuð, að borgarstjóri sé form. n., síðan séu í n. bæjarverkfræðingur, húsameistari bæjarins, form. skipulagsn. ríkisins, húsameistari ríkisins, skipulagsstjóri ríkisins og einn maður er bæjarstjórn kýs. — Ég vildi segja það sameiginlega um þessar n. kaupstaðanna og Reykjavíkurnefndina, að mér finnst það ákaflega hæpin ráðstöfun að ganga út frá því, að borgarstjóri í Reykjavík og bæjarstjórar annars staðar skuli vera fastir menn í þessum n. Ég held, a. m. k. hvað Reykjavík við kemur, að starf borgarstjórans sé svo víðtækt og umfangsmikið, að mjög sé hæpið að gera honum það að skyldu að vera einnig formaður í þessari mjög svo þýðingarmiklu n. Og ég vil benda á, að engin trygging er fyrir því, að borgarstjóri eða bæjarstjórar hafi neinn sérstakan áhuga fyrir þessum málum eða beri sérstaklega skyn á þessi mál, skipulagsmál bæjanna. Geta þeir að sjálfsögðu verið hinir mætustu menn og hæfustu til allra sinna starfa fyrir því. Ég hygg, að þetta sé óeðlilegt fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í þessu efni í frv.

Ég vil líka benda á, að úr því að gert er ráð fyrir því, að bæjarstjórnir kjósi menn í þessar n., finnst mér ákaflega óeðlilegt, að þar sé aðeins um einn mann að ræða. Ég er hlynntur því, að skipulagsn. þessar séu þannig skipaðar, að sérfróðir menn hafi þar mikil völd. Hitt sýnist mér einnig sjálfsagt, að bæjarstjórnir eigi þarna veruleg ítök og að tryggt sé, að þau sjónarmið, sem uppi kunna að vera í bæjar-

stjórnum varðandi skipulagsmál bæjanna, eigi hvert um sig, eftir því sem við verður komið, einhvern fulltrúa í skipulagsn. En það verður að sjálfsögðu ekki gert með því, að bæjarstjórnir tilnefni hver um sig einn mann í n. á hverjum stað. Það mætti kannske segja, að erfitt væri að tiltaka, hve margir fulltrúarnir þyrftu að vera frá hverri bæjarstjórn í þessari n. á hverjum stað til þess að ná þessu marki, að öll sjónarmið fái að njóta sín í þessum efnum, sem uppi kunna að vera innan bæjarstjórnanna um skipulagsmálin. En nær sanni virðist mér, að þrír menn væru tilnefndir af bæjarstjórn Reykjavíkur t. d. heldur en einn maður. En ég vil ekki draga úr því, að sérfróðir menn skipi verulegan hluta þessara n.

Þá er annað veigamikið atriði, sem ég vil benda á í sambandi við Reykjavík alveg sérstaklega. Þar eru tvær n., sem fjalla um skipulagsmál og byggingamál, byggingan. annars vegar og skipulagsn. hins vegar. Nú fær það ekki dulizt neinum, sem eitthvað hefur kynnzt þessum málum, að störf þessara n. eru nátengd. Skipulagsn. ákveður gatnakerfi og opin svæði og annað því um líkt og í höfuðdráttum, hvers konar byggingar skuli vera á hverjum stað í bænum. En til þess að byggja upp fallegan bæ og vel skipulagðan þarf meira, til þess þarf að ákveða í höfuðdráttum, hvernig byggingarnar líta út á vissum byggingarreitum. Ef við tökum dæmi t. d. af Austurvelli og ef við ætlum að byggja fallega við Austurvöll, þá þarf að ákveða það í heild í höfuðdráttum, hvernig húsum skuli skipað við Austurvöll. Allar höfuðlínur þurfa að vera í þeim byggingum ákveðnar í heild fyrirfram, ef við ætlum að fá fallegan svip á þann byggingarreit. Og þá virðist þurfa náið samstarf milli byggingan. og skipulagsn. Ég gæti hugsað mér það samstarf með þeim hætti, að lögboðið væri, að n. þessar báðar gengju saman til funda sem heild til þess að ákveða um viss þýðingarmikil atriði í skipulags- og byggingarmálum. Það mætti, virðist mér, hafa það þannig í höfuðdráttum, að skipulagsn. ein ákveði gatnakerfið og tiltaki höfuðlínur í því sambandi, bygginganefnd ein að sínu leyti aftur annist dagleg störf byggingan., svo sem það, að byggingar séu leystar af hendi samkvæmt byggingarsamþykktum, hvað burðarþol t. d. og önnur atriði snertir, en báðar n. taki sameiginlega ákvörðun um það, hvaða byggingar eigi að koma á hverjum stað og eftir hvaða línum eigi að byggja á vissum reitum — ef á að reisa fallegan bæ. Ég beini því til þeirrar n., sem mál þetta fær til meðferðar, að hún athugi, hvort ekki mundi vera rétt að lögbjóða með eitthvað öðrum hætti samstarf byggingan. og skipulagsn. en gert er ráð fyrir í frv., a. m. k. hvað Reykjavík snertir, og hvort ekki sé rétt og reyndar sjálfsagt að gera ítök bæjarstjórnanna meiri í skipulagsn. bæjanna og hvort nokkur ástæða sé til þess að lögbjóða það, að borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórar annars staðar eigi að hafa fast sæti í þessum n. — Í síðari köflum frv. eru vissulega mörg atriði, sem miða til verulegra bóta frá því sem áður var. Ákvæðin um forkaupsrétt eru hér betri en í eldri l. Og um eignarnám og skaðabætur eru hér betri ákvæði. En hér er langt frá því, að gefnar séu nægilegar heimildir í l., til þess að auðvelt verði að framkvæma skipulag bæjanna. Það er mjög langt frá því, og ég er sannfærður um og byggi þá sannfæringu mína á nokkrum kunnugleika á þessum málum, hvað Reykjavík snertir, að skipulagningin á bæjunum sé framkvæmd svo að vel sé, og ég er sannfærður um, að hún verður aldrei framkvæmd svo að vel sé, fyrr en eignarrétturinn á öllu því landi, sem liggur innan lögsagnarumdæmis hvers kaupstaðar, er í höndum kaupstaðarins eða bæjarins sjálfs. Og það er það stóra atriði, sem ég vil biðja hv. n. að athuga mjög vel, hvort hún sér sér ekki fært að setja í staðinn fyrir þær gr., sem fjalla um þetta í frv., eitt allsherjar ákvæði um, að hverjum kaupstað og bæ skuli heimilt að kaupa upp allt land innan síns lögsagnarumdæmis með ákveðnum skilyrðum. Og það mun sannast, að erfiðleikarnir á að framkvæma skipulagningu bæjanna verða alltaf geysilega miklir, þangað til í þetta horf er komið. Þetta er ákaflega vel hægt að sjá, hvað Reykjavík snertir, þar sem svo vel stendur á, að utan Hringbrautar á bærinn nálega allt land í sínu lögsagnarumdæmi. Þar er auðvelt að framkvæma allt skipulag. Innan Hringbrautar á bærinn hins vegar nálega ekki neitt land, og þar má heita, að ókleift sé að framkvæma skipulagið.

VII. kafli frv. er um skipulagssjóði. Þar eru ákvæði, sem eru til verulegra bóta. En án þess að ég sé við því búinn á þessu stigi að ræða hvert einstakt atriði, vil ég varpa því fram, að ég hygg, að réttur kaupstaða til þess að mynda sinn skipulagssjóð og gera hann svo voldugan sem á þarf að halda sé ekki nægilega tryggður í þessum kafla. Eins finnst mér vafasamt, að þetta eigi að vera í heimildarformi. Hér er aðeins um heimild að ræða til að mynda skipulagssjóð í kaupstað. Ég hygg, að kveða megi hér fastar að og gera þetta að skyldu.

Skal ég svo ekki orðlengja um þetta meir á þessu stigi. Mér þykir ánægjulegt, að þetta frv. er komið fram. En ég vil eindregið skora á þá hv. n., sem fær það til meðferðar, að verja mikilli vinnu í að endurskoða það og freista þannig að fá fullkomin og góð skipulagslög fyrir okkar bæi og kauptún.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara nema örfáum orðum um þær aths. eða ábendingar, sem komu fram í ræðu hv. 6. þm. Reykv. Vil ég þó aðeins minna á í sambandi við það atriði, sem hann nefndi viðkomandi 2. gr. frv. um þá nefnd, sem á að vera til ráðuneytis ráðuneytinu um framkvæmd þessarar löggjafar, að nefndarmennirnir eru ákveðnir eftir þeim störfum, sem þeir gegna, sem sagt, eins og segir í 2. málsgr. 2. gr. frv., að það eru vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari ríkisins. Þetta hefur verið svo undanfarið, og má færa fyrir því nokkur rök, að í embættum þessum hljóta að vera menn, sem hafa til brunns að bera bæði þekkingu á þeim málum, sem hér koma verulega við sögu, og eins hinu, að embætti þeirra séu svo nátengd ýmsum þeim atriðum, sem ákveða þarf

um í sambandi við skipulagningu bæjanna. Þar má ekki sízt nefna húsameistara ríkisins, og einnig vita- og hafnarmálastjóra, því að einmitt hafnirnar og fyrirkomulag þeirra og samband þeirra við bæina og kauptúnin er mikilsverður þáttur í skipulaginu. Ég álít því, að það sé ekki illa til fundið að binda þessa nefndarskipun við þá menn, sem gegna þessum mikilsverðu störfum. — Um fyrirkomulag á skipun skipulagsn. sjálfra sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum. Mér finnst þó eðlilegt, að þeir, sem hafa höfuðforustu á hendi í bæjarmálum, borgarstjóri í Reykjavík og bæjarstjórar í öðrum kaupstöðum, séu þarna með í ráðum um þessi mjög svo mikilsverðu atriði. Annars skiptir það ekki frá mínu sjónarmiði neinu meginmáli, hvernig verður gengið frá því atriði í l. um skipun þessara n., því að höfuðákvæði frv. eru að sjálfsögðu, eins og hv. 6. þm. Reykv. tók fram, í raun og veru VI. og VII. kafli frv., um eignarnám og skaðabætur og um skipulagssjóði, — fyrir utan það, sem einnig má nefna V. kaflann, um forkaupsrétt á fasteignum vegna skipulagsbreyt., þar sem að vísu eru miklar breyt. gerðar frá því, sem áður var.

Ég get tekið undir það með hv. 6. þm. Reykv., að ég tel þessa löggjöf mikils virði og að rétt sé af þeirri n., sem fær málið til meðferðar, að athuga gaumgæfilega allt efni frv. og leita sér þeirra upplýsinga, sem n. kynni að telja þörf á að fá. Ég skal þó geta þess, að þetta frv. var, áður en það var lagt fyrir hæstv. Alþ., sent til umsagnar til skipulagsn. ríkisins, sem lagði til á því nokkrar breyt., sem ekki voru þó allar teknar til greina af ráðuneytinu, og einnig var frv. sent til umsagnar bæjarstjórnar Reykjavíkur. En frá bæjarstjórn Reykjavíkur barst engin umsögn um þetta mál.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið á þessu stigi.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Aðeins örfá orð, þ. e. út af skipulagsnefnd ríkisins. Það hefur verið bent á það af hæstv. forsrh., að þessi embætti, sem gert er ráð fyrir, að ráði vali um menn í þessa n., séu þess eðlis, að ætla megi, að þeir menn, sem embættin skipa, hafi eitthvað til málanna að leggja, hvað skipulagið snertir, og nefndi hann í því sambandi sérstaklega embætti húsameistara ríkisins og embætti vitamálastjóra, en eins og kunnugt er, heyra hafnargerðir undir embætti vitamálastjóra. Það er alveg rétt, að hafnargerð og samband hafnarinnar við vegakerfið í bænum og bæjarskipulagið yfirleitt er ákaflega þýðingarmikið atriði í þessu máli, og verður aldrei of mikil áherzla lögð á það. En ef við ætlum að vitna til reynslunnar þarna, þá er það nú svo, að í þessari n. hefur setið vitamálastjóri, og er það hann, sem hefur með hafnarmálin að gera. Og hingað til hefur þetta verið valdanefnd, en ekki aðeins ráðgefandi n., eins og hins vegar hér er gert ráð fyrir í þessu frv. Og ef við lítum svo á árangurinn hér í Reykjavík viðkomandi skipulaginu við höfnina, ber sá árangur fyrirkomulaginu ekki góðan vitnisburð. Það getur verið, að bæjaryfirvöld Reykjavíkur eigi einhverja sök á þessu. Ég skal ekki segja um það. En svo má heita, að það sé sambandslaust milli austurhluta og vesturhluta hafnarinnar, þannig að það þarf að fara miklar krókaleiðir frá austurhluta hafnarinnar, til þess að komast að vesturhluta hafnarinnar, sem er í byggingu. Mér finnst því ekki, að reynslan bendi á, að vitamálastjóri, hver sem hann er, hafi þarna mikil áhrif í þá átt að tengja hafnarskipulagið með eðlilegum hætti við sjálft bæjarskipulagið.

Annars sé ég ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að fara frekar út í þetta. En ég vil ítreka þetta: Væri ekki eðlilegra að fela t. d. félagi sérfróðra manna, félagi verkfræðinga og félagi húsameistara og félagsskap annarra sérfróðra manna á þessu sviði að tilnefna menn í þessa n. heldur en að binda þetta við ákveðin embætti?

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, 6. þm. Reykv., og því, sem hann sagði um störf skipulagsn. Reykjavíkur að undanförnu og sérstaklega um tilnefningu manna í þá n. og áhrif af störfum þeirrar n. á hafnarsvæði Reykjavíkur. Ég get út af fyrir sig fallizt á, að það muni vera til margir menn, sem hafa fullt eins góðar og að sumu leyti betri ástæður til þess að gegna þessum störfum. En ég segi það af reynslu, af því að ég hef átt sæti í þessari n. um árabil, að þessir menn, sem þarna eru saman komnir í n., sitja inni með nokkuð mikinn reynsluforða á þessu sviði, sem ætti að vera nokkur trygging fyrir nýtum störfum hjá n. — Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að sambandið á milli austurhluta og vesturhluta hafnarinnar í Reykjavík og milli hafnarinnar og bæjarins sannaði, að ekki hefði gætt á þann æskilegasta hátt áhrifa vitamálastjóra á skipulag Reykjavíkurhafnar og samband hennar við bæinn. Þetta er rétt. En það stafar af því, að bæjarstjórnin í Reykjavík óskaði, að skipulagsnefnd skipti sér ekkert af Reykjavíkurhöfn. Og þannig var Reykjavíkurhöfn tekin undan valdsviði skipulagsn., og hún hefur ekkert haft að segja yfir Reykjavíkurhöfn, svo að ef Reykjavíkurhöfn á að leiða hér sem vitni, þá sannar það kannske öfugt við það, sem hv. 6. þm. Reykv. vildi sanna, nefnilega að þarna hefði farið öðruvísi, ef skipulagsn. hefði fengið einhverju að ráða. En skipulag Reykjavíkurhafnar og samband hennar við bæinn hefur a. m. k. svo lengi sem ég þekki til, mikið á annan áratug, verið undanþegið nokkrum áhrifum frá skipulagsn., svo að það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um skipun þessarar n., sannar ekkert af því, sem hann vildi sanna um það, hvernig skipulagi og sambandi hafnarinnar við bæinn er háttað.

Ég skal annars ekki hafa mörg orð um þetta frv. Það hefur sína galla og þá ærið marga að mínu viti. En ég geri ráð fyrir, að það verði leitað umsagnar bæði skipulagsn. og annarra aðila um þessar breyt. á l., áður en n., sem fær málið til meðferðar, gengur frá frv. og gerir um það sitt álit. Og ég vildi mega vænta þess, að leitað yrði upplýsinga um efni frv. frá öllum hliðum. Ég tel hins vegar eitt veigamesta atriði í þessu frv. það, sem ekki var fullt sam-

komulag um, að bæjum úti um allt land er gert heimilt að stofna til skipulagsnefnda og gera till. um sitt eigið skipulag, en þetta er dregið úr höndum skipulagsnefndar ríkisins, sem eingöngu er hér ætlað að vera dómnefnd. Ég tel þetta óheppilegt skipulag varðandi kaupstaði utan Reykjavíkur. Reykjavík ein hefur rétt til þess að ganga frá skipulagi síns bæjar í samráði við skipulagsn. ríkisins, og er það ekki nema gott. En allir aðrir bæir undantekningarlaust hafa engum kunnáttumönnum á að skipa í þessu efni. Ég teldi rétt, að skipulagsn. ríkisins undirbyggi skipulagið og að það sé það eina, sem hafandi sé til skipulagningar fyrir þessa bæi. Það má segja, að hver staður geti aflað sér aðstoðarmanns til þess að gera skipulagið eftir sínu höfði, en það veltur mikið á því, hversu tekst um val hans og starf. — Ég tel mjög vafasamt að draga skipulagningu bæjanna svo úr höndum skipulagsn. ríkisins eins og hér er gert ráð fyrir.

Út í einstök atriði frv. að öðru leyti skal ég ekki fara. Það er sitt hvað, sem ég fyrir mitt leyti hef í hyggju að koma á framfæri í sambandi við málið, og mun ég þá ræða það við hv. n., sem fær málið til athugunar. En ég vil, að sú hv. n. leiti umsagnar um málið frá sem flestum hliðum, til þess að öll sjónarmið viðkomandi þessari endurskoðun l. komi fram. Ég er sammála því, að það þurfi að endurskoða þessa löggjöf og að ákveðnir séu með l. þeir starfsmenn, sem hér koma til greina, en ekki eru nú starfandi samkv. l. á þessu sviði, heldur utan við þá löggjöf. En það, sem ég nefndi, er aðeins eitt atriði af því, sem ég tel, að athuga eigi mjög vandlega af þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Mér dettur ekki í hug að vefengja það, sem hæstv. samgmrh. sagði, að bæjarstjórn Reykjavíkur eða hafnarnefnd hefði á sínum tíma farið fram á, að skipulagsn. hefði ekki afskipti af hafnarskipulaginu í Reykjavík. Hitt skil ég ekki, hvernig hægt var að verða við þeirri ósk. Mér skilst, að skipulagsn. hafi borið að gera skipulagsuppdrætti að Reykjavíkurbæ, eins og öðrum bæjum, og þá m. a. að skipulagi við höfnina og því, hvernig hafnarskipunin er tengd við sjálft skipulag bæjarins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

3. Öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Á 29. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:

Frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum [96. mál] (stjfrv., A. 180).

Á 33. fundi í Nd, 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Á Alþ. 1947 í maímánuði var samþ. svo hljóðandi ályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara endurskoðun á gildandi lögum og reglugerðum um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Endurskoðuninni skal hraða sem verða má og árangur hennar lagður fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Samkvæmt þessari ályktun var svo með bréfi, dags. 14. nóv. 1947, skipuð fimm manna nefnd til þess að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Í n. voru skipaðir þrír menn samkvæmt tilnefningu ákveðinna aðila. Enda þótt þál. gerði ekki ráð fyrir tilnefningunni, þótti það rétt, og var yfir lýst af mér, að það yrði gert. Eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands var skipaður í nefndina Kristinn Ág. Eiríksson járnsmíðameistari, eftir tilnefningu Félags íslenzkra iðnrekenda Páll S. Pálsson lögfræðingur og eftir tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna Guðmundur H. Guðmundsson húsgagnasmíðameistari, en tveir menn voru skipaðir í nefndina án tilnefningar, þeir Jón Vestdal verkfræðingur og Sæmundur E. Ólafsson, gjaldkeri Sjómannafélags Reykjavíkur. Formaður nefndarinnar var skipaður Jón E. Vestdal. — Þessi nefnd tók svo til starfa og hefur unnið að endurskoðun þessara laga síðan og samið þetta frv., sem hér liggur fyrir, og skilað því til ráðuneytisins í októbermán. s. l. Frv. er, eins og hv. þm. sjá, allýtarlegt og verulegar breyt. á því gerðar frá gildandi lögum um þessi efni. En frv. fylgir líka allýtarleg grg. og skýringar á þeim breyt., sem lagt er til með frv., að gerðar verði á lögunum, og auk þess skýrsla um störf verksmiðjueftirlitsins á undanförnum nokkrum árum, frá 1944 til 1947. En í skipunarbréfi n. var það tekið fram, að n. væri falið að athuga, hvernig eftirlitið, sem nú er starfandi samkv. lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum, hefði rækt störf sín að undanförnu. N. hefur, eins og ég sagði, unnið að þessum málum síðan og lagt í þetta frv. allmikla vinnu, haldið 50 bókfærða fundi og haft tal af fjölda mörgum mönnum úr hópi verkamanna og vinnuveitenda til að kynna sér viðhorf þeirra til þessara mála. N. hefur líka skoðað verksmiðjur og aðra vinnustaði hér í Reykjavík og nágrenninu og annars staðar á landinu, og hefur reynt að afla sér sem beztra upplýsinga í þessum málum, eftir því sem föng eru á. Enn fremur hefur n. kynnt sér lagafyrirmæli annarra þjóða í því efni, sem hér er um að ræða, og tekið upp úr þeim lögum og reglugerðum það, sem máli þótti skipta og ætla mátti, að yrði til bóta.

Lögin um eftirlit með verksmiðjum og vélum eru nú orðin 20 ára gömul, þau voru sett 1928, svo sem kunnugt er, og hafa verið í gildi síðan, með nokkrum breyt. þó, sem gerðar hafa verið bæði á lögunum sjálfum og eins á þeim reglugerðum, sem út hafa verið gefnar í sambandi við lögin. En lög þessi eru fyrst og fremst rammi og heimildir um reglugerðir, sem hægt er svo að gefa út eftir á og fela í sér nánari ákvæði, sem óheppilegt þykir að binda beinlínis með lögum, en þurfa að vera hreyfanleg, eftir því sem við á á hverjum tíma. Lögin sjálf frá 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, hafa ekki orðið fyrir miklum breyt., ekki mjög miklum. Nokkrum sinnum hefur þeim þó verið breytt. En aðalbreyt., sem gerðar hafa verið á ákvæðum um þessi mál, hafa verið gerðar með reglugerðum, sem gefnar hafa verið út á því tímabili, sem lögin hafa verið í gildi. Og það er nauðsynlegt að hafa þetta þannig hreyfanlegt, hvað breyt. á þessum ákvæðum snertir, til þess að geta breytt til um ákvæði í þessum efnum eftir því, sem þykir heppilegast á hverjum tíma.

Þetta mál, lög um eftirlit með verksmiðjum og vélum, hefur ýmsar hliðar. En sú hlið þess, sem athyglisverðust er, er sú, að reyna að forða frá slysum og atvinnusjúkdómum. Það er ekki til nein tæmandi skýrsla um það, hve mörg slys við vinnu hafa orðið hér á landi. Einustu skýrslur um þetta efni eru skýrslur slysatryggingarinnar um þau slys, þar sem sá, sem fyrir slysinu verður, verður annaðhvort öryrki eða þá óvinnufær um 10 daga samfleytt eftir að slysið vill til. En vitanlegt er, að mörg minni slys eru þannig, að þeir, sem fyrir þeim verða, verða ekki óvinnufærir svo langan tíma, og koma því ekki til skráningar. En þótt ekki séu tekin nema þau slys, sem valda töfum frá vinnu um lengri tíma en 10 daga eða þá örkumlum að einhverju leyti, þá eru þau það mörg, að telja má ísjárvert. Árið 1944 er fjöldi þessara slysa orðinn 657, árið 1945 691, árið 1946 708. Greiðslur tryggginganna vegna þessara slysa hafa á þessum sömu árum verið þessar: Árið 1944 kr. 769829,45, 1945 kr. 1293000.00, árið 1946 kr. 983000.00, eða aðeins minni en 1945. Þetta eru hin beinu útgjöld tryggginganna vegna þessara slysa. En tjón þjóðfélagsins og einstaklinganna af þeirra völdum er, eins og gefur að skilja, miklu meira. Það má gera sér nokkra grein fyrir því, hve mikið það tjón er, **ef tekið er saman, hvað sá fjöldi vinnudaga er** mikill, sem menn hafa verið frá vinnu vegna þessara slysa, og kemur þá út, að vinnudagar, sem menn hafa verið frá vinnu vegna slysa, hafa verið árið 1944 32459, 1945 34476 og 1946 37296. Með þeim daglaunum, sem nú tíðkast, þá sést auðveldlega, að þetta tap nemur svo milljónum kr. skiptir á hverju ári. Það er þess vegna ekki að ófyrirsynju, að gerðar eru ráðstafanir af hálfu þess opinbera til þess að gera það ýtrasta til þess að koma í veg fyrir þessi slys. Og þó er enn ekki allt talið, því að fyrir utan fjárhagstjónið, sem verður af þessum slysum, þá er auðvitað ýmislegt annað, sem þar kemur líka til greina, eins og sú óhamingja og erfiðleikar, sem orsakast af sérhverju slysi, sem snertir ekki aðeins þá menn, sem fyrir þeim verða, heldur mikinn fjölda annarra manna, svo sem nánustu aðstandendur þessara manna, skyldmenni og venzlamenn. Það er því síður en svo ófyrirsynju, að þetta mál er tekið ákveðnum tökum, hvort sem litið er á þetta mál sem mannúðarmál gagnvart einstaklingum, sem fyrir slysum kunna að verða, eða sem beint fjárhagsmál frá sjónarhóli þjóðfélagsins í heild og enn fremur allra starfandi manna, sem á þessum vinnustöðum vinna, sem um er að ræða að forða slysum á. Málið er þess vegna mjög þýðingarmikið og fullkomlega þess virði, að því sé verulegur gaumur gefinn.

Frv. sjálft er, eins og hv. þm. sjá, í 10 köflum og 53 greinum, skipt niður eftir efni. I. kaflinn er um gildissvið laganna, tilkynningarskyldu o. fl. þess háttar, þar sem fram kemur, að gildissvið þessara laga, sem sett verða, ef frv. þetta verður samþ. í því formi eða svipuðu, er örlítið rýmkað frá því, sem verið hefur, þannig að gert er ráð fyrir, að það taki til fleiri vinnustaða en áður og skuli gilda yfirleitt þar, sem einn maður eða fleiri eru að vinnu auk vinnuveitanda. Síðan er skilgreining um það, hverjir teljast verkamenn og vinnuveitendur og hvar skyldugt er að framkvæma tilkynningu á vinnustað. — Í II. kafla þessara laga, 5.—11. gr., eru svo til teknar ýmsar almennar grundvallarreglur um það, hverjar kröfur séu gerðar til vinnuveitenda og verkamanna og trúnaðarmanna á vinnustöðum. Engin tilsvarandi ákvæði eru til í gildandi lögum, hvað snertir 6. og 7. gr. En ýmis ákvæði eru til í gildandi lögum, sem svara til ákvæða 5. gr. þessa frv. — Í III. kafla laganna eru svo sérstakar reglur varðandi ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferðar verkamanna. Þara eru tekin upp ýmis ákvæði um aðbúnað á vinnustöðum, svo sem um lofthæð húsa, loftrúm, gólf, þak, veggi og loft, lýsingu, hreingerningu, hita, drykkjarvatn og fleira, sem kemur til greina á hverjum vinnustað, og sett ákvæði um það hvað eina, eins og segir í 13. gr. frv. Mikið af þessu eru nýmæli, eða þar, sem ekki er um nýmæli að ræða, þá eru ákvæðin fyllri en í gildandi lögum um þetta efni. — Síðan eru í IV. kaflanum ákvæði um ráðstafanir til að verjast slysum, sem naumast eru til í gildandi lögum eða reglugerðum, nema að sumu leyti að því er tekur til véla og styrkleika húsa og annars þess háttar. — Í V. kafla frv. eru tekin upp alger nýmæli um lágmarks hvíldartíma verkamanna, þar sem því er slegið föstu, að vinnu skuli hagað þannig, að sérhver verkamaður geti notið samfelldrar hvíldar frá vinnu sinni á sólarhring eins og þar er nánar til tekið. Og þá eru ýmis ákvæði í sambandi við undanþágur og þess háttar, sem leyfðar eru. En þetta nýmæli telur n. og ráðuneytið líka, að sé þarft og eðlilegt og beri að takast upp, hvort sem það verður í þessari mynd eða einhverri annarri svipaðri, sem hv. n., sem fær málið til meðferðar, kynni að komast að niðurstöðu um. — VI. kafli frv. er svo um eftirlitið með framkvæmd laganna, sem er starfandi stofnun í landinu og þarf sennilega ekki mikið að auka frá því, sem nú er. Náttúr-

lega verður það eftirlit að vera þannig skipað starfskröftum, að það ráði fullkomlega við það verkefni, sem því er fengið á hverjum tíma, svo að ekki verði sakazt um við eftirlitið, að það geti ekki innt sín skyldustörf af höndum. — Í VII. kafla frv. eru svo ákvæði um öryggisráð, eða sérstakt ráð, sem skipað sé fimm mönnum til sex ára í senn, til þess að vera til aðstoðar og taka til athugunar mál, sem lög þessi ná til, láta álit sitt í ljós við ríkisstj. og öryggiseftirlitið og gera till. til ráðherra um breyt. á lögum og þess háttar. — Í VIII. kafla frv. er svo ákveðið, að setja megi eftirlitsgjald, sem ekki er slegið föstu í lögunum þó, heldur gert ráð fyrir, að gert verði síðar í reglugerð, svo a. m. k. að þessi stofnun geti staðið undir sér fullkomlega, eins og hún hefur gert hingað til og gerir enn, og að þessu gjaldi verði þá hagað í samræmi við það. — Að síðustu eru í IX. kafla ákvæði um refsiaðgerðir fyrir brot. — Og í X. kafla eru ákvæði um gildistöku laganna og hvaða lög séu felld úr gildi með samþykkt þeirra.

Ég tel ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins, hér við 1. umr., að rekja frv. grein fyrir grein, enda segir í þingsköpum, að það skuli ekki gert við 1. umr., heldur 2., og mun ég ekki frekar skýra nú, hvað í frv. stendur, enda er þess síður þörf, þar sem í mjög skilmerkilegri grg., sem frv. fylgir, er hægt að lesa um hverja einustu gr., hvað nýtt í hverri gr. felst og hvað hefur komið til athugunar og annað, sem til upplýsinga má vera í þessu skyni. — Ég gat þess í upphafi ræðu minnar, hvernig þessi n., sem samið hefur frv., hefði verið skipuð. Hún stendur að frv. einróma og óskipt, nema um tvö atriði, sem getið er um sérstaklega í aths. við frv. Annað atriðið er um skipun eftirlitsmanna á vinnustöðum, og hitt atriðið er um skipun öryggisráðs. Þetta eru þau einu tvö atriði, sem n. er ekki fullkomlega sammála um. Og ég vildi ætla, að sá ágreiningur, sem um þessi tvö atriði er, sé ekki það verulegur, að um þau atriði ætti að geta náðst fullt samkomulag. Annars er þó um fyrra atriðið það að segja, að þar leggur meiri hl. n. sérstaka áherzlu á, að farin verði sú leið, sem meiri hl. n. leggur til, að farin verði, og telur af prinsipástæðum, að betri árangur muni nást með því móti um eftirlitið. En minni hl. telur, eins og kemur fram í aths., að þessi eftirlitsmaður þurfi að vera óbundinn og óháður, og þess vegna eigi ekki samkomulag að verða um val hans við vinnuveitanda. En um val þessa trúnaðarmanns segir í frv., eins og það liggur nú fyrir, að hann skuli valinn af verkamönnum í samráði við vinnuveitanda. Yfirleitt segir meiri hl. n., að hann leggi mikið upp úr því, að samvinna geti náðst milli vinnuveitenda og verkamanna um þessi atriði.

Af ráðuneytisins hálfu hef ég svo því einu við að bæta, að frv. er flutt samhljóða því, sem n. gekk frá því. Þar er engu haggað. Þó kannske megi segja, að sumt gæti kannske orkað tvímælis, þá tel ég ekki rétt, að það komi fram sem breyt. á frv. í flutningi þess, heldur kæmi það þá sem samkomulag við þá nefnd, sem fær frv. til meðferðar, svo að till. n., sem samdi frv., geti legið fyrir, alveg eins og þessi n. gekk frá þeim. Þessi n., sem frv. samdi, hefur haft nána samvinnu við verksmiðjuskoðunarstjóra og leitazt við að afla sér upplýsinga um starf hans og þeirrar stofnunar, sem hann veitir forstöðu, enda var beinlínis óskað eftir því í skipunarbréfi n., að þessi háttur yrði hafður á um vinnubrögð nefndarinnar. Aftan við frv. og aths., sem því fylgja, eru þess vegna prentuð þrjú fylgiskjöl, frá verksmiðjuskoðunarstjóranum tvö og frá landlækni það þriðja, þar sem greint er frá starfi verksmiðjuskoðunarstjórans og verksmiðjueftirlitsins og nákvæm skýrsla um skoðunargerðir á ýmsum fyrirtækjum, sem þar eru talin upp. Þetta er gert vegna þess, að við fyrri umr. um þessi mál hefur verið dregið í efa, að eftirlitið hefði staðið í sínu stykki eins og því bar að gera, og gefið í skyn, að það hefði ekki framkvæmt eftirlitið eins samvizkusamlega og hefði átt að gera. Af þeirri skýrslu sést, hvað gert hefur verið og gert ekki í hverju tilfelli þessu viðkomandi. N. hefur líka haft bréfaskipti við ýmsa aðila úti um land til þess að leita upplýsinga um framkvæmd laganna o. fl., en fengið lítið af svörum. En það, sem ástæða hefur þótt til að birta af því, er prentað sem fylgiskjöl í aths. við frv.

Ég hef svo ekki frekar um þetta mál nú að segja. Ég vildi leggja til, að frv. yrði að þessari umr. lokinni sennilega vísað til iðnn. Þó að málið í eðli sínu heyrði fremur undir heilbr.- og félmn., sennilega hvað helzt, þá hefur nú verið sá háttur á, að í ráðuneytinu heyrir þetta ekki undir félmrn., eins og það þó gerir í öðrum löndum, það heyrir það ekki hér hjá okkur, heldur hefur það verið látið fylgja þeim málum, sem til iðnaðarins teljast. Til þess að samræmi verði þar á milli, tel ég eðlilegast, að þetta mál fari til iðnn.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Það orkar ekki tvímælis að löggjöf í þessu landi varðandi aðbúnað fyrir vinnandi menn er í hinni megnustu óreiðu. Það er því ekki óeðlilegt, að menn reki augun í það, hversu mikið vantar á það, að verkamönnum, sjómönnum og öðrum vinnandi mönnum sé sköpuð aðstaða til að fyrirbyggja slys á vinnustöðum, enda hafa slík slys verið tiltölulega mörg hér á landi á vinnustöðum, miðað við það, að í mörgum tilfellum hafa menn, sem fyrir þeim hafa orðið, verið við tæki, sem lítil slysahætta stafar af. Það var með þetta fyrir augum, að flutt var 1946 og aftur 1947 frv. um öryggi verkamanna við vinnu. Sömuleiðis var af mér flutt þáltill. 1947 um að skipa nefnd til þess að gera undirbúning að breyt. á lögum og reglugerðum um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Var hún samþykkt. Skipaði hæstv. samgmrh. síðan þá nefnd, sem þar var gert ráð fyrir í þál. Sú n. hefur nú skilað áliti sínu í frv. þessu, sem hér liggur fyrir, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. — Ég fagna því mjög, hve þessi n. í sameiningu hefur unnið vel að þessu máli. Þetta frv. er mjög ýtarlegt og grípur inn á flesta þá staði, þar sem helzt var þörf á frekari öryggisákvæðum varðandi vinnu. — Það væri

freistandi að fara nokkuð yfir þetta frv. og taka það lið fyrir lið og ræða það, en ég mun ekki gera það við 1. umr. þessa máls. En ég vil aðeins nota tækifærið og þakka þeim mönnum, sem í n. þeirri hafa starfað, sem undirbúið hefur þetta frv., og sömuleiðis hæstv. samgmrh. fyrir val á þessum mönnum, sem hefur tekizt mjög vel, og láta í ljós mikla ánægju yfir því, að þetta frv. er fram komið, sem í heild er til mikilla bóta frá gildandi löggjöf. Hins vegar er það svo, eins og segja má um öll mannanna verk, að ýmsir gallar eru á því, sem væntanlega verður þá bætt úr í meðferð málsins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 18 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Nd., 9. maí, var útbýtt nál. frá iðnn., á þskj. 659, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Húsaleiga (stjfrv.).

Á 53. fundi í Sþ., 24. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um húsaleigu [174. mál] (stjfrv., A. 489).

Á 86. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Við 2. umr. 88. máls, frv. til l. um húsaleigu, skýrði ég frá því, að félmrn. hefði í undirbúningi heildarlöggjöf um húsaleigu. Nú er það hér til umr. Þessu frv. fylgir ýtarleg grg., bæði almenns eðlis og skýringar á einstökum greinum og það, sem óvant er í frumvörpum, að gerð er grein fyrir kostnaði við framkvæmd, ef að l. verður, og sparnaði, sem ynnist. Ég vil skjóta því fram, að nauðsynlegt væri, að hverju frv., er aukin útgjöld hefði í för með sér fyrir ríkissjóð, fylgdi grg., þar sem gerð væri grein fyrir því, hver stöðug útgjöld l. hefðu í för með sér, ef samþ. væru. Þar eð ég við 2. umr. frv. þess til l. um húsaleigu, sem fellt var áðan, lýsti innihaldi þessa frv. með almennum orðum, get ég sparað mér að endurtaka það. En höfuðatriðin eru þessi:

Breytingar þær, sem verða mundu frá því, sem nú er, ef frv. þetta til l. um húsaleigu ásamt bráðabirgðaákvæðum, eins og frá þeim er gengið nú, yrði að l., eru í aðalatriðum þessar:

1. Heildarlöggjöf um húsaleigu hefur ekki verið til hér á landi fyrr, því að núverandi svokölluð húsaleigulög er aðeins bráðabirgðalöggjöf, framkölluð af erfiðleikunum fyrir síðasta ófrið og við haldið vegna stríðsins. Með þessum l. yrði sett heildarlöggjöf um skipti leigusala og leigjenda, og er löggjöfin sniðin eftir norrænni löggjöf um þessi efni, en miðuð við íslenzka sérhætti og varðveittar og lögfestar þær dómsvenjur, sem myndazt hafa í þessum málum á liðnum tímum.

2. Þess er gætt að taka ekki inn í sjálf lögin bráðabirgðaákvæði, sem ætla verður, að falli úr gildi, ef venjulegir tímar koma aftur, heldur eru þau tekin upp í sérstakan viðauka, sem kallaður er „bráðabirgðaákvæði". Þar eru því aðalatriði núgildandi húsaleigul. Að sjálfsögðu fellur ýmislegt af því, sem húsaleigunefndir hafa nú með höndum, undir þá aðila, sem með framkvæmd húsaleigulaganna eiga að fara skv. frv., en það eru húsaleigudómur og sveitarstjórnir. Þess vegna verða óþörf mörg ákvæði núgildandi húsaleigul.

3. höfuðbreyt. á skipun þessara mála frá því, sem nú er, verður sú, að allar húsaleigunefndir hverfa úr sögunni. Sveitarstjórnir taka við ýmsum verkefnum, sem húsaleigunefndir hafa nú, og valdsvið þeirra til afskipta af húsnæðismálum er verulega aukið frá því, sem nú er, og er það í samræmi við það, sem er annars staðar á Norðurlöndum. Aðalverkefni húsaleigunefnda færast þó til nýs dómstóls — húsaleigudóms, — sem leigusalar og leigutakar geta skotið málum sínum til, og fellir hann úrskurði um ágreiningsinn í samræmi við lögin. Húsaleigudómur verður þó hvergi fastur dómstóll nema í Reykjavík, og fellur Hafnarfjörður einnig undir umdæmi hans. Annars staðar er dómurinn „laus," þannig að héraðsdómari dæmir málin með tveim meðdómendum, sem hann kveður til hverju sinni.

Dómum húsaleigudóms má áfrýja til hæstaréttar, öðrum en þeim, sem snerta matsatriði, en þeim verður að vera hægt að áfrýja til sérstaks dómstóls, ef um verulegar upphæðir er að ræða, og er gert ráð fyrir slíkum yfirmatsdómi í frv. og að hann verði skipaður hverju sinni með líkum hætti og þegar mat er framkvæmt vegna eignarnáms. Þeir, sem eigast við fyrir dómnum, greiða kostnaðinn eftir mati dómsins. Ekki verður áfrýjað til dóms þessa nema fjárhæð sú, sem um er deilt, nemi 5000 kr. eða meira. Úrskurðir húsaleigudóms um minni verðmæti eru fullnaðarúrskurðir (sjá 86. gr.). Húsaleigudómur er í senn venjulegur dómstóll og matsdómur, og verður því að hafa þennan hátt á um áfrýjun frá honum.

4. Atvinnuhúsnæði er ekki lengur látið vera háð bráðabirgðaákvæðunum, heldur er frjálst að segja því upp, en um það gilda áfram ýmis ákvæði í lögunum sjálfum (sbr. 46.—52. gr.).

5. Íbúðarhúsnæði er áfram háð lögþvingaðri leigu, meðan bráðabirgðaákvæðin eru í gildi, en þó rýmkað frá því, sem er, þannig:

a. Einstök herbergi eru tekin undan bráðabirgðaákvæðunum og falla undir ákvæði heildarlaganna.

b. Réttur eiganda til að segja upp vegna sjálfs sín eða ættingja sinna er rýmkaður þannig, að þann rétt öðlast nú þeir, sem eignazt hafa íbúðir fyrir 1. jan. 1945 (í stað 9. sept. 1941 áður).

6. Bráðabirgðaákvæðin er ætlazt til að gildi fyrst og fremst fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð, en þó sé sveitarstjórn í kaupstað eða

kauptúni, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, heimilt að kveða svo á með sérstakri samþykkt, að þau skuli einnig gilda þar.

Ég hef þá rakið nokkuð helztu ákvæði þessa frv. Og eins og ég sagði í upphafi þessara orða minna, sé ég því minni ástæðu til að fjölyrða um málið í hv. d., þar sem ég hef gert það nokkuð áður, að gefnu öðru tilefni hér í sömu d. Ég minntist á það einmitt, að með ráðstöfunum þeim, sem lagðar eru til í þessu frv., ætti að fást sparnaður fyrir ríkisstj., sem næmi allt að 175 þús. kr. á ári. Húsaleigunefndir kosta nú ríkissjóð hér um bil 227 þús. kr. á ári. En ætla má með nokkuð skynsamlegu viti, að húsaleigudómstóll sá, sem við á að taka helzta hlutverki húsaleigunefndanna, mundi ekki þurfa að kosta meira en um 50 þús. kr. á ári. Er gert ráð fyrir því, að dómstóll þessi, sem er fyrst og fremst fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð, hefði starfshætti nokkuð svipaða og félagsdómstóll hefur, þannig að dómendur hefðu starfið ekki að aðalatvinnu, heldur sem aukastarf, og mundi því unnt að greiða þeim lægra en ella.

Ég skal svo að lokum geta þess, að inn í þetta frv. hafa slæðzt og ekki verið leiðréttar við lestur síðustu prófarkar nokkrar villur. Vil ég sérstaklega biðja n., sem væntanlega verður allshn., að taka til athugunar það, sem ég nú bendi á: Í 23. gr., næstsíðustu línu gr. stendur „leigusali", en á að vera leigutaki. Þá hefur svipuð prentvilla skotizt fram hjá leiðréttingu í 47. gr., næstsíðustu málsgr., sem byrjar svona: „Nú kýs leigusali ..", en á að vera „leigutaki". Að lokum eru nokkrar misfellur seinast í frv., því að niðurlagsákvæði eiga að færast aftur fyrir 89. gr., þar sem fer betur á því í efnisniðurröðun í frv. Bið ég hv. n. einnig að athuga það mál.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Þar sem nú rétt áðan var fellt í hv. d. frv. þingmanna um eins konar afnám húsaleigulaganna, álít ég a. m. k. að allir þeir, sem vilja láta fara fram eðlilega endurskoðun og leiðréttingu á núgildandi húsaleigulögum, ættu að reyna að taka höndum saman um að koma þessu frv. gegnum Alþ. Ég álít, að þau almennu ákvæði frv., sem eru höfuðinnihald þess, séu til verulegra bóta og skapi reglur, sem tilfinnanlega vantaði áður í íslenzka löggjöf um þann þýðingarmikla viðskiptaþátt, sem tengdur er við húsaleigu almennt. Þarna er brýn þörf nýrrar löggjafar, því að eftir að húsaleigulögin gömlu, sem að mjög litlu leyti fjölluðu um þetta mál, eru brott numin, stendur ekkert eftir annað en þær dómvenjur, sem myndazt hafa. En þær ná að sjálfsögðu ekki til nema fárra atvika í viðskiptum milli leigusala og leigutaka almennt. — Um bráðabirgðaákvæðin vildi ég segja, að þar er gerð tilraun til rýmkunar frá núgildandi l., sem ég að mestu leyti treysti mér til að mæla með. En ég undirstrika það, sem ég áður sagði, að húsaleigul. eiga aðeins að vera til bráðabirgða, miðuð við það óeðlilega ástand, sem skapaðist af áhrifum stríðsins, beinum og óbeinum. Með því að setja þessi nýju ákvæði sem bráðabirgðaákvæði er enn þá meir undirstrikað en áður var, að það sé aðeins spurning um tíma, hvenær flest af þessum ákvæðum mega niður falla.

Það getur alltaf að sjálfsögðu verið álitamál, hvað mikið eigi að rýmka um nú á þessari stundu, og veit ég, að þar er nokkur skoðanamunur milli þm. Þó held ég allir séu sammála um, að þörf sé endurskoðunar og breyt. á núgildandi húsaleigulöggjöf. Ætla ég, að þetta frv. geti verið góður vísir að þeirri endurskoðun. Ég vildi skjóta því til n., þótt væntanlega sé allmikið liðið á setu Alþ., að athuga svo fljótt sem auðið er, hvort ekki væri hægt að greiða fyrir máli þessu gegnum þingið, því að þótt greinar séu þar margar og feli í sér mörg ákvæði, þá ætla ég, að ekki sé ýkjamikið starf að fara í gegnum þær og taka afstöðu til þeirra. Og nú vill svo til, að í hv. allshn. sitja þrír lögfróðir menn. — Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Menningarsjóður.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1928, um Menningarsjóð, og l. nr. 70/1936, um breyt. á þeim l. [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í gildandi löggjöf um Menningarsjóð er svo ákveðið, að lágmarkstekjur sjóðsins séu 50 þús. kr., en annars renna til hans áfengissektir. Í l. stendur ekkert um það, að á þessa fjárhæð skuli greiða verðlagsuppbót, og því hefur það ekki verið gert, þannig að Menningarsjóður hefur aðeins fengið áfengissektir, en þær hafa verið nokkru meiri en 50 þús. kr. á ári.

Menntamálaráð skrifaði í fyrra menntmrn. og gerði grein fyrir því, að mjög erfitt væri að halda uppi starfsemi Menningarsjóðs með því fé, sem til hans fæst á þennan hátt, og stakk upp á, að sett yrði í l. ákvæði, er tryggði sjóðnum 75 þús. kr. lágmarkstekjur á ári auk verðlagsuppbótar. En í þessu frv. er gert ráð fyrir aðeins 60 þús. kr. á ári auk verðlagsuppbótar, er mundi nema um 180 þús. kr. lágmarkstekjum. Ég hef það því miður ekki hér, hvað sjóðurinn hefur fengið s.l. ár, en 1945 fékk hann 107 þús. kr., — það mun hafa verið nokkru meira, sem hann fékk s.l. ár. Það mun væntanlega þurfa að greiða af tekjum áfengisverzlunarinnar, ef þetta frv. verður að l.

Ég vil leyfa mér að benda á, að þegar 50 þús.

kr. lágmarkstekjur voru ákveðnar á sínum tíma, var engin verðlagsuppbót til, og fjárhagslegt viðhorf í landinu var þá mjög ólíkt því, sem nú er, og þess vegna er það áreiðanlega ekki ríflegar tekið til en þá var gert, þótt ákvæði þessa frv. verði samþ. af Alþ. nú.

Um starfsemi Menningarsjóðs leyfi ég mér að vísa til grg., sem fylgir frv.

Ég leyfi mér að stinga upp á, að frv. verði vísað til menntmn. að lokinni þessari 1. umr. og til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12:1 atkv.

Gísli Jónsson: Ég geri að till. minni, að frv. verði vísað til fjhn., þar á það betur heima.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil benda mönnum á, að eftir venju fara til fjhn. mál, sem tilheyra skattalöggjöf og lántöku fyrir ríkissjóð, en venjulega ekki önnur mál, þótt um einhver útgjöld sé þar að ræða, heldur fer þar eftir eðli málsins, til hvaða n. þau fara, þannig að þetta mál á heima hjá menntmn. eftir þingvenju.

Frv. vísað til menntmn. með 8:4 atkv.

Á 19. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 126, 129, 134).

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi leita eftir því við hæstv. forseta, hvort ekki væri kostur á því að fresta þessu máli í bili og taka það út af dagskrá. Komið hefur til orða að fara aðra leið en hér er farið fram á, en ná þó sama marki. Ég hef ekki fylgzt með máli þessu, en þar sem það snertir mitt ráðuneyti, vildi ég athuga það, ef færi gæfist á þessu.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Mér skildist, að umr. yrði frestað og málið tekið til nánari athugunar, og er ekki vanþörf á því. En mér þykir rétt að vekja athygli n. á því, að svo er að sjá sem fram komi í greinargerð fyrir frv. nokkur misskilningur um tekjur og tekjumöguleika Menningarsjóðs. Þar er skýrt frá því, að tekjur Menningarsjóðs 1945 hafi verið röskar 107 þús. kr., og verður ekki annað ráðið en það muni haldast óbreytt, ef ekki verði gerðar lagabreytingar. Nál., sem lagt er fram, gerir engar athugasemdir við þetta, og skilst mér, að n. geri ekki ráð fyrir frekari tekjum að óbreyttum lögum. Mér hefur skilizt, að þetta hljóti að vera misskilningur og að tekjur Menningarsjóðs 1947 og framvegis hljóti að vera margfalt meiri en gert er ráð fyrir í greinargerð og jafnvel margfalt meiri en farið er hér fram á að tryggja sem lágmark. 1947 var samþ., að allar sektir skyldu innheimtar með vísitöluálagi. Og snemma á árinu 1948 ritaði fjmrh. öllum dómurum landsins og lagði fyrir þá að innheimta sektir með þessu fyrirkomulagi. Hafa því sektir fyrir brot á áfengislöggjöfinni þrefaldazt 1948 og tekjur Menningarsjóðs aukizt að sama skapi. Ég vil því biðja n. að athuga þetta atriði vel, og geri ég ráð fyrir, að tekjurnar séu meiri en hér er gert ráð fyrir.

Forseti (ÞÞ): Ég vil verða við ósk hæstv. fjmrh., að taka mál þetta út af dagskrá, en áður en ég geri það, vil ég gefa hv. 1. þm. Eyf. orðið, ef hann óskar eftir því.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að verða við tilmælum hæstv. fjmrh. og mun því sleppa að halda framsöguræðu nú fyrir hönd menntmn., en út af ræðu hv. 7. landsk. vil ég taka það fram nú þegar, að n. er það ljóst, að tekjur sjóðsins 1945 af sektum eru ekki nokkurt hámark og allar líkur til, að þótt þetta frv. nái fram að ganga, þá muni aldrei til þess koma, að greiða þurfi tekjur af áfengissölunni í Menningarsjóð til þess að ná þessu hámarki, 60 þús. kr. með vísitölu. En 1945 námu tekjurnar kr. 107,203,60, og hefði því ekki þurft að bæta nema 20 þús. kr. við það ár til að ná hámarki því, sem frv. fer fram á. Og ég geri ekki ráð fyrir, að 1947 hafi lögin um hækkun sekta verið farin að verka nema að nokkru leyti. Sennilega hefur hækkunin verið orðin einhver, en ekki verið allt árið, en það sést ekki á plöggum nefndarinnar. Ég vil benda á það, að þetta frv. er ekki borið fram vegna þess, að búizt sé við meiri tekjum, heldur til að tryggja sjóðnum, að hann hafi eitthvað fast að byggja á, ef tekjur þessar brygðust einhverntíma, sem vonandi er. Þetta vildi ég að kæmi fram strax. Ég vona, að ekki líði á löngu þar til að hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstj. kæmi fram með sínar tillögur.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Ed., 6. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 3, n. 126, 129, 134, 162).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað þetta frv. og mælir með samþykkt þess, en þó verður nú ekki sagt, að nm. séu sammála í einstökum atriðum, því að þeir hafa yfirleitt áskilið sér rétt til að bera fram brtt., enda 3 nm. gert það. Ég held þó, að n. sé sammála um að mæla með þessu frv., hvernig sem fer um brtt. Einn hv. nm., 3. landsk., var ekki viðstaddur, þegar málið var endanlega afgr. í n., en hefur verið á fundi, þar sem málið var til umr., og hygg ég, að afstaða hans komi fram í þeirri brtt., sem hann hefur flutt ásamt öðrum hv. þm.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er nú ekki stórt fjárhagsatriði. Með lögum um breyt. á l. frá 1928, er sett voru 1936, voru Menningarsjóði tryggðar 50 þús. kr. tekjur á ári, ef ákveðnar tekjur hans næðu ekki þeirri upphæð. Þetta er fyrir löngu dauður bókstafur, því að tekjur af sektum fyrir áfengisbrot hafa verið miklu hærri og því ekki komið til greiðslu samkvæmt þessum lögum. Árið 1945 voru t. d. tekjur Menningarsjóðs 107.203.60 kr., og samkvæmt

upplýsingum, sem menntmn. fékk hjá menntamálaráði, námu tekjurnar á síðasta ári 159.380.-00 kr. Ef miðað er við tekjurnar 1947, þá hefði samkvæmt þessu frv. sjóðnum átt að hafa verið tryggðar 60 þús. kr. auk verðlagsuppbótar, eða 180 þús. kr., og áfengisverzlunin því þurft að bæta við 20.620.00 kr. En á þessu sama ári var breytt ákvæðunum um sektir fyrir brot á áfengislöggjöfinni, og því eru líkur á því, að áfengisverzlunin þurfi aldrei að bæta neinu við, til þess að tekjurnar nái því lágmarki, sem frv. gerir ráð fyrir.

Það má um það deila, hvort rétt sé að taka gjöld með svona sérstökum hætti, og gefst efalaust tækifæri til að ræða það síðar í sambandi við þá brtt., sem fyrir liggur. En þetta er ekki nýmæli, því að lögin um þetta eru 20 ára gömul. Menningarsjóður var stofnaður fyrir 20 árum með fé, sem kom inn fyrir sektir fyrir brot á áfengislöggjöfinni. Fyrstu árin hafði Menningarsjóður engar aðrar tekjur, enda voru verkefni hans þá minni, en 1936 voru sjóðnum tryggðar 50 þús. kr. lágmarkstekjur. Ég hygg, að allir séu sammála um það, að 60 þús. kr., auk verðlagsuppbótar, séu nú ekki meira en 50 þús. kr. voru 1936, einkum þegar þess er gætt, að þá voru kreppuár og tekjur ríkissjóðs hlutfallslega miklu minni, miðað við framlagið.

En þó að þess megi vænta, að áfengisverzlunin þurfi sennilega ekkert að leggja fram, þá er það nauðsynlegt fyrir starfsemi sjóðsins að hafa á einhverju föstu að byggja, þar sem áætlanir eru gerðar fyrir fram, einkum um bókaútgáfuna. Af þeim ástæðum er frv. þetta fram komið. Ég fyrir mitt leyti mæli með frv. óbreyttu. Þótt svo líti út, að aðrir séu mér ekki sammála um það, tel ég mig geta sagt, að öll n. sé sammála um það að tryggja Menningarsjóði ákveðnar tekjur. Þrátt fyrir það að sektir hafi hækkað, og hækki líklega enn meira vegna breyttra laga, þá er ekki alveg öruggt, að Menningarsjóður hafi þessar tekjur. Skeð getur, og það væri óskandi, að borgararnir yrðu svo löghlýðnir, að sektirnar lækkuðu. — Ég skal svo ekki orðlengja frekar um málið að sinni.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vildi fara þess á leit við hæstv. forseta, að umr. yrði frestað og málið tekið út af dagskrá.

Forseti (ÞÞ): Samkvæmt ósk hæstv. menntmrh. er umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

6. Útsvör.

Á 4. fundi í Ed., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um útsvör [19. mál] (stjfrv., A. 19).

Á 5. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Seint á síðasta Alþ. var lagt fyrir þessa hv. d. frv. til l. um útsvör, sem er svo að segja eins og það frv., sem nú liggur fyrir hv. d. í annað sinn. Við þá einu umr. málsins hér í hv. d., sem fram fór þá, gerði ég dálitla grein fyrir frv. eins og það lá fyrir. Mér virðist því óþarfi að fara að endurtaka þau ummæli mín hér í hv. d. eftir svo tiltölulega skamman tíma, og leyfi ég mér að vísa til þeirra.

Frv. er, eins og menn vita, samið af mþn., er á sínum tíma var skipuð af hæstv. þáverandi félmrh., og er frv. lagt fyrir d. óbreytt frá því, sem mþn. gekk frá því. Síðan frv. var hér í hv. d. í fyrra skiptið, hefur það verið lagt fyrir fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitafélaga til umsagnar, og er hér sem fylgiskjal með frv. ályktun, er fulltrúaráðið gerði út af frv., sem fyrir lá.

Á frv. sjálfu hefur ráðuneytið ekki séð ástæðu til að gera neinar breytingar nema mjög smávægilegar á 4. gr., b- og c-lið, eftir ábendingu utanrrn., enda þótt félmrn. telji, að mjög geti komið til athugunar talsverð breyting á frv. eins og það nú liggur fyrir, og taldi ráðuneytið rétt að leggja það fyrir hv. Alþ. óbreytt frá því, sem mþn. gekk frá því. Félmrn. er því reiðubúið til skrafs og ráðagerða við þá n. hv. d., sem fær þetta mál til meðferðar, og mundi þá ráðuneytið fyrir sitt leyti geta bent á nokkur atriði, sem það telur, að vel komi til greina sem breytingar á frv.

Ég tel, að á þessu stigi málsins sé ekki ástæða til að fjölyrða um það, en ég skal leyfa mér að geta þess, að í undirbúningi er nú frv., eitt eða tvö, sem nokkuð snerta þetta mál — kannske eru það þrjú frv. En þau frv., sem félmrn. hefur í undirbúningi og til athugunar, er frv. um lögheimili og frv. um manntöl, og má vel vera, að þeim verði steypt saman að lokum og síðan lögð fyrir hv. Alþ. Ég tel, að það geti verið nauðsynlegt, að þegar afgr. verða ný útsvarslög, verði einnig gerð breyt. á l. bæði hvað snertir manntal og einnig hvað snertir ákvæði gildandi l. um lögheimili. Þar að auki er rétt að geta þess, að í undirbúningi er nú — og mun væntanlega koma fyrir Alþ. bráðlega — frv. til nýrra skattal. og gæti vel komið til álita, að frv. væri ekki afgr. öðruvísi en með hliðsjón af þeirri nýju löggjöf um skatta til ríkisins.

Mér er kunnugt um, að mþn., sem hefur verið að undirbúa frv. um tekju- og eignarskatt til ríkisins, hefur verið að athuga um það að steypa saman í eina heild þessum sköttum, sem renna til ríkisins og til sveitarfélaga, og þarf þá að athuga í sambandi við þetta frv. till., sem kynnu að koma fram út af frv. til l. um tekju- og eignaskatt að því er snertir inn-

heimtu beggja þessara gjalda, sem renna til ríkisins annars vegar og til sveitarfélaganna hins vegar, ef unnt væri og rétt þætti að steypa innheimtunni saman í eina heild. Með hliðsjón af þessu, sem ég hef nefnt, vil ég leggja til, að þessu frv. verði vísað til fjhn., en í fyrra mun það frv., sem þá var um þetta efni, hafa farið til allshn. En samkvæmt fastri venju munu öll tekju- og skattafrv. fara til fjhn. Og þó að nokkur vafi geti verið á því, hvort slíkt frv. ætti að fara til allshn. eða fjhn., þá tel ég þó, þegar þetta er haft á bak við með tekju- og eignarskattsfrv., sem mun fara til hv. fjhn., rétt, að þetta frv. verði einnig látið fara þangað, og legg ég til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan mega spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forsrh. viðvíkjandi frv. um manntal og heimilisfang, hvað þeim líði. Það voru nákvæmlega sömu orð, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta mál í fyrra, að fljótlega væri von á þessum frv. Ég geri ráð fyrir, að eitthvað hafi þokað áfram þeim undirbúningi, sem þá var verið að vinna. Ég tel það alveg ófært að ganga inn á þá braut, sem hér er verið að gera, að hætta að skipta útsvörunum og leggja þau aðeins á þar, sem menn eiga heimili, nema komi þá ný l. um heimilisfang. Á hverju ári eru 400—500 menn, sem aldrei finnst neitt um, hvar eigi lögheimili, og hvergi borga sín opinberu gjöld. Það næst ekki í þá. Ef hætt er að skipta útsvari, fá menn nýja átyllu til þess að komast undan því að eiga lögheimili og eru í þessum staðnum einn mánuð og í hinum staðnum hinn. Þá veit engin hreppsn., hvar á að leggja á manninn, þó að það standi hér: „Nú leikur vafi á um lögheimili manns eða úrslit um það bíða dómsúrskurðar, þá skal leggja á aðila þar, sem hann dvelur, er niðurjöfnun fer fram."

Það er gefið upp, að maður heiti Jón Jónsson og eigi heima þarna og þarna, hann er á skipi, og enginn veit heimilisfangið. Þetta hefur komið fyrir. Ég vil þess vegna vita frekar um það, hvers mætti vænta um hið nýja frv. til l. um lögheimili, því að eftir því, hvernig það verður, fer afar mikið fylgi mitt við þetta frv.

Ég benti á í fyrra, að mjög miklir ágallar væru í A-lið 4. gr., t. d., þar sem heimilt er að leggja sérstaklega á giftar konur. Það kemur að sjálfsögðu undir útsvars- og skattal., og skal ég ekki fara frekar út í það nú. En mig langar aðeins til þess að fá það upplýst frá hæstv. forsrh., hvort eigi megi vænta þessa frv. bráðlega. Það er liðið meira en hálft ár síðan, og hafi verið lögð í það nokkur vinna, hlýtur að mega vænta þess bráðlega, kannske næstu daga. Það vildi ég mega vona.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 1. þm. N-M. vil ég geta þess, sem ég upplýsti á síðasta Alþ. og hann mun vita, að mþn., sem hefur samið frv. það, sem hér liggur fyrir, samdi einnig frv. til l. um heimilisfang og um manntal, en við athugun í félmrn. þótti ekki fært að leggja fyrir Alþ. frv. eins og mþn. gekk frá þeim, og er þetta því undir sérstakri athugun, og get ég ekki fullyrt, hvenær frv., sem hv. þm. spyr um, verður tilbúið. En væntanlega líður ekki langur tími, þar til það kemur fyrir Alþ. Ég skal fyrir mitt leyti gera það, sem ég get, til þess að herða á því.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan grennslast fyrir um það hjá hæstv. forsrh., þótt það í raun og veru heyri ekki undir hans ráðuneyti, hvað langt hann haldi, að sé komið áleiðis hið nýja frv. til l. um skattamálin, sem hann minntist á. Það er sýnilegt, að ef þetta frv. á að afgr. á þessu þingi, en jafnframt bíða eftir hinu frv., þá er að sjálfsögðu full nauðsyn á því, að það frv. geti komið fram sem allra fyrst. Ég hef heyrt, — að vísu skal ég ekki fullyrða um það, — að það væri ekki komið svo langt með samningu þessa frv., að nokkurt endanlegt samkomulag sé fundið í n.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég skal út af orðum hv. 1. þm. Reykv. geta þess, að mér er að vísu ekki nákvæmlega um það kunnugt, hvers vænta má frá mþn., sem starfað hefur að undirbúningi löggjafar um skattamál, eða hvenær megi eiga von á frv. frá n. Þó hygg ég eftir viðræður við nm., sem ég hef átt, að þess megi vænta mjög bráðlega, en það hefur nokkuð tafið upp á síðkastið, að hæstv. fjmrh. er veikur, eins og kunnugt er, og hefur n. ekki getað borið undir hann, sem þetta mál heyrir undir, ákveðið atriði, sem nm. vildu vita um, áður en þeir skiluðu af sér frv. Ég geri ráð fyrir, að það sé rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. tók fram, að um einhvern ágreining kunni að vera að ræða innan n., er fjallað hefur um frv. til l. um tekju- og eignarskatt. En svo verður það hæstv. fjmrh., sem sker úr því á sínum tíma, hvernig hann vill leggja málið fyrir Alþ. En ég hef ástæðu til að ætla, að það þurfi ekki að dragast mjög lengi, að n. skili af sér til hæstv. ráðh., sem nú mun vera kominn á fætur og er að byrja að starfa, og eftir að n. hefur átt viðtal við hann, vænti ég þess, að hún geti fljótlega skilað af sér til hæstv. ráðh., og þykir mér líklegt, að ekki líði langur tími, þangað til hæstv. fjmrh. getur lagt frv. fyrir Alþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 8:3 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

7. Skipamælingar.

Á 25. fundi í Ed., 6. des., var útbýtt:
Frv. til l. um skipamælingar [91. mál] (stjfrv., A. 167).

Á 26. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, PZ, SÁÓ, ÞÞ, ÁS, BK, EE, GÍG, BSt. StgrA, GJ greiddu ekki atkv.
6 þm. (HermJ, JJós, LJóh, BBen, BÓ, BrB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Steingrímur Aðalsteinsson: Ég treysti mér ekki til að greiða atkv., þar sem ekki hefur verið höfð framsaga í málinu.

Frv. vísað til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 82. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 167, n. 474).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað þetta mál og rætt um það við skipaskoðunarstjóra. Henni er ljóst, að brýna nauðsyn ber til þess, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. N. ber fram í samráði við skipaskoðunarstjóra nokkrar brtt. á þskj. 474.
1. brtt. er við 1. gr. og er smávægileg. Breyt. er sú, að í stað orðanna „undir yfirstjórn þess ráðherra, er siglingamál lúta" komi: „undir yfirstjórn ráðherra". N. þótti öllu eðlilegra, að gr. væri orðuð þannig. — 2. brtt. er við 5. gr. Er gr. þar umorðuð. Það þótti skýrar orðað en eins og gr. er í frv. — Nokkur mistök urðu við 3. brtt. Till. á ekki við 12., heldur 14. gr. Auk þess hefur skipaskoðunarstjóri gert nokkrar aths. við orðun till., svo að ég mun taka hana aftur til 3. umr. — 4. brtt. er smávægileg viðbót, sem einnig er gerð í samráði við skipaskoðunarstjóra. Þar er bætt við „enda sé landið bundið við þann samning". — 5. brtt. er við 19. gr., síðustu málsgr. hennar. Þar hefur orðið prentvilla, og veit ég ekki, hvort hæstv. forseti getur úrskurðað að laga hana án þess að bera brtt. fram. Annars verður að koma með brtt. við 3. umr. Þar er vitnað í 5. gr., en á að vera 15. gr.
Frv. er samið af Einari Arnórssyni, hæstaréttardómara og er samið í fullkomnu samræmi við þá samninga, sem gerðir hafa verið um skipamælingar milli ákveðinna landa og ríkja, og hefur n. fallizt á, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég hef nú lýst.
Ég vil minnast á það í sambandi við 19. gr., að ég er ekki viss um, hvort rétt er, að 1. málsliður sé þar sem hann er, hvort hann ætti ekki að koma síðar í gr.
Einn nm., hv. 6. landsk., var ekki á fundi, þegar málið var afgr. Hann mun hafa verið veikur, og hefur hann því ekki skrifað undir nál., en hinir leggja til, að frv. verði samþ., eins og nál. segir til um.

Forseti (BSt): Ég skal taka fram, að mér sýnist auðsætt, að úrskurða megi um villuna í 5. brtt. 15. gr. ber með sér, að það sé átt við hana. Það verður leiðrétt sem prentvilla.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það er ekki mikið, sem ég ætla að segja. Ég hefði kunnað betur við, að orðalag 4. brtt. væri lagað. Þar stendur: „enda sé landið bundið við þann samning". Manni dettur í hug eins og sé verið að binda við hestastein. Ég hefði heldur viljað segja að binda ríkið við samninginn. Það má athuga þetta til 3. umr., hvort ekki er réttara að hafa öðruvísi orðalag en þarna er. Ég vil benda n. á, að þetta er óviðkunnanlegt orðalag.

Frsm. (Gísli Jónsson): Út af aths. hv. þm. Dal. um óviðkunnanlegt orðalag á 4. brtt. og betra væri, að þar stæði „ríki", vil ég benda á, að í 15. gr. stendur: „Sama rétt sem alþjóðlegt mælibréf veitir mælibréf, sem grundvallað er á hinni svonefndu „ensku aðferð" og gefið út í því landi, sem skip á heima í, áður en Oslóarsamningurinn kom til framkvæmda". Ég skal athuga þetta, en ég skal upplýsa, að þetta orðalag er komið frá þeim mikla lögfræðingi, Einari Arnórssyni. Ég skal athuga þetta til 3. umr., og er þá rétt að taka 4. brtt. aftur.

ATKVGR.
Brtt. 474,1 samþ. með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GJ, HV, PZ, StgrA, ÁS, BK, BSt.
nei: ÞÞ.
BrB greiddi ekki atkv.
7 þm. (GÍG, HermJ, JJós, LJóh, SÁÓ, BBen, BÓ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Þorsteinn Þorsteinsson: Mér virðist þetta skárra í sjálfu frv. og segi því nei.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 474,2 (ný 5. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 474,3—4 teknar aftur til 3. umr.
6.—18. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 474,5 samþ. með 9 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 529, 474,3—4, 533).

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég hef verið veikur og

veit því ekki, hvað gert hefur verið í þessu máli.

Frsm. (Gísli Jónsson): Nefndin tók aftur tvær till. við síðustu umr., vegna þess að skipaskoðunarstjóri óskaði, að þetta yrði athugað nánar. Nefndin tók svo málið aftur fyrir í gær, en þá var einn nm., Sigurjón Á. Ólafsson, fjarverandi sökum veikinda, og skal ég því útskýra þetta nánar.

Það var vísað til 12. gr. í brtt., en á að vera 14. gr. Greinin átti að orðast þannig, að á eftir „Oslóarsamningnum frá 10. júní 1947" komi „eða að skipið hefur verið mælt samkvæmt ensku aðferðinni". Þá benti skipaskoðunarstjóri á, að þessi orð væri rétt að fella niður, og færði full rök fyrir því, og hefur það nú verið gert. 14. gr. orðast því alveg eins, nema þetta fellur niður, og er þar því ekki um neina efnisbreytingu að ræða, enda hefur verið bent á það við umr.

Brtt. við 15. gr. þótti óheppilega orðuð, þar sem stendur: „enda sé landið bundið við þann samning", og er því gr. rétt orðuð á þskj. 533, en þar stendur: „enda sé það land aðili að þeim samningi".

Þá var og 19. gr. breytt. Samkv. frv. er 1. málsgr. hugsuð með það fyrir augum, að frv. sé samþ. fyrir áramót. Þótti því rétt að láta aðeins 3. málsgr. haldast. En svo þótti rétt að setja nýja gr. á eftir 19. gr., og verður það því 20. gr. og hefst á orðunum: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þessar breytingar gerði sjútvn. í samráði við skipaskoðunarstjóra og leggur til, að þær verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 474,3 tekin aftur.
— 533,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 533,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 474,4 tekin aftur.
— 533,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 533,4 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 88. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 538).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Manntal.

Á 41. fundi í Ed., 18. des., var útbýtt:

Frv. til l. um manntal [109. mál] (stjfrv., A. 258).

Á 45. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Þegar hér var til umræðu í d. á síðasta þingi frv. að nýjum útsvarslögum, þá gat ég þess, að í fjmrn. væri til athugunar að semja nýja löggjöf um manntal og einnig væri þar til athugunar, hvort rétt væri að semja ný lög um lögheimili. Félmrh. fól hæstaréttardómurunum Einari Arnórssyni og Gissuri Bergsteinssyni ásamt skrifstofustjóra ráðuneytisins að athuga þetta allt. Niðurstaðan varð sú, að ekki þótti rétt að setja ný lög um lögheimili, en rétt þótti og nauðsynlegt að setja ný lög um manntal, og árangurinn er þetta frv. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í þau rök, sem liggja til þess, að ekki hefur verið borið fram nýtt frv. um lögheimili, en vísa um það til grg. frv., þar sem þessir ágætu lögfræðingar, sem ég nefndi, lýsa skoðunum sínum um það, að gagnslaust sé að setja ný lög um lögheimili, og er ég þeim sammála. Hins vegar hefur þetta frv. hér verið rækilega undirbúið og er nýmæli.

Eins og kunnugt er, hafa prestar annazt manntal og fært svokallað sálnaregistur allt fram á þennan dag utan Reykjavíkur, en um aldamótin var lögreglustjóra, og síðan borgarstjóra, falið þetta starf í Reykjavík. En manntölin eru ekki eins nákvæm og skyldi, þótt þau séu tekin árlega, og ekki nógu mikið samræmi í þessum hlutum. Úr þessu hefur að vísu verið nokkuð bætt með allsherjarmanntali tíunda hvert ár, en að því er stefnt með þessu frv. að semja og halda við allsherjarmannskrám, þar sem enginn maður í landinu er undanskilinn, og í þessum skrám séu upplýsingar um nafn, aldur, kynferði, heimilisfang, fæðingarstað dvalarstað, hjúskap, ríkisfang, trúarbrögð, stöðu, atvinnu og flutning eða bústaðaskipti. Eðlilegast er, að félmrn. hafi afrit af öllum þessum skrám í fórum sínum, svo að þær séu aðgengilegar á einum stað. Breytingar á framkvæmd manntalsins frá því, sem nú er, verða í stuttu máli þær, að félmrn. lætur gera eyðublöð undir manntalsskýrslurnar og sendir þau síðan oddvitum og bæjarstjórum og borgarstjóra, og síðan eiga þeir að taka manntalið samkvæmt ákvæðum frv., og senda oddvitar manntalsskrárnar til sýslumanns. Gert er ráð fyrir heimild handa félmrn. til að kveða á um það, að allar manntalsskrár skuli gerðar í tvíriti, og á afritið þá að liggja í ráðuneytinu. Með þessu móti er hægt að gera ráð fyrir, að manntalið verði allmiklu fullkomnara og nákvæmara en áður. Sérstaklega má benda á 12. gr. í því sambandi, sem fjallar um tilkynningar um breytingar á eða viðbót við manntalsskrárnar, svo sem tilkynningar um fæðingar, andlát, nafnaskipti, hjúskaparstofnun og slit, bústaðaskipti o. s. frv. Með þessu móti ætti að

vera hægt að halda fullkomna skrá yfir alla Íslendinga með upplýsingum um stöðu þeirra og stétt, heimilisfang, aldur og lögheimili og ýmislegt fleira.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta, frv. skýrir sig sjálft. Ég vænti þess, að því verði vel tekið og það nái fram að ganga á þessu þingi. Ég legg svo til, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og væntanlega til allshn.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég vil fyrir mitt leyti lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. skuli vera komið fram í þessu formi, og ætti það að ráða bót á manntali á öllu landinu, en mikið hefur vantað á, að nógu nákvæmar nafnaskrár og meðfylgjandi upplýsingar væru jafnan fyrir hendi. Ég bendi á eitt atriði í því sambandi, sem er í mikilli niðurlægingu hjá okkur, en það eru atvinnuskýrslur í landinu. Að vísu eru einhvers staðar til lög um söfnun atvinnuskýrslna, sem hagstofunni er falið að mestu að annast, en þetta er hreint kák, og hagstofan hefur ekki gengið eftir þessu sem henni hefur borið, og skýrslur um þetta eru því ekki til. En það er ljóst, að ef farið væri út í þá sálma að halda uppi skipulagðri atvinnu í landinu, er fyrsta skilyrðið, að slíkar atvinnuskýrslur séu fyrir hendi, og mér kemur í hug, hvort ekki sé hægt að safna þeim a. m. k. einu sinni á ári, ef það væri nóg. Það væri þó a. m. k. mikil framför að fá nákvæmar atvinnuskýrslur einu sinni á ári, ef unnið væri fljótlega úr þeim. En að sjálfsögðu væru skýrslurnar ekki mikils virði, ef ekki væri strax unninn úr þeim allur fróðleikur um atvinnuhættina í landinu, sem af þeim mætti ráða yfirleitt og í einstökum atriðum. Að mínu áliti þyrftu að vera fyrir hendi mánaðarlegar atvinnuskýrslur, og fyrr en málið er komið í það horf höfum við oft ekki hugmynd um, hvernig atvinnunni er háttað í landinu í ýmsum greinum.

Ég vildi aðeins benda á þetta og vænti þess, að hv. allshn., sem mun fá þetta mál til meðferðar, taki einnig athugasemdir mínar til athugunar.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég skal taka undir það með hv. 1. þm. Reykv., að nákvæmar atvinnuskýrslur, sem hægt er að reiða sig á, vantar mjög tilfinnanlega. Að vísu er hér mjög „fljótandi" atvinna, þ. e. a. s. tíðum breytingum og umskiptum undirorpin. Þennan tímann vinnur maður við byggingar, annan tímann í sveit, svo er farið til sjós o. s. frv., þannig að oft er erfitt að fylgjast með þessum tíðu breytingum á atvinnu manna. En það er a. m. k. hægt einu sinni á ári að gera sér ljósa grein fyrir, hvernig atvinnu manna er háttað í landinu, og í 10. gr. þessa frv. er tekið fram, að félmrn. ákveði tilhögun manntalsskránna, sem eiga að innifela handhæga greinargerð um hvern einstakling, eins og stendur í greininni, en að öðru leyti setur ráðuneytið reglur um, hvern fróðleik þær skuli geyma, m. a. er atvinna manna skýrt fram tekin þar. Með því móti er safnað atvinnuskýrslum einu sinni á ári, og ég er sammála hv. 1. þm. Reykv. um, að nauðsynlegt sé að fá þessar skýrslur, enda er þeim oft safnað erlendis. Hins vegar er þess að minnast, að þar er yfirleitt stöðugri atvinnumarkaður en hér á landi og því auðveldara að safna atvinnuskýrslum þar en hér, þar sem menn skipta svo oft um atvinnu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum.

Á 41. fundi í Ed., 18. des., var útbýtt:

Frv. til l. um ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum [110. mál] (stjfrv., A. 259).

Á 45. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég get verið fáorður um frv. þetta, því að það var lagt fram í þessari hv. d. á síðasta Alþ. Skýrði ég það þá, og hygg ástæðulaust að endurtaka þau orð. Frv. komst þá aldrei úr n. þeirri, sem hafði það til meðferðar, en lá til umsagnar hjá lagadeild háskólans vegna þess atriðis, hversu langt mætti fara í þessum efnum varðandi ákvæði stjskr. um eignarrétt. Ég sé ástæðu til, að mál þetta sé athugað að nýju, leitað sé umsagnar lagadeildarinnar og þreifað fyrir sér um, hvort hún vilji eigi bera upp brtt. við frv. Hins vegar treystir ráðuneytið sér ekki til þess, því að ráðunautar þess ráða frá því.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um málið frekar, mælist til, að afgreiðslu þess verði hraðað, og legg til, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 259, n. 487).

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er búið að vera nokkuð lengi hjá n. Saga þessa máls er sú, að 1943 var skipuð n. af fjmrn. til þess að undirbúa frv. um þetta efni samkvæmt þáltill., sem samþ. var á Alþingi og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga með nefndarskipun eða á annan hátt, hvernig megi veita kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum eignar- eða umráðarétt yfir nauðsynlegum löndum og lóðum með sanngjörnum kjörum, án þess að gengið verði of nærri hagsmunum nágrannasveita þeirra, hvernig komið verði í veg fyrir óréttmæta verðhækkun á þessum löndum og afnotarétti þeirra og hvernig tryggja megi, að verðhækkun á löndum og lóðum, sem verða kann á fyrrnefndum stöðum vegna meiri háttar opinberra framkvæmda, verði almenningseign."

N. samdi svo frv. og sendi það ríkisstj. Þetta frv. n. var miðað við þann tilgang, sem í þáltill. felst, þ. e. a. s. að gera bæjarfélögum og kauptúnum kleift að fá umráðarétt yfir lóðum og löndum með sanngjörnu verði og koma í veg fyrir óeðlilega verðhækkun. Í því skyni var það ákvæði sett inn í frv., að matsverð mætti ekki vera hærra en tvöfalt fasteignamat, og sömuleiðis var sett inn í frv. ákvæði um verðhækkunarskatt. Á s. l. ári, á síðasta þingi, lagði svo ríkisstj. frv. fyrir Alþ., en með þeim breyt., að þetta hvort tveggja, sem ég nefndi, var fellt niður, bæði ákvæðið um hámarksmatsverð og einnig kaflinn um verðhækkunarskatt. Ríkisstj. bar það fyrir sig, að ákvæðin um hámarksmatsverð brytu í bága við stjórnarskrána eða a. m. k. að það orkaði tvímælis, að það væri heimilt samkv. stjórnarskránni að setja slíkt ákvæði í l., og til samræmis við það, að þetta ákvæði er fellt niður úr frv., er verðhækkunarskatturinn einnig niður felldur, því að hann nái ekki tilgangi sínum, ef ákvæðin um hámarksmatsverð eru felld niður. Ég tel raunar, að það sé rangt, að þetta ákvæði brjóti í bága við stjórnarskrána, enda var það álit mþn., og í henni voru lögfræðingar, og hún hafði auk þess sér til aðstoðar lögfræðilega ráðunauta, sem allir voru á einu máli um það, að ekkert væri því til fyrirstöðu að setja slík ákvæði í l. vegna stjórnarskrárinnar, enda hefur ríkisstj. ekki fengið neina umsögn frá háskólanum í þá átt. Í grg. frá ríkisstj. segir aðeins, að hún telji það orka tvímælis skv. lögfræðilegum upplýsingum, sem hún hafi fengið, hvort frv. sé ekki brot á stjórnarskránni, en eins og frv. kom frá hæstv. ríkisstj., þá tel ég og allir nm. í allshn., sem um málið fjölluðu, að þá næði frv. ekki tilgangi þeim, sem mþn. var falið að ná með þáltill. N. var því sammála um að fara aðra leið til þess að ná sama tilgangi, og þess vegna leggur hún til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem um getur á þskj. 487, þ. e., að komi ný gr. í upphafi VI. kafla, þar sem sagt er, að ef seld eru „ræktunarlönd eða byggingarlóðir, sem lög þessi ná til, og skal þá seljandi greiða söluskatt af löndum þessum og lóðum, er nemi 50% af þeim hluta söluverðsins, sem er umfram þrefalt fasteignamat landsins eða lóðarinnar, og allt að ferföldu fasteignamati, en 75% af því, sem þar er fram yfir." Þetta er hliðstætt við bílaskattinn, og með þessari till. er að verulegu leyti náð tilganginum, sem Alþ. fól mþn. að ná. Ég skal svo taka það fram, að þetta er samkomulagstill. Ég vildi láta ganga lengra, en n. stendur óskipt um till., en nm. hafa að öðru leyti frjálsar hendur um að fylgja öðrum brtt., en ég vænti þess, að samkomulag verði í hv. d. eins og í n. um að fylgja till. eins og hún er.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Það er vitanlega bæði sjálfsagt og æskilegt, að kauptún og kaupstaðir hafi yfir að ráða því landrými, sem þau þurfa, en ég álít, að með þeirri till. frá hv. allshn., sem hv. frsm. gerði grein fyrir, þá sé gengið nokkuð langt í þá átt að svipta menn yfirráðum yfir eignum sínum. Þar er rætt um, að greiða skuli 50% söluskatt af því andvirði selds lands, sem er umfram þrefalt fasteignamat. Með því að draga slík mörk hefur n. líklega talið sig vera innan takmarka hófs og sanngirni, en hér er þó fyrst og fremst um það að ræða, að það er verið að afnema vissan hluta af eignarrétti einstaklinganna, sem þeim hefur verið fenginn með stjórnarskránni, og opnar þetta dyrnar fyrir nýjum ráðstöfunum í aðrar áttir varðandi eignir manna. Það er eins hægt að segja, að ef seld er húseign eða aðrar fasteignir yfirleitt, að þá skuli allt andvirði, sem er fram yfir þrefalt fasteignamat, renna til ríkissjóðs eða bæjarsjóða, og þegar komið er inn á þessa braut, hvar verður þá stanzað? Ætli það verði þá ekki næst, að allt, sem er fram yfir fasteignamat, renni til hins opinbera. Þegar komið er inn á svona varhugaverða braut, þá má búast við því, að það dragi dilk á eftir sér, og þegar gengið er inn á svona grundvallaratriði, þá er því grundvallaratriði hætt, sem einstaklingum er veitt með stjórnarskránni, og á ég þar við eignarréttinn. Eignarréttur er að vísu teygjanlegt hugtak, en alltaf hefur verið haldið fast við ákvæði stjórnarskrárinnar. En því lengra sem er gengið og oftar höggvið í þann sama knérunn, að leysa þetta úr böndum, þá er ekki að vita, hvar þetta verður stöðvað, og svo getur farið, að innan skamms verði eignarréttur stjórnarskrárinnar ekki mikils virði, ef löggjafinn fer þessa leið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það hefur nú komið á daginn, sem ég spáði í fyrra, þegar afgreidd voru lögin um forkaupsrétt á jörðum og svo kveðið á, að hluti af söluverðinu skyldi renna til sveitarsjóðs, ef söluverðið væri svo hátt, að það næmi tvöföldu fasteignamati jarðarinnar. Þá benti ég á, að þetta væri aðeins byrjunin á þeirri viðleitni hins opinbera til að ná undir sig eignum manna, og hefur nú komið í ljós, eins og ég spáði, að ekki yrði langt að bíða næsta skrefsins, ef farið væri inn á þessa braut. Næsta skrefið hefur nú þegar verið stigið með till. hv. allshn., og sé ég ekki muninn á því, að það sama gilti um fasteignir allar á landi og það land, sem þær standa á. Hv. frsm. n. lýsti því yfir, að ríkisstj. hefði ekki treyst sér til að flytja frv. eins og það kom frá mþn., því að það hefði falið í sér stjórnarskrárbrot, en svo hlakkar hann yfir því, að n. hafi verið svo klók að fara í kringum þetta og komizt aðra leið að sama marki, sem sé að brjóta stjórnarskrána. Ja, það er ekki upp á 6 lagasiðferðið hjá n., sem svona hagar sér, og undir þetta nál. rita þrír lögfræðingar. Ég þarf ekki

langa ræðu að flytja gegn þessari till. allshn. og get að miklu leyti vísað til orða minna í fyrra gegn frv. um forkaupsrétt á jörðum. Ég tel þessa leið hættulega, og ég skil það vel, að þeir, sem vilja fá opinberan eignarrétt á hvað sem er, vilji styðja þetta, en ég skil ekki, hvernig þeir, sem enn telja sig vilja verja eignarrétt einstaklingsins, geta fylgt þessari stefnu. Mótleikurinn, sem hér hlýtur að vera gerður til þess að bjarga eignum sínum, er sá að krefjast hærra fasteignamats, allt upp í almennt söluverð, en slíkt kann að vera óheppilegt, en ef menn gera ráð fyrir því, að sú leið verði farin, þá get ég skilið, að hv. þm. Dal. fáist til að styðja þessa till., en hækkun fasteignamatsins hlýtur að vera næsta svar þeirra, sem eitthvað eiga, ef þessi till. allshn. nær fram að ganga.

Um önnur atriði, þá vildi ég spyrja n., hvort hún vilji ekki endurskoða það ákvæði 6. gr., þar sem segir, að sveitarstjórn sé skylt að segja til innan fjögurra vikna, hvort hún vilji nota forkaupsréttinn. Þykir ekki hv. n. þessi frestur nokkuð langur, þegar seljandi verður að bíða í 4 vikur eftir því að fá að vita, hvort sveitarstjórn þóknist að kaupa eign hans. Er þetta ákvæði eðlilegt, með þeim hraða, sem nú er yfirleitt á viðskiptum? Væri ekki réttara að hafa frestinn aðeins 7—8 daga? Þá er það einkennilegt í 8. gr., að farið er inn á þá nýju braut, að sveitarfélögum er bannað að selja lóðir og lönd, sem þau eiga eða kunna að eignast, án sérstakrar lagaheimildar. Mér skilst, að til þess að svo megi verða, þurfi sérstök lög frá Alþ. Ja, hvað þá um Kaldaðarnes og fleiri eignir hins opinbera, ef banna á sveitarfélögum að selja lönd og lóðir án sérstakrar lagaheimildar? — Í 24. gr. segir, að vilji eigandi byggingarsvæðis heldur selja landið eða hluta af því en leigja, þá skuli sveitarsjóður skyldur að kaupa það ásamt þeim mannvirkjum, er á því eru og landseigandi vill selja með landinu. Ég veit nú ekki, hvort það er alltaf heppilegt fyrir sveitarfélag að vera þvingað til slíkra kaupa. Þetta held ég að ætti fremur að vera samningsatriði. — Í 25. gr. segir, að skylt sé lóðarleigjanda að hefja byggingu á lóð innan árs frá því lóðarleyfi er veitt og hafa lokið henni innan tveggja ára frá því er hún hófst, ella fellur niður réttur hans til lóðarinnar. Þetta finnst mér dálítið athugavert, þegar við minnumst leikhússins, sem verið hefur í smíðum í ein 14 ár og sjómannaskólans, sem verið hefur í smíðum í 4—5 ár og er ekki enn lokið og er á leigulóð, en einkum er þetta þó athugavert, þegar við erum svo staddir, að hraði framkvæmda er bundinn af alls konar nefndum og ráðum og kannske þarf að bíða eftir leyfum jafnlangan tíma og byggingarfresturinn er samkv. greininni. Þetta vildi ég biðja n. að athuga. — Þá segir enn fremur í 25 gr., að framleiga á lóðum eða hvers konar ráðstöfun á þeim til þriðja manns sé óheimil nema í sambandi við sölu húsa eða meiri háttar mannvirkja, sem á lóðinni standa. Nú er það kunnugt, að svo er ástatt í dag, að ríkið getur átt lóðir, sem það hefur leigt til lengri tíma fyrir ákveðið verð, en getur ekki fengið aftur, þótt á liggi, nema á allt öðru og hærra verði. Hvað er gert í þessu frv. til þess að stöðva þetta, eins og fyrir kom á Skagaströnd, þar sem ríkið varð að kaupa leiguréttindin á sínu eigin landi fyrir óf fjár? Sama kom fyrir á Þórshöfn og hefur raunar komið fyrir síðan. Ég sé ekki neitt ákvæði í þessu frv. til að fyrirbyggja þennan svarta markað, og held ég, að það væri þó nær en að ganga svo nærri eignarrétti manna sem gert er. Mér finnst, að inn í þetta frv. ætti að setja ákvæði, þar sem bannað er að selja lóðarréttindin, og sé ég ekki, að það ætti að vera erfiðleikum bundið. — Þá stendur það í 26. gr., að ársleigan eftir byggingarlóðir skuli vera 5% af fasteignamati þeirra. Ef matið hækkar, þá hlýtur það að leiða af sér jafnmikið hækkaða leigu, og þess vegna gæti farið svo, ef þessi gr. yrði samþ., en hækkað fasteignamatið, sem væri eðlileg afleiðing þessara laga, eins og ég hef bent á, að lóðaleigan stórhækkaði í verði. Ég veit auðvitað ekki, hvort það verður gert, en ef svo færi, þá er þetta ljóst. Ég er einn af þeim, sem tel, að það opinbera eigi að eiga slíkar lóðir og taka þær þá eignarnámi, áður en þær hækkuðu stórlega í verði fyrir bein afskipti hins opinbera. Ég vann að því, að þetta skilyrði væri sett fyrir landshöfninni í Njarðvík, að ekki væri byrjað á framkvæmdum, fyrr en landið væri fengið með hagstæðum kjörum. Ég held nú raunar, að ráðh. sá, sem þá fór með þau mál, hafi farið dálítið út fyrir þau takmörk og keypt landið áður en gengið var til fulls frá þessu atriði. Enginn greinarmunur er gerður á því hér, hvort lönd hækka í verði fyrir aðgerðir eigenda þeirra eða fyrir afskipti hins opinbera, og ætti þá fleira að falla hér undir, því að vegir, hafnir og bryggjur auka stórlega verðmæti landsins í kring. En ef á að fara inn á þessa braut, þá er bezt að gera það alls staðar, að skattleggja það, ef land hækkar þannig í verði. En enginn skattur er tekinn af mönnum, sem fá hafnir, vegi, síma o. s. frv. í sitt land. Bændum, þar sem vegur er lagður gegnum túnið, eru jafnvel oft greiddar bætur, enda þótt landið hækki miklu meira fyrir það, að vegurinn er lagður í gegnum það, en sem svarar því tjóni, er bóndinn verður fyrir við túnspjöllin.

Ég mun svo láta þessar athugasemdir nægja að sinni. Ég er á móti till. á þskj. 487, en geri að svo stöddu engar brtt. og vænti þess, að n. athugi nú það, sem ég hef bent henni á, ef hún hefur ekki þegar gert það.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þó að ég hafi ekki framsögu fyrir allshn. í þessu máli, þá vildi ég vegna þess, sem beint hefur verið til okkar nm. almennt, gera grein fyrir afstöðu minni til till. á þskj. 487. — Það er vitað mál, að þetta frv. hefur verið lengi á döfinni, og það mál, sem frv. fjallar um, er gamalt vandamál. Það er þetta, að ræktunarlönd og byggingarlóðir í þorpum og kaupstöðum hækka skyndilega í verði meir en ráðið verður við, og hefur þetta áhrif á atvinnulíf almennt. Þetta var viðurkennt af hv. þm. Barð., og nefndi hann Skagaströnd sem einna átakanlegast dæmi þessu til sönnunar, þar sem ríkið

varð aftur að kaupa eignarréttindin á sínu eigin landi, — ég veit ekki fyrir hvað margfalt verð, líklega 10—20 falt. Það sést bezt, hvernig þessum málum er komið, þegar þess er minnzt, að meðalstórar byggingarlóðir í bænum eru komnar upp í 120 þús. kr., eða sama verð og greitt var fyrir ágætt hús fyrir stríðið. Ég er fús til þess að gera allt, sem í mínu valdi stendur, til að athuga, hvað komið getur í veg fyrir það, að l. nái tilgangi sínum, eins og hv. þm. Barð. minntist á. Ég held, að við getum orðið sammála um, að ráðstafanir verður að gera til þess að fyrirbyggja það böl, sem þessi verðhækkun er orðin fyrir bæjarfélögin. Það er rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, frv. mætti vera víðtækara. En hér er fyrst og fremst um ráðstafanir að ræða þar, sem þörfin er öllum augljósust. Ef til vill ætti það að vera þannig, þó að ýmsir vilji eiga lönd þau, er þeir hafa milli handa, að landið væri jafnsjálfsagt hverjum einum og loftið, sem maður andar að sér. En hér er ekki farið fram á neitt slíkt. Ég fullyrði, að þessi skattur er eðlilegur, þó að ég viðurkenni líka, að það geta verið tilfelli, þar sem eigandinn hefur sjálfur gert mannvirkin, sem valda verðhækkuninni. En í 99 tilfellum af 100 hefur hækkunin orðið vegna aðgerða hins opinbera, og þess vegna gildir um þetta allt annað en um aðrar eignir. Af þessum ástæðum hika ég ekki við að fylgja frv.

Þetta eru aðeins örfá orð, og mætti þó margt fleira um þetta segja. Ég geri ráð fyrir því, að hv. frsm. muni taka til athugunar sérstakar athugasemdir, er fram hafa komið, t. d. varðandi 8. gr., sem mér finnst eðlileg. Hv. þm. minntist í því sambandi á mál, sem ég skal ekki leiða inn í umr. — Í 25. gr. er lóðareiganda gert að skyldu að hefja byggingu á lóðinni innan árs frá því að lóðarleyfi er veitt. Eftir því sem ég veit bezt, hefur bæjarráðið í Reykjavík sett um þetta svipaðar reglur, sem fylgt er í Reykjavík. Ég þekki tvo eða þrjá menn, sem lóðirnar voru teknar af vegna þess, að þeir voru ekki nógu fljótir að hefja byggingar á þeim. Samkvæmt l. skal bygging hafin innan eins árs og henni vera lokið innan tveggja ára frá því, er hún hófst. Hlutaðeigandi getur því átt lóðina í heilt ár án þess að hefja byggingu, og virðist það ekki ósanngjarnt. — Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Ég tel, að hár söluskattur sé sanngjarn, þó að ég viðurkenni hins vegar, að vert sé að taka það til athugunar, ef verðhækkun hefur orðið fyrir tilstilli þeirra, sem eiga lóðina.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða margorður um þetta frv. og ekki ræða sérstök ákvæði þess. Um heildarafstöðu mína til frv. og breyt. n. er þetta að segja: Bæði í sambandi við umr. og frv. sjálft virðist mér margt í því vera álitamál og tel líklegt, að reynslan sýni, að breyta verði l. áður en langt líður. En ég hallast að frv., vegna þess að ég álít, að eðlilegri þróun vaxandi kaupstaða sé betur borgið, ef reynt er að tryggja þeim, sem þar búa, möguleika til landnota með aðstoð l., svo að verðlagið verði ekki tómt handahóf. En grundvöllurinn, sem á að byggja á samkvæmt brtt. frá n., er varúðarverður. Grundvöllurinn er fasteignamatið með hárri tölu til margföldunar og skattur þar á. Nú er þess að geta, að þetta fasteignamat vísar ekki til samræmdrar sanngirni á hvaða stað sem er. Skattamatið hefur sitt hvert gildi miðað við verðmæti, og er því ekki góð viðmiðun, þó að ég geti ekki bent á aðra betri. Ég segi, að þetta sé ótraustur grundvöllur, þó að ekki sé hann fordæmanlegur, enda væri þá ekki um annað að ræða en dómkvadda menn, er gætu nálgast sanngirni, en oft vill svo verða, eins og við vitum, að beztu menn getur hent mistök í þessum efnum. Viðleitni frv. virðist vera að reyna að reisa eðlilegar skorður gegn verðhækkun, og það veldur því, að ég treystist ekki til að vera á móti því. En ég vil ákveðið taka það fram, að ég hef verið því mótfallinn, að verðskattur yrði lagður á sveitajarðir, þar til um samræmdar aðgerðir væri að ræða. Gróðaskatt á ekki bara að leggja á sveitajarðir, heldur líka á húseignir í kaupstöðum. Hvers á annar að gjalda og hinn að njóta? Fjötur er settur um fót bóndanum, en húseigandi í kaupstað er friherra um sína verzlun. Ég veit, að margur bóndi lítur á þetta á sama hátt og ég. Ef á að koma í veg fyrir leitt og skaðlegt brask, hygg ég því, að finna verði aðra í senn mýkri og fastari aðferð. Þó að ég fallist á að vera með frv., er það því ekki vegna þess, að ég telji það ekki hafa misfellur, heldur vegna þess, að ég tel, að sú viðleitni, er í því felst, stefni í rétta átt.

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Það eru aðeins fá orð. Ég þarf ekki að svara því miklu, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði. Hann talaði sem fulltrúi hins skefjalausa kapítalisma, er ekki vill setja eignarréttinum nein takmörk, og taldi, að með þessu væru menn sviptir umráðaréttinum yfir eignum sínum. Þetta er náttúrlega alger misskilningur. Hér er ekki um önnur takmörk að ræða en þau, sem felast í öllum skattal., og ákvæði frv. eru sambærileg við önnur ákvæði í l., t. d. um bílaskattinn. Þessi skattur er ekki sérstaklega hár, og borinn saman við þær till., sem mþn. lagði fram, er hann lágur. Skattur á eignaaukningu án eigin tilverknaðar gegnir líka allt öðru máli en skattur á aðrar eignir. — Hv. þm. Barð. benti á tilfelli, þar sem eignin hækkaði í verði vegna aðgerða eigandans sjálfs. Eins og hv. þm. Str. sagði, er þetta undantekning, og það veit hv. þm. Barð. líka. Það er yfirleitt hæpið að telja, að lönd eða lóðir hækki í verði vegna aðgerða eigendanna sjálfra, heldur eru það félagslegar aðstæður, sem hækkuninni valda. Ég veit ekki, hvort þm. telja það sanngjarnt, að menn fái ofsagróða af þeirri tilviljun, að þeir eru eigendur lands, sem hækkar í verði án þeirra tilverknaðar. Ein af höfuðorsökum dýrtíðarinnar er verðhækkunin á löndum og lóðum, sem hvílir þungt á bæjarfélögunum. Það situr því sízt á þeim, sem ætíð tala um dýrtíð og verðbólgu, að snúast gegn þessu frv. Hv. þm. Barð. hélt því fram, að hér væri verið að fara kringum stjskr. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég áleit ekki, að frv., eins og það kom frá mþn.,

bryti í bág við stjskr., þó að stj. felldi burt úr því ákvæði, vegna þess að einhverjir lögfræðingar hennar töldu svo vera. Hitt er víst, að það er nú í fullu samræmi við stjskr. eins og önnur skattal. Tilvitnanir í stjskr. eru því algerlega út í bláinn. Hvað aðrar athugasemdir snertir, þá er fjarri því, að ég álíti frv. gallalaust. Ég er sammála hv. 2. þm. Árn. um það, að þörf verði á endurskoðun, en ég álít þær athugasemdir, sem fram hafa komið, ekki stórvægilegar. Það kann að vera, að ákvæðin í 25. gr. séu of þröng, en ég vil benda á, að það má framlengja þessa fresti. Stærsta atriðið, sem komið hefur fram, er, að bannað verði að selja lóðarréttindi. Það er sjálfsagt að taka það til athugunar í n., og ég vænti þess, að hv. þm. Barð. beri fram brtt. í þessa átt, sem n. getur þá athugað. Ef hann fer að venju sinni, býst ég við, að hann verði ólatur að semja brtt. Hv. þm. segist vera þeirrar skoðunar, að bæjarfélögin eigi að vera eigendur lóða og landa, og þá ætti hann að vera með því, að gerðar séu ráðstafanir til þess að bæjarfélögin geti eignazt þau án okurverðs.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér skildist á ræðu hv. þm. Str., að hann væri mér sammála um það, að þurft hefði að laga höfuðgalla frv. og koma í veg fyrir, að menn gætu framselt leiguréttinn. En n. kemur ekki inn á það, sem mestu máli skiptir, að hvorki bær né ríki þurfi að kaupa leigurétt á eigin landi fyrir okurfé. Ég er hissa á því, að hv. frsm. ræddi þetta ekki meira. Þó að ríkið sé eigandi að landi, getur reynzt svo, að löndin hafi stórkostlega hækkað í verði, eins og í Höfðakaupstað, svo að ríkið verði að kaupa rétt á eigin landi fyrir okurverð. Í brtt. n. er talað um sölu á landi, ekki réttindum, og ég tel, að þessu þurfi að breyta. Hv. þm. Str. sagði, að lóðaverðið hefði mikil áhrif á líf manna. Ég neita því ekki og tel því eðlilegt, að bæjarfélögin eigi lóðirnar og fái þær með góðum kjörum, en það verður ekki gert með þessu frv. Lóðaverðið lækkar ekkert, þó að till. n. verði samþ. Auk hækkunar fasteignamatsins er þar um ekkert annað að ræða en nýjar tekjur fyrir bæjarfélögin. Lóðaverðið lækkar ekkert, nema greiða eigi það niður eins og kjötið. Það er krækt í ákveðinn hluta söluverðsins, sem rennur í sveitarsjóð til eyðslu, en ekki til lækkunar á húsaleigu eða lóðaverði. Auk þess er lóðin sjálf í flestum tilfellum hluti af húseigninni. Ef ekki eru reistar skorður við því, að húseignin hækki að sama skapi, hvers virði eru þá þessi ákvæði? Þetta lá á bak við í fyrra, er fjallað var um jarðirnar. Og ég væni hv. þm. Dal. um það, að hann hafi hugsað sér að láta þetta ná lengra, en hann hafði þá önnur rök, sem sagt þau, að þetta ætti að stöðva flutningana úr sveitunum. Það voru einu rökin, sem hann hafði til að friða samvizku sína út af því að ganga svo nærri ákvæðum sjálfrar stjórnarskrárinnar.

Og hvernig er ástatt nú? Það er farið inn á þá braut að mynda nýja skattstofna, fyrst á jörðunum, síðan á lóðunum og svo loks á húsunum. Hv. þm. Str. hefur áður staðið að því að bera hér fram frv. um eignaraukaskatt. Það hefur svo verið tekið upp af núverandi ríkisstj., og hún hefur komið því í gegn. En þá gekk hv. þm. Str. út og sagði, að sér hefði aldrei dottið í hug, að svo mörg fífl væru á þingi, að frv. næði samþykki. (*PZ:* Var það óbreytt þá?) Nei, það var heldur skárra. Eignaraukaskatturinn var miðaður þar við sexfalt fasteignamat. Og ég get skilið, að þeim, sem vilja taka allar eignir af öllum, líki þetta prýðilega, en um hina get ég ekki skilið þetta. — Hv. þm. Str. viðurkenndi, að því er mér skildist á honum, að rétt væri, að verðhækkun kæmi fyrir verk, sem menn ynnu sjálfir á stöðunum, og nefndi nærtækt dæmi frá Drangsnesi, og svo er víðar, hvort sem atvinnufyrirtækin eru sett upp af einstaklingum eða fjölda manns og lóðirnar verða þannig verðmeiri. Og það eru sannarlega sem betur fer mörg dæmi þess, að einstakir menn gangi þarna fram fyrir skjöldu í atvinnulífinu. Ég get nefnt Patreksfjörð til dæmis um slíkt framtak einstaks manns. Og ég verð að segja það, að það væri ekki nema eðlilegt, að sumt, sem þessir menn tapa, fengist aftur í hækkuðu verði á landeignum. Og úr því það á við um lóðir, þá sé ég ekki, hvers vegna ekki á að stíga sporið lengra, hvers vegna hið sama á þá ekki að gilda t. d. um húseignir. (*HV:* Vill hv. þm. þá ekki flytja um það brtt., að þær hækki líka?) Auðvitað væri réttast að stíga sporið fullt. (*Forseti:* Á hv. þm. mikið eftir af ræðu sinni?) Já, það er mjög margt, sem ég á eftir að segja þessum hv. þm. (*Forseti:* Ég verð þá að biðja hv. þm. að fresta ræðu sinni.).

Umr. frestað.

Á 84., 85., 86., 87. og 88. fundi í Ed., 8., 19., 22., 23. og 25. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Ed., 26. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
9.—22. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
23.—28. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 487 (ný gr., verður 29. gr.) samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu *nafnakalli*, og sögðu

já: BK, BrB, EE, GÍG, PZ, SÁÓ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BSt.

nei: BÓ, GJ, JJós, LJóh.

3 þm. (BBen, HV, HermJ) fjarstaddir.

29.—33. gr. (verða 30.—34. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 90. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 579).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég er búinn að benda form. n. á, að óumflýjanlegt væri að gera fleiri breyt. á l. en hér er lagt til, að gerðar verði. Hann er nú ekki viðstaddur og mun vera á sýslufundi. En honum var ljóst eftir

viðtal okkar, að þetta væri nauðsynlegt. Ég vil benda n. á 30. gr., sem hljóðar svo: „Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skulu fasteignamatsnefndir hefjast handa um sundurliðun á fasteignamatinu frá 1940 í grunnverð og mannvirkjaverð, að því er snertir lönd og lóðir, er lög þessi taka til, og skal því verki lokið innan árs frá gildistöku laganna." Síðan frv. var samið, hafa allar fasteignamatsnefndir verið lagðar niður. En úttektarmenn hreppanna hafa komið í staðinn til að meta ný mannvirki, en til að annast þau störf, sem þeir vinna ekki, eru engir komnir í staðinn fyrir nefndirnar. Árið 1941 voru þær til, en hafa nú verið afnumdar um land allt. Ég bendi á þetta. Og engin breyt. hefur orðið á þessu. Fer ég því fram á, að málinu verði frestað.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Ég var lasinn um það leyti, sem málið var afgr. í n. En vegna orða hv. 1. þm. N-M. skal ég flytja boð hans til n. og skal taka undir, að málinu verði frestað. (*GJ:* Og aldrei tekið fyrir aftur.) Já, helzt.

Forseti (BSt): Ég mun fresta umr., en vil þá biðja hv. þm. Seyðf. að flytja n. þessi boð. En Alþ. getur ekki tekið það til greina, að form. hennar sé fjarverandi. Verður málið tekið fyrir mjög bráðlega aftur.

Á 93., 95., 96., 97., 98., 99., 101., 103., 107., 109., 110. og 112. fundi í Ed., 3., 4., 5., 6., 7., 9., 11., 13., 14., 16. og 17. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

10. Eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana* [138. mál] (stjfrv., A. 358).

Á 62. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana er samið af n., sem skipuð var af fjmrh. þann 22. sept. 1947. Var það gert í samráði við ríkisstj. Þessi n. hefur haft það til athugunar að rannsaka kostnað við rekstur ríkisins og ríkisstofnana og gera till. til ríkisstj. um sparnað við þennan rekstur. Í n. þessa taldi ég rétt að skipa þá reyndustu og fremstu starfsmenn stjórnarráðsins, sem ég hafði ástæðu til að ætla, að mestan kunnugleika hefðu á rekstri ríkisins í ýmsum atriðum, en það voru skrifstofustjórar þessara þriggja ráðuneyta, fjmrn., atvmrn. og félmrn. Þar að auki var svo bætt við í n. ríkisbókaranum og aðalendurskoðanda ríkisins. Síðar varð það að samkomulagi í ríkisstj., að í þessa n. skyldi bætt við þremur alþm., bæði til þess að fá víðtækari sjónarmið tekin til greina og auk þess til þess að hafa þannig betri aðgang að því að fá þær till. viðurkenndar, sem fram kynnu að koma hjá Alþ.

Það má segja, að það hafi verið orðið mjög aðkallandi að gera einhverjar ráðstafanir í þessu efni. Það þarf ekki að rekja þá sögu og minnast á þær háværu raddir, sem alltaf öðru hvoru láta til sín heyra, og ekki að ófyrirsynju, um nauðsyn þess, að eftirlit sé meira með rekstri ríkisins og meiri sparnaður viðhafður. Þetta sjónarmið er líka sérstaklega viðurkennt af Alþ. með samþykkt þeirri, sem hér var gerð 3. marz 1945 og ég ætla, að fjvn. hafi átt frumkvæði að, um athugun á starfskerfi og rekstrarútgjöldum ríkisins. Var þar m. a. lögð áherzla á, að „komið verði á raunhæfu eftirliti með vinnubrögðum á skrifstofum ríkisins og stofnana þess, enda verði eftirliti þessu einnig beint að því að meta og gera till. um starfsmannaþörf í hverri skrifstofu eða stofnun". Þessi ályktun Alþ. lá því fyrir og hefur legið fyrir í stjórnarráðinu síðan á árinu 1945, og mér fannst viðeigandi, að litur yrði á því sýndur að byrja framkvæmdir í þessu efni með þeirri ráðstöfun, sem gerð var 22. sept. 1947, þ. e. a. s. skipun þeirrar n., sem ég áður hef greint frá og kölluð er sparnaðarnefnd. Frá þessari n. hafa komið ýmsar till., sem þegar hafa verið athugaðar og að sumu leyti verið komið í framkvæmd, sérstaklega varðandi afnám ýmissa nefnda. En hér liggur fyrir einn þáttur þessa starfs í frv. því, er n. hefur samið, um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana. N. stóð einhuga að frv., að einum þm. undanskildum, hv. 1. landsk. þm. Það kann nú að vera svo, að ágreiningur geti orðið um það, á hvern hátt eigi að framkvæma það eftirlit á rekstri ríkis og ríkisstofnana, sem hér um ræðir. Hefur þetta verið rætt og athugað innan ríkisstj., og samþ. ríkisstj. í fyrra til bráðabirgða að leggja allar nýjar mannaráðningar í ráðuneytin eða ríkisstofnanirnar undir úrskurð fjmrh. Á þessu hefur síðan verið hafður sá háttur, að ríkisstofnanir hafa sótt það undir samþykki fjmrh., ef þær hafa álitið, að þær þyrftu að fjölga starfsmönnum. Í sumum tilfellum hefur verið á þetta fallizt, en sumum ekki, eins og gengur. En þetta er engan veginn nægileg ráðstöfun og ekki nema örlítið til þess að tryggja gott eftirlit. Oft á tíðum hefur fjmrh. ekki aðstöðu til að meta, hvort þörf er fyrir hendi um nýjar mannaráðningar, þó að hann kunni að vita starfsmannafjöldann. Það getur enginn nema sá, sem hefur aðstöðu til þess að setjast í stofnunina og sjá, hvernig störfum er þar hagað. Aftur á móti getur sérstakur starfsmaður, sem eingöngu helgar sig þessu eftirliti, framkvæmt slíkt þannig, að viðunandi sé. Þessi háttur hefur verið tekinn upp í sumum nágrannalöndum okkar, og það í þeim löndum, sem þó eru langt frá því að vera eins langt inn á sviði opinberra afskipta eins og við. Við höfum hér í þessu landi opinberan rekstur

á svo mörgum sviðum, bæði hvað snertir verzlun og iðnað, fyrir utan hinn eiginlega rekstur ríkisins, ríkisbúskaparreksturinn, að sé þörf á því, að sérstakt eftirlit sé haft með slíku t. d. hjá Norðmönnum, Dönum og Svíum, þá má segja, að þörfin sé miklu ríkari hér á landi. Þenslan í þeim efnum, ríkisafskiptunum á ýmsum sviðum, hefur, því miður vildi ég segja, orðið miklu örari hér á landi en annars staðar. Í athugasemdunum og fylgiskjalinu, sem fylgir frv., er glögglega að þessu vikið, sem ég hef hér minnzt á. Þar geta hv. þm. fengið staðfestingu á þeim upplýsingum, sem ég hef hér komið með, og fengið þar öllu fyllri upplýsingar en ég hef séð ástæðu til að flytja í þessari framsöguræðu.

Eins og þetta hefur verið að undanförnu og er enn þann dag í dag, þá er það ákaflega takmarkað, hvað fjmrn. eða fjmrh. getur fylgzt með athöfnum annarra rn., að ég ekki tali um hinna ýmsu ríkisstofnana. Til hans koma oft og einatt ekki neinar fregnir af ýmsu því, sem rn. og aðrir ráðh. taka sér fyrir hendur og hefur áhrif á fjármál ríkisins, og jafnvel ekki því, sem í ríkisstofnunum er gert og hefur svipuð áhrif, þó að óbein séu. Vitneskja um slíkt berst oft ekki til fjmrh. fyrr en eftir dúk og disk, ef ég mætti svo að orði komast, og fjmrn. eða fjmrh. er þannig settur upp við vegg, þegar búið er að framkvæma hluti án hans vitundar. Það getur verið um að ræða ákvörðun einhvers ráðh. eða verið talið, að af óviðráðanlegum orsökum hafi greiðslur farið langt fram úr þeim heimildum, sem Alþ. hefur samþ., en þegar svona stendur á, er fjmrh. oft settur í þá aðstöðu, að hann verður annaðhvort að gera forráðamenn stofnananna og ráðuneytanna alveg ómerka, stöðva greiðslur fyrir vinnu, sem unnin hefur verið, eða þá að hann verður að verða við þeim óskum, sem bornar eru fram. Mér skilst nú, að af ýmsum sé á þetta litið sem slæma fjármálastjórn, að hafa ekki hnefann á borðinu í hvert skipti, sem slíkt kemur fyrir. Það má marka það a. m. k. af skrifum sumra þeirra blaða, sem talin eru standa að einhverju leyti að núverandi ríkisstj., að allt slíkt sé slæmri stjórn fjmrh. að kenna. En sé það svo, að fjmrh. sé sekur um allt það, sem gert kann að hafa verið í rn. eða ríkisstofnununum, umfram það, sem í fjárl. er fyrir mælt, þá býst ég við, að eitthvert fordæmi hafi verið fyrir því hjá þeim, sem á undan mér hafa verið í forsvari fyrir fjármálum ríkisins. Hitt er svo annað mál, að slík útgjaldaaukning verður tilfinnanlegri og ég vil segja óviðráðanlegri á þeim tímum, sem nú standa yfir og hafa verið undanfarin ár, þegar áætlaðar tekjur ríkisins gera ekki betur í heild en að dragast að markinu, sem þingið hefur þeim sett, heldur en oft hefur verið, þegar tekjur ríkisins hafa farið langt fram úr því, sem Alþ. hefur búizt við. En það er eins með þessa notkun ríkisfjárins og margt annað, „að á skal að ósi stemma“, og ef unnt væri fyrir fjmrn. eða fjmrh. að fylgjast með, þegar ráðstafanir eru í undirbúningi hjá hvaða rn. sem er og hjá ríkisstofnununum, þá væri miklu auðveldara að koma í veg fyrir, að ráðizt væri í ýmislegt, sem nú hefur þjakað fjárhirzlu ríkisins, sem sé umframeyðsluna. En það er að því stefnt, að sérstakur embættismaður hafi þetta starf með höndum. Hans hlutverk skal vera, eins og tekið er fram í frv., að leiðbeina við rekstur þess opinbera og gera tillögur til úrbóta. Eins og hv. þm. sjá, er þetta yfirgripsmikið starf og kallar vissulega á alla starfskrafta þess manns, sem það hefur með höndum. Það vita allir, hversu mikið starfstilhögun hefur að segja fyrir afköstin, og ætti því góð leiðsaga í því efni að geta sparað mikið.

Mér er ljóst, að það getur verið ágreiningur um, hvort rétt sé að stofna sérstakt embætti í sambandi við þetta mál, og það er sjálfsagt ekki vinsælt, þegar öllum þykir embættafjöldinn allt of mikill. En það, að þessi leið var valin, er eftir till. þeirra manna, sem um þetta mál hafa fjallað, og ástæðan er hin ríka þörf, sem allir viðurkenna, að hafizt sé handa um eftirlit, lagfæringar og sparnað í rekstri hins opinbera, og náist sá árangur, sem vonir standa til með þessu eftirliti, þá er sá kostnaður, sem því er samfara, hverfandi.

Það er til þess ætlazt eftir frv., að forseti skipi mann í þetta embætti, og er það gert til þess að undirstrika, að hér sé um þann virðingarmann að ræða, sem hafi skipunarbréf frá forsetanum og stöðu í samræmi við það. Til aðstoðar þessum embættismanni eiga svo skrifstofustjórar rn. að vera, og á hann að geta kvatt þá til fundar, þegar hann telur þess þörf vegna eftirlitsins. Við höfum fordæmi um svipað fyrirkomulag frá nágrannalöndum vorum, t. d. Svíþjóð, en þar hefur þetta fyrirkomulag reynzt vel, og sömuleiðis hafa Norðmenn og Danir gert svipaðar ráðstafanir.

Ég held, að einstakar greinar frv. þurfi ekki sérstakra skýringa við. Í 5. gr. eru ákvæði um það, að ekki megi fjölga starfsfólki við ríkisstofnanir, nema samþykki ráðsmanns komi til, en verði ágreiningur, skuli ráðh. skera úr. Þá eru ákvæði í 6. gr. þess efnis, að ekki megi setja á fót nýjar ríkisstofnanir nema með lögum og skuli þá ráðsmaður ríkisins sjá um, að sparlega verði á haldið. Það hefur verið mikil þörf fyrir ákvæði í þessu efni, því að á undanförnum árum hefur borið á því, að einstakir ráðh. hafa komið á fót stofnunum, sem kostað hafa mikil fjárframlög úr ríkissjóði, án þess að sérstök lagaheimild væri til slíkrar stofnunar. Það er ekki gert ráð fyrir, að þessi lög komi til framkvæmda fyrr en 1. júlí, þó að samþ. verði, og er það vegna þess, að margs konar undirbúningur er nauðsynlegur, og þarf til hans vel að vanda.

Ég held, að ég hafi þá sagt það helzta varðandi þetta frv., og vil vænta þess, að Alþ. taki því vel vegna nauðsynjar á umbótum í því máli, sem það varðar. Að svo mæltu óska ég, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn., þegar þessari umr. lýkur.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Enda þótt ég hafi verið með í því að ganga frá þessu frv. í sparnaðarnefndinni, en hér er það lagt fram af ríkisstj. litið breytt frá því, sem n. gekk frá því, þá eru þó nokkur atriði, sem ég vildi biðja n., sem fær málið til meðferðar, að athuga.

Um þau gerði ég ágreining í n. og taldi, að athuga bæri, hvort ekki mætti fara eins vel á því að haga þessu eftirliti nokkuð öðruvísi.

Mér blandast ekki hugur um það, að með því að hafa fastan mann til eftirlits með ríkisstofnunum og rekstri ríkisins má ná betri vinnuafköstum en nú er. Þegar þær ættu það yfir höfði sér, að eftirlitsmaðurinn kæmi eins og þjófur á nóttu í þessa eða hina stofnunina, settist þar og ynni með þeim tíma, þá mundi verða betur mætt og betur unnið en með því eftirlitsleysi, sem nú er. Og mér er þessi þörf enn ljósari eftir að ég gerði þá stikkprufu að hringja í stofnanirnar og biðja um þennan eða hinn í síma, sextíu sinnum hringdi ég, og í 27 tilfellunum voru mennirnir við, hinir höfðu brugðið sér frá, sagði símamærin. (*HV:* Eftirlitsmaðurinn gæti þá heitið hringjari ríkisins.)

Mér er líka ljóst, að tæknin við vinnuna er ekki hin ákjósanlegasta. Ég kom nýlega á skrifstofur, þar sem mikið þarf að leggja saman af tölum, þar voru notaðar úreltar reiknivélar, og með betri og fullkomnari vélum gætu færri menn náð sömu afköstum og nú eru á þessari skrifstofu. Og fleiri slík dæmi mætti nefna. Ég er því sannfærður um það, að með ráðsmanni ríkisins má ná verulega auknum vinnuafköstum og fækkun á starfsliði. Þó veltur þetta mikið á manninum, sem í stöðuna velst. Og þá er ég kominn að því fyrsta, er ég vildi biðja n. að athuga. Ég tel, að geti komið til mála, að í stað þess að hafa sérstakan ráðsmann, þá sé þessu verki bætt á þá þrjá menn, sem nú endurskoða ríkisreikningana. Þeir eru nú að bauka við að endurskoða gamla reikninga frá liðnum árum og bera þar saman tölur og koma svo með sínar athugasemdir, en þá svo seint, að enginn hefur gagn af nema sem sögulegum fróðleik. Ég segi ekki, að þetta eigi að gera, en ég segi og bið n. að athuga, hvort ekki geti komið til mála og hvort sé hentara að hafa til þessa sérstakan ráðsmann, eins og við gerðum ráð fyrir í n., eða fela þetta starf hinum þingkjörnu endurskoðendum ríkisreikninganna.

Annað, sem ég vildi líka biðja n. að athuga, er það, að ef hún kemst að þeirri niðurstöðu, að hafa eigi í þessu starfi sérstakan mann, þá tel ég, að ekki eigi að skipa hann strax, heldur setja hann t. d. fyrsta árið. Ég benti á það áðan, að mikið ylti á því, hvaða maður veldist í þessa stöðu, og held því, að réttara sé að festa ekki neinn mann í henni með skipun strax, heldur reyna hann nokkuð, áður en hann er skipaður. Það mætti líka svo fara, þó að ég geri ekki ráð fyrir því, að þegar lengra liði, teldist ekki þörf á manni í þessa stöðu, og þá væri betra að hafa manninn ekki skipaðan heldur settan.

Ég taldi í sumar, þegar sparnaðarnefndin var að vinna að þessum málum, að inn í þetta frv. væri rétt að setja ákvæði um vinnutíma opinberra starfsmanna. Frá því féll ég þó eftir að lofað var, að frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna yrði lagt fyrir þetta þing. Síðan hefur sparnaðarnefndin nokkrum sinnum spurzt fyrir, hvað liði samningu þessa frv. Um leið og launalögin voru sett á Alþ., var Gunnari Thoroddsen, þm. Snæf., falið að semja slíkt frv. af þáverandi forsrh., en frv. er ekki komið til þingsins enn. Okkur í sparnaðarnefndinni hefur hvað eftir annað verið sagt, að frv. sé „nærri" og „sama sem" tilbúið, en opinberlega er það ekki komið fram enn. Komi það ekki fram nú næstu daga, tel ég, að mjög eigi að athuga, hvort ekki beri að setja ákvæði í þetta frv. um, að vinnutími opinberra starfsmanna verði 43 klukkutímar á viku hverri í stað 35½, eins og nú er. Mér er ljóst, að af þeirri styttingu vinnutímans, sem gerð var með reglugerð þeirri, sem kennd er við Pétur sál. Magnússon, fjölgaði starfsmönnum eðlilega og þá óx eftirvinna, en kaup fyrir hana hækkaði hann líka. Ég vildi því biðja n. að vita nú, hvað þessu frv. líði og hvort ráðh. hugsaði sér að breyta nú aftur reglugerðinni um vinnutíma starfsmanna þess opinbera, og væri svo, sem margt bendir til, að hvorugt væri í aðsigi, lagafrv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna né breyting á reglugerðinni, þá að athuga mjög vel, hvort ekki ætti að taka upp í frv. ákvæði um 43 stunda vinnuviku.

Það eru sem sagt þessi þrjú atriði, sem ég vil biðja n. að athuga:

1. Hvort réttara sé að hafa í þessu starfi sérstakan mann eða að víkka út starfssvið endurskoðenda ríkisreikninganna og fela þeim það.
2. Ef réttara telst að hafa í því sérstakan mann, þá hvort ekki sé rétt að setja hann fyrst til reynslu, en skipa hann ekki strax, því að það veltur meira á því hér en í flestum öðrum störfum, að maðurinn reynist vel, og því færi illa, ef liðléttingur væri skipaður í starfið.
3. Að athuga, hvort ekki sé rétt að setja í frv. ákvæði um vinnutíma opinberra starfsmanna og lengja hann þá frá því sem nú er.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Þar sem mitt nafn hefur verið nefnt við þessar umr. og vegna þess að ég hef átt kost á að kynnast því ráðabruggi, sem hér kemur fram, þá vil ég segja um málið nokkur orð.

Ég vil taka það fram strax, að ég met viðleitni fjmrh. til sparnaðar mikils, þó að erfitt sé og vandasamt að finna, hvað sé hægt að spara og hvernig því verði við komið.

Upphaf þessa máls mun hafa verið það, að ráðh. skipaði nefnd 22. sept. 1947 til að gera till. um sparnað í rekstri hins opinbera. Þessi nefnd, sem í voru 5 menn, starfaði svo fram á útmánuði 1948, en í apríl skilaði hún áliti. Þessar till. hennar voru síðan athugaðar í rn., en í byrjun júní var ég beðinn af hæstv. forsrh. að taka þátt í athugun á þessum till. n. sem fulltrúi Alþfl., og var mér jafnframt tjáð, að hinir stjórnarflokkarnir hefðu nefnt sína menn til þessara athugana, Sjálfstfl. þm. Borgf. og Framsfl. 1. þm. N-M. Mér virðist nokkurs misskilnings hafa gætt um það, hvert hlutverk okkar þremenninganna var. Ég skildi það svo, að við ættum nánast að yfirfara þær till., sem n. hafði þá lagt fyrir ríkisstj. og voru í raun inni fullmótaðar. Afstaða mín og hv. þm. Borgf. mótaðist þannig af því, að hve miklu leyti við gætum fallizt á þær till., sem þegar voru gerðar. Það var tæplega hægt að kveða svo að

orði, að við værum í hinni svokölluðu sparnaðarnefnd.

Þessi n. hélt nú nokkra fundi, þó ekki fyrr en komið var fram í ágústmánuð vegna fjarveru ýmissa nefndarmanna í júlí. Við nánari athugun voru af okkur, þessum 8 mönnum, gerðar ýmsar breytingar. Við athuganir sínar hafði 5 manna n. aðallega tekið fyrir tvo höfuðþætti, í fyrsta lagi nefndir á vegum ríkisins og í öðru lagi bílakostnað á vegum ríkisins. Ég hef nú ekki þær skýrslur við höndina, sem þá lágu fyrir, né þær breytingar, sem gerðar voru eftir að allir komu saman. En n. hafði í tilefni af sínum athugunum gert till. í frumvarpsformi, sem miðuðu að því sama og það frv., sem hér liggur fyrir. Og það frv. vil ég því sérstaklega taka til meðferðar. Samanburð á upphaflega frv. og þeim verulegu efnisbreytingum, sem á því voru gerðar, get ég því miður ekki gert hér, þar sem ég hef ekki gögnin í höndunum. (*Fjmrh.:* Má ég upplýsa, að n. hefur sjálf gengið frá þessu frv. eins og það liggur fyrir.) Já, eftir að hæstv. ráðh. hafa þrautrannsakað frv. og gert breytingar, sem n. hefur gert að sínum. — Það, sem mér þótti að frv., var þetta, að ég gat með engu móti fallizt á, að einum manni væri gefið svo víðtækt vald eins og til er ætlazt, alveg sama þótt hann eigi að heita ráðsmaður ríkisins. Ég hef lifað og vil lifa og deyja í þeirri trú, að ekki eigi að skapa neinum einstaklingi víðtæk einræðisvöld. Hins vegar skal ég fúslega viðurkenna það, sem ég hef áður látið í ljós, t. d. á fundum í nefndinni, að tilefni nokkurt sé til þess, að fram fari eftirlit í þessum efnum eftir einhverju þvílíku „prinsipi". En ég verð líka að segja það, að samkvæmt öllu eðli málanna eru skrifstofustjórarnir verkstjórar, hver á sinni skrifstofu, og ber að hafa eftirlit með sínum mönnum. Og ég leit svo á, að þar sem um einhvern veikleika væri að ræða í þessum efnum, þá væri það sérstaklega fjmrn., sem rétt væri, að léti sig það varða, og það var mín tillaga, að slíkt eftirlit væri látið heyra undir það. En það þótti ekki nægilegt.

Þá er annað atriði, sem lýtur að hinu starfandi fólki í þjónustu ríkisins og ríkisstofnananna, en það eru reglurnar um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Í nefndinni voru allir sammála um, að nauðsynlegt væri að sjá, hvað í þessum reglum fælist, og skoða frv. einmitt í ljósi þeirra. Þetta mál hefur verið lengi — ég vil segja óheyrilega lengi á döfinni. Reglugerðin er ekki enn komin fram á sjónarsviðið, a. m. k. lá hún ekki fyrir, er ég í desember tjáði mínum flokki, að ég væri farinn úr n., og ástæðurnar fyrir því, — og ég hef ekki getað séð, að hún liggi fyrir enn. En við vorum í raun og veru sammála um það, að ef hægt væri að ganga frá slíkri löggjöf, þá mundi hún bæta úr mörgu, sem ábótavant er. Þá skal ekki dregin fjöður yfir það, að gagnvart alþjóð hlýtur till. að verka dálítið neikvætt. Einmitt þegar mikið er verið að tala um að draga úr alls konar opinberum kostnaði við embættisrekstur, þá á að fara að stofna nýtt og enn eitt embætti. Og enginn þarf að halda, að þetta verði neitt lítið starf, að fylgjast með starfi hins opinbera um allt land á skrifstofum sýslumanna t. d., iðjufyrirtækja, banka o. s. frv. Og það má kalla fyrir fram vitað, að enginn einn maður eða tveir mundu anna þessu, heldur mundi stofnun þessi geta orðið nokkuð stór áður en lyki. Við rennum alveg blint í sjóinn með, hvaða kostnað mundi af þessu leiða, eins og við rennum líka í rauninni blint í sjóinn með hvaða sparnað þetta hefði í för með sér. Hvort hann yrði nokkuð meiri en kostnaðurinn, er alveg úti á þekju fyrir okkur öllum.

Þá er enn það, sem veldur mjög miklum ugg í mínum huga, en það er þetta, að í fámennu þjóðfélagi eins og hér er, þar sem hver þekkir annan, verði mjög miklum erfiðleikum bundið að finna mann, sem gæti beitt sér í þessu starfi eins og nauðsyn kynni að bera til. Ætti hann að taka á öllu, sem aflaga kynni að fara, með festu, hvað mundi hann þá lengi þola að standa í þeim eldi, sem slíkt starf mætti verða honum? Mér virðist sem hér mundu verða ýmis ljón á vegi. Þetta mundi horfa öðruvísi við, ef eftirlits- og ábyrgðarskyldunni væri dreift yfir á hina ýmsu verkstjóra ríkisfyrirtækjanna.

Það hefur verið bent á, að þetta fyrirkomulag hafi verið reynt á Norðurlöndum. Það er rétt að vissu marki, og eru það Svíar, sem þar eru lengst komnir; en í framkvæmd er það hjá þeim með nokkuð öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir, því að þeir hafa sérstaka nefnd í þessu skyni, sem þingið kýs, og í henni eru þannig trúnaðarmenn löggjafarsamkundunnar.

Nú ætla ég ekki að ræða þann möguleika hér, að þessu verði breytt, það orð er, eins og nú standa sakir, nokkurs konar „sjóvíti" að nefna. En bendi aðeins á, að þetta er með nokkuð öðrum hætti á Norðurlöndum. Annars er lítil raun komin á þetta í Noregi, og í Danmörku hefur enn ekki verið gengið til verks, og eftir því sem mér var tjáð um áramótin, þá eru þeir mjög hikandi í þessu efni. Hvort hér er um meiri sjúkleika að ræða en þar, eins og hæstv. fjmrh. gaf í skyn (*Fjmrh.:* Ég sagði þörf.), skal ég ekki um dæma. Og ég ætlaði mér ekki við þessa umr. að hafa mörg orð. Ég mun við síðari umr. taka endanlega afstöðu til þessa frv.

En áður en ég lýk máli mínu, langaði mig til að svara hv. 1. þm. N-M. Hann hefur nú víst reyndar yfirgefið þingsalinn. En hann var að hæla sér af þeim þætti, sem hann ætti í samræmingu þessa frv. Sannleikurinn er sá, að hann á ekki stafkrók í þessu frv. frekar en ég, þar sem nefndin var búin að semja það. — Þá var það hin fjarstæðan, að þetta eftirlit ætti að fela endurskoðendum ríkisreikninganna. Um það starf er ákveðið í 38. gr. stjskr. og skýrt fram tekið, hvaða störf þeir menn eigi að vinna. Og að ætlazt til þess, að þeir séu að snuðra á skrifstofum úti um allt land — ja, það er dæmi um það, hvaða fjarstæður geta komið út úr ekki ógreindum mönnum.

Ég skal svo að lokum segja það, að ég álít, að sú n., sem þetta fær til meðferðar, eigi að athuga mjög vel, hvort þessi leið eða önnur yrði kostameiri til að betrumbæta — ef ég má nota það orð — það, sem ábótavant kann að vera á þessu sviði um góða vinnuhætti. Það er enginn kominn til að segja það til dæmis, hvort þessi

maður gæti orðið nokkur allsherjar dómari með fullkomnu réttlæti í hinum ýmsu málum. *(Fjmrh.:* Ef ágreiningur verður, á að skera úr.) Því hefur þá verið bætt inn í frv. En eins og ég sagði áðan, þá er svo vandfundinn maður í þetta embætti, að ég tel vafasamt, að það takist að finna slíkan mann. Og það verður verkefni fjhn. að athuga, hvort þetta eða annað fyrirkomulag verði að teljast heppilegra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 358, n. 424).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það eru ekki neinar sérstakar gleðifregnir, sem ég hef að færa frá n. eða þeirri eldskírn, sem frv. fékk hjá henni, þ. e., eins og nál. ber með sér, að 3 nm. voru ekki tilbúnir að taka afstöðu til málsins, og við erum því tveir eftir til þess að mæla með því, og hvorugur með samvizkunnar mótmælum.

Ég verð að telja, að þetta frv. sé virðingarverð tilraun til þess að ráða bót á því, sem illa hefur farið, og þar eru allir nm. á einu máli um, að allt sé undir því komið, að heppilega fari um val á manni í þessa stöðu, því að ef ekki er valinn heppilegur maður til starfans, þá er mikið spursmál um gagnsemi þessa máls. Ekkert er um það ráðið, svo að n. viti til þess, hver valinn verður í þessa stöðu, en mér heyrist það á nm., að þeir séu að hugsa um að grennslast fyrir um það hjá hæstv. fjmrh. þegar við þessa umr. En ég veit það, að hver svo sem maðurinn verður, þá verður fjárhag ríkisins ekki komið í lag á einum degi, enda var Róm ekki byggð á einum degi. Ef þetta er varfærinn og samvizkusamur maður, þá ætti að liggja fyrir þessum ríkisráðsmanni — þessum réttláta ráðsmanni ríkisins — opnara en öðrum, hvað ætti að spara og hvar ætti að spara. Hann gæti síðan samið fyrir ráðh. frv., sem miðaði að sparnaði í rekstri ríkisins, t. d. um að leggja niður embætti eða starf, sem ekki væri nein þörf á að hafa. Það kann og að virðast svo, að það sé ekki mikill sparnaður að því, þó að hægt sé að fækka einum og einum embættismanni eða starfsmanni. Þó að ég sé einn þeirra, sem ekki er viss um, hve mikið er hægt að spara með þessu, þá tel ég það sjálfsagt, að frv. sé fylgt fram, en að snúa aftur, það má ekki ske, og við 2 nm. leggjum þess vegna til, að frv. verði samþ. óbreytt, en ef fram kemur brtt., þá er réttara að athuga hana og taka það sem betur má fara. Ég geri ráð fyrir því, að fleiri vilji kveðja sér hljóðs og láta skoðun sína í ljós, en ég legg til, að frv. verði samþ., eins og sjá má af nál.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Vegna þess að ég er einn af þeim 3 nm., sem ekki voru tilbúnir til þess að taka afstöðu til málsins, þegar það var til umr. í n., þá vil ég taka það fram, að ég sé ekki ástæðu til þess að greiða atkv. með því. Mér virtist þetta ekki vera lækning á því, sem lækna skal.

Það er einkum tvennt, sem um er að ræða, sem snertir vald þessa manns. Þessi ráðsmaður á að hafa vald til þess að víkja opinberum embættismönnum frá störfum, hann á að hafa vald til þess að neita því, að mönnum séu veitt störf, og hann á að hafa vald til þess að neita því, að stofnuð séu ný opinber embætti. Þetta er hugsanlegt, en þetta er varla framkvæmanlegt. Hann getur þetta ekki án þess að spyrja ráðherra. Þetta er því hugsanlegt, en varla framkvæmanlegt, því að það er ekki hægt samkvæmt okkar stjórnskipunarlögum, að slíkur embættismaður beri ekki ábyrgð gagnvart einhverjum ráðherra. Þess vegna getur hann ekki haft þetta vald, sem haldið hefur verið fram og álitið af mönnum — þó varla hér innan deildarinnar. Þessi maður verður aldrei annað en starfsmaður ráðherrans og ber ábyrgð gagnvart honum. Mér sýnist því, að það mætti koma því þannig fyrir hvenær sem er, að fjmrh. réði sér skrifstofustjóra eða fulltrúa, sem hefði þetta vald með höndum, og að hann hefði fyrir löngu getað falið honum með skipunarbréfi það vald, sem þessum manni er gefið með þessum l. Ég get þess vegna ekki greitt atkv. með þessu, vegna þess að ég hef tilfinningu fyrir því, þó að ég geti ekki rökstutt það, að þetta mál sé flutt meir til að sýnast en til að vera.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hygg, að afgreiðsla þessa máls eigi sér lítt fordæmi í þingsögunni. Það hefur verið borið fram frv. af hæstv. ríkisstj. eftir till. frá n., sem hefur verið skipuð til að gera till. um sparnað á rekstri ríkisins. Þegar málið kemur í n., þá geta þrír hv. nm. ekki komið sér saman um að mynda sér nokkra skoðun um afgreiðslu málsins og hafa ekki gefið sér tíma til að taka afstöðu til þess. Ég held, að þetta sé einhver einstakasta afgreiðsla á máli, þó að minna væri en þetta mál.

Hv. þm. Str. er þess utan formaður annars stærsta þingflokksins, sem styður ríkisstj., og flokkur hans hefur alltaf verið að gera kröfur um, að stórkostlegum sparnaði yrði komið á í ríkisrekstrinum. M. a. veit ég, að fulltrúar þessa flokks í fjvn. hafa gert ítrekaðar kröfur um, að aflað sé allra upplýsinga um launaskrá o. s. frv., svo að hægt sé að sjá, hvernig fé ríkissjóðs er varið til launagreiðslna og hvað fæst fyrir það fé. Svo getur formaður þessa flokks ekki fengið sig til að taka afstöðu til þessa máls. Annaðhvort ber þetta vott um, að hann sé einangraður í flokknum, eða hann sinnir ekki þingstörfunum eins mikið og hann ætlast til af öðrum. Er það ekki í samræmi við þau ummæli, sem hann hefur áður haft hér í þinginu, að svona ættu störf þingsins ekki að vera. Ég hefði getað skilið, að þessir hv. þm. hefðu skrifað undir nál með fyrirvara um að koma síðar með brtt., þegar þeir gætu gert þetta upp við sig, en í nál. á þskj. 424 eru 3 þm. ekki viðbúnir að taka afstöðu til málsins, og tveir af þeim eru stuðningsmenn stj.

Um hitt er ég sammála hv. þm. Str., að ráðh. hefði ekki þurft að leita til þingsins til að skipa starfsmann til þessara hluta, þótt hann hins

vegar vilji fara þá leið, vegna þess að það hafi fjárútlát í för með sér. En það er rétt, sem hv. þm. Str. segir, að hæstv. fjmrh., sem gegnir einnig öðru ráðherraembætti, hefði sjálfur getað skipað mann til þess að gera þessi verk, því að það er ekki hægt að búast við, að ráðh., sem er önnum kafinn, geti rækt þetta starf eins og þörf er að gera.

Ég er viss um, að ef hv. þm. kynntu sér launaskrána, eins og hún liggur fyrir, þá mundu þeir áreiðanlega sannfærast um, að það er þörf að vinna þetta starf, hvort sem ráðh. ákveður það sjálfur eða þingið samþ. l. um það. Sú skýrsla ber með sér, að það er ekki vanþörf á að taka ýmislegt til athugunar í rekstri ríkisins sjálfs. Það kann að vera, að eitthvað af því verði opinberað. Það hefði verið hollt fyrir fjhn. að fá að sjá þetta ritverk, áður en hún gaf út sitt einstaka nál., til að kynna sér innihald þess. Það eru ekki fáir opinberir starfsmenn, sem hafa hálf önnur, tvenn og jafnvel þrenn laun í þjónustu ríkisins. Mér er m. a. kunnugt um, að einn maður hefur 14 þús. kr. grunnlaun og var tekinn úr því starfi og látinn í önnur tvö, þar sem hann hefur tvenn laun. Ég segi ekki, hver hann er. En hvenær vinnur hann svo sitt starf, sem hann er ráðinn til upp á lífstíð. Hann gerir það víst á kvöldin eða nóttunni. Það er hópur til af slíkum dæmum.

Í sambandi við frv. sjálft vil ég mega benda á, að ég tel vafasamt, að 5. gr. geti staðizt óbreytt. Í henni stendur, að engin ríkisstofnun né starfsmaður ríkisins megi ráða starfsfólk til starfa við skrifstofuvinnu, iðnað, iðju, afgreiðslustörf eða önnur skyld v rk án þess að hafa áður fengið samþykki ráðsmanns til ráðningarinnar. Mér skilst, að eftir því megi ekki bankarnir, síldarverksmiðjur ríkisins eða landssmiðjan og ýmsar aðrar slíkar ríkisstofnanir ráða neinn mann nema með samþykki þessa ráðsmanns. Spurningin er, hvort hægt er að ætlazt til, að slíkur maður ætti að ráða allt starfsfólk við slíkar stofnanir. Einnig skilst mér, að eitthvað þyrfti að breyta orðalagi 8. gr. Þar stendur, að fjmrh. geti, að fengnum till. ráðsmanns, með reglugerð eða öðrum fyrirmælum kveðið nánar á um starfssvið og önnur atriði. Mér skilst, að það ætti að vera sá ráðh., sem stofnunin heyrir undir. Í þriðja lagi tel ég rétt, að 9. gr. breytist þannig, að l. þessi öðlist þegar gildi.

Ég mun ekki gera till. um þetta á þessu stigi málsins, en ef frv. verður samþ. til 3. umr. og n. hefur ekki í hyggju að gera þessar breyt., mun ég bera fram brtt. við þessar þrjár greinar við 3. umr.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða málið nánar, en mér þykir einkennilegt, að það skuli ekki vera betur tekið undir þá fyrstu tilraun til niðurskurðar á ríkisrekstrinum, sem hér er verið að reyna, en raun ber vitni um, að gert hefur verið í fjhn.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það hefur verið minnzt á, að afgreiðsla n. á þessu máli væri dálítið óljós, en ég ætla ekkert að kvarta undan því. Það kemur allt fram við atkvgr., hvernig menn sinna þessu máli.

Hv. frsm. sagði réttilega, að það væri mikið undir því komið, hver væri valinn í þennan starfa. Ég skal játa, að það er með það eins og annað, að nauðsynlegt er, að trúr og duglegur maður sé valinn í þetta starf, og hef ég hugsað mér að kasta ekki til þess höndunum, ef það kæmi til minna kasta að velja mann til þessa starfs, því að það er ærið mikið. Að öðru leyti get ég verið þakklátur þeim nm., sem hafa talið sig geta fylgt þessari hugmynd.

Hv. þm. Str. hefur látið álit sitt í ljós og sömuleiðis hv. þm. Barð. Mér skildist á hv. þm. Barð., — þótt hann segði ekkert um sitt álit beinlínis, þá lá það í orðum þeim, er hann beindi til fjhn., — að honum fannst ekki rösklega við brugðið af n. hálfu, og tel ég það sem vott þess, að hann muni vera þeirrar skoðunar ásamt mér og ríkisstj., að hér þurfi nauðsynlega gagngerðra ráða og aðgerða.

Það kom fram við 1. umr. hjá hv. 1. landsk., að óvíst væri, hvernig þeir, sem ætti að líta eftir, brygðust við þessu. Þannig er það ætíð, þegar einhver á að líta eftir störfum annarra. Það er alltaf undir hælinn lagt, hvernig menn taka því. Það fer mikið eftir því, hvernig að þessu er staðið. Þetta er þó ekki látið hindra, að hafður sé húsbóndi eða ráð eða yfirstjórn á hverjum stað. Það dugir því ekki að horfa í það, þó að störf þessa ráðsmanns yrðu óvinsæl eða ekki vel þokkuð af öllum. Ég get um þetta nú, af því að ég vildi ekki teygja umr. við 1. umr. með því að svara þessum almennu aths. hv. 1. landsk.

Það má nálega segja, að hvarvetna þar, sem menn koma saman hér á landi til að ræða um landsmál, sé það talið vera eitt af höfuðmeinum þjóðarinnar, hvað þessi svokallaði ríkisbúskapur heimti til sín mikið fé, og í öðru lagi, hvað ríkisstofnanirnar séu dýrt reknar og afskipti ríkisins á ýmsum sviðum ekki vel þokkuð af öllum, þó að sumir kunni að una því vel. Við vitum, að þessi vöxtur hefur verið svo stórkostlegur á undanförnum árum, að það er engin furða, þó að þeir, sem á annað borð gefa sig í að gagnrýna opinbert líf hér á landi, reki mjög augun í þennan sívaxandi kostnað og sívaxandi ríkisafskipti. Blöðin hafa ekki látið þar sitt eftir liggja að lýsa vanköntunum á þessu öllu saman, öllu því, sem kallað er fjármálastjórn landsins. Mér þykir þess vegna skjóta einkennilega við, þegar menn, sem standa að blöðunum, eins og hv. þm. Str., mæta þessari tilraun af hálfu ríkisstj. með þeim ummælum, sem hann gerði, og stimpla frv. sem sýndarfrv., sem sé borið fram til að sýnast, en ekki til að vera. Það er einkennilegt, þegar maður athugar hans eigin skrif á undanförnum árum, þar sem alltaf er alið á því, sjálfsagt ekki að öllu leyti að óþörfu, að fjármálastjórn landsins þurfi bóta við og reksturinn sé of dýr o. s. frv. En þegar verið er að gera ýtarlega tilraun til að kippa a. m. k. einhverju af þessu í lag, þá er það í augum hv. þm. Str. ekki gert nema til að sýnast.

Hv. þm. segist ekki búast við, að frv. yrði raunveruleg lækning á því, sem lækna skal. Hvaða fangaráð þekkir hv. þm. Str., sem eitt út af fyrir sig er raunveruleg lækning á því ástandi, sem skapazt hefur í embættisrekstri og fjármálunum hjá þjóðinni og vissulega er þörf

að lækna? Ég ætla að bíða eftir, að hann segi, hvaða eitt ráð dugir af hálfu stj. í þessu efni. Ég hef aldrei haldið fram um þetta frv., að það mundi verða bót allra meina, en ég álít þessa leið nauðsynlega til að halda niðri þeirri eyðslu af opinberu fé, sem fram fer í hinum mikla grúa ríkisstofnana fyrir utan sjálft stjórnarráðið. Það var einhver, sem sagði, að Róm hefði ekki verið byggð á einum degi. Eins er hér. Þetta ástand verður ekki læknað að fullu með einum pennadrætti. Það væri ofdirfska af mér að halda því fram, en það getur verið, að hv. þm. Str. gangi með einhvern voltakross upp á vasann, sem geti komið í veg fyrir þann leiða, sem kominn er í opinbert líf hvað eyðslu á almannafé snertir. Það er svo rétt að athuga, að það er ekki síðan í gær eða í fyrra, að þessi kostnaður er til kominn. Þetta hefur verið að þróast í langan tíma og verið lengi að búa um sig, og hefur verið lítið gert fram að þessu af hálfu hins opinbera að reyna að spyrna einhvers staðar fótum við.

Ég las nýlega í blaði hv. þm. Str. grein eftir einhvern af hans ágætu flokksmönnum úti á landi um ástandið í landsmálum. Var þar veitzt mjög að fjmrh. fyrir að hafa ekki við samningu fjárlagafrv. ætlað meira til vega og brúa en þar er gert. Þessi ágæti maður gerði ekki ráð fyrir, að fjmrh. hefði mikla þekkingu á kjörum fólksins úti á landi. Svona geta menn skrifað og talað. En þeir, sem standa að svona blöðum, eins og hv. þm. Str., og veita svona greinum móttöku, sem ég er ekki að áfella hann fyrir, vita, að fjmrh. sem slíkur á ekki margra kosta völ um sparnað, þegar hann er að búa til fjárlfrv., eins og ástandið er nú í þessum málum í þjóðfélaginu. Fjmrn. tekur við áætlunum á haustin, sem koma, þegar búið er hæfilega lengi að ganga á eftir þeim, frá ýmsum rn., sem telja sína þörf um laun og annan kostnað, sem þau þurfa. Það er ekki á valdi fjmrh. að segja við þessar stofnanir: Þið verðið að fækka um þetta og þetta marga menn. Þessi er óþarfur hjá ykkur, fækkið þið fólkinu um 20% eða því um líkt. Það hefur a. m. k. ekki tíðkazt hingað til. Ef núverandi fjmrh. er ætlað að gera það, er honum ætlað að ganga meir í berhögg við stjórnardeildir og stofnanir en tíðkazt hefur undanfarin ár. Flest, sem fjárlfrv. inniheldur, er bundið með ráðstöfunum Alþingis, annaðhvort með stofnunum, sem settar hafa verið á fót samkvæmt landslögum, eða þá með lagaákvæðum, sem ánafna hverri og einni stofnun með ákvæðum fjárl. visst framlag. Ég tek t. d. þau mörgu atriði fjárlfrv., sem veita fé í ýmsu formi til landbúnaðarins. Það er á marga vegu, með ræktun, vélakaupum, byggingum, vega- og hafnafé o. s. frv. Allt þetta er lögfest, og því er ekki hægt að hreyfa við neinu af þessu án þess að breyta l. Svo er margt annað, sem snertir ekki landbúnaðinn, heldur iðnaðarmálin, heilbrigðismálin eða kennslumálin. Þar eru kerfi, sem byggð eru samkvæmt lagabókstaf, og fjmrh. sem slíkur hefur ekki á valdi sínu að höggva á það, þó að það sé hans persónulega skoðun, að meira sé eytt þar en þjóðin hefur ráð á. Það eru þess vegna aðeins þeir liðir fjárlfrv., sem ekki eru bundnir í l., sem fjmrh. getur eitthvað gert við eða leyft sér að gera till. um að breyta. Þar í er innifalið fé til vega og hafnargerða og annað slíkt. Það er því auðvelt að kasta hnútum að fjmrh., ef hann er að reyna að fá báða enda frv. til að mætast með því að hnika til þessum tölum, og segja sem svo: Þessi maður hefur ekki vit á, við hvaða kjör fólk úti á landi býr. En ég veit, að þeir, sem hafa reynslu af þessum málum í þessari d., vita, að svona horfir þetta við. Fjmrh. hefur ekki á valdi sínu að skera niður nema mjög fáa liði í fjárlfrv. eða réttara sagt gera till. um það. Það er ekki hægt að skera niður lögbundin útgjöld að l. óbreyttum.

Það var með þetta í huga, sem núverandi ríkisstj. hefur kvatt glögga menn til að athuga, hvernig mætti á einhvern hátt koma niður þessum kostnaði, sem auðvitað er margs kyns og misjafnlega rétthár. Þeir menn, sem valdir voru til þessa, voru þaulreyndustu starfsmenn, sem í stjórnarráðinu starfa, eins og ég hef áður lýst, og þessu næst þm., sem sumir hverjir hafa verið svo að tugum ára skiptir á Alþingi. Ég tel þess vegna, að vel hafi verið vandað til þessa undirbúnings af hálfu ríkisstj. Þetta frv. er samið af þessum mönnum. Hv. þm. Str. telur það alveg óþarft, það mætti gera þetta án sérstakrar lagaheimildar, fjmrh. gæti gert þetta allt, án þess að nein l. væru til að styðjast við. Það situr ekki á mér að deila um l. við jafnlögfróðan mann og hv. þm. Str. En ég leyfi mér á þessu stigi málsins að vefengja alveg, að fjmrh. hafi heimild til að gera þetta án sérstakrar lagasetningar. Það er vissulega mjög mikið vafaatriði, ef ekki alveg fráleitt, að það yrði liðið að óbreyttum lögum, að fjmrh. gerði þær ráðstafanir, sem hér er fjallað um. Hvað mundu forstöðumenn ríkisstofnana segja, t. d. forstjóri hinnar nýju innkaupastofnunar ríkisins, ef fjmrh. kæmi til hans og segði: Nú tekur þú tvo menn til að vinna í þessari stofnun og þar með punktum. Mér finnst líklegast, að hann segði: Þessi stofnun er sett á laggirnar samkv. landslögum, og í þeim l. er ekkert ákvæði um það, að fjmrh. eigi að ákveða starfsmannafjöldann. Þetta væri mjög eðlilegt svar, og svona mundi það verða hjá öðrum ríkisstofnunum, ef fjmrh. vildi t. d. fækka þar starfsmönnum. Hann hefur ekki vald til þess, en í 5. gr. þessa frv. segir, að engin ríkisstofnun né starfsmaður ríkisins megi ráða starfsfólk til starfa við skrifstofuvinnu, iðnað, iðju, afgreiðslustörf eða önnur skyld verk án þess að hafa áður fengið samþykki ráðsmannsins til ráðningarinnar. Ég get svo getið þess í sambandi við þetta, að það hefur verið samkomulag um það innan ríkisstj. undanfarna mánuði að fjölga ekki starfsmönnum ríkisstofnana nema með samþykki fjmrh., en það er annað að fjölga ekki starfsmönnum en að skipta sér af ráðningu þeirra frá grunni, enda var lítið á þetta sem bráðabirgðafyrirkomulag, meðan verið væri að undirbúa betra og hæfara eftirlit, sem ég tel nauðsynlegt að staðfesta með sérstakri löggjöf. Ég minntist á, að engin ný ríkisstofnun mundi kunna við það, ef fjmrh. ætlaði að setja henni stólinn fyrir dyrnar um starfsmannahald, og svipað er að segja um aðrar gr. frv., þar sem ráðsmanninum er gefið vald til þess að fara svo langt inn á starfssvið ýmissa stjórnardeilda, að það yrði ekki þolað af fjmrh., ef engin önnur

lög væru en þau, sem nú gilda. Sú aðfinnsla hv. þm. Str., að með frv. náist ekki raunveruleg lækning, er nánast útúrsnúningur. Frv. hefur aldrei verið flutt þannig. Hitt er það, að frv. er spor í rétta átt til að koma á reiðu, þar sem áður hefur verið óreiða. En það getur verið, að *menn vilji láta óreiðuna afskiptalausa, og er það sjónarmið út af fyrir sig.* Þá hef ég leitt lítils háttar rök að því, að það ástand er ekki fyrir hendi, eins og hv. þm. Str. sagði, að fjmrh. geti gert það upp á eindæmi, sem þessum starfsmanni er ætlað að leysa af hendi. Það mundi þykja skorta á hans vald til að snúast við málunum eins og til er ætlazt í frv., og ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki auðvelt án sérstakrar löggjafar að gera þær ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er nauðsynlegt að hafa um þetta sérstaka löggjöf — ekki eingöngu af þeirri ástæðu, sem hv. þm. Barð. benti á, að ríkisstj. hefði þótt réttara að bera þetta undir þingið, þar sem það hefði aukinn kostnað í för með sér, heldur og af því, að það er ekki lagalega auðvelt að koma þessu í kring nema Alþ. samþ. þetta frv. eða annað, sem gengur í sömu átt. Og að lokum mótmæli ég því algerlega, að frv. sé flutt til þess að sýnast, eins og hv. þm. Str. sagði. Frv. er flutt af þeirri sannfæringu, að í fyrsta lagi sé þörf á betra eftirliti með eyðslu og tilkostnaði í ríkisstofnunum, og í öðru lagi, að nauðsynlegt sé, að um þetta gildi sérstök lög. Það getur svo verið, að þau ættu ekki endilega að vera eins og frv. er nú. Því má auðvitað breyta, þó að það sé svona fram borið, en að það fáist staðfest af Alþ. að heimila fjárframlög þau og afskipti af opinberum rekstri, sem frv. gerir ráð fyrir, það tel ég nauðsynlegt. Það er því fjarri því, að ég flytji þetta frv. til að sýnast. Því fer víðs fjarri. Frv. er flutt af brýnni nauðsyn til umbóta.

Hv. þm. Barð. talaði um 5. gr. og taldi, að bankarnir þyrftu að vera undanskildir því eftirliti, sem greinin gerir ráð fyrir. Það má vera, að þetta þurfi að athuga, og væri ég n. þakklátur, ef hún vildi gera það, og eins aðrar þær lagfæringar, sem til greina geta komið, líka það, hvort l. eigi þegar að koma til framkvæmda, eins og hv. þm. Barð. minntist á. Ég fyrir mitt leyti get fallizt á þær breytingar, sem hann lagði til.

Hv. þm. Barð. minntist einnig á launaskrána, en þegar ég lagði fram fjárlagafrv., þá var mér fundið það til foráttu af blaði hv. þm. Str., að skráin hefði ekki fylgt því. Ég lét svo gera þessa skrá, og hún liggur nú fyrir, svo að það er hægurinn hjá fyrir menn að sjá, hvað hver og einn hefur í laun frá ríkissjóði. Hv. þm. Barð. minntist á nokkur tilfelli, en ég mun ekki ræða þetta að öðru leyti en því að geta þess, að þessi langþráða launaskrá hefur nú legið frammi í nokkrar vikur, og vona ég, að af henni sjái bæði hv. þm. Str. og aðrir, sem andvarpað hafa eftir henni, nauðsyn þess að skipa þessum málum betur.

Um frv. að öðru leyti er það að segja, að það er hér lagt fyrir hv. Alþ. og fyrst og fremst nú fyrir þessa hv. d., og það er á valdi þingsins, hvort það metur tilgang frv. svo mikils, að það vilji fórna nokkru fé til þess, að hann megi nást, eða hvort það telur þá tilraun, sem hér á að gera, ekki þess virði og vísar frv. frá. Ég vil vona, að þótt hér sé vitanlega ekki um allsherjar endurbætur á öllum hlutum að ræða, þá muni menn sjá nauðsyn þess, að Alþingi leggi framkvæmdastjórninni í hendur betri aðstöðu til eftirlits með eyðslu, bæði í stjórnarráðinu og hinum mörgu ríkisstofnunum. Með þeirri sannfæringu hef ég borið fram þetta frv., vitandi það, að ég mundi mæta því, sem ég hef þegar mætt, og ef til vill meira en því, og vitandi það, að ég yrði sakaður um að vilja fjölga embættum af þeim, sem annaðhvort vita ekki betur eða vilja ekki vita betur en svo, að þeir vilja spara eyrinn, en fleygja krónunni. En sá embættismaður, sem frv. gerir ráð fyrir, á ekki einungis að fá aðstöðu til að spara eina krónu eða eitt hundrað krónur, heldur mörg hundruð þúsund krónur. Hv. frsm. minntist á, að ráðsmaðurinn gæti orðið góður aflvaki eða áróðursmaður við ráðherra um, að þeir gerðu breytingar í sparnaðarátt, benti þeim á, hvað aflaga færi, o. s. frv., og vissulega hefur hann aðstöðu til þess, því að hann getur kynnt sér ýtarlega rekstur allra ríkisstofnana. Hann á ekki að þurfa að biðja afsökunar á því, þótt hann gangi inn í ríkisstofnun og segi: „Hér ætla ég að starfa í 4—6 mánuði til þess að kynnast verklaginu og gefa svo ríkisstj. skýrslu á eftir.“ Til þessa á ríkisráðsmaðurinn að hafa leyfi, og hann á einnig að hjálpa forstöðumönnum hinna ýmsu ríkisstofnana til þess að færa niður rekstrarkostnaðinn og lagfæra afkomuástandið yfirleitt. Það leiðir svo af sjálfu sér og hefði ekki átt að þurfa að skýra það fyrir hv. þm. Str., að þessi embættismaður er náttúrlega ekki fyrir utan og ofan lög og rétt. Hann á að starfa við fjmrn. og veita þar forstöðu sérstakri deild og starfar því á ábyrgð fjmrh. Þetta er alveg augljóst.

Nú, þó að einhverjum kunni að virðast, eins og hv. þm. Str., að hér sé um óþarfamál að ræða, mál, sem auðvelt hefði verið að framkvæma án sérstakrar löggjafar, þá vil ég benda á, að t. d. Svíar hafa komið föstum fótum undir slíkt eftirlit og Danir eru mjög á sömu skoðun. Ekki er að efa, að þeir eiga fjármálaráðherra jafnvíga þeim íslenzka, en þeim þótti þó engin goðgá eða óþarfi að skipa sérstakar deildir til þessa starfs, því að þeir fundu sem var, að það varð ekki framkvæmt án sérstakra laga. Það er nefnilega ekki hægt að veita framkvæmdastjórninni nægilegt vald eða seglfestu í starfi nema með sérstökum lögum með heimild eins og þeirri, sem hér um ræðir, eða svipaðri, og af því er frv. fram komið. Og það er fram komið af þeirri sannfæringu, að ekki beri að láta sitja við innantómt tal um sparnað, heldur skuli reyna að byrja að lagfæra eitthvað af misfellunum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þegar mál þetta var hér til 1. umr., benti ég á þrjú atriði, sem ég óskaði eftir, að hv. fjhn. athugaði og hæstv. ráðh. sömuleiðis. En frá þessum aðilum hefur ekkert heyrzt um þau atriði. Þegar þetta mál var til athugunar í sparnaðarnefndinni í sumar, gerði ég þá athugasemd, að ég vildi, að

jafnframt yrðu afgreidd lög um skyldur og réttindi opinberra starfsmanna, en slík l. hafði hv. þm. Snæf. tekið að sér að semja fyrir nokkrum árum, og þegar launalögin voru til umr., lofaði þáv. hæstv. forsrh., Ólafur Thors, að setja nefnd í það mál og í sumar var sagt, að bráðlega mundi lagafrv. frá hv. þm. Snæf. tilbúið. Í sumar, þegar þessi mál voru til athugunar, vildi ég láta fella inn í þetta frv. kafla um skyldur og réttindi opinberra starfsmanna, ef ekki yrðu sett þar um sérstök lög. Hafði ríkisstj. rekið á eftir þeim og sparnaðarnefnd ítrekað að fá frv. fram, en alltaf var sama svarið, að þm. Snæf. væri rétt að verða búinn með frv., en frv. er ekki komið enn. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. ráðh., hvernig málið standi nú, því að það er ekki lítið sparnaðaratriði, hvað vinnutími opinberra starfsmanna er langur. T. d. varð að bæta við mörgum tugum nýrra starfsmanna, þegar vinnutíminn var styttur í tíð fyrrv. ríkisstj. eftir reglugerð Péturs sál. Magnússonar, og gefur að skilja, að með því að lengja vinnutímann aftur má spara mikið starfsmannahald. Ég spyr því enn að því, hvað þessu máli líði, og ef ekkert nýtt kemur fram, mun ég beita mér fyrir því að setja ákvæði um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, a. m. k. hvað vinnutíma snertir, inn í þetta frv. En hv. n. hefur ekkert látið til sín heyra um þetta.

Annað, sem ég benti á við 1. umr. og það hv. n. að athuga, var það, hvort réttara mundi að hafa sérstakan ráðsmann, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, eða að víkka starfssvið hinna þingkjörnu endurskoðenda ríkisreikninganna og láta þá hafa eftirlitið með hendi í stað þess að grúska í reikningum, sem aðeins hafa sögulega þýðingu, þegar þeir endurskoða margra ára gamla reikninga. Þessir endurskoðendur gætu fylgzt með starfi og rekstri hinna opinberu stofnana og tekið á sig það eftirlit, sem ráðsmanninum er ætlað, og gætu þá ýtt svo á eftir ríkisreikningnum, að hann gæti legið fyrir endurskoðaður skömmu eftir áramót, í stað þess að nú eru þeir að endurskoða reikninginn frá 1946, eða ég veit ekki hvað gamlan reikning. Hvort n. hefur athugað þetta, veit ég ekki. Hún hefur ekkert um það sagt. En ég vil ítreka það, að hún athugi þetta, enda þótt ég leggi engan dóm á, hvort réttara sé, og muni verða með frv. hvort sem er, en ég heyri talað um það, að mönnum þyki vald það, sem ráðsmanninum er ætlað, allmikið, og eru margir hræddir um að fá það einum manni, og þá er rétt að athuga, hvort þeir, sem endurskoða ríkisreikningana, geta ekki gert þetta, svo að þeir geri annað en grúska í gömlum fornskjölum. *(SÁÓ:* Til þess þarf að breyta stjórnarskránni.) Það má auka starf þeirra án þess.

Það þriðja, sem ég benti á við 1. umr., var það, að þar sem svo mikið er í húfi, hvernig ráðsmaðurinn reynist, þá teldi ég, að það ætti fyrst í stað að setja hann, en ekki skipa. Til þess þarf ekki að breyta 2. gr., ef ráðh. vill lýsa því yfir, að hann telji það svo mikilvægt, að góður maður fáist til starfsins, að hann vilji fyrst setja hann til reynslu, en ekki skipa hann. Ef ráðh. vill lýsa þessu yfir, þá má 2. gr. vera óbreytt. Menn vita aldrei fyrir fram, hvernig embættismaður þessi muni reynast, og því vil ég láta reyna hann, áður en hann er festur í embættinu. N. hefur heldur ekkert sagt um þetta atriði, og vildi ég gjarna heyra hjá n., hvort hún hefur rætt athugasemdir mínar, og ef svo er, hvernig henni hefur litizt á þær, og eins vildi ég heyra hjá hæstv. ráðh., hvenær vænta megi frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Eins og ég sagði, hefur Gunnar Thoroddsen unnið að því í 3—4 ár og fer væntanlega að verða búinn, og eins vildi ég heyra, hvort ráðh. sér sér ekki fært að setja ráðsmanninn, en skipa ekki þegar í stað í embættið mann, sem enginn veit, hvernig muni reynast.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það hafa orðið langar umr. út af þeim fáu og meinlausu orðum, sem ég lét hér falla. En það er eðlilegt, eins og ástandið er orðið í fjármálum ríkisins, að hæstv. fjmrh. haldi því fram, að hann hafi ekkert vald. Ég vildi gjarna, að hæstv. fjmrh. hlustaði á mál mitt og færi ekki út *(Fjmrh.:* Ég hlusta á hv. þm., en mér er frjálst að hreyfa mig.) Það er eðlilegt, að hann haldi því fram, að hann hafi ekkert vald haft, því að hefði hann haft það, yrði dómurinn ægilegur, eins og ástandið er nú. En má ég spyrja, hvernig stendur á því, að prýðilegt lag hefur verið á þessu fram á síðustu ár og ágætt eftirlit? Ég er ekki að halda því fram, að það eigi ekki að vera, síður en svo.

Ég skal þá svara þessum atriðum, sem fram hafa komið. Hv. þm. Barð. þótti afgreiðsla þessa frv. einkennileg. Ég get sagt honum, að það var af hentiástæðum, að frv. var afgr. þannig af n. Það þótti ekki ástæða til að snúast gegn frv., sem stj. flutti, og skila meirihlutanál. á móti því, þess vegna var þessi afstaða tekin. En hv. þm. fannst líka einkennilegt, að ég væri á móti frv., sem stj. ber fram. *(GJ:* Nei, sem stefnir að því að spara útgjöld ríkissjóðs.) Ég vil bara benda á það, að þessi hv. þm. talaði fyrir nokkru síðan á móti frv. stj. um að flytja inn skip til landsins, sem þegar var búið að flytja inn. Ég er undrandi yfir því að heyra það af munni nokkurs þm., að þm. megi ekki vera á móti stj. Það er einkennileg kenning og andstæð stjskr., sem mælir svo fyrir, að þm. skuli eingöngu bundnir við sannfæringu sína. Hv. þm. Barð. sagði þó, að hann væri mér sammála um það, að ráðh. hefði vald til þess að skipa þessum málum. Finnst honum þá undarlegt, þó að meiri hl. n., þar á meðal tveir lögfræðingar, flýti sér ekki að taka afstöðu? Ef ráðh. hefur þetta vald, þá þarf ekkert frv. Það þarf engan að furða, þó að n. hlaupi ekki til og samþ. þetta frv., sérstaklega ef þess er minnzt, sem gerðist í fyrra, er því var yfir lýst, að enginn starfsmaður yrði framvegis ráðinn nema með leyfi fjmrh., engum mætti bæta við nema með samþykki hans. Skrif birtust um þetta í stjórnarblöðunum, Morgunblaðinu og fleiri blöðum, og skrifaðir voru um það tveir eða þrír leiðarar. Nú loks átti að breyta um fjármálastefnu, og ráðh. ætlaði að beita valdi sínu til þess. En hvað varð úr þessu annað en vindur í vatnsglasi? *(Fjmrh.:* Ýkjur í munni hv. þm.) Hvað mörgum

starfsmönnum hefur verið bætt við? Vitanlega vita allir, að stjórnskipunarvaldið er hjá ráðh. Starfsmennirnir hafa vald sitt frá ráðh., hann frá þinginu og þingið frá fólkinu. Þetta getur ekki svifið í lausu lofti. Það er hafið yfir allan efa, eins og hv. þm. Barð. játaði, að um leið og hæstv. fjmrh. tók við, gat hann fyrirskipað skrifstofustjóra sínum eða einhverjum fulltrúa hans að hefjast handa í þessum efnum. Þetta er tvímælalaust, því að ráðh. hefur vald til þess að gefa ekki út ávísanir fyrir launum, nema embættið sé samkvæmt landslögum. Heimildin er til, og það er því óþarfi að standa upp og tala um þetta eins og eitthvað nýtt. Ráðh. hefur haft þetta vald og hefur það, þó að nú fyrir kosningar sé talið heppilegt að láta eins og hann hafi það ekki. Ef starfsmenn eru ráðnir, án þess að það sé samkvæmt l. frá Alþ., getur ráðh. neitað, en ef þeir eru ráðnir samkvæmt l., þarf að leita til þingsins til þess að breyta l., svo að ráðsmaðurinn skiptir engu í því sambandi. Eins er um þær fjárveitingar til landbúnaðarins o. fl., sem hæstv. ráðh. talaði um. Ráðh. ræður engu um þau útgjöld, sem bundin eru í l. *(Fjmrh.:* Það er misskilningur hv. þm., að ég hafi haldið því fram.) Hæstv. ráðh. sagði, að ég þekkti kannske einhver ráð í þessum efnum. „Hvaða fangaráð þekkir hv. þm. Str.?" spurði hann. Já, hvaða ráð eru yfirleitt til? Fjármálin eru komin í slíkt öngþveiti, að það er ekki til nein auðveld lækning, en varðandi þetta mál þá er ráðið að skipta um fjmrh. Dugandi fjmrh. mundi leysa þetta mál, því að valdið er til, og ef starfsfólk hans er ekki fært um að inna þetta af hendi, þá er að skipta um starfsmenn eða að ráða mann við hlið skrifstofustjórans til þess að framkvæma þetta. Annars vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann getur gefið mér upplýsingar um það, hvort til er nokkurt lýðræðisríki, sem er stjórnað án fjárl. *(HV:* Annað en Ísland.) Já, annað en Ísland. Sú spurning ein getur vakið menn til meðvitundar um það, hvernig ástandið er. Væntanlega á ráðsmaðurinn ekki að semja fjárl.? Ég ætla svo ekki að ræða þetta nánar, en það, sem ég hef sagt beint og óbeint, og spurningin, sem ég hef varpað fram, sýnir bezt, hvernig þessum málum er komið. Það getur verið hagkvæmt nú að halda því fram, að það vanti ráðsmann, en eins og ég hef sýnt fram á, er það ekki þar, sem skórinn kreppir að. Það skal ekki standa á mér að styðja framkvæmdir hæstv. ráðh. í þessum efnum. En að flytja um þetta sérstakt frv., þegar valdið er fyrir hendi, hefur á sér svo mikinn sýndarblæ, að ég nenni ekki að taka þátt í því. Eins og hv. 1. þm. N-M. benti á, hefði líka þurft að taka inn í frv. ákvæði um réttindi og skyldur embættismanna, því að ef slík ákvæði eru ekki tekin inn í það, hefur ráðsmaðurinn svo takmarkað vald, að hann getur litlu um þokað. *(Fjmrh.:* En ráðh. getur allt.) Hér er reglugerð, sem fyrrverandi stj. setti um þessi efni, ráðh. hefur þar valdið og getur breytt henni, en reglugerðinni hefur aldrei verið breytt. Er það ekki merki þess, að þetta er ekki meint eins alvarlega og látið er í veðri vaka? — Niðurlagsorð mín eru: Ég er reiðubúinn að fylgja þeim ráðstöfunum, sem hæstv. ráðh. hefur vald til að gera, hvort sem um það er að ræða að skipa sérstakan mann eða sérstaka deild til þess að hafa þetta með höndum. Þetta hefði átt að gera fyrir löngu. En ég sé ekki ástæðu til að samþ. þetta frv., sem hefur á sér slíkan sýndarblæ, eftir það, sem á undan er gengið. Fyrst reglugerðinni um vinnutímann hefur ekki verið breytt, er það augljóst mál, að frv. er bara flutt til þess að sýnast. Það er óþarfi að gera veður út af því, að ég og aðrir, sem eru á móti frv., séu á móti því, að gerðar séu ráðstafanir í þessum efnum. Ég hef alltaf verið með því, að þær væru gerðar, og það hefði átt að gera þær fyrir löngu síðan, en það er óþarfi að flytja málið í því formi, sem hér er gert. Ég vænti svo þess, að hæstv. ráðh. svari því, hvort hann þekki nokkurt annað lýðræðisríki en Ísland, sem stjórnað er án fjárl. Það er væntanlega ekki meiningin, að ráðsmaðurinn eigi að ganga frá fjárl. og sjá til þess, að þau séu samþ. á réttum tíma?

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég mun leiða hest minn hjá mestu af því, sem hér hefur verið rætt. Ég tel, að markmið frv. sé að tryggja yfirstj. og yfirumsjón með ríkisstofnunum, og um þetta vildi ég einungis segja það, að ég er því samþykkur af ýmsum ástæðum, sem ræddar hafa verið hér og kunnar eru. Ég tel aldrei vel um hnútana búið, nema stj. hafi tögl og hagldir um þessi mál, svo að ekkert sé gert án vitundar hennar eða án hennar samþykkis. Frv. verður því að dæma eftir því, hvað ákvæði þess eru vel til þess fallin að ná því markmiði, sem ég hef áður minnzt á og get skilyrðislaust játað fylgi mitt. Viðvíkjandi því, að fjmrh. hafi slíka heimild, þá má svo vera. En þegar tekið er með í reikninginn, að fjmrh. er þannig settur, að um hann er alltaf setið af einhverjum, eins og sagt er, að fjandinn sitji um sálir manna *(HV:* Sálir vondra manna.), þá gerir það honum erfiðara fyrir, og aðstoð í þessum málum ætti að skapa meira samræmi og hafa í för með sér meiri tryggingu en ella. Það, sem ég teldi sérstaklega, að hafa mætti nokkuð annan keim, lýtur að nöfnum og formi fremur en efni frv. Til skýringar skal ég geta þess, að ég kynni t. d. betur við, að hinn nýi embættismaður héti ekki ráðsmaður ríkisins, heldur ráðamaður ríkisins. Það er sitt hvor merking í þeim orðum. Samkvæmt gamalli venju hafði ráðsmaðurinn hjá ekkjunni alveg sérstökum skyldum að gegna. Ég vil leggja áherzlu á það, að aðalráðamaðurinn á þessum vettvangi hlýtur að vera stj. sjálf, og gildir þar um hið sama og t. d. l. um fjárhagsráð, en þau l. hefði ég aldrei samþ., ef svo hefði ekki verið. „Ráðsmaður" bendir umfram það, sem tilgangur frv. er. Þetta eru ekki mótmæli gegn frv. Meginstörfin í sambandi við þetta embætti hljóta að verða falin í því að semja till. til ráðuneytisins, en það er eins nauðsynlegt fyrir því. Ég held, að ekkert eigi að lögfesta, sem telja megi, að gangi um of í þá átt að draga úr valdi stj. í slíkum málum. Hinu get ég verið samþ., að fjmrn. sé þetta verk ofvaxið, miðað við fyrirkomulagið nú. Ég get vel skilið, að til þess þurfi aukna starfskrafta, og hvað er þá nær en að sérstökum embættismanni sé falið

þetta starf? Hann sé sem sagt ráðunautur eða ráðamaður ríkisstj. eða fjmrh. um þessi efni, en lengra getur vald hans eftir eðli sínu ekki náð. Ég tel stafa nokkra hættu af því, hvað það er ofarlega á baugi, eins og raun ber vitni um, að ábyrgð og vald dreifist á of margar hendur. Ég mun ekki skýra þetta nánar, en ég er alveg samþ. því, að frv. eins og þetta eigi rétt á sér til þess að ákveða nýja stjórnardeild, hvort sem forstöðumaður hennar heitir skrifstofustjóri eða ráðamaður ríkisins. Ég álít, ef þetta frv. verður að l., þá þurfi að taka það sem skýrast fram, hvert sé verkefni þessa manns, og að setja skuli ákvæði um, að hann skuli gera till. í hvert sinn um ríkisstofnanir og heildaraðstöðu í þeim efnum til fjmrh., sem geti svo orðið því til tryggingar, að þar sé hyggilega og hófsamlega að öllu farið. Aðstaðan milli fjmrn. hefur alla tíð verið dálítið laus í reipunum hvað lagaskipan snertir og hinna sérstöku stofnana ríkisins. Mér finnst endilega, að að því muni verða réttarbót, að treysta þetta með sérstökum l., svo að ekki verði um það deilt, að ríkisstj. ekki megi, heldur eigi að hafa hönd í bagga með þessu, eins og hugsað er með frv. Ég er því samþ. þessu frv. að öðru leyti en því, að ég vil láta það koma fram, að hér sé aðeins um embættismann að ræða, sem getur að vísu orðið mjög þarfur, ef val hans tekst vel, sem ber fram sínar till. við fjmrh., en er enginn ríkisráðsmaður.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er kannske ekki rétt af mér að orðlengja mjög um þetta frekar, ef hægt væri að koma málinu áfram fyrir kl. 4. En ég get ekki látið hjá líða að víkja að ræðu hv. þm. Str. og þeim ákaflega örlagaþrungnu fyrirspurnum, sem hann beindi til mín. Þessi hv. þm. veit það ósköp vel, að það er ekki gert að gamni sínu, að fjárl. eru ekki komin lengra en þau eru komin, en honum finnst öruggast að koma þessu öllu á mitt bak. Ég er alls ekki sannfærður um það af ræðu hv. þm. Str., að þetta frv. sé óþarft, og ég vísa því á bug, að það sé aðeins flutt til að sýnast. Ég skil vel, eftir að hafa hlustað á ræðu hans, með hvaða hugarfari hv. þm. gengur að þessu máli. Það, sem mest vakir fyrir honum, er það, hve pólitískur blær sé á þessu, og hann talar um, að málið sé flutt rétt fyrir kosningar og bara til að sýnast. Það getur vel verið, að kosningar séu nálægt, en það er fjarri því, að málið sé flutt til að sýnast. Mér var það vel ljóst, að það var hægt að afflytja þetta mál á ýmsan hátt, eins og hv. þm. Str. gerði mjög tilraun til. Það er ekki á valdi fjmrh., og ég endurtek það, að hafa það ákveðna eftirlit með stofnunum ríkisins, sem ætlazt er til með þessu frv. Hv. þm. Str. sagði, að fjmrh. landsins hefði alltaf haft þetta vald. *(HermJ:* Ég vildi gjarna spyrja um, hvaða vald það er, sem ráðsmaður ríkisins á að hafa eftir þessu frv., sem fjmrh. hefur ekki?) Ég tók það fram í fyrri ræðu minni, að þegar ný stofnun er sett á laggirnar, þá er enginn lagastafur til, sem ákveði um það, hvað margir menn skuli teknir í hina nýju stofnun. Það er t. d. fjárhagsráð með sína 94 undirmenn. Það hefur engin ráðning, sem þar hefur verið gerð, verið borin undir fjmrh., en hv. þm. Str. er einn af þeim mönnum, sem hafa lagt þar línurnar, og hann settist fyrstur manna þar inn ásamt þeim öðrum, er þar voru. Sama má segja um ýmsar fleiri stofnanir, sem með núverandi fyrirkomulagi liggja beinlínis fyrir utan þau endamörk, sem fjmrn. getur haft bein áhrif á. Ég endurtek það að þeir 94 menn, sem eru á launum hjá fjárhagsráði, þeir eru ekki ráðnir í samráði við fjmrn., en þeir eru ráðnir í samráði við hv. þm. Str. Og sé þetta ástand, sem hv. þm. hefur nú lýst, svo ægilegt sem hann vill vera láta, hve miklu meiri þörf er þá ekki á því að gera það, sem hægt er, til þess að ráða bót á því? Hv. þm. Str. benti að vísu á eitt gott ráð við þessu, að hans dómi, að skipta um fjmrh. Það getur vel verið, að það mundi eitthvað hjálpa, en það dygði ekki hvað þetta snertir. Stofnanirnar skoða sig hafa og hafa í framkvæmdinni sitt eigið vald og fara með það eins og þeim sýnist. Þetta hefur viðgengizt svona og er ekkert nýtt hjá þessari þjóð.

Þá sagði hv. þm. Str., að þetta væri allt nýtilkomið. Það væri kannske þörf á þessu eftirliti nú út af því ástandi, sem hefði skapazt í stjórnartíð hins afskiptalausa og ónýta fjmrh., en þetta hefði allt verið í prýðilegu lagi áður. Það eru ekki nema um 2 ár að ræða, sem núverandi fjmrh. hefur verið í þessu starfi, og það mátti leggja þann skilning í orð hv. þm., að allt hefði farið úr skorðum í hans tíð. En nú vil ég spyrja, hvað komið hafi til þess, að þann 3. marz 1945 samþ. Sþ. þáltill., sem rann undan rifjum fjvn., að ég held með vissu, um að athuga starfskerfi og rekstrarútgjöld ríkisins, og þar var m. a. lögð áherzla á, með leyfi hæstv. forseta: „að komið verði á raunhæfu allsherjar eftirliti með vinnutilhögun og vinnubrögðum á skrifstofum ríkisins og stofnunum þess, enda verði eftirliti þessu einnig beint að því að meta og gera till. um starfsmannaþörf í hverri skrifstofu eða stofnun.“ Það er svo að sjá, að hið háa Alþ. á því herrans ári 1945 hafi ekki verið búið að koma auga á þetta prýðilega lag, sem var á öllum þessum málum að dómi hv. þm. Str. Undanfarið höfðu þá verið mörg og löng stjórnarár þessa hv. þm., en samt sem áður er Alþ. svona blindað að hans dómi, að það samþ. að koma á raunhæfu eftirliti í þessum efnum. Hvers vegna er Alþ. að komast þannig að orði, fyrst allt var í prýðilegu lagi? *(HermJ:* Ég sagði nokkur seinustu árin.) Hv. þm. getur dregið í land og á að gera það. Hann fór hér með fullyrðingu, sem brýtur í bága við, ekki mín orð, heldur samþ. yfirlýsingu Alþ. Þetta er þannig lagað, að hér er um gamalt mein að ræða. Það var ekki og hefur ekki verið um langt skeið þetta prýðilega lag á mannaráðningum, vinnubrögðum, fjáreyðslu og öðru í opinberum stofnunum, sem hv. þm. Str. var að láta skína í og fullyrti, að hefði verið. Hann er þar í beinni mótsögn við yfirlýst orð Alþ., hvers meðlimur hann var á þeim tíma.

Þá sagði hv. þm. Str. það, út af þeirri heimild í fjárl. síðustu, þar sem það er lagt í vald fjmrh. að hafa hönd í bagga með að úrskurða nýjar mannaráðningar o. s. frv., — sem var, eins og ég sagði áðan, bráðabirgðaúrlausn, sem átti aðeins að gilda þangað til önnur skipan og betri yrði á þessum málum gerð —, að ég hefði ekk-

ert gert í þessu. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Str. hafi kastað þessu fram eins og öðru án þess að kynna sér málið. Ég skal játa það, að það hefur ekki verið unnið neitt þrekvirki á þessum stutta tíma, sem liðinn er síðan þessi samþykkt var gerð. Það hafa á þeim tíma ekki verið bornar svo margar nýjar mannaráðningar undir mig, en þær hafa verið þó nokkrar. Og þó að ég hafi ekki að öllu leyti skellt skolleyrum við framtaldri þörf forstöðumanna ráðuneyta og ríkisstofnana fyrir nýjar mannaráðningar, þá hefur slíkt í mörgum tilfellum verið skorið niður á þessum tíma samkv. þessari heimild, svo að það er heldur ekki rétt hjá hv. þm. Str., að ekkert hafi verið gert samkv. þessari heimild. Það hefur verið svo, og ég veit, að hv. þm. Str. er alveg jafnvel kunnugt um það og mér, þó að hann hafi aldrei beinlínis setið í fjmrh.-sæti, og það er viðurkennt af öllum, sem vilja skilja og sjá, hvernig ríkiskerfið starfar, að það er ekki á valdi fjmrh. að fylgjast með öllum þeim breytingum og öllu því, sem gert er í ríkisstofnunum. Hann fær í flestum tilfellum að vita um eyðsluna, þegar hún hefur farið fram. Það kemur náttúrlega fyrir, að maður getur áttað sig á þessu. Í einstöku tilfellum er hægt að stöðva þessar greiðslur, eins og t. d. þegar krafið er um leigu á jarðhúsum, sem aldrei hefur verið samþ. að taka á leigu, hvorki af ríkisstj. né Alþ., og eins t. d. að því er snertir hið mikla mál, sem lengi dvaldi fyrir umr. í Sþ. En allur venjulegur rekstur fer fram undir yfirumsjón þeirra forstjóra, sem standa fyrir deildunum, og fjmrh. hefur ekki nema mjög takmarkað tækifæri til að fylgjast með öllu, sem þar gerist. Ég skal ekki fjölyrða um þetta að sinni, nema ég þurfi að svara einhverju sérstöku. Ég ætla, að ég hafi hrakið með innsigli sjálfs Alþ. þá fullyrðingu hv. þm. Str., að allt hafi verið í prýðilegu lagi, þangað til ég kom í fjmrn. eða þangað til fyrir fáum árum síðan, því að þá hefði samþykkt sú, sem ég las upp, verið óþörf. Það virðist ekki hafa verið álit Alþ. snemma á árinu 1945, að allt hafi verið í prýðilegu lagi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst leiðrétta misskilning, sem kom fram hjá hv. þm. Str. um, að ég væri hissa á því, að hann greiddi atkv. á móti stjfrv. Mér hefur fundizt það yfirleitt, síðan þessi ríkisstj. var mynduð, sem nú situr, að hv. þm. Str. hafi greitt atkv. móti flestum málum, sem frá henni hafa komið. Þegar um slík mál er að ræða, þá annaðhvort gengur hann út, situr hjá eða greiðir atkv. á móti þeim. Ég sagðist hins vegar undrast það, að hv. þm. Str. vildi ekki leggja máli þessu lið eftir að hafa dag eftir dag sagt í blaði sínu, að gera verði sterkar kröfur um sparnað á ríkisrekstrinum. Ég er hins vegar sammála hv. þm. Str. um það, en á móti hæstv. ráðh., að ég tel, að fjmrh. hafi vald til þess að skipa í þetta embætti án þess að fá þessi l. samþ. En ef við erum sammála um þetta, hv. þm. Str. og ég, hvers vegna velur hann þá ekki þá aðferð um afgreiðslu málsins að gefa út nál. og setja þar fram þessa skoðun sína og leggja til, að málið verði afgr. með rökst. dagskrá þess efnis, að fjmrh. hafi þessa heimild í l., og í því trausti, að hann beiti henni. Hv. þm. Str. gerir þetta ekki, af því að hann nennir ekki að hugsa um málið. Hann nennir ekki að taka þátt í afgreiðslu þessa máls fremur en annarra mála. Ég tel hins vegar, úr því að þetta mál er komið fram hér, sem ef til vill er vegna þess, að ráðh. vill einmitt fá heimild til að eyða því fé, sem nauðsynlegt er til þess að setja þessa stofnun á laggirnar, þá sé það rangt að fella málið. Ég tel, að með því sé það undirstrikað, að þetta skuli ekki gert. Og þess vegna vil ég m. a. alls ekki vera með því að fella málið, þó að ég fyrir mína parta áliti, að fjmrh. hafi fulla heimild til að setja mann í þetta embætti. Skal ég nú koma nokkuð nánar inn á þetta atriði. Ég fæ ekki skilið, að fjmrh. geti ekki beitt sínu valdi til þess að framkvæma hvert einasta atriði, sem er í þessu frv., ef hann hefur tíma til að gera það sem fjmrh. Ég er viss um það, að ef fjmrh. hefði ekki öðrum embættum að gegna, þá hefði hann beitt sér fyrir mörgu af þessu, sem hann nú beitir sér fyrir í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir. En hann hefur, eins og kunnugt er, mörgum öðrum málum að sinna, m. a. sjávarútvegsmálunum. Ég sé þess vegna ekki, að hér þurfi neina lagabreyt. til að framkvæma það eftirlit, sem hér um ræðir. Ég tel, að fjmrh. gæti hvenær sem væri sagt við skrifstofustjóra sinn: Þessar upplýsingar vantar mig úr þessari stofnun, þetta óska ég eftir, að verði gert, og þessu efni þarf að safna saman, til þess að ég geti lagt fram mínar till. Hitt er svo allt annað atriði og ekkert óeðlilegt, að hann leiti eftir heimild Alþ. til fjárútláta til að stofna þetta embætti og til annars kostnaðar, sem í kringum það kann að verða.

Í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. talaði um fjárhagsráð, þá vil ég segja það, að ég er þar líka á annarri skoðun en hann. Þegar fjárl. síðustu voru afgr., voru áætlaðar af Alþ., alveg mótatkvæðalaust af ríkisstj., 2 millj. kr. til fjárhagsráðs, til rekstrar þess. En hverju hefur fjárhagsráð eytt? Það hefur eytt, alveg óleyfilega, 1½ millj. kr. fram yfir þessa upphæð. Það er einmitt þetta, sem er þörf á að laga í okkar fjármálakerfi, eins og það er byggt upp nú. Þetta er þannig nú, að við höfum 6 ráðh., hvar af 5 gera kröfur til fjmrh. ásamt þeim stofnunum, sem undir þeirra stjórn eru. Þeir geta oft á tíðum ekki komið sér saman um, hve mikið fé þarf að fara til hverrar ráðstöfunar út af fyrir sig. Fjmrh. segir: „Ég get ekki látið þetta fé.“ Það, sem mér finnst, að fyrst þyrfti að gera, er þetta, að þegar fjárl. eru afgr., þá eigi hver ráðh. að setja sér það markmið að krefjast alveg nákvæmlega þess fjár fyrir sitt rn., sem hann þarf til að reka sómasamlega starf sitt. Ef hann ekki fær það fé, þá á hann um það að velja, hvort hann vill sitja áfram eða fara frá. Fái hann þetta fé og samþ. þá upphæð, þá á hann að fara frá, ef hann eyðir einni krónu meira en áætlað hefur verið, nema alveg sérstök ástæða sé fyrir hendi, sem fjmrh. samþ.

Það liggur hér fyrir nú frv. til aukafjárl., þar sem eytt hefur verið 33 millj. kr. meira í rekstrarútgjöld en heimilað var í fjárl. Þessu hefur ekki verið eytt í fjmrn., heldur öllum rn.

(*HermJ:* Er nú þm. á móti stj.?) Ég get talað um mál, án þess að blanda inn í þau pólitík, þó að hv. þm. Str. geti það ekki. Ég álít, að fyrst þurfi að kippa því í lag, að hver ráðh. sé ábyrgur fyrir sínum gerðum, en að þeir komi ekki eingöngu og oft eftir á til þess að krefjast þess, að þeim séu greiddar upphæðir, sem aldrei hafa verið heimilaðar á fjárl., engin þörf er fyrir og engin sanngirni að krefja, en ekki er hægt annað en að greiða, vegna þess að búið er að gera ráðstafanir til þess. Frv. breytir náttúrlega engu um þetta, þó að það verði samþ.

Mér skilst það nú á hæstv. fjmrh., að hann ætli þessum manni miklu víðtækara starf en mér hefur skilizt áður. Mér skilst, að hann ætli honum að setjast inn í sérhverja stofnun til þess að starfa þar með forstjóranum í eina eða tvær vikur og umskipuleggja stofnunina og þær starfsaðferðir, sem þar eru hafðar. Sé þetta hugsað svona, hlýtur að stefna að smámunasemi, og málið er stærra en svo, að einn maður og þó að fleiri væru kæmust yfir það. Það, sem fyrst og fremst þarf að gera hér, er að safna saman þeim millj. kr. af greiðslum úr ríkissjóði, sem oft er ráðstafað án þess að viðkomandi ráðh. viti, til þess að sýna fram á, hversu óheilbrigt fjársukkið er í þessum málum, og taka svo upp strangar reglur, svo að þessu hætti. Slíkur maður sem að þessu ynni verður vissulega að starfa með fjmrh. sjálfum. Þá yrðu ekki greiddar 60 þús. kr. fyrir lélega unnin nefndarstörf og þar af góð fúlga til embættismanns á hans eigin skrifstofu, þar sem hann sjálfur hefur unnið þetta verk. Og þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum. Það er áreiðanlegt, að séu settir menn í að safna saman og finna út, hve óhemju miklu fé er eytt í svona sukk, þá kemur sá kostnaður, sem hér er stofnað til, margfaldur til baka í staðinn. Ég er alveg á móti því, ef það er tilgangur frv., að slíkur maður sem þessi eigi að vera einhver lögregluþjónn eða eftirlitsmaður með hverri einustu stofnun landsins, t. d. spítulum, síldarverksmiðjum og öðrum opinberum stofnunum. Ég álít, að enginn árangur mundi nást með því.

Hæstv. fjmrh. minntist á það, að hann hefði ekki vald til að taka fram fyrir hendurnar á innkaupastofnuninni. Þar er ég ósammála hæstv. fjmrh. Innkaupastofnunin hefur ekki vald til þess að eyða einni krónu meira en Alþ. hefur samþ., að hún skuli fá. Hins vegar er þess ekki að vænta, að nokkur forstjóri mundi beygja sig fyrir því, hvort sem það væri ráðh. eða ráðsmaður, sem færi að skipta sér af því, hvort hann réði eina eða aðra stúlku á skrifstofu sína, ef hann héldi sig innan þeirra takmarka í fjáreyðslu, sem honum eru sett af Alþ. Það er þetta, sem þarf að marka stefnuna fyrst og fremst: Að hver stofnun og hvert ráðuneyti fari ekki út fyrir þau takmörk, sem þeim eru sett með fjárframlögum Alþ. Þó að hæstv. fjmrh. hafi verið í vafa um, að hann hefði þessa heimild fyrir, sem farið er fram á í frv., þá tel ég, að hann hefði getað fullvissað sig um réttmæti hennar m. a. af þeirri ályktun, sem hann las hér upp. Hún fyrirskipar alveg, að inn á þessa braut skuli farið, og ég hef því ekki skilið þetta frv. á annan hátt en að hæstv. fjmrh. óski eftir að fá samþykki Alþ. til þess að fá það fé, sem þarf til að standa straum af þessari starfsemi. Hæstv. ráðh. óskar eftir að fá heimild til að nota fé. Það er ekki óeðlilegt. Væri rétt, að hv. þm. Str. samþykkti þetta með mér. Um það atriði, sem hv. þm. Str. gat áðan, að væri embætti veitt án lagaheimildar, þá væri eigi skylt að standa við það, vildi ég segja þetta: Hann hefur hent sú ógæfa, a. m. k. einu sinni. Ætti hann að þekkja þessi mál, enda viðurkenndi hann það, að hæstv. ríkisstj. hafi eigi staðið við og eigi verið skylt að standa við gerðir þáverandi hæstv. dómsmrh., því að hann hefði skort lagaheimild. Eins er það talið skylt að standa við gerðir ráðh., ef hann hafi haft heimild til þeirra. *(HermJ:* Búast mátti við, að hann rækti starf sitt.) Þetta raskar eigi því atriði, að hv. þm. Str. hafði enga stoð í l. til þessa. En sé hægt að fá góðan mann, á að trúa honum frá upphafi til að rækja starf sitt. Ég hefði ekki á móti því að setja þjóðleikhússtjóra í staðinn fyrir að skipa hann. Reynslan hefur sýnt, að eigi hefur ætíð gefizt vel að skipa menn undireins. Þjóðinni er ekki kunnugt um, að þjóðleikhússtjóri hafi lagt stund á leikhússtjórn. Það liggur grafið. Hefði Framsfl. því átt að athuga betur, hvort hann hefði hæfileika til starfsins. En það hefði ekki átt að skipa hann, fyrr en reynslan skæri úr um þetta. Hitt er nauðsynlegt að vanda valið frá upphafi.

Ég er fylgjandi þessu frv., úr því að það er komið fram. Einnig er ég fylgjandi því, að hæstv. ráðh. afli sér þeirrar heimildar, sem á að spara ríkissjóði peninga.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Ed., 8. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls lýsti ég minni afstöðu að nokkru leyti til þessa frv., að gefnu tilefni. Nú er málið komið hér til 2. umr., og ég verð að segja það, eins og hér hefur komið fram áður, að mér finnst, að við dm. höfum fengið svona heldur veika leiðbeiningu frá hálfu n. um það, hvort við eigum að velja eða hafna. Má vel vera, að það eigi eftir að koma í ljós síðar, því að einn af hv. nm. hefur tekið skýra afstöðu hér í umr. um málið, en hinir aðrir nm. hafa ekki gert það enn. En hvað sem þessu líður um afstöðu n., þá er mín skoðun algerlega óbreytt á því, eins og hún var í upphafi vega, að ég get ekki fellt mig við frv. í þeim búningi sem það er, þó að ég hins vegar, eins og ég sagði við 1. umr., fyllilega viðurkenni þá tilraun, sem hæstv. fjmrh. vill gera til þess að bæta nokkuð um það, eins og ég orðaði það, sem er ábótavant í rekstri þeim, sem ríkið hefur með höndum. En það mun vera samkvæmt þingsköpum sá háttur, sem mér virðist hv. þm. ekki gæta mjög við 2. umr., að ræða einstakar gr. frv. En þingsköp mæla fyrir, að svo skuli gert við 2. umr., enda þótt umr. þá vilji fara út um hvippinn og hvappinn. Ég mun nú snúa mér að því að ræða gr. frv., eins og þær eru óbreyttar frá því er frv. kom hér í hv. d.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því verkefni, sem hinn umræddi ráðsmaður á að hafa með höndum. Og það, sem felst í 1. gr. frv., er það m. a.,

sem gerir það að verkum, að ég er frekar andstæður því að fallast á frv. Ég gat þess við 1. umr., að mér þætti kenna nokkuð mikillar einræðisstefnu í þeirri gr., með því valdi, sem ætlazt er til með þeirri gr., að gefið verði einum manni. Og ég taldi þá og tel enn, að það sé í raun og veru ekki í anda þess þjóðskipulags, sem við höfum búið við, að skapa neitt einræðisvald á einu eða öðru sviði. Þetta er meginástæðan fyrir því, að ég get ekki fellt mig við efni frv., því að þegar 1. gr. lýkur, er hitt annað í frv. meira umbúðir utan um það, hvað þessi maður eigi að starfa samkv. 1. gr., svo sem hvernig hann skuli skipaður o. s. frv. Hann á að vísu samkv. 3. lið 1. gr. að gera tillögur til hlutaðeigandi ráðh. um bætta starfstilhögun og breytt skipulag og sparnað, sem við verður komið, þar á meðal niðurlagningu eða sameiningu stofnana eða starfa. Samkv. 2. lið gr. ber honum að leiðbeina ríkisstofnunum og ríkisstarfsmönnum um starfstilhögun og mannahald. En samkv. 1. lið 1. gr. á hann að hafa eftirlit með rekstri ríkisstofnana og starfsmanna ríkisins, starfsaðferðum, starfsmannahaldi, vinnuafköstum og vinnuskilyrðum þessara aðila. — Þetta er nú í raun og veru ekkert smáræðis verkefni, sem þessum manni er ætlað, ef það á að rækjast með nokkurri mynd. Ég hef ekki lagt saman, hve margar stofnanir ríkisins eru og embætti. En samkv. áætlun n., sem undirbjó þetta frv., þá hafði sú n. gert ráð fyrir, að möguleikar væru fyrir því, að starfssvið þessa manns yrði nokkuð víðtækt. Með leyfi hæstv. forseta skal ég lesa hér upp úr grg. n., hvað í raun og veru n., sem undirbjó frv., gerði ráð fyrir, að þetta starfssvið gæti verið víðtækt. Það er hér á bls. 60 í nál. Þeir eru búnir að tala áður um skrifstofuhaldið í ýmsum stofnunum. Og þá segja þeir:

„Á sviði iðnaðar gildir hið sama. Þar til má nefna rafveitur ríkisins, landssmiðjuna, trésmiðju ríkisins, viðgerðarstofu útvarpsins, viðtækjasmiðjuna, efnagerð Áfengisverzlunar ríkisins, neftóbaksgerðina, síldarverksmiðjur ríkisins, fiskiðjuver ríkisins, tunnuverksmiðjur, og í ráði er samkvæmt sérstökum lögum að setja á stofn niðursuðuverksmiðju og lýsisherzluverksmiðju. Að því er samgöngur snertir má nefna skipaútgerð ríkisins, sem annast strandferðir og fólksflutninga póststjórnarinnar á landi, svo og byggingu landshafnar í Keflavík og Njarðvíkum, sem þegar er byrjað á, rekstur flugvalla o. fl. Á sviði félagsmála má nefna Tryggingastofnun ríkisins, Samábyrgðina og Brunabótafélag Íslands. Þá rekur ríkið nokkur stórbú í sambandi við bændaskólana, ríkisspítalana og víðar. Loks má benda á, að öll bankastarfsemi í landinu er rekin á vegum ríkisins, því þó að Útvegsbankinn sé að nafni til hlutafélag, er ríkið eigandi að nærfellt öllu hlutafénu."

Þetta bendir nú n. á, að þessi maður eigi m. a. að hafa með höndum. Nú verð ég að líta svo á, að ef út í þetta ætti að fara, þá sé sjálfsagt að skilja enga stofnun eftir af þeim stofnunum, sem ríkið ber ábyrgð á og rekur. Og þá kemur það til greina, að enginn einn maður getur annað þessu og ekki tveir menn heldur. Ef á að fullnægja því, sem n. gerir ráð fyrir, að eftirlitið nái til, þá verður að hafa til þess allfjölmenna stofnun. Og ég get bætt því við, að það var ætlun n., að í frv. stæði á þessu stigi málsins ákvæði, sem af praktiskum ástæðum var fellt úr frv., til þess að það ákvæði gæfi ekki hugmynd um, að þetta ætti að vera allt of mikið bákn að mannahaldi til. En þetta ákvæði var þannig: „Ráðsmaður ríkisins getur ráðið sérfræðinga til aðstoðar eftir þörfum." Þetta var fellt niður úr frv. En ef á að ná tilætluðum árangri með þessari stofnun, þá verður ekki komizt af með einn mann við þessa stofnun og annan skrifstofumann, því að það mundi verða hreint kák, sem næði engum tilgangi í þessum efnum. Ef svo er, sem menn telja mikla nauðsyn bera til, að það þurfi að líta eftir hverri ríkisstofnun, þá er ekki nóg að koma einu sinni á ári í hverja viðkomandi stofnun, heldur mætti segja, að slíkt eftirlit þyrfti þá að vera mánaðarlega í hverri stofnun, ef fullt eftirlit ætti í þessu efni að vera eftir ákvæðum frv. — Ég bendi á þetta, sem ég og tel nokkuð mikil rök í málinu, að kostnaðarhliðin á þessu máli er enn þá alveg óupplýst. Það er ekki stafkrókur um það í frv., hvað ríkinu á að blæða mikið við það starfsmannahald, sem hafa þyrfti í þessu augnamiði. Og við rennum alveg blint í sjóinn í þessu efni, ef við samþ. frv. eins og það er, um það, hve mikið bætist við það margmenna starfsmannahald, sem ríkið hefur nú á sínum vegum. Og ef við fengjum þennan kostnað upp með því að hafa þessa sparnaðarstofnun, þá mundu þessir menn geta komið fram sparnaði. Og mér hefði þótt eðlilegt og ég hefði vænzt þess, að n., sem undirbjó frv., hefði á einhvern hátt reynt að gera tilraun til þess að gera sér ljóst, hvað þetta apparat kostaði, áður en hún fór að mæla með því. — Ég hef lauslega bent á þær stofnanir, sem n. taldi nauðsyn á, að gætu heyrt hér undir. En hér stendur í 5. gr. frv.: „Engin ríkisstofnun né starfsmaður ríkisins má ráða starfsfólk til starfa við skrifstofuvinnu, iðnað, iðju, afgreiðslustörf eða önnur skyld verk, án þess að hafa áður fengið samþykki ráðsmanns til ráðningarinnar." Þetta þarf að orða nokkru skýrar. Ég hef í 13 ár verið verkstjóri við ríkisstofnun, og í dag þarf ég t. d. 10 verkamenn, en á morgun 50 verkamenn. Á ég þá að fara til ráðsmanns ríkisins, leita kannske að honum, til þess að vita, hvort ég má ráða þessa 50 menn? Eftir orðanna hljóðan í frv. má ekki ráða neina menn til starfa — og hér hljóta verkamenn að koma til greina líka — nema leita um það til ráðsmannsins. Það er ekki hugsað út í æsar, hvernig þetta eigi að vera í framkvæmd, og nákvæmlega það sama getur gilt í iðnstörfum. Ég er hræddur um, ef hv. d. ætlar að samþ. þetta og gera að l., að það verði að gera umbætur á frv., ef ekki á að koma til hrapallegra árekstra við hið daglega líf. Svo segir í gr.: „Nú ræður forstöðumaður fólk til starfa án samþykkis ráðsmanns, og er sú ráðning þá ógild." Ef forstöðumaður stofnunar tekur verkamann í dag án þess að spyrja þennan mann leyfis, þá má hann ef til vill ekki borga honum kaup eða verður að láta hann fara. Menn kunna að segja, að ég máli þetta með of sterkum litum, en eftir orðanna hljóðan er þetta svona. Nú segir í þessari gr., að ekki megi ráða starfsmann, nema

með samþ. þessa virðulega manns. Að vísu skilst mér, að ráðh. megi gefa undanþágu, og er þá sennilega átt við þann ráðh., sem viðkomandi fyrirtæki heyrir undir, en það er ekki tekið neitt frekar fram, en þetta er dálítið vafasamt, að þurfa að ganga frá Heródes til Pilatusar, ef ráða þarf mann. Ef til vill er hér átt við mann til fastra starfa, en það er oft á tíðum matsatriði, hvort þörf sé fyrir manninn, og ég á bágt með að trúa, að nokkur einn maður sé svo alhliða, að hann geti alls staðar dæmt um það, hvort þörf sé fyrir mann eða ekki.

6. gr. út af fyrir sig getur staðið í þessum eða einhverjum öðrum l., en þarf ekki að heyra undir ráðsmanninn. En samkv. 2. gr. er ráðsmaðurinn jafnrétthár að launum og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu. Ég hef ekkert við það að athuga, en dreg það mjög í efa, að nokkur hæfur maður fáist í starfið fyrir þessi laun. En svo segir, að ráðh. skuli skipa nauðsynlegt starfslið eftir þörfum. Það er, að ráðh. skipar starfslið eftir því, sem ráðsmaðurinn telur þörf fyrir. Ég hef orðið var við það í fjvn., að nokkuð margir eru nú orðnir á ríkisjötunni, en ég tel erfitt að dæma um það, hvort óþarflega margt starfsfólk sé í hinum ýmsu stofnunum. En þetta starfsfólkshald vex með auknum afskiptum hins opinbera. En hvort það er of margt veit ég ekki, og því geta viðkomandi skrifstofustjóri og ráðh. ráðið fram úr, en til þess þarf ekki neinn sérstakan mann. Þetta gildir um innsta hringinn, stjórnardeildirnar og skrifstofur þeirra. Um hinar aðrar ríkisstofnanir gæti það verið þannig, að hver forstöðumaður fengi erindisbréf um, að hann bæri ábyrgð á, að stofnunin væri vel rekin. *(Fjmrh.:* Fær hann slíkt bréf?) Við skyldum ætla, að hann fengi slíkt bréf, en ég veit ekki hvort svo er. Ef svo einhver forstöðumaður sýndi linkind í starfi sínu vitandi vits, þá á ráðh. að hafa í hendi sér að víkja honum úr starfinu. Ég þekki þess dæmi, að menn fái erindisbréf, en ég veit ekki, hvort svo er hjá ríkinu. Ég veit, að hæstv. ráðh. sezt í sæti fyrirrennara síns og verður að sitja við hið sama, en ég bendi hér á leið, sem má fara. En það verður alltaf svo, að vilji menn ekki bera neina ábyrgð á störfum sínum, þá þýðir enginn ráðsmaður. Það er sjúkdómur, sem tekur langan tíma að lækna. Maður, sem stjórnar fyrirtæki fyrir ríki eða bæ, verður að annast það eins og hann eigi það sjálfur, og hann er ekki góður trúnaðarmaður, ef hann gerir það ekki. Ég trúi því ekki, að nokkur ráðsmaður geti læknað þessi veikindi, ef þau eru fyrir hendi. Hæstv. ráðh. getur falið skrifstofustjórum og framkvæmdastjórum að athuga, hvort ekki er hægt að koma á haganlegri skipan á skrifstofuhaldið, og lægi þá fyrst fyrir að athuga opinberar skrifstofur hér í bænum. Einn merkur maður taldi við mig, að við þyrftum að fá hingað erlendan sérfræðing til að kenna skrifstofufólki nýjar aðferðir við vinnuna. Þetta var hans skoðun, og má vel vera, að hún sé rétt. Hitt er erfitt, að koma á nýjum siðum og víkja úr skorðum hefðbundnum venjum.

Ég hef nú lauslega túlkað þetta í framkvæmdinni, eins og það kemur mér fyrir sjónir. Ég gat þess við 1. umr., að það væri mín skoðun, að ekki hefði þurft löggjöf til þess, að fjmrh. setti á stofn eftirlit með rekstri stofnana ríkisins. Ég held, að sú skoðun sé óhrakin enn, og hv. þm. Str. var á sama máli. Hæstv. ráðh. getur sett menn í þetta, en ekki þarf að lögbinda nýtt embætti. Mér er það nokkur þyrnir í augum að stofnsetja þarna nýtt embætti, sem enginn veit, hvað muni kosta né hve lengi sé þörf að hafa. Væri ekki réttara að gera þetta með því starfsliði, sem ráðh. hefur, heldur en stofnsetja embætti, sem stendur hver veit hve lengi? Mér skilst, að það sé uggur hjá þjóðinni við að stofna ný embætti. Hér er um nýtt embætti að ræða, ef til vill til langrar framtíðar. Ef þarf að gera umbætur, þarf að skipa til ákveðins árabils, en ekki óákveðins tíma. Ég hefði talið heppilegra, að hæstv. ráðh. hefði byrjað með einhverja undirmenn sína, sem hann hefði treyst til starfsins, og eins og n. hafði hugsað sér, að byrja hér í Reykjavík, þó að þörfin sé jafnmikil úti á landi. Ég tel því, ef hæstv. ráðh. telur sterkara að hafa lagaheimild, þó að menn, sem eru mér fremri í lögum, telji enga þörf á slíku, að breyta beri frv. þannig, að ekki verði skipaður sérstakur ráðsmaður, heldur geti ráðh. skipað menn um stund í þetta starf án veitingar, og væru það þá fulltrúar úr rn. Stundum hafa fulltrúar úr rn. verið settir í sýslumannsembætti um stund, og hið sama gæti gilt um þetta, og hefur ekki þótt þurfa sérstök l. um slíkt. Eins gæti hæstv. ráðh. fengið menn til að kynna sér einstök svið. Þetta er mín skoðun á málinu. Það má segja, að þetta kosti peninga, en allt eftirlit kostar peninga. En hér er ekki verið að setja á stofn sérstakt embætti, heldur er hér aðeins dægurfluga sett á stofn.

Ég get sparað mér að hafa um frv. sjálft fleiri orð núna, en athuga, hvað fram fer, og má athuga, hvort ekki sé hægt að hafa áhrif í þá átt, að því verði breytt við 3. umr., ef það fer óbreytt í gegn nú. Ég hafði punktað niður hjá mér ýmislegt, sem fram kom í umr. Ég sé, að hv. 1. þm. N-M. er hér ekki, en hann hefur komið fram með þá fáránlegu till., að starf þetta skuli hvíla á hinum kjörnu endurskoðendum Alþ. Ég vil benda honum á, hvað stjskr. segir um starf þessara manna:

„Sameinað Alþ. kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins og gæta þess, hvort tekjur landsins séu þar allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta hver um sig, tveir eða allir, krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja fyrir Alþ. frv. til l. um samþykkt á honum og athugasemdir yfirskoðunarmanna. Rétt er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur ríkisféhirðis, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega."

Hér er starf þessara nm. svo hnitmiðað, að hér yrði að koma breyting á, ef á að ætla þeim

að hafa eftirlit með rekstri ríkisstofnana umfram það, sem tekið er fram hér á undan, enda er þóknun þeirra ekki miðuð við annað. Ég vildi láta þetta koma fram, svo að sæist, hve fjarstætt þetta er, enda óvíst, að í þetta veljist slíkir menn sem þarf í þetta embætti. Ég tel því till. eins og hverja aðra fjarstæðu og eyði ekki fleiri orðum að henni.

Þá vil ég ræða nokkuð, sem komið hefur fram í umr., en það voru ummæli hæstv. fjmrh. um hina óhóflegu eyðslu í ríkisstofnunum. Mér þykir þetta harður dómur hjá hæstv. ráðh. og þykir undarlegt, ef slíkt fær að þróast undir rn., því að ef um óhóf er að ræða, þá væri full þörf að láta fara fram athugun á því, og jafnvel þótt ekki væri um óhófseyðslu að ræða. Því er ekki að neita, að á ýmsum sviðum mun ríkið borga um of, og ýmsum finnst of mikið hér og öðrum þar. Ég vildi aðeins drepa á þetta, úr því að þessi orð féllu hér. Þau ummæli féllu hér áðan hjá hv. þm. Barð., að sú gagnrýni, sem kæmi hér fram á frv., stafaði ef til vill af stjórnarandstöðu. En ég vil algerlega frábiðja mig slíkum aðdróttunum í minn garð og tel slíkt alveg tilefnislaust. Hæstv. ríkisstj. verður að sætta sig við það, að ýmsir af stuðningsmönnum hennar gagnrýni frv., sem hún ber fram, og í þeirri iðju hefur enginn verið frjósamari en hv. þm. Barð. Ég er í principinu á móti, að farið sé inn á þessa braut, en verð að sætta mig við það, sem verður samþ., en mun gera það, sem ég get, til að gera það, sem mér finnst rétt. Hæstv. ríkisstj. hefur fallizt á að bera þetta frv. fram, en innan hennar voru miklar vangaveltur um, hvort fara ætti inn á þessa braut, en hæstv. fjmrh. fékk sínu framgengt, en vitandi það, að ekki lá fyrir samþykki þm., og er þetta ekki einsdæmi um stjfrv., að hæstv. ríkisstj. verði að sætta sig við slíka meðferð, þegar ekki er um principmál að ræða. En það er síður en svo, að hér sé um principmál að ræða. Ég hef verið mikill stjórnarsinni, og ég er ekkert meira hikandi í því en ýmsir aðrir, þó að ég geti ekki fallizt á þetta, og það breytir ekkert afstöðu minni til ríkisstj.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er aðeins stutt athugasemd. — Það hafa nú orðið hér langar umr. um þetta mál, en ég hef raunverulega fáu að svara. Við hv. þm. Barð. erum eiginlega sammála um það, að ekki þurfi löggjöf um atriðið, en við drögum af því ólíkar ályktanir. Hann virðist telja rétt að samþ. löggjöfina, af því að hún feli í sér heimild til fjárveitingar, sem ekki sé fyrir hendi, en þá heimild mætti einfaldlega taka upp í fjárlögin.

Hv. þm. bar mér á brýn aðgerðaleysi hér á þingi almennt. Það er alveg rétt, að ég hef ekki mikið aðhafzt í nokkur ár, og ég harma það ekki, að ég hef líklega átt allra þingmanna minnstan þátt í þeim aðgerðum, sem óumflýjanlega ber allar að sama brunni. Mér hefur verið ómögulegt að vera stígvélafullur af dugnaði til að koma málum þjóðarinnar að því marki, sem stefnt hefur verið að og ekki er langt undan, ef ekki er að gert eða fram hjá því stýrt. Ég legg það óhikað undir dóm sögunnar, hvorir hljóti mildari dóm, þeir, sem hafa beitt sér með mestum bægslagangi fyrir þeirri þróun, eða hinir, sem ekki hafa getað hamlað á móti henni eins og þeir vildu og þá heldur kosið að hafast lítt að en vera með í þeim leik.

Varðandi þá embættisveitingu, sem hann minntist á, þá má sjálfsagt deila um það júridiskt séð. En ég get ekki varizt því að minna á að gefnu tilefni, að eftir þann, sem settur var í embættið á eftir, liggur aðeins eitt mál, og þekki ég engan dómara í landinu, sem minna liggur eftir.

Það, sem okkur hæstv. fjmrh. ber á milli, er það, hvort setja þurfi sérstaka löggjöf til að framkvæma það eftirlit með opinberum rekstri, sem við erum sammála um, að þurfi að koma á, og það hefði átt að vera komið á fyrir löngu. Ég álít, að ég hafi fært fram og það liggi ljóst fyrir sannanir fyrir því, að ekki er þörf löggjafar í þessu efni, og er þetta svo augljóst mál, að það er naumast þörf að ræða það. Það er ekki hægt að fá neinum manni meira vald í hendur en ráðh. sjálfur hefur frá Alþ. Ráðh. sker endanlega úr og getur á hverjum tíma tekið fram fyrir hendur á hvaða ráðsmanni sem væri. Það er augljóst hverjum manni, sem lítur á þetta frv. hér, að allar þær upplýsingar, sem ráðsmaðurinn á að fá, getur ráðh. fengið frá öðrum embættismönnum, og skorist þeir undan að gefa ráðh. hverjar þær upplýsingar, sem hann vill fá hjá þeim, getur ráðh. vikið slíkum embættismönnum umsvifalaust úr embættum. Hvaða lögfræðingur sem væri mundi taka að sér slík mál fyrir ríkið gegn embættismönnum, er neituðu að gefa ráðh. umbeðnar upplýsingar, og vinna málin.

En fyrst farið hefur verið að deila við mig um lög og stjórnarhætti í landinu, þótt ég gæfi harla lítið tilefni til þess, þá þykir mér rétt að koma hér með fleiri sannanir fyrir því, að þessi löggjöf sé óþörf, þó að fleiri sannana en ég hef áður nefnt sé raunar ekki þörf.

Ég hef bent á, að á fjárlögum 1948 hefur ríkisstj. heimild til að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjmrh. Ég get nú ekki séð annað en hæstv. ráðh. hafi gleymt þessari heimild. Hann sagðist t. d. ekki hafa heimild til að ráða tölu og kjörum starfsmanna við hina nýju innkaupastofnun ríkisins. Honum er ekki aðeins heimilt heldur og skylt að hafa þar ráðin. Hinn nýi embættismaður, innkaupastjóri ríkisins, má ekki taka sér starfsmenn nema með leyfi ráðh. í samræmi við heimildina á fjárlögum fyrra árs, er ég nefndi áðan. Hæstv. fjmrh. hefur valdið í þessum efnum gersamlega í sínum höndum. Sama er að segja um vald hans yfir fjárhagsráði og mannahaldi þess, og þannig mætti halda áfram. Við vitum, að hér á Alþ. hafa verið sett lög um að sameina forstjóraembættin við áfengiseinkasöluna og tóbakseinkasöluna. En hvað skeður er forstjóri tóbakseinkasölunnar lætur af embætti. Voru þá þessi lög frá Alþ. um sameiningu þessara embætta látin koma til framkvæmda? Nei, alls ekki. Og hversu víða er ekki hægt að drepa niður fingri og koma þó alltaf ofan á sama atriðið? Og ef nefna þarf fleiri sannanir, vil ég minna hér á skýlausa yfirlýsingu Alþ., en það er till. til þál. um athugun á starfskerfi og

rekstrarútgjöldum ríkisins frá sjálfri fjvn., og er hún svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar fara fram rækilega athugun og rannsókn á því, hvernig unnt væri að draga verulega úr rekstrargjöldum ríkisins og ríkisstofnana, og verði jafnframt leitað að leiðum til þess að gera þetta starfskerfi einfaldara og óbrotnara. Við rannsókn þessa og athugun skal m. a. lögð áherzla á þau atriði, er hér greinir.“ Síðan eru þessi atriði talin upp í 5 liðum: „1. Að sameina ríkisstofnanir, yfirstjórn þeirra og rekstur og enn fremur að athuga, hvort unnt væri að draga úr starfsemi þeirra eða jafnvel leggja þær niður að einhverju leyti.“ — Hefur þetta verið gert? Það eru 3 ár liðin síðan Alþ. samþ. þessa yfirlýsingu og gaf þessa heimild, en hvað hefur verið gert í samræmi við þetta? „2. Að tekin verði í notkun aukin tækni og hagkvæmari vinnubrögðum beitt við reksturinn, vélanotkun í skrifstofum og við önnur störf, eftir því sem við verður komið.“ — Hvernig eru nú þessi vinnubrögð þremur árum síðar? Hefur þetta verið athugað? „3. Að komið verði á raunhæfu allsherjareftirliti með vinnutilhögun og vinnubrögðum í skrifstofum ríkisins og stofnunum þess, enda verði eftirliti þessu einnig beint að því að meta og gera tillögur um starfsmannaþörf í hverri skrifstofu eða stofnun.“ — Þarf nú skýrari yfirlýsingu til að forða mér frá að tefja þetta mál með því að tína til fleiri og fleiri sannanir? Um leið og Alþ. samþ. þessa viljayfirlýsingu, ætlast það til, að ráðh. framkvæmi þessa fyrirskipun þess og vinni að eftirlitinu, og fær honum því um leið vald í hendur til þess. Ég sé ekki betur en að þessi 3. liður eða atriði, sem framkvæma á samkvæmt þáltill. frá 1945, sé samhljóða 1. gr. þessa frv. og að hún sé því óþörf, þar eð heimildin og beinlínis fyrirmæli í þessu efni eru þegar fyrir hendi og hafa verið síðan 1945. „4. Að komizt verði, eftir því sem frekast er unnt, hjá eftirvinnu í skrifstofum.“ — Það hefur kannske verið ári seinna, sem ráðh. gaf út reglugerð um eftirvinnu opinberra starfsmanna.

Fimmta atriðið, sem leggja skal áherzlu á samkvæmt þessari þál., er, að innheimta skatta og tolla sé gerð umfangsminni.

Og svo þegar ég segi, að þetta frv. hér sé ekki það nauðsynlegasta, sem gera þurfi í þessum efnum, þá er talað til mín allharkalega, þó að ég sé á hinn bóginn ekkert að harma það, og það eftir að þessi þál. hefur verið gersamlega hundsuð árum saman. Og það er talin hálfgerð ósvífni, að ég skuli leyfa mér að láta í ljós, að þetta frv. sé meira til að sýnast en vera.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta öllu meir, en ég hef enn þá ekki fengið svarað þeirri spurningu, hvort nokkru ríki í heiminum muni vera stjórnað fjárlagalaust nema Íslandi. Svo einkennilegur er leikur örlaganna stundum, að það var hv. 2. þm. Árn., sem sagði, að ráðsmaður væri ekki settur neins staðar nema þar, sem húsbóndinn er fallinn frá. *(Fjmrh.:* Sumir hafa ráðsmann án þess.) Ég held þeir séu þá mikið lasnir.

Ég deili ekki á neinn sérstakan, en það er aðalatriði málsins, að ekki er hægt að neita því, að það verður aldrei nokkurt lag á fjármálum nokkurs ríkis, nema þar sem fjmrh. og ríkisstj. hafa fyrst og fremst forustuna og marka meginstefnuna og leggja brottför sína við, ef hún nær ekki fram að ganga. Í þessu er sjúkdómurinn fólginn, þetta hefur verið sjúkdómurinn í mörg ár, og þá kem ég að því aftur, að það vantar húsbóndann á heimilið. Skáldið hitti á rétta orðið.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það er út af því, sem komið hefur fram í ræðum hv. þm. Str. og hv. þm. Barð. um það, að þegar væru til allar heimildir, sem felast í þessu frv. og miða að því að veita framkvæmdavaldinu verkfæri í hendur til að draga úr eyðslu, og þá óhóflegri eyðslu í fyrsta lagi. Ég bendi þá á það, að þegar afgr. voru fjárlög fyrir árið 1948, þá var gerð ályktun á 22. grein, XXXV. lið, þar sem ríkisstj. er heimilað að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjmrh., þar til sett verði lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur. Þetta er rödd Alþingis við síðustu fjárlagaafgreiðslu. Og hvað er þá að marka það, sem hér hefur nú komið fram, ef þessi ályktun Alþ. er réttmæt? Þessi heimild nær aðeins til þess, að ráðh. má standa á móti fjölgun opinberra starfsmanna, þar til lög verða sett um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við opinberan rekstur. Þetta segir Alþ. Og ég vil ekki ætla, að hv. þm. vilji halda því fram, að Alþ. sé að gera gersamlega ónýtar og þarflausar ályktanir, en það gera þeir með því að segja, að allar heimildir séu þegar fyrir hendi í þessu efni og allt, sem aflaga fer, sé eingöngu ódugnaði ráðh. að kenna. En hví eru heimildinni á síðustu fjárlögum þá sett þau takmörk, sem raun ber vitni? Það er alveg auðséð, að hún er samþ. aðeins til bráðabirgða, og í beinu framhaldi af henni hef ég látið undirbúa þetta frv. og í framhaldi af þál. frá 1945. Ég ætla, að þetta sé svo ljóst, að fullyrðingar um það, að ráðh. hefði alltaf getað framkvæmt það, sem stendur í þessu frv., séu þar með slegnar niður, nema menn vilji ómerkja Alþ. að ályktunum þess. Þetta frv. hef ég látið undirbúa í beinu framhaldi af og í samræmi við ályktun Alþ. á fjárlögum síðasta árs, sem ég nefndi áðan, þar sem beinlínis er gert ráð fyrir, að sett verði lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur, og heimild ráðh. til að standa á móti mannfjölgun er aðeins til bráðabirgða, eða þar til slík lög eru sett. Og enn fremur er frv. í framhaldi af ályktun Alþ. frá 1945. En þá ber það við, að sá ráðh., sem vill nú framkvæma áður yfirlýstan vilja Alþ. í þessu efni og setja lög í samræmi við hann, sá ráðh. fær ekkert nema hæfileg olnbogaskot í þessari hv. d. og aðdróttanir um, að hann hafi farið öfugt að og hann hefði átt að gera þetta allt saman sjálfur, sem um ræðir.

En það er nú einu sinni svo, að menn eru misjafnlega djarfir að beita valdi út á yztu nöf, jafnvel þó að þeir sitji í ráðherrastóli. Það hefur verið nefnt hér dæmi um það, að hv. þm. Str. stofnaði hér embætti í sinni ráðherratíð í algerri lögleysu. Það getur hefnt sín illa að fara út fyrir valdsvið sitt. Ég skal nefna annað dæmi,

það er viðvíkjandi ríkisprentsmiðjunni Gutenberg, sem að allra manna dómi er rekin af sérstökum dugnaði og forsjá. Hv. þm. Str. var þá dómsmrh. og gaf út bréf 10. maí 1942 og gerði þar ráðstafanir til að leigja þetta ríkisfyrirtæki 10 manna hóp úti í bæ. Í hvaða tilgangi var þetta gert? Ekki til að bjarga fjármunum ríkisins, þar sem fyrirtækið bar sig vel, og ekki mun þessi ráðstöfun hafa verið borin undir þáverandi fjmrh. En það vildi svo vel til, að Jakob Möller kom í sæti dómsmrh. og hnekkti þessari ráðstöfun sem algerri lögleysu. Þannig var það. Hv. þm. Str. fór út fyrir valdsvið sitt sem ráðh. og gerði það, sem hann hafði ekki leyfi til að gera, og því var hnekkt af næsta valdsmanni í ráðherrastóli. Ég held, að lögskýringar slíkra manna um valdsvið ráðherra séu dálítið hæpnar með slíka fortíð að baki. Ég hef nú aðeins nefnt tvö dæmi úr ráðherratíð hv. þm. Str., og hætt er nú við, að það hefði verið kallað brask, ef þm. og ráðh. úr öðrum flokki en Framsfl. hefði tekið sig til og leigt slíka stofnun sem Gutenberg á bak við lög og rétt. En í augum hans sjálfs hefur þetta sjálfsagt verið réttmætt, annars hefði hann ekki lagt út í þetta.

Þá minntist hv. þm. Str. á heimild til að sameina embætti forstjóra áfengiseinkasölunnar og tóbakseinkasölunnar. Ég man nú ekki eftir neinni heimild í lögum til þess, en það er hugsanlegt, að mér hafi sézt yfir það, því að ég er ekki lögfróður maður. En ég kannast ekki við, að þetta hafi verið lögfest. Hins vegar hefur verið gerð þál. um þetta, en þál. eru ekki lög, það er sitt hvað, eða það hefur mér ætíð verið kennt. Eigi það því að skiljast sem trassaskapur af minni hálfu að sameina ekki þessi embætti, þá er það sjálfsagt af því, að ég hef ekki talið *nægilegar löglegar heimildir fyrir því.*

Það er nú komið hér dálítið annað hljóð í strokkinn en var í gær, dálítil veðrabrigði, að því er þann sjúkdóm snertir, sem hér er til umr., óþarfa eða of mikla eyðslu í ýmsum stofnunum og óhóflega þenslu, sem allir telja — og má telja böl og sjúkdóm. Í gær var þetta samkv. áliti hv. þm. Str. algerlega nýtilkomið. Það var allt í prýðilegu lagi, sagði hv. þm. Str., þangað til nú á allra síðustu tímum, og í sambandi við það annað, sem hann var að segja, mátti skilja, að fyrst hefði farið í ólag, þegar ég settist í ráðherrasess. En nú segir hann í sínum niðurlagsorðum, að þessi sjúkdómur sé í fjármálum okkar og hafi verið það lengi. Ég er algerlega sammála hv. þm. Str. um það, að þessi sjúkdómur er ekki nýr, hann hefur verið lengi í fjármálum okkar, og það er einmitt það, sem ég legg fram við þessar umr., að hann hefur verið hér lengi og allt of lengi, og það er ákaflega gott, að hv. þm. Str. hefur nú áttað sig á þessu, þótt hann í umr. í gær væri ekki búinn að fá augun opin fyrir því og vildi ekki við það kannast, af því að það passaði þá ekki í kramið að kannast við þetta. Það er einmitt út af því, að þessi sjúkdómur í fjármálum okkar hefur verið þar lengi, að fjvn. hefur hvað eftir annað verið með áminningar til Alþ. og ríkisstj. um að hefjast handa í þessum efnum, eins og hv. þm. Str. sannaði vel með því að lesa upp þáltill. Um spil og leik í sambandi við þetta mál skal ég ekki segja, ég er ekki með neitt spil eða leik, en sumir menn hér á Alþ. virðast líta svo á, að það sé pláss til að vera með leik og spil, þegar verið er að bera fram í lagafrv. margstaðfestar samþykktir og ályktanir frá sjálfu Alþ., eins og liggur fyrir í þessu frv.

Um ræðu hv. 1. landsk. hef ég lítið að segja. Hann hélt ósköp svipaða ræðu og við 1. umr., og vil ég ekkert vera að fara út í deilur út af því. En ég vildi aðeins mega spyrja hv. 1. landsk. út af skoðun hans á einræði, hvort hann er þeirrar skoðunar, að það sé einræði að gera það, sem stendur í 1. gr. frv., sem ég skal lesa upp, með leyfi hæstv. forseta: „1. að hafa eftirlit með *rekstri ríkisstofnana og starfsmanna ríkisins*, starfsaðferðum, starfsmannahaldi, vinnuafköstum og vinnuskilyrðum þessara aðila. 2. að leiðbeina ríkisstofnunum og ríkisstarfsmönnum um starfstilhögun og mannahald. 3. að gera tillögur til hlutaðeigandi ráðherra um bætta starfstilhögun og breytt skipulag og sparnað, sem við verður komið, þar á meðal um niðurlagningu eða sameiningu stofnana eða starfa."

Þetta er á máli okkar ágæta þm., hv. 1. landsk., einræði. Ef einræði er svona fyrir hans augum, þá væri gaman að heyra, hvað hann álítur lýðræði. Ég skal svo ekki tefja tímann, ég sé að hæstv. forseti er farinn að gefa klukkunni auga. En að lokum vildi ég minna hv. 1. landsk. á það, að hans eigið flokksblað lýsti þessu frv., þegar það kom fram, þannig, að það væri skeleggasta tilraun til þess að koma á meiri sparnaði í ríkisrekstri, en í hans augum er þetta einræði og óþarft.

Ég vil svo að lokum þakka fyrir þær ábendingar til lagfæringar, sem hér hafa komið fram. Ég hef aldrei haldið því fram, að hér mætti ekki neinu um þoka og færa til betri vegar. Það, sem fyrir mér vakti með því að skipa sparnaðarnefndina og eins að gerast talsmaður fyrir þessu frv., er að vinna að því, sem hæstv. Alþ. er fyrir löngu búið að benda á, að það þurfi að koma meiri lagfæringu á þessa hluti í því skyni, að ríkissjóður gjaldi sem minnst afhroð af þeirri útþenslu, sem orðin er á ríkisrekstrinum.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Ed., 10. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef áður beðið hv. n. að athuga viss atriði þessa máls og ekkert svar fengið enn út á það. Ég hef spurt hæstv. ráðh., hvort hann gæti ekki hugsað sér að setja þennan embættismann, meðan væri verið að reyna hann, en skipa hann ekki strax. Við þessu hef ég heldur ekki fengið svar. Ég hef spurt hæstv. ráðh., hvað líði því frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem Gunnari Thoroddsen var af forsrh. falið að semja fyrir nokkrum árum. Ég hef heldur ekki fengið svar við þessu. Munnlega, á milli funda, hef ég þó heyrt á hæstv. ráðh., að hann telji sig ekki þurfa að svara þessu, því að málið heyri undir dómsmrh. Nú hélt ég, að Ólafur Thors hafi ekki verið dómsmrh., þegar hann skipaði Gunnar Thoroddsen í þetta starf, heldur hafi þá Finnur Jónsson verið dómsmrh. En ef miða á við það,

hver skipað hafi Gunnar Thoroddsen til starfsins, virðist málið heyra undir hæstv. forsrh. Enn spyr ég um þetta, og fyrst ráðh. vill ekki svara því, þá kannske vill hæstv. fjmrh. svara mér, ef ég spyr hann, hvort hann vilji breyta reglugerðinni um vinnutíma opinberra starfsmanna, sem fyrirrennari hans setti, þegar hann stytti vinnutímann úr 45 í 35½ klst. á viku. Það mál heyrir þó alltaf undir hæstv. fjmrh., og ég spyr hann, hvort hann vilji breyta þessari reglugerð, því að ég mun bera fram brtt. við frv., ef hann þorir ekki að breyta henni eða ef ríkisstj. í heild þorir ekki að ýta á þm. Snæf., til þess að hann ljúki því starfi, sem hann hefur verið að dunda við undanfarin ár. Hæstv. ráðh. ætti að geta svarað því, hvort hann vill breyta reglugerðinni, þótt hann viti ekki hvað frv. hv. þm. Snæf. líður, þar sem það heyrir undir hæstv. forsrh. að hans sögn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. kom úr n., tóku tveir nm. það fram, að þeir létu til leiðast að fylgja þessu frv., að því er virtist með háværum samvizkunnar mótmælum. Þrír nm. höfðu ekki tekið afstöðu þá, en nú er komið í ljós, að a. m. k. einn þeirra er á móti frv. Hv. þm. Barð. taldi fá fordæmi fyrir slíkri afgreiðslu í þingsögunni, og mun það líklega rétt. Það hafa þegar orðið um málið harðar umr., sem vonlegt er. Frv. heitir frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana, og er aðalefni þess að setja á stofn valdamikið embætti, sem á að líta eftir öllum ríkisstofnunum, starfsmönnum ríkisins, starfsaðferðum, starfsmannahaldi, vinnuafköstum og vinnuskilyrðum. Vænti ég þess þó, að ýmislegt af þessu sé í svo góðu ástandi, að ekki þurfi sérstakar ráðstafanir til þess að kippa því í lag, t. d. ættu vinnuskilyrði opinberra starfsmanna að vera sæmileg. Það hafa verið mjög skiptar skoðanir um það, hvort nokkur þörf væri á slíkum embættismanni sem hér er gert ráð fyrir. Því hefur verið hreyft, að fjmrh. hefði fullt vald án sérstakrar löggjafar til þess að grípa inn í starfsemi ríkisstofnana í sparnaðarskyni á sama hátt og ráðsmanninum er ætlað með frv., og tel ég, að í ráðherravaldinu felist heimild til aðgerða, sem miða að því að draga úr opinberri eyðslu, enda fær ráðsmaðurinn vald sitt frá fjmrh. Hins vegar þykir mönnum kannske, að verk þau, sem ráðsmaðurinn á að vinna, séu ekki nógu fín eða líkleg til vinsælda, til þess að ráðh. megi hafa þau á hendi, heldur en hitt, að hann hafi skort til þess vald.

Ég gerði mér þess strax ljósa grein, þegar ég sá þetta frv., að mjög mikið væri undir því komið, hvers konar maður veldist í þetta ráðsmannsstarf. Ef það yrði ekki dugandi, atkvæðamikill maður, sem gæti starfað öllum óháður, þá væri þetta líklegt til að verða að engu gagni, en væru hins vegar líkindi til þess, að það yrði ekki einum hálaunuðum og valdamiklum starfsmanni bætt við ríkisbáknið, heldur jafnvel stórri og umsvifamikilli ríkisstofnun. Hvað eftir annað virðist orðalag frv. benda til þess, að það væri fyllilega heimilt, að nokkuð stórt starfsmannabákn myndaðist kringum þennan embættismann. Í 2. gr. frv. er talað um starfslið þessa manns, og í grg. frv. er talað um, að þetta eftirlitsstarf eigi að felast sérstakri stofnun með svo miklu valdi, sem lýst hefur verið hér að framan. Ég er því ákaflega hræddur um það, þó að svo færi hjá þessum embættismanni, að lítið áynnist í þá átt að draga úr kostnaðinum við ríkisbáknið, en þetta yrði voldug og fjölmenn stofnun, þá yrði hægt að finna því stoð í frv., að við því hefði strax verið búizt. Þar er talað um starfslið, ekki eingöngu ráðsmann, heldur sérstaka stofnun, sem undir hann eigi að heyra, til að framkvæma þessar sparnaðaraðgerðir. Ég skal ekki draga neina dul á það, að ég óttast, að hér bætist við, ekki aðeins hálaunaður embættismaður, heldur dýr ríkisstofnun, sem mjög er undir hælinn lagt, að verði að verulegu gagni, en það væri neikvæð sparnaðarráðstöfun, ef árangurinn yrði lítill eða enginn, en kostnaðurinn við mannmarga, nýja ríkisstofnun bættist ofan á allt annað.

Ég fæ ekki með neinu móti skilið, að ráðherravaldið dugi ekki sem bakhjarl við dugandi skrifstofustjóra í hverri stjórnardeild til þess að sjá því nokkurn veginn borgið, að vinnuafköstin séu í sæmilegu lagi, að starfsaðferðir tilheyri nútímanum, en ekki löngu liðinni fortíð, að vinnuskilyrði séu sómasamleg og starfsmannahaldi stillt í hóf. Ég fæ ekki skilið, að ríkisvaldið dugi ekki til þessa, ef verkstjórar eru sæmilega trúir og verkkunnandi skrifstofustjórar. En ef þetta vald, sem nú er fyrir hendi, dugir ekki, þá er ég hræddur um, að að litlu gagni komi, þó að ráðsmaður ríkisins með allt sitt vald, — sem þó er aðeins umboðsmaður ráðh., — komi í þessa eða hina ríkisstofnunina, setjist þar niður og horfi á vinnubrögðin og vinnuskilyrði starfsfólksins. Ég er hræddur um, að hann geti ekki séð, hvaða verkefni eigi þar að leysa eða með hvaða hætti þau bezt verði leyst. En síðan á hann að skera úr um það, hvað fækka megi starfsfólki, og fyrirskipa, að hér megi fækka um einn, þarna megi fækka um tvo eða þrjá o. s. frv. Ég er hræddur um, að það verði af þeim, sem hafa stjórnað þessari vinnu og hafa talið sig þurfa þennan starfsmannafjölda, sem fyrir hendi er, vefengdir svona úrskurðir, sem felldir væru af ráðsmanni ríkisins, sem hefði undir flestum kringumstæðum haft mjög skamma dvöl í stofnuninni. Ég hygg líka, að mikill málflutningur mundi hefjast, eftir að ráðsmaðurinn hefði gert sínar till. við æðstu yfirmenn viðkomandi ríkisstofnana, um, að ekki væri hægt að fækka fólki, ekki væri hægt að draga úr kostnaði og ekki væri hægt að bæta vinnuskilyrðin og þess vegna yrði allt að sitja við það sama eða jafnvel þyrfti að bæta við starfsfólki, verkefnin væru svo mikil.

Ég veit það ósköp vel, að það gæti verið ofverk fjmrh. eins að fylgjast með þessu í öllum ríkisstofnunum, hvort starfsmannafjöldinn sé ekki umfram brýnustu þörf, en sé gott samstarf milli allra ráðh. ríkisstj. um að hafa á þessu gott aðhald og eftirlit hver í sínu ráðun. og þeim stofnunum, sem undir hann heyra, þá held ég, að þetta verk sé framkvæmanlegt af 6 manna ríkisstj. og þurfi ekki nýtt embætti til viðbótar til þessa starfa. Ég hygg líka, að ráðh., hver

um sig, hafi myndað sér skoðun um það, hvort mannahald keyri úr hófi fram í þeirra eigin ráðuneytum. Ég er sannfærður um það, að hæstv. fjmrh. getur gefið deildinni vitneskju um það, hvort hann telji of margt starfsfólk í fjmrn. og hvort hann álíti, að hægt væri að fækka þar um einn, tvo eða þrjá starfsmenn. Það mætti vera glöggskyggn ráðsmaður, sem kæmi í fjmrn. og sæi þetta betur eftir skamma viðdvöl heldur en fjmrh., sem búinn er að hafa æðstu yfirstjórn þar í tvö ár. Svar hans verður nú annaðhvort, að hann telur, að fækka megi, eða þá, að ekki sé hægt að fækka. Ef fjmrh. svarar því, að í sínu rn. sé ekki hægt að fækka fólki, þá er a. m. k. ákaflega lítil von til þess, að till. frá ráðsmanni ríkisins um fækkun starfsfólks yrði þar tekin til greina. Og ef svo yrði í hverju rn. og í hverri ríkisstofnun, þá sér maður, hvernig árangurinn gæti orðið af þessu. Hins vegar held ég, að svo framarlega sem fækkun starfsfólks er möguleg og forsvaranleg, geti hver ráðh. um sig framkvæmt slíka breytingu á vinnubrögðum í samráði við skrifstofustjóra sína og hafi alla þá aðstöðu, sem hægt er að veita ríkisráðsmanni með ráðherraumboði til þess að framkvæma það verk. Ef ráðsmaður ríkisins gerði till. um að leggja niður stjórnardeild eða ríkisstofnun, þá yrði það ekki gert nema með samþykki viðkomandi ríkisstj. Það yrði að gera slíkt í tillöguformi, og af framkvæmd yrði ekki, nema ríkisstj. samþ. Væri um lögbundin embætti að ræða, sem ráðsmaðurinn legði til að fækka embættismönnum í, þá yrði ríkisstj. sennilega að flytja stjfrv. um slíka niðurlagningu embætta, og er það verk, sem hún gæti unnið án ráðsmanns að óbreyttri löggjöf.

Aðalmótbáran, sem fjmrh. bar hér fram gegn því, að þetta verksvið ráðsmannsins væri látið falla undir ráðh. og þá sérstaklega fjmrh., var sú, að fjmrh. fengi ekki vitneskju um eyðsluna fyrr en eftir á. Nú er mér spurn: Eru nokkur líkindi til þess, að nokkur embættismaður ríkisins fengi vitneskju um eyðslu ríkisstofnana á undan sjálfum fjmrh.? Mér finnst það óhugsandi. Ef því fjmrh. hefur ekki aðstöðu til að grípa inn í, af því að hann fái vitneskju um það, sem gert er, of seint, þá er starfsaðstaða ráðsmannsins ekki betri hvað þetta snertir. Honum væri jafnómögulegt að grípa þar inn í af þeirri ástæðu, að hann fengi ekki vitneskju um eyðsluna fyrr en of seint.

Það, sem ég hef nú um þetta sagt, ber allt að sama brunni, að ég óttast, að hér verði aðeins sú neikvæða sparnaðarráðstöfun framkvæmd, að við ríkisbáknið bætist valdamikill, hálaunaður embættismaður með heimild til þess að skipa um sig starfsliði og búa til nýja ríkisstofnun, sem síður en svo er líkleg til þess að verða til sparnaðar í ríkisbúskapnum. Þá er vitanlega verr farið en heima setið. Ég hef enga trú á sparnaði í ríkisrekstrinum, fyrr en ráðh. taka sig til, hverjir sem þeir eru, og sýna þá rögg af sér að láta kanna það, hvort hægt er framkvæma umbætur á starfsmannahaldi og vinnubrögðum, hver í sínu ráðun. og þeim ríkisstofnunum, sem undir þá heyra, og láti að sér kveða við þá sérfræðinga, sem þeir hafa, um að þar verði framkvæmdar þær sparnaðaraðgerðir, sem yfirleitt eru framkvæmanlegar.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það er búið að tala svo margt og mikið um þennan blessaða ráðsmann, sem á að koma, að það er að bera í bakkafullan lækinn fyrir mig að halda langa ræðu um málið. Ég vil leiðrétta það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, þar sem hann talaði um, að við hefðum gert það gegn samvizkunnar mótmælum að fylgja þessu máli, en slíkt var aldrei sagt, en hitt er rétt, að það var lítill áhugi fyrir málinu. Ég álít, að það sitji ekki vel á þeim mönnum, sem tala hvað mest um sparnað, að vera á móti frv. eins og þessu, sem ekki er hægt að segja annað um en að sé tilraun til sparnaðar. Það fer að vísu mikið eftir því, hvernig verkið verður unnið, hve mikil eftirtekja verður af því. Ég ætla ekki að öfunda þá, sem segja nei við þessu frv. um eftirlitsmann ríkisins. (*HV:* Þeir verða ekki öfundsverðari, sem segja já.) Það dæmum við um seinna. En hitt er það, að sumir menn vilja ekki taka þátt í neinni tilraun til að spara, þegar þeir halda, að það komi við þá sjálfa. Þá segja þeir, að ekki sé hægt að spara á neinu hjá þeim, en þeir þurfi heldur að fá hækkun launa. En þegar nú verður vart sparnaðarviðleitni hjá hæstv. stj., sýnist mér, að sumir hv. þm. svari henni með því að vilja knýja fram hærra kaup fyrir sjálfa sig. Ég er þar ekki að lasta neinn sérstakan flokk, en mér þykir þetta leiðinlegt mannanna vegna, að þeim skyldi detta þetta í hug, því að meðal þeirra manna, sem flytja það mál, eru prýðilegir menn.

Hv. þm. Str. sagði, að óþarft væri að setja þessi l., því að fjmrh. gæti sjálfur ráðið þessu öllu og gert allt þetta, sem frv. gerir ráð fyrir, upp á sitt eindæmi. Þá er því fyrst og fremst til að svara, að ef þetta er orðin venja án lagasetningar, því eru menn þá á móti því, að þetta verði lögfest, sem þegar er orðið í praxis? Þegar hv. þm. Str. var í stj. í þessu landi, þá þurfti fjvn. að semja við ýmsar stofnanir um að lækka laun, án þess að stj. skipti sér af því. Ég man eftir því, að undirmenn þáverandi dómsmrh. voru allra manna þrjózkastir hvað það snerti að fækka sínum undirmönnum eða lækka laun þeirra. Ég man eftir því, að lögmaðurinn og lögreglustjórinn hér í Reykjavík tóku sig út úr, þegar átti að lækka laun hjá starfsmönnum ríkisins, og hreyfði ekki fjmrh., og dómsmrh. þáverandi því síður, hönd né fót til þess að fá þessu kippt í lag. Ég álít, að þetta verk fjvn. hefði gengið betur, ef l. hefðu verið þá til fyrir þessu, því að menn líta svo á, að þeir þurfi ekki að beygja sig, þegar svona stendur á, ef l. eru ekki fyrir hendi, sem sanna það.

Hv. 1. þm. N-M. hélt því fram, að réttara væri, að ráðsmaðurinn væri settur en ekki skipaður í embætti sitt til að byrja með. Ég held, að þetta sé ekki rétt. Ég hygg, að honum verði síður sýnd hlýðni, ef hann er aðeins settur um stundarsakir, en er ekki fastur embættismaður. Ég vona því, að ráðsmaðurinn verði skipaður í embættið, en reki að því, að Alþ. geri aðra tilhögun um þessi efni, þá megi láta þennan embættismann fá aðra stöðu. Þó að slíkt yrði ofan

á við framkvæmd þessara l., þá yrði hann aldrei ríkisómagi. Annars er það tvennt, sem þessi maður ætti sérstaklega að gera. Það er að líta eftir stofnunum og starfsmönnum ríkisins. Þessi maður eða einhverjir endurskoðendur úr stjórnarráðinu, — því að ég hef skilið þetta svo, að hinir gömlu endurskoðendur stjórnarráðsins ættu að endurskoða áfram undir hans eftirliti, — eiga ekki að koma í stofnanirnar rétt til að líta á hlutina, vera þar 2 eða 3 daga, heldur eiga þeir að segja: „Hér er ég kominn, en þú færð mánaðarfrí frá embætti. Nú tek ég við starfi þínu." Með því eina móti verður embættið athugað og vinnubrögð stofnunarinnar, svo að gagni komi. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar fær þá nokkurs konar orlof, svo að hann má vera ánægður. Til þessa þarf nokkuð mikinn mannafla fyrst í stað. Annars er ekki sagt, að þetta skuli gert allt á einu ári, heldur mun þurfa til þess fleiri ár. Í öðru lagi hef ég haldið því fram, að þessi maður kynnist manna bezt allri aðstöðu í ríkisstofnunum og verði því prýðilegur aðstoðarmaður til þess að koma með ýmsar sparnaðartill., fyrir ríkisstj., m. a. — að breyttum ýmsum aðstæðum — um að leggja niður sum embætti. Það getur vel verið t. d., að það komi til með að ganga yfir mig, ef sýslumönnum verður fækkað, en um slíkt þýðir ekkert að sakast. Það er meginatriðið og ég treysti því, að verði hafizt einhuga handa um þetta mál, þá verði þessi maður ekki ómagi á landinu, heldur muni starf hans bera ávexti til bóta og sparnaðar, og við munum ekki þurfa að sjá eftir því að fylgja þessu máli. Ef enginn vilji er fyrir því hjá stj. og Alþ. að spara, þá verður lítið ágengt. Ég tel það meira en lítið viljaleysi hjá þeim mönnum, sem ekki vilja gefa jáatkvæði þeirri tilraun, sem hér er gerð. Þó að erfiðlega fari, þá er ekki hundrað í hættunni, en hins vegar allar líkur til þess, að mikið gagn verði að því að stofna þetta embætti.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það hefði kannske verið rétt að láta það bíða til 3. umr. að gera þessar athugasemdir, þar sem ég þarf hvort sem er að láta eitthvað bíða, en mér þykir rétt að nota þetta tækifæri til að benda á, að það er ekkert óvenjuleg aðferð í málflutningi, og sízt hjá mönnum, sem um langa ævi hafa þurft á slíku að halda, að snúa sér frá umr., sem fyrir liggja, þegar þeir geta ekki svarað því, sem um er verið að ræða. Það gefst tækifæri til að ræða almennt um svoleiðis mál við 3. umr. þessa máls. Það kom til orða hér mál, sem gert var að árásarmáli á mig, þegar ég fór úr ríkisstj., og sýnir málið betur en flest annað, af hve miklu hefur verið að taka. Það er þá fyrst, að ég hafi búið til embætti í leyfisleysi. Þetta eru bara ósannindi. Það var samþ. hér á Alþ. að stofna embætti rannsóknardómara út af skattsvikum. Ég hygg, að það hafi verið rétt áður en l. voru staðfest af forseta, en eftir að þau voru alveg afgr. frá Alþ., að ég skipaði mann í embættið, sem hér um ræðir. Ég staðhæfi, að enginn muni geta haldið því fram, að hann hafi ekki verið hlutgengur í bezta lagi og allra manna líklegastur vegna mannkosta sinna til að rækja það starf með prýði. Hneykslið var það, að forseti var ekki búinn að undirskrifa l.

Þá vil ég víkja að öðru atriði, sem hæstv. ráðh. er að reyna að gera tortryggilegt og nota til árásar á mig, en það er leigan á Gutenberg. Það sanna í þessu máli er, eins og tekið er fram í bréfi, sem fyrir liggur, að ríkisstj. var öll sammála um þessa ráðstöfun. Það má svo hver dæma sem vill. Svo er verið að gefa í skyn eitthvert svindl í þessu máli, en í bréfinu er tekið fram, að stofnað skuli til samvinnufélags um reksturinn og í því félagi skuli allir vera, sem starfa við prentsmiðjuna, og leigan skuli vera til 10 ára gegn 5½% af verðmætum auk fyrningar, og þessi upphæð hefði orðið hærri en sá gróði, sem prentsmiðjan hefur skilað á sama tíma. En prentararnir áttu nýjar vélar, sem þeir ætluðu að setja í prentsmiðjuna, því að þeirra hugsjón var að gera þetta að fullkominni prentsmiðju, og þessu áttu þeir að skila öllu að 10 árum liðnum, en yngstu vélar prentsmiðjunnar munu vera síðan 1930. Auk þessa átti svo prentsmiðjan að prenta fyrir hið opinbera með beztu fáanlegum kjörum. Þetta leyfir ráðh. sér svo að tala um sem einhvers konar svindl af minni hálfu.

Þriðja málið, sem ráðh. bar mig sökum fyrir, var af sama tagi. Þar átti ég að hafa leigt Kleppjárnsreyki með óeðlilega góðum kjörum. En það voru nú Eggert Kristjánsson og Bjarni bíóstjóri, sem ég hafði selt þetta á leigu og með þeim kjörum, að ríkið gat sagt upp leigunni með 6 mánaða fyrirvara, það voru nú öll vildarkjörin. En hvað skeði svo, þegar sjálfstæðismenn tóku við? Jú, eftir tvo mánuði höfðu þeir sagt þessum leigusamningi upp, og nú leigðu þeir tengdafrændum sínum hluta af þessu landi og það ekki með sex mánaða uppsagnarfresti, heldur til 15 ára og með öllum hitaréttindum.

Ég hef nú borið af mér sakir, en vil að lokum aðeins minnast á, að mér þykir afstaða hv. þm. Dal. benda til þess, að hann sé samvizkuliðugur, því að þegar þetta mál kom fram, kvaðst hann ekki geta fylgt því nema misþyrma samvizku sinni, en ég vil óska honum til hamingju með að hafa öðlast sannfæringu. *(Forseti:* Þm. Str. fékk aðeins leyfi til að bera af sér sakir, en ekki til þess að bera sakir á aðra. — *HV:* Hæstv. forseti (ÞÞ) bar sakir á okkur, sem talað höfum á móti málinu, og því má svara.) Ég vil spyrja ráðh., hvað hann hafi gert til að framkvæma þáltill., sem samþ. var 1945, og hvernig geta þm. verið svo lítilþægir að samþ. þetta frv., meðan ekkert svar hefur fengizt og enginn árangur sést af því starfi, sem stj. var þá falið og veitt heimild til að framkvæma? Eða sér ekki hver maður, að með slíkri þáltill. hlýtur ráðh. að vera fengið vald til að gera eitthvað, án þess væri till. algerlega þýðingarlaus? Á síðasta Alþ. var gerð samþykkt um að fjölga ekki embættismönnum. Hvað hefur verið gert við þá samþykkt? Jú, embættismönnunum hefur verið fjölgað, og svo kemur ráðh. og segist ekki hafa heimild til þess að takmarka starfsmannafjöldann við innkaupastofnun ríkisins. Hvernig finnst þm. þessi málflutningur hæstv. ráðh.? Það er beinlínis samþ. á Alþ. 1948 að fjölga ekki embættismönnum frá því, sem nú er, en þó segist ráðh. ekki geta neinu ráðið um starfsmannafjölda hjá

innkaupastofnuninni. Af þessu geta menn raunar séð, hvaða alvara fylgir máli, þegar verið er að ræða um sparnað. Og við höfum líka eitt dæmi til viðbótar, því að einmitt á sama tíma og á að fara að spara, er lagt fram frv. um að taka stóran hóp manna á eftirlaun, sem eru hærri en launin, sem þeir nokkurn tíma höfðu, þegar þeir störfuðu. Skyldi það vera nokkurs staðar nema á Íslandi, sem boðið er upp á svoleiðis rausn. Og þetta er gert á sama tíma og fjmrh. talar um að spara og spara.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem fram hefur komið, að frv. væri aðgengilegra, ef þessi tilrauna-embættismaður væri ekki skipaður og allra sízt skipaður af forsetanum. Það tel ég, að væri óþarflega fast hnýtt, og heppilegra að gera þessa tilraun í krafti ráðherravaldsins, enda væri það eðlilegasta leiðin. Og í framhaldi af því leyfi ég mér að bera fram eftirfarandi rökst. dagskrá, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð deildin lítur svo á, að ráðh. hafi fullar heimildir til þeirra sparnaðarráðstafana og þess eftirlits með opinberum rekstri, sem gert er ráð fyrir í frv., og í trausti þess, að þær heimildir verði notaðar, telur deildin frv. óþarft og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fara að tefja þessa umr. með langri ræðu, en vil aðeins drepa aftur á það sama atriði sem ég minntist á við fyrri umr. málsins, þó að það sé ekkert höfuðatriði í málinu. Þetta atriði var nafnið á þessum eftirlitsmanni, sem frv. gerir ráð fyrir, að verði skipaður. Það er ekki vegna þess, að mér þyki ráðsmaður ljótt orð. Nei, síður en svo. Hitt ræður minni afstöðu, að mér finnst nafnið ekki svara starfinu, sem þessum manni er ætlað. Ég tel, að ráðsmennirnir okkar séu ráðherrarnir á hverjum tíma, en þessi maður verður eftirlitsmaður á vegum fjmrh. Ég vek máls á þessu af því, að ég tel það smekklegra, en er ekki á nokkurn hátt að smækka eða stækka þann starfsmann, sem frv. gerir ráð fyrir, að skipaður verði, enda ætti að vera auðskilið, hvað ég á við. Hitt, að ég hef ekki flutt brtt. um þetta, er allt annað mál og leiðir af því, að ég taldi rétt að hreyfa málinu fyrst og vita, hvort þessi breyting ætti fylgi að fagna í deildinni, en tel hins vegar ástæðulaust að bera fram brtt., sem kannske fengi eitt atkvæði eða tvö. Ég sé svo ekki þörf frekari skýringa á þessu, en hefði sem sagt talið eðlilegra og smekklegra, að þessi starfsmaður yrði nefndur skrifstofustjóri eða eftirlitsmaður heldur en ráðsmaður.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég veit ekki, hvort hv. þm. Str. stóð frekar upp til að bera af sér sakir eða bera á aðra sakir, en eftir ræðu hans að dæma virtist hann leggja meiri áherzlu á hið síðar nefnda. Hann sagði t. d., að ég hefði kallað sig svindil, en það hef ég ekki gert. Það, sem ég sagði, var aðeins það, að þessi þm. hefði í sinni ráðherratíð gert sig sekan um löglausa tilraun í sambandi við leiguna á Gutenberg og þar af leiðandi sæti það sízt á honum að ætla að gerast siðameistari í því, hvað ráðh. hefði heimild til í sínu starfi og hvað hann gæti ekki leyft sér. Og í sambandi við þetta leigumál á Gutenberg, þá þýðir ekkert fyrir þm. Str. að bera það af sér, því að það liggur fyrir, að hann hafði ekki samþ. ríkisstj. í heild fyrir þeim gerðum, sem stóðu til, og eru þingtíðindin til vitnis um það, þar sem Jakob Möller, sem þá var ráðh., segir: „Það er hreinn skáldskapur, að ég hafi nokkurn tíma samþykkt þennan leigumála." Og eitthvað virðist bogið við þá frásögn þm., að hann hafi ætlað að láta starfsmennina reka fyrirtækið, þar sem alveg var farið á bak við prentsmiðjustjórann, þrautreyndan og viðurkenndan starfsmann, enda var þessi prentsmiðja eitt bezt rekna ríkisfyrirtækið undir hans stjórn. Þetta liggur líka fyrir bréflega í rn. Um hitt atriðið, að þessi samningur hafi verið sérstaklega hagstæður fyrir ríkið, skal ég ekkert segja, það getur vel verið, en hitt liggur ljóst fyrir, að hann var gerður án heimildar, enda riftað, og ef sú riftun hefur verið ólögleg, eins og þm. lætur skína í, þá hefði verið auðvelt fyrir hlutaðeigendur að fara í mál. Þá hefði að minnsta kosti ekki átt að vanta málafærslumanninn, en það gerðu þeir ekki, sem ekki var von.

Umr. um þetta frv., sem hér liggur fyrir, eru í sjálfu sér athyglisverðar. Það er alltaf verið að tala um að spara og spara, en svo þegar lagt er fram frv. um að gera nú raunhæfa tilraun til að draga úr kostnaði við ríkisrekstur inn með bættu skipulagi og auknu eftirliti, þá rísa þessir sömu sparnaðarpostular gegn þeim ráðstöfunum og vilja á allan hátt setja fót fyrir frv. eða gera það svo laust í reipunum, að víst sé fyrir fram, að ekkert gagn verði að því. Það sem sagt kemur í ljós, að þessar sparnaðarhugleiðingar eru allar neikvæðar, ef mark má taka á þeim umr., sem hér hafa farið fram. . . . Það er ekkert ánægjulegt. Mig langar ekkert til þess að fjölga slíkum stofnunum. En mætti ég þá ekki snúa málinu við, svona rétt til reynslu, og spyrja hv. þdm., og þá sérstaklega efasemdamennina í þessu máli hér í hv. d., um það, ef svo til tækist, að það yrði góður maður í þessu starfi, — ég býst ekki við, að það yrði hægt að fá neinn sérstakan yfirburðamann, ekki neinn súpermann, en ef það réðist í þetta starf duglegur og samvizkusamur maður og ef hann beitti bara heilbrigðri skynsemi og ynni, hve mikið mundi þá ekki geta áunnizt í því að lagfæra í þessum efnum og færa til betri vegar? Ég þekki ekki til þess, að hér hafi komið fram jafneinlæglega neikvæðar athugasemdir í neinu máli öðru heldur en því, þegar um það er að ræða, að þessi maður eigi að fara að skipta sér af stofnunum og athuga, hvort megi fækka starfsfólki eða spara eða lagfæra eða því um líkt, allt þetta, sem hæstv. Alþ. og hv. fjvn. hefur í fleiri skipti brýnt fyrir þinginu að gera. En þegar eitthvað á að reyna í þessum efnum, þá kemur óttinn, þá kemur þessi feikna hræðsla fram. Og þá er um að gera að hafa þetta nú nógu losaralegt, og tóku bæði hv. 1. þm. N-M. og hv. 3. landsk. þm. mjög eindregið undir það. Hv. efasemdamönnum í þessu efni finnst um að gera að hafa þennan mann ekki of fastan í sessi og láta ekki forseta Íslands

skipa slíkan mann í embætti, — nei, það er allt of voðalegt, — heldur vilja þeir hafa embætti þessa manns nógu vesællegt og aðstöðu mannsins nógu veika. Að því er stefnt. Ég held nú satt að segja, að það yrðu ekki margir dugnaðarmenn, sem mundu verða hrifnir af því að vera settir í svona starf, sem svo losaralega væri um búið. Það getur vel verið, að það yrði erfitt að fá duglegan mann yfir höfuð til að taka þetta starf að sér, því að það er sjálfsagt rétt, sem komið hefur hér fram, að þetta yrði ekki á öllum stöðum vinsæll eftirlitsmaður, þessi eftirlitsmaður, sem settur væri af hálfu ríkisins. Hv. 1. landsk. þm. benti á þetta, og ég skal alveg við það kannast. En halda menn, að það væri þá ráðið til þess að gera hann öruggan og duglegan í starfinu að hafa hann aðeins settan, kannske til eins árs í senn eða nokkurra mánaða? Ég held þvert á móti. Ég held, að ef á að taka einhverja ákveðna stefnu í þessum málum til einhvers gagns, þá verði að láta þennan embættismann hafa nokkuð svipaða aðstöðu eins og aðrir embættismenn ríkisins hafa. Nú þykir hlýða, að forseti ríkisins skipi sýslumenn og aðra slíka. En hversu miklu fremur ætti ekki forseti ríkisins að skipa þennan mann, þótt þessi embættismaður starfaði undir einhverjum vissum ráðh. í stjórnarráðinu, sem ætti að hafa eftirlit með svo víðtækum rekstri eins og ríkið fæst við.

Ég ætla ekki að fara að lesa upp aftur það, sem ég las upp hér fyrr viðkomandi þessu máli, sem sýnir það, að þetta mál er ekkert annað en framhald af þeim framkvæmdum í þessu atriði, sem hæstv. Alþ. hefur viljað gera. Þetta er greinilega tekið fram í grg. frv. Og þó að vísa megi til þál., eins og hv. þm. Str. gerði, frá 1945, sem ekki hafi verið tekin fyrir í framkvæmd á öllum sviðum og í öllum greinum, þá er síður en svo, að það sé nein fordæming á því, þegar verið er að stíga raunhæft spor á þessu sviði eins og hér um ræðir í þessu frv., því að ég tel, að frv. grípi þó yfir það mikið, og sé það raunhæft spor, að margvíslegur og góður árangur gæti orðið af framkvæmd ákvæða frv. En hugsanagangur hv. þm. Str. virðist vera sá: Af því að ekki hefur verið gert það allt, sem fjvn. fór fram á eða fékk samþ. á sínum tíma í þessum efnum, ja, þá er ekki vert að gera neitt. *(HermJ:* Hvað af því hefur verið gert?) Núverandi fjmrh. hefur komið í veg fyrir margar starfsmannaráðningar. *(HermJ:* Sei, sei!) Vill hv. þm. lýsa það ósatt? *(HermJ:* Já.) Þá lýsi ég hann beran að ósannindum. Þó hann þykist vita allt og geti sagt öllum, hvar tunnan á að standa, þá veit hann ekki rétt í þessu máli. *(HermJ:* Ég veit a. m. k. um tunnuna, sem faktúran var í.) Já, hv. þm. Str. er búinn að hampa þessu máli um tunnuna svo, að það er tímabært, að það komi inn á Alþ. En sagan er jafnlogin, hvað oft sem blöðin hafa stagazt á þessu. *(HermJ:* Ég sá faktúruna, góði.) Það væri gott, að ég fengi að sjá hana. Framkoma þessa hv. þm. sýnir bara, að menn geta verið búnir að vera forsætisráðherrar landsins í mörg ár og strákurinn í þeim verið vakandi fyrir því. Hv. þm. Str. hefur látið sitt blað elta mig með ærumeiðandi rógburði í mörg ár. Og hv. þm. Str. getur bara beðið um frí frá þingmennskunni til þess að lögsækja mig, ef hann vill. Blað hv. þm. Str. er þess ljós vottur, að þar hefur verið stefnt að mér ekki pólitískum heldur ærumeiðandi árásum, og vopnaburðurinn þar er nú svona eins og mennirnir gerast, sem á vopnunum halda. Ég hef fengið að kenna á því af hálfu þessa hv. þm., sem einu sinni, þegar hann taldi, að ég hefði gert sér greiða, sagði við mig: „Ég veit ekki, hvort ég get launað þér þetta nokkurn tíma aftur.“ En ég held, að hann sé búinn að launa það ákaflega vel — í sinni mynt — og ég kvitta fyrir.

Þá eru það efasemdirnar, sem hv. 3. landsk. þm. er með, sem eru allar að því lútandi, að hann efast um, að ákvæði frv. verði að gagni, þótt samþ. verði. Við getum alltaf sagt það, að ef menn vita fyrir fram, að sú tilraun, sem hugsað er að gera, fari illa, þá eigi ekki að fara lengra út í það mál. En í þessu efni tel ég, að menn viti ekki fyrir fram, að það verði gagnslaus sú tilraun, sem hér er hugsað að gera, að hér sé settur maður til þess að annast þetta sérstaka verk.

Ég vil þá koma að því, sem kannske mundi hafa verið talið aðfinnsluvert, sem sé hvaða háttur hefur verið hafður á undirbúningi þessa frv. Ég hef þar ekki farið fram í neinni pólitískri hlutdrægni. Ég staðhæfi, að ég hafi farið alveg rétta leið í því. Hv. 3. landsk. þm. sagði, að ráðh. gætu þetta og gætu hitt og þeir ættu að vita þetta og vita hitt. Þetta má vel segja. En ég vil leyfa mér að segja, að ráðherrar, sem koma og fara, sumir eftir stuttan tíma, aðrir eftir lengri tíma, þeir eru miklu verr að sér oft, a. m. k. fyrst í stað, í öllum gangi ýmissa mála heldur en þaulæfðir starfsmenn stjórnarráðsins og þá einkum þeir, sem eru hærra settir starfsmenn. Ég er t. d. ekki viss um, hvort hægt væri að benda á þann ráðh., sem nú er í rn. eða hefur verið — kannske þeir hafi verið til —, sem hefur þjálfaðri þekkingu á hinum fjölþættu málum í stjórnarráðinu heldur en t. d. núverandi skrifstofustjóri í atvmrn., Gunnlaugur Briem. Ég held, að það viðurkenni allir, að hann hafi svo fjölþætta yfirburði á þessu sviði, að það hefði sannarlega verið heimskulegt af mér að ganga fram hjá starfskröftum eins og honum í þessu efni. En ég fékk fleiri til að undirbúa frv. þetta heldur en hann. Ég fékk skrifstofustjórana í fjmrn. og félmrn. einnig til þessa undirbúnings og ríkisbókarann og forstöðumann endurskoðunarstofnunar ríkisins. Ég fékk þessa menn alla til þess að bera saman bækur sínar og það þá um að vera ráðunauta ríkisstj. í þessu máli. Sumir þeirra hafa líka fengið kvittun fyrir í blaði hv. þm. Str., eins og t. d. skrifstofustjórinn í fjmrn. Það eru þakkirnar, sem hann fær á opinberum vettvangi fyrir það, að hann hefur lagt á sig aukavinnu til þess að ráða fram úr því vandamáli, sem hér er og hefur verið á ferðinni. Og svo að ég noti orð, sem hv. þm. Str. var hér með í fyrradag, þegar hann var að tala um gamlan sjúkdóm einhvern, þá er þetta gamall sjúkdómur, sú ýmiss konar ofþensla, sem orðið hefur í ríkisrekstrinum og umbúðum í kringum hann. Og þessir menn, sem ég nefndi, að unnið hefðu að samningu þessa frv., hafa komið með till. til úrbóta í þessum efnum, og eru till. þeirra hér í þessu frv. Það er ekki mitt orðalag á frv.,

en það hefur verið borið undir mig. Og ég hef rætt það við undirbúningsnefndina og við ríkisstj. Og í trausti þess, að ríkisstj. væri því samþykk, lagði ég það fram, eða ekki vitandi um annað. Blað hæstv. forsrh. nefndi þetta frv. „skeleggustu tilraunina" til þess að koma á lagfæringu í þessum efnum. *(SÁÓ:* Það er ekki rétt. Það orð var aldrei notað.) Ef hv. 1. landsk. þm. les sitt blað, held ég, að hann komist ekki hjá því að sjá þetta orð. Ég a. m. k. skal, þegar þessi umr. einhvern tíma endar, með ánægju *sýna honum* blaðið, þar sem þetta stendur prentað. Og mennirnir, sem störfuðu að þessu, voru þjálfuðustu starfsmennirnir í stjórnarráðinu. *Þeir eru, að ég held, af öllum stjórnmálaflokkum.* Ég veit reyndar ekki, hvort kommúnistar eiga nokkur ítök í þeim. En a. m. k. eru þeir starfsmenn taldir vera innan Alþfl., Sjálfstfl. og Framsfl., svo ég verð ekki með réttu sakaður um það, að ég hafi farið einhliða í þetta mál, frá pólitísku sjónarmiði, enda var það fjarri minni hugmynd. Þessir menn hafa svo lagt fram sína krafta. Og einn þeirra nm. hefur fengið viðurkenningu hv. þm. Str. á prenti. Og þessir menn leggja nú til, að þessi leið verði farin, sem í frv. er stungið upp á, til úrbóta í þessum efnum. Ég vil nú segja, og jafnvel við þá, sem hafa verið fleiri ár ráðh., eins og t. d. hv. þm. Str., — skyldi það nú vera, að þessir menn, sem undirbjuggu frv., sem alltaf eru nú við rekstur inn og fjalla um öll málefni ríkisins, skyldi það nú vera, að þeir sjái verr heldur en ráðherrar, sem eru kannske stuttan tíma ráðh., hvað gera beri í þeim efnum, sem frv. fjallar um? Ég a. m. k. set mig ekki á það háan hest, að ég telji mig hafa betur vit á gangi og rekstri mála í stjórnarráðinu heldur en þessir skrifstofustjórar og endurskoðandi ríkisins og ríkisbókari, sem eru í n. Hv. þm. verða því að gæta að því, — þótt þeir kannske af pólitískum ástæðum vilji gera lítið úr þessu frv. *mín vegna,* — að með því að gera lítið úr frv. er verið að varpa steini a. m. k. að þessum ágætu mönnum með aðfinnslum við frv., *sem hafa lagt sig í líma til* þess að athuga sparnaðartill. í stjórnarráðinu þann tíma síðan þeir tóku þar við störfum að þessu.

Hv. 3. landsk. þm. sagði réttilega: Ef maðurinn er ekki — ráðsmaðurinn, sem menn nefna öðru nafni — er ekki nógu duglegur og óháður öllum, er ekki líklegt, að hann komi að gagni í starfi sínu. Ég er mjög á sömu skoðun og get fullyrt, að þessir nm., sem ég talaði áðan um, eru einnig á sömu skoðun í þessu efni. Þeir vildu jafnvel hafa hann enn þá óháðari en gert er ráð fyrir hér í frv. En það er vitaskuld gefið, að það verður ákveðinn ráðh. að bera ábyrgð á manninum. Og það er einmitt það, sem veitir svona manni, sem vinnur starf, sem er ekki sérlega skemmtilegt eða vinsælt, styrk, að hann sé ekki allt of háður. Og sú hugsun lá á bak við það hjá nm., er þeir lögðu til, að hann væri skipaður af forseta ríkisins. Slíkur maður hefur aðra aðstöðu en fulltrúi stjórnarráðsins, sem sendur er hér og þar í þetta og þetta skiptið af sínum ráðh. — Þetta, sem ég tók fram, sagði hv. 3. landsk. þm. réttilega. Og þar finnst mér hann **koma alveg í mótsögn** við þær mótbárur hv. þm. Str., að þetta verk geti eins vel verið innt af hendi af einhverjum fulltrúa ráðh., eins og hann hefur alltaf haldið fram. En það kemur nú meira í mótsögn við það, þegar hv. 3. landsk. þm. segir svo á næstu stundu, að maðurinn eigi helzt að vera settur, en ekki skipaður. Ég ætla, að það þurfi ekki orðum að því að eyða, að settur maður í einhverju starfi hefur ekki sömu aðstöðu eða finnur ekki, að hann hafi sömu aðstöðu eins og sá, sem er skipaður. Annars er það satt að segja alvanalegt hér á Alþ., að það eru borin fram frv., sem hafa það í sér fólgið, að það eigi að skipa formann og forstjóra í einhver mál, án þess að það sé á fyrsta stigi málsins *jafnvel farið að krefjast þess,* að það sé einhver sérstakur háttur hafður á um það, hvernig hann er settur til starfa.

Út af *fyrirspurn* hv. 3. landsk. *þm. um fjölgun* eða fækkun starfsmanna í stjórnarráðinu, vil ég segja það, að það liggur á þessu stigi málsins *fyrir utan þessar umr.* Ég ætla ekki að fara að tíunda hér um fólk í stjórnarráðinu. Ég hef það alls ekki svo í höfðinu heldur, að ég geti leyst úr hans spurningu um þetta, *enda er það hlutur,* sem ekki snertir beinlínis afgreiðslu þessa máls, sem fyrir liggur. Það er náttúrlega mjög interessant að vita, hve margir starfa í hverju rn., og það getur hv. 3. landsk. þm. fengið að vita hjá hv. fjvn. Þar er skrá yfir það.

Ég hef lýst því einkennilega fyrirbæri, sem kemur hér fram í sambandi við þetta sérstaka mál, sem fyrir liggur, og það frá þessum ágætu hv. þm., þessum einstaka ótta um, að málið verði gagnslaust. Þessi ótti er jafnvel svo rammur, að málið má að dómi þessara óttaslegnu manna helzt ekki ná fram að ganga, af því að ekki sé fyrir fram hægt að tryggja, að þessi maður, sem hér er stefnt að að setja í þetta starf, sem um er að ræða, verði fyrst og fremst nógu nýtur og duglegur og í öðru lagi standi svo vel í starfi sínu, að starfið beri ríkulegan ávöxt. Ja, þetta munu menn nú alltaf hljóta að eiga á hættu um mann, sem skipaður er í starf, og það *frá byrjun.*

Hv. 1. þm. N-M. var eitthvað hálfargur yfir því, að ég hefði ekki svarað spurningum, sem *hann setti hér fram.* Það er alveg rétt — ég sagði utan deildarinnar, að það væri ekki mitt og ég hefði ekki með höndum að undirbúa frv. *um réttindi og skyldur embættismanna,* það væri til annars ráðh. að snúa sér í þessu efni. Ég held, að það hafi verið forsrh., sem á sínum tíma fékk mann í það starf, *og* það er vitanlega þessi embættismaður, sem á að ganga eftir því, að starfið sé unnið. — Þá var hv. 1. þm. N-M. að spyrja um þessa reglugerð, sem sett var og undirskrifuð af þáverandi ráðh. um starfstíma og launakjör starfsmanna ríkisins. Hv. 1. þm. N-M. spurði mig að því, hvort ég vildi breyta henni. Hér er því til að svara, að í þessu efni munu ekki mínar óskir eða minn vilji vera að fullu ákvarðandi um þessa reglugerð. Ég er ekkert ánægður með hana. Hv. 1. þm. N-M. getur vel trúað því. Mér þykir hún ekki vera til neinna bóta. En var það ekki þannig, að þessi reglugerð væri sett á með eins konar samningum við hópa af starfsmönnum? Og hafi það verið, sem ég er ekki alveg viss um, en mér

leikur grunur á, þá geri ég ráð fyrir, að það sé ekki á a. m. k. eins ráðh. færi að breyta henni, og slík breyt. teldist þá líklega brot á gerðum samningi. Ég fullyrði ekkert um þetta, en ég segi þetta með fyrirvara. Hitt er allt annað mál, að ég væri þess mjög fýsandi, að þessari reglugerð væri breytt, því að ég tel alveg óþarflega stuttan þann vinnutíma, sem starfað er í opinberum skrifstofum.

Þegar frá eru dregnir allir útúrdúrar um þetta mál, þá virðist mér, að sá lærdómur, sem draga megi af því, hvernig hv. þm. úr stjórnarflokkunum hafa tekið málinu, vera sá, að það sé hollast fyrir t. d. fjmrh. að fylgjast með straumnum, tala vel og fagurlega á Alþ. og mannfundum um þörfina á því að færa saman ríkisreksturinn og nauðsynina á að spara o. s. frv., og jafnvel skrifa greinar um þetta í blöð, en það sé á hinn bóginn stórhættulegt, ef menn eigi ekki að baka sér stórkostlegar óvinsældir, að maður í ráðherrastóli stígi nokkurt verulegt spor í þessum málum í framkvæmdaátt, til þess að reyna að koma einhverju til vegar varðandi þetta, sem menn eru alltaf að biðja um, að það sé fært saman í ríkisrekstrinum og sparað. Menn einblína hér á það, að það eigi að stofna ný embætti í þessu skyni, jú, og með starfsliði, segir hv. 3. landsk. þm. Það er rétt, það er gert ráð fyrir einhverju starfsliði, það getur verið, að það verði ein eða tvær stúlkur eða ein stúlka og einn maður. Það er strax starfslið. En hér er vissulega ekki það mál á ferð, að það sé ástæða til að mikla það svo mjög fyrir sér, eins og hér eigi að koma einhverju bákni af stað. Langt frá. En ég játa, að það þarf sérstakan, ötulan forstöðumann til þessa. Og það á að snúa sér að þessu. — Þetta er nú sá lærdómur, það, sem ég nú hef greint, sem mér virðist, að megi draga af ræðum hv. þdm. hér í þessari hv. d. gagnvart þessari tilraun, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sem fyrir liggur. Og það má mikið vera, ef aðrir, sem nú heyra og síðar meir fregna af þessu máli, finna ekki til þess, að það er á dálítið einkennilegan hátt, sem frv. þessu um eftirlitsmann með hinum fjölmörgu ríkisstofnunum er tekið í þessari hv. d.

Nú hefur hv. 3. landsk. lagt fram rökst. dagskrá. Ég hef nú áður látið í ljós þá skoðun, að hvorki þál. né aðrar ályktanir en lög séu fullnægjandi í þessu efni, enda eru víst allir sammála um, að löggjöf og ályktanir Alþ. í öðru formi séu sitt hvort.

Þetta er það, sem ég hef að segja að svo komnu máli um þetta. Ég þyrfti í sjálfu sér ekki að harma það hlutskipti, ef ég ætti eftir að verða fyrir svo mikilli andúð hv. deildar fyrir þessa till., að mín teldist ekki lengur þörf í opinberri þjónustu. Ég kysi miklu fremur að hverfa burt við þann orðstír, að ég hefði virt einróma samþykktir Alþ. í þá átt að koma á raunhæfum sparnaði og eftirliti með ríkisrekstrinum og að ég hefði tekið mér til aðstoðar reyndustu sérfræðinga til þess að undirbúa formlega löggjöf í þessu efni, að ógleymdum hv. 1. landsk. og hv. 1. þm. N-M., sem eru ólastanlegir liðsmenn í mörgum greinum, þótt þeir séu ekki í þessu efni á sömu skoðun og ég. Fyrir þetta er ég mjög fús að taka minn dóm af þessari hv. þd. Ef það dæmist, að það sé hættuspil og flasfengni að leggja út á þessa braut á þennan hátt, þá er ég reiðubúinn að taka við þeim dómi. Ég hef, auk þess að hafa staðið í þeirri trú, að ég hefði þingviljann og samþykkt síðasta Alþ. mér að baki, haft samráð um þetta við hina ráðherrana, og er því fúsari til að hlíta dómi hv. deildar.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa verið langar og harðar, og ég ætla ekki að fara að lengja þær með því að blanda mér þar inn í. Ég vil aðeins segja nokkur orð til þess að gera grein fyrir atkv. mínu. Það hefur verið deilt um það hér, hvort veita þyrfti ráðh. lagaheimild, eða hvort hann hefði vald til að gera þær ráðstafanir, sem hér um ræðir, án þess. Ég er ekki lögfræðingur og skal ekkert um þetta segja, en það hefur margsinnis komið fram í umr. hjá hæstv. ráðh., að hann telur sig ekki hafa þetta vald. En úr því að svo er, og hvað sem líður heimild ráðh. að öðru leyti án lagasetningar —, þá virðist mér allir geti verið sammála um það, að heppilegt væri, ef með þessu móti yrði unnt að skapa eftirlit með rekstri ríkisins og stofnana þess, þar sem það hefur aldrei verið svo brýn nauðsyn sem nú. Og ef ráðh. telur sig ekki hafa heimildina án laga, þá vil ég fyrir mitt leyti greiða þar atkv. með. Þeirri dagskrártill., sem hér er fram komin, sé ég mér því ekki fært að greiða atkv.

Annars er ég sammála þeim mörgu, sem hér hafa talað, um það, að ekki sé mikils árangurs að vænta í þessu efni, ef ekki tekst vel til um val á manni í þessa stöðu, og ég vil skora á hæstv. ráðh. og ríkisstj. að vanda það val sem bezt. Í þessa stöðu þarf að veljast atkvæðamaður, sanngjarn og réttlátur, og það er engan veginn vandalaust að finna hann; en ég hef þá trú, að það megi takast, og greiði atkv. í því trausti.

Hér hefur verið talað um reglugerðina fyrir opinbera starfsmenn, sem sett var fyrir nokkrum árum. Ég er sannfærður um, að með henni hafi verið stigið stórt spor aftur á bak og hinn ákveðni starfstími sé langt fyrir neðan það, sem ég tel hæfilegt. Það er ómögulegt að ætlast til þess, að launalægstu stéttirnar taki vel þeim kjaraskerðingum, sem nú eru nauðsynlegar, ef kjör þeirra eru ósambærileg við kjör annarra atvinnustétta. Mig minnir, að þegar launalögin voru sett 1945, væri síður en svo gert ráð fyrir, að vinnutíminn yrði styttur, og hvernig sem þessi reglugerð er nú til komin, — en á því virðist leika nokkur vafi, — þá tel ég fulla þörf á að breyta þessari reglugerð og lengja vinnutímann.

Ég heyri oft talað um óstundvísi opinberra starfsmanna. Eftirlit í því efni mundi koma í hlut þessa manns, og ég vona, að slíkt mundi ekki líðast, eftir að hann væri tekinn til starfa. Þetta getur beinlínis orðið sumum mönnum hvöt til að treina sér verkin í vinnutímanum til þess að fá svo aukavinnu. En slíkt má ekki líðast. Og mér dettur í hug samtal, sem ég átti við mann, sem kunnugur er í Ameríku. Hann telur, að ef einhver starfsmaður komi þar of seint til vinnu, þá sé sá tími dreginn frá við reikningsuppgjör eða hann sé látinn vinna hann af sér. Þetta

fyrirkomulag tel ég til fyrirmyndar. Ég vil að lokum endurtaka það, að ég mun greiða þessu frv. atkv. mitt, en mun ekki sjá mér fært að greiða atkv. með dagskrártillögunni.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að lengja hér umræður, en þykir þó rétt að segja nokkur orð. Hæstv. ráðh. skýrði hér rétt frá undirbúningi þessa máls. Ég hef heldur aldrei sakað hann um að búa þetta til né álasað honum fyrir það, þótt hann féllist á skoðanir þeirra mætu manna, sem að frv. stóðu. Þar eigum við, þessir þrír þm. sem settir vorum inn í sparnaðarnefnd, ekki stafkrók í, enda gat hv. 1. þm. N-M. þess, að brtt., sem hann vildi gera, hefði ekki komizt fram. Hann og hv. þm. Borgf. töldu sig þó fylgjandi frv. í meginatriðum, en það er ég ekki. Nú er mér vel kunnugt, hver er aðalkjarni hugsanagangs þessara manna, en mun þó ekki draga þá hér inn í umr., og ég fyrir mitt leyti vildi ekki fallast á þá skoðun. Ég hef sagt hér, að það vald, sem gert er ráð fyrir að fá þessum manni, sé ekki í samræmi við það demokratíska vald, sem ríkir í þessu þjóðfélagi. Það á að leggja á eins manns vald, hvort einhver maður er í starfi eða ekki, og þessu valdi yrði fyrst og fremst beitt gegn þeim, sem eru minni máttar. Sá maður, sem í þetta veldist, mundi ekki geta beitt valdi sínu gegn hinum hæst settu, þeim, sem sætu í hæstu stöðunum. Það eru til menn í embættum, sem hafa verið og yrðu þolaðir, enda þótt það ætti að vera búið að reka þá, og við þekkjum þess sorgleg dæmi. En gegn þeim, sem minni máttar væru, yrði þessu valdi beitt. Og það ætti að vera hægt að framkvæma almennt eftirlit án þess, að svona valdsmaður kæmi til skjalanna. Það mætti nota sér hvers konar véltækni miklu betur í fyrsta lagi. Og í annan stað mætti sjá um, að gætt yrði meiri stundvísi, og væri eðlilegt að fela það skrifstofustjórunum eða fulltrúum þeirra. Ég hef verið verkstjóri í 13 ár, og sá maður, sem ekki kom í tæka tíð, fékk ekki vinnu þann daginn. Óstundvísi einkennir allt of mikið íslenzkt þjóðlíf, og það er jafnvel líka í einkarekstrinum. En góð verkstjórn getur kippt þessu í lag.

Ég skal svo fara nokkrum orðum um reglugerðina. Við höfum oft um hana rætt í fjvn. Eftir því sem ég veit bezt, var hún sett með fullu samkomulagi, ef ekki bundnum samningum við *Bandalag starfsmanna ríkis og bæja*. Ég skal engan dóm á það leggja, hvort þar hefur verið gengið of langt, en mín skoðun er sú, að starfsmenn ríkisins hér ættu að sitja við sama borð og slíkir starfsmenn annars staðar á Norðurlöndum, eins og það er ýmislegt annað í okkar þjóðlífi, sem á marga lund er sniðið eftir því, sem þar tíðkast. Nú veit ég ekki nákvæmlega, hvernig þessum málum er þar háttað, en hitt er mér tjáð, að stundvísi sé þar höfð í heiðri og þar líðist engum að fara frá starfi fyrr en klukkan slær.

Hv. 1. þm. N-M. getur vottað það, að eitt af því, sem kom upp í nefndinni, var sú ósk, að n. fengi að sjá frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það fékk n. aldrei og gat því ekki myndað sér skoðanir um það né mótað það.

En þessu frv. er ætlað að fyrirbyggja, að ekki sé um vinnuhætti eins og vera ber. Ég veit ekki, undir hvaða rn. frv. fellur, en eins og hv. þm. er kunnugt, hefur það ekki komið fram enn. En með slíkri löggjöf mundi mikið vinnast. Hins vegar er hér gripið í öfugan enda.

Ég skal nú ekki fara um þetta mörgum orðum, en ég efast um, að hægt verði að finna mann með þá sterku réttlætistilfinningu og alhliða þekkingu, sem þessi maður þyrfti að hafa. Það er gert ráð fyrir, að hann hafi 12 þús. kr. grunnlaun, þó að það sé vitað mál, að stór hluti manna geti varla lifað af því mannsæmandi lífi. Og ég efast um, að nokkur maður fengist í þetta embætti fyrir þessi laun. Allir, sem í þessu kerfi eru, hafa alls konar launauppbætur. Svo er það enginn einn maður, sem getur annazt þetta, hann yrði að hafa menn í þjónustu sinni. Stofnanirnar eru svo margar í Rvík. einni, að hann kæmist ekki yfir það á einu ári að fara í gegnum þær. Hann þyrfti því töluvert starfslið. Og ég hef ekki trú á, að þetta svaraði kostnaði.

Það skal ég virða við hæstv. fjmrh., að hann hefur valið heiðursmenn til að athuga þetta, sem ég þekki alla að góðu. En þeir gera till. til sparnaðar, sem ekki eru byggðar á nógu mikilli íhugun og ég get ekki að öllu leyti fallizt á. Og í fjvn. hefur sama skeð — og ég hef viljað standa með flestum till. fjvn., sem hún hefur lagt til til sparnaðar. En fjvn. sagði: Skerið meira niður, skerið meira niður! Sparnaðarnefnd er ekki dómbær á þetta! Svona leggja menn misjafnt upp úr mönnum eins og þessum. *(Fjmrh.:* Læknum ber ekki alltaf saman um, hvað beri að gera við sjúklingana.) Það er rétt. Ég óttast, að það fari svo, þar sem líkur eru til þess, að þetta mál hafi meiri hl. hv. þm. með sér, að reynslan verði að tala sínu máli um það, hvort þeir vinna fyrir sér þessir menn. Þetta hlýtur að kosta nokkurt fé. — Ég hef aldrei deilt hér á hæstv. fjmrh., þó að hann hafi sýnt þetta frv. hér. Ég met hans viðleitni í þessu máli í því að reyna að finna leiðir til sparnaðar. Hins vegar eru okkar sjónarmið um aðferðina til þess svo gerólík. Og ég endurtek það, að ég álít, að sparnaðarnefndin, sem nú situr, eigi að halda áfram sínu starfi. Mér er sagt, að hv. 1. þm. N-M. sé að hnýsast í þetta með n. Og hann leggur þar sjálfsagt til góð ráð.

Þó að hæstv. fjmrh. hafi talað undir rós, skildist mér, að hann mundi vilja líta svo á, að það væri óbeint vantraust á honum í hans embætti, ef þetta frv. væri fellt, — ég veit ekki, hvort ég átti að skilja hæstv. ráðh. svo. Á því mun nú ekki vera mikil hætta, að frv. verði fellt. En þó að ég greiði atkv. með dagskrártill., ber það ekki að skilja sem vantraust á hæstv. ráðh., heldur mun ég greiða þannig atkv. út frá því sjónarmiði, að ég hef ekki trú á þessu fyrirkomulagi. Mér þykir þar kenna einræðis. M. ö. o., það vald, sem þessum manni er gefið, er ekki í samræmi við það fyrirkomulag, sem okkar demokratiska þjóðfélag byggist á, að einn maður geti ráðið yfir lífi og limum manna, ef það mætti orða það svo, hvort þeir fá að starfa eða ekki. Og svo er hins vegar sá kostnaður, sem af þessu leiðir, sem ég óttast, að verði svo mikill, að það, sem sparast við þetta, svari ekki kostn-

aðinum. Hins vegar mundi einhver kostnaður af því verða, ef hæstv. ráðh. vildi senda út af örkinni einhvern sinna trúu þjóna til þess að kynna sér ástandið, en sá kostnaður yrði miklu minni en af því, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv. Og að síðustu, þar sem vitnað er í þál. frá 1945 og talað er um að framkvæma þann vilja, sem þar kemur fram, um það vil ég segja það í fyrsta lagi, að þó að það sé nokkuð skýrt fram tekið í þál., hvað gera beri, þá segir þál. náttúrlega ekkert um það, í hvaða formi þetta skuli gert, þannig að þeir, sem voru með því á þeim tíma að samþ. hana hér á Alþ., munu að sjálfsögðu geta haft fyrirvara um það, hvernig þessar ráðstafanir skuli vera og hvort þeim líka þær eða ekki. Í öðru lagi eru nú nokkur ár liðin síðan 1945, og á þeim tíma vitum við, að ekkert hefur verið gert í þessum málum. Við skyldum ætla, að árið 1946 hefði komið einhver slík ráðstöfun eins og þingið 1945 gerði samkv. þál. ráð fyrir. En svo varð ekki. Það er ekki fyrr en árið 1949, að menn fara að hugsa um að gera slíkar ráðstafanir. Það má vel vera, að mönnum hafi fundizt, að ekki þyrfti að spara. En nú þarf að fara að spara. Ég vil bara benda á, að það þarf að vinna sömu verkin fyrir þjóðfélagið framvegis og á undanförnum árum. Og þá þarf að meta það, hvort það sé of margt starfsfólk við þessi verk til þess að vinna þau. Menn tala um skriffinnsku hjá okkur. En hún er afleiðing okkar þjóðskipulags. Og hér á Alþ. rignir t. d. fyrirspurnum í tugatali, og eitthvert rn. á að svara hverri þeirra. Og það eru fleiri menn í rn., sem dag eftir dag eru að leita uppi heimildir til þess að svara þessum grúa af fyrirspurnum, sem koma fram hér á Alþ. og eftir skipun þingsins ber að svara. Þetta er mikið starf og skriftir, svo að jafnvel þeir, sem að þeim vinna, sjá ekki út úr þeim störfum, sem á þá hlaðast. Svo tala menn um, að það eigi að spara. En þingið sjálft bara ýtir undir þessi feikilega auknu störf.

Nú hef ég aldrei látið í það skína, að ég vildi ekki við hafa allan skynsamlegan sparnað fyrir ríkisins hönd. En ég gæti haldið langa ræðu, ef mér þætti við eiga, um það, hvar ekki er við hafður sparnaður í útgjöldum ríkisins. Það er ekki leitað á þeim stöðum, þar sem mætti spara. Ég hef heyrt talað um það hér af hv. þm., að á eftirlaunaskrá sé hópur manna, sem hafi betri laun en meðan þeir voru í fullu fjöri að starfa. Það er kannske ekkert athugavert við þetta. Ósamræmið í eftirlaunagreiðslum, sem Alþ. fjallar um, er svona ógurlegt. Ein ekkjan hefur kannske 6—10 þús. kr. í eftirlaun í grunnlaun, en önnur 490 kr. *(Fjmrh.:* Þetta ber fjvn. að athuga. — *GJ:* Fyrst hæstv. fjmrh. — *HV:* Það er nefnilega spurningin, hver eigi að hengja bjölluna á köttinn.) Ég býst ekki við, að hinn svokallaði ráðsmaður ríkisins mundi verða látinn fjalla um þessi mál. En hins vegar sé ég, að ýmsir póstar í ríkisapparatinu eru svo viðkvæmir, að það má ekki tala um þá, því að það snertir þá betur launuðu í þjóðfélaginu, marga hverja. — Það er líka talað um aukastörf. Maður situr í 35 þús. kr. launa embætti. Hann fær annað starf við hliðina á því, sem hann fær 23,5 þús. kr. fyrir. Það er ekki verið að tala um, hvort eigi að spara í svona tilfellum, þegar verið er að tala um að krukka í eina skrifstofustúlku eða einn skrifstofumann. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því, að ég trúi ekki á það, hversu góður og duglegur maður sem er að verki sem ráðsmaður ríkisins, að hann fari inn á þau svið, sem sérstaklega þarf að tala um sparnað á í okkar þjóðfélagi.

Ég held, að ég hafi þá gert nokkra grein fyrir því, hvers vegna ég trúi ekki á þetta skipulag, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv. að setja upp. Þess vegna er ég á móti samþykkt frv., en það ber ekki að skoða sem vantraust á hæstv. fjmrh.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er í alkunnri barnasögu sagt frá því, að mýsnar hafi eitt sinn komið sér saman um, að það væri þjóðráð til þess að afstýra hættu í þeirri fjölskyldu að hengja bjöllu á skrambans köttinn. — Mér finnst á sinn hátt nokkuð svipað vera hér til umr., sem sé að það eigi að reyna að fá einhvern til þess að hengja bjölluna á köttinn. Það eru ýmsir hér í hv. d., sem segja, að ráðh. hafi vald til þess, hann geti staðið fyrir fækkun embætta og því að færa saman ríkisbáknið og hann geti gengizt fyrir bættum vinnubrögðum við ríkisstofnanir. En hann sagði: „Ekki ég.“ Hann setti sparnaðarnefnd á laggirnar, og hún hefur átt að gera eitthvað í málinu, en hún ekur sér og segir: „Ekki ég — við skulum búa til frv. um þetta.“ Og það er búið til frv. og gert þar ráð fyrir því, að settur sé ríkisráðsmaður, sem eigi að hengja bjölluna á köttinn. En ég er bara ekki viss um, að ráðsmaðurinn, þó að hann verði búinn til, geri það. Ég er hræddur um, að hann aki sér líka og standi ekki fyrir niðurskurði embætta eða fækkun þeirra.

Þegar ég hlustaði á hæstv. fjmrh. áðan tala um, hversu vel þetta frv. væri undirbúið, varð ég hissa. Hér höfðu menn ekki látið neitt í það skína, að menn væru á móti frv. af því, að þeir héldu, að það væri samið af hæstv. fjmrh., enda hygg ég það engra manna ætlan að snúast gegn frv. af persónulegri afstöðu til hæstv. fjmrh. En þó að frv. sé máske ákjósanlegt í alla staði og vel vandað um samningu og gert af færum mönnum, þá er það samt svo, að þegar n. hér fjallaði um málið í þinginu, þá var afstaðan þannig í n. til málsins, að enginn nm. var eindreginn með málinu. Allir voru fjhn.-mennirnir með efasemdir og sumir alls ekki meðmæltir frv. Og síðan hefur komið í ljós undir umr., að það er ekki aðeins fjhn., sem er efagjörn um, að þetta leiði til sparnaðar, heldur og margir hv. þm. þessarar hv. d. Og það er af þessu, sem menn hafa rætt lengi og stundum hart á móti frv. Það hefur ekki haft á sér neinn pólitískan óvildarblæ gagnvart hæstv. fjmrh. Og ég er sannfærður um, að þetta mundi leiða til einnar allstórrar, umfangsmikillar og dýrrar ríkisstofnunar í viðbót við allar aðrar ríkisstofnanir, sem fyrir eru. Og ég efast stórlega um sparnað af þessu. Ég held, ef menn meintu, að það ætti að taka upp sparnað á rekstri þjóðarbúsins, þá ætti að byrja ofan frá með því að fækka ráðherrum. Ég er sannfærður um, að þetta þjóðfélag stæðist eins vel, þó að ekki væru hér nema fjórir eða fimm ráðherrar. Og næst hygg ég, að

núverandi stjórnarskrárnefnd, sem búin er að hanga hér í nokkur ár, að annarri dauðri, sem á undan var, hún ætti að leggjast niður. Og síðan hygg ég, að það ætti að leggja til, að þingmönnum væri fækkað úr 52 niður í 36 og í staðinn fyrir að þingið væri tvær deildir, skyldi það vera ein deild, og síðan væru settar fram kröfur um, að fækkað væri starfsmönnum við önnur opinber störf. En meðan ekki er byrjað svona, þ. e. a. s. ofan frá, hef ég enga trú á því, að það verði að framkvæmd þau fögru loforð, sem standa í þessu frv.

Einn hv. þdm. hefur reynt að gera sér grein fyrir, hvernig þetta yrði í framkvæmd, þannig að ráðsmaður ríkisins mundi taka að sér starf í þessu og hinu embætti og vera mánuð á hverjum stað og gefa viðkomandi embættismanni frí á meðan. En hvað mörg ár yrðu liðin, þegar hann væri búinn að vera einn mánuð á hverjum stað og búinn að fara þannig hringinn og kominn aftur í fyrsta embættið, sem hann hefði verið í? Og kannske ætti hann þá að vera annan mánuð að gera sínar till. og athugasemdir. Ég er hræddur um, að það yrði seinvirkt apparat, ef þessi ráðsmaður ætti að hafa eina stúlku á skrifstofunni sér til aðstoðar. Hún ætti þá kannske að sitja ein í þessari deild stjórnarráðsins, á meðan ráðsmaðurinn væri í eftirlitsferðum sínum. Og hvað ætti þá þetta skrifstofuapparat að starfa á meðan? Nei, það þyrfti fleiri menn til þessa starfs en einn mann og eina skrifstofustúlku. Og hvers konar alfræðiorðabók þyrfti þessi embættismaður að vera, ef hann á að fara að vera kannske sýslumaður einn mánuð, sennilega þá landlæknir annan mánuð o. s. frv. *(Fjmrh.:* Það stendur ekkert um þetta í frv.) Þetta voru hugleiðingar eins hv. þdm., sem nú er í forsetastóli hér í hv. d., og það bendir á, að þegar menn fara að gera sér grein fyrir framkvæmdum í þessum efnum, þá verði þeim á að hugsa, að þessi eftirlitsmaður eigi að vera ákaflega fjölhæfur.

Hæstv. ráðh. sagði, að sér virtist, að allir vildu tala um sparnað, en enginn vildi taka á sig áhættu í því efni, að spor yrði stigið til þess að spara. Þetta hygg ég, að sé ekki rétt. Ég hygg, að frá hv. þd. og það mörgum þm., sem hér hafa talað, hafi það komið fram, að það þyrfti að vera sýndur litur á því að byrja að spara, án þess að undirstaða þess sé sú að bæta við hálaunuðum embættismönnum. Ég held, að það sé andúðin á því hér í hv. d., að svona sé byrjað, að setja upp ríkisstofnun, sem mönnum finnst glæfraleg, a. m. k. ef þetta misheppnazt, sem gerir það að verkum, að menn treysta ekki svona ráðstöfunum. Menn vilja, að sýndur sé litur á því að spara á hæstu stöðum. Og þetta má hæstv. ráðh. ekki misskilja.

Forseti (ÞÞ): Ég vil, um leið og ég gef hv. 1. þm. N-M. orðið, aðeins taka fram, af því að ég get ekki farið niður úr forsetastólnum, að það er ekki rétt haft eftir mér, sem ég talaði um endurskoðun í embættisrekstri. Ég sagði, að þeir endurskoðendur, sem nú væru, kæmu allir undir þennan ráðsmann, þó að frv. væri samþ. Það eru a. m. k. fimm eða sex menn, sem nú athuga embættisrekstur hjá embættismönnum, og auðvitað hefðu þeir þá aðferð, að eftirlitsmaður ríkisins þyrfti ekki sjálfur að fara á alla staðina, þar sem embættismaður væri í starfi. *(HV:* Hann gæti sent stúlkuna stundum.)

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil aðeins minna hv. 1. landsk. og hæstv. fjmrh. á þetta: Þegar frv. til launalaga var lagt fyrir Alþ., þá var í því kafli um réttindi og skyldur embættismanna. Þá lögðust þeir á móti því, að sá kafli væri samþ., hæstv. forsrh. og hv. þm. Snæf. sérstaklega og nokkrir aðrir hv. þm. með þeim. Og þessi kafli var tekinn út úr frv. vegna loforða hæstv. forsrh. um, að það skyldi koma fram frv. um þetta mál. Forsrh. skipaði svo Gunnar Thoroddsen í það starf að undirbúa þetta frv. Nú segir hæstv. fjmrh., að þetta heyri undir dómsmrh., en síðan, að forsrh. hafi yfir því að segja. Hins vegar sagði hann, að reglugerðin, sem kennd er við Pétur Magnússon og stytti vinnutíma embættismanna og hækkaði því laun þeirra, hefði verið sett af fjmrh., en hann hélt því fram, að það hefði verið samkomulag um efni reglugerðarinnar milli starfsmanna ríkisins og ráðh. Og hv. 1. landsk. þm. hélt fram, að ekki væri hægt að breyta reglugerð þessari, nema með lagabreyt. *(SÁÓ:* Þetta er samningur.) Reglugerð má breyta með reglugerð. Hitt er annað mál, hverju lofað var embættismönnum ríkisins, þegar lögin voru sett. Því var lofað, að mjög fljótt skyldu koma lög um réttindi og skyldur embættismanna, sem tækju þetta fram. Öðru var ekki lofað. En þau lög eru ekki komin enn, en ráðh. setur bara reglugerð um þetta eftir sínu höfði, og þá hefur þarna ekkert gerzt annað en það, að hæstv. ráðh. hefur verið að reyna að kaupa sér frið með því, í stað þess að koma með þau lög, sem lofað var, þegar launalögin voru sett.

Ég hef fengið það svar hjá hæstv. fjmrh., að hann vilji ekki setja mann í þessa stöðu, sem í frv. er gert ráð fyrir, til að byrja með, heldur skipa hann. Hann vill ekki reyna, hvernig sá maður reynist í starfi sínu, heldur vill hann skipa hann strax. Það veltur mikið á, hvernig maður þessi væri gerður. En sá munur er á þessu tvennu, að setja manninn fyrst til reynslu annars vegar og hins vegar að skipa hann strax frá byrjun, að meðan maður er settur í stöðu og veit ekki, hvort hann fær stöðuna eða ekki, leggur hann sig betur fram en ella. Þessi munur er hér á, ef nokkur munur er á þessu tvennu. Og þetta ætti að vera nóg til þess, að þessi maður ætti ekki að vera nema settur til að byrja með. — Það kom líka fram hjá hæstv. ráðh., að hann vill breyta reglugerðinni um vinnutíma embættismanna, en þorir ekki — þorir ekki.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hafði fallið frá orðinu og ekki ætlað að ræða um málið á þessu stigi. En vegna ræðu hæstv. fjmrh. um meðferð fjvn. á 18. gr. fjárlagafrv. og vegna fjvn. vildi ég mega taka eftirfarandi fram og biðja hæstv. forseta að flytja það til hæstv. fjmrh., þar sem hæstv. ráðh. gat ekki verið viðstaddur. — Það er rétt, sem getið var um hér í umr. af hv. 1. landsk. þm., að það er mjög mikið

ósamræmi í eftirlaunagreiðslum á 18. gr. fjárl. Á síðasta ári óskaði fjvn. eftir því, að þetta yrði sérstaklega athugað, áður en fjárlagafrv. fyrir árið 1949 væri lagt fram, og miðað væri við það að samræma eftirlaun hinna ýmsu embættismanna og starfsmanna ríkisins, og einkum og sér í lagi yrði horfið frá því að setja nýja embættismenn inn á full föst laun, eftir að þeir hafa látið af starfi. Árangurinn af þessu hefur enginn orðið annar en sá, að ósamræmið í þessu efni á 18. gr. hefur aldrei verið meira en í ár eða á fjárlagafrv., sem fyrir liggur. Fjvn. hefur út af fyrir sig ekki talið það vera sitt verkefni að gera þarna tillögur til niðurskurðar og breyt. á þessu kerfi móti vilja hæstv. ríkisstj., en þetta taldi hún vera á móti vilja ríkisstj., þar sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki viljað fallast á till., sem fjvn. hefur gert í málinu. Á síðasta þingi lá það fyrir, að einn embættismaður hefði látið af starfi, og fjvn. vildi ekki taka hann inn á eftirlaun, sem svöruðu fullum starfslaunum. En hæstv. fjmrh. bar þá fram till. um að taka þennan mann á full laun og fékk það samþ. gegn vilja fjvn. Og nú er í fjárlagafrv. einn maður settur inn á full eftirlaun og mikið meira en full laun, og hefur ekki náðst samkomulag við hæstv. fjmrh. um að breyta þessu. Og meðan sú skoðun er í fjvn., sem ríkir nú um þetta, verður þetta ekki vel séð. Og eftir að þær umr. hafa farið fram hér, sem raun ber vitni, þá mun ég þess vegna sem form. fjvn. telja mér heimilt að taka aftur við 2. umr. fjárlaganna alla þá liði, sem snerta þetta atriði um full laun sem eftirlaun til nýrra embættismanna, sem láta af starfi, nema um það fáist fast samkomulag milli hæstv. ríkisstj. og fjvn. Ég vil ekki láta það orð hvíla á hv. fjvn., að það sé henni að kenna, að þessi mál séu í því ófremdarástandi, sem þau eru í.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74., 77. og 80. fundi í Ed., 11., 14. og 21. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Ed., 22. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 450 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BBen, BK, BÓ, EE, GJ, JJós, LJóh, BSt.

nei: SÁÓ, ÁS, GíG, HV, HermJ, PZ.

2 þm. (StgrA, BrB) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Í trausti þess, að þessi grein verði athuguð fyrir 3. umr. og breytt á þann veg, sem ég hef gert ráð fyrir, segi ég já.

6.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 82., 83. og 85. fundi í Ed., 5., 7. og 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 358, 450, 482).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef nú áður talað í þessu máli og látið álit mitt í ljós, en fengið lítinn byr með mínar sérskoðanir í málinu. Nú er ég með brtt. á þskj. 482 og skal vera stuttorður um þær. 1. brtt. er við 2. gr. frv. Ég hef litið svo á, að svo mikið væri komið undir því, hvernig sá maður reyndist í starfi sínu, sem í þessa stöðu færi, sem hér er um að ræða, að ekki ætti að koma til mála að skipa hann strax í byrjun, er hann tæki við þessu starfi, heldur þyrfti að reyna hann fyrst árlangt, þangað til hægt væri að sjá, hvernig hann reyndist. Enn fremur hef ég orðið var við það annars staðar, m. a. hjá embættismönnum, sem koma til með að heyra undir eftirlitsstarf þessa manns, að þeir óttast, að hann geti orðið að einhverju leyti hlutdrægur, sem þeir kalla, og þá sérstaklega pólitískt. Ég er sjálfur ekki svo mikið hræddur um það. Ef maðurinn væri settur í stöðuna fyrst og hann reyndist svo vel í henni, þá er ég ekki í vafa um, hvernig sem ríkisstj. væri samsett, að hún mundi láta hann fá veitingu fyrir stöðunni, ef hann reyndist vel eitt ár í henni. Þessi 1. brtt. mín miðar að því að slá því föstu, að þessum embættismanni verði ekki veitt starfið í byrjun, heldur verði hann settur í það til að byrja með, og í öðru lagi miðast brtt. við það, að þegar reynsla væri komin á þennan mann og hann reyndist vel þetta ár, þá yrði hann skipaður í stöðuna, ef allir ráðherrar eru sammála um, að svo verði gert. Ég legg mikið upp úr þessari brtt., af því að það er svo með þessa stöðu, frekar heldur en nokkra aðra stöðu, sem ég get munað eftir, að svo mikið er undir manninum komið, sem í stöðunni er, hvernig hann stendur í stöðunni. Og að maður sé skipaður í þessa stöðu, án þess að það sé búið að reyna hann, tel ég ekki varlegt, og það vil ég ekki gera.

Þá er 2. brtt. mín, ný 3. gr. Hún miðar að því að gefa ráðsmanninum meira vald en hann hefur eftir frv. og fyrirmæli um það, hvað gera eigi, þegar hann finnur eitthvað athugavert við störf embættismanna eða starfsmanna, sem eftirlit hans tekur til. Og ég ætlast til þess, að þessi ráðsmaður gefi í því tilfelli viðkomandi starfsmanni áminningu og taki um leið fram, hvað að starfi hans er fundið, og gildi þetta jafnt um þá starfsmenn, sem eru skrifstofustjórar, sem um undirmenn eða undirtyllur. Og ef ráðsmaður hefur þrisvar sinnum á tveim mánuðum áminnt þannig annan mann, skal hann, eftir minni brtt., tilkynna það fjmrh. og hvað hann finni að starfi mannsins, og skal þá ráðh. hlutast til um, að málið verði rætt á ráðherrafundi, og má þá segja manninum upp stöðu sinni, og hefur hann þá ekki rétt til eftirlauna. Þetta þykir kannske nokkuð hart. En ég held, að það þurfi að taka þó nokkuð hart á þessum málum, eins og málin liggja nú fyrir, eftir því sem ég hef kynnzt bezt, og að það dugi ekki nein vettlingatök þar við. — Þessi brtt. er mér

þó ekki neitt svipað því eins mikið kappsmál eins og 1. brtt. mín, því að afdrif 1. brtt. minnar marka að miklu leyti mína afstöðu gagnvart frv., hvað meðferð 2. brtt. ekki gerir.

Þriðja brtt. mín (2,b) er sú, sem ég kem með í frvgr.-formi, og er hún um nýja 4. gr. frv., sem er afleiðing af þeim undirtektum, sem ég hef fengið hjá hæstv. ríkisstj. Þegar byrjað var að tala um þetta í hinni svokölluðu sparnaðarnefnd, — sem gleymdist hjá hæstv. ráðh., þegar hann las upp lista yfir nefndir frá því í ágúst í sumar, — þá var tekið vel í þetta yfirleitt, og okkur var falið að tala við hæstv. ríkisstj. til að reyna að fá fram löggjöf um þetta efni. Við fengum það svar, að frv. um þau lög mundi koma frá ríkisstj., því að Gunnari Thoroddsen hefði verið falið af Ólafi Thors, fyrrv. forsrh., að semja þessi lög. Þegar þetta svar var komið, óskuðum við að fá að sjá það frv. til þess að athuga, hvort við vildum taka eitthvað úr því í frv. til l. um ráðsmanninn. Þessu var lofað. Svo kom það bara ekki. Nokkru fyrir áramót spurði ég um þetta, og hér í þinginu spurði ég hæstv. fjmrh. um þetta. Hann hefur sagt, að málið kæmi sér ekki við, hann hefði ekkert um þetta að segja, það hefði verið forsrh., sem hefði beðið hv. þm. Snæf. á sínum tíma að semja þessi lög, og frv. kæmi til hans. Ég hef beðið um, að þetta frv. kæmi fram núna á þessu þingi, og það er ókomið enn. Þegar ég fékk þessar undirtektir og þegar ég þóttist sjá, að ríkisstj. væri ekkert kappsmál að fá þetta frv. fram, þá spurði ég hæstv. fjmrh., hvort hann vildi breyta reglugerð Péturs Magnússonar og lengja vinnutíma starfsmanna ríkisins, svo að hægt væri að spara þær upphæðir, sem bættust við í launum, þegar sú reglugerð var sett. Ég hef ekkert svar fengið við því, hvort hæstv. ráðh. vildi gera þetta eða ekki. Og ég hef ekkert svar fengið við því, hvort hæstv. ráðh. vilji ýta á borgarstjórann, hv. þm. Snæf., með þetta, sem mun hafa að vísu mikið að gera og sést hér fáa daga í þingsölum. En ég hef ekkert fengið að vita um það, hvort nokkuð hafi verið ýtt á hann í þessu efni að skila frv. því til ráðh., sem honum var falið að undirbúa. Og þess vegna, af því að þetta allt er eins og ég hef fram tekið, kem ég nú með þessa brtt. um, að hver starfsmaður ríkis og ríkisstofnana sé skyldur að starfa að verki sínu 40 klukkustundir í hverri viku. Ég fór ekki hærra en þetta, því að ég vildi ekki koma með neitt, sem hægt væri að kalla fráleitt. Það er unnið við þá vinnu þannig, að 40 klst. á viku verður að teljast sanngjarnt í alla staði, og er reyndar ekki ágreiningur um það. — Afstaða mín til frv. kemur til með að markast alveg af því tvennu, í fyrsta lagi, hvernig fer um mína fyrstu brtt. og í öðru lagi, hvernig fer um b-lið minnar brtt. undir tölul. 2 á þskj. 482. En ef ég allt í einu fengi að heyra það af munni hæstv. fjmrh., að hann mundi breyta reglugerðinni, sem nú ákveður vinnutíma opinberra starfsmanna, eða af munni hæstv. forsrh., að hann mundi sjá um það, að frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna kæmi nú frá hv. þm. Snæf., Gunnari Thoroddsen, og yrði lagt fyrir þingið næstu daga, — ef annaðhvort af þessu tvennu lægi fyrir, þá væri mér sama um afdrif b-liðar undir tölul. 2. í brtt. minni, því að þá þarf hann ekki að vera hér í þessu frv.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta. En mér þykir náttúrlega skrýtið, að það skuli vera búið að vera með þetta mál á döfinni, síðan síðasta umr. um það fór fram, í margar vikur, ef á svo að afgr. það frá hv. d., þegar einn hv. þm., sem á brtt. við málið, hefur fjarvistarleyfi. Þetta þykir mér ekki viðkunnanlegt, þó að ég hafi engar óskir fram að færa frá hans hálfu.

Forseti (BSt): Ég tek það fram, að sá hv. þm., sem hv. 1. þm. N-M. mun eiga við, hefur nú ekki beinlínis fjarvistarleyfi, því að hann var vestur á Ísafirði og sendi símskeyti um að fá fjarvistarleyfi. Svar hef ég ekki sent honum. *(PZ:* En ekki svar um, að hann ætti að koma.) Ekki heldur, en hann fór án fjarvistarleyfis til Ísafjarðar. Og það gæti orðið tafsamt að bíða eftir einstökum þm. með atkvgr. um mál. Og með fjarvist væri þá hægt, ef bíða ætti ávallt eftir þm. með afgreiðslu mála, að koma málum fyrir kattarnef, bara með fjarvistum frá þinginu. Og ég held, að það sé sjaldan, því miður, sem hver einasti þm. er viðstaddur á þingfundi hér.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil leiðrétta misskilning, þar sem hv. 1. þm. N-M. virtist álíta, að frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hefði verið hjá fjmrh. Það er rangt. Það mál hefur verið meðhöndlað í dómsmrn. Það hefur verið þar áður en ég kom í rn. Og án þess að ég sé því kunnugur, hver hefur fengið Gunnar Thoroddsen til þess að undirbúa það frv., þá þykir mér líklegast, að það hafi verið Finnur Jónsson, en ekki forsrh. fyrrv. *(PZ:* Bréfið er undirskrifað af Ólafi Thors.) Málið hefur verið meðhöndlað í dómsmrn. og hefur verið talið eiga heima þar. En það getur verið, að þessi hv. þm. hafi þetta bréf með höndum, eins og þau leyniskjöl, sem hann óbeint gaf til kynna áðan, að hann hefði um *annað mál. Ég skal annars ekki vefengja,* að fyrrv. forsrh. hafi fengið Gunnar Thoroddsen til þess að vinna þetta starf. En málið hefur verið meðhöndlað í dómsmrn. — Ástæðan til þess, að þetta frv. hefur ekki verið lagt fram, — en það er þegar í meginatriðum samið af þeim, sem það var falið, — er, að þarna eru ákaflega vandasöm og viðkvæm atriði, sem þarf að gera sér grein fyrir, áður en málið er lagt fyrir þingið. Það er vitað mál, að Samband starfsmanna ríkis og bæja hefur ákveðnar óskir fram að bera í þessu. Þeir hafa verið í sambandi við Gunnar Thoroddsen, sem þegar er búinn að vinna mjög mikið og gott starf í þessu máli. En þar hefur enn borið nokkuð á milli. Og ég hef sannast sagt talið, að það væri meira um vert að reyna til þrautar, hvort samkomulag gæti orðið um þessi meginatriði til frambúðar, heldur en að drífa frv. inn í þingið nokkrum mánuðum fyrr en ella hefði orðið. — Ég efast ekki um, að hv. 1. þm. N-M. hefði getað samið frv. um þetta efni á einni kvöldstund, sem hefði verið álíka vandað og annað, sem frá honum kemur. En hitt er annað mál, hvort almenningi í landinu hefði verið mikill vinningur að slíku. Þessi mál eru ekki þannig, að hægt sé að kasta til þeirra hönd-

unum, og allra sízt þegar þetta snertir heilar starfsstéttir, sem telja, að á sinn hlut hafi verið gengið, og vilja ekki sætta sig við, að frv. hafi í sér fólgnar réttarskerðingar, sem hv. 1. þm. N-M. virðist vilja. Um þetta skal ég ekki dæma efnislega á þessu stigi. En ég er viss um, að málið hefði ekki grætt á því að vera þvingað fram á þeim tíma, er það var í höfuðatriðum tilbúið, heldur tel ég til góðs að velta þessu fyrir sér þangað til gott samkomulag næst. Ef samkomulag næst ekki um þetta, þá verður að hafa það, þá kemur frv. þannig fram væntanlega fyrir næsta þing. En ég hef talið rétt að gera tilraunir til hins ýtrasta til þess að ná samkomulagi um þessi mál, og má lá mér það hver, sem vill. En það er ekki vegna þess, að ekki sé búið að leggja þá grundvallarvinnu í frv., sem í sjálfu sér tekur mestan tíma í sambandi við samningu þess, að málið hefur ekki komið fram enn í þinginu. Það er því ástæðulaust að vera með hnútur í garð borgarstjórans í Reykjavík út af undirbúningi þessa máls, né heldur þá það dagatal, hversu oft hv. þm. Snæf. sitji þingfundi. Það var einkennilegt að heyra þetta frá hv. 1. þm. N-M. og svo á hinn bóginn afsakanir þessa sama hv. þm. fyrir einn þingbróður okkar hér í d., sem hlaupizt hefur burt úr bænum nýlega. Ég tel óviðeigandi, að hv. 1. þm. N-M. sé með hnútur í garð fjarstadds þm., og ástæðulaust að blanda því í þetta mál. — Hitt finnst mér eðlilegt, að hv. 1. þm. N-M. beri fram brtt. um aukinn starfstíma opinberra starfsmanna. Það er þess háttar atriði, að mér finnst eðlilegt, að Alþ. taki afstöðu til þess, svo að mér finnst það vera mjög að vonum, og vil ég þakka hv. 1. þm. N-M. fyrir, að hann vill gefa hv. þm. kost á að taka afstöðu til þess máls. Það er ástæðulaust að kasta hnútum að ríkisstj. í þessu efni. Þetta mál hefur Alþ. í hendi sinni, hvenær sem það vill taka afstöðu til þess. Og það er gott, að hv. 1. þm. N-M. hefur gefið þinginu tækifæri til þess að gera það.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af ræðu hv. 1. þm. N-M. skal ég segja það, að þó að það geti vel farið svo, ef þetta nær fram að ganga og þessi tilraun verður gerð, að það yrði að setja í þetta mann til bráðabirgða, þá er ekki gott að vera lagalega skyldugur til þess að setja manninn í þetta starf, því að ef einhver verulega fær maður og duglegur vildi gefa sig í það, þá virðist mér, að honum mundi þykja það óaðgengilegra að vera settur í starfið heldur en að vera skipaður, og engin trygging er fyrir því, þó að hann yrði settur í starfið til að byrja með, að hann yrði svo skipaður á eftir. Það er ekki gott að vita, hvort sá fjmrh., sem setti hann í þetta starf, kannske fyrir part af ári, hefði vald á því að skipa hann í starfið að þeim tíma liðnum. Þess vegna finnst mér þetta fyrirkomulag á þessu, sem hv. 1. þm. N-M. leggur til, óviðkunnanlegt og legg á móti því, að það verði samþ., enda hefur það ekki verið venja um svo veglegar stöður og þessa stöðu, sem hér er um að ræða, að það sé gert að lagalegri skyldu, að maðurinn, sem í þær fer, sé settur fyrst, en ekki skipaður strax.

Um brtt. 2, undir a- og b-lið, sem hér eru, er það að segja, að það, sem þar er tekið fram, er frekar reglugerðaratriði heldur en efni í lagaákvæði. Hins vegar get ég sagt, eins og hæstv. dómsmrh., að mér er það ekki á móti skapi, þótt till. undir b-lið sé lögfest. Menn vita, að það eru talsverð átök um þetta, og það er ekki nema gott, að Alþ. segi sitt álit um þetta, þegar það er spurt um það. En ég álít það samt frekar reglugerðaratriði heldur en efni í lagaákvæði, en skal samt ekki leggjast á móti samþykkt þeirrar till., því að það má svo oft deila um það, hvað á að standa í lögum og hvað á að vera reglugerðarákvæði. Vil ég þess vegna ekki gera þetta að frekara umtalsefni, en láta hv. d. ákveða um þetta.

Að öðru leyti álít ég ekki ástæðu til að tala mikið um þetta mál. Það var mikið rætt hér við fyrri umr. þess. Og það er nú orðið svo langt liðið á þingið, að það er bezt að fara að skera úr um það, hvort þetta mál á að fá að lifa eða ekki.

Hv. 1. þm. N-M. sagði, að ég hefði ekki talið sparnaðarnefndina með, þegar ég hefði talið upp nefndir, sem starfandi hefðu verið. Það getur verið rétt, en það var vegna þess, að hún var aldrei skipuð sem nefnd. Það voru kvaddir menn til þess að vinna saman að þessu, sem sparnaðarn. átti að gera, þó að þetta sé í daglegu tali kölluð nefnd. En það hefur engin greiðsla farið til þessarar n., og þess vegna hefur hún fallið út af þessari skrá yfir n., sem hér er um að ræða.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Mér kom það nokkuð á óvart, að þetta mál, sem er næst síðasta málið á dagskránni fyrir þennan fund af tíu málum, yrði nú tekið fyrir. Ég skal játa, að þetta mál hefur verið á dagskrá síðustu funda hér í hv. d., en ekki hefur að því komið, þannig að það væri tekið fyrir á þeim fundum. Og m. a. af því var ég óviðbúinn með brtt., sem bæði ég og hv. 7. landsk. (GÍG) höfðum hugsað að leggja hér fram við þetta frv. Mér er náttúrlega ljóst, að það verður að skera úr um þetta mál eins og önnur með atkvgr., svo að fram komi, hvaða fylgi það á. Og þó að þessi dráttur hafi orðið hjá okkur nú með þessar brtt., sem ég vil ekki segja, af hverju stafar að öllu leyti, en er m. a. af því, að önnur mál hafa verið til meðferðar á þinginu, sem hafa verið metin að ýmsu leyti meira. En úr því sem komið er, ef það er ætlun hæstv. forseta að hespa málið hér af á þessum fundi, þá þykir mér það miður, ef að því er stefnt, því að ég tel mig hafa rétt til þess að leggja fram brtt., þó að þær fengju ekki náð hjá hv. þd. Má segja, að engan sé um þetta að saka, að brtt. eru ekki enn komnar fram, nema mig og hv. 7. landsk. þm., sem hefur hugsað sér að standa að brtt. ásamt mér. Ég mundi vilja lofa því, að þær brtt., sem við höfum hugsað okkur að gera, skyldu vera komnar fram á morgun. Ég veit ekki, hvenær hæstv. forseti hugsar sér að halda hér næsta fund. En ég hygg, að það skipti ekki miklu máli, hvort þetta mál er afgr. hér í dag eða síðar. Ég get hugsað, að það væri ávinningur fyrir málið sjálft og því færri orð kannske um það sögð, ef við gætum flutt okkar brtt. Ég hef ekki formað brtt., og

vil ekki leggja hana fram nema í samráði við meðflm. minn, sem er hér ekki nú.

Ég býst nú við, að ég geti sætt mig við þá brtt., sem á þskj. 482 er komin fram við 2. gr. frv. Þó er það eftir atvikum, hvort hv. meðflm. minn að væntanlegum brtt. vildi hafa þar einhvern annan hátt á. Í frv. er gert ráð fyrir því, að þessi ráðsmaður sé skipaður, þannig að stofnað sé fast embætti þarna af forseta Íslands og skipað í það eins og hvert annað embætti, sem ekki er hægt að leggja niður. En ég er þeirrar skoðunar, að hér sé fulllangt gengið í þessu efni, að hafa þetta embætti þannig skipað, eins og hér er ætlazt til. Og ég hef áður bent á, að það mundi koma að sömu notum fyrir sjónarmið þeirra manna, sem telja nokkuð unnið við þessa ráðstöfun, þó að maðurinn væri settur fyrst, og þá fengist nokkur raun af honum og þessu starfi, t. d. í eitt til tvö ár til að byrja með. Og mætti þá svo verða, ef það þætti gefa góða raun að hafa þetta starf, að þá yrði þetta gert að föstu embætti, en ef það þætti ekki ná þeim tilgangi, sem til var ætlazt, þá yrði þetta starf lagt niður. Þess vegna er ég enn á þeirri hugsun, að rétt sé að haga þessu þannig, að hér sé ekki slegið því föstu, að stofnað sé fast embætti, sem forseti Íslands skipi embættismann í. — En ég hef hugsað, og hv. væntanlegur meðflm. minn að brtt. líka, að leggja til nokkra orðabreyt. á 5. gr. frv. Ég mun hafa bent á það fyrr við umr. um þetta mál, að torvelt mundi verða fyrir þennan mann, svokallaðan ráðsmann ríkisins, að fylgjast með öllu, sem lýtur að iðnaði, iðju, og því, sem lýtur að afgreiðslustörfum hjá ríkisstofnunum og starfsmönnum ríkisins, eins og í frv. hermir og eins og skilja mætti, að meint væri með þessari 5. gr. þess. Og þá gæti það einnig gengið svo langt, að hann yrði að hafa áhrif á ráðningu manna, sem ynnu tímavinnustörf. Þetta hygg ég, að mætti laga í frv. En í sambandi við iðnað og iðju er ekki í þessu sambandi um fastráðið fólk að ræða, heldur fólk, sem vinnur í tímavinnu.

Ef hæstv. forseti verður við því að fresta umr. um þetta mál nú á þessum fundi, skal ég ekki fara fram á frekari frestanir á málinu, þó að ég hins vegar játi, að það er eins og það sé verið að laumast til þess að afgreiða þetta mál, þegar svo og svo margir þdm. eru hér ekki til staðar, sem andstöðu hafa sýnt þessu máli, þ. á m. tveir hv. nm., sem báðir hafa lýst í nál., að þeir hafi ekki tekið afstöðu til málsins. Þess vegna hefði ég óskað þess, að málinu yrði frestað, þó að ekki væri nema til næsta fundar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. 1. landsk. virðist nú hafa einkennilega afstöðu í þessu máli, því að hann hefur frá upphafi lýst sig algerlega móti öllum tilgangi frv., og er vitanlegt, að hans tilgangur með því að biðja um, að málinu sé frestað, er enginn annar en sá að eyðileggja það. Að því er snertir brtt., sem hann talaði um, þá hefur hann ekki boðað hana, heldur hv. 7. landsk. þm., og það er mjög langt síðan. Og ég hef margsinnis gengið eftir því við þann hv. þm., að sú till. verði lögð fram. Og ég hef nú í seinni tíð beðið um frestun á málinu, af því að þessi viðkomandi hv. þm. var ekki búinn að leggja þessa brtt. fram. Ég bað um frestun á þessu máli, meðan hæstv. dómsmrh. var í utanför. En síðar bað ég um frestun einmitt af því að hv. 7. landsk. þm. var ekki búinn að leggja fram brtt., sem hann hafði boðað. Hann lofaði mér í hvort tveggja skiptið, sem ég gerði þetta fyrir hann, að hann skyldi koma með þessa brtt. Hún er ekki komin fram enn. Ég skal ekki segja það, hve mikils virði það er, að ríkisstj. leggur áherzlu á, að málið sé ekki tafið að nauðsynjalausu. En ég sé ekki annað en að það mætti vel ganga frá þessu máli nú. — Ég get gefið þá yfirlýsingu gagnvart 5. gr., að það er alls ekki til þess hugsað, að þessi ráðsmaður ríkisins skipti sér af daglaunafólki, heldur fastlaunuðu fólki hjá ríkisstofnunum.

Ég harma það, að hv. 7. landsk. þm., sem vikum saman er búið að bíða eftir brtt. frá við þetta mál, skuli hvorki hafa komið með þessa brtt. fram né er heldur mættur hér á þessum fundi. Menn geta haft misjafnar skoðanir um mál þetta sem önnur. En ég vil, að úr því sé skorið, hvort menn vilja þetta mál fram eða ekki. — Ég legg svo afgreiðslu þessa máls nú á vald hæstv. forseta. Hann hefur heyrt mínar óskir, og hann hefur heyrt það, sem komið hefur fram frá hv. 1. landsk. þm. og hv. 7. landsk. þm.

Forseti (BSt): Ef þetta mál væri hér til 3. umr. í fyrsta sinn, þá hefði ég að sjálfsögðu orðið við þeim óskum, sem fram hafa komið um að fresta því. En það er nú síður en svo, að það sé á dagskrá hér í fyrsta sinn til 3. umr. 5. apríl var það á dagskrá hér í hv. d. og sömuleiðis 7. apríl og 19. apríl, og í öll skiptin hefur þetta mál verið tekið af dagskrá. Ég verð því að líta þannig á, að það hafi gefizt nægilegur tími til þess fyrir þá menn, sem áhuga hafa á að bera fram brtt., að gera það, og að það sé ekki rétt að hafa slíkan tíma sem hér hefur verið fyrir hendi til þess að bera fram brtt. og biðja svo um frestun málsins, þegar málið er tekið til umr. Töluvert öðru máli gegnir um dagskrártill. hv. 3. landsk. þm., þar sem hann er hér ekki viðstaddur af allt öðrum ástæðum en aðrir hv. þm. En í því skeyti, sem hv. 3. landsk. sendi mér nú, þar sem hann tilkynnti þessa fjarveru sína til helgarinnar, var ekkert nefnt um það, að hann óskaði, að afgreiðsla þessa máls biði. — Nú hef ég yfirleitt haft þá reglu um stjfrv. að fara mjög eftir því, sem hæstv. ráðherrar óska um, að þau séu tekin fyrir, og mér finnst það réttmætt, einkum þegar mjög líður á þingtímann. Og að ég tek þetta mál nú fyrir, er sumpart vegna þess, að hæstv. fjmrh. óskaði eftir því, að þriðja málið biði. Hæstv. atvmrh. sé ég ekki hér, þó hér sé á dagskránni mál, sem heyrir undir hann. — Þó mun ég gera miðlun á þessu, sem mér finnst, að ætti að geta nægt hv. 1. landsk. þm., og hún er sú að fresta þessu máli um stund, en ég geri ráð fyrir, að fundur verði þá áfram seinna í dag. Hugsanlegt er þó, að framhaldsfundur geti ekki orðið fyrr en eftir kvöldmat.

Umr. frestað.

Á 87. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Ed., 25. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 358, 450, 482, 567).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 567. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Við fyrri hluta þessarar umr. mæltist ég til þess, að málinu yrði frestað og mér og hv. 7. landsk. gefinn kostur á að bera fram brtt., sem nú eru hér til umr. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um málið, þar eð ég hef rætt það við fyrri umr. og afstaða mín er sú, að ég taldi nauðsynlegt að gera breytingar á frv., þó að þær komi ekki að fullu gagni, en þar sem auðséð er, að frv. á hér meirihlutafylgi, þá vil ég gera þær umbætur á því, sem auðið er.

Fyrri brtt. er efnislega eins og 1. brtt. á þskj. 482 að því frábrugðnu, að þar er gert ráð fyrir, að skipa megi mann í embættið eftir 1 ár, en hjá okkur er gert ráð fyrir 2 ára reynslutíma. Þá er gert ráð fyrir, að ráðsmaðurinn hafi ráðherralaun, en hjá okkur er gert ráð fyrir, að hann hafi laun eins og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu. Önnur breyting felst ekki í þessari brtt., en efnislega teljum við óreynt, hvernig embættið muni reynast, og er það því varfærni hjá okkur að stofna ekki til þess fyrr en reynsla hefur fengizt af því. Um launin þarf ekki að ræða, og teljum við þess engin dæmi, að undirmaður ráðh. hafi sömu laun og þeir.

Um hina greinina, sem við leggjum til, að breytt verði, gat ég þess við fyrri umr., að ráðsmaðurinn gæti farið út í að skipta sér af ráðningu starfsfólks, sem er ráðið frá degi til dags, eins og t. d. við sérleyfisferðir og skipaafgreiðslu. Þá geri ég ráð fyrir, að verksmiðjurekstur heyri undir ráðsmanninn, t. d. SR, og þá gæti hann blandað sér inn í, hvaða fólk er þar ráðið frá degi til dags eða um mánaðartíma. Þetta teljum við óþarft, og yrði ekki á valdi hans að dæma um, hvaða menn eigi að ráða, enda tökum við fram, að ekki komi til hans kasta, þegar um óiðnlært fólk sé að ræða. Önnur breyt., sem felst í þessari till. okkar, er sú, að hafi forstöðumaður fyrirtækis ráðið mann án samþykkis ráðsmanns, þá getur ráðsmaður ekki ónýtt þá ráðningu, heldur skal viðkomandi ráðh. segja um, hvort sú ráðning skuli standa eða ekki. Það er tekið fram, að það sé viðkomandi ráðh., en ekki fjmrh., því að gert er ráð fyrir, að hver ráðh. sé svo ábyrgur, að hann geti dæmt um, hvort ráðning sé nauðsynleg eða ekki. Þá getur þetta snert verksvið fleiri ráðh., og fjallar þá ríkisstj. um það. Nú er það svo, að ég lít svo á, og við báðir flm., að þetta eigi ekki að vera bundið við persónu neins sérstaks ráðh. Ég tek það fram, að ég ber ekkert vantraust til þess ráðh., sem nú fer með þetta vald. En við viljum ekki binda valdið við neinn einstakan mann, heldur við ríkisstj. alla; það á að vera á hennar valdi að dæma um, hvort þessi maður fer út fyrir valdsvið sitt eða ekki. Við viljum ekki láta þetta vald vera í höndum eins ráðh., sem enginn veit, hver verður. Það er mín hugsun.

Ég held ég hafi nú gert grein fyrir því, sem í till. felst, og segi eins og ég sagði áðan, að þar sem ég reikna með, að frv. fái fylgi í d., get ég sætt mig við að fylgja því svo breyttu út úr henni, og mæli það fyrir mína hönd, en ekki meðflm. mína.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hin fyrirhuguðu brtt. frá hv. 1. landsk. liggur nú fyrir og er í tveimur stafliðum á þskj. 567. Um fyrri stafliðinn er það að segja, að eins og ég var mótfallinn þeirri breytingu, sem kom fram í brtt. hv. 1. þm. N-M., að ráðsmaðurinn yrði settur en ekki skipaður, þá er ég ekki síður mótfallinn því, að hann verði settur til tveggja ára. En hv. 1. þm. N-M. lagði þó ekki til, að hann yrði settur nema til eins árs.

Mikið hefur verið talað um það, að þetta yrði vandasamt starf og illa þokkað. Því þykir mér einkennilegt, að sömu menn og þessu halda á loft skuli vilja láta manninn hafa svo veika aðstöðu í starfi sínu, að hann sé aðeins settur en ekki skipaður. Í slíkri aðstöðu getur hann ekki lagt sig eins í líma og ella mundi. Þeir, sem sömdu frv., vildu láta gera aðstöðu hans sem embættismanns sterkari með því að láta skipa hann af forseta, eins og sýslumenn til dæmis. En þessi brtt., sem hér er borin fram á þskj. 567, miðar að því að gera aðstöðu hans veikari. Varðandi það, sem 2. tölul. brtt. á þskj. 567 fjallar um, hafði ég áður tekið fram, að ekki væri meiningin að skipta sér af daglaunafólki, sem ráðið er til skamms tíma, heldur aðeins föstu starfsfólki. Þegar nú á að taka þetta skýrar fram, þá er ég því ekki mótfallinn út af fyrir sig. Varðandi síðustu málsgr., þar sem sagt er, að ríkisstj. skuli skera úr um ágreining, sem kann að verða út af störfum ráðsmannsins, vil ég segja það, að ég geri þetta ekki að sérstöku ágreiningsefni. Ég hef hér lýst minni afstöðu til þessara brtt. Að öðru leyti hef ég áður gert afstöðu mína ljósa og þarf ekki að fara um þetta fleiri orðum, en vona, að málið komist fram í deildinni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að ræða þetta mál, en eftir að hæstv. fjmrh. hefur lýst sig sammála 2. tölul. brtt. á þskj. 567, vil ég gera grein fyrir afstöðu minni, og sömuleiðis þykir mér einnig rétt að ræða nokkuð brtt. á þskj. 482. Þar er með b-lið 2. tölul. lagt til, að ákveðið verði, að hver starfsmaður ríkisins sé skyldur til að vinna 40 klst. á viku hverri. Þessari till. er ég fylgjandi út af fyrir sig, en mun ekki geta greitt atkv. með henni, þar sem þetta er sérstakt mál og óskylt því, sem er efni þessa frv.

Hvað snertir till. á þskj. 567 vil ég benda hæstv. ráðh. á, að það er reginmunur á því, sem segir þar í 2. tölul. og í frv. sjálfu. Í fyrsta lagi er þar sagt í einni málsgr.: „Um veitingu starfa fer eftir þeim reglum, sem gilt hafa til þessa." Á hinn bóginn er ákveðið í annarri málsgr., að ríkisstj. skuli skera úr, ef ágreiningur verði um starfssvið ráðsmanns. Hér gætu nú orðið árekstrar. Ég vil t. d. nefna Ferðaskrifstofu ríkisins. Þar hefur verið ráðinn maður og honum greidd laun, sem fara langt fram úr því, sem ákveðið er í launalögunum. Og ef till. yrði samþ., þá er það ekki lengur fjmrh., sem ræður, ef úrskurð ætti að fella um mál eins og þetta, held-

ur gæti hann þurft að eiga í útistöðum við ríkisstj. út af slíkum ráðningum, jafnvel vegna manna, sem hann hefði sjálfur ráðið. Þetta nær því ekki tilgangi laganna, og ef þetta yrði samþ., gæti ég engan veginn fylgt frv. út úr deildinni. Þetta er beinlínis gert til þess að koma frv. fyrir kattarnef. Flm. eru á móti frv. og læða inn þessari brtt. til þess að gera það áhrifalaust. Það á að vera undir fjmrh. einum komið að skera úr í þessu efni, og ég treysti mér ekki til að fylgja málinu, ef þetta á að verða ofan á.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er nú ýmislegt, sem mætti ræða um í sambandi við þetta mál nú. En ég hef sagt skoðun mína allgreinilega á því áður, og það er nú svo langt um liðið, að hætt er við, að talsvert af því, sem ég þá sagði, yrði endurtekið, ef ég færi að hefja langar umræður um málið að nýju. En það var eitt atriði sérstaklega, þar sem hæstv. fjmrh. vék að mér persónulega, sem ég vildi minnast á. Hæstv. fjmrh. taldi, að hann hefði gert mér sérstakan greiða, og orð hans féllu svo sem ég væri einhver skjólstæðingur hans, og kann ég ekki við að láta það standa í þingtíðindum. Það sem ég býst við, að hæstv. ráðh. eigi hér við, er það, að hann ásamt fjórum mönnum öðrum í nefnd, sem hann var skipaður í, greiddi atkv. með því, að mér yrði veitt leyfi, sem ég sótti um og allir fimm nm. voru sammála um að veita. Þetta er það eina, sem mér dettur í hug, að hæstv. ráðh. geti átt við, og fyrir þetta er ég að vísu þakklátur, hvað sem því svo líður, að ég þurfti ekki á leyfinu að halda, er til kom, og skilaði því aftur, en það mun vera heldur sjaldgæft um slík leyfi. En mig undrar, að hæstv. ráðh. skuli telja afstöðu, sem hann tekur í atkvæðagreiðslu sem embættismaður, sérstakan greiða. Hitt er annað mál, að það, sem rétt er gert, er alltaf þakkavert í sjálfu sér.

Um málið ætla ég svo annars ekki að ræða. Eins og ég sagði áðan, hef ég látið uppi skoðun mína á því áður. En ég álít, að þær brtt., sem hér liggja fyrir, séu frekar til bóta. Hér þarf að prófa sig áfram. Ég álít t. d. rétt að endurskoða lögin um endurskoðendur stjórnarráðsins, en þar munu vinna rúmlega 15 manns. Annars er þetta ekki meira aðkallandi mál heldur en önnur. Það er allt annað, eins og ég hef sýnt fram á áður, og skal ég ekki endurtaka það, nema sérstakt tilefni gefist.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vildi einungis bera fram fyrirspurn um það, hvort ekki væri hægt að fá 2. tölul. brtt. á þskj. 567 borinn upp í tvennu lagi, þannig að fyrst verði bornar upp tvær fyrstu setningarnar út að orðunum: „Nú ræður forstöðumaður fólk ....“ Síðan sú setning út af fyrir sig; og loks síðasta setningin, eða önnur málsgr. tölul., út af fyrir sig.

Brtt. þessi fjallar um mörg mismunandi atriði og er eðlilegt, að dm. eigi kost á að greiða um þau atkv. hvert í sínu lagi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það var aðeins örstutt athugasemd. Ég hef gert grein fyrir mínum brtt. áður, en mig langar til að benda á tvennt, sem síðan hefur komið fram í umr. á móti þeim, sem ég tel hæpið. Hæstv. fjmrh. heldur því fram, að maðurinn muni leggja sig betur fram í starfi sínu, ef hann verði skipaður heldur en settur. Ja, við skulum nú bara líta á lífið. Og það lífsstarf, sem flestir velja sér, er að gifta sig. Ef hæstv. ráðh. bæri það nú saman, hvernig menn leggja að sér í tilhugalífinu til þess að geðjast sínum maka og svo síðar, er menn hafa verið giftir í ein 20 ár, þá mundi hann eflaust sjá, að í tilhugalífinu leggja menn sig dálítið betur fram. Yfirleitt er það svo, að þegar menn keppa að ákveðnu marki, þá leggja menn sig miklu betur fram heldur en síðar, þegar því er náð og menn eru t. d. komnir í fasta stöðu. Það er því mesti misskilningur hjá hæstv. ráðh. að halda þessu fram. Það er einmitt þvert á móti, að þessi maður mundi leggja sig enn betur fram um að gera gagn í sinni stöðu, ef það væri undir hælinn lagt, eftir því hvernig hann reyndist, hvort hann væri skipaður í hana eða ekki. Á því veltur meira um þennan mann en flesta aðra, að unnt sé að fá vitneskju um, hvernig hann reynist, áður en hann er skipaður í embætti, því að í þessa stöðu gætu valizt menn, sem gerðu ekkert gagn, en líka menn, sem margspöruðu laun sín. Því vil ég, til þess að fá úr því skorið, hvort maðurinn sé hæfur til starfsins, hafa hann settan í eitt ár.

Þá var það hv. þm. Barð., sem sagðist ekki geta greitt atkv. með 40 stunda vinnuviku hjá opinberum starfsmönnum. Nú vil ég minna hann á það, að nú eru 3 ár síðan ákveðið var af þáverandi forsrh., hv. þm. G-K., að skrifa Gunnari Thoroddsen og leggja fyrir hann að semja lög um réttindi og skyldur embættismanna. En þá stóðu kosningar fyrir dyrum, og þáverandi fjmrh. sýndist þá að breyta reglugerð um þetta efni og stytta vinnutímann. Síðan hefur stöðugt verið talað um að breyta reglugerðinni aftur, þó að það hafi ekki verið gert, en hún var sett af fjmrh., og fjmrh. getur því breytt henni aftur, ef honum sýnist. En hv. þm. Barð. getur alveg átt það víst að þurfa að bíða lengur eftir breytingum á þessu, og alveg sérstaklega ef hann hjálpar nú huglausum fjmrh. og mannskapslausum forsrh., sem ekki þorir að leggja fram frv., sem hann segir, að séu tilbúin. Og fyrst hann er samþykkur till. minni að eðli til, á hann að fylgja henni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. 1. þm. N-M. um till. hans á þskj. 482 vil ég leyfa mér að benda á, að b-liður 2. tölul. fjallar þar um óskylt mál efni frv., og getur engan veginn verið eðlilegt að setja slíkt ákvæði þar inn. Ef hv. þm. er hins vegar óánægður með afgreiðslu þessa máls, sem hann hefur oft rætt og stundum ekki haldið sér alveg á línu sannleikans, þá er leyfilegt fyrir hann að flytja sérstakt frv. um þetta, þótt þar væri aðeins fjallað um vinnutímann einan, og getur þá vel verið, að ég yrði honum sammála og fylgdi frv. En öll þessi ár hefur hann setið hér og ásakað aðra menn, en aldrei flutt um þetta neitt frv. sjálfur. Ég mun því ekki geta greitt till. hans atkvæði mitt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 89. fundi í Ed., 26. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 450 felld með 9:3 atkv.

Brtt. 567,1 felld með 8:6 atkv.
— 482,1 samþ. með 8:7 atkv.
— 482,2.a felld með 9:5 atkv.
— 482,2.b felld með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, BBen, BK, BÓ, BSt.
nei: GJ, GÍG, JJós, LJóh, SÁÓ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BrB, EE.

2 þm. (HV, HermJ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Ég er fylgjandi því, að vinnudagurinn sé lengdur á skrifstofum ríkisins og í ríkisstofnunum, en tel, að það beri að gera með sérstakri löggjöf, en blanda því ekki hér inn í, og segi því nei.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég get tekið undir rökstuðning hv. þm. Barð. fyrir atkv. sínu og segi því nei.

Lárus Jóhannesson: Ég segi nei með tilvísun til grg. hv. þm. Barð.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þar sem það hefur lengi verið talið, að nauðsynlegt væri að lengja vinnutíma við ríkisstofnanirnar, og þar sem þetta er eina þingtill., sem fram hefur komið um það og ekki óþinglega á neinn hátt, þá mun ég greiða henni atkv. mitt og segi já.

Björn Ólafsson: Með tilvísun til grg. hæstv. dómsmrh. segi ég já.

Brtt. 567,2. 1. málsgr. 1.—2. málsl. samþ. með 7:6 atkv.
— 567,2. 1. málsgr. 3. málsl. felld með 7:6 atkv.
— 567,2. 2. málsgr. felld með 7:6 atkv.
— 567,2, svo breytt, felld með 7:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, JJós, LJóh, PZ, ÞÞ, BBen, BK, BÓ, BSt.
nei: GÍG, SÁÓ.

BrB, StgrA, ÁS greiddu ekki atkv.

2 þm. (HV, HermJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Ég var á móti brtt. á þskj. 482, 1. tölul., en í trausti þess, að það verði lagað í síðari deild, segi ég já.

Páll Zóphóníasson: Það sýndi sig við atkvgr., sem fór fram áðan með nafnakalli, að meiri hlutinn — 8:7 af viðstöddum þm. voru með því að ákveða lengri vinnutíma hjá opinberum starfsmönnum. En það er á valdi fjmrh. að breyta þarna um með reglugerð, og í trausti þess, að hann sýni nú þann mannskap, segi ég já.

Sigurjón Á. Ólafsson: Undir umræðum hér í gær lýsti hæstv. fjmrh. því yfir, að hann mundi geta fylgt brtt. á þskj. 567 við 5. gr., og ég lýsti því þá yfir, að að þeirri brtt. samþykktri mundi ég geta fylgt frv. Nú hefur þessi brtt. verið felld, og tel ég það skipta svo miklu efnislega, að ég sé mér ekki fært að greiða frv. atkv. mitt og segi því nei.

Frv. afgr. til Nd.

Á 69. fundi í Sþ., 27. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 585).

Á 94. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. er samið af sparnaðarnefnd, sem sett var til að athuga ýmsar leiðir til aukins sparnaðar fyrir ríkið, en hugmyndin er komin frá hv. fjvn. Alþingis. Ég ætla, að grg. sú, sem frv. fylgir, sé nægilega skýr, svo að ég þurfi ekki að hafa hér langa framsögu. Frv. var rætt ýtarlega í Ed., og var þar að vísu breytt 2. gr. frá því, sem ég hafði gert að till. minni, að eftirlitsmaðurinn yrði skipaður, í það form, að hann skyldi settur eitt ár til reynslu, áður en hann yrði skipaður. Þó að aðstaða hans sé að mínu áliti veikt við þetta, þá er hún enn allsterk, og mér er það enn áhugamál, að Alþingi stígi það spor í áttina til eftirlits í þessum efnum, sem nauðsyn krefur. Ég skal geta þess, að gerð var tilraun í Ed. til þess að vísa frv. frá á þeim forsendum, að fjmrh. hefði alla þræði þessara mála í hendi sér, en sú till. var felld, enda hefur fjmrh. ekki það vald að óbreyttum aðstæðum, sem gert er ráð fyrir að fela þessum eftirlitsmanni. Ég tel það fullkomlega réttmætt hjá hv. fjvn. að vilja auka eftirlit með ríkisstofnunum, og vænti þess, að hv. þm. vilji greiða fyrir því að koma því eftirliti á fót og í það form eins og lagt er til í frv. Þetta frv. var hjá fjhn. í Ed., og vildi ég mælast til, að það færi einnig til fjhn. hér að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 105. fundi í Nd., 10. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 585, n. 641, 647, 665).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Fjhn. hefur öll skrifað undir eitt nál. og leggur til, að frv. verði samþ. með einni breyt., sem allir nm.

styðja, en þó hafa sumir nm. áskilið sér rétt til að bera fram aðrar brtt. Sú brtt., sem n. stendur öll að, er gerð til þess, að það sé alveg ótvírætt, að ráðsmaður ríkisins skuli ekki ráða um það, hvaða menn eru ráðnir til starfs eða hvaða starf þeir sérstaklega eigi að inna af hendi á skrifstofu, heldur ráða því einu, hvort fjölgað er mönnum eða menn séu ráðnir í stað annarra, sem fara, ef um er að ræða menn, sem eru í stöðu, sem ekki er samkvæmt sérstökum l. Þetta er skýrt og skilmerkilegt í brtt. Ég hygg, að hér sé ekki um efnisbreyt. að ræða, því að hæstv. fjmrh. hafi aldrei ætlazt til annars skilnings á þessu atriði en þess, sem n. hefur. Um brtt. annarra hv. þm. mun ég ekki ræða, þeir skýra sínar brtt. sjálfir.

Ég vil svo aðeins bæta því við, að um starf eins og þetta gildir það jafnvel í ríkara mæli en um önnur störf, að það er heppilegra að láta þetta sæti vera óskipað en að það mistakist að ráða í það heppilegan mann.

Það hefur skort í stjórnarráðinu, að þar væri nokkur starfsmaður, sem myndaði samband milli allra stjórnardeilda og ríkisstofnana. Slíkt embætti var til á tíma landritara. Ég geri ráð fyrir, að það hafi verið afturför um alla starfshættu í stjórnardeildunum, þegar það embætti var lagt niður. Það hefði verið að sumu leyti ákjósanlegt að taka upp það nafn og kalla þennan nýja embættismann landritara, en þó er hér ekki gerð till. um það.

Höfuðkosturinn, sem þetta nýja fyrirkomulag hefur, er, að það kemur maður, sem hefur eftirlit með öllum ríkisrekstri og mannaráðningum í því sambandi. N. leggur til, að frv. verði samþ., a. m. k. ef brtt. hennar verður samþ.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. á þskj. 641 með fyrirvara, og vil ég gera grein fyrir honum með nokkrum orðum.

Það er mitt álit, að það sé mjög vafasamt, að þörf sé fyrir lagasetningu af þessu tagi. Ég tel, að fjmrn. og fjmrh. hafi án nokkurrar sérstakrar lagasetningar fulla heimild og möguleika til þess að framkvæma það eftirlit, sem hér er um að ræða. Ég tel enn fremur, að rn. hafi borið skylda til að hafa þetta eftirlit á undanförnum árum. Hins vegar lít ég svo á, að þar sem hæstv. fjmrh. óskar mjög eftir, að sett séu sérstök l. um þetta eftirlit, þá geti komið til mála að verða við þeim óskum, þó að nokkuð sé á annan veg en lagt var til í stjfrv. upphaflega. Samkvæmt 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að stofnuð sé sérstök deild í fjmrn., sem nefnist „Eftirlit með opinberum rekstri.“ Ég get ekki á það fallizt að ákveða það nú, að stofnuð sé sérstök deild í rn. Menn geta vel gert sér hugmynd um, til hvers þetta muni leiða. Þar á að vera sérstakur eftirlitsmaður, sem samkv. frv. á að heita ráðsmaður ríkisins. Samkvæmt frv., eins og það kom frá Ed., á hann að hafa ráðherralaun. Hann á m. ö. o. að vera nokkurs konar aukaráðherra, sem á að vera þarna fastur embættismaður, og vafalaust kemur þá innan skamms eitthvert starfslið í þessa deild honum til aðstoðar. Ég sé því ekki betur en hér sé verið að búa til nýja ríkisstofnun, sem maður veit ekki enn, hversu stór og dýr kann að verða. Ég held, að okkur vanti annað fremur nú en nýjar ríkisstofnanir og nýjar deildir í stjórnarráðið. Ég hef því leyft mér að leggja til í brtt. á þskj. 665, að upphaf 1. gr. frv. orðist eins og þar hermir, að fjmrn. hafi eftirlit með opinberum rekstri, en hlutverk þess sé eins og nú stendur í frvgr. Ég fæ ekki betur séð en þetta komi að sama gagni til að byrja með, og yrði þá hægt að fá reynslu af því, hvernig árangurinn yrði af því, ef slíkt yrði sett í l. og sérstakur maður fenginn til að gegna þessu eftirliti. Þessi 1. brtt. mín er því um það, að því verði ekki slegið föstu nú þegar á þessu þingi, að stofna skuli sérstaka deild í rn.

Í samræmi við þetta legg ég til, að 2. gr. frv. verði orðuð um og breytt eins og hermir á þskj. 665, að fjmrh. sé heimilt að ráða sérstakan mann til þess að annast eftirlit samkv. 1. gr. og skuli hann hafa sömu laun og skrifstofustjórar stjórnarráðsins. Eftirlitsmaður skal þó eigi ráðinn til lengri tíma en eins árs, en heimilt er að framlengja ráðningarsamning hans um annað ár í viðbót, ef allir ráðherrar eru sammála um það. Eigi er heimilt að ráða sérstakan eftirlitsmann til lengri tíma, nema samþykki Alþingis komi til.

Aðalbreyt. er því sú, að í stað þess að ákveða, að þetta ráðsmannsembætti verði stofnað nú þegar, þá verði gefin heimild til þess að ráða slíkan eftirlitsmann í 1—2 ár til reynslu, og mætti þá að sjálfsögðu athuga síðar á Alþingi, hvort ástæða er til að setja þessa sérstöku deild og velja til forstöðu hennar fastan embættismann. Ég skal geta þess viðvíkjandi því, sem ég legg til um laun þessa embættismanns, að það er í samræmi við stjfrv., eins og það upphaflega var, þó að Ed. hafi hækkað launin.

Aðrar brtt., sem ég ber fram, eru aðeins afleiðing af þessum tveimur till., sem ég hef lýst, og sé því ekki ástæðu til að fjölyrða um þær.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef flutt hér brtt. við þetta frv. á þskj. 647, og fjallar hún um það að færa 2. gr. frv. í sama horf og það var upphaflega, þegar hæstv. ríkisstj. lagði frv. fyrir þingið, þannig að sá embættismaður, sem ráðgert er, að verði skipaður, sé strax skipaður í það embætti og hafi sömu laun og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu, eins og þar var gert ráð fyrir. Ég lít svo á, að það sé annaðhvort að stofna ekkert slíkt embætti sem hér er verið að ræða um eða þá að sá maður, sem þar er um að ræða, hafi fasta aðstöðu, sé fastur embættismaður og sem allra óháðastur hinum pólitísku sveiflum og hafi sem sterkasta aðstöðu til þessa eftirlits, sem honum er ætlað.

Það mun hafa verið árið 1934 eða 1935, að það voru samþ. hér l. á Alþingi um eftirlit með opinberum rekstri, og það var í því formi, að sett voru upp þrjú ráð, sem skipuð voru af öllum flokkum, og milli þeirra skipt ríkisstofnunum til eftirlits. Þetta stóð nokkur ár, en var svo afnumið og þótti hafa gefizt miður vel. Það kom í ljós, að þessi eftirlitsráð höfðu talsverðan kostnað í för með sér, en það sýndi sig, að ekki hafðist eins mikið upp úr starfi þeirra til athugunar og leiðréttingar á þeim misfellum,

sem áttu sér stað, eins og til var ætlazt. Það var að sjálfsögðu mjög eðlilegt, að þessi skipun væri með öllu óheppileg, vegna þess að þessi ráð voru skipuð pólitískum fulltrúum og höfðu þess vegna mjög veika aðstöðu til að grípa á þeim hlutum, sem þar þurfti að fjalla um.

Ég held, að það hafi verið á þjóðstjórnarárunum, líklega árið 1940, að ég stakk upp á því við þáverandi forsrh., Hermann Jónasson, að við þyrftum að fá einn fastan starfsmann, er hefði eftirlit með því, að þeir menn væru látnir fara úr þjónustu ríkisins, sem sinntu ekki störfum sínum eins og vera bæri. Þessi hæstv. ráðh. tók þessari málaleitun vel og sagðist skyldu skipa mann í þetta starf, ef við gætum fengið til þess ákveðinn mann, sem við töluðum um. Þessi maður fékkst ekki, og varð ekkert úr þessu. Ég leit svo á og álít, að það geti verið að nokkru leyti enn, að sá maður, sem átti að hafa þetta starf með höndum, ætti jafnframt að vera skrifstofustjóri og formaður í endurskoðunardeild stjórnarráðsins. Nú var ekki að því horfið, og þeirri deild hefur verið falin fyrst og fremst töluleg endurskoðun allra reikninga ríkisins og stofnana þess.

Nú er það vitaður hlutur, að síðan þetta gerðist, á síðustu 9 árum, hefur ríkisstofnunum og fyrirtækjum verið fjölgað um fleiri tugi. Það hafa verið ráðnir tugir, ef ekki hundruð af nýjum starfsmönnum til allra þeirra stofnana, sem síðan hafa verið settar á fót. Reynslan hefur orðið sú, eins og nýlega hefur verið upplýst í umr. í sambandi við ríkisreikninginn, að sú stofnun, sem hefur með það að gera að endurskoða alla þessa reikninga, er mörgum árum á eftir tímanum, og það svo mörgum árum, að við yfirskoðunarmenn landsreikningsins höfum orðið að hlaupa fram fyrir, þó að við séum líka mörgum árum á eftir tímanum. Við teljum það skyldu okkar að hlaupa ekki langt fram fyrir endurskoðendur stjórnarráðsins varðandi einstakar stofnanir. Með þessum hætti verður endurskoðunarstarfið að miklu minni notum en til er ætlazt og þarf að vera.

Ástæðan til þess, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, var lagt fram, er sú, að 1947 skipaði hæstv. ríkisstj. n. manna, sem kölluð var sparnaðarnefnd, og voru í henni skrifstofustjórar stjórnarráðsins, aðalendurskoðandi ríkisins og ríkisbókari. Ein afleiðingin af starfi þessarar n. varð það frv., sem hér liggur fyrir um ráðsmann ríkisins. Og ég get vel hugsað mér, að ef í þetta fengist reglulega duglegur maður, sem væri kunnugur starfsemi ríkisins og ríkisstofnana og yfirleitt, hvernig heppilegast er að reka skrifstofur þannig, að það sé gert á sem ódýrastan og heppilegastan hátt, þá gæti að þessu orðið mikill ávinningur, ekki einasta í starfsmannahaldi, heldur líka að reksturinn gæti orðið fullkomnari og betri. Nú er það að vissu leyti rétt, sem hv. þm. V-Húnv. tók fram, að þetta eftirlit á í raun og veru að vera hjá fjmrn., og mætti segja, að ef ekki væri um að ræða nýtt fast embætti, þyrfti engin ný l. til, að fjmrh. gæti skipað slíkan mann sem hér er gert ráð fyrir. En annað mál er það, að til þess að svona maður geti haft það vald og það eftirlit og þau áhrif, sem nauðsyn ber til, þá verður þetta að vera fastur starfsmaður, fastskipaður maður, sem hefur mjög sterka aðstöðu til að beita sér og geta verið algerlega óháður pólitískum flokkum. Hluturinn er nefnilega sá, að það hefur komið í ljós, einna gleggst síðan ráðh. var fjölgað svo mikið sem nú er, að fjmrh. er varnarlítill fyrir ásókn og kröfum annarra rn. eða miklu varnarminni en þyrfti eða ætti að vera, og höfum við fyrir þessu mörg dæmi á liðnum árum. Og þegar það svo bætist við, sem við þekkjum, eins og verið hefur og ætla má, að verði framvegis, að fjmrh. eins og aðrir ráðh. er aðeins stutta stund í sínu starfi, þá lendir í miklu meiri glundroða í allri starfrækslu en þarf og ætti að vera. Með tilliti til þessa get ég vel hugsað mér, að slíkur starfsmaður, ef val hans tekst vel, geti gert mikið gagn til sparnaðar fyrir ríkissjóð og stofnanir hans og komið í veg fyrir margvíslega þætti þeirrar spillingar, sem nú á sér stað í ríkisstofnunum og ýmsum þeim stofnunum, sem ríkið hefur á sinni könnu.

Ég held þess vegna, að hér sé um tvær leiðir að velja: annaðhvort að hafa þennan mann fastskipaðan mann, sem hafi sterka aðstöðu, skipa hann strax og láta hann hafa skrifstofustjóralaun og aðra aðstöðu, sem skrifstofustjóri hefur, eða vera ekkert að burðast með svona fyrirtæki og láta þetta frv. falla úr sögunni, daga uppi eða fella það, því að það þýðir ekkert að stofna til þessa embættis, nema maður geti gert sér von um, að það komi að því gagni, sem til er ætlazt af hæstv. fjmrh. og þeirri n., sem fyrir hans hönd hefur undirbúið málið.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Haustið 1947 ákvað þingið að leggja til við ríkisstj. að skipa menn til að athuga, á hvern hátt mætti spara í rekstri ríkisins. Féllst ríkisstj. á þessa till. Ég áleit, að þeir tilvöldustu menn til þessara hluta væru þeir menn, sem reyndastir væru og vandamestu störfunum gegndu í rn. Þess vegna voru valdir þrír skrifstofustjórar í stjórnarráðinu, aðalendurskoðandi ríkisins og ríkisbókari. Þessari n. var falið að rannsaka kvartanir út af rekstri ríkisins og ríkisstofnana og gera till. um sparnað. Það var eftir að þingið fyrir atbeina fjvn. hafði í eitt eða tvö skipti látið í ljós ákveðna ósk um, að hafizt yrði handa um sparnað á ríkisrekstrinum, og taldi ég, og tel víst, að aðrir ráðh. hafi hugsað á svipaðan veg, að þar væri verið að framkvæma vilja þingsins. Nú er það sannast sagna, að nefndarmennirnir hafa lagt á sig mikið starf og fyrir þeirra atbeina hafa verið gerðar nokkrar breytingar varðandi rekstur ríkisins, t. d. niðurlagning nefnda og breytt fyrirkomulag á rekstri bifreiða, sem verið hafa í eigu ríkisins, og enn fremur var samþ. í ríkisstj. till. um það, að ríkisstofnanir, sem hafa haft óþarfar bifreiðar í þjónustu sinni, skili þeim aftur. Framkvæmdin á þessu hefur þó ekki gengið hröðum skrefum, þótt fjmrh. hafi bréflega gengið eftir því, en það lagast væntanlega síðar. — Þessi nefnd starfaði vikur og mánuði, án þess að aðrir starfskraftar væru til kallaðir, en fyrir sérstaka áskorun á ríkisráðsfundi féllst ég á að taka við þrem hv. alþm. í nefndina til þess að tryggja betur framgang

þeirra tillagna n., sem lagðar yrðu fyrir Alþingi síðar, og segja mátti, að mörg rök hnigu að því, að bæta þessum hv. þm. í n. Hv. þm. A-Húnv. lýsti því í ræðu sinni áðan, hvernig litið hefði verið á þessi mál 1940 af þáv. hæstv. forsrh., en þá var útþensla og tala ríkisstofnana mun minni en nú, og hafi þá verið litið þannig á, eins og ég veit, að hv. þm. hefur réttilega skýrt frá, þá er sízt ástæða til að ætla, að þörfin hafi minnkað síðan, enda hefur hún mjög vaxið. Ég þarf ekki að fara ýtarlega út í það vafstur, sem er í ráðuneytunum sjálfum, þar sem, eins og menn vita, hvað rekur annað: afgreiðslustörf, bréfaskriftir og símtöl, bæði hjá ráðherrum og öðrum starfsmönnum. Þessir þrautreyndu starfsmenn komust að þeirri niðurstöðu, að fá yrði sérstakan starfsmann, sem eingöngu hefði þetta eftirlit með hendi, enda er það nóg starf handa duglegum manni að starfa að því. Þeir hafa einnig, eins og fram kemur í nál. sparnaðarnefndarinnar, verið búnir að kynna sér, hvaða háttur var hafður á þessum málum í nágrannalöndunum. Svo segir í nál.:

„Hefur öll n. orðið sammála um að setja þessar till. fram við hæstv. ríkisstj. í frumvarpsformi, sem hún síðan legði fyrir Alþingi. Nefndin hefur í þessum till. sínum fylgt þeirri stefnu, sem Norðurlandaþjóðirnar hafa tekið upp hin síðari ár og mjög virðist falla í sama farveg.

Svíar urðu fyrstir til að koma fastri skipun á þessi mál með lögum frá 10. des. 1943, um „Statens sakrevision" og „Statens Organisationsnämnd", sem komu til framkvæmda 1. jan. 1944 og samkvæmt þeirri reynslu, sem þegar er fengin, virðast hafa gefið góða raun.

Er hér um tvær stofnanir að ræða, sem eiga að hafa náið samstarf um það eitt að vinna að því, að þær ríkisstofnanir, sem undir eftirlitið falla, séu reknar á skipulagðan, hagkvæman og ódýran hátt.

Næstir urðu Norðmenn til að hefjast handa um umbætur á sviði ríkisrekstrarins með skipun nefndar hinn 20. nóv. 1945. Skilaði hún nefndaráliti 15. júní 1946, þar sem lagt var til, að sett yrði á laggirnar sérstök stofnun, „Statens Organisations og Rationaliserings Kontor (S.O.R.). Hefur norska stjórnin fallizt á tillögurnar og lagt þær fyrir þingið, en ekki er n. kunnugt um, hvort þær eru orðnar að lögum.

Árið 1946 skipaði danska stjórnin 15 manna nefnd í sama tilgangi, og var Thorkil Kristensen, þáverandi fjármálaráðherra, formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði fyrsta áliti sínu s. l. haust og lagði þar einróma til, að tekin yrði upp lík tilhögun og þegar er komin á í Svíþjóð og er í undirbúningi í Noregi. Telja nefndarmenn sem höfuðástæðu fyrir þessum tillögum, að á annan hátt verði ekki komið á, svo að í lagi sé, þeim umbótum, er þeir telja nauðsynlegar á ríkisrekstrinum.

Sparnaðarnefndin hefur, eins og fyrr greinir, komizt að sömu niðurstöðu, og eru nefndarmenn sammála um, að frændþjóðir vorar hafi hitt þarna á rétta leið, sem við gætum haft til fyrirmyndar, að sjálfsögðu með þeim breytingum, sem leiðir af ólíkum staðháttum."

Það var þess vegna, þegar ég fékk frv. í hendur og hafði sýnt það meðráðh. mínum, ákveðið að leggja það fram í því formi, sem gert var, þegar það var lagt fram í Ed., vel vitandi þó, að margir mundu telja það ágalla að stofna hér nýtt embætti. En ég vil bara segja það, að með því að láta vera að stofna til slíks eftirlits, þá mætti segja, að Alþingi væri að spara eyrinn, en kasta krónunni. — Því hefur verið haldið fram af sumum, að fjmrh. gæti haft þetta eftirlit á hendi sjálfur, enda í hans verkahring. En ég verð að segja það, að þótt ég hafi ekki langa reynslu sem fjmrh., þá hef ég nógu langa reynslu til þess að vita það, að eins og rn. er nú skipulagt, þá yrði það æði fálmkennt eftirlit, sem fjmrh. gæti haft með því að skipa til þess einn fulltrúa í dag og annan á morgun eftir því, sem þeir væru lausir við önnur verk. Með tilliti til þeirrar geysimiklu þýðingar, sem þetta eftirlit getur haft, þá verð ég að segja, að ef Alþingi fráfælist svo mjög að kosta einn embættismann með verulegu valdi til þessa starfs, þá er ekki mikið mark takandi á því sparnaðartali og þeim sparnaðarályktunum, sem hér hafa komið fram. Það er þá, eins og sagt er, meira í nösunum á mönnum, og segi ég þetta ekki í óvirðingarskyni við neinn. Á fjölda sviða er sótt á ríkissjóðinn og ríkisstofnanir til þess að auka eyðsluna, en minna er um utanaðkomandi hjálp til þess að minnka hana. — Ég sá nýlega í dönsku blaði, að danska stjórnin ætlaði að fara að kippa að sér hendinni með útsendingu alls konar sendinefnda, sem hið alþjóðlega samstarf krefur. Hér er þetta orðinn geysikostnaðarsamur útgjaldaliður, sem fer engan veginn minnkandi, þessi þátttaka í alls konar ráðstefnum, sem krefst mikilla útgjalda af ríkissjóði, og er þetta einn liður til sparnaðar að draga hér úr.

Eins og ég sagði áðan, lét ég til leiðast að fá til samstarfs við fimmmenningana 3 hv. alþm., en reynslan af þeirra starfi varð ekki sú, hvað þá alla snertir, að þeir yrðu málinu til framdráttar. Þessir þm. voru hv. 1. landsk., fulltrúi Alþfl., hv. 1. þm. N-M., fulltrúi Framsfl., og hv. þm. Borgf., fulltrúi Sjálfstfl. Tveir af þessum hv. þm. eiga sæti í Ed., og annar þeirra lagðist hreinlega á móti málinu, en hinn kom inn í frv. brtt., sem ég tel, að draga muni úr aðgerðum til úrbóta, sem gætu orðið, ef frv. yrði samþ. óbreytt. Það kom fram hjá hv. 1. landsk. í Ed., að hann taldi, að starf eftirlitsmannsins mundi verða vandasamt og óvinsælt, og er það vafalaust rétt, að það mun ekki reynast vinsælt verk að hafa eftirlit með því sjálfræði og agaleysi, sem er í ríkisstofnunum. Sá, sem þar ætlar að bæta um, mun sjálfsagt ekki fagna þar sérstökum vinsældum, en það er heldur ekki verið að sælast eftir vinsældum, það er sælzt eftir umbótum, en ekki því að gera sig vinsælan hjá því fólki, sem þarf að leiðrétta eða koma í veg fyrir eyðslu hjá. Um afstöðu hv. þm. Borgf. hefur ekkert komið fram hér í d., en ég vona, að hann reynist dyggari stuðningsmaður málsins en kollegar hans í Ed. — Ég held, að ef við viljum líta á þetta raunsæjum augum, þá hljótum við allir að verða sammála um, að nauðsynlegt sé, að eftirlitsmaðurinn sé óháður og sjálfstæður og þurfi ekki að búast við að vera gerður ómerkur gerða sinna í öðru

hverju fótmáli. Ef hann fær ekki þá aðstöðu, er honum mjög torveldað að inna verk sitt af hendi.

Hér er till. frá hv. þm. A-Húnv. á þskj. 647, og þar leggur hann til, að vald ráðsmannsins haldist á þann sama hátt sem embættismennirnir, sem sömdu frv., hugsuðu sér í upphafi, sem sé að eftirlitsmaðurinn sé skipaður af forseta, og tel ég þann hátt beztan á hafðan. Svo er till. frá hv. þm. V-Húnv., sem virðist ekki alls kostar ánægður með þá breyt. á frv., sem flokksbróðir hans, hv. 1. þm. N-M., kom inn í frv. í Ed., en vill, að því er mér virðist, ganga feti lengra. Hann vill, hv. þm., skv. 2. lið brtt. á þskj. 665 aðeins leyfa það, að eftirlitsmaðurinn verði ráðinn til eins árs, en heimilt er þó skv. brtt. að framlengja ráðningarsamning hans um annað ár í viðbót, ef allir ráðherrar eru sammála um það. Og svo segir: „Eigi er heimilt að ráða sérstakan eftirlitsmann til lengri tíma, nema samþykki Alþingis komi til.“ Ja, það er aðdáunarverð varúð, sem kemur fram hjá þessum greinargóða og glögga — ég vil segja sparnaðarmanni, varúð gegn því, að eftirlitsmaðurinn megi umfram allt ekki hafa sterka og öfluga aðstöðu. Hann má ekki ráða nema til eins árs, og þótt samþykkt ráðherra komi til, má ekki ráða hann til lengri tíma en tveggja ára, nema leitað sé á ný til Alþ. Ég vil nú spyrja hv. þm.: Hvaða duglegur maður mundi fást í þetta starf upp á það að vera aðeins ráðinn til eins árs? Ég get ekki hugsað mér, að í það fengist atkvæðamaður, ef hann ætti að hanga við þetta í eitt ár og hætta svo, og svo er þessi dásamlega setning í brtt. hv. þm.: „Eigi er heimilt að ráða sérstakan eftirlitsmann til lengri tíma, nema samþykki Alþingis komi til,“ og þetta á að vera svo, enda þótt allir ráðherrar séu sammála um ráðningu eftirlitsmannsins. Ja, eftir reynslunni af meðferð málsins í Ed. og viðtökum einstakra hv. þm. hér, þá tel ég það vafasamt, að næsti fjmrh. fari aftur á flot með málið, ef það nær nú ekki fram að ganga í svipuðu formi og upphaflega var ætlazt til. Það er auðvitað hægast að láta allt danka og gera ekki neitt. Það aflar manni ekki óvinsælda vegna þess, að stofnað sé til nýrra embætta. Þá er heldur ekki hætta á, að maður verði óvinsæll hjá starfsmönnum ríkisins, eins og hv. 1. landsk. talaði um, og þá þarf maður heldur ekki að slást um það hér á Alþingi, hvort þessi eftirlitsmaður eigi að vera valdalaus figúra eða dugandi embættismaður. Ég hélt, að alvara hefði fylgt máli í þeim sparnaðarsamþykktum, sem hér voru gerðar fyrir forgöngu fjvn., og hafði aldrei búizt við öðru en því yrði vel tekið, þegar byrja ætti þetta eftirlit, því að það er nú allt í molum til mikils óhags fyrir ríkissjóð, og tapið þess vegna er mun meira en sem svarar launum eins embættismanns, og þótt fleiri væru. Ég verð að taka undir orð hv. þm. A-Húnv., að ef Alþingi tekur ekki málið alvarlegar en svo, að það vilji ekki vinna það til, að eftirlitsmaðurinn verði maður með fullt umboð og í fastri stöðu, heldur einhver lausamaður, þá er betra að samþ. ekkert í þessu efni. Ég a. m. k. kæri mig ekkert um að standa að þessu máli á þann hátt, sem hv. þm. V-Húnv. leggur til. Ég þarf ekki að lýsa því, að ég berst ekki fyrir þessu minna valda vegna, því að ég verð sjálfsagt ekki lengi fjmrh., en ég berst fyrir þessu stöðunnar vegna og fyrir fjármálastjórnina í landinu. Hún er nú allt of laus í sér, þar sem hver einstakur ráðh. hefur allt of mikið sjálfræði, en fjmrh. lítið vald til eftirlits með útgjöldum hinna einstöku ríkisstofnana, og því fer eyðslan gjarna fram úr því, sem Alþingi hefur ætlazt til, og því, sem gjaldgetan leyfir. Það er fyrir framtíðar fjármálastjórnina og íslenzkan ríkisrekstur, að ég berst fyrir þessu eftirliti, og ef því verður ekki komið á á forsvaranlegan hátt, þá er betra að samþ. ekkert þar um, en forsvaranlegur háttur á að skipa mann í vandasamt embætti er sá einn, að maðurinn sé svo skipaður, að hann viti, að ef hann gerir sig ekki sekan um embættisafglöp, þá verði honum ekki vikið frá eftir nokkra mánuði eða eitt ár. Það er eftirtektarvert hjá hv. þm. V-Húnv., að hann gerir ráð fyrir, að þótt öll ríkisstj. telji nauðsynlegt, að embættismaðurinn sé í lengri tíma, þá verði þó að leita samþykkis Alþingis. Menn eru ekki alltaf svona varkárir, þegar nýjar stofnanir eru settar upp. Ég veit ekki til þess, að fyrr hafi verið sleginn slíkur varnagli um að festa ekki mann í embætti, eins og hv. þm. V-Húnv. vill nú gera.

Á þskj. 641 er brtt. frá fjhn., sem mér virðist vera þannig, að við hana sé ekkert sérstakt að athuga; hún veikir ekki aðstöðu eftirlitsmannsins á neinn hátt, og þá geri ég ekki ágreining um orðalag. Það var aldrei tilgangurinn að skipta sér af daglauna- og verkafólki, heldur aðeins fastlaunuðum starfsmönnum. Ég skal láta útrætt um þetta. En ég legg áherzlu á það, að ef Alþ. hirðir um að vera samkvæmt sjálfu sér og gera raunhæfar ráðstafanir til þess að koma á fót alvarlegu og haldgóðu eftirliti, þá má ekki veikja frv. eins og hér er lagt til með brtt. á þskj. 665. Sé hún samþ., þá er málið orðið mjög lítil stoð fyrir sparnaðartilraunir í þessu efni að mínum dómi, hver sem fyrir þeim á að standa.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd fjhn. að bæta við einni brtt. Í frv. var áður ætlazt til, að ráðsmaðurinn hefði sömu laun og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu. Í Ed. var þessu breytt þannig, að hann einn allra starfsmanna ríkisins skyldi hafa sömu laun og ráðherrar. Þetta teljum við óheppilegt og muni vekja óánægju og æsa upp kröfur manna í hliðstæðum embættum að komast í sama launaflokk. Þessi till. felst að vísu í tveimur brtt., frá hv. þm. A-Húnv. og hv. þm. V-Húnv., en þar koma til önnur óskyld atriði, og við nm. töldum rétt, ef þessar brtt. væru bornar upp fyrst og felldar, að þá væri hægt að greiða atkv. um þetta eitt út af fyrir sig. Ég vil því bera þá ósk okkar fram við hæstv. forseta, að þessi brtt. verði borin upp á eftir hinum brtt. við 2. gr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj 702) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hafði í fjhn. skrifað undir með fyrirvara, eins og meiri hl. nm., og það er ekkert óeðlilegt, þótt nm. og fleiri þm. séu dálítið óvissir í afstöðu sinni til frv. Sannleikurinn er sá, að það er varla nokkurt mál, sem legið hefur fyrir þessu þingi, þar sem nytsemi eða ógagn er jafngersamlega komið undir þeim, sem hefur starfið með höndum. Það fer allt eftir því, hvernig teningarnir velta, hvort þetta yrði ágæt stofnun eða alls ómöguleg — viðauki við ríkisbáknið, sem kynni að markast af harðstjórn og óréttlæti. Það er því eðlilegt, að menn séu nokkuð fálmandi um afstöðu sína.

Hæstv. fjmrh. hefur fullyrt, að hvatir ríkisstj. til að flytja þetta frv. væru þörf á sparnaði og betri rekstri ríkisstofnana, sem hún vildi tryggja með þessu. Ef Alþ. ætti því að samþ. þetta frv. með tilliti til þess, að það væri af þessum hvötum sprottið, væri ekki óeðlilegt, að Alþ. byrjaði með því að spyrja, hvar þessi góði vilji hefði komið fram í till. hæstv. ríkisstj. til Alþ., því að svo framarlega sem á að spara, þá liggur valdið til þess hér á Alþ. Forustu- og framkvæmdanefnd Alþ. er ríkisstj. og það er fyrst og fremst hennar hlutverk að koma hér fram með till. um sparnað og skynsamlegra og betra fyrirkomulag á ríkisrekstrinum. Það getur verið skynsamlegt og virðingarvert í sjálfu sér að setja sparnaðarnefnd, en ekki virðist mikil uppskera af erfiði hennar, þegar hennar höfuðtill. er að bæta við ríkisbáknið án allra annarra breytinga. Það hefur þó komið fram hér á Alþ., að ýmislegt er hægt að gera í sparnaðarátt, t. d. við innkaup á ýmsum vöruteg undum, svo sem tóbaki, víni, grænmeti og viðtækjum, sem sérstakar stofnanir annast sitt hver. Og eftir að hæstv. ríkisstj. tók við völdum, bættist við ný stofnun, sem heitir, ef ég man rétt, innkaupastofnun ríkisins. Hefði nú verið um verulega sparnaðarviðleitni að ræða hjá hæstv. ríkisstj., hefði legið nærri fyrir hana að sameina allar þessar ríkisstofnanir í eina. Að vísu má segja, að hér sé um vörur að ræða, sem séu að ýmsu leyti óskyldar, en ekki eru meiri brögð að því en hjá ýmsum einstökum heildverzlunum t. d. eða hjá S.Í.S. Ég viðurkenni, að ekki mundi neitt sparast við þetta hvað snertir t. d. geymslu eða afgreiðslu, en það yrði afgerandi sparnaður í sjálfu skrifstofuhaldinu, því að allt mætti sameina undir eina skrifstofu, sem annaðist t. d. innkaup, bréfaskriftir, sölu og þess háttar. Þetta skrifstofuhald yrði hlutfallslega miklu ódýrara, því að sú tækni, sem nú er hægt að beita á skrifstofum, er þannig, að ekki er hægt að koma hinni beztu tækni við nema á stærstu skrifstofum, þar sem mikið er að starfa. Þetta er sem sagt ein leiðin, sem hæstv. ríkisstj. hefði getað farið, ef hún hefði viljað sýna ákveðna sparnaðarviðleitni. Hinn væntanlegi ráðsmaður gæti ekkert gert í þessu efni nema gera till. um það. En til þess að gera slíkar till. þarf ekki að stofna neitt sérstakt embætti. Ég geri ráð fyrir, að meiri hluti hv. þm. muni vera sammála um, að þessar stofnanir ættu að sameinast. En mergurinn málsins er sá, að í vegi standa hinir og þessir hagsmunir, sem jafnvel hæstv. ríkisstj. sjálf þykist eiga að gæta um ítök í þessum stofnunum. En þó að hún vildi nú gjarna breyta til, og þótt það kynni að þykja hart að gengið að svipta menn með þessu móti embættum, sem þeir hafa gegnt lengi, þá er þó að minnsta kosti hægt að nota tækifærið, þegar breytingar verða. Það höfðu lengi ágætir menn veitt forstöðu áfengis- og tóbakseinkasölunum, og það olli mestu um á sínum tíma, að felldar voru till. um að sameina þessar stofnanir. Nú varð hér breyting á, og gafst tækifæri til að fella stofnanirnar saman, án þess að það ylli persónulegum óþægindum. Ég hygg, að hæstv. fjmrh. hefði haft vald til þess, og gæti trúað, að vilji hafi verið fyrir hendi hjá honum til þess, en reynslan er bara sú, að það var skipaður nýr forstjóri. Við vitum þess vegna, að ef byrja skal á breytingum í þessu efni, þá þarf að vera til þess hugur og skilningur og koma fram um það ákveðnar till., sem hæstv. ríkisstj. er sjálf sammála um, og þá mundi henni líka verða fylgt að málum. En þegar þessa forustu vantar, er ekki nema von, að þm. verði alltortryggnir á, að nokkuð verulegt gott hljótist af því, þótt ný deild bætist við í stjórnarráðinu og ríkisbáknið þannig aukið, einmitt af því að við vitum, að framkvæmdir verða komnar undir vilja hæstv. ríkisstj., og þann vilja virðist hafa vantað. Það hefur verið reynt að gera ráðstafanir til að fella saman ríkisstofnanir, og þær tilraunir mistekizt. Eitt af verkum hæstv. ríkisstj. var það að fella saman nýbyggingaráð og viðskiptanefnd. Það hafði verið óheppilegt, hve þær stofnanir voru sundraðar, og stofnað var fjárhagsráð með undirdeildum í þeirra stað, svo að öruggt væri, að þær störfuðu sem ein stofnun og sá glundroði ætti sér ekki stað, sem varð afleiðing af því, að nýbyggingaráð og viðskiptanefnd störfuðu hvort í sínu lagi. En hvað sýndi sig? Það er eins og miðflóttaafl hafi sundrað stofnuninni og ein deildin, viðskiptadeildin, verður eins og sjálfstæð stofnun. Þannig hefur þetta þróazt og svo er komið, eftir að stofnunin hefur starfað í 2 ár, og nú er kvartað um, að gera þurfi breytingar til þess að upprunalegu lögin nái fram að ganga. Þetta sýnir, að það er fyrst og fremst undir ríkisstj. sjálfri komið að laga þessa hluti og það er ekki á neins eins manns færi. Sundrunin verður í meðferðinni vegna þess, að ekki er nógu fast á haldið af hálfu ríkisstj. Og ég er hræddur um, að það, sem brestur á, að ríkisstj. sé nógu samhent í sinni stjórn, verði ekki bætt með því að setja þennan nýja embættismann. Hann fær ekkert það vald, sem gæti bætt úr þessu. Hvernig mundi t. d. fara með till., sem hann gerði? Viðbúið er, að meginið af þeim lenti í skúffum hæstv. ríkisstj. eins og margar fleiri. T. d. var orðuð í fjhn. till. frá hæstv. viðskmrh., sem tilkynnt var, að mundi berast okkur í des. í vetur og við beðnir að bíða eftir henni, en sú bið hefur dregizt í 5 mánuði og till. enn óafgreidd. Fyrst svona er nú farið með till. hæstv. ráðh., hvernig mundi þá verða farið með till. ráðsmannsins? Það er því von, að við séum tortryggnir. Ef um ríkisstj. væri að ræða, sem hefði sýnt hug og dug til sparnaðar, væri öðru máli að gegna um afstöðuna til þessarar till. En vegna reynslunnar, sem við höfum í þessu efni,

er sú tortryggni eðlileg. Og ég gæti trúað, að ef hæstv. fjmrh. vildi skýra deildinni nákvæmlega frá reynslu sinni í þessum efnum, þá mundi það ekki bæta úr um afstöðu d. til þess að gefa hæstv. ríkisstj. slíkar heimildir sem þessa. Þetta hefði sem sagt fyrst og fremst orðið að byggjast á trausti á sparnaðarvilja hæstv. ríkisstj., en það traust er að fenginni reynslu af skornum skammti. Mér hefði þótt rétt — og hefði haft gaman af að heyra um það álit hæstv. fjmrh. — að koma fram með till. um að bæta aftan við þetta lagafrv. ákvæði um það, að fella skyldi saman þessar ríkisstofnanir, sem ég hef rætt um, og skyldi þessi heimild öðlast gildi að því loknu. Fyrst yrði hæstv. ríkisstj. sem sagt að sýna vilja sinn í verki, og þegar það væri gert, þá fengi hún þá heimild, sem hér er óskað eftir. Þá þætti mér vænt um, vegna þess að mér finnst það ekki nægilega skýrt ákveðið í frv., að heyra skilning hæstv. fjmrh. á því, hve víðtækt hann telur, að hugtakið ríkisstofnun sé í þessu sambandi og þar með vald ráðsmanns. Mundi það eingöngu ná yfir stjórnarráðið og stofnanir þar í kring, eða nær það líka yfir síldarverksmiðjur ríkisins, yfir Landsbankann og svo framvegis? Ég tel nauðsynlegt að fá þetta upplýst, svo að enginn efi sé um skilning á þessu. Hæstv. ráðh. virtist álíta, að með þessum l. fengi hann meira frjálsræði til ýmissa aðgerða. En mikið af starfi þessa manns fer í að gera till. Og ég býst við, að ef hæstv. fjmrh. þykir samráðh. sínir hafa nokkuð mikið sjálfræði, þá yrði það ekki svo takmarkað með þessum l. Hann yrði vafalaust að fá breyt. á því með sérstökum lagafyrirmælum. Að öðrum kosti yrði erfitt að takmarka vald ráðherranna yfirleitt, þegar þeir álitu óhjákvæmilegt fyrir sig að bæta t. d. einhverjum við eða breyta sinni starfstilhögun, þótt það þýddi aukinn kostnað, sem þyrfti ekki alltaf að koma fram í auknu mannahaldi.

Þá vil ég að síðustu gera þá aths. viðvíkjandi 3. gr. þessa frv., að þar sem ráðsmanni ríkisins er upp á lagt að kveðja til ráðuneytis um tiltekin mál ýmsa embættismenn ríkisins, þá sé líka eðlilegt, að hann verði að ráðfæra sig, þegar um þau málefni er að ræða, sem snerta hagsmuni starfsfólks ríkisins, við þeirra samtök, og ég vil, ásamt hv. 3. þm. Reykv. (AG), leggja fram brtt. við 3. gr., að aftan við gr. bætist, að enn fremur skuli stj. B.S.R.B. kvödd á fund ráðsmanns ríkisins, þegar um mál er að ræða, sem snerta hagsmuni starfsmanna ríkisins. Það er rétt og eðlilegt og vafalaust nytsamt fyrir sjálfa framkvæmd þeirra ráðstafana, sem um er að ræða, betri rekstur, meiri vinnuafköst og sparnað, sem ráðsmaðurinn kynni að vilja gera, að um allt þetta væri haft samráð við starfsmenn ríkisins eða fulltrúa þeirra samtaka. Og ég býst ekki við, að hægt sé að koma á verulegri breyt. til batnaðar í okkar ríkisrekstri, án þess að það sé gert í góðri samvinnu við starfsmenn ríkisins. Vil ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir till. okkar, með því að hún er of seint fram komin og skrifl.

Af því að hæstv. ráðh. er nú kominn inn, verð ég að endurtaka nokkuð. Ég vil þá spyrja, hvernig beri að skilja orðið ríkisstofnun í þessu frv., hvort það taki aðeins til þeirra stofnana, sem ríkið sem slíkt rekur og eru því beinlínis undir stjórn ráðh., eða hvort taldar eru með þær ríkisstofnanir, sem lúta sérstakri stjórn, svo sem bankar, síldarverksmiðjur og aðrar slíkar, þó að þær að vísu heyri undir ráðuneyti. Þeim er stjórnað af tiltölulega sjálfstæðum stjórnum. Enn fremur óska ég upplýsinga um það, hvernig hæstv. ráðh. mundi taka því, ef komið væri fram með brtt. við þetta frv. í þá átt að gefa ríkisstj. heimild til að fella saman ríkiseinkasölur og setja eina stj. yfir, þar sem nú eru 4 eða 5, til þess að koma þannig á verulegum sparnaði í skrifstofurekstri. Og skyldi þá jafnvel sú heimild, sem þetta frv. veitir til að skipa ráðsmann ríkisins, öðlast fyrst gildi, þegar þessi sameining hefur verið framkvæmd, þannig að ríkisstj. fengi frá þinginu tækifæri til að sýna sparnaðarvilja í verki, áður en sett væri á fót ný stofnun enn í ríkisbákninu, eins og frv. fer fram á.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 703) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Út af fyrirspurn hv. þm. um það, hvað skoða beri ríkisstofnanir, þá yrði allt of löng upptalning að greina frá því, enda er gert ráð fyrir í 8. gr., að fjmrn. geti með reglugerð kveðið nánar á um starfssvið þessa manns og önnur atriði, og þar kæmi þetta inn undir. Annars vita flestir, hvað átt er við, þegar um ríkisstofnun er rætt. En ég tel þó fullan vafa á því, hvort bankarnir teldu sig heyra undir svona eftirlit, því að þeir hafa fastara system en margar aðrar stofnanir ríkisins. Þó skal ég ekkert aftaka í því efni, en skilst hér vera um reglugerðarákvæði að ræða.

Um hitt atriðið, sem hv. þm. spurði, þá sker d. vitanlega úr um það, hvort hún vill fella inn í frv. það ákvæði að sameina ríkisstofnanir. En ég sé ekki, að þó að sú heimild væri samþ. út af fyrir sig, þyrfti að tengja hana þannig við efni þessa frv., að ekki mætti aðhafast neitt annað til úrbóta fyrr en slíkt væri framkvæmt.

En um ræðu hv. þm. almennt veit ég, að ýmsar hans ábendingar hafa við rök að styðjast. Samstarf um sparnað hjá þessari ríkisstj. og fyrri ríkisstj. hefur aldrei verið nægilega mikið. Og vald þess manns, sem er talinn bera ábyrgð á fjármálunum, hefur ávallt verið of lítið í okkar þjóðfélagi. Og eftir því sem tölurnar verða stærri, sem fengizt er við, útgjöldin meiri, fyrirtækin fleiri, þá fer vald fjmrh. minnkandi, en vex ekki, eins og nú horfir við. En um aths. hv. þm. vil ég enn fremur segja, að mig undrar ekki, þó að þær séu með stjórnarandstöðusjónarmiði og tón. Því er eðlilegt, að hann segi, að ef þetta eða hitt sé ekki hægt, þá þýði ekki neitt að eiga við þetta. Það er ekki annað en það, sem búast má við frá hans hálfu. Honum er af alveg eðlilegum ástæðum ekki sérstakur áhugi á því, að neinum umbótum verði náð fram undir forustu núverandi stj. Ég get ekkert láð honum það.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég er eindregið fylgjandi þeirri hugmynd, sem liggur

þessu frv. til grundvallar. Ég hef talið og tel, að starfsháttum opinberra stofnana og fyrirtækja sé og hafi verið ábótavant að mjög mörgu leyti og að það sé hægt að koma ýmsum umbótum við, sem geti orðið til allverulegs sparnaðar. Þess vegna finnst mér sú hugmynd hafa verið góð og skynsamleg að ráða sérstakan mann, sem hefði það hlutverk að bæta skipulag í hinum ýmsu stofnunum og fyrirtækjum ríkisins, því að ég er viss um, að ef fær kunnáttumaður og skipulagningarmaður ræðst til þessa starfs, mun það geta borið mjög mikinn árangur. En einmitt vegna þess, hvernig hér er málum háttað, er bókstaflega allt undir því komið, hvaða maður velst til þessa starfs, — hvort sá maður hafi kunnáttu og dugnað til að bera. Tel ég meira komið undir slíku hér en um flestar embættisstofnanir aðrar, og vil ég í því efni taka undir það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. Verð ég að segja, að afstaða mín — og fleiri þm. geri ég ráð fyrir — mótast að verulegu leyti af því, á hvaða starfsmanni hæstv. ríkisstj. getur átt völ til þessa starfs. Þess vegna vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort ríkisstj. hafi þegar leitað fyrir sér um ráðningu manns til starfsins og hvort fjmrh. sjái sér fært að skýra þinginu frá því, ef hann eða ríkisstj. hafi þegar einhvern ákveðinn mann í huga, eða ef hæstv. ráðh. telur óviðkunnanlegt að skýra þd. allri frá þeim fyrirrætlunum, sem ríkisstj. kann að hafa í huga, hvort hæstv. ráðh. sé reiðubúinn til að skýra þeirri n., fjhn., sem fær málið til meðferðar, frá þeim, því að mér skilst, að þetta atriði hafi ekki borið á góma í n.

Umr. frestað.

Á 106. fundi í Nd., 11. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hélt alllanga ræðu hér í gær og var allgustmikill á köflum. Hann andmælti mjög þeim brtt. við frv., sem ég flyt á þskj. 665, og hélt því fram, að nú þegar þyrfti að stofna þessa deild í stjórnarráðinu og setja yfir hana nýjan embættismann, annað kæmi ekki að gagni. Hann sagði raunar, að hægast væri að láta allt danka, en það er einmitt það, sem hæstv. ráðh. og rn. hafa gert. Einkum hefði hæstv. fjmrh. borið skylda til að hafa eftirlit, en það hefur hann vanrækt. Alltaf er verið að fjölga starfsmönnum, eins og hv. þm. A-Húnv. benti réttilega á, en þrátt fyrir það dragast störfin oft óhæfilega lengi, og má í því sambandi benda á ríkisreikningana, er nýlega var rætt um, og er ekki ástæða til að rekja það hér á ný. Ég tel, eins og ég sagði áður, að fjmrn. hafi borið skylda til að hafa þetta eftirlit og að það hafi haft fullt vald til þess. Samkvæmt 1. gr. frv. er hinni fyrirhuguðu deild ætlað að hafa eftirlit með rekstri ríkisstofnana og starfsmanna ríkisins, starfsaðferðum, starfsmannahaldi, vinnuafköstum og vinnuskilyrðum þessara aðila, að leiðbeina ríkisstofnunum og ríkisstarfsmönnum um starfstilhögun og mannahald og gera till. til hlutaðeigandi ráðh. um bætta starfstilhögun og breytt skipulag og sparnað o. s. frv. Allt þetta hefði rn. getað gert og getur, en það lítur út fyrir, að það hafi ekki verið gert. Og í staðinn fyrir að herða sig upp, hafa eftirlit með ríkisrekstrinum og taka upp hagkvæmari vinnubrögð, kemur hæstv. ráðh. andvarpandi til Alþ. og biður um nýja deild í stjórnarráðinu og nýjan embættismann, er auðvitað þarf aðstoðarmann sér við hlið. Með sama áframhaldi kæmi mér ekki á óvart, þó að hæstv. ráðh. segði næsta ár, að þessi nýja deild gæti ekki leyst þetta starf af höndum, nema sett yrðu l. um ráðskonu ríkisins. *(Fjmrh.:* Auðvitað þarf ráðsmaðurinn að hafa konu sér við hlið.) Ég get búizt við því. *(Fjmrh.:* Það er ekki gott, að maðurinn sé einn.) Það kann að vera, að hæstv. ráðh. vanti mann, og því hef ég viljað gefa honum heimild til að ráða sérstakan mann til eftirlitsins, en ég vil ekki slá því föstu nú að stofna þessa deild eða skipa fastan embættismann í þessu skyni. Ég tel hyggilegra að ráða manninn til bráðabirgða og sjá, hver árangur verður af störfum hans. „En hver fæst aðeins til eins árs?" spyr hæstv. ráðh. og heldur því fram, að nýtur maður fáist ekki í þetta starf, nema það verði lífstíðarstarf. Þeir eru að vísu margir, sem telja það sáluhjálparatriði að komast á lífstíðarlaun, sérstaklega hjá ríkinu, og hæstv. fjmrh. virðist líka ganga út frá því, þar sem hann efast um, að hann geti fengið mann, ef starfið er ekki tryggt til æviloka. Ég held, sem betur fer, að enn séu til hæfir menn, sem mundu taka þetta að sér án slíkra trygginga. Ég þekki marga, sem vinna vel þau störf, er þeir ganga að, án tryggingar fyrir lífstíðarstarfi. Ef enginn fæst, er hefur það hugarfar, að hann vilji vinna starfið án slíkrar tryggingar, þá hef ég takmarkaða trú á árangri þessarar lagasetningar. Hæstv. ráðh. segir, að ég ætlist til þess, að þetta verði valdalaus fígúra. Það er ekki dregið úr valdi hans í mínum brtt. Ég vil aðeins hafa eins til tveggja ára reynslutíma og sjá árangurinn, áður en Alþ. lögfestir þetta sem framtíðarembætti, en samkvæmt mínum brtt. hefur ráðsmaðurinn sama vald og honum er ætlað í frv.

Hv. þm. A-Húnv. talaði um þetta mál og nokkuð á sama veg og hæstv. fjmrh. Hann vildi slá því föstu þegar, að þessi deild yrði stofnuð strax. Ég verð að segja, að það var öðruvísi í honum hljóðið í gamla daga, er rætt var um starfsmannafjölgun og stofnun nýrra ríkisfyrirtækja.

Ég geri ráð fyrir því, að mönnum, sem lesa till. mínar, sé ljóst, hvað þar er á ferð, og sé því ekki ástæðu til að eyða fleiri orðum um þær að þessu sinni.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af aths. hv. þm. V-Húnv. Hv. þm. hefur, eins og ég, komizt í það á sinni tíð að verða ráðh. stutta stund og því fengið svipaða reynslu og þeir, er koma aðvífandi og reynslulausir í þessum sökum í rn., en vilja eftir megni standa í sinni stöðu. Svo eru aðrir, er sitja þarna fyrir, skrifstofustjórar, er starfað hafa með mörgum ráðh. og rn. og hafa því miklu meiri reynslu hvað sjálf störfin snertir en pólitískir ráðh., sem koma og fara með stuttu millibili. Þeir menn, er ég kvaddi til ráðuneytis í þessu máli til að koma af stað sparnaðarviðleitni

hjá stofnunum ríkisins, það voru þessir menn. Þeir hafa margra ára reynslu í þessum efnum, t. d. Gunnlaugur Briem skrifstofustjóri atvmrn., Magnús Björnsson ríkisbókari, Björn E. Árnason aðalendurskoðandi, Magnús Gíslason skrifstofustjóri fjmrn., er verið hefur allmörg ár skrifstofustjóri, en þó ekki eins lengi og Gunnlaugur Briem, og loks skrifstofustjóri félmrn., Jónas Guðmundsson. Allir þessir menn voru sammála um, að þetta eftirlit yrði byggt upp eins og segir í frv. Allir voru þeir líka sammála um, að þessi embættismaður þyrfti að hafa sterka aðstöðu — ég undirstrika sterka — það kom glöggt fram í viðræðum mínum við þá. Ég efa ekki hæfileika hv. þm. V-Húnv. á þeim sviðum, er hann hefur beitt þeim, hvort sem það hefur verið hjá því opinbera eða privat, og ég býst ekki við því, að hann vefengi, að ég vilji líka gegna sem bezt mínum störfum. En við höfum ekki þá reynslu og þjálfun, sem þessir menn hafa hvað snertir „administration" — svo að ég noti það útlenda orð, með leyfi hv. þm. Þegar þeir segja, að þetta sé nauðsyn, stj. fellst á það og ég þar af leiðandi fer af stað með frv., þá fylgja málinu svo sterk rök úr hlaði, er það er lagt fyrir hv. þm., sem hljóta að vera sér meðvitandi um, að þarna er mikið verk óunnið, að kynlegt er, að hv. þm. skuli leggja sig í líma til að gera málið auvirðilegt, og aðstöðu viðkomandi embættismanna veikari en hún þarf að vera samkvæmt dómi ágætustu manna. Afstaða hans er hin sama og afstaða hv. þm. Str. í Ed. Og þó lét hv. þm. Str. sér um munn fara fyrir nokkrum árum — samkvæmt vitnisburði hv. þm. A-Húnv. —, að ef völ væri á vel hæfum manni í þetta starf, væri hann tilbúinn að skipa mann í það. Síðan hefur mikið bætzt við ríkisreksturinn, og ábyggilegt er, að þörfin á þessu eftirliti hefur mikið aukizt. Það kom líka fram í ræðum ýmissa þm. í þessari hv. d., m. a. í ræðu hv. 4. þm. Reykv., að þeir litu svo á þetta starf, að það væri jafnvel mest undir því komið, að í það veldist duglegur maður. Þessi skoðun kom líka fram í Ed., og ég játa, að starfið er síður en svo þannig vaxið, að ekki sé nauðsynlegt að hafa þetta í huga. Það er því út í hött að vilja fara inn á alveg nýja leið hvað veitingu þessa embættis snertir, leið, er ekki hefur tíðkazt áður. Læknar eru t. d. ekki settir í embætti til eins árs. Ef þeir hafa þá hæfileika og þau próf, er af þeim eru heimtuð, eru þeir skipaðir. Sama er að segja um sýslumenn, þeir eru líka skipaðir. Ég veit ekki til þess, að fordæmi séu um það í íslenzkri löggjöf, að menn séu fyrst teknir til reynslu í eitt ár, en síðan ákveðið að festa þá, ef Alþ. staðfestir það. Þetta er ný braut, eins og hv. þm. hlýtur að vera ljóst, og till. hans í þessa átt hljóta að byggjast á því, að hann leggur ekki eins mikið upp úr þessu starfi og þeir, sem undirbúið hafa þetta mál, og ég, er flyt það. Þetta er því kynlegra, þar sem hv. þm. er glöggur maður og hefur látið á því bera, að hann vildi hafa sparnað, eftirlit og stjórnsemi.

Af þessum ástæðum er ég andvígur brtt. hv. þm. V-Húnv. og tel, ef þær verða samþ., frv. jafnvel ónýtt. Það hefur þegar verið mikið dregið úr því með breyt., sem flokksbróðir hans í Ed. fékk inn í frv. Það er athyglisvert, þegar byggja á upp starfsemi til að reyna að stuðla að sparsemi, að þá skuli tveir þm. úr Framsfl. vilja hefja nýja aðferð í veitingu þessa starfs, sem hlýtur að leiða af sér, að ekki verður auðvelt að fá valinn mann, því að það er gefið, að það verður því erfiðara, ef vitað er fyrir fram, að eins getur verið um mjög stuttan tíma að ræða.

Ég gæti nefnt mörg dæmi, ef mér þætti það hlýða svo seint, til þess að sýna, hve nauðsynlegt þetta eftirlit er, og til þess að sýna, að eins og nú er háttað vinnubrögðum, og sama má segja um þau áður, er ákaflega víða gengið fram hjá fjmrn. af öðrum ráðun. og stofnunum með ráðstöfunum, er hafa skuldbundið fjmrn., jafnvel umfram framlög samkvæmt fjárl. Fjmrn. er gert meira eða minna valdalaust, þar til á að borga reikninginn, og þá er ekki völ á öðru en að gera uppreisn gegn meðráðh. sínum eða beygja sig. Eitt átakanlegt dæmi, sem ég hef áður skýrt frá, er lántaka póst- og símamálastjórnarinnar. Alþ. hafði að vísu þegar 1946 veitt heimild til 12 millj. kr. lántöku, en þegar aðeins fengust 6 millj. kr. hjá Landsbankanum, var hinum 6 millj. eytt af eigin fé. Og þegar hringrásin er komin í gang, verður fjmrn. að yfirdraga í Landsbankanum og fær gagnrýni af hálfu bankastj. fyrir að ná fénu út á óbeinan hátt. Vitaskuld hafði þessi embættismaður ágæt mótív, og hann hafði heimild þingsins til lántöku, en þegar bankinn veitti bara helminginn, voru fundin ráð til að leysa málið á bak við fjmrn. Það kom þannig út, að fjmrn. varð að kría þetta fé út úr bankanum síðar. Ég skal ekki nefna fleiri dæmi, en þau eru til. Það er rík tilhneiging hjá mörgum, sem hafa yfirstjórn og aðstöðu til að halda kyrru opinberu fé, að reyna að skapa aðstöðu til að geta staðið að sínum framkvæmdum, þó að þingið hafi ekki veitt fullar heimildir og fjmrn. því ekki lagt fram féð. Ég gæti nefnt dæmi í flugmálunum, sem er ákaflega nærtækt, í þessu efni, en skal ekki fara út í þá sálma nú. Það er þess vegna svo um fyrirkomulagið, hvernig staðið er að þessari vinnu, að það er bókstaflega ekki unnt fyrir fjmrn. eða fjmrh. að hafa yfir þessu fullt vald, a. m. k. ekki án þess að hafa sérstæðan embættismann, sem geti varið öllum tíma sínum til þess að líta eftir góðu skikki í þessum efnum hjá hinum ýmsu stofnunum. Og það er m. a. ástæðan til þess, að þetta frv. er fram komið. Svo er það vitað, að það er á mörgum smærri sviðum, sem gott eftirlit af hálfu dugandi manns í þessum efnum er ákaflega nauðsynlegt, manns, sem veit sig sjálfan öruggan í sessi, meðan hann gerir sínar embættisskyldur. Ég er nú kannske búinn að segja þetta áður með örfáum orðum, og ég skal ekki fara um það fleiri orðum nú. Mér er ekkert kappsmál að fá samþ. löggjöf í þessu efni, sem sé í beinni mótsetningu við allar embættaveitingar, sem þetta ríki hefur haft með höndum í öðrum efnum og á öðrum sviðum, löggjöf, sem er hálfvolg og ber það með sér, að það er ekki stofnað til nema hálfleikaaðgerða. Slík löggjöf er mér, og ég hygg hvaða fjmrh. sem væri, harla vonlítil til árangurs í þessum efnum. Það er fyrir þessar sakir, að ég hef bent á, að brtt. hv. þm. V-Húnv. eru þannig, að ef þær væru samþ., yrðu þær til þess að gera þetta mál þannig úr garði, að það geti ekki verið neitt

keppikefli fyrir fjmrh. að fá þá löggjöf í sínar hendur á þann veg.

Pétur Ottesen: Það var á þinginu 1945, sem ég átti nokkurn hlut að því, að fjvn. bar þá fram till. til þál., þar sem skorað var á ríkisstj. að láta fara fram rækilega athugun og rannsókn á því, hvernig hægt væri að draga verulega úr útgjöldum ríkisins og ríkisstofnana, og að jafnframt væri leitað að leiðum til þess að gera stjórnarkerfið einfaldara og óbrotnara. Og í þessari þáltill. var bent á það, að í því sambandi skyldi taka til athugunar sérstaklega það, sem fólst í fimm stafliðum þessarar till. Og aðalefni þess var það í fyrsta lagi að sameina ríkisstofnanir, yfirstjórn þeirra og rekstur, og enn fremur að athuga, hvort unnt væri að draga úr starfsemi þeirra og jafnvel að leggja þær niður að einhverju leyti. Í öðru lagi var efni þessara liða það, að tekin væri í notkun einhver betri tækni og hagkvæmari vinnubrögðum beitt við reksturinn, svo sem vélanotkun á skrifstofum og við önnur störf, eftir því sem við yrði komið. Í þriðja lagi var lögð áherzla á það — og þar er komið inn á það mál, sem hér er nú um að ræða — að komið verði á raunhæfu allsherjareftirliti með vinnutilhögun og vinnubrögðum á skrifstofum ríkisins og hjá stofnunum þess, enda verði eftirliti þessu beint til þess að gera tillögur um mannaþörf á hverri skrifstofu og stofnun ríkisins. Í fjórða lagi var lagt til að reyna að koma til vegar, að komizt yrði, eftir því sem frekast er unnt, hjá eftirvinnu á skrifstofum. Og loks í fimmta lagi var lagt til að gera innheimtu tolla og skatta einfaldari og umfangsminni heldur en hún nú er. — Þetta var aðalinnihald þessarar þáltill., sem fjvn. flutti þá. Þessi þáltill. var rökstudd mjög vel, m. a. var gerður samanburður í alllangri grg., sem fylgdi þessari till., á landsreikningnum frá 1939 annars vegar og niðurstöðum hans og hins vegar á fjárl., eins og gengið var frá þeim fyrir árið 1945. Og þessi samanburður sýndi, að mjög mikill vöxtur hafði orðið á rekstrarútgjöldum ríkisins á þessu tímabili. Ef nú væri gerður sams konar samanburður viðkomandi tímabilinu frá 1945 og t. d. á fjárl. fyrir árið 1948, þá ætla ég, að reynslan mundi sýna, að þróunin hefur orðið miklu örari á þessu tímabili í sömu átt en hún var á tímabilinu frá 1939 til 1945, því að á jafnskömmum tíma hygg ég, að aldrei hafi orðið jafnhraður vöxtur í þessum efnum eins og á því tímabili, sem liðið er frá 1945. Ég ætla, að þetta verði þá bending í þá átt, að hafi verið þörf þessara aðgerða árið 1945, sem í till. fólust tilmæli um, þá ætti ekki síður að vera þörf þeirra nú á árinu 1949. Þessi þáltill. var flutt í sameinuðu þingi, og Alþ. leit þá svo á þetta mál, að þessi þáltill. var samþ. einróma og mótatkvæðalaust.

Það er eftirtektarvert um það frv., sem hér liggur fyrir nú, um ráðsmann ríkisins, að í því er alveg tekin upp sú hugmynd, sem felst í 3. lið þessarar þál., sem sé að koma á raunhæfu allsherjareftirliti um vinnutilhögun og vinnubrögð á skrifstofum ríkisins og hjá stofnunum þess og að þessu eftirliti verði beint að því að gera tillögur um starfsmannaþörf á skrifstofum eða stofnunum. Þessi hugmynd, sem í þál. felst og samþ. var einróma á Alþ., er alveg tekin upp í þetta frv., sem hér liggur fyrir. Þess vegna finnst mér, með tilliti til þess öra vaxtar, sem orðið hefur á útgjöldum ríkisins síðan árið 1945, að það bregði nokkuð undarlega við, þegar tilraunir, sem ganga í þessa sömu átt og í þál. felst, mæta jafneindreginni andstöðu og þetta frv. mætti í hv. Ed. og fram komnar till. benda á, að það muni mæta í þessari hv. d. Þetta kemur mér mjög einkennilega fyrir sjónir, því að ég lít þannig á, að það megi ekki draga úr ákvæðum þessa frv., eins og það var flutt, til þess að hægt sé að koma á raunhæfu eftirliti, þannig að það megi ekkert draga úr því, að sá maður, sem falið verður þetta starf, sé þannig settur, að hann verði engin undirtylla annarra, heldur vinni hann alveg sjálfstætt að þessum störfum og beri þannig einn ábyrgð á því, hvort sú starfsemi kemur að gagni eða ekki. Reynist starfsemi hans ekki til gagns í þessu embætti, þá hefur ríkisstj. lögum samkv. nógar heimildir til þess að láta hann hverfa frá þessu starfi og fela honum annað starf, sem hann mundi þá vera betur fallinn til þess að inna af hendi, því að það er alveg rétt, sem haldið hefur verið fram hér, að gagnsemin af þessum ráðstöfunum er komin undir því fyrst og fremst, að þessi maður, sem þetta starf verður falið, sé starfi sínu vaxinn. Þessi ráðsmaður þarf að vera einbeittur og ákveðinn í sínu starfi, sanngjarn og réttlátur og auk þess hafa þekkingu á störfum á skrifstofum og hafa hugkvæmni til að bera um nýjungar og vinnusparandi vélar. Þetta eru þeir hæfileikar, sem þessi maður þarf að vera gæddur, auk skapfestu, til þess að árangur geti orðið af þessu starfi.

Ég vil benda á, að ríkisstjórnir þær, sem setið hafa síðan 1945, hafa að svo miklu leyti sem mér er kunnugt, ekki viljað eða ekki haft framtak til þess að verða við þessum eindregnu áskorunum Alþ., fyrr en núverandi hæstv. fjmrh. tekur sig til fyrir nokkru síðan um það að hefja starfsemi á þessum grundvelli, að framfylgja ákvæðum þessarar þál. frá 1945 og þá einmitt gagnvart því atriði þál., sem raunverulega mesta þýðingu hefur af því, sem sú þál. hefur inni að halda, og það er að gera tilraunir til þess að koma á raunhæfu eftirliti á þeim grundvelli, sem markaður er í þessari þál. Vil ég fyrir mitt leyti tjá hæstv. fjmrh. þakkir fyrir framtak hans í þessu efni. — Eins og hér hefur komið fram, þá skipaði hæstv. fjmrh. nefnd manna, einmitt kunnugra manna um þessi störf, til þess að athuga um þessi mál. Nefnd þessi hóf starfsemi sína fyrir nokkru síðan og beindi henni alveg sérstaklega inn á þessa braut. Og eins og ég hef tekið hér fram, álít ég, að frv. þetta eigi að vera í því formi eins og það upphaflega var flutt — og nú er komin hér fram brtt. frá hv. allshn. um, að það verði aftur fært í það sama horf, en frv. var breytt í hv. Ed. — Þannig álít ég, að í stað þess, sem í frv. er nú til tekið, að þessi maður sé settur til bráðabirgða, þá verði skipun þessa manns hagað eins og venja er til um aðra hliðstæða embættismenn, að hann verði skipaður af forseta Íslands eftir till. fjmrh. Og samkvæmt okkar þingskapareglum og öðrum stjórnarfarslegum reglum og venjum er það fjmrh. í

þessu tilliti, sem ber ábyrgð á þessari skipun gagnvart Alþ. Og ég treysti hæstv. fjmrh. fyrir mitt leyti fullkomlega til þess að velja ekki til þessa starfs annan mann en þann, sem hann fullkomlega treystir til þess að geta innt þetta verk vel af hendi. Þess vegna tel ég það ákaflega ástæðulítið að vera með slíkar efasemdir eins og hér koma fram í þessu efni. Þannig horfir þetta mál við frá mínu sjónarmiði. En, eins og ég hef áður tekið fram, ef svo reyndist, að maðurinn, sem í þetta starf væri skipaður, væri ekki starfinu vaxinn, þá á hann vitanlega ekki að vera í því stundinni lengur, og þá er sjálfsagt að breyta til. En ég vildi nú mega vænta þess, að til slíks kæmi ekki.

Nú liggja hér fyrir um þetta mál nokkrar brtt., en ein þeirra, sem ég hef nú nefnt, miðar að því að kippa aftur til lagfæringar því, sem úrhendis fór í afgreiðslu málsins í hv. Ed., því að breyt., sem þar voru gerðar á frv., miða að því, að því er mér skilst, að draga úr þýðingu og gildi þessa starfs, sem hér er um að ræða í þessu frv. Ég þarf ekki að tala um það, að hæstv. fjmrh. hefur bent á veilurnar, sem felast í brtt. hv. þm. V-Húnv., sem, ef samþ. væru, mundu gera þetta mál ákaflega erfitt í allri framkvæmd. Og þær till. hafa á sér þann höfuðókost frá mínu sjónarmiði séð, að þessi maður yrði allt öðruvísi settur og mundi búa við miklu meira öryggisleysi en ég álít, að starfsemi þessa manns eigi að búa við samkv. lögum, sem sett verða um þetta efni.

Svo er hér komin fram önnur brtt. við þetta frv., frá hv. 2. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykv. (AG), þar sem lagt er til, að farið sé að blanda stjórn Sambands starfsmanna ríkis og bæja inn í þetta eftirlit með vinnubrögðum í stjórnarráðinu. Slíkt er vitanlega gersamlega vanhugsað, að ætlast til þess, að þetta sé samrýmanlegt slíku eftirliti. Og ég satt að segja undrast mjög yfir misskilningi þeim, sem fram kemur hjá þessum tveimur hv. þm. á starfi þessa manns innan stjórnarráðsins og þeim verkahring, sem honum er markaður þar. Mér finnst þetta hreint undrunarefni, að slíkar brtt. sem þessi séu fluttar í sambandi við þetta mál. Við getum bara hugsað okkur það, hver afstaða bandalagsins mundi vera gagnvart þeirri ráðstöfun, að nú þætti ástæða til — sem vafalaust er fyrir hendi víða — að fækka allverulega starfsmönnum í ýmsum stofnunum ríkisins. Og við getum hugsað okkur, hvort það mundi auðvelda starf þessa manns, að alltaf þyrfti að kveðja til skrafs og ráðagerða stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þegar ákveða þyrfti um slíkt. Og svo er það stjórn starfsmannasamtaka bæjanna líka, sem á þannig eftir till. þessum að koma þarna til, þó að starfsemi þessa ráðsmanns ríkisins komi ekki nærri neinu eftirliti á skrifstofum t. d. Reykjavíkurbæjar eða annarra bæja hér á landi. Þarna er því um að ræða alveg gersamlega óskylt mál, þar sem er starfsemi á vegum bæjarfélaganna og starfsmenn þeirra. Og nú mætti búast við því, að ráðsmaður ríkisins gæti komið á sparnaði á vinnukrafti á skrifstofum með notkun vinnusparandi véla, og er þá ekki að efa, þegar gerðir væru með þeim ráðstöfunum svo og svo margir starfsmenn á opinberum skrifstofum óþarfir, hvaða áhrifum gagnvart því þessi stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja mundi beita. Það að leggja til að ofurselja slíkt eftirlitsstarf sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv. undir þetta eftirlit stjórnar þessara félagasamtaka, það er sú fjarstæðasta hugsun, sem fram kemur í þessu máli, og í þessu kemur fram mjög mikill misskilningur á þýðingu og gildi þessa starfsmanns og hin mesta fjarstæða, sem maður yfirleitt gæti búizt við, að komið gæti fram á hæstv. Alþ.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. En ég vildi benda á þetta, sem hæstv. Alþ. hefur áður sagt í þessum málum. Og þetta frv. er beint áframhald af því. Og ég hef bent hér á, hvaða undirtektir þetta mál fékk árið 1945 og hvað gerzt hefur síðan í þessum efnum, sem hefur skapað þörf fyrir enn þá sterkari aðgerðir í þessum efnum en tilefni var þó til þá. Og þess er því að vænta, að hæstv. Alþ. sýni nú nokkurt samræmi í afstöðu sinni til afgreiðslu þessa máls, sem hér liggur fyrir, sem er að efni til einn verulegur þáttur úr þeirri þál., sem samþ. var einróma á hæstv. Alþ. 1945. Ég vil því vænta þess, að frv. verði fært í sitt fyrra horf og aðstaða fáist ekki til að samþ. till., sem yrðu til þess að draga verulega úr þýðingu og gildi þeirra ráðstafana, sem hæstv. fjmrh. hefur nú gerzt frumkvöðull að og flutt inn í þ. í samráði við stj. í heild.

Axel Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi gera grein fyrir fyrirvara þeim, sem ég hafði í fjhn. um fylgi við frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Jafnframt vildi ég víkja orðum að brtt. þeirri á þskj. 703, sem hv. 2. þm. Reykv. flytur ásamt mér. Það er góðra gjalda vert, að hæstv. ríkisstj. hefur skilizt það, að taka þarf upp sparnað og eftirlit með rekstri þessum, enda er þess engin vanþörf. Geri ég og ekki ráð fyrir, að opinberir starfsmenn mundu leggja stein í götu þess, að ríkið hefði beint eftirlit með rekstri og fyrirkomulagi á fjármálum ríkisins í heild. Ég fullyrði, að þeir séu ekki svo vanþroska, að þeir skilji ekki, að ríkið þarf að spara, því að það er einmitt hagnaður opinberra starfsmanna, að slíkt sé gert. Ég vil þá að nokkru ræða um það, hver ætlun okkar hv. 2. þm. Reykv. var með brtt. þeirri, er áður gat ég. Get ég ekki séð, að hæstv. ríkisstj. eða hæstv. fjmrh. ættu að hafa neitt við það að athuga, þó að stj. eða fulltrúar frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja væru kvaddir til ráða um þessi mál, því að þau geta snert ærið mikið hagsmuni þeirra og jafnvel einnig orsakað misskilning. Orkar ekki tvímælis, hversu hæstv. ríkisstj. eða sá eftirlitsmaður, er hún ætlast til skv. frv., að alræðisvald hafi í þessu efni, hefði þægilegri störfum að gegna, ef hann hefði samtökin með sér. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að nokkuð mikill misskilningur sé það hjá hv. þm. Borgf., að það gerði starf þessa manns örðugt eða drægi mikið úr starfsmöguleikum hans, þótt hann þyrfti einstöku sinnum að hafa samráð eða leita samvinnu við þessi samtök. Þannig er lagt fyrir í 3. gr. frv., að skrifstofustjórar stjórnarráðsins, ríkisbókari, aðalendurskoðandi og forstöðumenn

ríkisstofnana, sem heyra beint undir ráðh., skuli vera ráðsmanni ríkisins til ráðuneytis. Mér finnst ekkert við það að athuga, þó að bætt sé aftan við þessa gr., að ráðsmaður ríkisins hefði líka samvinnu við eða kveddi sér til ráðuneytis stjórn samtakanna eða fulltrúa frá þeim. Ég mun fylgja þessari brtt. við frv. og álít, að það mundi mikið bæta vinsældir þess hjá opinberum starfsmönnum, ef brtt. næði fram að ganga.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. nefndi nokkra starfsmenn ríkisins, sem hefðu undirbúið þær till., sem fram eru bornar í þessu stjfrv. Hann nefndi þrjá skrifstofustjóra stjórnarráðsins, ríkisbókarann og aðalendurskoðandann. Það sé fjarri mér að gera lítið úr reynslu og áliti þessara manna. En ég efast um, að hæstv. ráðh. hafi leitað álits þessara manna um till. þær, sem ég bar fram, og er þess ekki að vænta. Hæstv. ráðh sagði, að samkvæmt þeim yrði vald eftirlitsmannsins minna og starfið erfiðara. Ég mótmæli þessu. Eftir till. mínum er ekki dregið úr valdi hans. Hæstv. ráðh. sagði, að lögð hafi verið áherzla á, að hæfur maður veldist í starfið. Þannig er um þetta starf, að miklu máli skiptir, hver gegnir því. En ég verð að segja, að ég hef betri trú á þeim manni, er vill ganga hiklaust að viðfangsefnum sínum, án þess að honum sé tryggð staðan ævilangt, heldur en hinum, er vill, að honum sé tryggt embættið fyrir lífstíð eða svo lengi sem hann getur gegnt því. En sem betur fer eru margir menn, sem hugsa um annað, t. d. hæstv. fjmrh., sem er bæði ötull og starfsamur og þekktur fyrir fjármálastarfsemi sína og athafnir og hefur fengizt við margt, en aldrei verið embættismaður hjá ríkinu. Ég tel ráðh. ekki embættismenn ríkisins, því að það eru valtar stöður, eins og allir vita. Þannig mætti finna menn, sem beita sér við störf, þótt eigi sé um lífstíðarembætti að ræða. Hæstv. ráðh. segir, að með till. mínum sé farið inn á nýja braut. En hvað er við það að athuga? Og sízt ættu þeir menn, sem kenna sig við nýsköpun, að finna að því. Og ég gæti bent á dæmi þess, að betur hefði farið, ef svo hefði verið gert áður, að skipa menn ekki undireins í stöður, heldur ráða þá fyrst um sinn til reynslu. Ég nefni ekki dæmi, en gæti gert það.

Hæstv. fjmrh. gat þess, að undanfarið hafi í ýmsum mikilvægum málum verið gengið fram hjá fjmrh., og nefndi t. d. póststjórnina. Hins vegar gat hæstv. ráðh. þess ekki, að reynt hefði verið að fyrirbyggja slíkt eða hverjar ráðstafanir hefðu til þess verið gerðar. Hæstv. ráðh. segir, að til þessa þurfi sérstakan embættismann, er varið geti öllum tíma sínum til starfsins. Og ég vil, að ráðh. fái heimild til að ráða slíkan mann. Hv. þm. Borgf. talaði um þennan mann sem undirtyllu og hér þyrfti raunhæft eftirlit til þess að gagni kæmi. Það er ekkert dregið úr valdi þessa manns, þótt hann sé ekki skipaður né veiti forstöðu sérstakri deild. Það er eigi eins geyst riðið úr hlaði hjá mér, en valdið hið sama og í upphaflegu till. Hv. þm. Borgf. segir, að hægt sé að segja manni upp eða færa hann til, þó að hann sé skipaður. Segja má það, en slíkt er þó ekki gert fyrr en í síðustu lög, og hvenær hefur það verið gert? Hv. þm. Borgf. gat um ályktun, sem samþ. var á þ. eftir tillögum hv. fjvn. Á bak við þá samþykkt er vilji til sparnaðar. Hann segir, að enginn árangur hafi orðið af henni, fyrr en núverandi hæstv. fjmrh. tekur sig til og athugar þetta.

Um hvað er þetta frv? Það er um nýjan embættismann. Í einni sögu Halldórs Kiljans Laxness, sem ég var að lesa um daginn, stendur: „Allt verður að vera stæll". Það er líka í stíl við allt annað, að þegar á að spara, þá koma fram till. um nýjar ríkisstofnanir og nýja embættismenn. „Allt verður að vera stæll".

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 107. fundi í Nd., 12. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 665,1 felld með 16:9 atkv.

1. gr. samþ. með 23:2 atkv.

Brtt. 665,2 felld með 20:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, HermG, KTh, PÞ, SigfS, SG, SkG, ÁkJ.

nei: EmJ, FJ, GTh, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PO, SB, SEH, SK, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ.

BÁ, EystJ, AG, JG, LJós, BG greiddu ekki atkv.

1 þm. (JJ) fjarstaddur.

Brtt. 647 felld með 19:12 atkv.

— 702 samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 665,3—5 komu ekki til atkv.

— 703 felld með 15:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, ÁkJ, ÁÁ, EOl, FJ, GTh, GÞG, AG, HermG, IngJ, KTh, LJós, SigfS, SG, SEH.

nei: SkG, StSt, StgrSt, BÁ, HÁ, HelgJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SB.

EmJ, EystJ, BG greiddu ekki atkv.

2 þm. (JJ, SK) fjarstaddir.

3.—4. gr. samþ. með 18:3 atkv.

Brtt. 641 samþ. með 20 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

6.—9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24:4 atkv.

Á 108. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 110. fundi í Nd., 16. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 727, 738).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 738 samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KTh, SigfS, SG, SEH, SK, StJSt, EOl, FJ, GTh, GÞG, AG, HermG, BG.

nei: JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SkG, StSt, StgrSt, HelgJ, JóhH, JG.

EmJ, EystJ, HÁ greiddu ekki atkv.

8 þm. (JJ, LJós, ÓTh, SB, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, IngJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég álít, að frv., eins og það er nú orðið, sé einskis virði og sé búið að missa marks, miðað við þann tilgang, sem því var upphaflega ætlað, en ég get ekki séð, að það spilli neinu frekar, þó að þessi till. verði samþ., og segi því já.

Frv., svo breytt, samþ. með 13:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, SG, SEH, SK, StJSt, StSt, ÁÁ, EmJ, FJ, GTh, GÞG, HÁ, HermG.
nei: JörB, SkG, StgrSt, EOl.
KTh, PÞ, SigfS, JóhH, JG, JPálm, JS, BG greiddu ekki atkv.
10 þm. (JJ, LJós, ÓTh, SB, ÁkJ, BÁ, EystJ, AG, HelgJ, IngJ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Af því að þetta er stjfrv., þá vil ég sýna hollustu mína við hana og segi því já, en annars vísa ég til grg. minnar um brtt.

Jóhann Hafstein: Ég er ekki með þessu frv. í þeirri mynd, sem það er í nú, en greiði ekki atkv.

Jón Pálmason: Ég tel, að í meðferð þingsins sé búið að eyðileggja þetta frv. svo, að litlir möguleikar eru á því, að gagn verði að því, eða það gagn, sem hæstv. fjmrh. ætlaðist til, að það mundi hafa, er hann lagði það fram, og vil ég því láta þá, sem málinu hafa spillt, um að sjá um það áfram, og þess vegna greiði ég ekki atkv.

Frv. endursent Ed.

Á 110. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 774), en það var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Bifreiðaskattur o. fl. (stjfrv. um breyt. á gjalddaga skattsins o. fl.).

Á 71. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. [157. mál] (stjfrv., A. 431).

Á 72. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 431, n. 587).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. um breyt. á l. um bifreiðaskatt og orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir. Það, sem um er að ræða í þessu frv., er, að lækkunarákvæði í 4. gr. l. verði einnig látin ná til bifhjóla eins og til annarra bifreiða, og í öðru lagi, að greiðsluskyldan verði gerð nokkru fyllri en áður, eins og segir hér í aths. frv., og er það nauðsynlegt vegna tíðrar vanrækslu á tilkynningum um eigendaskipti. — Þriðja breyt. er sú, að lagt er til, að lögveð í bifreiðunum sé ekki aðeins fyrir bifreiðaskattinum, heldur og fyrir vátryggingariðgjaldi ökumanns og skoðunargjaldi.
Þykir eftir atvikum rétt að fallast á þessar breyt. á þessum lögum. Og tel ég ekki ástæðu til að tala neitt fyllra fyrir málinu.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Mér þykir slæmt, að hæstv. fjmrh. er hér ekki viðstaddur. En hér er hins vegar hv. form. fjvn., sem gengur næst honum að fjármálaáhuga.
Þó að atkv. mitt sem nm. sé bundið að vísu um þetta mál, þá vil ég benda á, að mér virðist, að það verði ekki nema ¾ hlutar af skattinum innheimt á næsta ári. Skattárið um þennan skatt hefur byrjað 1. apríl og náð til 31. marz, en nú á það ekki að ná nema til 1. janúar. Þess vegna koma þarna til greina viðkomandi innheimtu þessa skatts, að mér skilst, þrír ársfjórðungar á næsta ári, eða jafnvel kannske á þessu ári getur það orðið þannig. Og þá þarf, virðist mér, að taka afstöðu í sambandi við fjárlög með tilliti til þess, að frá tekjum af þessum skatti dragast 25% eitt ár. — Það getur verið, að það sé einhver misskilningur í þessu hjá mér. En ég hefði talið réttara, áður en gengið er frá þessu frv. og sérstaklega áður en lokið er þessari umr., að ná tali af hæstv. fjmrh. um þetta atriði, hvort þetta sé meiningin. Annars er hv. þm. Barð. einnig mjög vel inni í þessu máli, og væri ekkert á móti því að heyra álit þess hv. þm. líka um þetta atriði.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef nú ekki athugað þetta mál, því að það hefur ekki legið neitt til umr. í fjvn. — En er ekki skattárið í þessu tilliti í 12 mánuði, þannig að hver gjaldandi verði í þessu efni að greiða einu sinni á ári þennan skatt fyrir 12 mánuði? *(ÞÞ:* Skattárið hefur verið frá 1. apríl til 1. apríl, en eftir þessari breyt. verður það til 1. janúar, og þá hlýtur þetta að verða 9 mánaða skattur.) Það hefur ráðun. gert sér ljóst, þegar það samdi þetta frv. og setti í það þetta ákvæði til bráðabirgða. Annars er það verk hv. fjhn. að athuga þetta mál. Ég sé ekki, að ríkissjóður tapi neinu með þessari breyt. á byrjun skattársins í þessu efni. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. hafi gert sér ljóst þetta atriði, þegar hann undirbjó frv. Ég sé ekki ástæðu til annars en að málið fái að ganga í gegnum þessa umr., og mætti þá ræða þetta við hæstv. fjmrh.

fyrir 3. umr. — Annars hefur þetta ekki verið til umr. í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil nú enn á ný beina því til hv. fjhn., sem er með þetta frv., að hrapa nú ekki að því að koma því út úr hv. d. og áfram, áður en brtt. kemur frá hæstv. ríkisstj. Við erum tvisvar á þessu þingi búnir að breyta þessum sömu lögum, og þá var breytt 1. gr. Fyrst var þar breytt l. af því, að það hafði gleymzt í fyrra að láta ákvæðin um benzínskattinn öðlast gildi um áramót. Og þegar kom fram í júlímánuð, þá vaknaði hæstv. ríkisstj., sem hafði sofið allt að þeim tíma, og fann, að búið var að innheimta skattinn ólöglega frá 1. janúar og þangað til komið var fram yfir mitt ár. Setti hún þá bráðabirgðalög til að bæta úr þessu og lagði svo frv. fyrir þetta þing þeim til staðfestingar. Þá benti ég á, að í leiðinni þyrfti að breyta skattinum, hækka hann, en því var ekki sinnt. Svo kom fram frv. um hækkun benzínskattsins. Ég taldi, að það þyrfti að hækka hann meira þá. Það var skellt við því skollaeyrunum og það frv. samþ. — Nú kemur enn frv. um breyt. á þessum l., ekki um breyt. á 1. gr., þ. e. ekki um breyt. á benzínskattinum, heldur við 4. gr., og nú á að staðfesta það. Samhliða þessu vita allir, að það vantar a. m. k. 30 millj. kr. til þess að láta fjárlögin ballansera, og er í munni hvers manns, að eitt af því, sem verði leitað til til þess að fá tekjur í ríkissjóðinn, sé að hækka benzínskattinn með breyt. á 1. gr. viðkomandi laga. Þess vegna vil ég, að áður en við séum látnir greiða atkv. um þetta frv., þá verði rætt við hæstv. fjmrh. um það, hvort það verði kannske daginn eftir komið með enn nýtt frv. um breyt. á þeim sömu l., sem með þessu frv., sem fyrir liggur, á að breyta. Ef svo á að fara að, þá eru þetta vinnubrögð, sem eru óþolandi og sýna sofandihátt ríkisstjórnarinnar og hringl, að þurfa 3—4 sinnum á sama þinginu að breyta sömu lögunum, af því að aldrei var hugsað nema fyrir líðandi stund.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Mér finnst ekki ástæða fyrir hv. 1. þm. N-M. að ásaka n. í þessu efni. Fjhn. gerði ekkert annað en að bera fram eða gefa umsögn um það frv., sem komið er frá hæstv. ríkisstj. Nú hefur hæstv. ríkisstj. komið oftar en einu sinni á þessu þingi með frv. um breyt. á þessum lögum, sem hér á með þessu frv. að breyta, það er alveg rétt. En fjhn. út af fyrir sig veit ekki, hve margar breyt. hæstv. ríkisstj. hugsar sér að koma með till. um á einu og sama þingi. Þegar fjhn. afgr. fyrri till. um breyt. á þessum l., þá hafði hún ekki hugmynd um, að þetta frv. mundi koma um breyt. á þessum l. Þess vegna er ekki ástæða fyrir hv. 1. þm. N-M. að ásaka fjhn. fyrir að koma með frv., sem er önnur breyt. á þessum sömu l. á sama þingi, sem frv. kemur um frá ríkisstj. Getur vel verið, að ríkisstj. komi með þriðja frv. um breyt. á þessum l., og verður þá að sjálfsögðu að koma henni út úr nefnd.

Ég viðurkenni, að vinnubrögðin gætu verið betri en þetta hjá hæstv. ríkisstj., eða það mætti líta svo á, að hæstv. ríkisstj. ynni þetta nokkuð af handahófi eða vissi lítið, hvað hún hygðist gera þann og þann daginn. Annars er þetta frv. út af fyrir sig ekkert stórmál, heldur er hér um smábreyt. að ræða.

Ég get þess hér, að mér láðist að skýra frá breyt. um tímatakmarkið, sem felst í þessu frv. Þar er gert ráð fyrir, að í staðinn fyrir, að áður var skattárið í þessu efni fá 1. apríl til 31. marz, þá skuli það vera frá 1. jan. til 31. des. Þetta er vafalaust gert af hagkvæmnisástæðum viðkomandi framkvæmd á innheimtunni, og sé ég ekkert við þetta að athuga. Till. um þetta kemur frá þeim umboðsmönnum, sem mest hafa með þessa skattheimtu að gera. Þess vegna má gera ráð fyrir, að þessi breyt. sé til hagræðis.

Hvað snertir aths. hv. þm. Dal., að ríkið missi tekjur við þessa breyt., þá er hér í raun og veru ekki um neinn tekjumissi að ræða. En það má segja, að í vissum skilningi sé þetta tekjumissir á því ári, sem breyt. gengur fyrir sig, og að því leyti er þetta rétt athugað hjá honum. Ég get ekki annað séð en að á næsta skattári, sem samkv. frv. skal verða frá 1. apríl til 31. des., lækki á fjárl. um einn fjórða hluta tekjur af þessum skatti. Mér dettur ekki annað í hug en að hæstv. fjmrh. eða fjmrn. hafi gert sér grein fyrir þessu, þegar það sendi frá sér þetta frv. Það getur vel verið, að þetta frv. hafi ekki verið komið til, þegar fjárlagafrv. var í undirbúningi hjá þeim. En það leiðir þá af sjálfu sér, að sú tekjufjárhæð, sem hér er um að ræða á fjárl., færist niður sem þessu svarar. Það er náttúrlega enginn höfuðbrestur, þótt slíkt kæmi nú fyrir. En það má líka segja, að ríkið nái aldrei upp þessum einum fjórða hluta skattsins, sem það tapar á þessu ári, þó að það líti út sem hvert annað öfugmæli.

Ég sé ekki neina ástæðu til að fresta því, að frá þessu frv. verði gengið, af þeirri ástæðu, að búast megi við kannske einu frv. enn á þessu þingi um breyt. á þessum lögum frá hæstv. ríkisstj., sem ég að vísu held, að sé alls ekki afráðið, þó að kannske sé um það rætt að breyta benzínskattinum. Og í öðru lagi er þetta svo sjálfsögð breyt., sem hér er um að ræða, að það er engin ástæða til að synja framgangs hennar. En verði þetta frv. að lögum, áður en gengið er frá afgreiðslu fjárl., þá leiðir af sjálfu sér, að sú breyt., sem samþykkt þess hefði á tekjur fjárl., yrði að koma fram á fjárlagafrv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég játa, að það atriði, sem ég hef talað hér um, sé ekki svo mikilvægt, að það megi ekki samþ. þetta frv. til 3. umr. En ef ég geri það, þá samþ. ég það aðeins til 3. umr., því að ég er ekki enn búinn að átta mig á því, hvort hæstv. ríkisstj. hefur fylgzt með þessu, að þetta er tekjuskerðing á þessu ári fyrir ríkissjóð. — En ég áskil mér rétt til þess að breyta um afstöðu gagnvart þessu atriði frv., ef ég að fengnum upplýsingum verð að skipta um skoðun á því atriði frv., sem mér er ekki fullljóst enn sem komið er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Ed., 2. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég óska þess, þar sem hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur og sennilega verður komið með brtt. við frv., að því verði frestað og það tekið út af dagskrá.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það gleður mig, að einn nm. f. h. n. biður um að taka málið af dagskrá. Ég vil benda á, að ég tel alveg sjálfsagt, ef á að hækka benzínskattinn, þá sé það gert nú, svo að ekki þurfi að semja fjórðu lögin á þessu þingi um breyting á þessum lögum. Það er ómögulegt fyrir nokkurn mann, sem þarf að nota l., að leita í öllum skjalapartinum —, og yfirleitt telja menn þegar þeir eru búnir að finna eina lagabreytingu á einhverju þingi í ákveðnum lögum, að frekar hafi þeim ekki verið breytt í það sinn á því þingi. Slík lagasamning er líkari Kleppsvinnu en vinnubrögðum á Alþingi Íslendinga..

Enn fremur vil ég benda á það, að sjálfsagt er að breyta þungaskattinum. Þegar honum var seinast breytt á þingi, voru svokallaðir sendiferðabílar settir í sams konar skatt og þeir, sem notaðir eru í þungum vöruflutningum. Það er alveg víst, að mjög mikill hluti þessara bíla er notaður nákvæmlega á sama hátt og venjulegir fólksbílar, a. m. k. allar helgar og ýmsa virka daga, og því engin ástæða til að hafa þá í lægri skattflokki. Er sjálfsagt í þeim vandræðum, sem nú eru með fjárlögin, að ná þarna í nokkra greiðslu í ríkissjóð. Ég vil beinlínis mælast til, að þetta verði gert, áður en frv. fer úr þessari hv. d., svo að ekki þurfi að senda það milli deilda.

Frsm. (Björn Ólafsson): Það var út af því, sem hv. þm. Dal. sagði. — Það hefur ekki komið nein till. fram frá hæstv. fjmrh. um breyt. á þessu frv., sem liggur fyrir, í sambandi við tímatakmark skattsins. Mér skilst hv. þm. Dal. tala um að láta innheimta skattinn fyrir 18 mánuði, í stað þess að frv. gerir ráð fyrir, að innheimt verði frá 1. apríl til áramóta og þær tekjur komi inn á fjárlfrv. þessa árs. Og ef hæstv. ráðh. óskar ekki að gera neina breyt. á því atriði, sem hann hefur lagt hér fram og hans ráðuneyti, þá sé ég ekki ástæðu til að fara að taka af mönnum 21 mánaðar skatt í þetta skipti, sem ég get ekki séð, að þeir fái endurgoldinn. Þeir greiða á þessu ári, og svo er innheimtur 12 mánaða skattur á næsta ár. Þá er tekinn af þeim 9 mánaða skattur, sem þeir fá aldrei endurgoldinn. Ég sé ekki réttlæti í því.

Að því er snertir till. hv. 1. þm. N-M., finnst mér, að ef hann vill koma þessum breyt. inn, sem hann talaði um, ætti hann að koma með brtt., ef hæstv. fjmrh. vill taka þetta mál upp á sína arma. Ég sé ekkert á móti því, sem formaður n., ef d. óskar, að n. taki frv. til nýrrar athugunar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef nú sannast að segja ekki haft rétt gott tækifæri til að kynna mér þær brtt., sem hér um ræðir, en ætla, að það þyrfti ekki að verða þessu máli til trafala, þó að það væri tekið út af dagskrá og n. athugaði þær till., sem fram hafa komið, því að vel getur komið til mála, að menn verði ásáttir um að gera einhverja breyt. á frv. eins og það var lagt fram. Formaður fjhn. er fús til að taka málið til nýrrar athugunar eftir síðustu orðum hans að dæma, og teldi ég þann hátt rétt á hafðan, að bæði n. og við fleiri fengjum að athuga málið utan fundar.

Forseti (BSt): Samkvæmt ósk hæstv. fjmrh. er umr. frestað og málið tekið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Vegalagabreyting (frv. SB).

Á 4. fundi í Nd., 15. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [6. mál] (þmfrv., A. 6).

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem ég flyt hér um breyt. á vegalögum, fer fram á, að fimm nýir vegir við Ísafjarðardjúp verði teknir í tölu þjóðvega. Í grg. frv. eru færð rök að réttmæti þess, að þessir vegir verði teknir í þjóðvegatölu. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að fylgja því úr hlaði með langri ræðu, en ég vil aðeins segja það, að með þeirri breyt., sem lagt er til, að gerð verði á vegalögunum, er áformað að leggja grundvöllinn að því, að lagður verði þjóðvegur meðfram allri strandlengju Ísafjarðardjúps. Það er ekki nema tiltölulega lítill hluti héraðsins, sem samkv. núgildandi vegalögum á að leggja þjóðveg um, og mjög lítill hluti þess þjóðvegar hefur þegar verið lagður. Það hefur verið unnið að því undanfarin sumur að skapa akvegasamband milli þorpanna sunnan við Djúpið og höfuðstaðarins, og það eru líkur til, að því verði lokið á næsta sumri, en þá er merkum áfanga í vegamálum þessara byggðarlaga náð. Þá er algerlega eftir að snúa sér að því að leysa nauðsyn landbúnaðarhéraðanna í sýslunni fyrir samgöngur á landi. Það er nú þannig, að varla nokkur landbúnaðarsveit við Ísafjarðardjúp hefur akvegasamband. Það er aðeins innsti hluti sveitanna við Ísafjarðardjúp, sem hefur akvegasamband við meginakvegakerfið um Þorskafjarðarheiðarveginn, en hann var opnaður 1946. Þess vegna hef ég flutt þetta frv. hér, að ég tel ekki annað geta komið til mála en að þessir vegir, sem í

frv. ræðir um, verði teknir í tölu þjóðvega. Auk þess sem byggðarlögunum er að þeim mikil samgöngubót, er gert ráð fyrir því, að einum stærsta kaupstað landsins, Ísafjarðarkaupstað, komi til með að skapast akvegasamband við akvegakerfi landsins með vegi, sem kemur til með að liggja eftir strandlengjunni við Djúpið sunnanvert. Það hefur verið rætt um að skapa akvegasamband öðruvísi með því að leggja veg af Þorskafjarðarheiði um Vestfjarðahálendið niður til Dýrafjarðar eða Arnarfjarðar. Hv. Alþ. samþ. till. um að láta fara fram rannsókn á þessari leið. Sú rannsókn hefur ekki farið fram enn þá, en allir, sem ég hef rætt við um þetta, telja mjög ólíklegt, að sá vegur verði opinn nema örstuttan tíma á sumri. Munu margir telja óráðlegt að ráðast í slíka vegagerð, þegar á það er litið, að hafjallavegur um Vestfjarðahálendið kæmi ekki byggðinni að gagni í þessum landshluta, nema helzt Ísafjarðarkaupstað. Þá verður að telja ráðlegt að hafa veginn um byggð og ná í senn akvegasambandi við einn stærsta kaupstað landsins og skapa héruðunum og byggðinni mikla samgöngubót. Í frv. er svo auk þess rætt um, að lagðir verði vegir meðfram Ísafjarðardjúpi að norðanverðu og vegurinn verði framlengdur sem næst á enda Snæfjallastrandar, enn fremur að vegurinn frá Sætúnsbryggju í Grunnavík um Grunnavíkurhrepp að Furufirði á Ströndum verði tekin í þjóðvegatölu. Þar hefur enginn vegarspotti verið unninn enn, en hreppurinn er mjög víðlendur og nær um sunnanverða Jökulfirði og norður um Hornstrandir. Það er ekki hægt að halda því fram, að þetta fólk hafi minni þörf eða rétt á slíkum samgöngubótum en aðrir. Þó að nokkrir örðugleikar séu á þessari vegagerð, þá er þó önnur aðstaða nú, þegar fengnar eru stórvirkar vélar og tæki í stað haka og skóflu. — Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., en leyfi mér að óska þess, að því verði vísað til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það bárust á þskj. 36, 40, 41, 51, 61, 64, 69, 79, 83, 85, 91, 117, 118, 121, 125, 308.

13. Almannatryggingar (frv. HermG).

Á 6. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar [30. mál] (þmfrv., A. 31).

Á 8. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hef ég flutt á tveimur síðustu þingum. Það er því hv. þm. kunnugt að efni til. Hins vegar hefur svo viljað til, að ekki hefur fengizt fram afgreiðsla á því frá nefnd þeirri, sem þetta frv. hefur tekið til meðferðar. Með hliðsjón af því, að hér er um mál að ræða, sem ég hygg, að sé mikið velferðarmál margra æskumanna hér á landi, þ. e. þeirra, sem stunda íþróttir, taldi ég rétt að flytja frv. þetta enn einu sinni. Ég tel ekki á það reynt til hlítar, að vilji þingsins sé í andstöðu við þetta frv., þrátt fyrir það tómlæti, sem það hefur mætt hér á hæstv. Alþ. Með hliðsjón af því, hve ég tel þetta mál mikilsvert og hversu það hefur sýnt sig, að íþróttahreyfingin í landinu og íþróttamenn hafa tekið þessu frv. fagnandi, þá leyfi ég mér að flytja það einu sinni enn.
Ég tel ekki þörf á að rekja efni frv., en legg til, að því verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

14. Þjóðhátíðardagur 17. júní og frídagur 1. maí.

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um, að 17. júní skuli vera þjóðhátíðardagur og 1. maí almennur frídagur [31. mál] (þmfrv., A. 32).

Á 8. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er nú flutt í nokkuð breyttri mynd frá því, sem það var fyrst flutt hér á Alþingi árið 1946. Um þetta frv. er það að segja í meginatriðum, að þar er gert ráð fyrir í fyrsta lagi, að 17. júní skuli vera þjóðhátíðardagur Íslendinga og 1. maí almennur frídagur. Þetta er í sjálfu sér ekki svo mikill munur eða breyt. frá því, sem nú er hjá okkur. 17. júní hefur frá lýðveldisstofnuninni 1944 verið þjóðhátíðardagur Íslendinga. Hann var áður hátíðardagur íþróttahreyfingarinnar. En síðan 1944 hefur þessi dagur verið hátíðlegur haldinn um land allt. Virðist því ekkert eðlilegra en að þessu sé slegið föstu með lögum.
1. maí hefur verið baráttudagur verkalýðsins og mun svo verða að líkindum á komandi árum. Nú hafa flest verkalýðsfélög í landinu náð samningum við flesta atvinnurekendur um að fá daginn viðurkenndan sem almennan frídag. Hins

vegar er það krafa verkalýðshreyfingarinnar að fá daginn lögleiddan sem almennan frídag. Og þess vegna er gert ráð fyrir því hér.

Um. 2. gr. þessa frv. er það að segja, að hún er meginbreyt. Þar er gert ráð fyrir, að atvinnurekendur greiði full daglaun fyrir þjóðhátíðardaginn, 17. júní, og almenna frídaginn, 1. maí, þeim launþegum, sem starfað hafa hjá þeim, svo sem nánar er til tekið í frv., og að launþegar, sem af óhjákvæmilegum ástæðum verða að vinna nefnda daga, skuli fá greitt, auk venjulegra daglauna, sem svarar helgidagakaupi hlutaðeigandi atvinnugreinar. Og svo er til tekið, að ráðh. setji reglugerð um það, hvernig þetta er framkvæmt.

Frá því, er þetta frv. var fyrst flutt, og þar til nú hefur það skeð, sem ég geri ráð fyrir, að flestum hv. þm. sé kunnugt, að frændþjóð vor, Norðmenn, hafa samþ. lög, sem í meginatriðum eru mjög lík því, sem hér er um að ræða, þar sem 17. maí er ákveðinn þjóðhátíðardagur lögum samkv. og 1. maí almennur frídagur. Í þessum l. er því líka slegið föstu, að atvinnurekendur greiði full laun starfsfólki sínu fyrir þessa daga, að vísu eftir öðruvísi reglum en hér er gert ráð fyrir, og þá samkv. l., sem gilda í sambandi við ýmsar vinnustéttir þar í landi.

Sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. nú. Ég vænti, að það mæti góðum skilningi og velvilja hjá hv. þm. Og ég geri að till. minni, að því verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20:2 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Fjárhagsráð (frv. SigfS).

Á 8. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit [35. mál] (þmfrv., A. 38).

Á 9. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi. Það náði samþykki þessarar hv. d. eftir allmiklar og ýtarlegar umr., en var fellt með eins atkvæðis mun í Ed. — Tilgangur frv. var og er sá að tryggja sérhverjum þegni frjálst val milli kaupmanna og kaupfélaga og eins milli kaupfélaga innbyrðis og kaupmanna innbyrðis, þegar þeir kaupa venjulegar skömmtunarvörur. Tilgangurinn með þessu er sá að tryggja einstaklingum verzlunarfrelsi. Nú hefur áður verið lagt fram hér á Alþ. annað frv., sem verið var að ljúka við að vísa til fjhn. og stefnir að þessu sama marki, þó að upp í það séu tekin nokkur fleiri ákvæði.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál á þessu stigi. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn., og beini jafnframt þeim tilmælum til hv. n., að hún taki þetta frv. og það frv., sem rætt var hér síðast og vísað til sömu n., til rækilegrar athugunar með það fyrir augum að hún skili áliti, sem tryggi meginatriði frv., sem sé frelsi einstaklinga til þess að kaupa skömmtunarvörur hvar sem þeir óska eftir. Ég geri ráð fyrir, að n. gæti sameinað þessi tvö frv. í eitt frv., því að auðvitað er það aðalatriðið að ná tilganginum, hvort sem það er í formi frv., sem ég hef flutt, frv., sem síðast var vísað til fjhn., eða í enn öðru formi, sem næði sama tilgangi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Útrýming minka.

Á 10. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um útrýmingu minka [38. mál] (þmfrv., A. 45).

Á 10. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Eins og menn sjá á þessu frv., er það að aðalefni til svipað og frv., sem flutt var hér í fyrra, en fékkst ekki afgr. Það er þó breytt nokkuð til um fyrirkomulag á útrýmingu villiminka.

Það er nú enn berara en var á síðasta þingi, hvernig ástatt er með útbreiðslu þessara dýra, eins og reyndar vænta mátti. Þau eru nú komin um allmikinn hluta landsins, og innan stundar munu þau, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir til útrýmingar þeim, fara um landið allt. Það þarf ekki með mörgum orðum að lýsa skaðsemi þessara dýra. Það þarf ekki annað en kynna sér lifnaðarhætti þessa dýrs, þar sem það lifir villt í náttúrunni, en ef mönnum nægir það ekki, geta þeir kynnt sér það hjá mönnum, sem þekkja lifnaðarhætti þessa dýrs. Þetta er ofur einfalt mál, og þarf ekki að hafa um það mörg orð. Þm. ber skylda til í þessu máli að verða sannfróðir um, hvernig ástatt er. Við höldum þeim ákvæðum frv. frá því í fyrra, sem kveða á um útrýmingu aliminka, því að það er víst, að svo framarlega sem á að útrýma villiminknum, verða þeir, sem þá fyrirhöfn leggja á sig, að vera öruggir um það, að þessu dýri verði ekki sleppt lausu aftur. Það er ekki hægt að gera

þá kröfu til manna, að þeir heyi þá baráttu, sem til þess þarf að uppræta villiminkinn, fyrir það, að nokkrir menn hafa þessi dýr í búrum sér til gagns og gamans og sleppa þeim svo út, — auðvitað óviljandi, en láta þau eigi að síður komast út. Mér fannst það allkátlegt, að rétt þegar við vorum að enda við síðasta þing og búið að halda því fram, að nú væru varnirnar fullkomnar, þá skeður það hér á einu minkabúi, að dýr voru komin út í ytri girðinguna, þegar komið var að. Sumir munu auðvitað segja, að dýrin hefðu ekki sloppið út. En þegar þau eru komin út fyrir innri girðinguna, sem er aðalaðhaldið, má segja, að minnstu muni, að þau séu frjáls.

Við höfum bent á það fyrirkomulag, að sýslumaður í hverju héraði hafi umsjón og ákvarðanir um, hvenær útrýming skuli fara fram. Þetta er ekki haft svo vegna þess, að við treystum ekki loðdýraræktarráðunautinum til að hafa þetta starf með höndum, en það er bersýnilega ekki heppilegt að ætla manni búsettum í Rvík að hafa umsjón með þessu starfi um land allt. Þeir, sem hafa bezta aðstöðu og yfirsýn í hverju héraði, eiga að annast þetta starf hjá sér. Og ég tel sjálfsagt, að sýslumenn nærliggjandi héraða, þar sem vitað er, að dýrin eru komin, hafi þar samráð sín á milli, áður en þeir ákveða, hvenær útrýming fer fram, því að auðvitað er bezt, að hún fari fram samtímis á nærliggjandi svæðum, svo að minni hætta sé á því, að mistök verði við starfið.

Vel hefði mátt hafa ákvæði um bætur til þeirra, sem minka eiga í búum, því að við ætlumst til, flm. frv., að þeir, sem eiga alidýrabú, fái bætur fyrir það, að þetta starf er lagt algerlega niður. Þykir mér rétt að hafa ákvæði um það, hvernig því skuli fyrir komið, í frv., og mætti þá athuga það, hvernig bezt færi á því, fyrir 2. umr. málsins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið að þessu sinni. Ég vil gera það að till. minni, að þessu frv. verði vísað til landbn., en jafnframt vil ég taka fram, að það er í trausti þess, að n. afgreiði málið fljótt.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég verð að viðurkenna, að þetta frv. er á margan hátt aðgengilegra en það frv., sem lá fyrir síðasta þingi, með öllum þeim myndbreytingum, sem það tók í meðferð þingsins. Get ég sagt það nú þegar, að ég tel kaflann um útrýmingu villiminka vera mjög vel undirbúinn grundvöll undir löggjöf um það efni og frv. þar að lútandi. En ég verð að líta þannig á, að fyrstu gr. frv. sé ofaukið, því að ég tel, að leggja verði aðaláherzluna á að útrýma villiminknum, því að það er af honum, sem þjóðinni stafar hætta, en ekki, eins og hér hefur verið tekið fram áður, frá þeim minkum, sem eru í búrum. — Skal ég geta þess í sambandi við þetta mál, að haldið hefur verið áfram á vegum landbrn. að útrýma villiminknum, eftir því sem föng eru á, og einnig hefur verið haldið áfram á sama grundvelli og áður að verðlauna þá menn, sem drepa minkinn. Auk þess hefur ráðuneytið fengið sérstaklega veiðivanan mann frá Noregi hingað til lands til þess að ferðast nokkuð um landið og starfa að veiðum og kenna að veiða í gildrur, sem virðist gefast vel. Ég get ekki sagt með vissu, hvað mikið hefur verið starfað í sumar eða hve mikill árangur hefur orðið, en af þeim gögnum, sem komin eru til rn., sést, að það hefur á þennan hátt verið útrýmt 1000 villiminkum, og er þó vitað, að enn eru ókomin gögn þessu viðvíkjandi af landinu, þannig að sýnilegt er, að náðst hefur á ekki mjög löngum tíma næsta mikill árangur um útrýmingu villiminka. En það tekur tíma — ekki aðeins eitt eða tvö ár, heldur mörg ár — að uppræta þetta dýr, eins og mikið er orðið til af því, og ég tel, að fyrst um sinn megi láta nægja að setja þann kraft, sem við höfum, í það að útrýma villiminknum og sjá hvað setur með þann mink, sem í búrum er. En ef menn, mót von, verða þess varir, að minkar sleppi úr búrum, þá er hægt að stíga skrefið að fullu og banna þetta minkaeldi einnig, en sem stendur virðist ekki ástæða til að gera slíkar ráðstafanir. Ég tel vel fyrir þessu máli séð með löggjöf, ef frv. þetta verður að lögum, og að með því sé fenginn öruggur grundvöllur undir útrýmingu villiminkanna.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Mér þykir mikið miður, að hæstv. landbrh. skuli halda því fram, að ekki sé kominn tími til að útrýma aliminkum, því að á meðan svo er, að þeir eru geymdir í búrum, er stöðug hætta á því, að þeir sleppi út. Það er að vísu rétt, að það stafar engin hætta af minkunum innan fjögurra veggja; — en hvaðan eru þeir villiminkar komnir, sem nú eru dansandi um allar jarðir til stórskaða og ekkert ræðst við? Voru þeir ekki í búrum áður? Ég veit ekki til, að þeir hafi orðið sú plága, sem raun er á, með öðrum hætti en þeim, að þeir sluppu úr búrum. Og það er tilgangslaust að vona, að þeir sleppi ekki út; þeir halda áfram að sleppa og án þess að uppvíst verði, því að þeir, sem missa þá, eru svo sem ekki að hrópa upp um það, að þeir hafi misst mink. Og mig furðar á því og þykir miður, að hæstv. landbrh. skuli vilja stuðla að því að leggja þá kvöð á menn úti um sveitir að eiga í þrotlausu stríði árum saman við þennan vágest og eiga það jafnframt yfir höfði sér, að allt sé unnið fyrir gýg. Það er þó búið að sjá, hvert stefnir með tilkomu þessa dýrs úti í hinni villtu náttúru. Og það er sannarlega nóg að gert, sem komið er, þótt ekki séu gerðar gyllingar til þess, að sama sagan endurtaki sig. Það þarf að útrýma villiminknum sem fljótast og jafnframt að tryggja það, að minkahættunni sé þar með að fullu afstýrt.

Ég vildi því mega vænta þess, að hæstv. landbrh. endurskoði afstöðu sína. Og ég er sannfærður um það, að ef minkaeldi verður liðið öllu lengur, þá neyðast menn til að taka til sinna ráða. Svo geta valdhafarnir reynt á langlundargeð manna — og þess eigum við dæmi úr okkar eigin sögu, sem við megum vera minnugir —, að menn missi þolinmæðina og hirði þá ekki um að fara nákvæmlega eftir lagastafnum. Og það eitt væri þá maklegt, ef hæstv. Alþ. skellir lengur skolleyrunum við þessu máli.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég skildi ekki almennilega, hvað hv. 1. þm. Árn. átti við með dæmum úr sögunni, hvort hann átti t. d. við Jón Gerreksson. En ég skal segja hv. þm. það, að ég mundi fyrstur manna greiða atkvæði með því, að öllum aliminkum verði slátrað, ef líkur væru færðar fyrir því, að plágunni yrði þá af létt. En þær líkur liggja ekki fyrir. Og svo að farið sé út í söguna, þá hefur hér öldum saman enginn refur verið í búri, sem sloppið gæti, en þó hefur aldrei tekizt að útrýma refum úr landinu. Og það er hætt við, að það fari eins með minkinn, að þótt útrýmt væri öllum minkum í búrum, þá ættum við þó eftir margra ára þrotlausa baráttu við villiminkinn, áður en honum yrði útrýmt. En það er aðalatriðið að útrýma villiminknum eins og unnt er og halda þeirri plágu niðri, en ég hef ekki trú á því, að við værum feti nær því takmarki með því að útrýma minkum, sem í búrum eru og kunna að verða talsverður liður í gjaldeyrisöflun okkar, er fram líða stundir.

En um eitt erum við sammála, sem sagt, að þörf sé á að herja á villiminkinn, og þar snúum við bökum saman. Ég tel ekki rétt, að við byrjum á að útrýma aliminkunum, á meðan engin raun er komin á það, hvernig útrýming villiminkanna muni takast.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. ætlar sýnilega að lifa í trú um þetta, en ekki í skoðun, og er það mikið mein. Ef hann vildi lifa í skoðun um skaðsemi þessara dýra og um það, hvernig það gengur að halda þeim í búrunum, þá mundi hann breyta afstöðu sinni til málsins. Vitaskuld er ekki hægt að sanna það fyrir fram, hvort takast muni að útrýma villiminkunum eða hvenær það verði. En á meðan þessi dýr eru alin í búrum, þá verður þeim aldrei útrýmt. Fyrir því er reynsla, að þau sleppa alltaf út. Og það má skírskota til þess, sem er að gerast hjá Norðmönnum og Svíum. Þeir eru engir viðvaningar í loðdýrarækt, en hafa þó misst þessi dýr út, og þau eru orðin þar hrein landplága. — Það er heldur ekkert aukaatriði, ef ríkið á að borga árlega til útrýmingar marga tugi þúsunda. Eftir upplýsingum hæstv. ráðh. nemur það nú 60 þús. kr. og er þó ekki allt komið fram, því að vafalaust eru ótalin mörg dýr, sem náðst munu hafa fyrir áramót.

Hæstv. ráðh. vitnar til þess, að refir hafi ekki verið hafðir hér í búrum, og þó hafi ekki tekizt að útrýma þeim frá ómunatíð. En við vitum, að þeir hafa ekki verið fluttir til landsins, heldur komu þeir sjálfir, t. d. með ísum. Hitt vitum við svo, að þetta litla kvikindi kemur ekki hingað öðruvísi en aðflutt, svo að þar er ólíku saman að jafna. Og þótt refir geri spjöll, eru þeir ekki sambærilegir við minkinn um skaðsemi alla. Og einkennilegt virðist mér það, að af því að við höfum lengi átt í höggi við tófuna, þá á að bæta þar ofan á annarri plágu helmingi verri. Sleppi einhver við tófuna, þá skal hann fá á sig minkinn! Og ef einhver verður fyrir búsifjum af tófunni, þá á að árétta jólaglaðninginn með minknum líka!

Ég er sammála hæstv. ráðh. um það, að margra ára baráttu muni þurfa til þess að útrýma minknum. En það sýnir nauðsyn þess, að menn eigi ekki í vændum að dýrin sleppi jafnóðum aftur. Og hverjir heyja baráttuna? Eru það ef til vill loðdýraræktarherrarnir? Nei, þeir, sem fyrir tjóninu verða, heyja baráttuna við þessi kvikindi, sem haldið er yfir hlífiskildi; og það er þeim mun furðulegra, sem þetta gefur nær ekkert í aðra hönd, og það eru hrein hindurvitni að tala um gjaldeyri í þessu sambandi, þar sem megnið af loðdýraskinnum er óseljanlegt, lágt verð og háir tollar. Og það er hæpinn gjaldeyrissparnaður, ef æðarvarpi er útrýmt og laxveiði stórspillt af minkunum.

Ég held, að það sé rétt, ef hæstv. Alþ. ætlar ekki að stemma stigu fyrir minkaplágunni nú, að sú kvöð verði þá lögð á loðdýraræktarherrana að annast útrýminguna, en að hún sé ekki lögð á þá, sem aðeins verða fyrir tjóninu, en hafa enga hagsmunavon í sambandi við þessi dýr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég held, að hv. 1. þm. Árn. hafi misskilið það, er ég minntist á refina, að ég teldi, að vegna þess að við hefðum þurft að eiga í höggi við þá, væri ástæða til að bæta þar annarri plágu ofan á. Ég vildi aðeins sýna, hve erfitt hefur reynzt að útrýma refunum, ekki af því, að þeir hlaupi hér á land af ísum, heldur hefur það reynzt ógerlegt í landinu sjálfu. Ég nefndi þetta aðeins til þess að sýna líkurnar fyrir því, hve erfitt muni verða að útrýma villiminkunum, og verði kannske aldrei hægt, þótt hins vegar sé rétt að vinna að því eins og unnt er. Ég tel aðeins ekki ráðlegt að útrýma þeim stofni, sem í búrum er geymdur, en sitja svo áfram með sjálfa plágunа. Það á að byrja á að herja á villiminkana. Í hina er alltaf hægt að ná, ef útrýmingu villiminkanna væri talið það langt á veg komið, að aðalhættan stafaði af búrunum. — Ég veit, að þetta verður rætt í n., en vildi aðeins segja hér á þessu mína skoðun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 14. des., utan dagskrár, mælti

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. 8. f. m. var vísað til landbn. 38. þingmáli, um útrýmingu minka. Enn sem komið er hefur ekkert vitnazt um þetta mál, og þar sem það er ekki með öllu óþekkt hér á Alþ. og hefur verið flutt nokkrum sinnum og rætt og að því er ég ætla allvel upplýst og þar sem ég enn fremur hef orðið þess var, að hér hefur verið útbýtt miklu plaggi meðal þm., sem snertir þetta mál, hefði ég viljað vænta, að ekki drægist lengi, að n. léti málið koma til meðferðar hér í d., og vildi gjarnan forvitnast um þetta.

Steingrímur Steinþórsson: Út af fsp. hv. 1. þm. Árn. vil ég geta þess, að þetta frv. er til meðferðar í n. og mun koma fram á sínum tíma, en veit ekki, hvenær það verður, því að það eru fjölda mörg mál í n., sem eru komin miklu fyrr

fram en þetta mál. N. hefur sent frv. mörgum aðilum til umsagnar og mun koma með það á sínum tíma, en n. getur engu lofað.

Jörundur Brynjólfsson: Mig furðar á svörum hv. form. landbn. og hvernig hann svarar þeim. Það hefur verið sá háttur á hafður, þegar mál hafa verið þrautrædd og upplýst, að n. hafa ekki gert sér það að leik að tefja þau. Allir vita, að þetta mál er vel upplýst og þrautrætt, og vil ég beina til hæstv. forseta, að mál þetta komi fljótlega til meðferðar og fái góða afgreiðslu, og mun ég ekki taka nein svigurmæli sem góða og gilda vöru í þeim efnum.

Steingrímur Steinþórsson: Ég veit ekki, hvers konar æsingur hefur gripið hv. 1. þm. Árn., hvaða talsmáti þetta er, sem hann leyfir sér að hafa í þinginu. Hann snýr út úr orðum mínum. Ég sagði, að n. væri að vinna að málinu og mundi skila því, þegar því yrði lokið, og endurtek ég það nú, en lofa engu.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Stéttarfélög og vinnudeilur.

Á 10. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur* [39. mál] (þmfrv., A. 46).

Á 10. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta frv. nú. Það var hér á dagskrá fyrir 2 árum, og urðu þá um það allýtarlegar umræður. Hins vegar er það af rökstuddum ástæðum, að þetta mál er nú flutt hér öðru sinni, því að tíminn hefur mjög sannað það, að þær mótbárur, sem færðar voru helzt gegn því á sínum tíma, hafa við lítil rök að styðjast. T. d. var þá m. a. talið af alþýðusambandsþingi, að frv. sem þetta, ef að lögum yrði, mundi auka stjórnmáladeilur innan verkalýðsfélaganna og afskipti pólitísku flokkanna af innanfélagsmálum þeirra. Ég held nú í ljósi þeirra hörðu átaka, sem átt hafa sér stað við nýafstaðnar kosningar til alþýðusambandsþings, að enginn þurfi að bera því við lengur, að þessi eða önnur breyting á lögum stéttarfélaganna muni innleiða pólitísk átök og deilur innan samtakanna. Þær deilur eru nefnilega þegar deginum ljósari, svo að ekki stenzt sú viðbára lengur. Hitt er rétt, að sumir hafa til þessa ekki viljað fylgja slíkri breytingu, af því að þeir hafa fremur kosið að hún sprytti af frjálsum óskum samtakanna sjálfra, kæmi, ef svo mætti segja, innan frá. En því miður hefur ekki bólað á slíkri hreyfingu frá yfirstjórn þessara samtaka, sem kommúnistar ráða. En ef sú breyting yrði, að óskir um þetta kæmu innan frá, yrði því ekki síður fagnað af flm. þessa frv. — Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta, en óska eftir, að málinu verði vísað til allshn.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Eins og hv. 1. flm. þessa frv. tók fram, hefur það verið flutt hér áður, en er nú í dálítið breyttri mynd. Efni þess er þó óbreytt, en það, sem hefur breytzt, er það, að nú er það heill flokkur, stærsti þingflokkurinn, sem raðar sér sem flm. málsins, svo að útlit er fyrir, að hér sé um pólitískt frv. að ræða.

En nú skulum við rifja upp, hvaða undirtektir þetta mál hefur fengið í verkalýðsfélögunum, hagsmunasamtökum verkamanna. Verkamenn hafa rekið sig á það í hvert sinn og komið hefur til átaka innan verkalýðsfélaganna, að hagsmunir þeirra hafa aldrei verið hinir sömu og hagsmunir atvinnurekendanna, sem nú raða sér um þetta frv. Um verkamannafélagið Dagsbrún, sem ég hef verið formaður fyrir í 6 ár, get ég sagt það, að á þessu tímabili hefur enginn sjálfstæðisverkamaður haft svo mikið fyrir að ræða þetta mál í félaginu, svo að ekki er það fram borið hér fyrir þá né aðra verkamenn. Þegar þetta frv. kom fyrst fram, var það upphaflega rætt í trúnaðarmannaráði Dagsbrúnar, og þar mælti ekki einn einasti með því. Því var þvert á móti mótmælt með öllum greiddum atkvæðum. Um sama leyti var almennur fundur í Dagsbrún, og var mál þetta lagt fyrir hann. Þar voru samþykkt mótmæli gegn því og rökstudd með því, að slíkt fyrirkomulag mundi valda pólitískum deilum og flokkadráttum innan félaganna. Þarna voru um 600 manns á fundi, og fundurinn samþykkti harðorð mótmæli gegn þessu frv. með öllum greiddum atkvæðum gegn 5, og enginn af þessum 600 verkamönnum reis upp til að mótmæla því gerræði, sem hv. flm. þessa frv. þykjast vera að firra verkamenn. En hvers vegna koma þeir þá með þetta frv.? Ekki líklega til að fordæma það, að menn í frjálsu þjóðfélagi ráði sjálfir fyrirkomulagi félaga sinna, ef þau eru löglega stofnuð og starfrækt. Það er illt til þess að vita og kemur naumast af góðu, þegar algerlega óviðkomandi menn og ótilkvaddir ætla að fara að setja frjálsum félögum reglum um innri mál þeirra og tilhögun. Ég gæti hugsað mér, að þeir mundu vitna í Búnaðarfélagið, að þar séu hlutfallskosningar. Þar gegnir allt öðru máli, sbr. þá gífurlegu fjárveitingu, sem Búnaðarfélagið hefur fengið frá ríkinu. Ef verkalýðsfélögin hefðu fjárstyrk frá hinu opinbera, væru hlutfallskosningar eðlilegri. En verkalýðsfélögin eru hrein hagsmunafélög, sem byggja tilveru sína á baráttu fyrir kjörum meðlima sinna, en ekki almannafé.

Hitt er svo annað mál, að verkamönnum er það ekkert undrunarefni, þó að mál sem þetta sé borið fram hér gegn þeim, því að þeir hafa ekki átt svo miklum skilningi að mæta á hæstv. Alþingi, að þeir búist beinlínis við hagsbótamálum héðan. Það liggur við, að öll afskipti Alþ. af verkamönnum hafi verið til að hefta starfsemi verkalýðsfélaganna. Við hv. 11. landsk. bárum t. d. fram till. um togaravökulögin í fyrra. Það var þá talið, að það mál væri alveg

hreint frámunalega hættulegt fyrir afkomu sjávarútvegsins. Síðan var því máli vísað til ríkisstj., og hefur ekki verið hreyft við því síðan. Í hvert sinn, sem verkalýðssamtökin hafa lagt frv. um breytingar fyrir Alþ., t. d. um togaravökulögin, hefur verið unnið á móti þeim eins og hægt er, og reynslan hefur sýnt, að löggjafinn hefur orðið hagsmunamálum verkalýðsins fjötur um fót. Hér hefur gengið erfiðast að fá skilning á hlutverki verkamannsins í þjóðfélaginu, og nú á Alþ. að fara að blanda sér í innri mál verkalýðsfélaganna.

Og hvílík lýðræðishugsjón er hér boðuð. Ef einn fimmti hluti stéttarfélags kemur fram með það að heimta hlutfallskosningu, en ⅘ hlutar félagsins greiða atkvæði á móti hlutfallskosningu, þá mælir þetta frv. svo fyrir, að þessi fimmtungur skuli ráða fyrir ⅘ félagsmanna. Þetta er nú lýðræði. Löggjafinn á að fara að lögbjóða, að fimmti hluti félagsmanna skuli vera rétthærri en allir aðrir félagsmenn til samans. Menn, sem hafa byggt upp verkalýðsfélögin og barizt fyrir málum verkamanna, skulu lúta í lægra haldi og margfaldur meiri hluti félagsmanna með þeim, ef aðeins tekst að vekja upp ⅕ hluta félagsmanna gegn yfirgnæfandi meiri hluta þeirra. Það er stórfurðulegt, svo að ekki sé meira sagt, að heill þingflokkur skuli koma fram með annað eins og þetta, og þar að auki er vert að athuga það, að enginn þessara manna er í verkalýðsfélagi, enginn þeirra hefur þurft að berjast á vettvangi verkamannsins, og með flutningi þessa frv. eru þeir ekki að berjast fyrir verkamenn. — Ég trúi því ekki fyrr en ég sé og tek á því, að þetta frv. fari sem l. út úr Alþ., þingmenn fótumtroði svo rétt samborgaranna sem hér er lagt til og í eðli sínu er brot á stjórnarskrá landsins.

Ég vildi aðeins lýsa þessu yfir, um leið og ég læt þá öruggu von í ljós, að allir þm., sem unna réttlæti og frjálslyndi, sameinist um að fella þetta frv., ef það kemst svo langt.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv. er þannig vaxið, að ég get ekki látið hjá líða að kveðja mér hljóðs við 1. umr. þess, ekki sízt þar sem hún verður væntanlega útfararsálmur þess.

Hv. 1. flm. málsins talaði um það áðan, að þetta frv., sem hann flytur nú ásamt öllum þm. Sjálfstfl. í þessari hv. d., væri hið sama og hann flutti hér fyrir 2 árum og þá var fellt. Og ástæðuna til þess, að það er nú flutt í annað sinn, kvað hann vera þá, að tíminn hefði leitt í ljós réttmæti málsins. Hann gat þess um leið, að þau mótmæli, sem komið hefðu þá fram gegn frv., hefðu haft litla þýðingu. Ég skal nú gera þeim ummælum nokkur skil.

Þetta frv. snertir fyrst og fremst verkalýðshreyfinguna í landinu, og hún hefur því sjálf mest að segja um málið, hennar orð er hér þungvægast. Og nú geta hv. flm. þessa máls ekki stáð af því, að verkalýðsfélögin hafi mælt með þessari breytingu, það er eitthvað annað. Á síðasta alþýðusambandsþingi, sem menn af öllum stjórnmálaflokkum sátu á, voru einróma samþ. mótmæli gegn þessu frv., og þau eru skjalfest. Þannig hafa verkalýðssamtökin í heild borið fram einróma mótmæli, og þau mótmæli eru þungvæg, en ekki léttvæg.

Um þetta frv. er það að segja, að ef sá háttur yrði upp tekinn, sem það gerir ráð fyrir, að verkalýðsfélögunum yrði fyrirskipað með lögum að taka upp innan sinna vébanda ákveðið kosningafyrirkomulag til stéttarþings og stjórnar- og trúnaðarstarfa, þá verð ég að segja, að það væri hrein árás á félagafrelsið í landinu og það dæmafá árás, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á. Og ég sé ekki, að neitt réttlæti þá árás, þótt hv. 7. þm. Reykv. teldi í ræðu sinni, að rökstuddar ástæður lægju til þess, að þetta mál er flutt hér að nýju. En honum láðist að nefna þær ástæður. — Eitt hefur þó verið reynt að telja þessu frv. til gildis. Það er það, að það muni innleiða meira lýðræði í skipulagi verkalýðshreyfingarinnar, skilst manni, og minni innbyrðis átök en verið hafa að undanförnu.

Þess ber að gæta, að verkalýðshreyfingin er samsett af mönnum úr öllum flokkum, og það er rétt, að átaka hefur gætt innan hennar vegna þess. Hins vegar gengur enginn þess dulinn, sem er hlynntur verkalýðshreyfingunni, að bezt væri að þjappa henni saman um áhugamál sín án tillits til flokksskoðana einstaklinganna. Það væri bezt, að menn skipuðu sér eftir málefnum, og það hafa verkalýðssinnar oft gert, þess eru mörg dæmi. En með því að ákveða og lögbjóða hlutfallskosningar í félögunum er um leið verið að ákveða, að stjórnmálabarátta skuli alltaf vera háð innan samtakanna, því að þá mundi óhjákvæmilega verða stillt upp til kosninga eftir flokkum, flokkarnir mundu kanna fylgi sitt. Og upp úr þessu sprytti eingöngu og héldist pólitísk barátta innbyrðis í verkalýðsfélögunum, í stað þess að samtök vinnandi fólks eiga að leysa hagsmunamál sín í sameiningu. Ég væni hv. flm. ekki um, að þeir ætlist til, að þannig fari, en ég bendi á þá staðreynd, að þannig mundi fara, ef frv. þeirra næði fram að ganga, þetta yrði afleiðingin af því.

Hv. síðasti ræðumaður gat þess í sinni ræðu, sem ég minntist á áðan, að eitt blómið, sem ætlað væri að skreyta þetta frv., væri það, að það fullnægði betur lýðræðinu en núverandi fyrirkomulag, en fullnæging lýðræðisins er sú, að gert er ráð fyrir, að einn fimmti hluti félagsmanna geti ákveðið kosningafyrirkomulag gegn fjórum fimmtu hlutum félagsmanna. En er þetta ekki að fara aftan að hlutunum í öllu lýðræðisskvaldrinu? Þegar talað er um lýðræði í kosningum, þýðir það, að meiri hlutinn ráði. Það gildir að sjálfsögðu um kosningar í verkalýðsfélögum eins og annars staðar. En hér er þessu snúið við og ⅕ gert hærra undir höfði en ⅘. Afleiðingin yrði sú, að ef um ágreining væri að ræða, réði þessi fimmti hluti, en vilji mikils meiri hluta yrði fyrir borð borinn. Slíkt er ekki lýðræði.

Ég gat þess í upphafi þessa máls, að alþýðusambandsþing hefði fyrir tveimur árum samþykkt einróma mótmæli gegn þessu frv. Þar greiddu menn af öllum flokkum atkv. gegn frv., meðal þeirra sjálfstæðismenn. Það kom mér ekkert einkennilega fyrir sjónir, að hv. 7. þm. Reykv. skyldi flytja þetta frv. fyrir tveimur árum, þar sem það er á allra vitorði, að það er stefna Sjálf-

stfl. á þingi, að hlutfallskosningar verði teknar upp í verkalýðsfélögunum. En mér kemur einkennilega fyrir sjónir, að það skuli nú vera flutt hér í annað sinn og þá af öllum sjálfstæðismönnum í deildinni, því að það er nú svo um þann flokk eins og aðra, að ég hélt hann hefði vit á að draga sig til baka með mál, sem ekki eru í neinu samræmi við vilja fólksins, heldur þvert á móti. Ég hélt, að hann hefði rekið sig svo rækilega á í þessu efni 1946, að hann gleymdi því ekki strax aftur, en það lítur ekki út fyrir það. Þótt nú hafi eðlilega komið til átaka í verkalýðsfélögunum við kosningar til alþýðusambandsþings, þá geri ég fastlega ráð fyrir og veit raunar fyrir víst, að verkamenn sjá ekkert annað en óhag í því að samþykkja þetta frv., það mundi ala á sífelldri sundrung og veikja stéttarsamtök þeirra og brjóta þau niður.

Ég verð því að lokum að segja, að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að þetta frv. komist lengra en til nefndar, fremur en síðast. Síðan verður það fellt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða við 1. umr. þessa máls að láta þess getið, að ég er andvígur því. Ég tel, að afskipti löggjafans af frjálsum félagsskap í landinu eigi ekki að vera meiri en nauðsyn krefur. Og sú hefur líka verið stefnan fram til þessa, sbr. lög um stéttarfélög og vinnudeilur og lögin um samvinnufélög. Þar kemur fram sú stefna að hafa afskipti löggjafarvaldsins af málefnum félagssamtakanna ekki meiri en brýna nauðsyn ber til. Með þessu frv. er aftur á móti lagt til, að löggjafarvaldið fari beinlínis að skipta sér af skipulagningu verkalýðsfélaganna, þar sem miklum minni hluta á að vera heimilt að krefjast hlutfallskosninga, en það eru meiri afskipti en ég fellst á, að séu réttmæt eða æskileg. Þó læt ég þess getið, að e. t. v. væri ástæða til að breyta eitthvað gildandi lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og samvinnufélagalögunum, en um leið tek ég það skýrt fram, að ég álít, að það eigi ekki frekar við fyrri lögin en þau síðari. Reynslan hefur sýnt, að í sambandi við kosningar í slíkum félögum hefur oft orðið vart nokkurs misskilnings og þar hafa orðið mistök. Það hefur t. d. komið í ljós í ákveðnum félögum, að ekki hefur verið fylgt til hins ýtrasta kosningareglum, og hefur þá í skjóli ónákvæmra lagaákvæða ýmislegt vafasamt verið framkvæmt, t. d. eins og að bæta kjósendum á kjörskrá eftir að kosning var hafin. Þá hafa kosningar einnig farið fram með handauppréttingum og lauslega taldar niðurstöður látnar gilda, enda þótt vefengdar hafi verið og krafa hafi komið um skriflega kosningu.

Ég hygg, að allir geti verið sammála um það, að æskilegt sé, að ekki þyrfti að rísa ágreiningur innan félaga um kosningafyrirkomulag og komið væri t. d. í veg fyrir, að mögulegt sé að bæta mönnum inn á kjörskrá eftir að kosning er hafin. Sömuleiðis ættu allir að geta orðið sammála um, að fundarsköpin í heild væru þannig, að ekki þyrftu að verða deilur út af fyrirkomulagi funda í t. d. verkalýðsfélögum og samvinnufélögum. Og þær breytingar, sem ég tel, að geti komið til mála að gera í þessu sambandi, eru, að ný löggjöf væri sett og þá um leið nákvæmari fyrirmæli um það, hvernig fundarsköp í slíkum félögum skuli vera, og enn fremur nokkrar almennar reglur um það, hvernig kosningar í þeim skuli fara fram. Um þetta ættu allir að geta verið sammála. En þetta er allt annað en að fyrirskipa kosningaaðferð og tryggja minni hlutanum rétt til þess að ákveða, að slík kosningaaðferð sé tekin upp. Og ef gengið er svo langt í afskiptum af hinum ýmsu frjálsu félögum og félagssamtökum eins og hér er lagt til, þá gæti verið ástæða til þess að fara að athuga, hvort ekki væri rétt að setja fyrirmæli um kosningar og fundarsköp í ýmsum öðrum félagssamtökum, sem eru ekki miklu þýðingarminni en verkalýðsfélögin, þ. e. a. s. stjórnmálaflokkunum. Nú gilda engin lagaákvæði um starfsemi stjórnmálafl. og heldur ekki um innra skipulag þeirra. Stjórnmálafl. geta hagað skipulagi sínu og kosningum og allri starfsemi sinni eins og þeim sýnist. Þó eru stjórnmálafl. í raun og veru eitt sterkasta valdið í þessu þjóðfélagi. En nú vita allir, að skipulag stjórnmálafl. er ákaflega mismunandi.

Ég hygg, að sá flokkur, sem stendur að þessu frv. og vill nú ganga mjög langt í því að setja reglur um frjálsan félagsskap í landinu, hafi allra lélegast og losaralegast skipulag af öllum stjórnmálaflokkum í landinu. Það veit í rauninni enginn, hvað Sjálfstæðisfl. er. Manni skilst þó, að hann sé samansettur af ýmsum félögum í ýmsum bæjum og héruðum, eins og reyndar hinir flokkarnir. En víst er um það, að engar ákveðnar reglur virðast gilda um heildarskipulag hans og þinghald, heldur er flokksþingið eins konar allsherjarmót sjálfstæðismanna, sem þeir kalla svo landsfund sjálfstæðismanna. Og litlar reglur munu vera um það, hvernig kosnir eru fulltrúar á þessi allsherjarmót. Ég hygg þó, að ég hafi fengið alveg áreiðanlegar fregnir af því, hvernig fulltrúar eru kosnir á þennan landsfund sjálfstæðismanna. Þar munu sumir fulltrúarnir kosnir af félögum, aðrir vera tilnefndir af stjórn Sjálfstfl. og þar munu jafnvel mæta menn, sem ekki hafa verið tilnefndir af nokkrum aðilum, heldur bara af því að þá langar til þess að mæta þar! Ég hygg, að þetta gildi ekki aðeins um fulltrúana úr Reykjavík, heldur einnig utan af landi. Ég hef áreiðanlegar fregnir af því, að á þessum landsfundum er enginn greinarmunur gerður á fulltrúunum, hvort sem þeir eru kosnir af félögum, tilnefndir af stjórn Sjálfstfl. eða þeir mæta þar bara af því, að þá langar svo mikið til þess að vera þar viðstaddir. Og þessir landsfundir Sjálfstfl. hafa oft verið einhverjar hinar mestu pólitísku skrípasamkomur, sem haldnar hafa verið, hallelújasamkomur af ómerkilegustu tegund, þar sem hvorki fundarmenn sjálfir né utanaðkomandi menn hafa vitað neitt um það, hvort fulltrúarnir hafa löglegt umboð eða ekki, enda mun atkvgr. á þessum fundum sjálfstæðismanna hafa farið fram með lófataki og í bezta tilfelli með handauppréttingum, og eiga þá allir að samþ., en um ágreining á þessum fundum hefur afar lítið heyrzt.

Mér finnst það sitja afar illa á flokki eins og Sjálfstfl. að bera slíkt frv. fram sem þetta, sem hér liggur fyrir, og undrast ég það mjög, að allir

hv. þm. þessa flokks skuli hafa sameinazt um slíkt mál, að setja frjálsum félagasamtökum í landinu mjög nákvæm fyrirmæli um það, hvernig þau skuli haga sínum kosningum og innri málum, þegar um þeirra eigin flokk, Sjálfstfl., má segja, að hann sé algerlega skipulagslaus.

Það mun ekki vera hætta á því, að frv. þetta fái nokkrar verulegar undirtektir nú frekar en áður, en ef einhver hætta væri á því, að þetta frv. næði fram að ganga, þá væri ástæða til að setja löggjöf um stjórnmálafl. og þá fyrst og fremst til þess að tryggja það, að Sjálfstfl. verði sæmilega lýðræðislegur flokkur.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég get ekki varizt því að snúa mér nokkuð að sessunaut mínum í sambandi við þessa hlægilegu ræðu, sem hann hér flutti. Ég veit, að þessi hv. þm. er töluvert mikill skipulagsmaður, og hefur af og til bólað á skipulagsfrv. og hagfræðiplönum og alls konar plönum frá honum. En að hv. þm. hefði áhuga fyrir að skipuleggja Sjálfstfl., hefur ekki komið fram fyrr en nú. Hv. þm. sagði, að það vissi enginn, hvað Sjálfstfl. væri. En við sjálfstæðismenn getum huggað okkur við það, að stærsti kjósendahópurinn í landinu veit, hvað Sjálfstfl. er, og það hefur hv. 4. þm. Reykv. fengið að vita um kosningar. Það er ekkert leiðinlegt, að menn mæti á fundum, af því að þá langar til þess. Það hefur ekki komið fyrir hjá Sjálfstfl., og ég vona, að það komi ekki fyrir, að menn mæti þar bara af því, að þeir eru skyldaðir til þess. En við söknum þess ekkert að hafa ekki Gylfa eða Hannibal innan Sjálfstfl., en getum vel sætt okkur við, að flokkurinn sé samstilltur vel. En þetta var nú aðeins útúrdúr hjá hv. þm. En það, sem hann vék að frv., sem hér liggur fyrir, þá lýsti hann sig mótfallinn því, af því að það mælti fyrir um það, að það skyldi hafa ákveðnar reglur innan verkalýðsfélagsskaparins í landinu og setja slíkum félagsskap ákveðnari skilyrði með ákvæðum laga. En þessi hv. þm. var ekki fyrr búinn að sleppa orðinu um þetta en hann sagði, að það ætti að setja reglur um fundarsköp og almennar reglur um kosningar ekki aðeins innan verkalýðsfélaganna, heldur samvinnufélaganna líka. Ég veit ekki, hvort á að taka hv. 4. þm. Reykv. alvarlega, þegar hann talar svona.

Ég vorkenni hv. 11. landsk., þegar hann talar hér í hv. d. um þetta mál, því að hann vann að því á sínum tíma innan verkalýðsfélaganna, að komið yrði á hlutfallskosningum innan félaganna, eins og kunnugt er. Síðan hefur hann komizt í þann pólitíska flokk, sem er fljótur að skrúfa fyrir sannfæringu manna, en þar verða þeir, sem inn í þann flokk leiðast, að dansa með, hver svo sem fyrri afstaða þeirra hefur verið. Það var annars lítið annað í ræðu hv. þm. en að óska þessu frv. sömu útreiðar og frv. um sama efni hefði fengið síðast. Þm. þurfa ekki að fá sér það til, þótt frv., sem þeir flytja, nái ekki við fyrsta flutning fram að ganga. Ég minnist þess, að sjálfstæðismenn fluttu á Alþ. frv. ekki óskylt þessu, um vinnulöggjöf, sem kölluð var þrælalög af þm., sem þá börðust á móti frv. En það má segja, að þetta frv. hafi verið í meginatriðum eins og það frv., sem hinir sömu flokkar stóðu að flytja nokkru seinna, og er sú löggjöf búin að vera lengi við lýði og er orðin það vinsæl, að ég hygg, að enginn vilji missa hana nú.

Ég er sannfærður um það, að þótt þetta frv. um sanngjarnar, lýðræðislegar kosningar innan verkalýðsfélaganna nái ekki fram að ganga á þessu þingi, þá muni stefna þess sigra að lokum. Hvort það er ákveðið hér á Alþ. eða með frjálsum vilja innan verkalýðsfélaganna, það skiptir ekki meginmáli í þessu sambandi.

Hv. 11. landsk. sagði, að þetta frv. væri í raun og veru dauðadæmt, af því að því hefði verið mótmælt af alþýðusambandsþingi, og þau mótmæli yrðu ekki léttvæg fundin. En ég vil þá minna á í þessu sambandi, að það hefur verið sagt, að með þessu frv., ef það yrði samþ., yrði lögfest sundrung innan verkalýðsfélaganna. Það er eins og að ekki hafi verið pólitísk sundrung innan verkalýðsfélaganna hingað til og hún ætti að skapast við það, að þessi hlutfallskosning yrði tekin upp. En þetta er það, sem allir lýðræðissinnar um heim allan vilja taka upp. En hér hefur því verið haldið fram, að ef þetta kosningafyrirkomulag yrði tekið upp, mundi það auka afskipti pólitísku flokkanna í verkalýðsfélögunum. Ég veit ekki, hvort þau eru svo lítil nú, að menn verði ekki varir við þau. Nei, ég held þvert á móti, að þau meginrök, sem vitnað hefur verið til frá þingi Alþýðusambandsins, verði mjög léttvæg fundin.

Ég vil svo víkja að ræðu hv. 8. þm. Reykv., sem fór mjög ýtarlega út í málið frá sínu sjónarmiði. Hann furðaði sig ákaflega á því, að þetta mál væri orðið pólitískt flokksmál. Þetta mál hefur verið rætt og samþ. á landsfundum og öðrum samkomum Sjálfstfl., og var gerð grein fyrir því við flutning málsins hér í hv. d., svo að frv. er framhald af þeim samþykktum.

Þá var eitt atriði í ræðu hv. 8. þm. Reykv., sem er eftirtektarvert. Hann talaði um, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, væri flutt vegna hagsmuna atvinnurekenda, og komst þannig að orði, að hagsmunir verkamanna færu aldrei saman við hagsmuni atvinnurekenda. Ég skal leiða hjá mér þá ásökun, að þetta frv. sé flutt vegna hagsmuna atvinnurekenda, en ég vil vekja sérstaka athygli á hinu, sem er ákaflega veigamikið atriði fyrir okkur Íslendinga, að menn lýsi því yfir á Alþ., að hagsmunir verkamanna fari ekki saman við hagsmuni atvinnurekenda. Þessi rangsnúni hugsunarháttur er hættulegur íslenzkum stjórnmálum, en það er einmitt þetta, sem menn verða að gera sér grein fyrir og að það er einn flokkur í landinu, sem hefur tekið upp þetta aldagamla sjónarmið í baráttu sinni, að byggja á því, að stétt berjist gegn stétt. Þetta er búið að kenna hv. þm., og þess vegna talar hann þannig. Menn verða að gera sér grein fyrir, að hagur verkamanna og atvinnurekenda er mjög samantvinnaður og þeir þurfa að vinna að því að skapa gagnkvæman skilning milli stéttanna, sem hér er um að ræða, verkamanna og atvinnurekenda. Ég veit, að hér er um sjónarmið að ræða, sem Sósfl. hefur byggt alla sína pólitísku baráttu á. Og ég veit, að það er hættulegt íslenzku þjóðfélagi, ef þessi kenning þeirra fær að festa rætur. Það ríður því á að koma þeirri stefnu rækilega fyrir kattarnef og það sem fyrst.

Þá sagði hv. 8. þm. Reykv., að það væri ekkert fordæmi fyrir því í nokkru þjóðfélagi, að það væru l., að ákveðið kosningafyrirkomulag væri haft innan frjálsra samtaka. En ég vil þá minna á búnaðarfélagssamtökin, vegna þess að það eru 12 ára gömul l., sem lögskipa, að hlutfallskosning skuli vera höfð innan búnaðarfélaganna, þegar kjósa á til búnaðarþings. Þessi ákvæði voru sett í jarðræktarlögin 1936. Þar er sagt, að rétt til þess að bera fram kjörlista hafi minnst 40 félagsmenn, og geri ég ráð fyrir, að það sé mjög lítill hluti af öllum félagsmönnum. Í gr. segir: „Rétt til að bera fram kjörlista hafa minnst félagsmenn með samtals 40 atkv., og skulu vera jafnmargir á hverjum lista og kjósa á og jafnmargir til vara. Komi fram fleiri en einn listi, skal hlutfallskosning viðhöfð.“ Hv. 8. þm. Reykv. sagði, að þessi samtök væru meira fjárhagslega háð ríkinu en verkalýðssamtökin, og mér skilst, að það séu einu rökin fyrir því, að ríkið geti leyft sér að setja slík kosningaákvæði innan búnaðarsamtakanna. Hvað fjárhagshlið málsins snertir, þá er það að vísu rétt, en verkalýðsfélagsskapurinn hefur engu minni þjóðfélagslega þýðingu en búnaðarfélagsskapurinn, og er því ekki úr vegi, að ríkið komi þeim málum svo fyrir, að rétt kosningafyrirkomulag sé viðhaft innan þeirra, en ekki eins og t. d. í Dagsbrún, sem lætur minni hlutann ráða. Í Dagsbrún, þegar á að kjósa 32 fulltrúa til alþýðusambandsþings, þá er kosið þannig, að þeir, sem fá hreinan meiri hluta, fá menn kosna, og það er minni hlutinn í Dagsbrún, sem stendur á bak við alla þessa menn. *(SigfS:* Er þetta ekki eins og í Sjálfstfl.? — *GÞG:* Ef þar er þá kosið nokkuð.) Ég vil minna á, hvernig menn litu á þessi mál 1936, þegar lögskipaðar voru hlutfallskosningar í búnaðarfélögunum. Þá var tekið fram í grg. fyrir frv., sem flutt var um það af framsóknarmönnum, sem studdu þá ríkisstj., sem einnig var mynduð af Alþfl., og mun það hafa verið eitt af samningsmálum Framsfl. og Alþfl. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með þessu kosningafyrirkomulagi er bændunum gefinn kostur á að hafa áhrif á skipun búnaðarþingsins, eftir því sem þeir hafa vilja og aðstöðu til. Einmitt með þessari skipan búnaðarþings ætti það að vera tryggt, að það væri nokkurn veginn rétt mynd af því viðhorfi, er bændurnir hafa til helztu áhugamála sinnar stéttar, og reyndar þjóðmála yfirleitt. Líklegt er, að öllum þyki vænt um þessi lagafyrirmæli. Þau svipta engan bónda réttindum, heldur þvert á móti. Þau veita bændum mikilsverð réttindi, sem þeim að sjálfsögðu ber og hefðu átt að vera búnir að fá fyrir löngu, en hefur þó dregizt til þessa. Nú mun þeim af öllum frjálshuga mönnum fagnað“.

Á þessum tíma átti það að vera fagnaðarefni allra frjálshuga manna í landinu, að lýðræðislegra kosningafyrirkomulag skyldi tekið upp í landinu, þó að sumir líti öðrum augum á það hér, þegar um verkalýðssamtökin er að ræða.

Loks er eitt atriði, sem ég vil minnast á, að með þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því, að minni hlutinn eigi að ráða, heldur segir hér í frv.: „Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu innan stéttarfélaga til stjórnar- og trúnaðarstarfa og við kosningu fulltrúa til stéttarsambands, ef ⅙ hluti félagsmanna krefst þess.“ En hér hefur verið reynt að koma á misskilningi, að minni hlutinn eigi með þessu að ráða í verkalýðsfélögunum. Minni hlutinn á ekki í þessu tilfelli að ráða í félögunum, en honum væri gefin þarna aðstaða til þess að geta, ef vissum skilyrðum er fullnægt, haft áhrif innan samtakanna, þannig að hann hefði rétt til þess að fá fram að hafa áhrif í hlutfalli við styrkleika sinn innan félaganna. Honum er gefið færi á að óska eftir, að áhrif hans fái að koma fram við kosningar í samræmi við styrkleika, sem sá minni hluti kann að hafa bak við sig

Það eru svo ekki fleiri orð í fram komnum ræðum, sem þarf að svara að sinni.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. gat um það í upphafi ræðu sinnar, að hann kenndi í brjósti um mig, þegar um þetta mál væri að ræða, sérstaklega af því, að afstaða mín í þessu máli væri nú önnur en áður hefði verið. Mér þykir vera orðin breyting frá því, sem áður var, þegar hann taldi það til gildis þessu frv., sem hann flytur nú, að ég hefði einu sinni verið efni þess meðmæltur. Ég held, að enginn misskilningur sé í sambandi við það, hver mín afstaða er til þessa máls, og komi þar ekki til greina nein flokkskúgun.

Hv. þm. gat um, að vinnulöggjöfin hefði á sínum tíma verið flutt af Sjálfstfl. og verið þá kölluð þrælal. og verið óvinsæl, en nú væri hún orðin vinsæl löggjöf og vildi nú enginn af þeim l. sjá. Það er mesti misskilningur, að þau l. séu orðin svona vinsæl, heldur eru þau þvert á móti í mörgum tilfellum ákaflega ranglát, og þyrfti að gera á þeirri löggjöf miklar breytingar, ef hún ætti að verða góð löggjöf.

Þessi hv. þm. komst í óveðursham, þegar hann fór að ræða við formann Dagsbrúnar. Hann sagði, að Sósfl. byggði alla sína tilveru á því að hafa sem mesta stéttarárekstra, hins vegar vissu allir, að hagsmunir verkamanna og atvinnurekenda færu saman. Það getur verið um að ræða hagsmunamál, þar sem verkamenn og atvinnurekendur geta orðið sammála. En ég hafði þá skoðun, þegar ég var í sama flokki og hann, að hagsmunaárekstrar hlytu að eiga sér stað milli verkamanna og atvinnurekenda. Við þurfum ekki annað en að líta á baráttu verkalýðsfélaganna fyrir bættum kjörum til að sannfærast um það. Það þýðir ekki að belgja sig upp og segja, að hagsmunir stéttanna eigi að fara saman, því að staðreyndirnar sýna okkur, að verkalýðshreyfingin hefur orðið að knýja fram hagsmunamál sín með styrk viðsýnna manna.

Hv. flm. gat þess, að þegar l. um kosningar í búnaðarfélögunum voru sett, hefði þeim verið fagnað af öllum frjálslyndum mönnum og eins mundi verða um þetta frv., ef að l. yrði. Hér er ég honum ekki sammála, því að ég álít, að frjálslyndir menn samþ. ekki þetta frv. Ég leiddi rök að því, og hv. þm. hefur leitt hjá sér að svara þeim, að þetta frv. væri aðeins skrípamynd af lýðræði, því að minni hl. er ætlað að ráða. Ég verð að hafa um það sömu orð og hann sjálfur, að ég kenni í brjósti um hann, af því að hann skildi ekki, hvaða mál hann var að flytja, því að

í frv. kemur skýrt fram, að þar á minni hl. að ráða yfir meiri hlutanum. Í einu félagi er ⅓ hlutinn, sem vill hlutfallskosningu, en ⅔ hlutar á móti. Og þá á minni hl. að ráða samkvæmt frv. *(JóhH:* Hann fær aðeins að ráða því að hafa hlutfallskosningu, en hefur áhrif hlutfallslega eftir styrkleika sínum.) Hann fær að ráða þessu, sem hv. þm. vill nú lögleiða, hvorki meira né minna.

Í samþykkt alþýðusambandsþingsins er bent á þá staðreynd, sem ekki er hægt að sniðganga, að ef hlutfallskosning er lögboðin, þá er fyrirbyggt, að verkalýðsfélögin geti kosið trúnaðarmenn sína án tillits til stjórnmálaskoðana. Verkalýðsfélögin hafa kosið sér trúnaðarmenn með tilliti til hæfileika, en með hlutfallskosningum er tryggt, að barizt verður um þá, sem eru pólitískir baráttumenn innan verkalýðshreyfingarinnar. — Ég þarf svo ekki að fjölyrða frekar um ræðu hv. 7. þm. Reykv.

Ég vil svo að endingu þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir það, að hann ætlar að leggjast á móti frv. Ég vona, að fleiri geri það og efast ekki um, að svo verði. Ég endurtek það, að ég vænti þess, að hv. þd. sjái sóma sinn að gera þetta frv. ekki að l., heldur felli það, sökum þess að það er árás á innri málefni verkalýðshreyfingarinnar, og það er ekki til að framfylgja lýðræði, heldur þvert á móti til að gera hinum óháðu félagssamtökum hallara undir höfði.

Ég get ekki stillt mig um að segja það að endingu, að ef þessi flokkur hefur svo mikinn áhuga á að koma þessu máli fram sem lítur út fyrir gegn harðvítugum mótmælum verkalýðshreyfingarinnar, þá er honum innan handar að berjast fyrir framgangi málsins innan vébanda verkalýðssamtakanna. Ef þetta mál er eins gott og þeir halda fram, þá efast ég ekki um, að verkamenn eru svo þroskaðir, að þeir aðhyllast fljótlega þetta fyrirkomulag. En ég er hræddur um, að þessir hv. þm. treysti sér ekki til þess og þess vegna beri þeir málið ekki fram í verkalýðsfélögunum, heldur hér á þingi til að fá það lögfest þvert ofan í vilja verkalýðsfélaganna.

Gylfi Þ. Gíslason: Mér er ekkert sérlega vel við Sjálfstfl., en ekki er mér svo illa við hann, að ég óski þess, að þm. hans flytji margar ræður eins og hv. 7. þm. Reykv. flutti hér áðan. — Ég ætla ekki að svara þeim kafla ræðu hans, er hann ræddi um það, sem hann telur eiga að vera grunntón allra stjórnmála, að stétt eigi að standa með stétt. Mér finnst ekki taka að svara því. Þau öfl í heimsstjórnmálunum, sem hafa haft þetta sem æðsta boðorð, nazistar, hafa sem betur fer goldið það afhroð á síðustu árum, að mér þykir ekki ómaksins vert að eyða verulegum tíma til að andmæla þessum hreinu nazistarökum, því að það er nazismi og ekkert annað að halda fram, að hagsmunir allra þjóðfélagsborgara fari saman. Hingað til hafa ekki önnur stjórnmálaöfl leyft sér að hafa þessa fíflalegu skoðun á oddinum en nazistaflokkar. Það er því vissulega hörmulegt fyrir Sjálfstfl., ef hann ætlar að boða það, sem var uppistaðan í stjórnmálakenningu nazista.

Ég stóð aðallega upp af því, að hv. 7. þm. Reykv. sneri út úr ummælum mínum. Ég sagði, að ég væri andvígur þessu frv. af því, að með því væri gengið lengra til afskipta af innri málefnum frjálsra félagasamtaka í landinu en mér þætti viðeigandi eða réttmætt. Hins vegar hafa verið sett l. um stéttarfélög og vinnudeilur, og þar eru nokkur ákvæði um skipulag þessara félaga, sem hafa ekki sætt gagnrýni og hafa ekki verið sett gegn andstöðu verkalýðsfélaganna, heldur með samþykki þeirra. Nú getur verið spurning, hversu nákvæmar reglur sé heppilegt að hafa í l. um þessi atriði. Og ég er þeirrar skoðunar, að með frv. eins og þessu sé gengið miklu lengra til afskipta af málefnum verkalýðsfélaganna en rétt og sanngjarnt er. En með tilliti til þess, að í l. eru almenn ákvæði um skipulag verkalýðshreyfingarinnar, þá finnst mér ekki óeðlilegt, þó að nokkrum slíkum algerlega almennum ákvæðum væri bætt inn í l. um stéttarfélög og samvinnufélög. Þau ákvæði væru algerlega almenns eðlis, t. d. um réttar fundarreglur og fundarsköp eða um það, að kosningar færu fram á réttan hátt. Ég trúi því engan veginn, að slík ákvæði mundu sæta andmælum frá verkalýðshreyfingunni. Það er þess vegna rangt hjá hv. 7. þm. Reykv., að það sé nokkur mótsögn í því, þegar ég lýsi yfir andstöðu minni við þetta frv., en segist geta fellt mig við að setja inn í þá heildarlöggjöf, sem þegar er fyrir hendi, ákvæði um, að farið verði eftir réttum lögum um fundarhöld og kosningar.

Hv. 7. þm. Reykv., sem hefur borið fram þetta frv. ásamt svo að segja öllum flokksmönnum sínum í þessari d., segist gera það til að tryggja rétt og gott lýðræði í verkalýðsfélögunum. Hann er lögfræðingur og framkvæmdastjóri Sjálfstfl., og nú játar hann það, sem ég vissi, að á landsfundum sjálfstæðismanna mættu ýmsir fulltrúar, sem væru ekki til þess kjörnir, heldur kæmu þangað af því, að þá langaði til þess. Ég verð að segja, að ekki er lýðræðisáhugi hv. 7. þm. Reykv. mikill, ef hann beitir sér ekki fyrir, að slíku verði breytt innan Sjálfstfl. Ég skil ekki, að hann treysti sér til að halda fram, að það séu lýðræðislegir landsfundir, ef fulltrúar geta mætt þar eingöngu af því, að þá langar til þess, og að slíkar samkomur geti markað allsherjarstefnu lýðræðisflokks. Þætti honum það lýðræðislegt, ef hér á Alþ. mættu þeir, sem til þess langaði? *(JóhH:* Sagði hv. þm. ekki, að allir væru sammála á landsfundunum?) Jú, það kemur sennilega til af því, að þessi aðskotadýr ráða þar svo miklu. Það er líklegt, að ef fulltrúar væru kosnir lýðræðislega út um allt land, þá yrði ágreiningurinn meiri. Nú sýnist vera safnað þar saman fólki, sem er tilbúið til að klappa og hrópa húrra við öllu því, sem forkólfarnir segja á þessum fundum. Það er augljóst, að slíkt fyrirkomulag er svo ólýðræðislegt sem verða má. M. ö. o., það er játað af framkvæmdastjóra flokksins, að til landsfunda flokksins sé stofnað á þann ólýðræðislegasta hátt, sem hugsanlegur er. Mér sýnist því, að hann hafi miklu nærtækara verkefni fyrir sinn alkunna dugnað en að standa fyrir setningu lagaboða, sem eiga að tryggja lýðræði í verkalýðsfélögunum. Hann ætti að beita dugnaði sínum við að reyna að tryggja lýðræði í Sjálfstfl. Ég er ekki viss um, að honum tækist það, en mér finnst, að hann

ætti þó að gera tilraun í þá átt. Það væri virðingarvert af honum og stendur honum nær, þar sem hann er framkvæmdastjóri flokksins, heldur en að safna samflokksmönnum sínum utan um frv. til að hafa afskipti af innri málum verkalýðsfélaganna, þó að þau starfi á lýðræðislegum grundvelli.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. talaði um það af miklu offorsi, að hagsmunir vinnuveitenda og atvinnurekenda færu alltaf saman. Ég hef heyrt þetta áður. Svona orð er hægt að segja á borgaralegum fundum: Við erum tilbúnir að taka ykkur alla í faðminn, og við skulum láta ykkur öllum líða vel. En ég er sannfærður um, að staðreyndirnar eru öðruvísi. Það er alveg víst, að hvenær sem verkamenn hafa verið að berjast fyrir bættum kjörum, þá hafa atvinnurekendur staðið á móti, og verkamenn hafa orðið að heyja harða baráttu og langa til að fá hagsmunamálum sínum framgengt. Það er leiðinlegt að heyra svona lagað frá manni, sem tekur að sér að mæla fyrir máli, *sem hann hefur aldrei unnið að, og mér þætti* gaman, að hann kæmi innan um þá fullorðnu menn, sem hafa dregið fram líf sitt 40—50 ár á verkamannavinnu, og segði við þá: Góðu, hagsmunir ykkar og vinnuveitendanna fara alltaf saman.

Ég vil nefna tvö dæmi til skýringar. Það eru tvö hagsmunamál verkalýðsins, sem hafa kostað harðasta baráttu, og annað þeirra kom inn í þingið. Það voru togaravökulögin og afnám næturvinnu við höfnina í Reykjavík. Ég er sannfærður um, að hver atvinnurekandi litur nú svo á, að þetta hafi verið hin mestu hagsmunamál fyrir þá. En það er oft ekki fyrr en eftir á, að menn skilja, hvað er þeim til hagsmuna. Þeir skilja það ekki fyrr en þeir reyna það. Hagsmunaástæðurnar eru svo margar, og atvinnurekendur sjá oft ekki hlut sinn.

Hv. 7. þm. Reykv. talaði mikið um, að hv. 11. landsk. hefði áður verið fylgjandi þessu máli, þegar hann var í Sjálfstfl. Hvað hefur gerzt? Það er það, að þegar hann fór að vinna fyrir verkalýðinn, þá fann hann, að annaðhvort varð hann að snúa baki við verkalýðnum eða Sjálfstfl. Hagsmunabaráttan er nú þannig, að það verður að velja milli verkalýðsins og Sjálfstfl. Síðast þegar við sömdum um launakjör, þá voru í samningan. 3 sjálfstæðismenn frá okkar hálfu. Þeir höfðu greinilega sama álit á málinu og við hinir. Svo belgir hv. þm. sig út á því, að það sé einhver frámunalegur glæpur að halda því fram af mönnum, sem vinna fyrir verkalýðinn, að hagsmunir hans og atvinnurekenda fari ekki saman. Það er staðreynd, að atvinnurekendur berjast til að borga sem minnst kaup, til þess að þeir fái sem mestan gróða. Þetta er rétt frá þeirra sjónarmiði, en þeir eiga að kannast við það. Verkamenn aftur á móti berjast fyrir að fá hærra kaup til að fá betri lífsafkomu. Þetta er staðreynd, sem er ómögulegt að hrekja. Þetta getur ekki öðruvísi verið. Menn eru einu sinni þannig gerðir, að þeir fórna ekki sínum eigin mat fyrir hina. *(JóhH:* Það er ekki hægt að fórna atvinnurekstrinum og atvinnunni um leið.) Ég hef unnið hér í Reykjavík milli 20 og 30 ár, og þetta hefur verið sagt í hvert einasta skipti, sem verkamenn hafa farið fram á kjarabætur, svo að þetta er ekki nýtt. En allt hefur komizt af hjá atvinnurekendum, og ég sé ekki betur en að hagur þeirra fari yfirleitt batnandi.

Þá er það þetta með kosningarnar í búnaðarfélögunum. Ég fylgist þar ekki svo vel með, en ég held, að þetta mál hafi einmitt verið borið undir búnaðarfélögin og meiri hluti þeirra hafi samþ. að ganga inn á það. Eru þetta lík vinnubrögð? Hér er komið með þetta mál, þó að enginn í verkalýðsfélögunum hafi imprað á að fá þessi ákvæði í l., heldur þvert á móti hafa verkalýðsfélögin samþ. kröftug mótmæli gegn þeim. Og svo segir hann, að þetta sé aukið lýðræði í verkalýðsfélögunum, þegar á að lögbjóða, að minni hlutinn skuli ráða.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það gæti verið rétt að samþ. ákvæði um fundarreglur eða kosningar í verkalýðsfélögunum. Ég hef verið starfandi í verkalýðsfélögum milli 20 og 30 ár, og í hvert skipti hefur það verið sameiginlegt áhugamál allra að hafa kosningafyrirkomulagið eins *fullkomið og hægt hefur verið, svo að það væri* sízt hægt að vefengja það. Við höfum stöðugt verið að leita að sem fullkomnustu og beztu formi. En ef farið er að lögbinda þessa hluti, þá er loku skotið fyrir, að hægt sé að fá í þá meiri fullkomnun. Sú hefur reynslan orðið um öll þau mál, sem Alþ. hefur þannig blandað sér inn í. Þess vegna kærum við okkur ekki um afskipti löggjafarvaldsins af þessum málum, því að þá er girt fyrir, að þar verði meiri fullkomnun. Það er mín skoðun, að við eigum að byggja upp frjálsan félagsskap. Ég er því hissa á, að heill stjórnmálaflokkur skuli fylkja sér um mál eins og þetta.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., 9. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv., 1. flm. þessa máls, lét þau orð falla í sinni ræðu, að honum væri í raun og veru sama, hvort þessu fyrirkomulagi, sem Sjálfstfl. hefur lagt hér til, að bundið yrði með l. frá Alþ., yrði komið á með l. frá Alþ. eða hvort þessu fyrirkomulagi væri komið á þannig, að verkalýðsfélögin kæmu sér saman um það sjálf. Ég er hræddur um, að hv. 7. þm. Reykv. yfirsjáist mjög alvarlega, þegar hann leggur þessar tvær aðferðir að jöfnu. Við getum deilt um og verið mjög mismunandi skoðunar um sjálft fyrirkomulagið, hlutfallskosningar innan verkalýðsfélaganna, og rætt um það bæði með og móti. En það er þetta tvennt, sem hv. þm. leggur að jöfnu: annars vegar það, að fyrirskipa þessum frjálsu samtökum stærstu stéttarinnar í landinu, hvers konar skipulag þau hafa hjá sér í þessum efnum, og hins vegar það, að verkamenn komi þessu skipulagi á hjá sér af frjálsum vilja. En það er líka þetta tvennt og mismunurinn á því, sem gerir mismun á kúgun og frelsi. Þetta gerir muninn á því, hvort verkamenn eru kúg-

aðir með utanaðkomandi valdi, og hinu, hvort þeir fá að ráða sér sjálfir í sínum félagasamtökum. Það er orðið harla einkennilegt mat á réttindum í þessu landi, þegar þetta tvennt er lagt að jöfnu. Svo framarlega sem meiri hlutinn í þessum samtökum verkamanna er sammála um að taka upp hlutfallskosningu í sínum félagsskap, þá er þetta þeirra réttur, sem samkv. stjskr. hafa rétt til þess að mynda félög í hvaða lögmætum tilgangi sem er og þá líka rétt til þess að ákveða, hvers konar kosningaaðferð þeir hafa innan sinna vébanda. Það er því undarlegt, að stærsti flokkur þingsins skuli sameinast um það að leggja til að beita þeirri aðferð að lögskipa um það, hvaða aðferð verkamenn eigi að hafa um kosningar innan sinna félaga. Og ég er hræddur um, að hv. 7. þm. Reykv. verði að gera sér góða grein fyrir því, hver gífurlegur munur er á þessu tvennu. Það er sitt hvað, að þessi flokkur, sem segir í blöðum stundum, að hann sé stærsti verkamannafl. landsins, berjist fyrir lögbindingu á þessu frá Alþ., og hitt, sem sá hv. flokkur ætti frekar að gera, ef hann vill eitthvað fá fram í málinu, að berjast fyrir því í blöðum að sannfæra verkamenn um það, að þetta skipulag, sem hér er talað um, sé rétt og heppilegt. Sjálfstfl. stendur opin leið til þess að fara þá leið. Alveg eins og þegar menn vilja fá launin lækkuð í landinu, þá stendur opin leið til þess að reyna að fá þá menn, sem þarf að fá til þess að lækka sín laun, til að samþ. það í sínum félögum, t. d., eins og oft er sagt, að fórna vegna dýrtíðarinnar með því að lækka launin. Það stendur hv. þm. opið. Hitt aftur á móti, að samþ. á Alþ., eins og gert var á síðasta vetri, annaðhvort að falsa þá vísitölu, sem verkamenn eiga að fá greidd laun eftir, eða takmarka þeirra rétt með l. til að gera kauphækkunarkröfur eða fyrirskipa þeim með l., hvaða laun þeir taka, það er kúgun. Og mér þykir undarlegt, að hjá stærsta stjórnmálafl. í landinu skuli þessum tveimur aðferðum vera blandað saman, eins og hv. 7. þm. Reykv. gerði.

Það hefur stundum verið undarlegt kosningafyrirkomulag í verkalýðssamtökunum á Íslandi. T. d. var það svo um eitt skeið í Alþýðusambandinu, að ekki mátti kjósa fulltrúa á alþýðusambandsþing aðra menn en tilheyrðu ákveðnum pólitískum flokki. Mjög margir menn innan verkalýðssamtakanna álitu þetta fyrirkomulag rangt og óréttlátt. Meðal þeirra voru margir, sem nú fylgja Sósfl. Hins vegar man ég ekki eftir, að nokkurn tíma kæmi fram á Alþ. af þeim sökum frv. um að breyta þessu skipulagi hjá Alþýðusambandinu með lögum frá Alþ. — og var þó einmitt Sjálfstfl. sá flokkur, sem lengi vel, eins og hv. 1. flm. tók fram, var að berjast fyrir því að setja löggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur, vinnulöggjöfina, sem kölluð er, þar sem vissar ákveðnar aðferðir eru markaðar innan verkalýðssamtakanna. En það komu þá aldrei fram till. um að breyta kosningafyrirkomulaginu í Alþýðusambandinu með l. frá Alþ. En þeir, sem voru andvígir þessu fyrirkomulagi hjá Alþýðusambandinu, létu sér nægja þá aðferð að reyna að vinna sinni skoðun fylgi í verkalýðsfélögum landsins, hjá almenningsálitinu, þangað til þessu fengist breytt af verkalýðssamtökunum sjálfum. Þeir kusu að fara þá leið að sannfæra menn um það rétta í þessum efnum, en ekki grípa til valdboðsins frá hálfu Alþ. Og Sjálfstfl. stendur líka þessi leið opin nú viðvíkjandi hlutfallskosningum í verkalýðsfélögum í landinu, og það er engin afsökun til fyrir Sjálfstfl. að fara ekki þá leið. Þar er ekki nokkur afsökun til. Þetta, sem þarna er um að ræða í þessu frv., er af öðrum toga spunnið en þeim, að þarna sé hugsað um hag verkamannanna sjálfra og að bera fyrir brjósti þeirra réttindi. Ef um það hefði verið að ræða, þá hefði Sjálfstfl. áreiðanlega verið búinn að koma till. um þetta og jafnvel ályktunum um þetta kosningafyrirkomulag fram í launþegasamtökum á landinu þar, sem Sjálfstfl. er mjög sterkur.

Hv. 7. þm. Reykv. kom að því sérstaklega í einni af sínum ræðum, að það væri mjög rönng kenning, að hagsmunir verkamanna og atvinnurekenda ræktjust á og væru andstæðir hvorir öðrum, og að það væri hin háskalegasta villukenning, eins og öll kenningin um stéttabaráttuna. Og þegar annar hv. þm. ræddi við hann um það mál, skaut hann því fram í, að hægt væri að setja atvinnureksturinn á hausinn með of háum kaupkröfum. Skildist mér hann eiga við það, að verkamenn hefðu reynzt óbilgjarnir í sínum kröfum upp á síðkastið. Nú vil ég minna hv. 7. þm. Reykv. á það, þegar hann ræðir um þessa hluti og afstöðu Sjálfstfl., að Sjálfstfl. hefur nú síðustu 10 árin þrisvar gripið til þess að samþ. l., sem svipta verkamenn þeirra rétti viðvíkjandi kaupgjaldi, sem þeir hafa, og rétti til frjálsra samninga við atvinnurekendur. Þetta var gert 1939, 1942 og nú síðast 1947. Hefur Sjálfstfl. verið að gera þetta fyrir verkamenn? Eða hefur hann verið þar að hugsa um hagsmuni verkamanna? Og í tvö af þessum skiptum hefur hann gert þetta á einum hinum mestu uppgangstímum, sem yfir Ísland hafa komið. Sjálfstfl. hefur reynt að beita valdi til þess að skerða kaup verkamanna, á sama tíma sem auðmannastéttin á Íslandi, sem var nærri gjaldþrota fyrir stríð, hefur hrúgað saman slíkum fjármunum, að um 200 menn í Reykjavík eiga um 500 millj. kr. í skuldlausum eignum. Sem sé, þegar auðmannastéttin í Reykjavík hefur grætt meira en nokkru sinni fyrr í sögu landsins, hefur Sjálfstfl. séð sérstaka ástæðu til þess að reyna að hindra verkamenn í því að bæta sín kjör. Og ef þessi flokkur hefði haft ráð til, þá hefði hann reynt að hindra það, að verkamenn gætu hækkað sitt kaup á stríðsárunum. Bendir þetta á, að Sjálfstfl. hafi álitið, að hagsmunir verkamanna og atvinnurekenda færu saman? Ég held, þvert á móti, að þessi flokkur hafi heldur ætlað að beita öllu því valdi, sem hann hafði yfir að ráða, og ríkisvaldinu líka, til þess að hindra verkamenn í að bæta sín kjör, þegar þjóðin loksins hafði svo miklar tekjur, að hún hafði fullkomlega efni á því að veita þeim betri kjör en áður. Ég er hræddur um, að Sjálfstfl. hafi sannað með sinni eigin framkomu, að hagsmunir þessara tveggja stétta rákust þarna hrottalega á, og að hann leit á það sem sitt hlutverk að skakka leikinn þannig, að gróði atvinnurekenda yrði meiri, en verkamenn gætu búið við jafnslæm kjör og áður. Hitt er svo annað mál, að Sjálfstfl. hefur

ekki haldizt uppi að framkvæma þessa pólitík. Hann fór einmitt með stjórn í landinu, þegar gerðardómsl. voru sett, og hann fór með stjórnina í landinu, þegar þau voru aftur afnumin, þegar það sýndi sig, að verkamannastéttin í landinu var of sterk til þess, að hægt væri að beita hana slíkum tökum. Og það er kannske þess vegna, sem hv. 7. þm. Reykv. er orðinn nokkuð gleyminn á afstöðu þess flokks, sem hann fylgir, til þessara mála. Sjálfstfl. hefur kynnzt því á síðustu 6 árum sérstaklega, að verkamannastéttin á Íslandi hefur verið of sterk, til þess að hægt væri að bjóða henni þau kúgunarkjör, sem menn höfðu látið sér detta í hug, að hægt væri að fyrirskipa henni með l. Og þess vegna hefur Sjálfstfl. á þessum tíma og atvinnurekendur á þessum tíma hvað eftir annað látið undan réttmætum kröfum launþeganna. En ef þetta væri nú orðið svo fast í hv. 7. þm. Reykv., að hann tryði því, að hagsmunir verkamanna og atvinnurekenda fari saman, þá dettur mér í hug, að e. t. v. væri rétt að minna hann á, að öðruvísi var ástandið í Sjálfstfl., meðan hann hafði ekki gert sér grein fyrir því, að verkalýðurinn væri orðinn þetta sterkur. Einu sinni þurftu verkamenn í Reykjavík á þessu að halda, að Sjálfstfl. skildi, að e. t. v. væri gróði fyrir atvinnurekendur að sýna, að þeir hefðu einhverja tilfinningu fyrir þeim kjörum, sem verkamenn byggju við. Það hefur ekki verið alltaf sá tími fyrir verkamenn eins og síðustu átta árin, að þeir hafi haft tiltölulega góða atvinnu og gott kaup. Þeir hafa líka átt við það að búa áður fyrr að hafa ekki atvinnu nema þriðja hvern dag að meðaltali og að búa við lægsta kaup. Þá hafði Sjálfstfl. aðstöðu til þess að sýna sinn hugsunarhátt, hvernig hann hugsaði um það atriði, hvort hagsmunir atvinnurekenda og verkamanna færu saman, til að sýna, að hann bæri hag allra stétta fyrir brjósti, eins og sá flokkur hefur stært sig af. E. t. v. man hv. 7. þm. Reykv. ekki eftir þeim tíma. Það voru tímar, þegar verkamenn urðu að draga fram lífið af því að vinna m. a. við klakahögg, til þess að tekjur þeirra væru ekki reiknaðar sem sveitarstyrkur, og höfðu atvinnu þriðju hverja viku. Þá fékk bæjarstjórnin í Reykjavík fyrirskipun frá miðstjórn Sjálfstfl. um, að bæjarstjórnin í Reykjavík skyldi lækka kaup í atvinnubótavinnunni (klakahögginu m. a.) um einn þriðja hluta, til þess að hefja þannig launalækkunarherferð gagnvart verkamönnum. Stéttarafstaða Sjálfstfl. sýndi sig bezt þá, eins og hún hefur oft sýnt sig. Þegar verkamenn voru veikir fyrir, gekk Sjálfstfl. fram fyrir skjöldu til þess að nota sér neyð þeirra. Það er til lítils að prédika það, að Sjálfstfl. hugsi jafnt um allar stéttir. Ef hv. 7. þm. Reykv. vill betra kosningaskipulag og meira réttlæti í þessum efnum, þá er ég hræddur um, að hann verði fyrst og fremst að bera niður annars staðar. Hví ekki að athuga þau samtök, sem fésýslumenn hafa, og t. d. Eimskipafélag Íslands? Mætti ekki tryggja lýðræðið í slíkum félögum, svo að réttur minni hlutans sé ekki fyrir borð borinn? Hv. þm. veit eins vel og ég, hvernig þessu er farið hvað Eimskipafélagið snertir. Á undan hverjum aðalfundi er haldinn leynilegur aðalfundur, þar sem stærstu hluthafarnir ákveða, hverjir skuli kosnir í stjórn. Hér er því um eins konar samsærisaðferð að ræða, sem ekki er haft hátt um, þegar tryggja á þessu „óskabarni þjóðarinnar" skattfrelsi og friðindi. Ef taka á til athugunar samtök alþýðunnar, þá er sjálfsagt að athuga líka samtök fésýslumannanna. Það er ekki bara innan hlutafélaganna, sem ekki bólar á lýðræðisást og löngun til þess að vernda minni hlutann. Sama er að segja um verzlunarráðið og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, þar sem þorskarnir hafa atkvæðisrétt. Það er bezt fyrir sjálfstæðismenn að byrja þar, sem þeir sjálfir ráða. Þá væri hægt að ræða við þá og taka þá alvarlega. Þá eru það atvinnurekendafélögin, en samkvæmt þessu frv. Sjálfstfl. er ekki gert ráð fyrir hlutfallskosningum í þeim, heldur aðeins í félögum launþega. Í atvinnurekendafélögunum eru það peningarnir, sem hafa atkvæðisrétt, því að hann fer eftir því, hvað atvinnurekendur borga út í vinnulaun. Þar eru það því stóratvinnurekendur, sem ráða öllu og geta sett þá minni á hausinn með vinnudeilum og síðan keypt fyrirtæki þeirra. Ætli það væri ekki vert að athuga, hvort ekki þurfi að vernda rétt minni hlutans í slíkum félögum? Hv. aðalflm., sem sagði, að lýðræðið í verkalýðsfélögunum væri skrípaleikur, ætti að taka til nánari athugunar lýðræðið í þeim félögum, sem Sjálfstfl. ræður yfir.

Hv. 4. þm. Reykv. minntist á það, að þótt hann væri á móti frv., gæti komið til mála að setja frekari reglur varðandi verkalýðsfélögin. Vissulega hefðu verkalýðsfélögin áhuga á því, að margt fleira væri bundið í l. en nú er, t. d. varðandi sölu á eignum verkalýðsfélaganna. Það kynni að verða deilumál, og má ræða þetta betur, þegar séð er, hvað við er átt.

En ef lögbjóða á hlutfallskosningar í verkalýðsfélögunum, hvað þá um stjórnmálaflokkana? Vill ekki hv. 7. þm. Reykv. koma með frv. um að lögbjóða hlutfallskosningar í þeim? Í þeim er ekki allt samþ. einróma, og í Sjálfstfl. þurfti við síðustu uppstillingu til þings að beita sérstöku drengskaparbragði til þess, að Sjálfstfl. kæmi ekki fram klofinn. Einingin er ekki alger.

Það fer ekki hjá því, að menn snúist gegn því, að réttur þeirra samkv. stjskr. til að mynda með sér frjáls samtök verði takmarkaður með l. Það er líka því minni ástæða til þess að taka þetta frv. alvarlega, þar sem sjálfstæðismenn hafa ekki komið með neinar till. í þessa átt í þeim launþegasamtökum, sem þeir ráða yfir, eins og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasambandinu og í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur, sem hefur haft þá sérstöku afstöðu að halda niðri kaupi meðlima sinna. En í þeim launþegasamtökum, þar sem sjálfstæðismenn hafa haft valdið, hefur ást þeirra á lýðræðinu ekki einu sinni leitt til þess, að þeir bæru fram till. um að tryggja rétt minni hlutans, hvað þá heldur komið slíku í framkvæmd. Það virðist því ekki vera mikil alvara bak við þennan málflutning þeirra hér, og manni verður á að halda, að hann sé ekki annað en tóm hræsni. Sjálfstæðismenn vilja, að lögbundið verði, að skylt sé að hafa hlutfallskosningar í verkalýðsfélögunum, ef 20% af meðlimum þeirra óska þess. En ef 20% félagsmanna mæta á fundi

og krefjast hlutfallskosninga, mundi það geta þokað slíku máli langt fram. Í Dagsbrún yrðu það um 600 manns, og það er svo stór hluti félagsmanna, að ætla má, að málið yrði samþ. En það er upplýst, að Sjálfstfl. hefur aldrei borið fram neina till. í þessa átt, þótt ætla megi, að hún yrði samþ., ef 20% meðlimanna væru henni fylgjandi. Sjálfstfl. vill ekki taka á sig þá fyrirhöfn að sannfæra verkamenn um þetta, heldur þykir þægilegra að binda þetta með l. Síðan á að kalla á svona og svona marga niður á bæjarskrifstofur, eða niður á skrifstofu Sjálfstfl. til þess að láta þá undirskrifa kröfu um hlutfallskosningu. Ástandið verður þá svipað. eins og áður, þegar menn þurftu að vera meðlimir í Óðni til þess að fá atvinnu. Flokksvald Sjálfstfl. verður svo mikið, að þeir geta beitt atvinnuþvingun til þess að fá menn til að skrifa undir, þótt þeir treysti sér ekki til að bera slíkar till. fram á fundi og berjast fyrir þeim þar. Það á m. ö. o. að reyna að skapa Sjálfstfl. þá aðstöðu, að hann geti beitt kúgunaraðferðum og „apparat" flokksins náð áhrifum, sem það treystir sér ekki til að ná með frjálsum hætti.

Slagorðin um, að hagsmunir atvinnurekenda og verkamanna fari saman, þýðir ekki að „tromma upp" með á Alþ., öll framkoma Sjálfstfl. hefur sýnt, að hann ber ekki hagsmuni verkalýðsins fyrir brjósti. Tilgangurinn með þessu frv. er sá sami og með gerðardómslögunum: að veikja samtök launþeganna.

Flm. (Jóhann Hafstein): Þetta mál var hér á dagskrá í gær, en var tekið út af dagskrá samkvæmt ósk hv. 2. þm. Reykv. Ég verð að segja, eftir þessa ræðu hans, að mér virðist sem það hafi ekki skipt miklu máli, en ég skal þó víkja að nokkrum atriðum í ræðu hans.

Ég vil byrja á því að segja, að mér fannst hv. þm. förlast rökfimin í síðari hluta ræðu sinnar. Hann vildi halda því fram, að sjálfstæðismenn vildu fá þetta gert að l. til þess, að þeir fengju aðstöðu til þess að kúga verkamenn til þess að skrifa undir kröfur um hlutfallskosningar. En samtímis hélt hann því fram, að 20% væri svo stór hluti meðlimanna, að málið mundi ná fram að ganga með frjálsu móti, ef svo margir væru því fylgjandi. Ef svo er, hverju skiptir þá löggjöfin? Allur þessi vefur hans var til þess eins ætlaður að skapa tortryggni í garð Sjálfstfl. og skiptir í sjálfu sér ekki miklu máli. Það er hins vegar ánægjulegt að hafa orð hv. þm. fyrir því, að þetta muni verða tekið til greina. Sá tími getur komið, að ástæða verði til þess að minna hv. þm. á þessa yfirlýsingu. Loks er vert að minna hv. þm. á það í sambandi við tal hans um kúgun í þessu sambandi, að meiningin með frv. er ekki sú, að þessi 20% eigi að ráða viðkomandi félagi, heldur hafa þar áhrif í hlutfalli við atkvæðamagn sitt.

Í upphafi ræðu sinnar vék hann að því, að ég hefði sagt, að ekki skipti máli frá mínu sjónarmiði, hvort þetta fyrirkomulag kosninganna fengist fram með frjálsu samkomulagi eða með l. frá Alþ. En það, sem ég sagði, var, að ég teldi fullnægt efni og tilgangi þessa frv., sem hér liggur fyrir, ef hlutfallskosningum yrði komið á af frjálsum vilja í félögunum, án þess að löggjöf frá Alþ. stæði á bak við. Annars var dálítið gaman að hlusta á þann part ræðu þessa hv. þm., þar sem hann var að tala út frá þessum hugleiðingum, að hér skildi á milli kúgunar og frelsis, hvort löggjöf ætti að standa á bak við þetta eða ekki. Hann hefur leikið áður þennan leik hér í þingsölunum, að koma fram sem einhver forsvarsmaður frelsisins í hinum ýmsu myndum þess. En þar, sem flokkar á borð við flokk þessa hv. þm. ráða, þar er gersamlega strikað yfir allt, sem heitir frelsi fyrir verkamenn um að hafa frjáls samtök og ráða afstöðu sinni til mála. Og kosningarrétturinn er útþurrkaður þar, sem flokksmenn þessa hv. þm. ráða annars staðar. Og sama mundi eiga sér stað hér á landi, ef þessi hv. þm. og flokksmenn hans næðu völdum hér á landi. Þá mundi frelsi fyrir einstaklinga yfirleitt í landinu, ekki aðeins fyrir verkamenn innan verkalýðssamtakanna, heldur fyrir borgarana yfirleitt, verða út þurrkað. — Þessi hv. þm. vék að því, að það ætti að sannfæra verkamenn um gildi hlutfallskosninga í verkalýðsfélögum og koma þeim þannig á þar. Þetta eru út af fyrir sig rök. En sannleikurinn er sá, að við nánari athugun þá er skipulag verkalýðssamtakanna á þann hátt, að það er mjög erfitt fyrir minni hluta þar að fá málum sínum framgengt. Ég er því miður ekki með lög Alþýðusambandsins og get því ekki rakið þetta nákvæmlega. En það eru sett upp í þessum félögum trúnaðarráð og alls konar ráð og nefndir, sem í raun og veru alveg ráða innan verkalýðssamtakanna. Þessi ráð og nefndir stilla upp listum og ráða úrslitum um mál. Og ef málamyndafundur hefur verið haldinn af Eimskipafélagi Ísl. í Oddfellowhúsinu, þá hafa áreiðanlega verið margir málamyndafundir haldnir af Sósfl. til að samþ. það, sem þessi ráð og n. hafa ákveðið. *(EOl:* Viðurkennir hv. þm., að það hafi verið málamyndafundur hjá Eimskipafél.?) Ég hef aldrei vitað til þess, að slíkir málamyndafundir hafi verið haldnir af Eimskipafél. í Oddfellowhúsinu. En ég sagði, að ef málamyndafundir hefðu verið þar haldnir, þá eru kannske fleiri málamyndafundir haldnir annars staðar. — Nú, það átti að berjast fyrir þessum hlutfallskosningum á frjálsum vettvangi, sagði hv. þm., og ekki átti að hans áliti að vera ástæða fyrir Sjálfstfl. að leggja fram frv. á Alþ. um slíkt. Og þessi hv. þm. sagði, að ekki hefði legið frammi frv. um slíkt áður. En árið 1938 bar þáverandi hv. þm. Hafnf., Bjarni Snæbjörnsson, fram á Alþ. frv. um breyt. á skipulagi verkalýðssamtakanna, þar sem m. a. var sett fram krafa um hlutfallskosningar, nákvæmlega á sama hátt og hér er um að ræða. Önnur ákvæði þessa frv., sem ekki náði fram að ganga, höfðu þau áhrif að þvinga fram að efni til það, sem sett var fram í þeim ákvæðum frv., svo að við höfum einmitt dæmi til þess, að áður hafa verið flutt fram hér á Alþ. ákvæði í frv.-formi um hlutfallskosningar og um ýmsar aðrar breyt. í verkalýðsfélögunum, sem hafa haft sín fullu áhrif, enda þótt þessi frv. hafi ekki verið samþ. sem l. á Alþ. Og það er með þetta í huga, að ég hef látið mér um munn fara, að í sjálfu sér legði ég ekki fyrst og fremst áherzlu á að lögskipa þetta kosningafyrirkomu-

lag í þessum félögum, ef efni frv. eða tilgangi yrði náð á annan hátt.

Að öðru leyti var þessi ræða hv. þm. sniðin við það að flytja hér fallega verkalýðsræðu, sem hann er manna leiknastur í eftir margra ára reynslu. Og í framhaldi af því sagði svo hv. þm., að Sjálfstfl. hefði nú verið lítill verkalýðsvinur fram að þessu og ætti því ekki að skipta sér af málefnum, sem verkalýðinn varða sérstaklega. Hann talaði um, að Sjálfstfl. hefði tvisvar eða þrisvar viljað lækka laun verkamanna og gert þetta og hitt, sem hann taldi, til þess að níðast á verkalýðnum, og viljað nota sér neyð verkamanna til þess að lækka kaupið. Svona slagorð eins og þetta getur maður látið sér í léttu rúmi liggja. En hann minntist alveg sérstaklega á eitt tilvik í þessu sambandi, sem voru gerðardómsl., sem sett voru til þess að lögbinda kaup, „svipta verkamenn", eins og hann sagði, „rétti til þess að ákveða kaupgjaldið". Og þetta var tekið fram í sambandi við það, sem áður var um deilt hér á hæstv. Alþ., hvort hagur verkamanna og atvinnurekenda færi aldrei saman. Og ég fullvissa hv. 2. þm. Reykv. um það, að einmitt slík löggjöf, sem Sjálfstfl. stóð að, byggðist á þeirri skoðun hans, að það væri í þessu tilfelli sameiginlegt hagsmunamál verkamanna og atvinnurekenda og þjóðfélagsheildarinnar að grípa til þeirrar lögbindingar, sem þarna var um að ræða, því að þar var um að ræða ákveðna hlið á lausn dýrtíðarmálanna, að stemma stigu fyrir verðbólgu í landinu. Og það liggur ekki fyrir enn, hversu mikill vinningur verkafólkinu hefur orðið að kauphækkuninni í krónutölu, á sama tíma sem verðlagið hefur stigið ört í landinu. Og þar af leiðandi náði ekki kauphækkunin að krónutölu því, að kauphækkunin yrði raunveruleg fyrir verkamenn frá því, sem áður var. Og er þetta eitt erfiðasta vandamál okkar Íslendinga í dag, dýrtíðarmálið, það, hve erfiðlega Íslendingum gengur að vera samkeppnisfærir við aðrar þjóðir vegna hins háa verðlags í landinu. Þetta mundi horfa öðruvísi við, ef stöðvun sú á dýrtíðinni, sem ráðgerð var í gerðardómsl., hefði náð að verða að veruleika. Og hv. 2. þm. Reykv. hefur ekki með ræðu sinni sannað, að verkamönnum hafi verið að því gróði einvörðungu, að kaup þeirra hækkaði að krónutölu. Þeir fengu háa krónutölu, meðan ástandið var og hefur verið svo í okkar þjóðfélagi, að um leið og kaupið hækkaði, hækkuðu í verði samhliða þær vörur, sem verkamenn þurftu að kaupa fyrir vinnu sína. Þess vegna var ekki kaupbindingin í gerðardómsl. gerð í þeim tilgangi að níðast á verkamönnum, heldur af því, að hún var talin eins mikil nauðsyn vegna verkamanna eins og annarra stétta í þjóðfélaginu. Að segja, að með þessu hafi átt að níðast á verkamönnum, er ekkert nema slagorð. En tilraunir Sjálfstfl. hafa fremur verið til að samræma hagsmuni stéttanna og stuðla að frekari sátt og samlyndi milli stétta heldur en að stofna til úlfúðar, eins og kommúnistar hins vegar vilja gera. Og kjósendur í landinu hafa tekið sína afstöðu til þessarar stefnu Sjálfstfl. Og gildi þeirrar stefnu fyrir þjóðfélagið rýrnar ekkert fyrir það, þó hv. 2. þm. Reykv. vildi kalla það nazisma, eins og hann gerði á fyrra stigi þessa máls.

Varðandi það, að Sjálfstfl. bæri að beita sér fyrir því, að hlutfallskosning yrði tekin upp í Eimskipafélagi Íslands og Vinnuveitendafélagi Íslands o. fl. félögum, vil ég segja það, að ef eins mikil þörf er á því að hafa þær þar, ætti þessi hv. þm. að beita sér fyrir því, og það ætti ekki að standa á okkur hinum að standa með þeim lýðræðiskröfum.

Það kom fram í ræðu hv. 8. þm. Reykv., að þegar hlutfallskosningar voru innleiddar í búnaðarfélögunum 1936 með l., mundi það hafa verið gert í samráði við búnaðarfélögin. Ég hef ekki fundið það í Alþt. frá þeim tíma, að þetta hafi verið gert. Og ég hygg, að það sé á misskilningi byggt hjá hv. þm., eftir upplýsingum, sem ég hef fengið annars staðar frá, enda fullyrti hv. þm. þetta ekki, heldur vék aðeins að því.

Loks var svo það atriði í ræðu hv. 4. þm. Reykv., að hann taldi fulla ástæðu til að athuga, hvort ekki ætti að setja lög um ýmiss konar skipulagsform innan verkalýðssamtakanna, samvinnufélaganna og slíkra samtaka í landinu, svo sem um fundarsköp, fundarreglur, kosningafyrirkomulag og annað slíkt. Ég vil nú segja, að þegar hann er þessarar skoðunar, þá er ekki eðlismunur á milli skoðana hans í þessum efnum annars vegar og skoðana okkar hins vegar, sem flytjum þetta frv. um hlutfallskosningar, heldur aðeins stigmunur um það, hvaða álit menn hafa um það, hvaða reglur eigi að lögbjóða varðandi skipulag innan þessara samtaka. Við höfum því, hvað eðli málsins við kemur, róið á sama bátnum, þó að nokkuð hafi sletzt upp á náungakærleikann að öðru leyti um þetta mál milli mín og hv. sessunautar míns, hv. 4. þm. Reykv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þegar hv. 7. þm. Reykv. í síðari ræðu sinni um daginn gerði tilraun til þess að andmæla rökum mínum gegn því frv., sem hér er til umr., vék hann að því, að Alþfl. hefði verið því fylgjandi 1936, að hlutfallskosningar yrðu lögskipaðar í búnaðarfélögunum. Og mátti jafnvel skilja ummæli hans þannig — hvort sem það var hjá honum viljandi eða óviljandi gert —, að hlutfallskosningar væru lögskipaðar enn í búnaðarfélögunum. Ég var á því stigi málsins ekki reiðubúinn til þess að segja nokkuð um þetta frekar, — enda tæplega við því að búast, þar sem ég hef tiltölulega nýlega tekið sæti á Alþ., að ég sé kunnugur meðferð þingmála fyrir 10—15 árum. Síðan hef ég kynnt mér þetta mál. Og ég undrast lánleysi hv. 7. þm. Reykv. að hafa vakið máls á þessu atriði hér. Það er rétt, að þegar nýju jarðræktarl. voru sett 1936, voru fyrir forgöngu Framsfl. tekin upp í þau ákvæði, sem gerðu ráð fyrir hlutfallskosningum til búnaðarþings. Jarðræktarl. voru sett fyrir forgöngu Framsfl., en ekki Alþfl., þó að Alþfl. fylgdi því frv. Og ákvæðin um hlutfallskosningar í búnaðarfélögunum voru sett að tilhlutun Framsfl., enda var 1. flm. þess frv. hv. 1. þm. Árn. En hverjir voru með frv. og móti og þ. á m. þeim ákvæðum um hlutfallskosningu til búnaðarþings, sem þar voru upp tekin? Sjálfstfl. barðist gegn setningu jarðræktarl. og ekki sízt gegn þeim ákvæðum þeirra, að skylt skyldi að viðhafa hlutfallskosningar til búnaðarþings.

Og nú ætla ég að lofa hv. 7. þm. Reykv. og öðrum hv. þm. að heyra nokkuð af þeim rökum, sem þá voru flutt af Sjálfstfl.-þm. gegn því að lögskipa hlutfallskosningu til búnaðarþings og í frjálsum félagasamtökum yfir höfuð að tala. Hér segir t. d. hv. þm. A-Húnv. við 1. umr. málsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá vil ég snúa mér að skipun búnaðarþinganna, sem hv. síðasti ræðumaður hefur drepið svo rækilega á, að ég þarf ekki að fara langt út í það, enda kemur það út af fyrir sig ekki beinlínis þessu máli við, en hitt kemur málinu við, að hér skuli vera gerð tilraun til þess að brjótast með löggjöf inn á einkasvið félagsskapar, sem á að vera óháður og ráða sínum málum sjálfur. Hér er með öðrum orðum verið að beita aðferð, sem ég vil mótmæla harðlega í þessu sambandi, því að samkv. þessu frv. er það gert að skilyrði fyrir styrkveitingu samkv. jarðræktarlögunum, að það sé einhver ákveðin skipun á öllum búnaðarfélagsskapnum í landinu. Ef hér væri rétt farið að af hálfu þeirra, sem vilja breyta þessu skipulagi, þá stendur sú leið vitanlega opin að semja frv. og till. og „agitera" fyrir þeim á eðlilegum vettvangi, sem er búnaðarsamböndin og búnaðarþingin. Á þeim vettvangi skyldi ég ræða um þessi mál við þá, en ég skal náttúrlega ekki um það segja, að hve miklu leyti ég gæti orðið þeim samdóma um breyt. frá því, sem nú er. Aðalatriðið í þessu sambandi er það, að hér er verið að útrýma félagsfrelsi íslenzkra bænda. Þessu mótmæli ég harðlega, og ég mun aldrei hér á þingi ganga inn á neina miðlun í þessu efni. Það var skiljanlegt, að hv. flm. þessa máls væri fús til þess að taka það að sér að vinna að þeim breyt., sem farið er fram á í þessu sambandi, því að hann er kunnur að því að hafa undanfarin ár staðið við hlið þeirra manna í þessari deilu, sem vilja draga sem mest úr frelsi búnaðarfélagsskaparins, en láta ríkisvaldið ná tökunum."

Þessi orð þarfnast engra frekari skýringa. — Annar merkur þm. Sjálfstfl., hv. þm. Borgf. (PO), sagði við þetta tækifæri um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta: „Ég held, að það sé engin þörf á því að skipa þessu á þennan hátt með lögum, því ef bændur telja sjálfir, að þeir komist á þennan hátt í lífrænna samband við Búnaðarfél. en ella, þá geta þeir sjálfir sett sér þau lög og tekið upp þetta fyrirkomulag. Það er þeirra einkamál."

Og enn skal ég vísa í hinn þriðja hv. þm. Sjálfstfl., hv. 2. þm. Skagf. (JS). Hann segir: „En ég skal játa, að þetta út af fyrir sig er ekki neitt aðalatriði í þessu máli." Hann hefur áður verið að ræða um kosninguna og galla hlutfallskosningafyrirkomulagsins. „Aðalatriðið er það, að hvergi liggja fyrir óskir frá bændum um, að þessu kosningafyrirkomulagi sé breytt. Ég hef alls ekki orðið var við, að þetta væri orðað, ekki einu sinni á landsfundum bænda, en hv. flm. vitnaði mjög í það, að landssamband bænda hefði verið stofnað af því, að menn hefðu verið óánægðir með kosningafyrirkomulag Búnaðarfélags Íslands."

Og með leyfi hæstv. forseta skal ég lesa hér nokkur orð úr annarri ræðu hv. þm. A-Húnv.: „Þá vildi hv. þm. Mýr. halda því fram, að félagið væri algerlega frjálst fyrir þessari löggjöf um sín sérmál, það hefði óskert frjálsræði í þeim málum, sem þessi félagsskapur byggist á. Þetta er algerður misskilningur, og furða, að maður, sem er í stjórn Búnaðarfélags Íslands, skuli halda slíku fram jafnframt því, sem hann mælir fram með frv., sem felur í sér bein fyrirmæli um það frá hálfu hins opinbera, hvernig kosningatilhögun öll á að vera í þeim félagsskap, sem hér um ræðir. Hér er stefnt að því að fyrirskipa um þetta atriði með jarðræktarl., sem alltaf áður hefur heyrt undir samþykktir bænda, sem sé á búnaðarþingi. Þetta er það stóra atriði, sem hlýtur að vera ágreiningur um, og frá mínu sjónarmiði stórt ágreiningsatriði í þessu sambandi, því að ég tel, að með þessu sé verið að skerða félagsfrelsið mjög óviðurkvæmilega hjá þessu félagi umfram það, sem með nokkru móti má teljast heppilegt."

Ég held, að ekki sé hægt að gefa hv. 7. þm. Reykv. öllu rækilegar inn heldur en þessir þrír hv. samflokksmenn hans hafa gert í þessum ágætu ræðum, sem þeir fluttu fyrir tólf árum, því að þessi rök, sem þeir benda á og byggja á afstöðu sína gegn því að lögskipa vissa kosningaaðferð í frjálsum félagasamtökum, eru nákvæmlega hin sömu og þau, sem haldið er nú fram hér í hv. d., m. a. af mér, sem sé að það séu óeðlileg og óviðurkvæmileg afskipti af innri málum frjálsra félagasamtaka í landinu, sem hér er lagt til í þessu frv., sem fyrir liggur. Og ég tel, að sérstaklega séu þessi afskipti óviðurkvæmileg vegna þess, að alls engar raddir hafa heyrzt frá félagasamtökunum í landinu um það, að breyt. sú væri æskileg, sem hér er gert ráð fyrir. En á það hefur verið bent skýrt og greinilega hér, að frá engu verkalýðsfélagi hefur heyrzt nokkur rödd um það, að æskilegt sé að breyta á þennan hátt kosningafyrirkomulaginu í félögunum. Ég minnist þess jafnvel ekki, að nokkur verkamaður hafi skrifað um þetta í Morgunbl. *(JóhH:* Hvaða minnisleysi er þetta?)

Hvað því viðvíkur, sem er rétt, að Alþfl. á sínum tíma greiddi þessu jarðræktarlagafrv. atkv., þó að í því væru fyrirmæli um hlutfallskosningar til búnaðarþings, þá er það að segja, að ástæðurnar til þess, að Alþfl. féllst á þessi ákvæði 1936, voru þær í fyrsta lagi, að Búnaðarfél. Ísl. er stofnun, sem beinlínis er kostuð af ríkinu og á að annast fyrir ríkið ákveðin verkefni. Og má segja, að þá væri nokkur ástæða til þess, að ríkisvaldið vildi hafa afskipti af innri málum þessa félagsskapar, sem þarna var um að ræða. En það er augljóst mál, að öll tengsl milli ríkisvaldsins og verkalýðsfélagsskaparins eru ekki svipuð tengslunum milli búnaðarfélagsskaparins og ríkisvaldsins. Ekkert er af ríkisins hálfu greitt í sjóði verkalýðsfélaganna, og verkalýðsfélögin hafa engin verkefni með höndum fyrir hönd ríkisvaldsins, eins og Búnaðarfél. Íslands hefur. En Alþfl. var samt sem áður ekki ljúft að fylgja þessu ákvæði. Hann fylgdi þessu frv. af öðrum ástæðum en þessu.

Og hvert er svo framhaldið af þessari löggjöf? Það var ekki aðeins við þetta tækifæri, sem sjálfstæðismenn börðust gegn þessu ákvæði jarðræktarlaganna. Þessi barátta hélt áfram. Ár eftir ár var imprað á því, að þessi ákvæði um

hlutfallskosningar í lögunum væru ranglát og óeðlileg. Þessi barátta hélt áfram. Ár eftir ár var imprað á því, að þessi ákvæði um hlutfallskosningar í lögunum væru ranglát og óeðlileg. Og þessari baráttu Sjálfstfl. lauk með sigri, því að 1942 var jarðræktarlögunum breytt og þessi ákvæði um hlutfallskosningu til búnaðarþings afnumin. M. ö. o., eftir sex ára baráttu *gegn lagaákvæðum frá Alþ. um hlutfallskosningar* í frjálsum félagasamtökum tókst Sjálfstfl. að fá því framgengt, að lagaákvæði þessi voru afnumin. — En svo skeður það undarlega, að ekki líða nema önnur sex ár þangað til Sjálfstfl. er svo óheppinn að hafa eignazt nýjan leiðtoga í þessari hv. þd., sem tekur að sér að hefja upp *mikla baráttu fyrir hlutfallskosningum* í öðrum frjálsum félagsskap, sem enn síður er ástæða til að lögskipa hlutfallskosningar í en í búnaðarfélagsskapnum á sínum tíma. Vissulega er þetta ekki gæfumerki fyrir hv. 1. flm. þessa máls. Og í ljósi þeirra staðreynda, sem ég hef nú lýst, getur ekki hjá því farið, að málflutningur hv. 7. þm. Reykv. — sem hér, af eðlilegum ástæðum, hefur verið látinn róa einn á báti — þyki nokkuð einkennilegur *(ÓTh:* Við erum svo lítið í hv. þd., af því að þessi hv. þm. er svo leiðinlegur, sem er að tala. Það er eitt af því, sem fældi mig úr d.) Ég er mjög ánægður yfir því, að hv. þm. G-K. skuli þykja ég og málflutningur minn leiðinlegur. Mér þætti það mjög slæmt, ef honum þætti ég skemmtilegur eða eitthvað, sem ég segði. Það mundi yfir höfuð að tala hryggja mig verulega, ef hv. þm. G-K. fagnaði mér hér á Alþ.

Loks vil ég aftur geta þess, að mér finnst allur málflutningur fyrirsvarsmanna þessa frv. hafa verið mjög óheppilegur. Og mig furðar á því lánleysi hv. Sjálfstfl.-manna, að allir hv. þdm. þess fl. skyldu láta hafa sig til þess að skrifa undir þetta frv., eftir að vera búnir að tala harkalega gegn hliðstæðu frv. fyrir tólf árum hér í hv. d. og vinna sigur í því efni fyrir sex árum, þegar ákvæði laga um búnaðarfélögin voru felld úr gildi, sem voru hliðstæð því, sem hér er um að ræða að setja í lög gagnvart verkalýðsfélögunum.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í þessu máli, en ætlaði að láta Reykvíkingana um það. En af því að mitt nafn hefur verið sérstaklega nefnt í þessum umr. og ég sé, að ekki eru hér viðstaddir aðrir hv. þm., sem líka voru nefndir og vitnað til ummæla eftir, taldi ég ástæðu til þess að segja nokkur orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hann gat þar um mál, sem var hér til meðferðar fyrir 12—13 árum síðan, og lagði út af því að sumu leyti miður vingjarnlega. Ég skal þá leyfa mér að gera litla grein fyrir því, hvernig þetta bar að, þ. e. breyt. á jarðræktarlögunum. En í þeirri breyt. innifólust líka fyrirmæli um það, að Búnaðarfél. Ísl. skyldi taka upp hlutfallskosningafyrirkomulag, og var það lögskipað. Þetta atriði, ásamt ýmsum nýjum ákvæðum, mætti eindreginni mótspyrnu hér í þinginu af minni hendi og margra annarra, eins og þegar hefur verið getið um. En þrátt fyrir það varð þetta frv., sem fól í sér m. a. fyrirskipun um hlutfallskosningar til búnaðarþings, samt sem áður að lögum, — alveg þvert ofan í mótmæli meiri hluta búnaðarþings. Það var svo hart að því gengið. Svo var því haldið fram, að það væri eðlilegast, að félögin stæðu að þessu sjálf, og að lokum var gert samkomulag milli ríkisstj. og búnaðarþings um það, að þetta ákvæði skyldi numið úr l., en búnaðarþing tæki það upp í sín l., *og það er búið að því, og með þeim l. er* tryggt, að því verði ekki auðveldlega hrundið, því að l. mæla svo fyrir, að það þurfi ríflegan meiri hl. til að breyta l. félagsins. Það mátti því ætla af hendi þeirra manna, sem stóðu fyrir þessu, að það væri tryggt, að þessi ákvæði héldust í l.

Nú kem ég að því, *sem ég tel mest vert í þessu* sambandi. Hvernig hefur þessi skipun reynzt? Ég held, að mér sé óhætt að segja, að það sé samróma álit allra, að það hafi reynzt vel. Ég segi það jafnt, þó að ég hafi á sínum tíma verið því andvígur. Þetta fyrirkomulag varð m. a. til þess að auka að miklum mun samstarf milli þeirra, sem eiga að vinna saman að sameiginlegum hagsmunamálum. Áður fyrr, meðan einn og sami flokkur fékk annaðhvort alla fulltrúana eða engan, myndaðist oft óeðlilegt kapp, sem hjá þeim, sem töldu sig afskipta, olli oft sársauka, sem torveldaði alla samvinnu milli þeirra, sem saman þurftu að vinna. Þetta hefur horfið mikið. Ég fullyrði, að samstarfið hefur orðið miklu betra, síðan þessi breyt. komst á. Þetta var orsökin til þess, að þegar stéttarsamband bænda var stofnað, sem er að sumu leyti hliðstæðara verkalýðssamtökunum en Búnaðarfélag Íslands, þá var þar ákveðin hlutfallskosning, eða menn hafa rétt til að hafa þær, sé þess óskað. Það sýnir, hvernig þetta fyrirkomulag hefur gefizt. Það er stundum svo, að það þarf nokkuð til að vekja athygli manna á, hvað sé heppilegast, og ég fyrirverð mig ekki neitt fyrir það, þó að ég nú líti öðruvísi á þessi mál en ég gerði fyrir 12 árum síðan. Ég tel skyldu mína, ef ég kemst að því, að ég hafi ekki á réttu að standa, að breyta um og fylgja því, sem réttara eða betra reynist, hver sem aðstaða mín kann að hafa verið áður fyrr. Þetta er sú regla, sem ég hef fylgt, og samkvæmt þessari reglu og samanborið við *þá reynslu, sem ég tel, að bændastéttin hafi* hér fengið, þá hikaði ég ekki við að gerast meðflm. að þessu frv., þó að ég telji eðlilegast, að upp úr þessu kæmi það, að verkalýðsfélögin hyrfu sjálfkrafa að þessu ráði og ákvæðu það fyrirkomulag, sem hér er lagt til, og ég gæti vel trúað, að þessi tilraun, sem hér er gerð, yrði til *þess, að verkalýðsfélögin tækju þetta fyrirkomu*lag upp í l. sín, eins og Búnaðarfélagið gerði á sínum tíma, og þar með er þá líka okkar tilgangi náð.

Ég tel svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Það er sannfæring mín, að slík breyt. yrði verkalýðsfélögunum aðeins til góðs. Þess vegna tel ég rétt að fylgja málinu og stuðla þannig að því, að það gæti komizt á rekspöl.

Ólafur Thors: Ég þarf engu að bæta við þau rök, sem hafa verið færð fram af hendi hv. 1. flm., og hefði því ekki farið að tala hér, ef ekki hefði svo illa til tekizt, að ég varð svo slysinn,

þegar ég settist í dyragáttina hér í næsta herbergi, að hv. 4. þm. Reykv. var að tala, eins og oft vill verða. Hann var að ögra okkur flm. frv., að við hefðum ekki talað í málinu, heldur hefðum við eldri og menntaðri þm. látið þennan unga 1. flm. einan vera okkar málsvara. Í þessu lýsir sér mat hv. þm. á öðrum æskumönnum en honum sjálfum. *(GÞG:* Ég nefndi ekki æsku í ræðunni.) Ég held, að það væri bezt fyrir hann að taka allt aftur smátt og smátt, en það væri þó enn þá betra ráð fyrir hann að vera ekki símalandi. Það er nokkuð gott ráð að vera ekki alltaf að tala, þegar ekki er neitt að segja og þar að auki talað svo leiðinlega, að deildin tæmist. Þetta er sagt sem vinsamleg bending frá einum af þessum eldri mönnum, sem hann er að tala um af svo mikilli virðingu, ekki menntuðum, en einum af þeim eldri.

Ég get látið mér nægja í þessu máli þau rök, sem flutt voru fram af þessum unga manni Sjálfstfl., sem þessi ungi maður Alþfl. talaði um með svo miklu yfirlæti og kenndi hann í þeim tilgangi við æsku. Þessu litla, sem var ósvarað af því, sem hv. 4. þm. Reykv. talaði um, hefur hv. 2. þm. Skagf. gert full skil. Hann stakk svolitlum prjóni í belginn, svo að út fór allur vindurinn. Það kom mér engan veginn á óvart og þarf engum að koma á óvart, þannig eru ræður þessa hv. þm.

Mig undrar hins vegar, hvað þetta mál sætir miklum andmælum hér í d., því að þetta getur í hæsta lagi verið álitamál, hvort hér sé um réttlætismál að ræða. Ég held, að það sé ekki hægt fyrir neinn mann, sem nokkra reynslu hefur fengið í lýðræðislegum eða félagslegum efnum, að mæla gegn slíku frv. með þeim ofsa, sem hér hefur verið gert. Þeir munu sanna það, þessir hv. þm., að þeir munu síðar iðrast þessara orða sinna og skilja, að þetta er eitt af þeim málum, sem lífið ber fram til sigurs. En þeirra framkoma er ekki verri en annarra, sem gert hafa slíkt. Ég hef líka stritazt á móti málum, sem lífið hefur síðan kennt mér, að var skammsýni að vera ekki með frá öndverðu, eins og togaravökul. Þetta er ekkert einsdæmi. Menn spyrna á móti góðum málum, en það er engum til ánægju og ekki heldur til sóma.

Ég get tekið undir það, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði, að ég mundi helzt kjósa, að þessi ákvæði gætu náð fram að ganga á þann hátt, að verkalýðsfélögin samþ. þetta fyrirkomulag hjá sér sjálf, og ef þetta frv. gæti orðið til þess að tryggja þessa skipan þannig eða skapa líkur fyrir því, þá yrðum við flm. ánægðir með það.

Ég stend svo við það, sem ég sagði, þegar ég greip fram í ræðu þessa hv. þm., að við meðflm. þessa frv. gerum okkur ánægða með forustu hv. 1. flm. og þurfum þess vegna engu við að bæta. Ég þarf því ekki að lengja mál mitt. Ég sé hins vegar ekki eftir því, að ég fór að grípa fram í fyrir þessum hv. þm., því að mér sýnist honum hafa runnið í skap. Það er ný hlið á honum. Það minnir mig á, að hann er karlmaður, það sýnir, að það er þó töggur í honum. Það er gleðilegt að sjá nýja hlið á mönnum, sem gefur von um, að það geti rætzt úr þeim með tímanum, þó að menn hafi ekki getað haft þær hugmyndir um þá.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Það hefur lítið nýtt komið fram, síðan málið var rætt hér um daginn, en þó hefur málið fengið annan svip. Ég sló því fram, að ég myndi ekki glöggt, hvernig málum hefði verið háttað í sambandi við Búnaðarfélagið. Nú hefur hv. 4. þm. Reykv. gert því skil og hv. 2. þm. Skagf. tekið undir, að þetta hafi verið rétt, en það hafi orðið til góðs fyrir Búnaðarfélagið. En það er önnur hlið á þessu máli, sem ég tók greinilega fram og líka er gaman að athuga fyrir okkur verkamenn, en það er það, að þegar hlutfallskosningu er komið á í Búnaðarfélaginu, þá er verið að leggja fram einhver þau stærstu framlög, sem veitt hafa verið til íslenzks landbúnaðar, og þá eru hlutfallskosningar látnar fylgja því. Nú er ekkert mál, sem sýnir betur, að það þykir sjálfsagt fyrir Alþ. að taka persónulegan rétt af verkalýðsfélögunum án þess að láta nokkuð í staðinn, þegar þeir eru búnir að bera uppi sinn félagsskap í 50 ár án þess að leita til Alþ. um fjárstyrk. Það hefur allt komið frá mönnunum sjálfum, og þeir hafa byggt félagsskap sinn upp eftir því, sem bezt hefur verið fyrir þá. Það hafa fyrr komið úr þessari átt ráðleggingar til verkamanna, hvernig þeir ættu að haga sér, og þetta mál hefur fyrr komið hér fram, en í verkalýðsfélögunum hefur enginn nefnt það, en þar hefði þó átt að ræða það fyrst, og Alþýðusamband Íslands sem slíkt tók það fyrir og felldi það með öllum greiddum atkv. Hvernig stendur á þessari umhyggju? Við erum ekki vanir neinni umhyggju frá þessari samkomu. Við höfum ekki orðið varir við það, þegar um hagsmunamál okkar hefur verið að ræða. Við höfum ekki orðið varir við það, fyrr en komið hefur verið út í hörku um kjör okkar við atvinnurekendur. Og þegar við höfum eftir langa baráttu skapað okkur aðstöðu til að geta samið um kaup okkar og kjör, þá á að taka af okkur rétt. Og svo þykist Alþ. gera þetta af umhyggju fyrir okkur. Við getum vel viðurkennt, að við höfum ekki vit á að sjá fótum okkar forráð, en við gerum okkur ánægða með það og afþökkum þessi afskipti, þangað til við sjálfir erum orðnir það vitrir, að við getum það. Við álítum í flestum málum, eins og sjálfstæðismenn álitu, þegar fyrst var um að ræða kosningar til búnaðarþings, að þetta væri réttindasvipting við bændastéttina, og við viljum alls ekki réttindasviptingu við verkamenn og ekki þetta fyrirkomulag, fyrr en þeir sjálfir samþ. það. Þetta er mál verkalýðsfélaganna sjálfra, og við afþökkum öll afskipti annarra af einkamálum verkalýðsins.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til andsvara hv. þm. G-K. Ég held, að þetta sé fyrsta ræðan, sem hann flytur á þessu þingi. Ég heyrði, þegar hann flutti þessa ræðu sína, að það er kominn enn þá meiri vindur í hann en var í honum í fyrra. Það er ótrúlegt, að það skuli hafa komizt í hann meiri vindur, en mér sýnist það samt vera svo. M. ö. o., mér virtist hann vera enn þá merkilegri með sig og enn þá leiðinlegri nú.

Þegar ég kom fyrst á þing, fyrir tveimur árum, var hv. þm. forsrh. Þá vantaði hann ekki hér á þingfundi. Þá sat hann hér svo að segja

frá fundarbyrjun til fundarloka í stóli forsrh. Þá var ekki ástæða til að kvarta, eins og ég var að lesa um í þingtíðindum, að kvartað var yfir af mörgum fyrir 12 árum, að þm. G-K. væri allra manna latastur við að sækja þingfundi, svo að jafnvel var óskað eftir því, að forseti áminnti hann um að vera sómasamlega oft við. Þegar hann var ráðh., var hann þaulsætinn í ráðherrastóli. En það brá svo undarlega við, að þegar hann hætti að vera forsrh., þá hætti hann að koma á þingfundi. Og þegar nú sá sjaldgæfi viðburður gerist, að hann kemur hér, þá er hann ekki á almennum þingbekk. Hvar situr hann nú? Ekki í sínu sæti. Hans sæti er hérna, en ekki þarna. Hann situr aldrei í sínu sæti. Til þess telur hann sig of fínan. Þá sjaldan honum þóknast að líta inn í deildina, þá situr hann þarna fyrir framan ræðustólinn, þar sem honum er ekki ætlað sæti. Ég verð því að segja, að mig furðar stórlega á því, að þessi hv. þm. skuli vera að belgja sig hér upp með merkilegheitum. Mig furðar á því, að hann skuli leyfa sér að kasta hér hnútum að öðrum mönnum.

Annars stóð þessi hv. þm. upp til að segja tvennt, og hvort tveggja var ósatt. Hið fyrra var það, að hann hefði engu við að bæta rök hv. 7. þm. Reykv. Það er ósatt að því leyti, að hann hafði því nær ekkert heyrt af hans rökum, því að hann hefur ekki verið við, fyrr en hann skauzt hér í gætt í lok síðustu ræðu hv. 7. þm. Reykv. Síðara atriðið var það, að ég hefði verið að bregða sessunaut mínum, hv. 7. þm. Reykv., um æsku hans. Ég skal játa, að ef ég brygði honum um æsku, þá sæti það illa á mér, sem er yngstur þm. En ég nefndi það ekki. Ég nefndi ekki, að hann væri ungur maður. Þetta tvennt, sem hann hafði að segja, er því hvort tveggja ósatt.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að segja, að það kom fram í ræðu hans, að ég fer mjög í taugarnar á þessum fyrrv. forsrh., hv. þm. G-K. Það er ekki nýtt fyrir mig, ég hef vitað það áður. Mér finnst það alltaf vera góðs viti í hvert skipti, sem ég verð var við það, að hv. þm. G-K. er á móti mér, því að þá veit ég, að ég hef gott mál að flytja og er á réttri leið.

Ólafur Thors: Það er ekki mikið hlutverk að glíma við þennan unga mann, en leiðinlegt er það. Hann segir, að ég hafi verið að belgja mig út á þinginu í fyrra. Vill hann ekki átta sig á því, að það skyldi nú aldrei vera, að ég hefði engar ræður haldið hér í fyrra. *(GÞG:* Þess þurfti ekki.) Hvað segir prófessor Gylfi Þ. Gíslason prófessor? *(GÞG:* Það sést á hv. þm. belgingurinn, bara ef hann gengur um.) Það er oflof, sem hann ber á mig, þegar hann segir, að ég hafi verið þaulsætinn í ráðherrastóli. Mitt sæti þótti nokkuð oft autt þá. En síðan hef ég sótt fundi enn síður. Það skyldi nú ekki standa í sambandi við þá leiðinlegu mælgi þessa ræðumanns, sem gerir ekkert nema standa upp og segja: Ég er ánægður með sjálfan mig. Hann skyldi aldrei hafa tekið eftir, að það vantaði hér í d. fleiri en mig. Hvað segir prófessor Gylfi Þ. Gíslason prófessor um það? Nei, ég var á fundum Sameinuðu þjóðanna fyrri hluta þingtímans í fyrra og lá rúmfastur eftir nýár, og ég held, að ég hafi þá aldrei tekið til máls, nema ég hélt eina útvarpsræðu. Þetta getur prófessor Gylfi Þ. Gíslason prófessor rannsakað. Um sæti mitt er það að segja, að ég hef alls ekki dregið um sæti. Ég hef setið hér, síðan ég hætti að vera forsrh., og ég geri ráð fyrir, að það sé vitalaust. A. m. k. hefur hæstv. forseti, flokksbróðir þessa hv. þm., ekki fundið að því, og ég hygg, að ég sitji hér, meðan mér sýnist.

Annars er það misskilningur, að ég hafi verið að belgja mig út yfir merkilegheitum hans. Hann er miklu fremur ómerkilegur en merkilegur. Hitt er alveg satt, að hann er hér eins og fuglahræða í varplandi. Menn fara úr d. í herbergin í kring, reykja og tala saman, meðan hann er að halda þessar ræður sínar, þessar óendanlegu ræður, og það er eina ástæðan fyrir því, hvað hér er fátt manna. Ég get sagt honum það, að hann er enginn maður til að fara í taugarnar á mér, en mér leiðist hann. Mér finnst hann svo leiðinlegur. Ég get ekki að því gert. Ég vildi heldur, að mér gæti þótt hann skemmtilegur, en ég get það ekki, og mér er ekki láandi, þó að mér þyki hann leiðinlegur, því að hann er leiðinlegur.

Gylfi Þ. Gíslason: Það eru örfá orð. — Þetta, sem þessi hv. þm. sagði síðast, er eitt af mörgu, sem ber vott um, að þessi hv. þm. hefur alls ekki verið hér s. l. tvö ár. Hann segir, að ég hafi haldið svo margar ræður. Allir hv. þm. vita, að þetta er sagt út í bláinn, og það getur ekki staðið af öðru en því, að hv. þm. G-K. veit ekkert, hvað gerist hér í d. eða í þinginu yfir höfuð. Það er fjarri því, að ég sé í hópi þeirra þm., sem mest tala. Það er lítill vandi að ganga úr skugga um það. Ef allar þingræður væru athugaðar frá þeim tíma, er ég kom á þing, þá geri ég ráð fyrir, að það kæmi í ljós, að ég væri svona um meðallag hvað ræðulengd snertir, alls ekki meira. En ef mikil ræðuhöld fara í taugarnar á þessum hv. þm., þá ætti hann að athuga ræðuhöldin í Ed., því að þar er þm., sem heldur jafnlangar ræður og allir aðrir í d. til samans. Sá þm. er flokksbróðir hv. þm. G-K. Þangað væri honum nær að beina spjóti sínu en til mín.

Ólafur Thors: Ég sagði aldrei, að þessi hv. þm. væri með mikil ræðuhöld, heldur að hann væri leiðinlegur og mér þætti hann leiðinlegur. Ef hann talar ekki eins mikið og mér finnst, þá er það af því, að mér finnast ræður hans leiðinlegri en annarra.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók **málið af dagskrá.**

Á 15. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi ekki trufla þann skemmtiþátt, sem við fengum inn í umr. síðast, sem tveir hv. þm. voru að leika fyrir okkur. Ég kvaddi mér því hljóðs til að gera aths. við ræðu hv. 1. flm., en þarf þar í raun og veru ekki miklu að svara.

Hv. 7. þm. Reykv. reyndi ekki að sýna fram á,

að Sjálfstfl. hefði gert nokkra tilraun til að berjast fyrir þessu fyrirkomulagi, hlutfallskosningu, í þeim félögum, þar sem hann hefur mikil áhrif og gæti á frjálsan hátt komið eitthvað að gagni, því að hann hefur áhrif í sumum félögum, þar sem bezt launuðu launþegarnir eru, t. d. í Skipstjórafélagi Íslands og öðrum slíkum félögum, og þar ætti hann að geta fengið þetta fram. Ef hann hefði áhuga fyrir réttlæti, sem átti að vera ástæðan fyrir að koma fram með svona frv., þá hefði hann getað sinnt þessu í verki. Ég þykist vita, að þetta hafi þessir hv. þm. Sjálfstfl. ekki verið búnir að athuga áður en þeir röðuðu sér á þetta frv. Það kom þess vegna á hv. 1. flm., þegar honum var bent á þetta og sömuleiðis hvað snertir öll önnur félög, sem ég ræddi um og Sjálfstfl. hefur mikil áhrif á. Þess vegna stendur það allt óhrakið, sem ég hef sagt í minni fyrri ræðu um þessa hluti.

Enn fremur tók ég eftir því, að hv. 7. þm. Reykv. hafði ekki gert sér grein fyrir muninum á þeim aðferðum, sem þarna er um að ræða. Hann byrjar á að reyna að beita kúgun gagnvart þessum frjálsu samtökum, en hefur að engu leyti reynt að koma þessu skipulagi á með frjálsu móti. En svo framarlega sem það kynni að hafa verið minnzt á það við verkamennina í Óðni, þá virðist sú málaleitun hafa fengið þær undirtektir, að þeir hafa ekki treyst sér til að koma málinu fram í verkalýðsfélögunum.

Hv. 7. þm. Reykv. kom með það, að það væri slagorð, sem ég hef verið að segja viðvíkjandi framkomu Sjálfstfl. gagnvart verkamönnum. Hann talaði um það með hörðum orðum, að ég hefði sagt, að Sjálfstfl. hefði níðzt á verkamönnum, og slíkt væri slagorð, sem ekkert væri að marka og byggðist ekki á neinu. Ég veit ekki, hvort hv. þm. er búinn að gleyma því, sem gerzt hefur áður fyrr í þessu efni, sem ég ofur lítið rifjaði upp fyrir honum. Hann virtist ganga fram hjá þeirri staðreynd, sem ég var að minna hann á, og vildi bara slá það niður með því að kalla það slagorð. En það var meira en slagorð. Einhver mestu slagsmál, sem orðið hafa hér á landi, urðu út af þeirri ráðstöfun, sem Sjálfstfl. gerði þá. Ég er ákaflega hræddur um, að það verði eitt af því, sem standa muni sem hljóður minnisvarði yfir þann flokk og afskipti hans af verkalýðshreyfingunni, að þegar neyðin var stærst hjá verkalýðnum á Íslandi, þá skyldi vera sú hjálpin næst hjá Sjálfstfl. að reyna að auka þessa neyð um ⅓ frá því, sem áður var, og níðast einmitt á þeim, sem minnsta höfðu atvinnu og hana svo lítla, að óhugsandi var að draga fram lífið á þeirri vinnu, án þess að a. m. k. fjölskyldumenn, þegar fjölskyldufeður áttu í hlut, hungraði meira og minna. Þegar ég ræddi þetta í fyrradag, 9. nóv., voru 16 ár liðin frá því, að þessir atburðir gerðust, svo að sú kynslóð, sem nú er að vaxa upp, minnist þess varla. En afstaða Sjálfstfl. þá var táknræn fyrir þann kaldrifjaða hugsunarhátt auðmannanna í hverju þjóðfélagi, sem reyna að nota sér vægðarlaust það neyðarástand, sem skapast hjá alþýðunni á atvinnuleysistímum, til að reyna að rýra hennar kjör enn þá meir. Og það eru slíkar aðferðir, sem verkamenn eiga í vændum, ef tækist með afturhaldssömum aðgerðum ríkisstj. að koma aftur á atvinnuleysi á Íslandi. Hv. 7. þm. Reykv. getur því ekki hrundið neinu af þessu af sér með því að hrópa upp um slagorð. Staðreyndirnar tala hér svo skýrt, að ekki verður móti mælt.

Hv. 7. þm. Reykv. kom í þessu sambandi inn á afstöðu Sjálfstfl. til gerðardómsins 1942. Hann sagði í því sambandi beinlínis, að Sjálfstfl. hefði verið að hugsa um hagsmuni verkalýðsins, hann hefði borið þeirra hag fyrir brjósti, þegar hann var að koma gerðardómnum á. Í því sambandi sagði hann, að það væri vafamál, hvort verkamenn hefðu grætt nokkuð á því að fá kaupið hækkað hvað krónutölu snertir, eins og hann orðaði það. Ég lýsi undrun minni yfir þessari afstöðu hv. 7. þm. Reykv., ekki aðeins vegna þess, að hún er í mikilli mótsögn við staðreyndirnar og sannleikann, heldur einnig af því, að hún er í mikilli mótsetningu við þær yfirlýsingar, sem aðalforustumenn Sjálfstfl. hafa gefið, að það væri ekki nema eðlilegt, að verkamenn vildu hækka sitt kaup til að fá hlutdeild í stríðsgróðanum. Það er því undarlegt, þegar hv. 7. þm. Reykv. fer hér í raun og veru að taka upp þá kenningu, sem framsóknarmenn hafa oft verið með, að telja mönnum trú um, að hagur verkamanna hafi að engu leyti batnað við kauphækkanirnar 1942, en það væri verkamönnum sjálfum fyrir beztu að framfylgja gerðardómnum og halda kaupinu í því, sem það var í ársbyrjun 1942. Ef engar grunnkaupshækkanir hefðu verið gerðar á þessum árum, þá hefði sá auður, sem inn í landið kom með vinnu sjómannanna á togurunum, lent enn meir í höndum fárra manna og sú vinna, sem unnin var hjá setuliðinu, hefði verið greidd með miklu lægri kauptaxta en raun varð á. Ég skal ekki neita því, að þetta hefði sparað Englendingum og Ameríkumönnum nokkur hundruð milljónir og minnkað stórkostlega þær inneignir, sem Íslendingar áttu í erlendum gjaldeyri í stríðslok. Ég hef því miður ekki hjá mér útreikninga yfir það, en þeir hafa verið gerðir, til að sýna fram á, hvað setuliðsvinnan hefur átt mikinn þátt í þeirri auðsköpun, sem hér fór fram, og inneignasköpun Íslendinga. Ef kaupinu hefði verið haldið föstu í því, sem það var í ársbyrjun 1942, þá hefðu þessar eignir orðið ⅓ minni og þjóðin skaðazt um hundruð millj. kr. Kauphækkun sú, sem knúin var fram með því að hindra framkvæmd gerðardómsl., þýddi því það, að verkamenn hafa unnið svo hundruðum milljóna skiptir í erlendum gjaldeyri fram yfir það, sem ella hefði orðið. Enn fremur hefði þetta þýtt fyrir utan það að minnka þjóðarauð Íslendinga, að enn þá meira misræmi hefði orðið í auðskiptingunni innan lands. Þeir fáu menn, sem hafa grætt á stríðinu, hefðu þá orðið miklu ríkari, og eru þeir þó mjög auðugir nú, en fjöldi verkamanna og bænda hefði borið minna úr býtum en þeir báru, því að bændurnir fengu sitt afurðaverð ákveðið í samræmi við kaup verkamanna.

Við skulum gera okkur það ljóst, að íslenzk alþýða hefur á þessum árum, frá 1942, öðlazt vegna þessarar kauphækkunar betri afkomu en verkalýður annars staðar hefur við að búa. Íslenzkum verkalýð hefði verið haldið niðri á álíka sultarstigi og brezka verkalýðn-

um hefur verið haldið, ef gerðardómsfjötrarnir hefðu ekki verið slitnir. Það er því undarlegt, að hv. 7. þm. Reykv. skuli koma nú með þessa framsóknarvizku sem kenningu Sjálfstfl., því að henni hefur verið afneitað af skynsömustu forustumönnum flokksins, og þeir hafa stært sig af því, að þeir hafi viljað fylgja okkur og láta verkamenn fá maklegar réttarbætur, en hverfa frá gerðardómnum, og það væri dæmi um raunhæfni Sjálfstfl. að hverfa frá annarri eins vitleysu. Nú vill þessi hv. þm. taka allt aftur og halda fram, að verkamenn hafi líklega tapað á öllu saman. Hvers konar ástand er þetta? Hvað er það, sem er að vefjast fyrir þessum hv. þm., þegar Sjálfstfl. á að standa við það, sem hann hefur vel gert? Því að það var sannarlega mikil gæfa, að það tókst að ná samkomulagi við Sjálfstfl. um þessi sjálfsögðu hagsmunamál alþýðunnar í landinu, ekki aðeins verkamanna, heldur líka bænda, því að þeir fengu afurðaverð sitt hækkað í samræmi við kaup verkalýðsins. Það var því mikil gæfa fyrir þjóðina alla. Ég býst við, að ef hv. 7. þm. Reykv. fer að athuga sögu Sjálfstfl., muni hann reka sig á, að ýmsir forustumenn flokksins hafi hælt sér af að koma með till. um það í sinni stjórnartíð af afnema gerðardómsl. Það er því einkennileg afturför, ef hv. þm. fer að hæla þessum l. og telja, að þau hafi verið hamingja fyrir verkalýðinn. Það, sem íslenzkur verkalýður gerði á þessum tíma, var að skapa sér meiri kaupmátt en samsvaraði dýrtíðinni, því að grunnkaup á þessum tíma hækkaði um því nær helming, úr 1,45 kr. í 2,90 kr., svo að afkoma hans varð miklu betri en áður var. Það er því ástæða fyrir Sjálfstfl. að hæla sér af að hafa verið með í að afnema gerðardómsl. Það er því ákaflega fjarri því, að þessi hv. þm. sé á réttri leið, þegar hann er að tala um, að það hefði verið gott fyrir verkalýðinn að una við þessa fjötra, sem smeygt hafði verið á hann. Það eru því mikil mistök hjá hv. 1. flm. að ætla sér að nota þetta sem einhverja röksemd fyrir því, að verkalýðurinn hefði átt að una við þessi kúgunarlög.

Ég vil svo að síðustu leiðrétta það, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, að ég hefði sagt, að ef Sjálfstfl. hefði með sér 20% af meðlimum verkalýðsfélaganna, þá mundi þykja sjálfsagt að ganga inn á þetta. Ég sagði það ekki, heldur hitt, að ef Sjálfstfl. hefði með sér 20% af meðlimum verkalýðsfélaganna og fengi þá til að berjast fyrir þessu máli, þá hefði hann mikla möguleika til að fá það samþ. Ef t. d. í félagi eins og Dagsbrún, sem hefur 5000 félagsmenn, en Sjálfstfl. hefði þar 1600 fylgismenn, þá væri mjög líklegt, að þeir gætu komið svona máli fram, ef þeir væru áhugasamir um að mæta á fundum og fylgja málinu þar fram. Ef Sjálfstfl. hefði viljað vinna málið fram, átti hann að stefna að því að skapa áhuga hjá mönnum innan verkalýðsfélaganna og berjast fyrir málinu þar, en hann hefur ekki sýnt minnstu viðleitni til þess. Hann hefur ekki fengið einn einasta mann til að koma fram með till. um þetta. Þess vegna er það rétt fyrir hv. þm. að gera sér grein fyrir því, að hann er að reyna að grípa til þeirra óyndisúrræða að kúga verkalýðssamtökin undir þetta skipulag. Þess vegna er það viðkunnanlegra fyrir hv. þm. að sleppa því að koma fram með svona till. hér á Alþ., en láta sér nægja að vinna að málinu innan verkalýðsfélaganna með frjálsum aðferðum. Það er ekki rétt hjá hv. 7. þm. Reykv., að félagsstjórnir geri ómögulegt að bera fram svona till. Það eru haldnir fundir í verkalýðsfélögunum víðs vegar um landið gegn þessari till., til að mótmæla henni. Það eru sjálfsagt sjálfstæðisverkamenn í þessum félögum. Ef þeir hefðu sýnt áhuga, þá hefðu þeir getað fellt svona till. Það kom ekki eitt atkv. á móti. Jafnvel í félögum, þar sem vitað er, að Sjálfstfl. hefur hreinan meiri hluta, þar sem eru bæði atvinnurekendur og verkamenn saman, þar hefur hann heldur ekki treyst sér til að bera fram svona till. Sjálfstfl. hefur sýnt það með afstöðu sinni í þessu máli, að hann hefur ekki treyst sér til að berjast fyrir því á þeim vettvangi, sem eðlilegastur var. Það var ekki auðvelt, og þess vegna á að knýja þetta fram með löggjöf. Ég býst við, að það misheppnist, og vona það, enda verðskuldar málið ekki annað, þegar svona er að farið.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð í sambandi við það, þegar síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Reykv., er bæði nú og í fyrri ræðu sinni að brýna mig á því, að sjálfstæðismenn hefðu átt að koma á hlutfallskosningu í félögum, þar sem þeir hafa meiri hluta. Það er ákaflega ósennilegt, að menn fáist til þess innan verkalýðsfélaganna að taka upp hlutfallskosningu í einstökum félögum, þegar um er að ræða kosningu fulltrúa til allsherjarþings, meðan önnur félög nota það kosningafyrirkomulag, sem nú er.

Að öðru leyti vildi ég aðallega gera athugasemdir við það, sem var meginefnið í ræðu hans, gerðardómslögin og slagsmálin 9. nóv. Ég vildi vísa því heim til föðurhúsanna, þegar hann segir, að sjálfstæðismenn hafi viljað nota sér neyð verkamanna hér í Reykjavík, svo að fleiri fjölskyldur fengju að hungra hér, eða eins og þm. komst að orði, þegar hann var að ásaka Sjálfstæðisflokkinn fyrir hinn „kaldrifjaða hugsunarhátt auðmanna, sem einkenndi flokkinn í einu og öllu". Það ber áreiðanlega ekki svo að skilja, að þær aðgerðir, sem sjálfstæðismenn í bæjarstjórn Reykjavíkur urðu að grípa til á þeim tíma, hafi verið gerðar til að nota sér neyð verkamanna. Það var neyð almennt og yfirleitt mikil peningaekla og fátækt í atvinnulífi landsmanna, sem olli því ástandi. Ég fullyrði, að það hafi ekki verið neitt ánægjuefni fyrir þá menn, sem þá voru í bæjarstj. Reykjavíkur, að hafa ekki fjárhagsgetu til að mæta þeim óskum öllum, sem þá voru til þeirra bornar um atvinnubótavinnu. Og ég endurtek það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að það eru einungis slagorð, þegar þessi þm. er að halda því fram, að Sjálfstfl. finni fullnægingu í því að sjá sem flestar fjölskyldur hungraðar, ef það bara séu verkamannafjölskyldur.

Varðandi gerðardómsl. þá er það að segja, að ég hef aldrei haft þau orð um þau, að það hafi verið gott fyrir verkalýðinn að una við þá fjötra, sem þau settu á hann. Ég hélt því fram, að það, að sjálfstæðismenn á sínum tíma stóðu með

þeim, hefði verið vegna þess, að þeir hefðu á þeim tíma álitið þau l. engu síður hagsmunamál verkamanna en atvinnurekenda. Þau lög voru að vísu álitamál. Það, sem hv. þm. sagði, að formaður Sjálfstfl. hefði haldið fram um þetta efni, stríðir ekki á móti minni kenningu, þar sem það var að vissu leyti eðlilegt, að verkamenn vildu afnema l., þar sem þeir vildu fá kauphækkun, en í þeim var gert ráð fyrir kaupfestingu. Setuliðsvinnan hafði veruleg áhrif í þessu efni og átti að sjálfsögðu sinn mikla þátt í því, að gerðardómsl. voru afnumin, en þau voru afnumin í stjórnartíð Sjálfstfl., árið 1942.

Mér þótti leiðinlegt, að hv. þm. skyldi fara að draga úr yfirlýsingu sinni um það, að ef ⅙ hluti verkamanna mætti á fundi og legði fram ósk, þá væri mjög sennilegt, að þeir gætu ráðið. Ég sagðist mundu síðar minna hann á þessi ummæli. Ég harma, að hann skyldi draga úr þeim, en það bendir til þess, hvað hann hefur sjálfur litla trú á þessum orðum sínum.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. var að tala um 9. nóv. deiluna. Ég er ekki viss um, að hann hafi hugmynd um, hvað sú deila var. Hún var ekki vegna þess, að það væru ekki til peningar til að borga kaupið með. Það átti að borga mönnum sama kaup, en það átti bara að lengja vinnutímann. Þeir áttu að fá sama kaup fyrir 9 tíma vinnu og þeir höfðu fengið fyrir 6 tíma vinnu, svo að það var enginn barnaskapur á ferðinni þarna. Mér hefði þótt gaman að vita, hvort hv. 7. þm. Reykv. hefði haft sömu skoðun, ef hann hefði verið í sporum verkamannanna, sem Reykjavíkurbær hafði í vinnu þá, við þau skilyrði, sem þeir þá höfðu. Það er ekki óeðlilegt, þó að mönnum, sem muna þann tíma, renni í skap, þegar þeir heyra menn, sem aldrei hafa nálægt verkalýðshreyfingunni komið, gera lítið úr þessu hér í hv. d.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, um aðstöðu verkalýðsfélaganna um kosningafyrirkomulag, vil ég segja þetta: 20% félagsmanna innan verkalýðsfélags, ef það eru starfandi menn, geta miklu ráðið. Það veit hv. þm., það vita allir, sem nokkuð hafa nálægt félagsstarfi komið. Það eru venjulega lítið fleiri en 20—30% starfandi manna innan félaganna. Það er allt annað, þegar á að fara að gefa hinum „dauðu" og óstarfandi mönnum líf í félögunum til að ráða í þeim.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HB, IngJ, JóhH, JG, JS, ÓTh, PO, SB, SEH, StSt, StgrSt, BG.

nei: EOl, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, KTh, SigfS, SG, ÁkJ.

PÞ, SkG greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GTh, JPálm, JJ, JörB, LJós, SK, StJSt, ÁÁ) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 18:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PÞ, SigfS, SB, SG, SEH, SkG, StSt, StgrSt, EOl, GÞG, HB, HermG, IngJ, JóhH, JG, JPálm, BG.

nei: ÁkJ.

16 þm. (JörB, KTh, LJós, PO, SK, StJSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GTh, HÁ, HelgJ, JS, JJ) fjarstaddir.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Skáldastyrkur, rithöfunda og listamanna o. fl.

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um laun skálda, rithöfunda og annarra listamanna og listaráð* [59. mál] (þmfrv., A. 84).

Á 16. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þarf ekki mörg orð til að fylgja þessu frv. úr hlaði, því að því fylgir alllöng grg. — Það er kunnara en frá þurfi að segja, að undanfarin ár hafa orðið mikil og óheppileg átök um úthlutun þess fjár, sem Alþ. veitir árlega á fjárl. til skálda, rithöfunda og annarra listamanna, og úthlutunin hefur verið í höndum fjölmargra aðila. Þessi átök, sem ár hvert hafa orðið um þessi mál, hafa verið leiðinleg og til lítils sóma, og er enginn vafi, að þar mætti bæta nokkuð úr með því að koma fastari skipun á þessi mál en verið hefur. Þeir aðilar, sem hafa annazt úthlutun þessa fjár, hafa skipt þeim mönnum, sem fé hafa fengið, í mjög marga flokka. Skáldum og rithöfundum hefur verið skipt í allt að 11 flokka, tónlistarmönnum og leikurum í allt að 8 flokka og myndlistarmönnum í allt að 4 flokka. Þessi nákvæma flokkun listamannanna hefur verið viðkvæmt mál og valdið miklu um þær deilur, sem um úthlutunina hafa staðið, og held ég, að óhætt sé að fullyrða, að æskilegt væri að gera tilraun til þess að koma hér fastari skipun á, sérstaklega að fækka úthlutunarflokkunum. Í þessu skyni mun menntmrn. hafa skipað sérstaka n. fyrir 2 árum til að gera till. um nýskipun þessara mála. N. mun hafa skilað áliti til ráðun. fyrir meira en einu ári, en ekki hafa komið neinar opinberar till. frá menntmrn. viðvíkjandi málinu. Hins vegar var hér á síðasta þingi á döfinni þál. þessu máli viðvíkjandi, og mun það hafa verið rætt meira og minna á hverju þingi undanfarin ár.

Auðvitað geta verið skiptar skoðanir um það, hvernig æskilegt sé að hafa þessar reglur, sem settar yrðu til að koma fastari skipun á þessi mál, og ég er ekki að halda því fram, að sú skipun, sem ég sting upp á, sé sú eina skynsamlega leið, sem til greina geti komið, og er ég fús til að ræða við n., sem fær þetta mál til meðferðar, um að gera breyt. á þessari skipun,

ef henni sýnist það æskilegt eða skynsamlegt. En meginefni þeirrar skipunar, sem ég sting upp á, er það, að allt að tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skuli njóta fastra heiðurslauna að upphæð 6000 kr. á ári, að viðbættri verðlagsuppbót, og skuli Alþ. taka ákvörðun um úthlutun þessara heiðurslauna. Þau geta numið rúmlega 200.000 kr., og eru þá eftir rúmlega 300.000 kr., miðað við þá fjárhæð, sem ríkisstj. ætlast til, að verði notuð á næsta ári. Ætlazt er til, að menntamálaráð skipti þeirri fjárhæð, sem ætluð er til annarra rithöfunda, skálda og listamanna en þeirra, sem heiðurslauna njóta, en þó þannig, að því fé verði ekki úthlutað í nema þrem flokkum, þ. e. a. s., að auk heiðurslaunaflokksins er gert ráð fyrir tveimur flokkum fjárveitinga til viðurkenndra listamanna (3000 kr. og 2000 kr.) og enn fremur sérstökum flokki (1000 kr.) til uppörvunar efnilegum byrjendum fyrst og fremst. Þá er gert ráð fyrir því, að áður en menntamálaráð úthluti þessu fé, skuli það leita umsagnar bæði þeirra manna, sem fastra heiðurslauna njóta, og enn fremur heimspekideildar Háskóla Íslands. Hin stjórnskipaða n. mun hafa ætlazt til, að heimspekideildin hefði afskipti af úthlutun listamannalauna, og Bandalag íslenzkra listamanna mun og hafa talið æskilegt, að hún ætti fulltrúa í þeirri n., sem úthlutaði fé til listamanna. Svo er einnig gert ráð fyrir því, og það er eitt nýmælið í þessari skipun, að þeir menn, sem njóta fastra heiðurslauna, skuli njóta þeirra ævilangt, ef þeir hafa hlotið þau fimm sinnum. Jafnframt er gert ráð fyrir, að þeir menn, sem ákveðið hefur verið, að njóta skuli heiðurslauna ævilangt, skipi listaráð (akademi) og séu ríkisvaldinu til ráðuneytis og leiðbeiningar um málefni, er varða listir, auk þess sem menntamálaráð skal leita álits listaráðsins við úthlutun til annarra listamanna. Það sýnist eðlilegt, þegar verulegur hópur listamanna er þannig tekinn á föst laun, að þeim séu þá einnig lagðar nokkrar skyldur á herðar og falið að skipa sérstaka stofnun, akademi, svo sem tíðkast með öðrum þjóðum, og sem heild ætti slík stofnun að vera menntmrn. og menntamálaráði til ráðuneytis um þau málefni, sem þeir eru taldir hafa sérstaka þekkingu á. Þetta eru meginatriði frv. — Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

19. Verbúðir.

Á 16. fundi í Nd., 12. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um byggingu verbúða og eftirlit með þeim [69. mál] (þmfrv., A. 105).

Á 17., 18., 19., 20., 21. og 22. fundi í Nd., 15., 16., 19., 22. og 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er ekki nýtt, það var flutt hér einnig í fyrra og var þá vísað til nefndar, en kom ekki þaðan aftur. Er því ástæða til að flytja það á ný, þar sem engin breyting hefur orðið í þessum efnum síðan í fyrra. Frv. er flutt vegna ófremdarástands þess, sem ríkir í verstöðvum í þessum efnum, bæði fyrir aðkomusjómenn og aðra, sem þar vinna. Mér þykir ekki ástæða til að ræða mál þetta nánar, þar eð það er hv. þm. að nokkru kunnugt. Ég vildi leggja til, að því yrði vísað til sjútvn. að umræðu lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

20. Varðskip.

Á 21. fundi í Nd., 25. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim [81. mál] (þmfrv., A. 133).

Á 23. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Mál þetta er flutt eftir ósk dómsmrh., og er ástæðan sú, að í lögum um varðskip er gert ráð fyrir því, að skipshafnir þeirra eigi heima í Rvík. Nú hefur verið gerður samningur við slysavarnadeildirnar á Vestfjörðum, að byggt skuli skip, sem hafi með höndum slysavarnir og landhelgisgæzlu við Vestfirði, en óþægilegt fyrir skipshöfnina að eiga heima í öðrum landshluta, og er því farið fram á þessa breyt. á lögunum. Sjútvn. mælir með frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 24. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

21. Íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum.

Á 24. fundi í Nd., 29. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum [85. mál] (þmfrv., A. 145).

Á 25. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þegar hér var til umr. í þessari hv. d. fyrir nokkru síðan frv. til l. um breyt. á l. um byggingarmálefni Reykjavíkur, flutti ég brtt. við það frv. um það, að bæjarstjórn Reykjavíkur skyldi láta í té uppdrætti að íbúðarhúsum til þeirra, sem þess óskuðu, fyrir lægra gjald en menn þyrftu nú yfirleitt að greiða fyrir þá; og í öðru lagi till. um það, að þeir, sem vinna sjálfir að byggingu íbúðarhúsa fyrir sig, skyldu geta notið leiðbeininga frá faglærðum mönnum, sem væru í þjónustu bæjarfélagsins, og einnig eftirlits þeirra við framkvæmdirnar, sem kæmi í stað umsjónar meistara með byggingunni, sem ákveðið er í byggingarsamþykkt, að skylt sé að hafa. Þessi brtt. var felld hér í hv. d. Meðal annars var því haldið fram af þeim, sem andvígir voru brtt., að slík ákvæði ættu ekki heima í þeim l., sem þar var verið að breyta. Ég hef því gert hér frv. um þessi atriði, og legg ég til, að sú breyting verði sett inn sem ný gr. í l. nr. 44 frá 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Ég hygg, að tæplega verði um það deilt, að ef þessi ákvæði eiga rétt á sér, þá eigi þau heima í þeim l. — Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, þar sem þetta mál hefur áður verið til umr. hér í hv. d., og læt ég nægja að vísa til þeirrar grg., sem fylgir þessu frv.
Ég veit ekki með vissu, hvaða n. ætti helzt að fá þetta mál til athugunar. En þegar þau l. voru til meðferðar, sem ég nú legg til, að breyting verði gerð á, þá var það mál til athugunar í heilbr.- og félmn. Ég vil því leggja það á vald hæstv. forseta, hvaða till. verða hér bornar upp um n., en sjálfsagt er rétt, að málinu verði vísað til n. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15:3 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

22. Atvinna við siglingar.

Á 33. fundi í Nd., 13. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum [98. mál] (þmfrv., A. 184).

Á 34. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Sjútvn. flytur þetta frv., sem er um mál, sem mikið hefur verið rætt af mótorvélstjórum, og var það upphaf þessa máls, að sjútvn. var sent frv. til l. um breyt. á l. um atvinnu við siglingar á þinginu í fyrra. Niðurstaðan varð þá sú, að n. flutti það ekki, en sendi það í þess stað samgmrn. með tilmælum um, að rn. athugaði þetta frv. til næsta Alþ. N. barst svo aftur bréf frá rn. 19. okt. í haust, þar sem fylgir með sú athugun, sem fram hefur farið og framkvæmd var af vélfræðiráðunaut Fiskifélags Íslands, Þorsteini Loftssyni. Eftir að n. barst þetta bréf, hefur hún farið yfir frv. og breytt því nokkuð og aðallega með tilliti til þeirra ábendinga, sem fram komu í bréfi Þorsteins Loftssonar, þannig að breytingarnar eru í raun og veru allar í áttina til þess, sem hann leggur til um málið, og hefur n. ákveðið að flytja frv. þannig breytt. — Aðalbreyt. eru í því fólgnar, að þeir menn, sem aflað

hafa sér kunnáttu þeirrar, sem hið meira vélstjóranámskeið Fiskifélags Íslands hefur látið í té, skuli fá rétt til þess að vera yfirvélstjórar við mótora allt að 900 ha. og aðstoðarvélstjórar á skipum með dieselvélum að ótakmarkaðri stærð. En að vera aðstoðarvélstjóri þýðir, að það er vélstjóri, sem ekki hefur sérstæða vakt, heldur stjórnar með öðrum manni. Þeir fara þannig ekki fram á, að þessir menn fái að ganga á sérstakar vaktir og beri ábyrgð á mótorum, sem eru yfir 900 hestöfl. Þetta er í raun og veru höfuðbreyt., sem farið er hér fram á að breyta í gildandi l. Fyrri breyt., sem gerðar voru á þessum ákvæðum l. um atvinnu við siglingar 1946, voru miðaðar við lægri réttindi, en ekki að sama skapi við réttindi þeirra manna, sem hærri réttindi hafa, og mótorvélstjórafélag Íslands telur, að gæti orðið til þess, að menn yrðu hvattir til þess að afla sér sem mestrar þekkingar.

Í ljós hefur komið, að mikil nauðsyn er á því að endurskoða heildarlöggjöf okkar um vélstjórnarréttindi. Það eru að vísu tvær leiðir, sem menn geta farið til þess að öðlast vélstjórnarréttindi. Þegar þessi ákvæði voru sett, voru öll stærri skip með gufuvélum, og þeim stjórnuðu ekki aðrir en þeir, sem lokið höfðu fullu vélstjóraprófi, og þurftu þeir að hafa samtals 70 mánaða undirbúning, bæði á námskeiðum, í smiðju, vélstjóraskólanum og þar að auki reynslu. Þessir menn tóku að sér vélstjórn á gufuskipum. Svo voru mótorskip með tiltölulega litlar vélar, og þá var látið nægja að hafa einfalt námskeið til þess að kenna meðferð þeirra véla, því að þær voru þá einfaldari en þær eru orðnar nú. Nú eru aftur á móti komnar stórar dieselvélar og margs konar vélaútbúnaður á hverju skipi, þannig að það kerfi, sem l. upphaflega voru byggð á, hefur raskazt og breytzt mjög mikið, og þess vegna er það mjög nauðsynlegt nú, að menn afli sér menntunar í samræmi við þessa breyttu tíma. Það er t. d. nauðsynlegt, að allmargir, sem nú gegna vélstjórastarfi, afli sér meiri þekkingar á dieselvélum. Enda þótt um gufuvélskip sé að ræða, þá er oft meira og minna af öðrum vélum í hverju skipi, og er þetta vissulega mál, sem þarf að athuga, bæði í samráði við Vélstjórafélag Íslands og Mótorvélstjórafélag Íslands og í samráði við sérfræðinga ríkisins á þessu sviði og kennara skólanna og námskeiðanna og enn fremur í samráði við fagmenn, sem ríkið hefur á sínum vegum.

Það, sem farið er fram á með þessu frv., eru aukin réttindi til þeirra manna, sem nú er kreppt mest að í þessum efnum, en það er að veita þeim vélstjórum, sem lokið hafa meira vélstjóraprófi frá vélstjóraskólanum, rétt til þess að fara með mótora allt að 900 ha. Benda má á, að á 29 skipum, þar á meðal nýsköpunartogurum, vinna 39 menn með undanþágu. Og ef þær undanþágur væru ekki veittar, væri ekki hægt að halda flotanum gangandi, en þessar undanþágur eru veittar án allra minnstu lagaheimildar. Það er aðeins óhjákvæmilegt fyrir þá sök, sem ég hef vikið að. Ríkið hefur tekið á sig þessa áhættu, því að vissulega er hér um nokkra áhættu að ræða. Það er t. d. ekki útilokað, að skaðabótakröfur gætu komið á ríkisvaldið, ef illa færi vegna þess, að eitthvert ábyrgðarfélag tæki upp á því að kenna því um, að ekki hefði verið nægilega mikið af fagmönnum um borð, því að óneitanlega er það yfirlýsing um skort á fagþekkingu, þegar skip eru látin sigla með undanþágu. — Þannig er nú ástandið í þessum málum hjá okkur, og því miður litlar líkur fyrir, að þetta breytist til batnaðar.

Það þarf vélstjóra, sem hafa farið gegnum vélstjóraskólann, til þess að leysa þessa undanþágumenn af á þessum 29 skipum. En þegar athugað er, hve margir eru við nám, þá eru þeir um 50 í vélstjóraskólanum, þ. e. í 1. bekk 28, en í 2. bekk 22. Í rafmagnsdeildinni eru 122 nemendur, en sú deild er hætt störfum í bili, og er því kennt um, að þá deild vanti bæði kennslubók og kennsluáhöld, og enn fremur mun vera um eitthvert ósamkomulag að ræða milli kennara og nemenda, og mun það mál vera í rannsókn að tilhlutan hæstv. ráðh. En þessi töf hjá rafmagnsdeildinni þýðir það, að hún getur ekki útskrifað frá sér nemendur í ár. Ýmsir af þessum mönnum, sem eru á hinum stærri skipum, eru eldri menn, sem þá og þegar hætta störfum og fara í land, svo að það getur farið svo, að þörfin fyrir undanþágumenn verði enn meiri en nokkurn tíma áður, enda er svo komið, að ef þessi takmörkuðu réttindi eru ekki aukin, verður það til þess, að þessir menn leita sér atvinnu í landi og vilja ekki sætta sig við það árum saman að vinna sem undanþágumenn án þess að verða réttindamenn, og mundi slíkt horfa til stórvandræða, og yrði þá kannske að grípa til gersamlega ómenntaðra manna til þess að fara með vélar, og þarf ekki að skýra það, hvaða afleiðingar það gæti haft í för með sér. Það hljóta því allir að skilja, að mál þetta er mjög aðkallandi, ef á að tryggja það, að örugg vélgæzla sé á flotanum.

Mótorvélstjórar hafa mjög tekið fram, að það sé alls ekki meining þeirra að draga úr kröfum um menntun, heldur þvert á móti. En þeir vilja búa þannig um, að þeir hafi réttindi til þess að fara með vélar, sem þeir hafa oft verið kallaðir til að gæta, þó að þeir hefðu ekki þau réttindi, og fara þeir því fram á, að þeim séu veitt þessi réttindi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 14. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 184, 329).

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Hv. sjútvn. þessarar hv. d. hefur haft málið til meðferðar. Kom það á daginn, þegar búið var að afgr. málið við 2. umr., að nokkurs ágreinings gætti milli vélstjóra og mótorvélstjóra. N. hefur því notað tímann til þess að finna lausn, sem báðir aðilar gætu sætt sig við. Nú er ekki því að heilsa, að það sé fullt samkomulag um þá lausn, sem n. leggur til, að höfð verði á þessu máli. Hins vegar er till. samin í samráði við Þorstein Loftsson, sem annazt hefur kennslu við vélstjóranámskeið víðs vegar um landið, og væntum við, að báðir aðilar megi við una, eins og sakir standa.

Okkur er það vel ljóst, að fyrirkomulagið á vélstjórakennslunni er mjög óheppilegt og til þess fallið að skapa ágreining, þar sem annars vegar eru þeir, sem verið hafa 4 ár í smiðju og 3 vetur á skóla til þess að öðlast réttindi auk fullnægjandi reynslu, sem einnig er sett sem skilyrði, en hins vegar eru þeir, sem sótt hafa mótornámskeiðin og öðlazt með meiranámskeiðinu rétt til að fara með 600 hestafla vélar, en ekki fengið nein frekari réttindi, þó að þeir vinni við þetta alla ævi. Það er því hér um að ræða tvær brautir í sömu grein, sem nauðsyn ber til að samræma þannig, að mótornámskeiðin geti orðið áfangar til að ná fullum vélstjóraréttindum. Af þessum ástæðum hefur n. átt í samningum við ríkisstj. um það, að hún léti í náinni framtíð endurskoða gildandi lög um vélstjóranám, þar sem samræmdar væru þessar tvær leiðir og námskeiðin gerð að þætti í náminu í heild, og þá væri líka um leið leyst úr þeim ágreiningi, sem risið hefur í þessu máli. Þessi till. n. er því aðeins bráðabirgðalausn, sem við væntum, að aðilar sætti sig við, einkum ef væntamætti skjótrar endurskoðunar á l. En vegna þess að ríkisstj. mun nú vera á fundi og getur því ekki gefið loforð um þetta efni, vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann sjái sér fært að fresta umr. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., 17. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Áki Jakobsson) [Frh.]: Þegar þetta mál var til umr. hér á mánudaginn, var hæstv. samgmrh. ekki viðstaddur. En eins og ég skýrði frá þá, hefur n. haft samráð við hann um þetta mál og tjáði honum þá skoðun sína, að hún teldi rétt og nauðsynlegt að breyta ákvæðum l. um nám vélstjóra þannig, að þau námskeið, bæði hið minna og hið meira vélstjóranámskeið, verði stunduð í vélstjóraskólanum í Rvík, þannig að þetta verði ein menntabraut, svo að ekki þurfi að koma til innbyrðis deilna, sem leiðir af því, að annars vegar er menntaður mótorvélstjóri, sem hefur ekki rétt til þess að stjórna stærri vélum en 600 hestöfl, en hins vegar er vélstjóri, sem hefur ótakmörkuð réttindi, en kennsla hans er hins vegar mjög svo gölluð, þar sem hún er einkum miðuð við gufuvélar, sem eru að víkja meir og meir úr skipum okkar.

N. hefur orðið sammála um það, eftir að hafa kynnt sér málið og sjónarmið þeirra tveggja aðila, sem hér eiga hlut að máli, að flytja brtt. á þskj. 329, og eru þær brtt. samdar með hliðsjón af ábendingum, sem Þorsteinn Loftsson gaf n. Í brtt. eru aðstoðarvélstjóraréttindi miðuð við allt að 900 hestöfl. Í öðru lagi er sú breyt., að til þess að öðlast réttindi sem vélstjórar með vélar frá 600—900 hestöfl, þá þurfa þeir auk þess að vera búnir að taka hið meira mótorvélstjóranámskeið Fiskifélags Íslands og vera búnir að fá 12 mánaða reynslutíma á skipum, sem hafa vél yfir 250 hestöfl, og hafa svo tveggja ára reynslutíma auk þessa, samtals 3 ár. Þó er gerð undantekning með þá menn, sem lokið hafa minna prófi og tekið út reynslutímann samkv. þessum ákvæðum, þ. e. þessum 12 mánuðum, þeir eiga ekki að þurfa að bæta við sig nema 18 mánuðum eða allt að 2 árum. Það munu hins vegar vera margir af vélstjórum, sem hafa farið þannig til meiraprófs, að þeir hafa farið í gegnum minna vélstjóraprófið og tekið svo sinn reynslutíma sem l. mæla fyrir og eiga hægra um vik að öðlast þannig rétt til þess að fara inn á hið meira námskeið. Þó er nú svo ákveðið, að þeir komast inn á meiravélstjóranámskeið eftir 2 ár í smiðju, en það þótti rétt að taka tillit til þeirra, sem farið hafa á minna vélstjóranámskeiðið og hafa tekið út reynslutíma í þeirri grein eins og l. gera ráð fyrir til þess að öðlast þessi réttindi.

Aðrar brtt. n. eru aðeins afleiðing af þessari brtt, nema umorðun á 55. gr. l. um atvinnu við siglingar, um að heimild sé gefin ráðh., sem fer með þessi mál, þegar skortur er á skipstjórnarmönnum og vélstjórum, til að veita undanþágu frá skilyrðum þessara laga til skipstjórnar- og vélstjórastarfs, enda sé áður leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags. N. hefur enn fremur bætt við á þskj. 361: „eða sambands þeirra". Þetta hefur n. gert í samráði við ráðh., en það hefur verið óhjákvæmilegt að veita slíkar undanþágur. Töldum við í sjútvn. rétt, að skýlaus fyrirmæli væru um það í l., að slíkar undanþágur megi veita, og með því að binda undanþáguna við það, að leitað væri umsagnar viðkomandi stéttarfélags, þá töldum við svo um búið, að stéttarfélögin mundu ekki telja sig órétti beitt vegna þessa ákvæðis. — Þar sem hæstv. samgmrh. er kominn í d., vildi ég endurtaka það, sem ég sagði í upphafi ræðu minnar, að n. er þeirrar skoðunar, að þess sé mikil nauðsyn, að ákvæði íslenzkra laga um menntun vélstjóra verði endurskoðuð og samræmd þannig, að menntabrautin verði ein, svo að ekki þurfi að koma til þeirra árekstra, sem orðið hafa, og að hver vélstjóri geti fengið tækifæri til þess að vinna sig upp til ótakmarkaðra réttinda. N. telur sem sagt mjög óheppilegt, að menntabrautirnar séu tvær, eins og nú er, og óska ég þess að heyra hjá hæstv. samgmrh. um álit hans á skoðun n. um að samræma þurfi lagaákvæðin um menntun vélstjóranna.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að ég get fullkomlega fallizt á brtt. hv. sjútvn. og tel rétt, að þær verði samþ. En út af aths. hv. þm. Siglf. (ÁkJ) um það,

að nauðsynlegt sé að endurskoða l. um menntun þessara manna, þá er það að segja, að þessi mál heyra raunar undir þrjú ráðuneyti. Mótorvélstjóranámskeið Fiskifélagsins heyra undir hæstv. sjútvmrh., vélskólinn heyrir undir hæstv. menntmrh., en veiting réttinda samkvæmt þeirri menntun, sem fæst á námskeiðunum og vélskólanum, heyrir undir mig, og bendir þetta raunar til þess, að ekki sé vanþörf á að endurskoða l. í heild, og er ég því fullkomlega samþykkur, enda var það meiningin, þegar Sjómannaskólinn var reistur, að þangað yrðu smám saman fluttar allar kennslugreinar, er sjómennsku og siglingar varða, svo sem nám skipstjóra, vélstjóra og mótorista, loftskeytamanna og síðast en ekki sízt matsveina. Nokkur undirbúningur hefur og af minni hálfu verið gerður í þessa átt varðandi matsveina- og loftskeytamannakennsluna, en vegna þess að mótorista- og vélstjórakennslan heyrir undir önnur ráðuneyti, hef ég ekki beint beitt mér fyrir þeim málum, en ég vildi gjarnan gangast fyrir endurskoðun l. og reyna að koma þessum málum í fastara form en verið hefur.

Út af 6. brtt. hv. n., um undanþáguveitinguna, er það að segja, að þessi heimild hefur ekki verið í l., en er þó ákaflega nauðsynleg, því að alltaf koma fyrir þau tilfelli, að ekki er hægt að ná í fullkomna réttindamenn og ekki heldur hægt að stöðva viðkomandi skip. Hefur því rn. veitt undanþágur án þess að hafa til þess lagaheimild, enda talið, að þá bryti nauðsyn lög. Reglurnar, sem rn. hefur farið eftir um veitingu undanþágu, eru þær, að venjulega er leitað álits stjórnar Farmanna- og fiskimannasambandsins og skólastjóra Stýrimannaskólans og að miklu leyti farið eftir ummælum þeirra aðila. Mér þykir þó tvímælalaust rétt, að undanþáguheimildin sé í l., því að það hefur komið fyrir, að báðir þessir aðilar hafa ekki viljað veita undanþáguna, en rn. hefur þó veitt hana, þar sem það hefur t. d. ekki viljað stofna dýrmætum farmi í hættu með því að tefja för skipsins. — Ég vil því vænta þess, að málið nái fram að ganga með þeim breyt., sem á því hafa verið gerðar, og skal ég leitast við að hafa samráð við þá aðra ráðh., er málið heyrir undir, og sjá, hvort ekki muni hægt að hafa tilbúnar fyrir næsta þing till. um samræmingu og endurbót þessara mála.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Þetta er aðeins einn votturinn um það öngþveiti, sem ríkir í menntamálum vélstjóra okkar, að þessi mál skuli flokkast undir þrjú ráðuneyti. Ég vil þakka hæstv. samgmrh. fyrir það, að hann vill beita sér fyrir því, að málið verði athugað, en það er nokkru erfiðara, þegar undir svo marga er að sækja, og væri kannske réttara, að þingið tæki málið í sínar hendur og fengi nefnd það til athugunar. Ég hef að vísu ekki ákveðnar till. í svipinn, en ef til vill mun sjútvn. þessarar d. hugleiða málið, ef hún sér ástæðu til þess.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., 18. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 184, 329, 361, 368).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 368. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það kom hér fram ósk í gær þess efnis, að frsm. n. hlutaðist til um það við hæstv. ríkisstj., að hún lýsti því yfir, að ákvæðin um réttindi vélstjóra yrðu endurskoðuð. Hæstv. siglmrh. sagði, að það væri vilji sinn, en þetta mál virðist heyra undir þrjú ráðuneyti, og verður því að álykta, að ef slík endurskoðun sé tryggð, þá væri heppilegra að bæta því aftan við lagagr. til tryggingar því, að það verði gert.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Varðandi brtt. hv. 2. þm. Reykv., þá er ekki víst, að sú till. flýti nokkuð fyrir afgreiðslu þessa frv. Ef till. yrði samþ. hér, en síðar felld í hv. Ed., þá ætti ríkisstj. erfiðara með að láta endurskoðunina fara fram. Ég vildi leggja til, að þessi till. yrði ekki samþ. að svo stöddu. Það væri nóg að taka þetta til athugunar síðar, þegar l. hafa verið endurskoðuð. En að setja þetta í frv. núna, getur aðeins tafið fyrir frv. Þetta vildi ég benda hv. þm. á, þó að ég sé honum algerlega sammála varðandi brtt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Út af þeim skynsamlegu athugunum, sem hv. þm. Ísaf. talaði um, þá held ég, að þeir í Ed. gætu orðið sammála okkur í Nd. Það ætti því að geta orðið samkomulag um þessa till.

ATKVGR.

Brtt. 329,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 329,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 329,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 329,4 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 329,5 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 361 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 329,6, svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
— 368 samþ. með 17:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., 21. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 371).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það hefur verið lagt hér fram til 1. umr. frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, þskj. 371, og fylgir því engin framsaga. En ég vildi gjarnan nota þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. sjútvmrh. nokkurra spurninga í sambandi við þetta mál, áður en það er sett í n., svo að n. viti, hvernig hann lítur á það mál. Eins og hæstv. ráðh. er kunnugt, var þessum l. breytt nýlega með harðri deilu í þ., og þótt meiri hl. Alþ. tæki á sig þá ábyrgð að samþ. þá lagabreyt., hefur reynslan sýnt, að sú lagabreyt. hefur stóraukið öryggisleysið í flotanum og fjölgað stórkostlega bilunum á mótorbátum. Nú er enn höggvið í sama runn og farið enn lengra í þá átt að veikja öryggið, þrátt fyrir það, að vitað er, að nú eru 70—80 manns í skóla til þess að setjast í þessar stöður. Ég sé, að í 18. gr. hefur verið sett inn í Nd. fyrirmæli um, að

ríkisstj. skuli nú þegar skipa n. til þess að endurskoða og samræma öll l. og reglugerðir um nám og réttindi vélstjóra á íslenzkum skipum. Skulu stéttarfélög mótorvélstjóra og vélstjóra eiga fulltrúa í þeirri n., og skal n. þessi hafa lokið endurskoðun og skilað áliti til ríkisstj. fyrir 1. jan. 1950. Nú vildi ég spyrja hæstv. ráðh.: Er honum kunnugt um þessar breyt. og að þær hafi verið samþ. í Nd.? Þorir hann eða vill hann taka á sig ábyrgð á þeirri öryggisrýrnun, sem það hefur í för með sér, ef þetta verður samþ., eða gerir hann sér ekki grein fyrir þeirri öryggisrýrnun?

Það er sjáanlegt, að hv. Nd. telur mjög nauðsynlegt, að lög og reglur um réttindi vélstjóra á íslenzkum skipum sé endurskoðað, og verður að fá um það samkomulag. En er þá ekki heppilegri lausn á málinu að afgr. það með rökst. dagskrá en þó að hægt væri að knýja fram um það lagaboð, til þess að þessi skipun gæti verið um nokkurra mánaða skeið? Ég vildi aðeins óska þess, að hæstv. ráðh. skýrði þetta ofurlítið, áður en málið verður tekið fyrir af sjútvn.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. „Blóðnætur eru bráðastar", stendur þar. Ég sá, að þetta mál var hér til 1. umr., og af því að ég ætlaði að vera við umr. í Nd., gerði ég ekki ráð fyrir að taka til máls hér í d., enda gerði ég ráð fyrir, að það yrði þolað, að málinu væri vísað til n., áður en það yrði tekið til reglulegrar umr.

Að öðru leyti vil ég segja þetta í sambandi við fyrirspurnir hv. þm. Barð.: Ég vil taka það fram, að málið er ekki komið fyrir þingið frá sjútvmrh. né heldur í samráði við hann. Ég frétti fyrst af því í þinginu, og það var ekki rætt við mig um það af þn. Nd. Hins vegar hefur hringt til mín maður, sem taldi mig þekkja sig vel frá því í Vestmannaeyjum, og er sennilegt, að svo sé, þó að ég hafi ekki getað komið honum fyrir mig, og honum var mjög annt um þetta, og skýrði hann mér frá sérstökum atriðum í því, og það er það eina, sem ég hef heyrt um það mál. Till. sú, sem hv. þm. Barð. vísaði til, er sem sagt komin fram í þ. án þess, að ég eigi þar hlut að máli.

Ég tel það óþarfa fyrir okkur, mig og hv. þm. Barð., að vera við þessa 1. umr. málsins að rifja upp gamlar deilur okkar, þar sem ég barðist fyrir auknum réttindum vélstjóra, en hann á móti. Annar segir, að hér sé um till. að ræða, sem rýri öryggið, en hinn segir, að hér sé um skynsamlega framkvæmd á málinu að ræða. En ég vil taka með allri varúð á þessu, þangað til sannað er, að hv. þm. Barð. hafi rétt fyrir sér. Og hvað því viðvíkur, sem hv. þm. nú fullyrðir, að vélabilunum hafi fjölgað síðan þetta frv. var samþ., þá er mér ekki kunnugt um það. En þó að vélabilunum hafi fjölgað, þá leyfi ég mér að efast um, að það standi í sambandi við lagabreyt., heldur stafi það af því, að nú er um fleiri skip að gera, og eftir því sem skipunum fjölgar, hlýtur náttúrlega að verða meira um vélabilanir.

Ég tel rétt, eftir að ég hef upplýst þetta fyrir hv. þm., að málinu verði vísað til hv. sjútvn. Þar er svo hægt að gera út um málið og er ég reiðubúinn til þess að eiga þá viðræður við hv. þm. Barð. um þetta mál. Ég hef myndað mér ákveðnar skoðanir á málinu á þessari stundu, en vil aðeins endurtaka, að ég er reiðubúinn til að ræða við n. um það og mun þá taka tillit til öryggis- og sanngirniskrafna.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ef hæstv. fjmrh. hefur skilið orð mín svo, að ég væri hér að reyna að hefta, að málið færi í n., þá er það misskilningur. Ég vildi fá skýringu á þessu og læt mér nægja þær upplýsingar, sem ég hef fengið, og mun ekki í dag fara að ræða þær mismunandi skoðanir, sem við höfum á málinu. Hins vegar vil ég vænta þess, að hæstv. forseti reki ekki svo mjög eftir málinu hjá nefndinni, að ekki sé tími eða tækifæri til þess að ræða við hæstv. ráðh. *(Forseti:* Ég mun fara hóflega í það).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 371, n. 600 og 615).

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur klofnað um afgreiðslu þessa máls. 4 nm., sem skrifa undir nál. á þskj. 600, vilja láta samþ. frv. óbreytt eins og það kom frá Nd. Hv. 1. þm. Reykv. (BÓ) hefur skrifað undir með fyrirvara, og mun hann sjálfsagt gera grein fyrir, í hverju það liggur. Form. sjútvn. hefur hins vegar ekki viljað fallast á þessa afgreiðslu málsins og vill fella niður allt úr frv. nema ákvæðin í 18. gr. um endurskoðunina.

Þær breyt. við l. um siglingar, sem felast í frv., eru þrenns konar: Frv. felur í fyrsta lagi í sér aukin réttindi handa þeim mönnum, sem lokið hafa meira námskeiði Fiskifélags Íslands, þannig að nú fá þeir réttindi til þess að fara með 900 ha. vélar í stað 600 ha. véla áður. Skilyrði fyrir þessu eru ekki aukið skólanám, en aukinn siglingatími. Í sjútvn. varð ágreiningur út af þessu og einnig varð ágreiningur um þetta milli vélstjóra, sem stunda nám á námskeiðum Fiskifélags Íslands, og svo hinna, sem stunda nám við vélstjóraskólann. Af þessari tvískiptingu í náminu myndast togstreita milli þessara aðila, og af því myndast líka ágreiningur um, hvort veita skuli þessi auknu réttindi. Forsvarsmenn og nemendasambönd vélstjóraskólans telja rangt að auka réttindi hinna svo sem hér er farið fram á, en þrátt fyrir það hefur meiri hl. n. fallizt á þetta, að vel athuguðu máli, enda hefur verið mælt með þessu af Mótorvélstjórafélagi Íslands. Meiri hl. n. vill því samþ. frv. og þá um leið þessa réttindaaukningu, en á móti henni komi aftur lengri siglingatími.

Í 2. gr. frv. er sagt, að í stað „15" í 30. gr. skuli koma: 25. Þar er verið að auka réttindi manna, sem aðeins þurfa að fá vottorð um það, að þeir séu hæfir til þess að fara með vélar. Réttindi

minna námskeiðsins eru svo aukin frá 50 upp í 75 ha. Aðrar gr. eru svo þessu til samræmingar. Auk þess, að réttindin eru aukin, felst einnig sú breyt. í 16. gr., að ráðh. má veita undanþágu til skipstjórnar- og vélstjórnarstarfa, ef skortur er á mönnum til þeirra starfa. Undanfarið hafa slík leyfi verið veitt, án þess að fyrir því væri lagaheimild, þar sem skortur á mönnum til þessa starfa hefur verið svo mikill. Og þar sem málum er enn þá svo háttað, þá hefur ráðh. talið nauðsynlegt að taka þetta í lög, svo að hann geti stuðzt við einhverja lagaheimild.

Þriðja meginbreyt. með þessu frv. er sú, að í 18. gr., síðari málsgr., er tekin sú ákvörðun, að endurskoða skuli fyrir næstu áramót öll lög og reglugerðir um nám og réttindi vélstjóra. Ég vil leggja áherzlu á, að þessar námsreglur verði endurskoðaðar og samræmdar. Sjútvn. hefur rekið sig á það, að þessi tvískipting í námi er mjög óheppileg. Það þarf að skipa þessu námi í eitt kerfi, og ef námskeið Fiskifélagsins verða haldin áfram, virðist eðlilegast, að þau séu felld inn í nám vélstjóraskólans. Með því móti er hægt að samræma nám gufuvélstjóra og mótorvélstjóra. Það hefur verið þannig undanfarið, að á námskeiðum Fiskifélagsins hefur eingöngu verið kennd *mótorvélfræði, en í vélstjóraskólanum* hefur gufuvélanámið algerlega verið látið sitja fyrir. Þetta þarf að samræma, og því er nauðsynlegt, að þessari endurskoðun verði hrundið í framkvæmd sem fyrst. Um þetta hefur n. verið sammála, og mér skilst, að það eina, sem formaður n. vill halda eftir af frv., séu þessi ákvæði um endurskoðunina. Meiri hl. n. vill því, að frv. verði samþ. óbreytt, og telur, að í því felist engin áhætta fyrir þau skip, sem þarna koma til greina, því að þótt ekki sé krafizt aukins skólanáms, eiga allir þessir menn að hafa öðlazt næga praktiska reynslu, þar sem þeir þurfa að hafa siglt í 3 ár eftir að hafa öðlazt minni réttindin. Ég vil því fyrir hönd meiri hl. mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er afskaplega einkennilegt, hve fáir af hv. þdm. eru hér viðstaddir til þess að hlusta á röksemdafærslu í þessu máli, en þessu máli er þannig varið, að menn verða að setja sig alveg sérstaklega vel inn í það, til þess að komast að kjarna málsins.

Ég geri ráð fyrir, að þegar menn almennt lesa yfir frv., finnist mönnum lítill munur vera á þeim breyt., sem það felur í sér, finnist það vera nokkurn veginn sama, hvort stendur 15—25 eða 25—50 hestöfl, eða hvort heldur stendur 25—50 ha. eða 50—75 ha., eða fyrir 600 komi 900. En sannleikurinn er sá, að það er reginmunur á, hvort þetta verður samþ. eða ekki, og það er svo mikill reginmunur á þessu, að ég veit ekki, hvort hv. þm. gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð, sem þeir eru að taka á sig með því að samþ. það. Og ég get ekki skilið það kapp hjá meiri hl. að geta ekki sameinazt um það og fresta ekki afgreiðslu þess, þar til endurskoðun hefur farið fram, en samkvæmt l. átti hún að fara fram um þetta leyti. En í þess stað er þetta tímabil notað til þess að veita á annað hundrað manns rétt, sem þeir annars hafa ekki samkv. núgildandi l., og rétt, sem þeir ekki fengju, ef l. væru endurskoðuð af kunnáttumönnum í faginu. Það er ekkert annað en ótti við endurskoðun, framkvæmda af fagmönnum, sem veldur því, að þessu er hraðað þannig í gegn. Það er ekkert annað en sá ótti, sem þessu veldur, hræðsla við, að þessir menn fái ekki réttindin, sem þeir eiga ekki að fá.

N. taldi sjálfsagt að senda frv. til umsagnar þeirra manna, sem mest berjast fyrir því, að þetta verði samþ., og þeirra, sem því eru mótfallnir, og sömuleiðis til hlutlausra aðila, eins og skipaskoðunarstjóra ríkisins, en hann hefur engra hagsmuna að gæta í þessu máli. Í þessu bréfi bar n. fram ákveðnar spurningar, sem hún óskaði, að yrði svarað af þessum aðilum. Fyrsta spurningin var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Teljið þér, að frv. þetta, ef að lögum verður, veiki eða styrki öryggi skipaflotans yfirleitt?“ Þetta er raunverulega sú spurning, sem hver þm. ætti að hafa í huga og hver og einn að gera upp við sig að athuga, áður en málið er afgr. Nú hefur hv. frsm. meiri hl. og meiri hl. raunar allur talið, að þetta veiki ekki öryggið. En þá skulum við athuga, hvernig svörin hafa fallið við þessari fyrstu spurningu n. Fjórir aðilar, *skipaskoðunarstjóri ríkisins, Vélstjórafélag* Íslands, Skólafélag vélstjóraskólans og skólastjóri vélstjóraskólans, hafa svarað þessu á þá leið, að þeir álitu allir, að frv., ef það yrði samþ., mundi veikja öryggi skipanna og skipverja. Einn aðili er auk þess alveg hlutlaus og álítur, að það mundi hvorki gera að auka öryggið né veikja, en Mótorvélstjórafélag Íslands er eini aðilinn, sem telur, að það muni auka öryggið. En hverjir eru það þá, sem sækja þetta mál fastast? Það eru þeir menn, sem halda, að það yki öryggi skipaflotans, ef þetta verður samþ., það eru þeir menn, sem skv. frv. mundu fá stórkostleg réttindi fyrir ekkert nám, sem áður tók allt að 7 árum, og eiga nú að fá réttindi til þess að gæta véla allt að 900 hestafla. Þetta er eini aðilinn, sem mælir eindregið með frv. og álítur, að það styrki öryggi skipaflotans, ef það verður samþ. Allir aðrir aðilar álíta, að það mundi veikja öryggið, nema Fiskifélagið, sem álítur, að það mundi hvorki veikja né styrkja. Nú skal ég viðurkenna, að skipaskoðunarstjóri ríkisins er eini aðilinn, sem er alveg hlutlaus, en þar fyrir þykir mér það afar einkennilegt, að hv. samnm. mínir í sjútvn. skuli ekki geta fallizt á, að svona ætti ekki að afgreiða mál, jafnþýðilegir menn og aðgætnir og þeir eru. Ég skal vel viðurkenna, að það má deila um það, hvort skólastjóri vélstjóraskólans sé hlutlaus aðili, því að það er hægt að hugsa sér þann möguleika frá sálfræðilegu sjónarmiði, að hann muni draga taum skólans og nemenda hans, og einnig má segja það sama um Skólafélag vélstjóraskólans, en það má segja það sama um þá menn líka, sem hafa fengið menntun sína frá mótornámskeiði Fiskifélagsins, að þeir séu ekki hlutlausir. Annars er þetta kapp milli vélfræðinámskeiðs Fiskifélagsins og vélstjóraskólans mjög óheppilegt. Í staðinn fyrir að sameina kraftana og fá sem mest úr þeim, þá keppa þeir um að útunga sem flestum og reyna að ná í sem flesta nemendur til sín, hvor í sínu lagi. Af þekkingu

minni á þessum málum, sem ég hef bæði fengið með námi mínu og starfi og einnig af umsjón með þessum málum erlendis, er mér það vel ljóst, hvernig ég á að vera í þessu máli, og þess vegna skil ég ekki, hvernig þm. geti afgr. þetta gegn áliti skipaskoðunarstjóra, sem álítur, að þetta mundi verða til þess að veikja öryggi skipa og skipverja. Og sízt af öllu skil ég í þeim mönnum, sem telja sig vera fulltrúa sjómannastéttarinnar, að þeir skuli samþ. þetta frv.

Ég vil nú beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann fresti umr. um þetta mál, því að hæstv. ríkisstj. hefur boðað mig á fund sinn kl. 4.30, og ég þarf að kalla fjvn. saman á fund núna strax. Vænti ég þess, að umr. um þetta mál verði frestað. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 96. og 97. fundi í Ed., 4. og 5. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 98. fundi í Ed., 6. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson) [Frh.]: Herra forseti. Þegar ég frestaði ræðu minni hér síðast, hafði ég bent á, að sjútvn. sendi málið til umsagnar til ýmissa aðila, eins og sjá má á nál. Meiri hl. þessara aðila lét í ljós það álit sitt, að ef l. yrði breytt í þá átt, sem meiri hl. sjútvn. leggur til, veikti það öryggi skipaflotans, og vísaði þar sérstaklega til ummæla skipaskoðunarstjóra. Önnur spurningin var um það, hvort þetta mundi draga úr aðsókninni að verkstæði og skóla. Svör við þessari spurningu bárust líka frá viðkomandi aðilum, og voru 4 aðilarnir þeir sömu og svöruðu fyrstu spurningunni og voru þeir sammála um, að þetta mundi draga frá verkstæðunum, þar sem dregið væri úr námskröfunum, sem samkvæmt lögum hefur þurft til þess að öðlast réttindin. Enda er það ljóst, að ef halda á áfram á þeirri braut að taka fjölda manna inn í stéttina án þess að þeir uppfylli þau skilyrði, sem sett eru í l., þá verður endirinn sá, að ungir menn fást ekki til náms í þessari iðngrein af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi sjá þeir ekki fram á, að þeir þurfi að læra í 7—8 ár til þess að fá réttindi, og í öðru lagi sjá þeir ekki fram á, að réttindi þeirra verði verndud. Réttindin voru aukin fyrir 2 árum og svo á að fara að auka þau aftur núna og bæta við á annað hundrað manns, sem fær réttindi til þess að fara með vélar allt upp að 900 ha. Ég þarf auðvitað ekki að lýsa því, hvílík áhrif það hefur á öryggi skipaflotans, ef stöðugt á að veita aukin réttindi án aukins náms og kunnáttu; slíkt sjá allir. Hins vegar hafa bæði Mótorvélstjórafélagið og Fiskifélag Íslands látið þá skoðun í ljós, að þetta muni ekki hefta aðgang að skólunum, en þeir færa engin rök fyrir máli sínu. Að Fiskifélagið hefur snúizt svona í málinu, virðist mest stafa af kappi milli skólanna. Ég álít, að breyta ætti l. um kennslu í þessum skólum og sameina þá, þannig að kennslan færi fram undir sama þaki, en ekki í tveimur stöðum, eins og nú er. Það á að láta alla hina verklegu kennslu fara fram í hinum nýja sal vélstjóraskólans og flytja þangað öll þau tæki, er til þess þarf. Það á að setja alla kennsluna undir eina stjórn, en ekki láta ríkið koma upp tveimur stofnunum, sem síðan bítast og rífast sín á milli. Til náms í skóla Fiskifélagsins er nú krafizt tveggja ára smíðanáms, og á það að gefa réttindi til þess að fara með 900 ha. vélar, en í vélstjóraskólanum er krafizt 3 ára smíðanáms, og þó fá menn það an aðeins réttindi til þess að fara með 600 ha. gufuvélar. Þetta ósamræmi er alveg ótækt og þarf nauðsynlega að lagfærast. Ef nauðsynlegt er að hafa þriggja ára smíðanám, verður það að gilda fyrir báðar stofnanirnar, en það nær engri átt, að í annarri stofnuninni þurfi ¼ lengra nám, er gefi samt minni réttindi. Ég tel nauðsynlegt, að þessi lög verði endurskoðuð, og um það virðast flestir vera sammála, en þá verður bara að fresta þessari lagabreyt., unz sú endurskoðun hefur farið fram.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að vélfræðingur Fiskifélagsins hefur haldið því fram, að þeirra verklega kennsla ætti að vega upp á móti þriðja smíðaári vélstjóraskólans. Í verklega náminu er unnið 8 klst. á viku, og mun það samsvara því, að yfir allan tímann sé unnið í 1½ mánuð við verklegt nám, og sér þá hver maður, hvort það getur átt sér stað, að þessi 1½ mánuður geti samsvarað 12 mánuðum þar, sem unnið er við þessi störf frá morgni til kvölds. Ég held því, að öll rök fyrir því, að hægt sé að stytta verklega námið, séu úr lausu lofti gripin, enda segir það sig sjálft, að menn, sem eiga að fara með 900 ha. vélar, verða að hafa mikla verklega reynslu, þótt þeir hins vegar verði líka að hafa stundað bóklegt nám. Nú er það svo, að ef athugað er í reglugerðinni, hvað kennt er í bóklegum fræðum, þá kemur það í ljós, að kennsla í íslenzku, dönsku, eðlisfræði o. fl. er sams konar á fyrsta vetri í báðum stofnununum. Það er því ljóst, að hér er um hreina sóun á kennslukröftum að ræða, þar sem það er kennt á tveimur stöðum, sem mætti hæglega kenna á einum.

Þriðja spurningin, sem spurt var að, var á þá leið, hvort ekki mundu útskrifast nægilega margir úr vélstjóraskólanum á þessu ári til þess að fullnægja eftirspurninni. Svar allra aðila við þessu var neikvætt, en þeir töldu hins vegar, að ekki mundi líða langur tími þar til eftirspurninni yrði fullnægt, ef ekki yrði brugðið fæti fyrir aðsóknina að skólanum.

Síðasta spurningin fjallaði um það, hvort ekki væri sjálfsagt að fresta samþykkt frv., unz lögin hefðu verið endurskoðuð. Fiskifélagið telur það hyggilegt og telur ekki nauðsynlegt að breyta. l. fyrr en þeirri athugun er lokið. Mér finnst þetta veigamikið atriði, að aðili eins og Fiskifélag Íslands telur það enga aðkallandi nauðsyn að breyta l. fyrr en að lokinni þessari athugun. Hins vegar telur Mótorvélstjórafélag Íslands ekki rétt að fresta samþykkt frv. af þessum ástæðum. En það vakir aðeins eitt fyrir þessum mönnum með því að vilja fá frv. samþ., og það er að tryggja hundrað stéttarbræðrum sínum rétt til þess að fara með vélar, sem þeir hafa enga menntun til að fara með og engan rétt samkvæmt núgildandi l., því að þeir óttast, að allur fjöldinn af þeim muni ekki geta fengið

meðmæli til þess án þess að ljúka námi. Hins vegar játa ég það, að einhver hópur af þessum mönnum, sem beztir eru taldir og mesta reynslu hafa fengið, gætu fengið eitthvað af þessum réttindum, þegar l. eru endurskoðuð, því að það er ekkert nýtt, að einn maður geti komizt inn í fagið á skemmri tíma en annar. Það eru t. d. til smiðir af guðs náð, sem ekki þurfa að vera við smíðar í meira en tvö ár til þess að komast jafnvel inn í fagið eins og aðrir, sem hafa notað allan námstímann og verið 4 ár. En þetta gildir ekki um alla heildina, því að sannleikurinn er sá, að mestur fjöldinn af þessum mönnum hefur ekki kunnáttu til þess að stjórna þeim vélum, sem þeir eiga að fá réttindi til, ef þetta frv. verður samþ.

Í sambandi við þetta þykir mér rétt að benda á annað atriði. Réttindi vélstjóra, það er að segja eimvélstjóra, eru miðuð við „indiceruð" hestöfl, það er að segja við hestöfl, sem framleidd eru af vélinni sjálfri. Hins vegar eru hestöflin eins og þau eru reiknuð hjá mótorvélstjórum allt önnur. Réttindi þeirra eru miðuð við svokölluð „bremsu"-hestöfl, sem eru töluvert minni, þannig að þetta hestafl verður 10—12% lægra en eimhestaflið. En þetta er ekki látið nægja, heldur hefur stofnunin sjálf, Fiskifélag Íslands, sett reglur og fengið staðfestar um það, hvernig reikna skuli afl mótorvéla, þannig að mótorvél, sem er í „Herðubreið" og er 900 ha., er samkvæmt þessum reikningi 450 hestöfl. Þannig er mönnum, sem hafa litla kunnáttu í faginu, leyft með þessu frv., ef samþ. verður, að fara með vélar, sem eru 900 ha., en hafa þá í raun og veru réttindi til þess að fara með vélar, sem eru allt að 1600—1700 ha. Það er því nauðsynlegt að samræma reikninginn á þessu og láta það t. d. vera „indiceruð" hestöfl í öllum tilfellum. Þegar svo þar við bætist, að það er álit sérfræðinga þeirra, sem töluðu um þetta við n., að þörf sé fyrir miklu meiri þekkingu og menntun til þess að gæta örugglega 600 ha. dieselvélar en 600 ha. eimvélar, þá er alveg óverjandi að gefa þessum mönnum þennan rétt til þess að stjórna vélum, sem eru allt að 1600 ha., en halda hinum, sem eru búnir að vinna lengur og hafa miklu lengri námstíma, í 600 hö.

Þá vil ég benda á, að eins og frv. er, þá er gert ráð fyrir, að fyrir „15" komi 25, fyrir „50" komi 75 og fyrir „600" komi 900. Ef þessi breyt. nær fram að ganga, þá er það sýnilegt, að ef ekki verða hækkaðar aðrar tölur til samræmis, t. d. 250 ha. í 400—600 ha., þá getur maður, sem siglt hefur sem undirvélstjóri á skipi með 250 hestafla vél, farið að sigla sem yfirvélstjóri á skipi með allt að 900 hestafla vél, án þess að á hann séu lagðar nokkrar skyldur til frekari menntunar. Það er því alveg óhugsandi að breyta þessu nema að breyta 250 hestöflum í 400 hestöfl á sama tíma. Það er líka nauðsynlegt að breyta fleiri greinum, ef á að fara að breyta þessu á annað borð, og það er alveg óhjákvæmilegt annað en að láta þær breyt. bíða, þangað til l. hafa verið endurskoðuð. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á það, að þegar þetta mál var hér til umr. í d. í hitteðfyrra og þessar breyt. komu hér til tals, lagði ég fram brtt. mínar í nál. minni til. n. á þskj. 854 þ. á. Þar vildi ég láta setja það inn, að ráðh. skipaði þriggja manna mþn., sem skipuð væri vélgæzlumönnum og öðrum, sem hefðu þekkingu á þessum málum, til þess að endurskoða l. og gera þar till. til breyt. í samræmi við þróun flotans og leggja þær síðan fyrir Alþ. Þetta var rætt, og mig minnir, að þáv. ráðh. hafi lofað að athuga þetta. Ég held, að við höfum þá eins og nú verið sannfærðir og enginn ágreiningur hafi verið um það, að þetta þyrfti að gera, en þetta mátti ekki fara í gegn þá, af ótta við það, að það yrði þá fellt. Meiri hl. þdm., sem þá voru á þingi, óttaðist, að frv. yrði fellt, ef þessi breyt. yrði tekin upp í það, þó að þeir hins vegar viðurkenndu þörfina á því. Nú hefur þetta verið tekið upp í frv., og er það aðeins til að sýna, hve nauðsynlegt það er. Hins vegar er það nú bundið við að hleypa á annað hundrað manns inn, án þess að þeir hafi til þess réttindi eða kunnáttu, og tel ég það hreinustu goðgá. Ég tel því rétt, að þær gr., sem miða að því, séu felldar úr frv. Þannig er rétt að samþ. 1. gr. óbreytta, og er það eðlilegt. Síðan legg ég til, að felldar séu allar gr., sem miða að því að hækka réttindi manna, án þess að þeim séu um leið lagðar skyldur á herðar, þ. e. a. s. greinarnar aftur að 16. gr., hins vegar verði 16. gr. látin standa, enda hefur gr. verið breytt. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 99. og 101. fundi í Ed., 7. og 9. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 102. fundi í Ed., 10. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 371, n. 600 og 615, 649).

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson) [Frh.]: Herra forseti. Ég hef tvisvar orðið að fresta ræðu minni í þessu máli, og nú eru ekki margir þm. hér viðstaddir til þess að hlusta á þau rök, sem ég vildi færa fram. Þeir virðast ekki hafa áhuga á því að fá skýringar á málinu, þó að það sé flókið. Ég skal því ekki þreyta hæstv. forseta með fleiri rökum, en vildi áður en ég lýk máli mínu geta þess, að sjútvn. hefur borizt bréf frá Fiskifélagi Íslands, eftir að n. skilaði áliti sínu. Bréfið er dagsett 5. maí 1949, og vil ég leyfa mér að lesa það, með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar svo:

„Með tilliti til þeirrar afgreiðslu, sem frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, 98. mál, hefur fengið í sjútvn. Ed., viljum vér ekki láta hjá líða að taka fram eftirfarandi: Vér höfum bent á það í bréfi til n., dags. 28.3. s. l., að vér teldum hyggilegast að gera ekki breyt. á l. fyrr en fram hefði farið endurskoðun sú, sem gert er ráð fyrir í 18. gr. frv., enda ekki aðkallandi nauðsyn að gera neinar breytingar." Ég vil biðja hv. dm. að taka eftir, að hér er því haldið fram, að ekki sé aðkallandi nauðsyn að gera neinar breyt. „Í framhaldi af því viljum vér einnig benda á, að mjög væri óheppilegt að gera breyt. á einstökum atriðum l. nú, rétt áður en endurskoðun þeirra í heild færi fram. — Virðingarfyllst. Davíð Ólafsson."

Ég held, að þetta sé nægilegt, svo að ég á

þessu stigi geti látið máli mínu lokið. Ég vænti þess, að frv. verði breytt í það horf, sem ég legg til í brtt. mínum og nál. Á þann hátt verður 1. gr. samþ. um, að viðkomandi aðilar skuli fá læknisvottorð um sjón og heyrn á fimm ára fresti. Líka stendur ákvæðið um, að ráðh. geti veitt undanþágu, og að síðustu er fyrirskipuð endurskoðun l. fyrir næsta Alþ. Það stendur að vísu í frv. „fyrir 1. jan. 1950", en ég gæti fallizt á, að í staðinn kæmi: 1. okt 1949. Ég sé ekki, að ástæða sé til þess að draga þessa endurskoðun. Það er bezt, að hún fari fram strax. Og verði hún falin góðum mönnum, sem vit hafa á þessum málum, ættu till. um breyt. að geta legið fyrir, þegar Alþ. kemur saman í haust. Aðra afgreiðslu á þessu máli tel ég óheppilega og beinlínis skaðlega, nema þá að vísa málinu frá með rökst. dagskrá, sem kemur í sama stað niður. Þessa löggjöf þarf að endurskoða hvort sem er, enda hefur hæstv. samgmrh. viðurkennt, að hann muni láta gera það, hvort sem frv. er samþ. eða ekki.

Ég læt þetta nægja nú og vænti þess, að hv. dm. fallist á þetta, því að það er öllum fyrir beztu og hefur minnstar hættur í för með sér.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var til meðferðar í sjútvn., stóð svo á, að ég gat ekki um tíma sótt fundi, og þess vegna hef ég ekki getað kynnt mér málið sem skyldi. Auk þess er málið þannig vaxið, að erfitt er fyrir þá, sem ekki eru lærðir í þessum fræðum, að gera sér glögga grein fyrir þeim ágreiningi, er um það hefur orðið, svo að maður sé viss um að fylgja því, sem réttast er og hagkvæmast. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, og því meir sem ég hef hugsað um málið, því meir hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að ég eigi ekki samleið með þeim, sem vilja samþ. að veita þessum vélamönnum aukin réttindi. Ég get kannske ekki gert grein fyrir þessari niðurstöðu sem skyldi, en ég vil fyrst taka það fram, að ég tel ekki mikla nauðsyn á því, að frv. gangi fram á þessu þingi. Það er ekki mjög mikil nauðsyn að reka á eftir því að gefa þessar undanþágur, því að ef hörgull er á vélamönnum, sem getur verið, þá er hægt að halda við þessum undanþágum, þar til l. hafa verið endurskoðuð, svo að allir geti við unað. Mér skilst, að það sé allra manna mál, að ekki sé viðunandi, að l. séu ekki sett í það form, er unað verði við til frambúðar. Ég tel því, að það sé að rasa um ráð fram, ef gera á bráðabirgðabreyt. á l., sem um er deilt, samtímis því sem allir eru sammála um, að endurskoða þurfi l. og koma þeim á grundvöll, er byggt verði á til frambúðar. Hv. þm. Barð. las hér bréf frá Fiskifélagi Íslands, þar sem það lýsir sig fylgjandi því, að málinu sé frestað, l. tekin til endurskoðunar og reynt að leggja fram frv. um þetta fyrir næsta Alþ. Mín skoðun er sú, að þetta sé skynsamlegasta lausnin á málinu. Það er heppilegast að vísa málinu frá eða fella úr frv. þau atriði, sem mest er um deilt, réttindi þau, sem vélamönnum eru þar gefin, en hafa undanþáguheimild, svo að stjórnarvöldin geti veitt nauðsynlegar undanþágur, meðan ekki er gengið frá l. til fullnustu.

Eitt er það, sem maður rekur augun í, þegar maður athugar þetta mál, og það er, að þeir, sem stunda nám í vélskólanum og búnir eru að vera fjóra vetur við smíðanám og tvo við skólanám, geta ekki orðið aðstoðarmenn hjá mönnum, er eiga að fá réttindi eftir sex mánaða námskeið og tveggja ára smiðjutíma — að vísu hafa þeir haft lengri starfstíma. Hér virðist skjóta nokkuð skökku við. Hv. 6. landsk. hyggst að bæta úr þessu með till., er hann flytur á þskj. 649, en mér sýnist, að það væri að bæta gráu ofan á svart að samþ. þá till. Til þess að geta veitt vélamönnunum aukin réttindi ætlar hann að draga úr námskvöðinni, svo að þeir geti fengið að vinna við ákveðna stærð véla án þess að ganga í rafmagnsdeild einn vetur, eins og nú er ákveðið í l. Ég fæ ekki betur séð en að það sé að bæta gráu ofan á svart að fara að breyta þessu.

Ég vildi gera þessa grein fyrir afstöðu minni, því að hún hefur ekki komið skýrt fram áður, og ég verð að viðurkenna, að skoðanir mínar hafa breytzt talsvert mikið við meðferð málsins. Ég mun verða fylgjandi því, að þessari lagasetningu verði frestað og að fullkomin endurskoðun fari fram á l. Ef þess er þörf, má setja inn heimild til undanþágu; ég er ekki svo vel að mér, að ég viti, hvort slík heimild er fyrir hendi, en mig minnir, að ég hafi heyrt, að hún sé talin hæpin.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta mál er þannig vaxið, að fáir þm. hafa aðstöðu til þess að dæma um efni þess af fullkominni þekkingu. Menn verða því að setja sig rækilega inn í málið, og ég hef reynt að kynna mér öll gögn, er fyrir liggja. Það virðist skýrt, að menn öðlist réttindi með tvennu móti. Ef menn stunda nám við vélstjóranámskeið Fiskifélags Íslands í sex mánuði og hafa auk þess verið tvö ár í smiðju, öðlast þeir réttindi til að gæta véla upp að 600 ha stærð. Nú virðist mér meginefni frv. vera, að réttindi þessara manna verði aukin, svo að þeir hafi réttindi til að gæta allt upp í 900 ha. véla. Síðan eru þeir, sem stunda nám við Vélskóla Íslands. Þeir eru tvö ár við skólanám og fjögur ár í smiðju og hafa réttindi til að gæta gufuvéla upp að 1200 ha. og mótorvéla allt upp að 1300 ha, ef þeir auk þess eru í rafmagnsdeild skólans í sjö mánuði. Þarna er um sjö ára nám að ræða, og þessir menn fá ekki full réttindi að því er snertir mótorvélar fyrr en þeir hafa lokið sjö mánaða námi í rafmagnsdeild. Það er þegar augljóst ófagfróðum, að þarna er um ósamræmi að ræða milli réttinda þeirra, sem hafa styttri og lengri námstíma, svo að réttindi langskólamanna eru knappari, en frv. vill auka réttindi þeirra, sem styttri hafa námstímann. Frv. eykur því þetta ósamræmi og misrétti, og samþykkt þess gæti ef til vill haft í för með sér, að ungir menn legðu ekki á sig nám í Vélskóla Íslands í tvo vetur, fjögurra ára smiðjutíma og sjö mánaða nám í rafmagnsdeild auk tilskilins siglingatíma. Ef þessi námsferill er talinn óþarfur, væri bezt að leggja Vélskóla Íslands niður og láta hitt duga.

Í sambandi við þetta mál hefur n. sent spurningar til ýmissa aðila, og sú, er varðar mestu, er á þá lund, hvort þeir telji, að þessi breyt. stuðli

að auknu öryggi. Þeir aðilar, sem leitað hefur verið til, svara mjög ákveðið þessari spurningu. Skipaskoðunarstjóri svarar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Ég fæ ekki betur séð en að með þessu frv., ef að lögum yrði, sé verið að draga úr öryggi skips og skipverja, þar sem hvorki smíðanám né önnur atriði undirstöðumenntunar hafa verið aukin í samræmi við hin auknu réttindi, sem farið er fram á að fá.“ Mér finnst skipaskoðunarstjóri óhlutdrægur í þessum málum og legg ég mikið upp úr skoðunum hans. En svar hans er ekki með öðrum hætti en annarra aðila, er ætla má, að séu vel fróðir um þessi efni. — Sömu spurningu svara Tómas Guðjónsson og Þorsteinn Árnason fyrir hönd Vélstjórafélags Íslands á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Vér fullyrðum, að það veiki öryggi skipaflotans“. Þá var spurningin lögð fyrir skólafélag vélstjóraskólans, og svara henni í umboði skólafélagsins Valdimar Indriðason, Guðmundur Jónsson, Þorsteinn Ársælsson, Lárus Ó. Þorvaldsson og Ásgeir Long. Þetta eru sennilega allt nemendur skólans, og þeir svara á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta: „Vér teljum, að verði frv. þetta gert að l., muni það óhjákvæmilega veikja öryggi skipaflotans, þar sem farið er fram á réttindaaukningu úr 600 hestöflum upp í 900 hestöfl án aukins bóklegs náms“. Það má kannske segja, að hér sé ekki um alveg hlutlausan aðila að ræða, þar sem þetta eru nemendur skólans, sem telja sig verða fyrir misrétti. Ég legg ekki eins mikið upp úr þessu og hinum tveimur svörunum, sem ég hef nú lesið upp. — Þá eru það enn 2 aðilar, sem hafa verið spurðir. Fiskimálastjóri segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Vér álítum, að frv. hafi ekki áhrif í þá átt að styrkja öryggi flotans, en hins vegar fáum vér ekki heldur séð, að það veiki öryggi flotans yfirleitt, þar sem breytingar þær, sem ráðgerðar eru, ná aðeins til mjög takmarkaðs hluta hans, eins og hann er nú.“ Undir þetta skrifa þeir Davíð Ólafsson og Þorsteinn Loftsson, vélfræðiráðunautur. Svar þeirra er hvorki með né móti frv. — Einn aðili er sá enn, sem við höfum svar frá, Mótorvélstjórafélag Íslands, er stendur að baki þessu frv. Svar þess er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Félagið telur, að frv. þetta, ef að lögum verður, muni auka öryggi skipanna, enda er þegar fjöldi vélstjóra með menntun frá meira mótornámskeiði Fiskifélagsins starfandi með undanþágum ....“ En eins og ég tók fram áðan um svör nemenda í vélskólanum, að ég legði eigi mikið upp úr því, að þeim þætti málið sér öndvert, þá legg ég ekki heldur mikið upp úr þessu svari, heldur hinum, sem menn, er gegna ábyrgðarmiklum stöðum standa að og óhlutdrægt líta á.

Önnur spurning hefur líka verið lögð fyrir aðila af hv. n. um það, hvort þeir telji eðlilegt að fresta þessu máli, og eru flestir á sama máli, að afgreiðslu málsins beri að fresta áður en endurskoðun fer fram á l. á árinu 1949. Nú liggur fyrir yfirlýsing frá hæstv. ráðh., að endurskoðun l. fari fram, hvort sem frv. verður að l. eða ekki. Mér þykir því auðsætt að vera ekki að knýja fram breyt. á einu atriði í löggjöf, sem er í endurskoðun. Þau atriði geta og verið til, sem meiri ástæða sé til að breyta. Alþ. er engin sérfræðileg stofnun og sér eigi fótum sínum forráð nema að leita til sérfróðra manna í þessum málum. Ég held, að það væri betra að fá heildarálit um þessi efni frá sérfræðingum og hafa það þá fyrir sér, t. d. á næsta þingi. Veigamikið atriði er það hér, að sennilega yrði það hagkvæm breyt. á vélfræðikennslunni að láta hana eigi fara fram á tveimur stöðum hjá tveimur aðilum, heldur láta hana fara fram á einum stað undir þaki vélskólans, og þar mun nægileg aðstaða til að láta kennsluna fara þar fram alla. Skapast áreiðanlega stéttarleg vandræði af því, að rígur skapaðist milli manna, sem væru útskrifaðir frá þessum tveimur aðilum, sem fara nú með kennsluna. Það á að samræma hana undir stofnun, sem einn maður veitir forstöðu. Niðurstaða mín verður því, að fyrir liggi ummæli sérfræðinga, að eigi sé til aukins öryggis að breyta þessu atriði l., og allir eru sammála um, að endurskoða beri l. í heild og sú endurskoðun yrði þá framkvæmd af sérfræðingum, en ekki sé þess nauðsyn eða til bóta, að frv. þetta verði samþ. Ég legg því til, að eigi að afgreiða málið, séu till. hv. form. sjútvn. samþ., en þar er sumt fólgið í því, sem allir eru sammála um, en hinu verði frestað. Ég álít, að sé þessi breyt. álitin góð af sérfróðum mönnum, yrði endurskoðun l. einnig til þess, að málinu væri borgið í góða höfn.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Það hafa nú verið slitnar sundur umr. um mál þetta í d., og er nokkuð farið að fyrnast yfir það, er fram kom í ræðu hv. form. sjútvn., sem er í andstöðu við meiri hl. n. og búinn var að flytja ræðu sína á tveimur fundum, og geri ég ráð fyrir, að hann hafi lokið við hana nú, þótt ég hafi eigi verið viðstaddur. Ég held, að það sé ekki ástæða til að fara að tína upp og svara öllum aths. í ræðu hans. Ég skal kannast við, að ýmis vafasöm atriði eru í l., eins og þau eru nú, og þörf sé á að samræma ýmis ákvæði þeirra betur og endurskoða en gert er með fyrirliggjandi brtt. n. En ég held, að ýmis þessi atriði séu ekki svo veigamikil, að brtt. þurfi að taka upp og samþ. við þau nú. Og ég tek undir það með hv. 3. landsk. (HV), að það sé tæplega á færi Alþ. að yfirfara l., svo að ýmislegt sé tryggt betur, sem ósamræmi mætti finna í, og höfuðtilgangurinn er að ákveða almenna endurskoðun l., og þá gefst tækifæri til að breyta ýmsu eða laga og til þess, er mér þykir vera meginefni frv., að samræma vélfræðikennsluna og hafa hana helzt eigi á tveimur stöðum eða þá, ef það verður ekki gert, að a. m. k. yrði sú samræming, að kennsla Fiskifélagsins yrði aðeins hluti af almennu vélfræðikennslunni og félli í kerfi vélskólans, en öll togstreitan, er komið hefur fram í umr., skapast af því ósamræmi á framkvæmd kennslunnar, að hún skuli vera tvískipt. Talað hefur verið um það, að óeðlilegt sé að heimta svo langt nám við vélskólann sem gert er, eða fyrst iðnaðarnám og síðan 2—3 ár við skólann sjálfan, og sé ósanngjarnt að heimta það, þar eð aðrir nemendur fái sömu réttindi við mótorvélar með styttra námi en í vélskólanum. Ég held það sé ósanngjarnt. En ég held líka, að ástæðunnar sé að

talsverðu leyti að leita í veilu í uppbyggingu kennslunnar í skólanum, og þess vegna sé ekki rétt að kenna þeim mönnum um, sem fá kennslu á námskeiðum Fiskifélagsins, heldur þurfi að hugsa fyrir því, að skipuleggja betur námið í vélskólanum, svo að hæglega megi ljúka því með minni erfiðismunum en nú er. Ég er eigi nægilega kunnugur vélskólanum til að vera dómbær um þetta, en mér hefur skilizt, að kennslan þar hafi miklu meir verið miðuð við kennslu í meðferð gufuvéla en mótorvéla, og það er víst, að fræðsla sú, sem þarna hefur verið gefin til að stjórna mótorum, hefur verið fræðileg einvörðungu, en ekki verkleg. Skólinn hafði áður ekki nægilegt húsnæði til þess. Hins vegar er ekki, þótt nú sé það orðið gott, búið að koma upp vélum til þess að nemendur gætu fengið verklega æfingu við námið. En á námskeiðum Fiskifélags Íslands hefur verið meira verklegt nám, og það vita líklega allir, að meiri færni gefst með því móti en bóklega námið getur veitt eitt. Reynslan gefur meiri færni en bóklegt nám. Ég held, að því verði tæplega mótmælt, að þrátt fyrir þennan mismun hefur reynslan þó sýnt, að kennsla, sem aðallega er fólgin í verklegu námi, auk verklegrar reynslu, á námskeiðum Fiskifélags Íslands, gefur eigi lakari færni en hin, í vélskólanum, og því fyllilega sambærileg við hana. Komið hefur fram, að það eru eigi eingöngu mótorvélstjórarnir sjálfir, sem leggja áherzlu á, að rétt sé að veita þessum mönnum réttindin, heldur kom það líka fram m. a. í bréfi hæstv. siglingamálaráðh., þar sem framkvæmdastjóri eins útgerðarfélags hér, skipstjóri á viðkomandi skipi og 1. vélstjóri, sem útskrifaður er frá vélskólanum, undirrituðu yfirlýsingu um það, að þeir gætu ekki misst menn þá úr þjónustu sinni, sem útskrifaðir eru frá námskeiðum Fiskifélagsins, þótt þeir fengju menn í staðinn frá vélskólanum. Það er því alls ekki einhliða áróður af hendi þessara manna, heldur virðist það vera sjálf þörfin, sem knýr á, og vegna þessarar staðreyndar hefur meiri hl. n. fallizt á, að nauðsynlegt sé að samþykkja þessi auknu réttindi þrátt fyrir endurskoðun þá, sem fram á að fara á 1.

Það hefur verið talað um umsagnir, sem n. hefur fengið um frv., og því haldið fram, að fleiri þeirra væru á móti samþykkt frv. og teldu minnkandi öryggi mundu stafa af þessu en hinar, þær er ekki teldu rýrnun fólgna í ákvæðum frv. Útkoman verður að sönnu þessi, en flestar þessar umsagnir stjórnast af þeirri togstreitu, er skapazt hefur milli þeirra, er útskrifaðir eru af námskeiðunum, og hinna, úr vélskólanum. Þótt Vélstjórafélag Íslands, skólafélag vélskólans og skólastjóri hans leggi á móti frv., þá má leggja það að jöfnu við umsögn Mótorvélstjórafélags Íslands, sem mælir með þessu, þótt það stjórnist af hagsmunum, og að sumu leyti af Fiskifélagi Íslands, sem mælir með þessu. Hér eru því fyrir hendi umsagnir frá tveimur hliðum, sem hvorar tveggja stjórnast af hagsmunum þeirra manna, sem þar eiga hlut að máli, og legg ég því að jöfnu þessar skoðanir, þótt tala þeirra sé eigi jöfn. Það, sem telja má, er umsögn skipaskoðunarstjórans, er á að vera hlutlaus, og hann telur þetta draga munu úr öryggi flotans, en sú skoðun hans er einkum byggð á því, að nemendur í vélskólanum hafi meira smíðanám og því meiri viðgerðarhæfileika en nemendur frá Fiskifélaginu. Ég legg eigi lítið upp úr svari hans, en þetta liggur því til grundvallar. Mér hefur þó skilizt, að eigi væri mjög mikið gert að því að gera við um borð úti á hafi, heldur aðallega þegar skipin væru komin til hafnar, ef þau gætu það sjálf og gætu fengið viðgerðir á vélaverkstæðum í landi. Er því ekki nauðsynlegt að leggja mikið upp úr þessari umsögn, þótt hún mæli heldur gegn frv. Á hinn bóginn er þetta hin eina umsögn, sem segja mætti, að ástæða væri til að taka til greina, en hinar vil ég leggja að jöfnu. Enn hafa komið fram sterkar raddir frá útgerðarmönnum, að þeir óski eftir, að viðkomandi menn geti fengið umgetin réttindi. *(GJ:* Hvar eru þau gögn? Ég hef ekki séð þau.) Hv. form. sjútvn. veit vel um þetta. Sumt hefur komið fram í bréfum, annað í viðtölum. Nú, hv. form. sjútvn. minntist á það í ræðu sinni í byrjun þessarar umr., að hér væri um á 2. hundrað manns að ræða, sem fengju aukin réttindi, ef frv. yrði samþ., um 150, þó að þar geti skakkað nokkru. En ég held, að þessi tala sé ekki svo stór, heldur mun hún lægri. N. hefur borizt skýrsla með upplýsingum um, hversu margir vélstjórar séu starfandi á skipum með yfir 600 hestöfl, þeir er fá mundu aukin réttindi, en þó eigi allir, og sumir eru á skipum með stærri vél. Í þessari skýrslu til n. eru tilgreind skip og vélstjórar, sem vinna með undanþágu á skipum með yfir 600 hestöfl. Skipin eru 29 og vélstjórarnir á þeim 39. Flestir þessara manna starfa sem aðstoðarvélstjórar á nýsköpunartogurunum og eru yfirleitt menn, sem hafa réttindi við 400 hestafla mótorvélar. Þessir menn gætu komið til greina að fá aukin réttindi við 600—900 hestafla vélar, en þó eru þeir aðeins 39 að tölu, en eigi á annað hundrað. Nú er hægt að deila um, hvort flotanum muni stafa hætta frá að veita þessum mönnum aukin réttindi. Þó eru þetta menn, er starfa á skipunum eins og er, og stafi skipunum hætta frá starfi þessara manna, þá er hún þegar fyrir hendi. Breytir þetta því engu.

Nú, eins og ég sagði áðan, geri ég ekki ráð fyrir, að það leiði til frekari niðurstöðu, að við körpum meira um einstök atriði siglingal. Verður að skera úr því með atkv. um þetta sem annað, hvort farið verður að till. meiri hl. n. eða meiri hl. d. vill fallast á brtt. hv. form. sjútvn., þm. Barð. En ég vil aðeins drepa á annað atriði, sem ekki er komið inn í umr. enn þá. Þegar n. hafði lokið störfum og 2. umr. var hafin, sendu nemendur vélskólans bréf til allra hv. þm., þar sem þeir vekja athygli á, að í l. sé hvergi skýringarákvæði um, hvort menn frá vélfræðideild skólans hafi sömu réttindi og menn frá námskeiðum Fiskifélagsins, og mér finnst, að þetta sé ekki tekið berum orðum fram. Þess vegna flyt ég brtt. á þskj. 649, er mælir fyrir um, að menn, sem lokið hafi prófi frá vélfræðideild vélskólans í Rvík, skuli njóta sömu réttinda og menn, er útskrifaðir eru frá námskeiðum Fiskifélagsins. Því að það liggur í hlutarins eðli, að þessir menn eiga ekki að hafa minni réttindi en námskeiðsmennirnir, og ég

hef talið augljóst, að þeir, sem lokið hafa þessu námi við vélskólann, hefðu átt að hafa ekki minni réttindi en hinir. En eftir að ég hafði lagt fram þessa till., hafði ég spurnir af því, að þrátt fyrir það, að ekki væru skýr ákvæði um þetta í l., hefði framkvæmdin verið á þá leið, sem ég tel sjálfsagt, að þessir menn nytu þessara sömu réttinda og væru, þegar svo bæri undir, skráðir á skipin alveg jafnt og menn frá námskeiðum Fiskifélagsins. Nú hef ég rætt um þetta við hæstv. siglingamálaráðh. og óskað eftir því, að hann gæfi um það yfirlýsingu hér í d. undir umr. um þetta mál, að svo mundi verða framvegis eins og undanfarið, að ekki yrði gerður munur á þessu, þannig að menn, sem stunda nám í 2 ár, nytu alveg sömu réttinda og ætlað er samkv. þessu frv., sem nú liggur fyrir, að menn frá námskeiðum Fiskifélagsins komi til með að njóta. Nú er hann ekki staddur í þ. í dag, svo að ekki er tækifæri fyrir hann að gefa slíka yfirlýsingu nú við þennan hluta umr., og ef henni verður lokið nú, þá ekki við þessa umr. Ég mundi þess vegna, ef til þess kæmi, að umr. yrði lokið og atkvgr. færi fram, taka till. mína á þskj. 649 aftur, a. m. k. til 3. umr., eða þangað til hæstv. ráðh. hefði tækifæri til að gefa þessa yfirlýsingu, og ef hún kæmi fram, mundi ég taka till. aftur að fullu, því að tilgangur hennar er ekki annar en sá að tryggja, ef ágreiningur yrði um skilning á l., að vélskólamennirnir nytu ekki minni réttinda en hinir. Þetta atriði verður að bíða fyrst um sinn, en að lokum vil ég ítreka það, að ég hef, eftir þær upplýsingar, sem fram hafa komið, komizt að þeirri niðurstöðu, að það felist engin hætta í eða öryggisleysi fyrir fiskiflotann, þó að þeim mönnum, sem nú starfa og hafa starfað árum saman við vélgæzlu af þeirri stærð, sem hér um ræðir, séu veitt þau réttindi, sem um er að ræða samkv. þessu frv. Vil ég fyrir hönd meiri hl. n., mæla með því, að það verði gert. En ég vil leggja höfuðáherzluna á það, að megintilgangurinn með þessu frv. er þó sá að koma því til leiðar, að almenn endurskoðun á vélstjóranáminu fari fram, með það fyrir augum, að það verði samræmt betur en nú er og að með þeirri endurskoðun verði lagður grundvöllur að því, að sú togstreita, sem um þessi réttindi hefur staðið undanfarið og stendur enn, þurfi ekki að eiga sér stað framvegis, vegna þess að þetta verður þá allt sett í eitt heildarkerfi.

Umr. frestað.

Á 103. fundi í Ed., 11. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég var viðstaddur atkvgr. í Nd. og vissi ekki af því að þessar umr. væru komnar hér á lokastig. En um málið í heild hef ég lítið að segja annað en það, að ég óskaði eftir, að það yrði flutt, og liggur í því yfirlýsing frá mér um það, að ég óski eftir, að málið nái fram að ganga. Í Nd. varð samkomulag um málið að mestu, og stóðu að því þeir sjútvn.menn, sem fluttu það þar í d., og flestir dm.

Hv. 6. landsk. (StgrA) hefur óskað eftir því við mig, að ég gæfi yfirlýsingu í sambandi við þá brtt., sem hann ber fram á þskj. 649, en þessi brtt. fer í þá átt, að þeir, sem lokið hafa prófi frá vélfræðideild vélskólans í Rvík, skuli njóta fullra réttinda til gæzlu mótorvéla upp að 900 ha. stærð. Nú var það alveg augljóst fyrir mér, þegar þessi brtt. kom fram, að hana þyrfti að gera, því að ég hef aldrei rekið mig á neina fyrirstöðu á því, að menn með fullu prófi frá vélskólanum fengju þessi réttindi, ef þeir hafa óskað þess. Ég spurði skrifstofustjórann í rn., sem búinn er að starfa þar miklu lengur en ég, hvort hann myndi eftir því, að nokkuð þessu líkt hefði komið fyrir, og hann mundi það ekki. Ég hafði samband við skráningarstjórann og fékk það upplýst hjá honum, að hann telji af eðli málsins, að þeir menn, sem hafa réttindi yfir 900 hö í sambandi við ákvæði l., hefðu það einnig undir 900 hö, þegar þessi réttindi eru veitt, ef um þau er sótt. Mér finnst þetta liggja í hlutarins eðli og mundi, ef til mín væri leitað, framkvæma þetta á þann hátt. En hins vegar, ef Alþ. vill setja um þetta skýrari ákvæði, þá er ég ekki á móti því, því að sjálfsögðu á það að vera ótvírætt, að þeir, sem lokið hafa sínu fullnaðarprófi frá vélstjóraskólanum, eins og hér er gert ráð fyrir, hafi réttindi bæði fyrir ofan og neðan 900 hö.

ATKVGR.

Brtt. 649 tekin aftur.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 615,1 (2.—15. gr. falli niður) samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, GÍG, HV, HermJ, LJóh, BBen, BÓ, ÞÞ.

nei: BrB, SÁÓ, StgrA, ÁS, BK.

PZ greiddi ekki atkv.

2 þm. (JJós, BSt) fjarstaddir.

16. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 615,2 (17. gr. falli niður) samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, GÍG, HV, HermJ, LJóh, BÓ, ÞÞ.

nei: BrB, SÁÓ, StgrA, ÁS, BK.

PZ greiddi ekki atkv.

3 þm. (JJós, BSt, BBen) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Þessi brtt. er í sambandi við það, sem búið er að gera áður, vegna þess að það heyrir undir endurskoðun l., hvort breyta á náminu úr 3 vikum í 6 vikur, og þess vegna segi ég já.

Brtt. 615,3 samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, BÓ, EE, GJ, GÍG, HV, ÞÞ.

nei: SÁÓ, StgrA, ÁS, BK, BrB.

PZ greiddi ekki atkv.

4 þm. (HermJ, JJós, BSt, BBen) fjarstaddir.

18. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 615,4 (ný 19. gr., verður 4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 709).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Forseti (ÞÞ): Ég vil geta þess, að ef langar umr. verða, þá fresta ég fundi og það jafnvel í miðri ræðu.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég tel rétt, að í 3. gr. sé breytt orðunum „1. jan. 1950" og í staðinn komi: 1. okt. 1949. Það hefur komið fram, að nauðsynlegt sé að hraða endurskoðun, og ber ég því hér fram skriflega brtt. við þetta atriði, sem ég legg fyrir hæstv. forseta.

Forseti (ÞÞ): Till. þarf tvöföld afbrigði, af því að hún er bæði skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 723) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 723 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 72. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 724).

Á 108. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 724, 725).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Finnur Jónsson: Frsm., hv. þm. Siglf., er ekki viðstaddur hér í d., en óskaði eftir, að ég hreyfði örfáum orðum um þetta frv. — Eins og hv. þdm. hljóta að taka eftir, hefur Ed. algerlega breytt þessu lagafrv., þannig að segja má, að sama og ekkert standi eftir af því eins og það var, þegar það fór úr þessari deild. Sjútvn. hefur tekið málið til meðferðar á ný og ákveðið að leggja fram brtt. á þskj. 725 og færa frv. á þann hátt í það horf, sem það var í, þegar það fór héðan. Mál þetta hefur verið rætt allmikið. Sjútvn. Nd. hafði um það mikil samráð, sérstaklega við ráðunaut Fiskifélagsins, og var frv. eins og það fór héðan úr d. afgr. með þeim breyt., sem hann lagði til, að gerðar yrðu á því.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni, en vil lýsa þeirri eindregnu ósk sjútvn., að frv. verði fært í það horf, sem það var í, þegar það fór héðan úr deildinni.

ATKVGR.

Brtt. 725,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 725,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 725,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 725,4 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 107. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 743).

Á 110. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins greina frá því, þó að ég búist við, að allir hv. dm. hafi áttað sig á því, að frv. á þskj. 743 er eins og það var, er það kom til d. eftir fyrri meðferð í Nd. Við 2. umr. hér var meginhluti frv. felldur niður, en Nd. setti frv. í fyrra horf. Sjútvn. hafði fund um málið í morgun, og fór eins og áður, að ekki varð samkomulag. Sá sami meiri hl., er mælti með frv. við 2. umr., — einn nm. var að vísu ekki mættur á fundi, — leggur til, að málið verði samþ. óbreytt, en minni hl. er því andvígur og mun bera fram dagskrártill.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um efni frv. Málið hefur verið rætt áður, og ekki þýðir að endurtaka þau rök, er færð hafa verið fram með og móti, heldur er bezt að láta atkv. manna skera úr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara langt út í það að ræða þetta mál, því að það hefur verið rætt áður í þessari hv. d., en mér þykir rétt, áður en það er endanlega afgr., að láta koma fram tvö gögn í málinu.

Ástæðan fyrir því, að ég óskaði, að frv. væri flutt, er sú, að mér hafa stöðugt verið að berast umsóknir frá útvegsmönnum, sem eru í vandræðum með að fá menn til að starfrækja vélar, og líka, að menn, er verið hafa starfandi með undanþágum, eiga það á hættu að verða að yfirgefa störf sín, þegar menn með fullum réttindum verða til. Ég hef fengið margar umsóknir og vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, tvö bréf, er mér hafa borizt. Annað er frá h/f Jöklar, sem er eigandi „Vatnajökuls", en hitt er frá Guðmundi Jörundssyni, sem er að láta byggja dieseltogara í Englandi. Bréf þessi skýra málið, og þó að ég muni ekki fara nánar út í þau, vil ég, að hv. dm. kynnist þeim. Bréfið frá h/f Jöklar er skrifað 25. apríl og hljóðar þannig:

„Atvinnu- og samgöngumálaráðherra, Reykjavík.

Í framhaldi af viðtali, sem herra skipstjóri Bogi Ólafsson á m/s Vatnajökli átti við yður, hæstvirtur ráðherra, þann 23. þ. m., viljum við staðfesta eftirfarandi:

Vér viljum hér með fara þess á leit, að tveimur af vélstjórunum á m/s Vatnajökli, þeim Jakobi Daníelssyni II. vélstjóra og Bjarna Guðjónssyni III. vélstjóra, verði með áframhaldandi undanþágu frá núgildandi reglugerðum heimilað að starfa áfram sem vélstjórum á skipi voru, m/s Vatnajökli." En þessir tveir menn eru undanþágumenn. Þeir halda áfram:

„Þar eð látið hefur verið í ljós við oss, að erfiðleikar gætu verið á, að þetta yrði veitt áfram, viljum vér hér með lýsa nánar ástæðum þeim, sem eru fyrir beiðni vorri.

M/s Vatnajökull er búinn aðalvél af nýrri gerð, og þarf góða aðgæzlu og þekkingu á vél þessari, ef vel á að ganga. Auk þess er skipið búið sérstaklega stóru, vönduðu og margbrotnu kælikerfi, og þar eð það er kæliskip, er alger nauðsyn, að kerfi þetta sé alltaf í fyllsta lagi.

Jakob Daníelsson og Bjarni Guðjónsson hafa unnið á annað ár á m/s Vatnajökli sem vélstjórar. Á þessu tímabili hafa ýmsir konstrukt-

ions-gallar á vél skipsins gert nauðsynlegt að taka vélina sundur og setja hana saman og gera við hana hvað eftir annað. Hafa því vélstjórar skipsins öðlazt mikla reynslu í meðferð vélarinnar, byggingu hennar og öllum sérkennum.

Kælikerfi skipsins hefur allan þann tíma, sem menn þessir hafa unnið við það, gengið alveg sérstaklega vel, enda hafa vélstjórar þessir mjög góða þekkingu og reynslu í meðferð slíkra véla, þar eð annar þeirra a. m. k. vann mjög lengi við slík kerfi í landi, áður en hann réðist á skipið. Álítum vér hann hiklaust einn af færustu mönnum í þessari grein hér á landi og þó að víðar væri leitað. Má hér geta þess, að þegar m/s Vatnajökull var síðast í Kaupmannahöfn, leituðu verkfræðingar Burmeisters & Wains upplýsinga og ráðlegginga um freon-kælikerfið hjá vélstjórum þessum og undruðust mjög, hve vel kælikerfið í m/s Vatnajökli ynni. Auk þess hafa báðir unnið við mótorvélar og almennar smíðar í um tuttugu ár, fyrir utan að þeir hafa báðir próf frá Mótorskóla Íslands.

Af reynslu vorri af mönnum þessum í meira en ár getum vér lýst yfir því, að vér treystum þeim betur en nokkrum öðrum til starfa þeirra, sem hér um getur, og yrði erfitt að reka skipið með nýjum og óreyndum mönnum. Viljum vér hér benda á, að verðmæti farms í m/s Vatnajökli nemur ca. 3 millj. kr., og ef kælikerfið bregzt, er farmurinn algerlega ónýtur. Höfum vér reynslu fyrir því", — þetta vildi ég leyfa mér að undirstrika, án þess þó að ég leggi nokkurn dóm á það, — „að menn með fullkomnum réttindum frá vélskólanum í Rvík hafa ekki nægilega þekkingu í meðferð frystivéla til þess, að þeir geti hiklaust tekið við rekstri og umsjón frystikerfis eins og þess, sem er í m/s Vatnajökli, enda mun kennsla í þessum efnum í skólum hér vera mjög takmörkuð og verkleg kennsla engin.

Af þessum ástæðum viljum vér mjög eindregið endurtaka beiðni vora um, að báðum áðurnefndum vélstjórum verði veitt umbeðin undanþága, og væntum vér þess, að þér, hæstv. ráðh., sjáið yður fært að verða við beiðni vorri.

Virðingarfyllst. H/f Jöklar".

Bréfið er undirritað af Ólafi Þórðarsyni framkvæmdastjóra, Boga Ólafssyni skipstjóra, Sigurlaugi Sigurðssyni 1. vélstjóra og Gísla Hermannssyni verkfræðingi, er að nokkru mun vera kennari við Vélstjóraskóla Íslands.

Hitt bréfið, er ég vildi leyfa mér að lesa, er frá Guðmundi Jörundssyni, skrifað í Lowestoft 16. apríl 1949. Það er svona:

„Herra samgöngumálaráðherra Emil Jónsson, Hafnarfirði.

Eins og yður mun ef til vill reka minni til, þá hef ég nú í smíðum í Englandi dieseltogara, sem ég hef gefið nafnið Jörundur. Togari þessi er nú fullgerður í maímánuði næstkomandi og fer þá strax á veiðar. Í sambandi við það, að við íslenzka flotann bætist nú eitt dieselskip, en mjög mikill skortur er á mönnum með fullum réttindum til þess að gæta þessara stóru og margbrotnu dieselvéla, þá sný ég mér nú til yðar, háttvirtur ráðherra, til þess að biðja yður liðveizlu í þeim málum.

Þannig háttar til, að talsvert er nú til af vélgæzlumönnum með 600 hestafla réttindum frá hinu meira vélstjóraprófi Fiskifélags Íslands. Fjöldi af þessum mönnum hafa fengið talsvert langan og góðan gæzlutíma við dieselvélar á síðustu árum og eru nú, eftir því sem mér telst til, 25 að tölu með undanþágu á hinum stærri skipum íslenzka flotans. Að vísu er til eitthvað af eldri mönnum með fullum réttindum, sem voru áður í Vélstjóraskóla Íslands og hlutu þar réttindi til gæzlu á dieselvélum, en þeir hinir sömu menn hafa ekki hlotið nema sára litla reynslu við þær, sökum þess að íslenzki flotinn var nær eingöngu knúinn gufuvélum allt fram á síðustu ár. Þessir menn, sem í daglegu tali kallast gufuvéla-vélstjórar, munu að allra áliti, sem til þekkja, naumast koma til greina sem vélstjórar við þessar stóru dieselvélar og þeir sjálfir ógjarna vilja taka það verk að sér. Hvað viðvíkur þeim mönnum, sem á seinni árum hafa komið út úr Vélstjóraskóla Íslands, þá eru þeir stutt á veg komnir, þar sem þá vantar þann gæzlutíma við dieselvélar, sem krafizt er í lögum, til þess að þeir nái fullum réttindum. Eins og nú standa sakir, þá lítur út fyrir, að það muni vanta 35 menn með fullum réttindum, þegar heim er kominn allur sá floti, sem nú er í smíðum fyrir Ísland.

Að öllu þessu athuguðu, þá mun yður, háttvirtur ráðherra, vera ljós sá vandi, sem við eigendur dieselvélaskipa höfum við að etja í þessum efnum, og að eigi má svo við skilja, að ekki verði gerðar einhverjar úrbætur fyrir framtíðina, en það mun að áliti flestra skipaeigenda naumast betur lagfært en með því, að fram nái að ganga frumvarp það, er nú liggur fyrir Alþingi og hefur þegar verið samþ. í annarri deild þingsins. Nú eru það vinsamleg tilmæli mín til yðar, háttvirtur ráðherra, að þér beitið yður fyrir því, að þetta mál nái fram að ganga og réttindi þeirra vélstjóra frá meira vélstjóraprófi Fiskifélags Íslands, sem hlotið hafa 600 ha. réttindi, verði hækkuð svo verulega, að það komi að gagni fyrir hin nýju dieselvélaskip.

Virðingarfyllst, Guðmundur Jörundsson".

Það er orðið svo áliðið, að ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta, en ég taldi rétt, að þessar upplýsingar kæmu fram, svo að hv. þm. vissu hug þessara útvegsmanna til málsins. Það er rétt, að ýmis sjónarmið koma hér til greina, en þetta er eitt. Útvegsmenn vona, margir fleiri en þeir, sem ég hef nefnt hér, að þeir, sem starfað hafa hjá þeim, fái réttindi til að starfa við stærri vélar og einnig, að þeir, er hafa verið með undanþágu við stærri vélar, fái rétt til að gæta þeirra, ef þeir hafa það mikla reynslu og þekkingu, að útvegsmenn bera fullt traust til þeirra. Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Þetta mál hefur verið til umr. í n. í morgun og hefur engin breyt. orðið á afstöðu þeirri, er kom fram við afgreiðslu málsins í d. Ég og hv. þm. Barð., sem erum í minni hl., getum ekki sætt okkur við frv. eins og það er nú komið frá Nd. eða eins og það var, er það var fyrst hér til umr., algerlega á annan veg en þessi hv. d. afgreiddi það. Það hefði verið æskilegt, að frv. hefði náð samþykki

eins og það var samþ. hér, m. a. vegna undanþáguheimildarinnar, en þar sem ekki virðast tök á því, ber minni hl. fram eftirfarandi dagskrártill.:

„Deildin telur mjög varhugavert að gera þá bráðabirgðabreytingu á lögunum, sem stefnt er að með frv., og í trausti þess, að ríkisstj. láti fara fram gagngera endurskoðun á lögunum og leggi frv. um það efni fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Ég sagði áðan, að æskilegt hefði verið, að frv. hefði náð fram að ganga eins og þessi hv. d. afgreiddi það. Eftir ræðu hæstv. ráðh. að dæma virðist vera þörf fyrir þessa vélamenn, en ég sé ekkert athugavert við það, þó að hóflegar undanþágur séu gefnar þeim, sem hæfir teljast til þessarar vélgæzlu, meðan ekki hefur endanlega verið gengið frá l. Hins vegar fæ ég ekki séð, að undanþáguþörfin sé fullnægjandi ástæða til að breyta l. til bráðabirgða, er þurfa að vera vel og örugglega úr garði gerð. Það skynsamlegasta er, og öllum ber saman um, að það sé full nauðsyn, að gera gagngera og trausta framtíðarbreyt. á l. Það viljum við í minni hl. gera, en ekki þessa bráðabirgðabreyt.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi dagskrártill. frá minni hl. sjútvn.:

„Deildin telur mjög varhugavert að gera þá bráðabirgðabreytingu á lögunum, sem stefnt er að með frv., og í trausti þess, að ríkisstj. láti fara fram gagngera endurskoðun á lögunum og leggi frv. um það efni fyrir næsta Alþ., tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Þessi dagskrártill. liggur þá einnig hér fyrir.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég vildi óska þess, að hæstv. forseti bæði hæstv. ráðh. að vera við, er málið verður tekið á dagskrá.

Forseti (BSt): Ég hef ekki vald yfir hæstv. ráðh., en ég skal láta hann vita um þessi tilmæli. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umr., en vil þó aðeins drepa á nokkur atriði. — Eins og kunnugt er, hefur ekki orðið samkomulag um afgreiðslu þessa máls í sjútvn. Það hefur komið fram rökst. dagskrá, og verði hún samþ., þá ætti að geta náðst samkomulag um þetta mál á þessu sumri. Verði þessi leið valin, er gert ráð fyrir, að nefnd dómbærra manna í þessu máli fái til athugunar, hverja hún telur færa til meðferðar véla þeirra, sem um er að ræða, og þeir, sem að dómi n. hafa næga þekkingu og æfingu, fá síðan réttindi. Þessa lausn tel ég, að allir ættu að geta unað vel við. Hitt virðist mér varhugavert, að veita kannske fjölda manns réttindi, sem kunnáttumenn telja ekki færan til að gegna, og á ég erfitt með að skilja, að samgmrh. óski eftir þeirri lausn, að vel athuguðu máli. En þar sem ekki er víst, að umrædd dagskrártill. verði samþ., þykir mér rétt að bera upp þær brtt., sem ég hef áður lagt til, og auk þess eina till., sem verði viðbót við 17. gr., og er sú breyt. um, að hestaflatala véla verði samræmd, þannig að ekki verði miðað við tvenns konar hestöfl, þó að um sé að ræða bæði mótorvélar og eimvélar. Ég sé ekki ástæðu til að ræða það mál frekar, en vænti, að ráðh. sjái nauðsynina á þessari samræmingu.

Þá vil ég koma dálítið að því, sem iðnmrh. sagði í sinni ræðu. Hann sagði, að alltaf væri verið að biðja um undanþágur. Þetta veit ég, að er alveg rétt, enda höfum við aldrei haft á móti því, að veittar væru undanþágur fyrir einstaka menn, sem lengi hafa starfað og reynzt vel í starfi sínu, en teljum hins vegar ekki rétt að veita þessum mönnum full réttindi að órannsökuðu máli. Ef fara á inn á þá braut að veita öllum, sem eitthvað hafa við þetta starfað, full réttindi, hvað á þá eiginlega að gera við skólanemana? Er ætlunin, að þeir gangi bara atvinnulausir í landi og fái aldrei sinn siglingatíma? Það er ekki annað hægt að sjá á till. ráðh. — Þá var ráðh. að tala um, að í dag væru öll skip á ferðinni með undanþágumenn. Þetta getur vel verið, en í stað þessara manna eiga að koma skólamennirnir, og ef þeir yrðu hins vegar útilokaðir, væri það sama og að stöðva algerlega þróun skólans og þá stéttarinnar um leið sem fagstéttar. — Ráðh. var að tala um, að 1. og 3. vélstjóri á Vatnajökli væru undanþágumenn. Ég skal ekki rengja hann um það, og það getur meira að segja vel verið, að það séu mjög færir menn, en ég tel undanþágu fyrir nokkra menn, sem hana eiga skilið, ekki réttlæta að 2 hundruð menn fái full réttindi.

Í sambandi við ummæli ráðh. um þekkingu vélstjóranema á kælikerfi skipa og að sú grein væri ekki kennd í skólanum, en hins vegar lærðu þeir, sem væru á mótornámskeiðunum, þau fræði, þá vil ég geta þess, að Þorsteinn Loftsson, sem kennt hefur á þessum námskeiðum, hefur hvergi numið nema á Vélstjóraskóla Íslands, enda er það alger misskilningur, að mótornámskeiðin kenni meira í meðferð kælitækja en skólinn. Það má líka benda á, að 1. vélstjórarnir hjá Eimskip og Ríkisskip eru frá vélskólanum og hafa næga kunnáttu í meðferð kælitækja, auk þess sem ég er kunnugur því af eigin reynslu, þar sem ég er nemandi frá skólanum 1916 og tók þá litlu síðar við skipi með kælitæki og fór allt vel. Það er því hrein blekking, að Fiskifélagsnámskeiðin kenni meira í meðferð kælitækja. Í sambandi við þetta mál vil ég leyfa mér að lesa upp bréf frá tveimur mönnum, sem eru þessum málum vel kunnugir. — [Bréfið vantar í handrit þingskrifara.]

Ég verð að segja, að ég er dálítið undrandi yfir bréfi því, sem hæstv. ráðh. las upp, þar sem stendur, að einhverjir hafi reynslu af því, að þeir, sem lært hafa í Vélskóla Íslands, hafi ekki kunnáttu í meðferð eða gæzlu kælivéla. Hann sagði líka, að eimvélstjórar kæmu naumast til greina á stóru skipin. Það er greinilegt, að í slíkum málflutningi eru veilur og jafnvel að þessir bréfritarar ætli að slá ryki í augu manna. Hitt er að vísu eðlilegt, að menn vilji ekki missa þau réttindi, sem þeir hafa náð í vegna undanþága, en það má ekki ráða úrslitum, Ég held satt að segja, að hæstv. ráðh. og flm. hafi ekki gert sér ljóst, hvaða afleiðingar samþykkt þessa frv. óbreytts getur haft, en þeir, sem kunnugir eru þessum málum, vita, að það veikir öryggi

skipastólsins og gerir aðstöðu skólans miklu erfiðari og skólann um leið lélegri, auk þess sem það skapar ósamræmi milli manna .... og þessir menn geta ekki fengið réttindi nema upp að 600 hö. Þar af leiðandi er verið að sýna þessum mönnum ranglæti, ef nú á að stöðva þá þannig, að þeir geti ekki fengið nema 600 ha. réttindi, en hinir, sem ekki eru nema 2 ár og 6 mánuði á skóla, eiga að geta fengið réttindi upp á 900 hö. En þetta stafar af því, að báðir aðilar halda, að vélfræðideild og fyrri deild vélstjóraskólans sé það sama, en það er ekkert samband á milli vélfræðideildar annars vegar og vélstjóraskólans hins vegar. Þetta þótti mér rétt að láta koma fram í sambandi við þetta mál. Svo ætla ég ekki frekar að ræða þetta atriði, en vænti þess, að menn sjái hættuna af því að samþ. frv. Ég vil sérstaklega benda hæstv. ráðh. á ummæli skipaskoðunarstjóra, þess manns, sem vinnur í umboði og á ábyrgð hæstv. ráðh., og ég veit, þegar hann athugar málið, að hann leggur meira upp úr þeim vottorðum en frá manni, sem vill fá að halda vélstjóra hjá sér af því, að hann hefur reynt hann að einhverju góðu. En skipaskoðunarstjóri hefur sagt, að hann telji öryggið rýrt, ef þetta er gert, og skil ég ekki í, að hv. 1. landsk. (SÁÓ), sem hefur barizt fyrir öryggi í landinu og því, að þeirri löggjöf var komið á, skuli nú beita sér fyrir því að rýra öryggi þeirra manna, sem hefur verið afhent það mikla vandastarf. Ég veit, hver er ástæðan. Það er af því, að hann er að berjast fyrir tveimur mönnum, sem hann hefur velþóknun á og vill fá réttindi handa. Slíkt má ekki ske, en það er það, sem er að gerast, að það eru svo margir menn, sem eiga vini eða kunningja til að koma inn, án þess að uppfylla þessar kröfur. Þess vegna er það, sem það er látið ráða meira en réttindin og meira en vandinn í sambandi við málið, og ég verð að segja, að ef hæstv. ráðh. ætlar sér inn á þessa braut, hvar stendur hann eftir með að vernda önnur stéttarfélög? Það er hægt að fá menn, sem óska eftir að fá réttindi sem smiðir, þó að þeir hafi ekki verið nemendur í 4 ár.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða málið, nema sérstakt tilefni gefist til.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég þakka hv. þm. Barð. (GJ) fyrir þá fræðslu, sem hann veitti mér og öðrum dm. um vélfræðideildina og vélstjóraskólann. En hins vegar kann ég honum engar þakkir fyrir að hafa rangt eftir mér það, sem ég sagði um daginn um þá, sem þar skrifast út, og hvað ég áliti. Ég sagði þá og tók greinilega fram, að ég væri þeirrar skoðunar og skrifstofustjóri rn., að veita bæri þeim vélstjórum, sem hafa réttindi yfir 900 hö., einnig réttindi fyrir neðan 900 hö. Málið er flutt við mig þannig, að af einhverjum ástæðum hafi vélstjórar ekki réttindi fyrir neðan 900 hö. Það er því á þessum grundvelli, sem ég sagði, að ef það væri svo, þá skyldi ég sjá til þess, að þetta væri staðfest af skrifstofustjóranum, að þeir, sem hefðu réttindi yfir 900 hö, hefðu það einnig þar fyrir neðan, það leiddi af sjálfu sér. Meira sagði ég ekki.

Um málið í heild og ræðu hv. þm. Barð. er óþarfi að vera langorður. Ég er sammála því, að l. verði endurskoðuð, sú endurskoðun fari fram í sumar og það verði áður en þing kemur saman næst búið að ganga frá henni bæði hvað snertir vélstjóraskólann og mótornámskeiðin og athuga, hvort ekki mætti skipa þeim svo saman, að það gæti verið einn skóli, t. d. í tveimur deildum, og yrði þá vel séð fyrir þessum greinum báðum. Ég hef látið mér skiljast, að það sé enginn færari um að stjórna þessum stóru mótorum en menn, sem hafa gengið á mótornámskeiðin og hafa langan praxis og langan siglingatíma, og þetta er það sjónarmið, sem ég held, að standist fullkomlega, hvað sem öðru líður í þessum málum yfirleitt. Það starfa undanþágumenn á æði mörgum skipum, sem hafa vélar yfir 600 hö. Ég hygg, að þeir séu a. m. k. 20—30, og hefur þótt fært að gera þetta af einhverjum ástæðum og ekki verið talið rýra öryggi skipanna meir en svo, að þau gætu gengið, og hefur ekki verið kvartað undan því, að þessir menn hafi ekki innt störf sín af hendi. Það kann að vera, að það komi nýir menn, sem geti farið í far þeirra og tekið upp störf þeirra að einhverju leyti. En ef ekki er undan störfum slíkra manna kvartað og þeir kunna þau, er þá ástæða til annars en að þeir fái löggilta samninga þings og stjórnar til þess að inna það starf af höndum, sem þeir hafa unnið mörg undanfarin ár og sýnt, að þeir hafa getað? Það er verið að líkja hér saman iðnaðarnáminu og þessu mótornámi, en mér sýnist það tvennt ólíkt. Það hefur enginn dregið í efa, að gufuvélstjórar, sem hafa lært í vélstjóraskólanum frá fyrstu tíð, hafa réttindi til að stjórna gufuvél. Það er það, sem þeir hafa aðallega lært, og þótt sá aðili fái kannske einhvern lærdóm í mótorvélfræði, þá efast ég um, að það sé meira en það, sem þeir menn fá nú á námskeiðunum. Ég held þess vegna, að það þyrfti ekki að verða að neinu tjóni, hvorki fyrir eina stétt né aðra og ekki heldur fyrir eigendur þessara skipa, sem hér eiga hlut að máli, né öryggi þeirra manna um borð, þó að þessir menn fengju réttindi til þess að halda starfinu áfram, sem þeir átölulaust hafa innt af hendi með sóma á undanförnum árum. Þegar maður fer í iðnnám, lærir hann að vera við nám í þeirri iðngrein, sem hann stundar nám í. En ef hann lærir t. d. að vera í trésmíði, þá getur hann ekki verið múrari, eða öfugt. Þetta starf er ekki sambærilegt. Maður á að fá að stunda það starf, sem hann hefur lært, og annað ekki. Það, sem hefur orðið útundan í námi okkar til síðustu stundar, er mótorvélanámið. Því hefur ekki verið sýndur sá sami sómi við kennsluna og gufuvélanáminu. Þessu þarf að breyta, þetta þarf að samræma. Nokkur hluti þessa mótorvélanáms fer fram á vegum Fiskifélagsins og undir þess stjórn og undir stjórn sjútvmrn., og nokkur hluti þessa náms, eða annar hluti, fer fram á vélstjóraskólanum undir stjórn menntmrn., en framkvæmd þessara mála kemur svo í minn hlut, undir samgmrn. Þetta er svo skipt á mörgum stöðum, svo sundurlaust og svo ókerfisbundið, að það þarf endurskoðunar, og hygg ég, að menn séu sammála um, að það þurfi að endurskoða þessi mál, og ekki meira um það. Hitt er víst, að það

liggur hjá mér fjöldi bréfa eins og þessi tvö, sem ég las upp, þar sem beðið er um undanþágu fyrir þessa starfsmenn, en það er ekki undanþáguheimild í l., þó að þær séu veittar, og undanþáguheimild er löglaus athöfn. Þetta er einungis gert vegna þess, að öllum aðilum þykir það of viðurhlutamikið að stöðva skipin af því, að ekki eru menn til á þau. En sá háttur er hafður á afgreiðslu þessara mála, að leitað er umsagnar, í flestum tilfellum viðkomandi fagfélaga, og ef hún er jákvæð, er undanþágan veitt, en l. heimila það ekki, og vitanlega er það jafnlöglaust fyrir því, þó að eitthvert stéttarfélag samþ., að l. séu brotin. En það er raunverulega það, sem skeður, að l. eru brotin fyrir það í hvert skipti, sem undanþága er veitt, en fyrr fá þeir ekki réttindi til að fara út á skipin. Ég veit ekki, hvort hv. þm. Barð. vildi taka þá ábyrgð á sig að hætta að veita þessar undanþágur og að skipin stöðvuðust. En ef l., eins og þau nú eru í gildi, væru framkvæmd eins og þau eru, þá þýddi það það, að sennilega flest eða mörg af þessum skipum með undanþágumennina yrðu að stöðvast, af því að það fást ekki menn, sem hafa full réttindi, á þau öll. Svo er hitt annað mál, að skipaeigendur vilja heldur í sumum tilfellum, eins og kom fram í bréfunum, sem ég las, fá mennina, sem gegna störfum, með undanþágu en fulllærða menn frá vélstjóraskólanum, og hafa borið ýmsu við, eins og bréfin bera með sér. Hvort allt er rétt frá skýrt í bréfunum, veit ég ekki. Hv. þm. Barð. vildi láta líta svo út eins og ég segði það, sem í bréfunum stendur, en ég lét það koma fram sem sjónarmið þeirra manna, sem bréfin skrifa, og ég býst við, að þessir menn, sem hér skrifa undir, geti vel staðið fyrir sínu máli, en það er við þá að sakast um þessi bréf, en ekki mig.

Hv. þm. spurði: „Á hvaða skip eiga þeir að fara, sem koma út úr skólunum?“ Ég ætla, að það opnist fyrir þeim pláss, eins og öðrum nýjum mönnum, sem út úr skólum koma, þó að þetta verði samþ. Hitt er annað mál, hvort maður, sem er nýkominn út úr skóla, eigi að geta gengið á hvaða skip sem hann vill af þessum undanþáguskipum, sem eru a. m. k. 8 starfandi við ströndina, og valið úr einhvern mann og sagt: Í sæti þessa manns vil ég setjast og annað ekki, — en það getur hann eins og l. eru nú. Ég hefði talið réttara að fara eftir eðlilegum leiðum, en að eigendur skipanna væru að einhverju leyti sjálfráðir um það, hvaða menn þeir hafa í þjónustu sinni, ef það eru menn, sem óhætt er að treysta og að þeirra dómi ætti að vera óhætt að treysta eftir þeirri reynslu, sem þeir hafa fengið af þeim.

Hv. þm. spurði, hvað Fiskifélagið kenndi í meðferð á frystivélum. Ég er því ókunnugur, enda kemur það ekki þessu máli við. Það hefur verið rætt í bréfi frá öðrum aðilanum, sem hér lá fyrir, og það hefur verið rætt um það, að þeir, sem þar eru í starfi, væru vanir meðferð þeirra véla og hefðu kynnt sér þær alveg sérstaklega, og hafa verið leidd rök að því, að þeir væru sérstaklega færir um það starf, og það hefur verið bent á það, að þeir, sem út úr vélstjóraskólanum kæmu, væru ekki betur að sér, og mér skilst á bréfunum, að þeir eigi að vera ekki eins vel að sér í þeim málum og þessir tveir menn, hvort sem það er rétt eða ekki. Þessir tveir menn, skipstjóri og 1. vélstjóri, sem er frá vélstjóraskólanum, komu til mín og óskuðu eftir því, að þessi mál færu fram á þann hátt, sem ég hef nú lýst. Báðir skrifuðu undir þessi bréf og sögðu mér, að þessi maður hefði eitthvað fengizt við kennslu í meðferð frystivéla, og ég tók það náttúrlega eins og þeir sögðu mér það. Ég áleit, að þessar upplýsingar væru réttar, en það er að sjálfsögðu athugandi, hvað rétt er í því efni og hvort sannara reynist.

Hv. þm. minntist á þau skip, sem eru undir því rn., sem ég hef með að gera, og það er rétt, að þar starfa ákaflega margir menn, bæði gufuvélstjórar og raunar aðrir líka, menn, sem hafa réttindi eingöngu frá vélstjóranámskeiðum og hafa reynzt vel, og er ekkert um það að segja. En hitt er mér kunnugt um, að sumir af þessum mönnum hafa áður en þeir tóku að sér meðferð þessara gufuvéla farið til þess að kynna sér sérstaklega mótorvélarnar, áður en þeir tóku að sér að sigla með þær. Ég segi þetta ekki mönnunum til lasts, heldur til lofs, en það bendir til þess, að þeir hafi ekki viljað taka að sér fulla ábyrgð á vélunum nema hafa einhver kynni af þeim umfram það, sem þeir fá í skólanum. Ég þekki gufuvélstjóra, sem hafa verið með gufuvélar sínar í mörg ár. En áður en þeir skiptu um yfir í mótorvél, sigldu þeir alllangan tíma með mótorskip til þess að kynna sér málið betur og afla sér upplýsinga, sem þeir töldu sig ekki hafa frá skólanum. — Ég skal svo ekki fara frekar út í þetta, en tel það aðalatriði, að þessi breyt. yrði á l. gerð og nákvæm endurskoðun færi síðan fram um það, hvernig þessum málum ætti að skipa í framtíðinni, bæði á skóla og í praxis, hvað menntun snertir og réttindi, en þangað til það yrði, þá yrði þessi skipun höfð á þessum málum, að menn sigli ekki réttindalausir eins og þeir hafa gert. Ég sé ekki, að í því sé fólgið neitt meira öryggi fyrir skipin, þó að maður sé réttindalaus, heldur en með réttindi, en það er það, sem gert er nú.

Um breyt. á umreikningum í hestöfl, sem hv. þm. bar fram, þá gerði ég mér ekki grein fyrir því eins og hann hefur það. Það getur verið, að það sé rétt, en ég leyfi mér að efast um það, og ég held þó a. m. k., að það sé skaðlaust, þó að sami reikningsmáti sé á því hafður. Ég hefði lagt til, að þegar endurskoðun færi fram, væri þetta atriði tekið til athugunar, en að setja sérstök l. um þetta atriði nú, tel ég ekki ástæðu til, ef ekki er breytt að öðru leyti.

Ég held það hafi ekki verið fleira í ræðu hv. þm., sem ég þarf að svara. Ég las ekki upp þessi bréf, sem ég las upp áðan, til þess að gera þeirra orð að mínum, heldur þvert á móti. Það er óathugað af mér, hvernig í þessu máli liggur, og ég las þetta upp til þess að menn hér í d. fengju að kynnast bréfum, sem dags daglega berast til míns rn. frá útgerðarmönnum um það, að veita þeim mönnum, sem hér um ræðir, undanþágu. Að láta þá sigla með undanþágu er ekkert meira öryggi en að láta þá sigla með réttindum.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Ég vil ekki lengja umr. um þetta mál, en ég er

til neyddur að segja nokkur orð í tilefni af þeirri skýringu, sem hæstv. samgmrh. gaf hér áðan, og yfirlýsingu þeirri, sem hann gaf við 2. umr. Hann gat þess réttilega, að þessi yfirlýsing væri gefin í tilefni af viðtali, sem ég átti við hann um þetta efni, en ég heyri það nú, að hann hefur misskilið málflutning minn í því efni. Það kemur fram, að hann byggir yfirlýsingu sína á því, að þeir vélstjórar frá vélstjóraskólanum, sem hafa réttindi til gæzlu véla yfir 900 hö., skuli að sjálfsögðu einnig njóta réttinda með minni vélar. En það var ekki þetta, sem ég átti við, heldur, að það er í rauninni hvergi tekið fram beinum orðum um réttindi vélskólamanna til gæzlu mótorvéla upp að 900 hö., heldur er aðeins getið réttinda þeirra til gæzlu véla yfir 900 hö., og er þá sett fyrir því sem skilyrði, að þeir hafi einnig lokið námi við rafmagnsdeild vélskólans. En það, sem ég átti við, var hitt, að þeir menn, sem numið hafa vélfræði sína í 2 ár á vélfræðideild skólans, hljóti að eiga að hafa ekki minni réttindi til gæzlu mótorvéla en menn frá mótornámskeiðum Fiskifélagsins. Og þar sem nú er líka gert ráð fyrir því, eins og frv. liggur nú fyrir, að menn frá námskeiðunum fái réttindi upp að 900 hö., þá skilst mér, að það hljóti að liggja í hlutarins eðli, að vélskólamenn með tveggja ára nám hafi ekki minni réttindi hvað þetta snertir. En gallinn er, að um þetta vantar nógu skýr ákvæði í l. Sú yfirlýsing, sem ég óskaði, að hæstv. ráðh. gæfi, var sú, að þessir menn njóti réttinda til gæzlu mótorvéla upp að 900 ha, þó að þeir hafi ekki lokið námi í rafmagnsdeild. Eftir að þetta hefur nú komið fram, sé ég mér ekki annað fært en að taka upp meginatriðið í brtt. minni, sem ég flutti við 2. umr., en tók þá aftur. En til þess að hún verði ekki misskilin vegna þessarar sundurgreiningar vélfræðinámsins, hef ég bætt hér inn í hana, að þeir, sem hafi lokið meira prófi, þ. e. a. s. þeir, sem hafa stundað þar vélfræðinám í tvö ár, skuli njóta réttinda o. s. frv. Ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar. Ég tel það svo sjálfsagðan hlut, að þessir menn eigi að njóta þeirra réttinda, sem hér um ræðir, að ég ætlaði að komast hjá því að flytja um það sérstaka brtt. með því að fá yfirlýsingu frá hæstv. ráðh., því ég sé ekki, að það sé í rauninni hægt að framkvæma þetta á annan hátt, þó að einhverra hluta vegna hafi láðst að setja um þetta nógu skýr ákvæði í l. En þar sem nú er ekki lengur nein stoð í yfirlýsingu hæstv. ráðh., sé ég ekki annað fært en að taka upp brtt. að nýju og legg hana hér með fram.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt. við þetta frv., frá hv. 6. landsk. (StgrA), svo hljóðandi:

„Við 10. gr. Við gr. bætist ný málsgr., er orðist svo:

Þeir, sem lokið hafa hinu meira prófi frá vélfræðideild vélskólans í Reykjavík, skulu njóta fullra réttinda til gæzlu mótorvéla upp að 900 ha stærð, ef þeir uppfylla skilyrði þessarar greinar í stafliðunum a—e."

Þessi brtt. er of seint fram komin og að nokkru leyti skrifleg, og þarf því afbrigði til þess, að hún megi koma fyrir, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 791) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Enn þá eru þrír þm. á mælendaskrá. En með því að meiri möguleiki er á að ljúka þessu máli, þó að það dragist, heldur en ýmsum öðrum, sem komin eru skemmra áleiðis, þá fresta ég umr. um þetta mál um stund.

Umr. frestað..

Á 112. fundi í Ed., 17. maí, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 743, 790, 791, 792).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil aðeins benda stj. á tvennt, sem leitt hefur til þess, að þessum málum er nú komið eins og raun ber vitni um. Í fyrsta lagi hefur stj. vanrækt að samræma kennsluna, og af því stafar öngþveitið. Þetta vildi ég benda á til athugunar og lagfæringar. Í öðru lagi hefur það komið greinilega fram hjá hæstv. samgmrh., að brýn nauðsyn er á því, að menn með kunnáttu og leikni, sem ekki hafa próf, fái aðstöðu til þess að taka próf. Segjum, að maður hafi verið vélstjóri í 30 ár, en hafi ekki próf. Hann getur verið eins góður vélstjóri fyrir því, ég rengi það ekki, en það á að láta hann sýna hæfni sína með prófi, svo að hann öðlist réttindi. Hér gildir hið sama og um iðnaðinn. Það á að gefa mönnum tækifæri til að sanna kunnáttu sína með prófi, eins og till. lá fyrir um í iðnaðarmálunum, en ráðherrann mátti ekki vita til, að samþykkt yrði. Hér aftur þarf ekkert próf að hans dómi, heldur á að veita þeim réttindi án þess. Er samræmi í þessu, ráðherra? Ríkisstj. á að binda endi á þetta öngþveiti með því að taka í taumana, en ekki láta þetta draslast áfram og síga á ógæfuhlið eins og í öðrum greinum. Og í sambandi við endurskoðun l. þarf að skapa möguleika til þess, að þessir menn geti tekið próf án þess að þeir þurfi að setjast á skólabekk í mörg ár.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þó að þetta mál sé faglegs eðlis, hygg ég, að flestum sé ljóst, að hér er um að ræða hatramma deilu milli þeirra, er stunda nám í vélskólanum í sex ár og sjö mánuði, og hinna, er verið hafa á meira námskeiði Fiskifélags Íslands, en námstíminn þar er tvö ár og sex mánuðir. Hv. dm. er þetta efalaust ljóst. Spurningin er sú, hvort rétt sé að veita þeim síðari rétt til gæzlu 600—900 ha véla.

Ég tel affarasælast í þessu heita deilumáli, að engin breyt. sé gerð áður en endurskoðun hefur farið fram, enda hefur hæstv. ráðh. sagt, að hann muni sjá um það, að hún fari fram í sumar. Ég lít svo á, að verði réttindaaukning námskeiðsmanna knúin fram nú, muni vélskólamenn leggja á það aukna áherzlu að fá það tekið út úr l. og um það verði aftur harðar deilur. Ef Alþ. víkur frá sér að taka efnislega afstöðu, og þm. hafa ekki heldur sérþekkingu á þessum málum, hygg ég, að ekki verði eins miklar deilur um málið.

Ég geri ráð fyrir, að bezt sé að skipa þriggja manna n., þar sem sinn sérfræðingurinn verður frá hvorum aðila og einn maður frá stj. Það, sem n. þarf að gera, er að samræma námið, svo að það verði allt undir einum hatti og hægt verði fyrir námskeiðsmenn að fá réttindi með lítilli viðbót. Það er hægt að leysa málið nú með því að taka ekki efnislega ákvörðun, en knýja fram endurskoðun. Þá verður málið leyst til frambúðar. Það á ekki að láta kné fylgja kviði nú, — það er hending, hver verður ofan á, og við erum ekki fagfróðir, — heldur eigum við að bíða og fá málið í hendur fagfróðum mönnum frá báðum aðilum, og síðan er hægt að taka ákvörðun um það.

Hæstv. ráðh. fór inn á undanþágumennina. Um þá er það að segja, að mér finnst, að þeir þurfi að víkja fyrir fyllsta prófrétti. Þannig mundi hæstv. ráðh. fara að, ef um gervismiði í iðnaði væri að ræða. Þeir yrðu að víkja fyrir fyllsta réttar mönnum. Auk þess er hér bara um nokkra mánuði að ræða, og ég sé ekki, að þeir biði neitt tjón af þeirri bið. Mér er sagt, að aðeins sé um að ræða sex 600—900 ha skip, svo að það er enginn aragrúi, sem á komandi sumri fengi atvinnu í sambandi við þetta. Það er því ekkert, sem knýr fram samþykkt frv. Það bætir aðeins úr atvinnuþörf fárra manna, og undanþágur hafa verið veittar og má gera það áfram. Það er því réttast að samþ. dagskrártill. og fá umsögn fagmanna um málið. Það er skynsamlegasta lausnin, og ég mun fylgja henni.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Út af fullyrðingum hæstv. ráðh., að hann hefði ekki heimild til þess að veita undanþágur, vil ég benda á það, að í l. um vélstjóra er þessi heimild gefin. Að vísu er þar átt við gufuvélar, því að þá var ekki þörf á heimild varðandi mótorvélar, en ég geri ráð fyrir, að meiri lögjöfnuður hafi verið notaður á öðrum sviðum en hér er þörf, til þess að þessi ákvæði taki einnig til mótorvéla.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um málið nú, en ég vil mótmæla mörgum þeim fullyrðingum, sem hæstv. ráðh. kom með um þessa stétt.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 792 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÓ, GJ, GÍG, HV, LJóh, ÞÞ, BBen.

nei: BK, BrB, JJós, SÁÓ, StgrA, ÁS, BSt.

EE, PZ greiddu ekki atkv.

1 þm. (HermJ) fjarstaddur.

Brtt. 790,1 samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÓ, EE, GJ, GÍG, HV, LJóh, ÞÞ, BBen.

nei: BK, BrB, JJós, SÁÓ, StgrA, ÁS, BSt.

PZ greiddi ekki atkv.

1 þm. (HermJ) fjarstaddur.

Brtt. 791 kom ekki til atkv.

— 790,2 samþ. með 9:6 atkv.

— 790,3 samþ. með 9:5 atkv.

— 790,4 samþ. með 9:6 atkv.

— 790,5 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, StgrA, BK, BÓ, BrB, EE, GJ, BSt.

nei: LJóh, ÞÞ, GÍG, HV.

JJós, PZ, ÁS, BBen greiddu ekki atkv.

1 þm. (HermJ) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurjón Á. Ólafsson: Þó að frv. sé orðið krypplingur, tel ég rétt, að það komizt til Sþ., og segi því já.

Frv. afgr. til Sþ.

Á 76. fundi í Sþ., 18. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 810).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá í Sþ.

---

23. Ráðstafanir til að tryggja rekstur útvegsins.

Á 38. fundi í Nd., 16. des., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir til að tryggja rekstur útvegsins [105. mál] (þmfrv., A. 219).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

---

24. Framfarasjóður búnaðarsambanda.

Á 45. fundi í Nd., 18. des., var útbýtt:

Frv. til l. um stofnun Framfarasjóðs íslenzkra búnaðarsambanda [108. mál] (þmfrv., A. 255).

Á 49. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér lítið frv. á þskj. 255 ásamt hv. þm. A-Húnv. og hv. 2. þm. Eyf. Frv. þetta fer fram á, að ríkissjóður leggi til árlega 300 þús. kr., sem leggist í sérstakan sjóð, er nefnist Framfarasjóður búnaðarsambanda. Ástæðan til þess, að við flytjum þetta frv., er sú, að okkur er kunnugt um, að búnaðarsamböndin eru nú í mikilli fjárþröng vegna ýmiss konar framkvæmda, sem þau hafa með höndum, og einnig vegna þess, að þau hafa misst tekjustofn, sem mörg þeirra treystu á, sem er helmingurinn af búnaðarmálasjóði, en eins og hv. þm. er kunnugt, var l. um búnaðarmálasjóð breytt á síðasta Alþ. þannig, að helmingurinn rennur til búnaðarsambandanna, en hinn helmingurinn fer til Stéttarsambands bænda. Nú geri ég ekki ráð fyrir því, að mörg búnaðarsambönd hafi gert fjárhagsáætlun á þeim grundvelli að reikna með öllum búnaðarmálasjóðnum, vegna þess að það var vitað, að

honum yrði breytt, enda vitað, að honum hefur verið breytt, eftir að sum samböndin gerðu fjárhagsáætlun, en ég geri ráð fyrir, að þau hafi flest reiknað með sama tillagi frá Búnaðarfélagi Íslands fyrir árið 1948 og 1947, þar sem tillag ríkissjóðs til Búnaðarfélags Íslands er engu minna fyrir það ár en áður. En sú varð raunin á, að tillag Búnaðarfélags Íslands til búnaðarsambandanna fyrir árið 1948 var skorið niður um helming frá því, sem var 1947, og það er þess vegna, sem það er kunnugt, að ýmis búnaðarsambönd eru nú í fjárþröng og eiga erfitt með að halda þeirri starfsemi áfram, sem byrjað var á, þegar reiknað var með sama fjárframlagi frá Búnaðarfélagi Íslands og verið hafði áður og þessum hluta búnaðarmálasjóðs, sem þau nú fá. Hvers vegna Búnaðarfélag Íslands hefur skorið niður um helming framlag sitt til búnaðarsambandanna, er mér ekki að öllu leyti kunnugt, en sagt hefur verið, að það væri vegna þess, að búnaðarsamböndin fengju fé frá búnaðarmálasjóði. Þetta eru út af fyrir sig ekki rök, sem hægt er að taka gild, vegna þess að Búnaðarfélagi Íslands er kunnugt um það, að með aukinni ræktun og margs konar auknum framkvæmdum hjá búnaðarsamböndunum er aukin þörf fyrir fjármagn, og það var vitað, að búnaðarsamböndin ætluðu að treysta á sama fjárframlag frá Búnaðarfélaginu, þar sem þau höfðu ekki hugboð um það áður, að þetta yrði skorið niður. En það er ekki um þetta að sakast. Ég geri ráð fyrir því, að stjórn Búnaðarfélags Íslands geti komið með rök og sagt: Við höfum nóg með þetta fé að gera til ýmiss konar ráðstöfunar fyrir Búnaðarfélagið, — og skal ég ekki rengja það, að Búnaðarfélagið geti notað það fé, sem eftir var óráðstafað á s. l. ári, til þarfra hluta, án þess að láta búnaðarsamböndin hafa það, t. d. í húsbyggingu og ýmislegt fleira, en þá eigum við að sameinast um það að fá fé á annan hátt til búnaðarsambandanna, svo að þau þurfi ekki að vera í vandræðum og þurfi að kippa að sér hendinni um að geta haldið áfram þeim framkvæmdum, sem þau þegar eru byrjuð á. Megi það takast, þá get ég vel skilið það, að Búnaðarfélagið geti haft þörf fyrir fé, t. d. í húsbyggingu, en ég tel, að það megi ekki taka þetta fé af búnaðarsamböndunum, nema því aðeins að tryggja þeim það annars staðar frá, og í þeirri von, að hv. þm. sé ljós sú þörf búnaðarsambandanna að fá fé í eigi minni mæli en áður, þá legg ég til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og landbn. með ósk um, að það nái samþykki hér í þinginu.

Steingrímur Steinþórsson: Það eru aðeins örfá orð. Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. fari til þeirrar n., sem ég á sæti í, og sé því ástæðulaust að ræða það mikið nú. En af því að það gætir talsverðs misskilnings, bæði í grg. frv. og eins í því, sem hv. frsm. sagði nú í sinni framsöguræðu, þá þykir mér rétt að segja örfá orð um þetta mál. Hv. frsm. taldi nefnilega, að það hefði verið ákvörðun stjórnar Búnaðarfélags Íslands að skera niður framlög til búnaðarsambandanna 1948. En þetta er misskilningur. Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur ekkert haft með þetta að gera, það er búnaðarþing, sem sat í ársbyrjun 1947 og semur fjárhagsáætlun fyrir tvö ár, 1947—48, sem hefur með þetta að gera, og fyrir árið 1947 er alveg sama fjárveiting til búnaðarsambandanna og áður hafði verið, en búnaðarþing, einmitt fulltrúar búnaðarsambandanna, 25 menn, kosnir af öllum búnaðarsamböndum landsins, samþykkja það einróma að gera þessa ráðstöfun fyrir árið 1948, að lækka framlagið til búnaðarsambandanna um helming og geyma fé, og þeir lýstu yfir, að þetta fé verði ekki eyðslueyrir, og það fé er geymt. Búnaðarþing kemur saman eftir fáa daga og gerir sínar ákvarðanir fyrir næstu 2 ár í samræmi við það, sem þá er vitað um afgreiðslu fjárl. fyrir þetta ár, o. s. frv. — Það var þetta, sem ég vildi leyfa mér að taka fram, að það er ekki rétt að beina þessu að stjórn Búnaðarfélags Íslands. Það eru fulltrúar búnaðarsambandanna sjálfra, sem gerðu þessa ályktun. Einnig vildi ég taka það fram, að þetta fé er ekki eyðslueyrir, heldur er það geymt, og það er að vissu leyti rétt hjá hv. frsm., að þetta fé var lagt til hliðar til að eiga eitthvað til góða í sérstökum tilgangi. — Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar nú, en læt það bíða þangað til búnaðarþing kemur saman, sem mun hafa samráð við ríkisstj. og Alþ. um það fé, sem lagt verður fram í þessu skyni. Hins vegar er ég hv. flm. að vissu leyti alveg sammála um það, að full þörf er á meira fé fyrir búnaðarsamböndin. Hitt er annað mál, að ég tel nokkuð mikið sagt í grg., þar sem talað er um óverjandi ráðstöfun hjá Búnaðarfélagi Íslands. Það er þá þessi óverjandi ráðstöfun búnaðarþingsfulltrúanna, sem hér er um að ræða, — það, að þeir tóku þá ákvörðun að leggja til hliðar þessa fjárhæð og geyma hana til þess, sem talað er um, góðra hluta, og það verði unnið að þeim. Ég vil svo gera það að till. minni, að þessu máli verði vísað til búnaðarþings, ef það fer til landbn., svo að búnaðarþing sjálft fái að svara fyrir sig vegna þeirra ásakana, sem hér eru á það bornar í grg. Að öðru leyti er ég sammála um þörfina fyrir fé til búnaðarsambandanna, en þetta er sjálfsögð leið í málinu nú, að því er mér virðist. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Mér liggur við að þakka hv. 1. þm. Skagf. fyrir það, sem hann sagði. Mér virðist á honum, að hann sé þessu frv. samþykkur, a. m. k. að vissu leyti, því að sú skoðun kom fram hjá honum, að búnaðarsamböndin þurfi að fá meira fé, og efast ég ekki um, að hann beiti áhrifum sínum að því að rétta þeirra hlut. Sú ásökun, sem hann talar um, að í grg. sé borin á Búnaðarfélag Íslands, segir hann, að sé ómakleg, vegna þess að það sé ekki stjórn Búnaðarfélagsins, sem stóð að þessari samþykkt, heldur búnaðarþing allt, og má það vel vera. Og ef ásökunum er beint að skökkum aðila, þá er sjálfsagt að biðjast afsökunar á því, og þykir mér gott sem 1. flm. að eiga hauk í horni, þar sem er búnaðarmálastjóri, til þess að rétta hlut búnaðarsambandanna, og það er sérstakt tækifæri til þess nú,

þegar búnaðarþing kemur saman. Ég vissi það, að þessu fé er ekki eytt, það er til, og þess vegna er tækifæri til þess að rétta hlut búnaðarsambandanna, bæði með því að fé er lagt til hliðar og eins með því að samþykkja þetta frv. Ég tel óþarft á þessu stigi málsins að hafa fleiri orð um þetta frv., en endurtek það, að ég legg til, að það fari til landbn., og er að sjálfsögðu alveg samþykkur því, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að þessu frv. verði síðan vísað til búnaðarþings, svo að það geti svarað þeim ásökunum, sem að því er beint, og ég tel þörf á því, að búnaðarþing endurskoði sína afstöðu í þessu máli rækilega.

Sigurður Kristjánsson: Það er eingöngu út af því, að talað er um, að þetta frv. fari til landbn., að ég kvaddi mér hljóðs. Ég tel frv. hvergi eiga heima nema hjá fjhn., því að það er að sjálfsögðu fjárhagshlið málsins, sem þingið þarf að rannsaka. Hitt þarf ekki að deila um, að landbn. mun finna ástæðu til þess að óska eftir fé í þetta, en það, sem snýr að Alþ., er fjárhagshlið málsins, og þess vegna á þessi hv. d. að láta fjhn. rannsaka málið. Ég legg því til, að málið fari til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrSt, ÁkJ, BÁ, EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, IngJ, JG, JPálm, JörB, SigfS.
nei: SG, SEH, SK, ÁÁ, EOl, EmJ, HB.
BG greiddi ekki atkv.
14 þm. (ŞkG, StJSt, StSt, FJ, GTh, JóhH, JS, JJ, KTh, LJós, ÓTh, PÞ, PO, SB) fjarstaddir.

Á 92. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 93. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 255, n. 559).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Fyrir nokkru voru um það harðar deilur í þinginu að skaffa búnaðarsamböndunum verulegar tekjur með því að láta þau hafa fé þess sjóðs, sem þá var stofnaður, búnaðarmálasjóðs, og fengu þau það í 2 ár. Fyrir rúmum 2 árum var svo um það samið, að þetta fé skyldi að helmingi af þeim tekið, og á sama tíma kom í ljós, að framlag til búnaðarsambandanna hafði af Búnaðarfélaginu verið minnkað allverulega, og með tilliti til þess er frv. það, sem hér liggur fyrir, flutt snemma á þessu þingi. Það var sent búnaðarþingi til umsagnar, sem haldið var núna í vetur, og mælti það eindregið með samþykkt þessa frv., þó með nokkrum breyt. á 2. gr. Hefur landbn. orðið sammála um að leggja til á þskj. 559, að frv. verði samþ. með þessum breyt. við 2. gr. Eins og nál. ber með sér, skrifar einn nm., hv. þm. V-Ísf., undir með fyrirvara, sem hann að sjálfsögðu gerir grein fyrir. En með því að ég geri ráð fyrir, að álit n. verði tekið til greina af hv. d., sé ég ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð að svo komnu.

Ásgeir Ásgeirsson: Fyrirvari minn merkir það, að ég er á móti frv. af þeirri ástæðu, að ég tel ekki fært, eins og nú er komið fjárhag þjóðarinnar, að lögbinda stórar fjárveitingar fyrir framtíðina. Ég tel, að svona till. hefði átt að koma fram í sambandi við fjárl. og einnig í samráði við fjmrh.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:5 atkv.
Brtt. 559 (ný 2. gr.) samþ. með 17:1 atkv.
3. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:4 atkv.

Á 94. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 580).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 90. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 91. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, HermJ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BK, BÓ, BSt.
PZ greiddi ekki atkv.
8 þm. (GÍG, HV, JJós, LJóh, SÁÓ, BBen, BrB, EE) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Ég hef orðið var við það nú og oft áður, að hæstv. forseti heyrir stj. játa afbrigðum, þegar ráðherrastólarnir eru tómir. Hann getur eins spurt minn stól, og þess vegna greiði ég ekki atkv.

Forseti (BSt): Ég lít á það sem form, að þetta er borið undir hæstv. stj., en það er ekki form hvað hv. d. snertir. Annars er vafasamt, hvort þarf að bera þetta undir hæstv. stj., þó að ég hafi haldið sömu reglu og verið hefur um þetta.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í þeirri upphæð, sem Búnaðarfélag Íslands fær, eru 170 þús. kr., sem veittar eru til búnaðarsambandanna. Í þessu frv. er farið fram á 300 þús. kr. framlag í Framfarasjóð íslenzkra búnaðarsambanda. Ég hygg, að það hafi vakað fyrir flm., að þar með væri talin þessi upphæð, 170 þús. kr. Mér þykir rétt að benda á þetta, áður en málið fer í n., og vænti þess, að hv. landbn. taki það til athugunar, hvort eigi sé rétt, að af þessari upphæð skuli ganga fé Búnaðarfélagsins í sjóðinn, svo að upphæðin lækki í 130 þús. kr., nema ætlunin sé að greiða í sjóðinn 300 þús. kr. úr ríkissjóði auk hins, sem er framlag Búnaðarfélagsins. Að öðrum kosti þarf að taka það fram í frv., hvort

þetta viðbótarfé er aðeins hluti af því, sem á að fara í þennan sjóð, eða ekki.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég tel þetta nokkuð mikið fjárhagsmál og legg því til, að málinu verði vísað til fjhn. (*StgrA:* Eingöngu fjárframlag.)

Forseti (BSt): Þetta mál mun hafa verið til meðferðar hjá hv. landbn. Nd. og á skv. venjunni að ganga til landbn. þessarar d. En auðvitað er á valdi d. að fella það. Þó að ég geri það eigi að till. minni að vísa því til landbn., mun ég bera það undir atkv. skv. venju. D. er í sjálfsvald sett, til hvorrar n. hún vill vísa málinu.

Till. um að vísa frv. til landbn. felld með 7:3 atkv.
Frv. vísað til fjhn. með 9:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Sýsluvegasjóðir.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 17. maí 1947, um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði* [123. mál] (þmfrv., A. 318).

Á 61. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Sigurðsson): Þetta frv. er flutt eftir áskorun sýslunefndar Skagfirðinga til okkar þm. héraðsins. Saga þessa máls er sú, að 1947 var hækkað nokkuð tillag til sýsluvegasjóða, eða úr 10‰ í 12‰. Það er nú fengin 2 ára reynsla, sem hefur leitt það í ljós, er raunar var vitað, að þessi hækkun var of lítil. Þetta er mjög eðlileg niðurstaða, því að lenging sýsluveganna og stóraukin umferð bifreiða hefur haft í för með sér aukið viðhald, ef vegirnir áttu að vera færir allt árið. Það er því svo komið í mörgum héruðum, að sýsluvegasjóðsframlagið hrekkur rétt fyrir viðhaldi og því ekkert til nýbygginga. Þetta hefur haft þær afleiðingar, að hreppsnefndir hafa víða orðið að taka að sér sýsluvegalagningu og taka til þess lán eða að öðrum kosti átt það á hættu, að góðar jarðir, sem ekki hafa fengið vegi, legðust í eyði. Það hefur að vísu verið látið heita svo, að sýsluvegasjóðir stæðu að þessum nýbyggingum, en þó gengið út frá, að hreppsfélögin fengju þetta ekki greitt. Af þessu má sjá, að það er ekki að ófyrirsynju, að þetta frv. er borið fram. Ef borið er saman framlagið til sýsluvegasjóðanna, þegar þessi l. voru sett 1924, sem þá var 6‰, þá er ekkert samræmi í, að framlagið sé nú ekki nema 12‰, ef miðað er við verðlagsbreytingar í landinu.
Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um málið við þessa umr., en vænti, að því verði vísað til samgmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgmn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Kirkjugarðar (frv. menntmn. Nd.).

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 1932, um kirkjugarða* [132. mál] (þmfrv., A. 349).

Á 66. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Þetta frv. barst menntmn. frá kirkjumálaráðuneytinu með ósk um það, að n. tæki frv. til flutnings. Nefndin var sammála um að verða við þeirri ósk að flytja frv. En nm. hafa óbundnar hendur um að fylgja brtt., sem fram kunna að koma við málið.
Í l. um kirkjugarða frá 1932 segir, að kirkjumrh. sé heimilt að veita leyfi til þess að taka upp heimagrafreiti, en engin nánari fyrirmæli eru í þeim l. um það, hvaða reglum skuli fylgja eða takmarkanir settar fyrir slíkum leyfum.
Þær breyt., sem farið er hér fram á, eru aðallega þrjár: Í fyrsta lagi að binda leyfi til heimagrafreita við þær jarðir, sem eru ættaróðul eða ættarjarðir, eða þær aðrar jarðir, sem liggja svo langt frá sóknarkirkju, að sérstakir erfiðleikar séu á líkflutningum þaðan. Í öðru lagi, að meðmæli héraðsprófasts skuli fylgja beiðni um upptöku heimagrafreits. Þá er og lagt til, að leyfisgjald verði hækkað úr 150 kr. í 500 kr.
Þau rök, sem færð eru fyrir þessu frv. af hálfu rn., að breyt. sú, sem að er stefnt með þessu frv., sé æskileg og nauðsynleg, eru fyrst og fremst þau, að með hinum tíðu ábúendaskiptum, sem nú eiga sér stað víða á jörðum, þá sé ekki hirt svo vel um heimagrafreiti sem æskilegt sé og nauðsyn beri til og af því leiði, að nauðsynlegt sé að setja nokkuð þröng skilyrði fyrir, að heimagrafreitir séu leyfðir.
Ég hef svo ekki fleira um þetta frv. að segja, en vænti þess, að málið verði látið ganga til 2. umr.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Mig langar aðeins til að vekja athygli á því, að þetta

frv., sem hér liggur fyrir, er alveg óvenjulega ómerkilegt frv., og er þá mikið sagt. Mér þótti hins vegar sem menntmnm. ekki rétt að hindra, að n. flytti málið. Það eru nú litlar hömlur á því, að menn geti tekið upp heimagrafreiti, það þarf ekki nema einfalt leyfi til. En með þessu frv. á að binda þetta leyfi við ættaróðul, eða í öðru lagi verða menn að eiga langan veg til kirkjugarða. Mér sýnist, að í þessu heimagrafreitamáli sé ekki nema um tvennt að gera, þ. e. að hafa það eins og það er í l., að megi hafa heimagrafreiti og gera þar engan mun á jörðum eða mönnum, eða banna þá með öllu. Það er óeðlilegt að hafa forréttindi fyrir þá, sem eiga jarðirnar. Ég endurtek það, að þetta er nauðaómerkilegt frv. Ég mun þess vegna, þó að ég vildi ekki brjóta þá venju, að n. flytji mál fyrir ríkisstj., beita mér móti málinu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:4 atkv.

Á 67. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég kann ekki við þann hátt, að nefndir leggi fram frv., sem fari hvað eftir annað í gegn við umr., án þess að því sé nokkur gaumur gefinn. Til þessa máls hefur engin n. tekið afstöðu. Hv. n. hefur flutt frv. þetta vegna fram kominna óska þar að lútandi. Ég vil því eindregið mælast til þess, að n. taki mál þetta til athugunar á milli 2. og 3. umr. Mér finnst það nú dálítið óviðeigandi að leyfa heimagrafreit á einum stað, en synja um hann á öðrum stað, ef óskað yrði. Ég vil ekki setja algert bann við því, það kann ég ekki við, og ég vænti, að hv. n. athugi málið nánar á milli 2. og 3. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég minnist þess ekki, að n. hafi athugað þessa hlið málsins, áður en hún lagði frv. fram, eða milli 1. og 2. umr. Hins vegar tel ég sjálfsagt að verða við ósk hv. 6. þm. Reykv., en ég tel hættulaust að ljúka þessari umr. nú, en legg það í vald forseta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, StSt, BÁ, HÁ, HB, HelgJ, JG, JPálm, JS, PÞ.
nei: SigfS, SG, SEH, ÁkJ, EOl, IngJ, KTh, LJós.
FJ, GÞG, BG greiddu ekki atkv.
14 þm. (SB, SK, StJSt, StgrSt, ÁÁ, EmJ, EystJ, GTh, HermG, JóhH, JJ, JörB, ÓTh, PO) fjarstaddir.
2.—3. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

Á 68. og 69. fundi í Nd., 21. og 22. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Skemmtanaskattur og þjóðleikhús (frv. SB og JörB).

Á 67. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús [140. mál] (þmfrv., A. 365).

Á 68. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 1. þm. Árn. (JörB) leyft mér að flytja hér frv. um breyt. á lögum um skemmtanaskatt og þjóðleikhús. Þetta mál liggur mjög ljóst fyrir, og tel ég ekki þörf á að fylgja því úr hlaði með mörgum orðum. Mun ég þó gera grein fyrir þeim rökum, sem að áliti okkar flm. hníga að því, að rétt sé að gera þessar breyt. á viðkomandi lögum.
Samkv. lögum falla 6 kvikmyndahús, sem nú eru rekin hér á landi, undir þetta undanþáguákvæði l. um skemmtanaskatt og þjóðleikhús. Í þessum sex kvikmyndahúsum eru 2013 sæti. Tvö af þessum kvikmyndahúsum eru rekin af bæjarfélögum, en fjögur af félagasamtökum. Tvö þessara kvikmyndahúsa eru rekin hér í Rvík, en úti á landi skiptist skemmtanaskatturinn þannig, eins og hv. þm. er kunnugt, að 40% af honum renna til rekstrarsjóðs þjóðleikhússins, 10% til lestrarfélaga og kennslukvikmynda og 50% í hinn nýstofnaða félagsheimilasjóð. Það er auðsætt af þeim tölum, sem ég nefndi hér um sætin, sem skattfrjáls eru í kvikmyndahúsunum, að þeir aðilar, sem skatturinn rennur til, bíða mikið tjón við þessi skattfríðindi, og það er álit okkar flm., að þau séu óeðlileg. Kvikmyndahúsarekstur er yfirleitt mjög arðvænleg atvinnugrein, og þess vegna er ekki ástæða til þess að undanskilja nokkra af þeim, sem slíkan atvinnurekstur reka, greiðslu skemmtanaskattsins. Það hefur að vísu komið fram sú mótbára gegn því, að þessi fríðindi verði afnumin, að arði þessara kvikmyndahúsa, sem skattfrjáls eru, sé varið til menningarmála. Nú liggur að vísu ekki fyrir um það opinber skýrsla, að svo sé gert. En ég tel samt, að líkur séu til þess, að a. m. k. í sumum tilfellum sé það rétt, að arðinum af þessum kvikmyndahúsum, sem skattfrjáls eru, sé varið til einhvers konar menningarmála. En mér finnst, að Alþ. í þessu tilfelli eigi að meta, hvor nauðsynin sé meiri, að styrkja þessa menningarviðleitni, sem þessi skattfrjálsu kvikmyndahús kunna að standa undir, eða hins vegar þá menningarlegu nauðsyn og það menningarlega starf, sem félagsheimilasjóður fyrst og fremst á að standa undir

og enn fremur þjóðleikhússjóður. En upplýsingar liggja fyrir um það, — og það er auðvelt að afla þeirra fyrir þá hv. þm., sem þurfa, — að mjög miklar líkur eru til þess, að sá síðast taldi sjóður muni ekki hrökkva til þess að standa undir rekstri þjóðleikhússins með þeim tekjum, sem hann hefur nú.

Ég þarf ekki að rökstyðja það hér, að félagsheimilasjóður á því hlutverki að gegna, sem er mjög þýðingarmikið. Og það kom greinilega fram hér á hæstv. Alþ., þegar l. um skemmtanaskatt og þjóðleikhús var breytt, að meiri hl. þm. var þeirrar skoðunar, að brýn nauðsyn væri á því að styrkja félagslegt samstarf úti í sveitum og kauptúnum landsins með því að láta þennan nýja sjóð fá verulegan hluta skemmtanaskattsins. Það er mín skoðun, að einmitt erfiðleikarnir á félagslegu samstarfi viðs vegar um land í sveitum og kauptúnum og jafnvel kaupstöðum eigi ríkastan þátt í því að fæla fólkið, ekki síst unga fólkið, burt úr byggðunum úti um landið, svo að það hópast saman hér í Rvík, þannig að byggðirnar úti um landið eru mergsognar að ungu fólki svo að segja um leið og það kemst á legg. Ég hygg, að þetta sé margviðurkennd staðreynd.

Árið 1948 renna 50% skemmtanaskattsins í félagsheimilasjóð, sem var stofnaður með lögum frá 1947. Allur skemmtanaskatturinn í ár má gera ráð fyrir, að nemi um það bil 2,3 millj. kr., og þar af féllu þá til félagsheimilasjóðs kr. 1150000,00. Það er gert ráð fyrir, að úthlutað verði í tvennu lagi tekjum sjóðsins. Á þessu fyrsta starfsári hans var úthlutað 590 þús. kr. til 25 aðila, en samt sem áður sóttu 105 aðilar um styrk úr sjóðnum. Áfallinn kostnaður við byggingar þessara 25 aðila er kr. 3739000,00, og 40% af þeim kostnaði yrðu um kr. 1500000,00, en áætlaður heildarkostnaður þessara 25 aðila er um kr. 7578000,00. Áætlaðar styrkþarfir til þeirra yrðu því um 3030000,00.

Þessar upplýsingar eru frá fræðslumálaskrifstofunni, íþróttafulltrúanum, sem er formaður stjórnar sjóðsins, að ég hygg. Ef miðað er við þá 105 aðila, sem sóttu um styrk úr félagsheimilasjóði á síðasta ári, má áætla, að heildarbyggingarkostnaður þeirra sé um 35 millj. kr., og þar í eru fólgnar umsóknir frá fjórum kaupstöðum, sem hafa undirbúið heildarfélagsheimili. En 40% af þessu, sem yrði styrkur félagsheimilasjóðs, yrði 14 millj. kr., sem sjóðurinn yrði þá að leggja fram. — Ég hygg, að þessar tölur, sem ég hef lesið hér og byggðar eru á upplýsingum frá stjórn félagsheimilasjóðs, sýni, hve örskammt möguleikar félagsheimilasjóðs nú hrökkva til þess að fullnægja þörfum í þessum efnum. Það er svo órafjarri því, að sjóðurinn hafi nægilegt bolmagn til þess, að hægt verði að koma upp svo miklu sem verulegum hluta af þeim samkomuhúsum og félagsheimilum, sem ráðagerðir eru nú um að byggja víðs vegar um land í sveitum og kauptúnum. Og ég álít, að það væri mjög óheppilegt, að það drægist mjög lengi að leysa þessa mjög aðkallandi þörf. Það er áreiðanlegur hlutur, að það er fátt, sem sogar unga fólkið úr byggðum landsins frekar til Rvíkur en einmitt hinir miklu og fjölbreyttu möguleikar félagslegs samstarfs og skemmtanalífs, sem þar eru. Og það er ekki hægt fyrir löggjafarvaldið, þegar það hefur tök á að tryggja örari framkvæmdir í þessum efnum, sem ég hef hér að vikið, til að greiða fyrir meiri möguleikum fyrir félagslífi í byggðunum úti um landið, að láta það undir höfuð leggjast. Ég skil vel, að það koma mótbárur gegn þessu frv. frá þeim aðilum, sem njóta skattfríðinda í sambandi við skemmtanaskattinn og segjast líka vinna að framkvæmdum menningarmála, og sumir þeirra eru að því. En ég held bara, að nauðsynin sé meiri á hinn bóginn, og þess vegna hef ég ásamt hv. 1. þm. Árn. flutt þetta frv. hér. Og ég vænti, að það muni mæta sama skilningi og þær till., sem lögfestar voru á þinginu 1947 og miðuðu að skynsamlegri lausn og auknum stuðningi við þessa hlið menningarmála dreifbýlisins.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um frv. fleiri orðum, en leyfi mér að óska þess, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og menntmn.

Umr. frestað.

Á 69. og 70. fundi í Nd., 22. og 24. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 25. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mig langar þegar við þessa 1. umr. að fara nokkrum orðum um þetta frv. Ég ætla að lýsa því yfir í upphafi, að ég er á móti þeirri stefnu, sem fram kemur í frv., og mun því strax við 1. umr. greiða atkv. gegn því. — Frá setningu l. um skemmtanaskatt hafa nokkur kvikmyndahús notið hlunninda í sambandi við skattinn, en hér er farið fram á, að þessi hlunnindi verði afnumin. Þessi kvikmyndahús munu nú vera 6 alls, bæði í Rvík og annars staðar á landinu. Hér er starfandi svonefnt Trípólíbíó, sem rekið er af Tónlistarfélagi Reykjavíkur og stendur að verulegu leyti undir tónlistarlífi bæjarins, því að þessi starfræksla nýtur ekki beinna hlunninda frá ríkinu eins og þjóðleikhúsið. Þá rekur háskólinn Tjarnarbíó, og renna tekjur af því til vísindastarfsemi, og þarf ekki að eyða orðum að nauðsyn þess. Utan Reykjavíkur þekki ég bezt, hvernig þessu er háttað í Hafnarfirði. Þar rekur bærinn kvikmyndahús, sem nýtur umræddra hlunninda, og rennur ágóðinn til stuðnings elliheimilis á staðnum. Fyrir þetta fé er þegar byrjað að reisa elliheimili, sem kemur til með að kosta 3 millj. kr., og er augljóst, að ekki hefði verið hægt að ráðast í þær framkvæmdir nema þessi stuðningur kæmi til. Á Akranesi munu tekjur af kvikmyndahúsi, sem bærinn rekur, vera notaðar í svipuðu augnamiði, eða til að reisa sjúkrahús. Þau tvö önnur kvikmyndahús, sem njóta þessara hlunninda, geri ég ráð fyrir, að séu rekin í svipuðum tilgangi og þessi, sem ég nú hef nefnt.

Ég hafði satt að segja ekki búizt við, að það fyndust tveir hv. þm. í þessari d., sem þættu þessi skattfríðindi óeðlileg. Þegar l. um skemmtanaskatt voru sett, fyrir um það bil tveimur áratugum, var gert ráð fyrir, að skatturinn

væri misjafnlega hár eftir því, um hvers konar skemmtanir væri að ræða. T. d. áttu dansskemmtanir að vera í hærri flokki en ýmsar aðrar, og undanþegnar skemmtanaskatti áttu þær samkomur að vera, sem haldnar væru vegna mannúðar- eða menningarmála. Þetta fyrirkomulag hefur haldizt yfir tvo áratugi, og mér er ekki kunnugt um, að á því hafi orðið nokkur breyting síðustu ár nema sú, að nú er tekjum af þessum skatti varið til rekstrar þjóðleikhúss og byggingar félagsheimila í sveitum, en áður var honum einungis varið til byggingar þjóðleikhúss. Ég skil því ekki, hvers vegna nú á að fara að skattleggja tónlistina í Rvík, vísindastarfsemi háskólans, byggingu elliheimilis í Hafnarfirði o. fl. hliðstætt. Þegar þessi skattur var lagður á, var ætlazt til, að hann næði einungis til gróðafyrirtækja, sem rekin væru í þeim tilgangi að hagnast á þeim. Það er þess vegna óskiljanlegt, þegar bæjarfélag eða menningarfélög hefja kvikmyndahúsarekstur í þeim tilgangi, að tekjurnar standi undir kostnaði við að reisa umræddar stofnanir, svo að ekki þurfi að leita til ríkissjóðs um fé, að þá sé það launað með því að taka tekjurnar í skatt. Mig satt að segja undrar, að nokkrum manni skuli detta í hug, að ríkið eigi að skattleggja slíka starfsemi og það til að reisa danshús, sem síður en svo hafa meira menningargildi en húsin, sem skattlögð eru. Hins vegar veit ég, að það er þörf félagsheimila víða í sveitum landsins, og væri æskilegt, að hægt væri að reisa þau fljótlega, en það er alls ekki óeðlilegt, þó að ekki sé hægt að sinna beiðnum allra þeirra aðila, sem sækja um styrk til slíkra bygginga, á einu ári. Það munu hafa verið 105 óskir um styrk til byggingar félagsheimila, en ekki hægt að sinna nema 26 þeirra, og þó að það sé ekki nema ¼ af þeim, sem sóttu, þá finnst mér það ekki tiltökumál, þar sem þetta er fyrsta starfsár sjóðsins, og tel, að megi vel við una, ef hægt verður að veita þeim ¾, sem eftir eru, aðstoð á næstu 4 árum. Í því sambandi má benda á, að þær stofnanir, sem með þessu frv. er gert ráð fyrir að skattleggja, — eða þá starfsemi, sem undir þeim stendur, — verða engan veginn fullbúnar að 4 árum liðnum með óbreyttri aðstöðu frá því, sem nú er. Í Hafnarfirði, þar sem tekjum af kvikmyndahúsrekstrinum er varið til að reisa elliheimili, er hagnaðurinn nálægt 200 þús. kr. á ári. Kostnaðurinn við þessa byggingu er áætlaður 3 millj. kr., og þar sem ekki er um neinn styrk frá ríkinu að ræða, þá tekur það 15 ár að fullgera heimilið með þessu framlagi. Ég held, að það geti ekki verið neitt réttlæti í því að taka þennan sjóð af gamalmennunum og byggja fyrir hann félagsheimili, þó að þau séu ef til vill nauðsynleg. Mér finnst því ekki koma annað til mála en fella þetta frv. þegar við 1. umr.

Það mætti fleira um þetta mál segja, en ég ætla að láta þetta nægja. Að endingu vil ég segja það, að ég tel, gagnstætt því sem stendur í grg. frv. — að það sé óeðlileg undanþága, sem áðurnefndar stofnanir hafi, — að hér sé um óeðlilegt frv. að ræða.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Nd., 28. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Pétur Ottesen: Ég get mjög tekið undir það, sem hæstv. samgmrh. sagði hér um þetta mál, þegar það var hér síðast til umr. Mér kom það eins og honum hálfeinkennilega fyrir sjónir, þegar flutt er frv. um það að breyta þessum ákvæðum í l. um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, sem verið hafa í gildi um alllangt árabil, eða síðan 1927. Þegar verið var að ræða á síðasta þingi um breyt. á því, hvernig skemmtanaskattinum yrði varið, komu engar till. um að gera breyt. á þessu ákvæði l., og það var talið eins og áður, að sjálfsagt væri að láta slík undantekningarákvæði gilda. Eins og hæstv. samgmrh. drap á, fellur starfsemi nokkurra kvikmyndahúsa undir þetta ákvæði. Ágóðanum af rekstri þessara stofnana er ýmist varið til styrktar menningarmálum eða mannúðarmálum. Það er að vísu nokkur árangur, sem rekstur þessara kvikmyndahúsa ber, og þess vegna fellur árlega nokkurt fé til þess að styrkja þessi málefni, menningarmál og málefni, sem miða að almenningsheill. Hæstv. samgmrh. minntist á, hvernig ástatt væri um þetta efni í hans kjördæmi, Hafnarfirði, þar sem bæjarfélagið hefur tekið upp bíórekstur, sem er síðan látinn bera uppi menningarstarfsemi þar í kaupstaðnum. Í mínu kjördæmi skeði sá atburður fyrir nokkrum árum, að fórnfús og göfuglynd hjón, Haraldur Böðvarsson og kona hans, Ingunn Sveinsdóttir, gáfu kaupstaðnum fullbyggt bíóhús, sem kostaði víst um eina milljón króna, og kváðu svo á í skipulagsskrá, sem um þessa starfsemi er sett, að tekjunum af rekstri kvikmyndahússins skuli fyrst og fremst vera varið til að standa undir að koma upp sjúkrahúsi á staðnum og reka það og til þess að byggja elliheimili og standa að nokkru leyti undir rekstri þess. Sú reynsla, sem fengizt hefur af rekstri þessa húss, sýnir, að þessum mikilsverðu málefnum kaupstaðarins er að þessu mikil hjálp. Tekjurnar hafa verið upp undir 100 þús. kr., á síðasta ári að vísu nokkru lægri upphæð. Þessu fé hefur verið varið til að koma upp allmyndarlegu sjúkrahúsi á Akranesi og umbæta mikið elliheimili, sem búið var að koma þar á fót. Tekjurnar verða í framtíðinni til að standa undir þessum rekstri.

Ég skýri frá þessari sérstöku aðstöðu þarna á Akranesi með tilliti til þess, að mér finnst, að undantekningarákvæði þessara l. séu í alla staði eðlileg, þegar tekjunum af þessum rekstri er varið á þann hátt, sem gert er í Hafnarfirði, á Akranesi og kannske víðar, til framgangs ýmsum menningarmálum. Ég verð þess vegna að láta í ljós undrun mína eins og hæstv. samgmrh. yfir, að frv. skuli vera komið fram um að fella undantekningarákvæði gildandi l. um kvikmyndahúsarekstur í þessu augnamiði algerlega niður. — Þá er mér ekki síður undrunarefni það orðalag, sem haft er um þetta í þeirri grg., sem fylgir þessu frv., þar sem talað er um, að skattundanþága þessi sé mjög óeðlileg. Og í niðurlagi grg. er talað um, að með samþykkt frv. sé verið að létta af óviðurkvæmilegu misrétti, sem hér eigi sér stað. Þetta er vissulega harður dómur, sem þarna er felldur um þessa starfsemi, þar

sem það er kallað óviðurkvæmilegt að kveða svo á í löggjöfinni að veita undanþágu hvað þetta snertir. Ég veit satt að segja ekki, í hvers konar hugarástandi flm. þessa frv. hafa verið, þegar þeir gengu frá þessu frv. og kváðu þannig á um þetta í grg. Það er nokkuð mikið sagt með því að tala um óviðurkvæmilegt misrétti í þessum efnum, þar sem þetta undantekningarákvæði er svo þröngt skorðað eins og það er í l., að það er eingöngu bundið við, að tekjunum af rekstri þessara fyrirtækja sé varið til framdráttar nauðsynlegum menningarmálum og mannúðarmálum, eins og vissulega er gert, þegar verið er að bæta sjúkrahúsakostinn í landinu og búa í haginn fyrir gamalt fólk og örvasa, sem getur ekki sjálft séð sér farborða hvað viðurværi og húsakost snertir. Það er einkennileg túlkun á hugsunarhætti Íslendinga gagnvart þessum mikilsverðu menningarmálum að kveða svo að orði um þau sem gert er í þessari grg. Ég veit, að þetta er engan veginn innri maður hv. flm., heldur hafa þeir sett þetta fram í einhverju fljótræði og af því að þeir hafa engan veginn sett sig inn í, hvaða þýðingu þetta ákvæði hefur. Ég vil ekki með nokkru lifandi móti leggja annan skilning í það.

Ég vil líka mega vænta þess, eins og ég óska, að d. líti líkt á þetta mál og hún hefur áður gert og undirstriki nú sem fyrr, að þessi undantekningarákvæði skuli standa óhögguð, að þessir hv. flm. geti líka fallizt á, að það sé ekki rétt eða sanngjarnt eða eðlilegt að gera þá breyt., sem hér hefur verið lögð til í þeirra frv., þegar þeir hugsa þetta mál meir í ró og næði og athuga það nánar en þeir sýnilega hafa gert, þegar þeir gengu frá þessu frv. og skrifuðu þá grg., sem því fylgir.

Ég skal fyllilega viðurkenna, að skemmtanaskattinum, eins og honum var ráðstafað á síðasta þingi, sé skynsamlega ráðstafað. Honum er varið til þriggja aðila, í fyrsta lagi til að koma upp æskulýðsheimilum í sveitum, í öðru lagi til að standa undir rekstri þjóðleikhússins, fyrst farið var inn á þá braut, að ríkið taki þá starfsemi upp á arma sína, sem nokkuð skiptar skoðanir voru um á sínni tíð. Í þriðja lagi á að verja tíunda hluta af skemmtanaskattinum til þess að styðja bókasafnastarfsemi í landinu og kvikmyndagerð af ýmsum þjóðlegum háttum hjá okkur. Eins og ég gat áður um, kom engum til hugar, þegar þessi breyt. var gerð, að undanfella þau ákvæði, sem lagt er til að fella niður í þessu frv. Svo sjálfsagt var það talið af öllum. Og ef miðað er við þau framlög, sem við teljum okkur hafa ráð á að leggja til ýmissa framkvæmda í landinu, eins og skólabygginga og annars, er snertir menningarmál og þess háttar, þá verður að telja, að það framlag sé allríflegt eftir þeim upplýsingum, sem hv. 1. flm. gaf hér, þegar hann reifaði þetta mál. Ég tók svo eftir, að þær tekjur, sem falla til byggingar æskulýðsheimila, séu um 1 millj. kr. Þá skilst mér, að um 800 þús. kr. fari til þjóðleikhússins og 200 þús. til annarrar starfsemi, sem á að verja þessu fé til. Og miðað við framlög af hálfu ríkisins til hliðstæðra mála þá verður að telja þetta sæmilega úrlausn á einu ári, þó að það nái að sjálfsögðu skammt á móti þeim óskum, sem uppi eru hverju sinni, en þó sækist þetta smám saman, þótt hægt sé, þannig að allmiklu verður hægt að koma til vegar á næstu 5—10 árum af því, sem ógert er í þessu efni. Við þekkjum það, sem erum í fjvn., að það er ekkert smáræði, sem stendur upp á ríkið að veita samkvæmt l. til ýmissa nauðsynlegra framkvæmda í landinu. Það eru ekki fáar milljónir eða milljónatugir, en fjárveitingar til hafnargerða eru á eftir því, sem lög gera ráð fyrir, að veitt sé úr ríkissjóði til þessara framkvæmda. Og ef maður tekur skólabyggingarnar, þá mun þetta vera þar enn þá meira. Mér skilst því, að hér komi fram allt of mikið bráðlæti og ekki sé rétt að ganga svo langt í þessu efni, að það gangi út yfir menningar- og mannúðarstarfsemi, sem studd er í þessu efni með núverandi löggjöf. En þó að ég sé á móti þessu máli, þá er ég ekki á móti því, að það gangi sinn þinglega gang og fari til n., og ég vænti, að sú n. athugi þetta mál vel, því að hún hlýtur þá að komast að þeirri niðurstöðu, að ekki sé viðeigandi eða gerlegt að skerða þann styrk, sem slík fyrirtæki fela í sér fyrir menningar- og mannúðarmál þjóðarinnar. Æskilegt væri, að það ætti sér stað í sem flestum tilfellum, að menn, sem eru nokkurn veginn vel á vegi staddir fjárhagslega, létu af hendi rakna fé til slíkrar menningar- og mannúðarstarfsemi og legðu þannig grundvöll að því fyrir framtíðina, að aðstaðan til að vinna að þessum málum verði verulega bætt. En það er vitanlega engin uppörvun fyrir menn að gera þetta, ef farið verður að seilast eftir þessu framlagi og draga það frá sínu ætlunarverki yfir í ríkissjóð til ýmissa annarra framkvæmda. Það er engin uppörvun fyrir þessa menn að vinna með þessum hætti að menningar- og mannúðarstarfsemi í landinu, og mér skilst, að það sé varhugavert fyrir Alþingi að slá þannig á útréttta hönd manna í þessu efni. Það ætti frekar að örva og glæða þann hugsunarhátt og a. m. k. viðurkenna hann, en vera ekki að draga úr honum með því að láta ríkið teygja krumlur sínar ofan í þann sjóð.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vænti þess aðeins, að sú vernd, sem l. hafa veitt að þessu leyti, verði að engu leyti skert.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Hæstv. viðskmrh., sem talaði hér, þegar málið var síðast til umr., þótti svo mikið liggja við að koma því fyrir kattarnef, að hann skoraði á þm. að fella það við 1. umr. Það mætti ætla, að það væri meira en lítið alvarlegt mál hér á ferðinni, þegar einn ráðh. rís upp úr stóli sínum og krefst þess af hv. þm., að þeir látið málið ekki einu sinni fá þinglega meðferð. Það mætti ætla, að einhver háski væri hér á ferðum, fyrst það þykir knýjandi nauðsyn, að Alþingi fari þá óvenjulegu leið að fella málið við 1. umr. Nú skil ég vel, að hæstv. ráðh. finnist þetta frv. ekki að öllu leyti að sínu skapi, því að í hans kjördæmi er eitt þeirra kvikmyndahúsa, sem mundi, ef frv. væri samþ., missa nokkurra fríðinda ásamt nokkrum öðrum kvikmyndahúsum í landinu. Það, sem hæstv. ráðh. er að gera, er ekkert annað en að verja forréttindi þessa fyrirtækis í kjördæmi hans. Og þá er líka skiljanlegt,

hvers vegna hann þóttist þurfa að skora á þm. að beita fantatökum, því að það er aðeins til að verja forréttindi eins fyrirtækis í kjördæmi hans. Ég skal svo ekki ræða meira um þessa áskorun hæstv. ráðh. að fella málið við 1. umr., en vænti, að hv. þm. sjái, að slíkt er alveg ósæmilegt. Hér er um að ræða mál, sem menn geta haft misjafnar skoðanir um, eins og flest önnur mál, en hitt er hrein óhæfa, sem hæstv. ráðh. skoraði á hv. þm. að fremja.

Nú mætti ætla, eftir því sem hæstv. ráðh. talaði, að mér væri sérstakt áhugamál að svipta 1—2 bæjarfélög möguleikum til að hraða byggingu heimilis fyrir gamalt fólk og sjúklinga. Hæstv. ráðh. málaði mjög litsterka mynd, hve grimmdarfull aðferð þetta væri gegn gamla fólkinu í Hafnarfirði. Ég viðurkenni, að tekjur þessara stofnana af rekstri sínum verða nokkru minni við það, að þau verða að greiða skatt eins og önnur hliðstæð fyrirtæki. En ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hefur þessi rekstur ekki verið talinn mjög arðvænlegur? Ég hef heyrt suma flokksmenn hans halda fram, að þeir einstaklingar, sem reka slík fyrirtæki, græddu á því of fjár. Ég hygg, að ég hafi heyrt því haldið fram, ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur oft og alltaf, þegar á slíkan rekstur hefur verið minnzt, og ég viðurkenni, að kvikmyndahúsarekstur hér á landi er með allra arðvænlegustu og öruggustu atvinnugreinum. Þess vegna fer því fjarri, að það sé verið að eyða öllum möguleikum til að byggja elliheimili í Hafnarfirði og sjúkrahús á Akranesi, þó að þessi kvikmyndahús á þessum stöðum séu látin greiða skemmtanaskatt eins og önnur hliðstæð fyrirtæki á landinu. Og það er hrein blekking, þegar hæstv. ráðh. rís upp og segir, að með þessu sé verið að koma í veg fyrir, að elliheimili sé byggt í Hafnarfirði og dregur upp þessar tvær myndir, danshús úti á landi eða elliheimili í Hafnarfirði. Það tekur að vísu lengri tíma að safna nægilegu fé til að geta byggt elliheimili í Hafnarfirði, ef fyrirtækið er látið greiða skemmtanaskatt eins og önnur hliðstæð fyrirtæki, en hitt er fjarstæða, að með því sé verið að útiloka alla möguleika til að gera það, enda er fjarri mér að leggja stein í götu þess, að Hafnarfjarðarbær eignist elliheimili eða Akraneskaupstaður komi upp sjúkrahúsi, þegar myndarlegt fólk hefur lagt þar fram mikið fé að gjöf til kaupstaðarins í þessu skyni. Ég tel þvert á móti mjög ánægjulegt að vita til þess, að þessir tveir myndarlegu kaupstaðir skuli hafa fengið fasta tekjustofna, sem hægt er að nota í þessu augnamiði, því að það er mjög æskilegt, að elliheimili og sjúkrahús séu reist. Hitt er alveg óþarfi, að setja dæmið eins upp og hæstv. viðskmrh. gerir, danshús úti á landi eða elliheimili í Hafnarfirði. Og að þetta tvennt geti ekki farið saman, ef forréttindi kvikmyndahúsanna verða afnumin. Þessi staðhæfing sló algerlega í baksegl við það, að kvikmyndahúsarekstur sé mjög arðvænleg atvinnugrein. En það er eins og sumum finnist, að það sé ekki hægt að reka nein opinber fyrirtæki nema með einhverjum forréttindum fram yfir rekstur einstaklinga. Þetta er dálítið einkennilegt og slær í bakseglin við þá skoðun, sem hæstv. viðskmrh. hefur, að eiginlega eigi bæir og ríki allt að reka og þá fyrst verði atvinnutækin arðvænleg fyrir fólkið og gefi því þann arð, sem það hefur rétt á. Því fer fjarri, að sá kvikmyndahúsarekstur, sem einstaklingar stunda, greiði ekki mikið fé í skatta til hins opinbera, og skal ég því til sönnunar nefna nokkrar tölur. Frá Nýja bíó hef ég upplýsingar um, hvað það hefur greitt í opinber gjöld síðast liðin 8 ár, og er sú upphæð 3.7 millj. kr., þar af tæp milljón í sætagjöld og útsvör í bæjarsjóð Rvíkur, en um 2 millj. í skemmtanaskatt. Austurbæjarbíó greiddi árið 1948 í skatta og opinber gjöld 625 þús. kr. og rúmlega 145 þús. kr. í bæjarsjóð. Gamla bíó hefur frá árinu 1947 greitt í sætagjöld og útsvör 190 þús. kr., en samtals um 800 þús. kr. í opinber gjöld. Af þessum tölum ætla ég auðsætt, að hið opinbera fær ekki svo litlar tekjur af þessum einstaklingsrekstri, og þessum tekjum geta bæjarfélögin auðvitað varið á sama hátt og Hafnfirðingar og Akurnesingar hafa í hyggju. Þau geta varið þessum tekjum til alls konar menningarmála, og þau gera það líka, og hvergi hefur eins miklu fé verið varið til menningarmála og hér í Rvík. Ég ætla því auðsætt, að það þurfi engin skattfríðindi í Hafnarfirði og á Akranesi til þess að kvikmyndahúsarekstur geti borið sig. Hæstv. viðskmrh. upplýsti, að hagnaður kvikmyndahússins í Hafnarfirði hefði orðið um 200 þús. kr. á ári. Ég fæ nú ekki betur séð en bæjarfélagið hefði getað fengið þessar tekjur af bíórekstri með sætagjaldi og útsvari, þótt fyrirtækið hefði greitt skemmtanaskatt. Það er því hrein blekking hjá hæstv. viðskmrh. og hv. þm. Borgf., þegar þeir krefjast þess, að frv. verði fellt við 1. umr. vegna þess, að samþykkt þess hindri það, að byggt verði sjúkrahús á Akranesi og elliheimili í Hafnarfirði. Staðhæfingar hæstv. ráðh. hljóta að byggjast á því, að hann álíti, að rekstur bæjarfélaga sýni aldrei eins góðan arð og rekstur einstaklinga og því þurfi hann að njóta skattfríðinda og forréttinda. Eins og ég hef áður tekið fram, er meginástæðan fyrir flutningi þessa frv. sú, að félagsheimilasjóði er nauðsynlegt að fá auknar tekjur til þess að geta styrkt byggingar félagsheimila úti um land. Hæstv. viðskmrh. talaði með mikilli fyrirlitningu um danshús í sveitum, sem verja ætti í því fé, sem rænt væri af gamla fólkinu í Hafnarfirði. Það getur verið, að hæstv. ráðh. geti leyft sér að tala með lítilsvirðingu um samkomur ungs fólks í sveitum, en þeir, sem til þekkja, vita, að skorturinn á möguleikum til félagslegs samstarfs á einna ríkastan þátt í að ýta undir flutninga fólksins úr sveitum til kaupstaðanna, sem verður aftur til þess, að möguleikar fólksins þar til góðrar afkomu minnka. Þetta er alkunn staðreynd. Því fækkar fólkinu, er vinnur að því að framleiða innlendar neyzluvörur eða útflutningsvörur, en hinu fjölgar, sem lifir á því að vinna umbúðastörf, sem krefjast aukinnar gjaldeyriseyðslu. Ég veit ekki, hvað hæstv. viðskmrh. segir um það að fjölga því fólki, sem eyðir gjaldeyri, en fækka hinu, sem skapar hann, og ef ekkert er að gert, heldur aldan áfram að skola fólkinu yfir til eyðslustarfanna og umbúðastarfanna. Það er ekkert hégómamál, þótt unnið sé af festu og fé lagt til þess að bæta aðstöðu fólksins úti á landi til félagslegs sam-

starfs. Það er því ekki sæmandi hæstv. viðskmrh. að tala um þessi mál með lítilsvirðingu.

Ég benti á það í framsöguræðu minni, að félagsheimilasjóði hefðu borizt 105 umsóknir um styrk, en af þeim hefðu 25 umsækjendur fengið úthlutað 590 þús. kr. Hæstv. viðskmrh. sagði, að af þessu væri ljóst, hve vel hefði unnizt, að 25 af 105 umsækjendum fengu styrk! Ég veit, að hæstv. ráðh. hefur ekki meint þetta, því að ef hann athugaði málið, þá sæi hann, hve ákaflega lítill styrkur kemur í hvern stað. Ég held, að einn aðili hafi fengið 60 þús. kr., en flestallir frá 25—30 þús. kr. Ég veit um samkomuhús, sem á að byggja í 700 manna þorpi og mun kosta um 600 þús. kr. Hv. þm. sjá þá, hve slíkur styrkur er ríflegur. Við flm. gerum ráð fyrir, að ef frv. væri samþ., gætu tekjur sjóðsins aukizt að ⅓. Þá er líklegt, að skemmtanaskatturinn, sem var allur 2.3 millj. kr. s. l. ár, mundi fara yfir 3 millj. kr. Það er því brýn nauðsyn, að þetta frv. verði samþ., og allir, sem athuga málið, sjá, að hér er ekki um að ræða neina fljótfærni eða undarlegt hugarástand, heldur skilning á þörfum fólksins úti um land, og finnst mér nær að halda, að hugarástand hv. þm. Borgf. (PO) sé orðið eitthvað undarlegt, því að hann hefur jafnan þótzt berjast í fylkingarbrjósti fyrir hag dreifbýlisins, en nú rís hv. þm. móti tilraun, sem gerð er til þess að gera þessu fólki frekar unnt að haldast við í dreifbýlinu. Hins vegar skil ég þetta undarlega hugarástand hv. þm. Borgf. Þegar einhver hefur hlotið forréttindi, stendur hann á þeim eins lengi og hann getur, og það er einmitt það, sem hv. þm. Borgf. og hæstv. ráðh. gera. Þeir standa hvor á sínum skækli og reyna að verja forréttindi sinna manna. Svo setja þeir upp helgisvip og segja: Barátta okkar er háð fyrir sjúklinga og örvasa gamalmenni, en ég hef bent á, að kvikmyndahúsarekstur greiðir í skatta ekki minna fé en nemur hagnaðinum af t. d. Hafnarfjarðarbíói. Og ég veit um kvikmyndahús rekið af bæjarfélagi, sem nær engar tekjur hefur. Það er stórt hús með 350 sætum. Bæjarsjóður þar hafði árið 1948, að mig minnir, 15 þús. kr. upp úr þessum rekstri, og þessu fé er varið til menningarmála. Bæjarfélagið fékk sem sagt sama sem ekki neitt. *(PO:* Nú skil ég hv. þm. N-Ísf. Hann þarf sem sé engu að offra af sínum skækli.) Það er nú svo, því að ef frv. okkar yrði samþ., þarf þetta kvikmyndahús að greiða skemmtanaskatt, sem það greiðir ekki nú. Framígrip hv. þm. Borgf. er því algerlega út í bláinn, því að ef frv. yrði samþ. mundi það skapa þessum rekstri viðbótarbyrði, og þó að ég sé viðriðinn bæjarmál á Ísafirði og unni Ísafirði alls hins bezta, þá sé ég enga ástæðu til, að kvikmyndahúsið þar njóti sérstakra forréttinda, og er mér þar öðruvísi farið en hv. þm. Borgf. og hæstv. viðskmrh. Ég álít, að í þessum efnum eigi þéttbýlið einmitt að styrkja strjálbýlið. Í flestum kaupstöðum eru góð samkomuhús, sums staðar mörg, en í sveitum og þorpum eru þau víða léleg eða engin. Kjarni þessa máls er því ekki sá, hvort verið sé að útiloka möguleika Akurnesinga og Hafnfirðinga á því að koma sér upp elliheimili og sjúkrahúsi, heldur er hitt aðalatriðið, hvort veita eigi aukinn stuðning til félagsheimilasjóðs. Ég endurtek það, að ég vil á engan hátt leggja stein í götu þess, að byggð verði elliheimili og sjúkrahús. Þvert á móti hef ég bent á örugga leið til þess að afla tekna til byggingar sjúkrahúsa. Í þessu máli verður að meta allar aðstæður. Það verður að líta á nauðsyn félagsheimilasjóðs til þess að vera hlutverki sínu vaxinn, áður en öll þjóðin er komin til hinna stærstu kaupstaða, sem geta boðið upp á góða aðstöðu til félagslegs samstarfs, og ég leyfi mér að benda á, að það getur orðið erfitt verkefni fyrir hæstv. viðskmrh. og hv. þm. Borgf. að byggja nægileg elliheimili og sjúkrahús í bæjunum, þegar allt fólkið svo að segja er þangað komið. Þá er ég hræddur um, að vanti hvíldarheimili fyrir þá eftir langa baráttu fyrir að koma upp elliheimilum og sjúkrahúsum.

Ég vil vænta þess, að hv. d. geri sér ekki þá minnkun að fella við 1. umr. sanngirnismál og réttlætismál sem þetta, heldur fái það þinglega meðferð og að sjálfsögðu samþykki hv. deildar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef áður lýst skoðun minni á þessu máli og skal reyna að forðast endurtekningar. Ég vildi aðeins svara hv. þm. N-Ísf. (SB). Hann sagði undir lokin, að það væri með öllu rangt hjá hv. þm. Borgf., að hér væri um að ræða fljótfærni eða undarlegt hugarástand. En þetta er bezta og góðgjarnasta skýringin á flutningi þessa frv., sem til er, en úr því að hv. þm. vill ekki sætta sig við hana, þá hlýtur eitthvað annað — og verra — að liggja á bak við. Ég leyfi mér að efast um, að þetta sé sá stuðningur við félagsheimilasjóð, sem hv. flm. vilja vera láta. Því er haldið fram af hv. þm. N-Ísf., að það sé óviðeigandi af mér að leggja til, að frv. verði fellt við 1. umr., en ég held mig fast við það. Málið er alveg ljóst. Það liggur einfaldlega þannig fyrir, að menn verða að gera það upp við sig, hvort þeir vilja leggja skatt á menningar- og mannúðarstarfsemi til þess að byggja það, sem ég leyfði mér að kalla danshús í sveitum. Það er margt, sem þarf á opinberum stuðningi að halda. Sumir leita opinberrar aðstoðar, aðrir ekki. Ég hef lýst því, hvernig tónlistarfélagið hefur farið að. Eðlilegt væri, að svo mikilsverð menningarstarfsemi fengi opinberan styrk, en þess hefur ekki verið leitað. Tónlistarfélagið hefur aflað sinna tekna sjálft, að vísu með kvikmyndahúsarekstri, en fyrir það að forða ríkissjóði og bæjarsjóði frá því að veita því fjárstyrk á nú að verðlauna það með háum skatti. Hv. þm. N-Ísf. minntist ekki á þetta, enda hefur hann fátt haft til andsvara. En þetta er ekki af fljótfærni gert, segir hv. þm. Það er að yfirlögðu ráði, og mér þykir það mjög leitt.

Ég minntist á háskólann og vísindastarfsemina í landinu. Hún nýtur að vísu styrks úr ríkissjóði, en þarf meira fé en ríkissjóður getur af hendi látið. Til þess að afla þessa fjár hafa forsvarsmenn háskólans tekið upp bíóstarfsemi. Í staðinn fyrir að þakka fyrir það, að ríkissjóður er þannig firrtur útgjöldum, á að straffa þessa starfsemi með því að leggja á hana skatt. Er þetta nokkurt réttlæti? Á ekki að fella svona frv. við 1. umr.?— Ég vil nú minnast nokkuð frekar á tvö bíó, sem hér eru til umr., bæjarbíóin á Akranesi og í Hafnarfirði. Hagnaðurinn af

þessum bíóum rennur til byggingar elliheimilis og sjúkrahúss. Það væri eðlilegt, að leitað væri styrks úr ríkissjóði handa þessari starfsemi. Það er vissulega ekki óeðlilegt, að hann styrki elliheimili, sjúkrahús, skóla og aðrar nauðsynlegar stofnanir, sem bæjarfélögin eiga erfitt með að koma fram af eigin rammleik. En í staðinn fyrir það að leita aðstoðar ríkissjóðs við byggingu elliheimilisins í Hafnarfirði, var ákveðið að hefja þessa bíóstarfsemi, til þess að láta tekjur af henni standa undir byggingunni. Í staðinn fyrir að þakka það, að viðkomandi bæjarfélög hafa reynt að forða ríkissjóði frá því að leggja fram fé í þessu skyni, þá á að straffa þá með aukaskatti fyrir það. Ég spyr aftur, hvort nokkur sanngirni sé í þessu. Svona frv. hefði aldrei átt að koma fram og er vissulega flm. þess ekki til sóma. Ég get vel gengið inn á það, að þörf sé fyrir byggingu félagsheimila og að þörf sé á því að hraða byggingu þjóðleikhússins, efla bókakaup o. fl., en það á bara ekki að taka peninga til þess á þennan hátt, eins og hér er hugsað að gera. Til þess þarf að fara aðrar tekjuöflunarleiðir. Það á ekki að gera þessa starfsemi, sem er rekin til þess að efla tónlist og vísindi og reisa sjúkrahús og elliheimili, að skattstofni fyrir þá starfsemi, sem er styrkt af skemmtanaskattinum. Í því er vissulega ekkert réttlæti.

Hv. þm. N-Ísf. varði alllöngum tíma í það að sýna fram á, hve bíórekstur væri arðvænlegur og hversu sjálfsagt það væri, að bíórekstur reknn af bæjarfélögum skyldi vera á sama hátt skattskyldur og bíórekstur einstaklinga, og þm. komst að þeirri niðurstöðu, að skoðun mín væri ekki byggð á öðru en því, að bæjarrekstur gæti aldrei gengið nema með sérstökum fríðindum. Þetta hefur mér aldrei dottið í hug og aldrei sagt. Hitt er annað mál, að ég sé enga ástæðu til þess, að á þessa starfsemi sé lagður skattur og með því sé þeim framkvæmdum seinkað, sem á að vinna að fyrir tekjur af henni. Það er auðvitað æskilegast, að allar tekjurnar geti komið til framdráttar og gagns þeim mannúðar- og menningarmálum, sem til er stofnað með þessari starfsemi. Ég sé ekkert, sem réttlætt getur, að nokkuð af arði þeirrar starfsemi, sem hér er um að ræða, sé tekið í því skyni, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. — Ég veit það ekki, hvort rekstur þess bæjarbíós, sem ég þekki til, gengur nokkuð verr en rekstur einstaklingsbíóa undir svipuðum kringumstæðum. Ég býst ekki við því. Það hefur haft allmikinn tekjuafgang undanfarin ár. En þeim mun meiri sem tekjuafgangurinn er, því betur getur það staðið undir þeim skuldbindingum, sem það hefur tekizt á hendur, þeim mun fyrr ris af grunni byggingin, sem á að koma upp fyrir þetta fé.

Ég hef aldrei talið nokkurn vafa á því, að kvikmyndahúsarekstur væri mjög arðvænlegur, en það er út af fyrir sig ekki alveg sama, í hvaða tilgangi þessi starfsemi er rekin, hvort hún er rekin til þess að auðga einhvern einstakling og kemur þess vegna honum að notum, eins og aðrar tekjur, sem menn afla sér, eða hvort þessi rekstur er ætlaður til þess að standa straum af greiðslum vegna sérstakra mannúðar- og menningarmála. Þetta er allt annað atriði og er líka öðruvísi farið með það í skattalöggjöfinni. Líknarstofnanir eru undanþegnar skatti, jafnvel þó að þær græði. Ég veit ekki til þess, að lagður sé skattur á sjúkrahús, þó að það sé í einkaeign, eða rekstur þeirra, þó að hann gefi tekjuafgang. Álagning skatta hlýtur að miðast að mjög miklu leyti við það, bæði í þessu tilfelli, þegar um skemmtanaskattinn er að ræða, og þegar um tekjuskatt er að ræða, hvort tekjunum er varið til að auðga einstaklinga eða til að vinna gagn menningar- og mannúðarmálum. Ég vænti, að hv. þm. N-Ísf. sjái þetta og allir hv. þdm.

Hv. þm. N-Ísf. segir, að sú hlið sé ein á þessu máli, að ef ekki verði komið nógu fljótt upp félagsheimilum í sveitum, þá flytji fólkið í kaupstaðina og gerist þar, — ekki kannske algerlega óþarft, en allt að því og komi til með að vinna við eyðslustörf. Mér finnst nú, að hv. þm. taki fulldjúpt í árinni, því að vissulega eru til menn í kaupstöðum, sem vinna að framleiðslustörfum. Ef talað er um þetta út frá gjaldeyrissjónarmiðum, þá segi ég það, að ég efast um, að hlutur þeirra, sem þm. var að verja í þessu sambandi, verði miklu stærri en hlutur kaupstaðarbúa, því að það eru margir kaupstaðarbúar, sem framleiðslustörf stunda. Hinu mæli ég ekki á móti, að það er vissulega öfug þróun, að fólkið flytji úr sveitunum og þær fari í eyði. En sé það svo, að ráðið við því sé þetta, að byggja félagsheimili, þá verður að afla þeim félagsheimilum fjár annars staðar frá en ráð er fyrir gert með þessu frv. Ég skal ekki leggja neinn dóm á þetta mál hv. þm. að öðru leyti, en ég ætla, að það megi skoða frá ýmsum hliðum. Það er undir engum kringumstæðum hægt að draga þær ályktanir, að það eigi að skattleggja menningar- og mannúðarstarfsemi í kaupstöðum til þess að koma upp samkomuhúsum í sveitum. Það er algerlega óviðurkvæmilegt og óviðeigandi, svo að ég noti þm. eigin orð.

Ég þarf svo ekki að hafa um þetta mörg fleiri orð. Hv. þm. N-Ísf. sagði í upphafi máls síns, að við hv. þm. Borgf. værum að verja forréttindi og þess vegna værum við að andmæla þessu frv. Við skulum nú athuga, hvaða forréttindi það eru, sem við erum að verja. Á Akranesi og í Hafnarfirði hefur verið byrjað á byggingu elliheimilis og sjúkrahúss, og það hefur verið óskað eftir því af þessum bæjarfélögum að fá þau forréttindi að mega borga þessi hús sjálf, án þess að leita til ríkissjóðs og án þess að hann styrki þessar framkvæmdir með beinum fjárframlögum. Ef þetta eru forréttindi og þess vegna beri að skattleggja þau, þá eru þau með öðru formi en venjuleg forréttindi gerast. Við viljum hafa þau forréttindi að gera þetta sjálfir, óstuddir af ríkinu og óáreittir af því. Við viljum fá að reka áfram þá starfsemi, sem við höfum byrjað á, til þess að geta komið upp þeim byggingum, sem við höfum með höndum, án stuðnings ríkisins. Þetta er okkar ósk, en við viljum líka og jafnframt mega krefjast þess að gera það áreitnislaust af hálfu ríkisins, og það vona ég, að verði, þrátt fyrir þetta frumhlaup hv. þm. N-Ísf.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en mig langar til að

minnast á eitt atriði í málflutningi hv. 1. flm. og í grg. frv., en það er sú staðhæfing, að gildandi skipun á innheimtu skemmtanaskatts feli í sér sérstök og óviðkunnanleg forréttindi handa vissum aðilum, þ. e. a. s. kvikmyndahúsum, sem verja tekjuafgangi sínum til menningarmála. Þetta er grundvallarmisskilningur, sem ég hygg, að ekki geti byggzt á öðru en því, að hv. flm. frv. hafi ekki hugsað þetta atriði til botns. Ég skal sýna fram á þetta með fáum orðum. — Í gildandi l. um skemmtanaskatt, 3. gr., segir svo, að undanþegnar öllum skemmtanaskatti séu m. a. „skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar málefna, sem miða að almenningsheill.“ Frá árinu 1927 og þangað til í fyrra var öllum skemmtanaskattinum varið til að koma upp þjóðleikhúsi. Síðan í fyrra er skemmtanaskattinum skipt milli þjóðleikhússins, félagsheimilasjóðs og lestrarfélaga og kennslukvikmyndasafns. Nú er það tvímælalaust, að l. gera ráð fyrir, að undanþegnar skemmtanaskatti séu skemmtanir almennt, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til að styrkja málefni, sem miða til almenningsheilla. Þetta er almenn regla, sem gildir fyrir allar skemmtanir, bæði kvikmyndasýningar og hvers konar skemmtanir aðrar. Nú í 20 ár hefur tiltekin menningarstarfsemi haft þau forréttindi að njóta tekna af öllum öðrum skemmtunum. Leikhúsbyggingin hafði þau forréttindi, að öllum skemmtanaskatti, sem inn kæmi, skyldi varið til hennar. Þessi forréttindi þjóðleikhússins voru afnumin fyrir einu og hálfu ári. Nú er það þrenns konar starfsemi, sem hefur þau forréttindi, að allir, sem koma á tilteknar skemmtanir, verða að greiða gjald til hennar. Öll önnur menningarstarfsemi í landinu hefur að vísu ekki verið látin gjalda til þess arna, en nýtur heldur einskis úr þessum sjóði. Það, sem innheimtist af skemmtunum, sem á annað borð þykja skemmtanaskattskyldar, fer í þessa þrenns konar starfsemi, og ef tala á um forréttindi í þessu sambandi, er það ómögulegt öðruvísi en þannig, að þjóðleikhúsið, félagsheimilasjóður, lestrarfélög og kennslukvikmyndir njóti þessara forréttinda. Það, sem stungið er upp á með þessu frv., er í raun og veru það að auka þau forréttindi, sem nú eru fyrir hendi, auka þau þannig, að innheimtur skuli meiri skattur en hingað til hefur verið innheimtur og láta hann renna til sömu forréttindaaðila og notið hafa forréttindanna undanfarið. Það er meira að segja ekki gert ráð fyrir, að forréttindi þessara þriggja aðila séu aukin almennt, heldur einungis lagt til, að kvikmyndahúsasýningar, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar málefnum til almenningsheilla, skuli verða skemmtanaskattskyldar, en aðrar ekki. Hér er m. ö. o. lagt til, að komið sé á misrétti á milli þessara skemmtanategunda, kvikmyndasýninga og annarra almennra sýninga, til þess að geta aukið forréttindi þeirra þriggja aðila, sem nú njóta þeirra. Það er því fjarri sanni, að það sé nokkur heil hugsun að baki þessu frv. Það miðar ekki að því að afnema forréttindi og bæta úr misrétti, heldur stefnir það þvert á móti að því að auka forréttindi, sem fyrir eru, og koma á misrétti. Ég vænti þess, að hv. flm. skilji þetta, ef þeir hugsa málið ofan í kjölinn. Ég tek þess vegna algerlega undir þau orð hæstv. viðskmrh., að það sé varla til önnur góðgirnislegri skýring á því, að þetta frv. er flutt en sú, að málið sé vanhugsað og flutt í fljótræði.

Nú er ekki svo að skilja, að ég telji ekki þau forréttindi, sem þjóðleikhúsið, félagsheimilin, lestrarfélög og kennslukvikmyndir fengu með lagasetningunni í fyrra, eðlileg og makleg, eins og þau voru ákveðin þá. En ég tel enga ástæðu til þess að auka þessi forréttindi með því að stækka þessa sjóði, og því síður tel ég ástæðu til að koma á því misrétti að gera þessum þremur aðilum svo miklu hærra undir höfði en allri annarri menningarstarfsemi, sem þessi tilteknu kvikmyndahús styrkja, að hún megi einskis góðs njóta af, eins og hún nú nýtur samkv. gildandi l. — Mér finnst ekki koma til mála að ræða þetta mál á öðrum grundvelli en eftirfarandi: Er rekstur þjóðleikhúss og bygging félagsheimila svo miklu þýðingarmeira menningarmál en sú menningarstarfsemi, sem þau kvikmyndahús, sem hér um ræðir, styrkja, að þjóðleikhúsið og félagsheimilin eigi að hafa skilyrðislaus forréttindi og ekki komi til mála, að hinir aðilarnir geti þar talizt hlutgengir á móti? Það hefur þegar verið á það bent, að þessi kvikmyndahús, sem nú eru samkv. gildandi l. undanþegin skemmtanaskatti, verja tekjuafgangi sínum til vísindastarfsemi og tónlistarstarfsemi og til þess að byggja sjúkrahús og elliheimili. Ég get engan veginn á það fallizt, að rekstur þjóðleikhússins og bygging félagsheimila sé svo miklu brýnna nauðsynjamál en þau önnur mál, sem ég nefndi, að það geti verið réttlátt að taka fé frá þeirri starfsemi, sem þessi umræddu kvikmyndahús styrkja, og verja því eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég tel því stefnt í öfuga átt, ef frv. nær fram að ganga. Og það, sem ég vil vekja sérstaka athygli á í þessu sambandi og finnst tæplega, að hafi verið nógu rækilega gert áður, er, að þetta frv. mundi skapa aukið misrétti, en ekki verða til þess að draga úr því. — Ég vil að síðustu benda á, að verulegum hluta af tekjuafgangi þess kvikmyndahúss, sem ég er kunnugastur, en það er rekið af sáttmálasjóði og háskólanum, er varið til samningar vísindalegrar íslenzkrar orðabókar. Að því starfi vinnur nokkur hópur manna, og eru laun hans og annar kostnaður við orðabókina greiddur að langmestu leyti af hagnaði þessa kvikmyndahúss. Þetta verk er nokkuð á veg komið, og ég held, að engum, sem til þekkir, finnist koma til greina að hætta þessu verki. Ef kvikmyndahús háskólans er svipt möguleikanum til þess að standa straum af þessu verki framvegis, mundi ríkissjóður verða að taka við að greiða öll útgjöld vegna orðabókarinnar. Það er síður en svo, að stefnt sé í sparnaðarátt, ef frv. næði fram að ganga. Þetta er þó ekki mergurinn málsins, heldur hitt, að ég vil engan veginn fallast á, að það sé ómerkara málefni að styðja t. d. útgáfu fullkominnar, vísindalegrar orðabókar en að koma upp félagsheimilum í sveitum. Ég vísa þeim ummælum hv. flm. heim til föðurhúsanna, að ég vilji forréttindi fyrir háskólakvikmyndahúsið, og ég vil segja það við hv. 1. flm. frv., að það er hann, sem er forrétt-

indapostuli. Það er hann, sem vill meiri forréttindi, sérstaklega handa félagsheimilasjóðnum, sem hann ber mjög fyrir brjósti, en ég tel, að hafi þegar nóg forréttindi. Það, sem ég hvorki vil né mun viðurkenna, er það, að vísindastarfsemi og tónlistarstarfsemi og bygging sjúkrahúsa og elliheimila sé alls ekki verð sams konar forréttinda og félagsheimilasjóður nú nýtur, og þess vegna er ég algerlega andvígur þessu frv. og mun greiða atkv. gegn því þegar við 1. umr.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vildi aðeins leggja örfá orð í belg, einkum vegna þess, að mér er alveg óskiljanlegur sá æsingur, sem virðist vera hér í sumum hv. þm., þegar þetta mál er rætt. Mér skilst, að efni þessa máls sé það, að viss hluti af skemmtanaskattinum eigi að ganga til félagsheimila, sem, eins og kunnugt er, má telja málefni, sem miðar til almenningsheilla, eins og á hinn bóginn kvikmyndahúsarekstur, sem er til styrktar málefni, sem miðar að almenningsheill, er undanþeginn skemmtanaskatti. Spurningin virðist því vera sú, hvort ástæða sé að taka skatt frá þeim kvikmyndahúsarekstri, sem nú hefur forréttindi, undanþágu frá skatti, og láta þessar tekjur, sem að sjálfsögðu miða til almenningsheilla þar sem þær eru nú, á annan stað, sem ætlað er að miða til almenningsheilla. Þetta getur verið álitamál. — Ég tók eftir því hjá hv. þm. Borgf., að hann benti á sérstakt kvikmyndahús. Mér þótti nú, þegar hann sagði þetta, athugandi, hvort eigi væri of langt gengið í því að undanþiggja það skatti, því að miðað er við það, sem unnið er að með félagsheimilunum. Það er raunar mikilsvert varðandi öll kvikmyndahús, hvernig þau eru rekin. Hv. ræðumaður benti á tekjuafganginn af Tjarnarbíói og öðru húsi til og minntist líka á Tripolibíó, en önnur eru ótalin. Það er ekki óeðlilegt, að frv. er komið fram um þetta. Hins vegar er ekki eðlilegt að fella það við 1. umr. málsins, því að full ástæða er til að athuga það í n., hvort hin kvikmyndahúsin hafi sambærilega aðstöðu við félagsheimilin. Það verður að skyggnast um í rekstri þeirra. Eigi er t. d. grunlaust um, að Tjarnarbíó hafi yfirboðið önnur kvikmyndahús varðandi erlendan gjaldeyri til kvikmynda. Verið getur, að það verði til þess, að menn heimti meiri gjaldeyri en verið hefur. Það verður þó að gefa að einhverju leyti lausan tauminn um rekstur húsanna. En mér þykir engin ástæða til að ræða þetta mál af æsingu. Hugmyndin er komin fram, að styrkja félagsheimilasjóðinn. En það hefur komið fram, að verið geti með sum kvikmyndahúsin, að draga verði kröfurnar í land. Verður að gera sér grein fyrir þessu og athuga málið frekara í n. Mun ég því fylgja frv. við umr. og til n.

Pétur Ottesen: Það mun víst fremur vera hæstv. samgmrh., sem kveikti í 1. flm. þessa frv., svo að hann fór allgeyst hér við umr. og lét hið sama ganga yfir mig og hæstv. ráðh., þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu, að við værum báðir á móti því, að frv. gengi til 2. umr., en ég lýsti yfir fylgi mínu við, að það gengi til 2. umr. og n. Ég gerði þetta um leið og ég vék orðum mínum til væntanlegrar n.

Hv. þm. sagði, að ég stæði á mínum skæklí, og er það rétt að því leyti, að ég stend á ákveðnum skækli í málinu. Ég nota nú þessi orð sisvona, eins og hv. þm. Ég stend á því, að þar sem um er að ræða mannúðarstarfsemi, þá eigi Alþ. frekar að stuðla að því, að þeir menn, er gangast fyrir henni, geri þetta. Er því fé vel varið, sem gefið er í því skyni að létta undir með olnbogabörnum þjóðfélagsins, sjúklingum o. fl. og láta sólskinið skína á gamla fólkið í elli þess. Álít ég gott um það að segja að láta gjafir renna til þessara hluta, og þær verða þá til þess að létta undir þá starfsemi, er á að vera skjól fyrir þetta fólk. En komi Alþ. fram með það álit, að skattleggja eigi þetta fé og taka það til annarra hluta, verkar það í öfuga átt við uppörvun til mannanna. Á þessum skækli vil ég standa, og ég vil, að þ. standi á þessum grundvelli, því að hér er um grundvallarákvæði í l. að ræða. Þegar frv. var hér á ferðinni á þ. 1947, þá vildi hv. þm. eigi skerða þetta skattfrelsi. En nú rennur það allt í einu upp fyrir honum. Vildi ég því leggja áherzlu á það, að þ. athugi sinn gang, en láti ekki lítt hugsaða till. hlaupa með sig í gönur. Það var þess vegna, að ég tók til máls áðan. Fjöldi er til af ýmsum mannúðarsjóðum, sem flestir eru undir stjórn stjórnarráðsins, og engir skattar eru lagðir á þessa sjóði. Alþ. gerir ekkert til að draga úr tilgangi þeirra. Hér er á hinn bóginn gengið í berhögg við þetta allt saman. Nú á að fara að skattleggja fé, sem lagt er til mannúðarstarfsemi. En það á eigi við hér að vera að kasta að manni kaldyrðum, þótt hann bendi á þetta mikilsverða atriði. Hv. þm. var að kasta því að mér, að ég væri ekki sérlega staðfastur í því að stuðla að hagsmunum dreifbýlisins, þessi afstaða mín bryti í bága við hugsjónir hans. Nú er náttúrlega munur á því, hvernig menn beita sér fyrir hagsmunamálum dreifbýlisins, hvort þeir gera það með raunveruleikans tillögum eða orðaskvaldurstillögum einum. En ég vil benda á eitt atriði, úr því að verið er að minnast á dreifbýlið. Kaupstaðir landsins eiga jafnan rétt til fjárins á við það. Nú er meiri hluti þjóðarinnar í kaupstöðunum. Má því búast við, að mikill meiri hluti fjár þessa renni til þeirra, þó að dreifbýlið sé eigi látið afskipt. Þannig er það varðandi æskulýðshöll þá, sem á að fara að reisa hér í Rvík. Gengur mikill hluti fjárins, eða 50%, í félagsheimilasjóð, en 40% eiga að fara til þjóðleikhússjóðsins. Til þess er féð, og málið snýst um þetta og ekkert annað. En varðandi þ. 1947 vil ég benda á till. mína um þau 45%, er ganga áttu til þjóðleikhússjóðs, og önnur 45% til félagsheimilasjóðs. Ég lagði til, að 65% væru látin ganga til félagsheimilasjóðs, en ekki nema 25% til þjóðleikhússjóðs, þegar þess væri gætt, að hann hefði lengi búið einn að öllum skattinum. En þessar till. voru báðar felldar. Hlutföllin breyttust þó svo, að 50% voru látin ganga til félagsheimilasjóðs, en 40% til þjóðleikhússjóðs. — Ég vil benda á þetta sökum þeirra brigzlyrða um lélega frammistöðu fyrir dreifbýlið, sem ég hef verið borinn. Var þetta miðað við það, að ganga ætti til allra félagsheimilanna, en minni hlutinn

hlýtur að ganga til dreifbýlisins, hversu sem niðurstaðan verður á fyrsta stigi málsins.

Ég þarf nú raunar eigi að segja fleira um þetta mál. Ástæðulaust er að gera það að æsingamáli, þó að menn taki sínar ákvarðanir, enda hef ég eigi stuðlað að því. Hef ég reynt að flytja mál mitt af mestu hófsemi.

Hv. flm., þm. N-Ísf., gerði samanburð á bæjarrekstri og rekstri einstakra manna. Það á ekki við ummæli mín. Á Akranesi er aðeins eitt kvikmyndahús, og er það rekið með þeirri hagsýni, að meiri getur hún ekki orðið. Það er ekki heldur starfsgrundvöllur nema fyrir eitt kvikmyndahús á þeim stað, þar sem um er aðeins að ræða ca. 600—700 manns. Hv. flm. gat eins kvikmyndahúss á Ísafirði, er undanþegið er skatti. Það hefði ekki gefið nema um 15 þús. kr. í tekjuafgang. Þótti mér það nokkuð lítið, en mér skildist svo, að ætti að leggja skatt á það kvikmyndahús, mundi hann éta upp hinn litla hagnað, og legðist þá kvikmyndahúsrekstur niður á Ísafirði. Hver yrði þá ævin fyrir þá, sem góðs eiga að njóta af þessu fé?

Ég skal nú ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Ég vil, að bæði þ. og n. taki það til athugunar, að orðin er föst og að kalla má fastskorðuð regla á landi hér að skerða ekki menningar- og mannúðarsjóði með því að leggja á þá skatta. Það er ekki gert við aðra sjóði. Þá er ég þakklátur hv. 7. þm. Reykv. (JóhH) fyrir það, hvernig hann tók í málið. Tók hann í strenginn með mér, sérstaklega varðandi þetta efni, sem nú var rætt.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Nd., 1. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hv. 7. þm. Reykv. (JóhH) í gær, þegar þetta mál var síðast til umr. Hv. 7. þm. Reykv. lét þess getið, að sérstök þörf væri á því, að mál þetta færi til n. til athugunar á því, hvort ýmis þeirra kvikmyndahúsa, sem nú greiða ekki skemmtanaskatt, ættu í raun og veru að njóta þessara réttinda. Ég vildi einungis taka það fram vegna þess kvikmyndahúss, sem mér er sérstaklega kunnugt um, kvikmyndahúss sáttmálasjóðs eða háskólans, að leitað var dómsúrskurðar um það, hvort það kvikmyndahús ætti að greiða skemmtanaskatt eða ekki. Það greiddi fyrst um skeið skemmtanaskatt, en leitaði síðan úrskurðar dómstólanna um, hvort það ætti að gera þetta eða ekki, og úrskurður dómstólanna varð sá, að það skyldi ekki vera skemmtanaskattskylt. Ég hygg, að líku máli gegni um a. m. k. bæjarbíóið á Akranesi, að dómsúrskurður sé líka fyrir því, að það sé ekki skemmtanaskattskylt, og getur vel verið, að slíkur dómur hafi gengið um nær öll kvikmyndahús, sem þessu sama máli gegnir um.

Annað atriði var í ræðu hv. 7. þm. Reykv., sem ég vildi andmæla, þ. e. að kvikmyndahús sáttmálasjóðs eða háskólans mundi e. t. v. hafa gert yfirboð í kvikmyndir erlendis, og það sumpart kannske vegna fríðinda, sem hv. þm. nefndi svo, er þetta kvikmyndahús hefði. Mér er ekki kunnugt um, að nokkur slík yfirboð hafi verið gerð af hálfu þessa kvikmyndahúss. Og í öllu falli er óhætt að fullyrða, að þessi ákvæði, að því er snertir skemmtanaskattsgreiðslu, skipti þar engu máli.

Ég vildi svo ítreka það, sem ég sagði í gær um þetta mál, að mér virtist meginröksemdirnar fyrir því, að samþ. bæri þetta frv., vera byggðar á algerum misskilningi. Það er rangt, að hér sé um að ræða eitthvert misrétti, sem þessu frv. sé ætlað að bæta úr. Það er þvert á móti þannig, að frv. þetta stefnir að því að koma á misrétti, og það verður alveg augljóst, ef eftirfarandi er athugað. Ég geri ráð fyrir, ef þetta frv. næði fram að ganga og ef einhver aðili kæmi upp — við skulum segja danssal eða stofnaði fyrirtæki til kabarettsýninga eða til þess að reka skautahöll eða slíkt, og ef þetta fyrirtæki verði hagnaði af rekstri sínum til elliheimila eða sjúkrahúsa eða vísindastarfsemi, að þá væri þessi rekstur skemmtanaskattfrjáls eftir sem áður. En ef aftur á móti komið væri upp kvikmyndahúsi til þess að afla tekna nákvæmlega í sama skyni, til byggingar og rekstrar elliheimila, sjúkrahúsa eða því um líks, þá yrði sá rekstur skemmtanaskattskyldur. Hér væri því með samþykkt þessa frv. verið að koma á misrétti, en ekki að afnema misrétti. Sá skemmtanaskattur, sem almenningur nú greiðir af skemmtunum, sem eru skemmtanaskattskyldar, fer að langmestu leyti til þjóðleikhússjóðs eða félagsheimila, en nokkuð til lestrarfélaga og kennslukvikmynda. Þau kvikmyndahús, sem verja hagnaði sínum til elliheimila, sjúkrahúsa, vísindastarfsemi og tónlistarstarfsemi og annarra menningarmála, njóta nú algers jafnréttis eftir gildandi lögum við önnur fyrirtæki, sem slík málefni styðja. Það, sem farið er fram á með þessu frv., er að afnema þetta jafnrétti. Það er farið fram á, að hér eftir skuli þjóðleikhússjóður, félagsheimilasjóður og lestrarfélög og kennslukvikmyndir fá innheimtan skemmtanaskatt af kvikmyndahúsum, sem nú rennur til sjúkrahúsbygginga, bygginga elliheimila og til vísindastarfsemi og tónlistarstarfsemi. Með flutningi þessa frv. er verið að reyna að ná í þann skemmtanaskatt, sem nú gengur til hinna og annarra mikilvægra þarfa á menningarmálasviðinu, og bæta honum við það, sem nú rennur til þjóðleikhússjóðs, félagsheimilasjóðs og lestrarfélaga og kennslukvikmynda. Það er ekki að afnema misrétti, heldur að auka það.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. N-Ísf. minntist á eitthvert hús hér í gær, sem hann sagði, að hefði 350 sæti og mundi ekki greiða skemmtanaskatt til ríkissjóðs. Aðspurður skildist mér, að þessi hv. þm. hefði sagt, að þetta hús væri á Ísafirði. Nú er það svo með Alþýðuhúsið á Ísafirði, sem jafnframt er kvikmyndahús, að það hefur ekki 350 sæti, heldur 312 sæti. Það kannske skiptir ekki svo miklu máli, en sýnir aðeins, að hv. þm. N-Ísf. fer ekki mjög nákvæmlega út í þær upplýsingar, sem hann er að gefa hér í þessu máli. Annars virtist mér þó bregða meir út af, ef þessi hv. þm. hefur verið að láta þess getið, að þetta hús greiddi ekki skemmtanaskatt. Það er alveg rangt. Bíó-

húsið á Ísafirði greiðir fullan skemmtanaskatt til ríkissjóðs og hefur á árunum 1940 til 1949 greitt 329 þús. kr. Og þetta hús er rekið af verkalýðsfélögunum og ágóðinn af því rennur í sjúkrasjóð félaganna. Samt sem áður hefur það ekki sloppið við að greiða venjulegan skemmtanaskatt, og til bæjarsjóðs greiðir þessi stofnun, sem eingöngu er rekin í mannúðarskyni, 15% af brúttóhagnaði af fyrstu 35 þús. kr. og 10% af afganginum, og nemur þetta alveg fullkomnu útsvari, sem annars mundi vera hægt að leggja á þetta fyrirtæki. Hér er því ekkert að telja eftir, hvorki fyrir ríkissjóðs né heldur fyrir bæjarsjóð Ísafjarðar. — Nú virðist mér, að sú deila, sem hér hefur átt sér stað, sé aðallega um það, hvort það eigi að afnema þennan rétt, sem bæjarrekstur kvikmyndahúsa hefur haft til þess að losna við að greiða skemmtanaskatt, ef tryggt hefur þótt, að ágóðinn af rekstrinum gengi til mannúðarstarfa. Hvað viðvíkur bíórekstrinum á Ísafirði, þá er hér engu líku til að dreifa. Það er að vísu svo, eins og ég upplýsti, að arðurinn af kvikmyndahúsrekstrinum þar gengur til sjúkrasjóðs verkalýðsfélaganna á Ísafirði. En samt hafa félögin ekki verið losuð við að greiða skemmtanaskatt til ríkissjóðs, sem numið hefur á fjórða hundrað þús. kr. fyrir það árabil, sem ég gat um. Nú er það svo, að Ísafjarðarkaupstaður er í miklum vandræðum með sitt sjúkrahús. Á því hefur verið mikill tekjuhalli á undanförnum árum. Það hefur ekki verið hægt að láta það sjúkrahús hljóta nauðsynlegt viðhald, hvað þá meira, og talið er þó, að nú á næstunni muni þurfa að kosta upp á þetta sjúkrahús um 500 þús. kr., til þess að það geti heitið nokkurn veginn boðlegt. Þegar þessi áhugi hefur komið fram hjá hv. þm. N-Ísf. um að breyta ákvæðum skemmtanaskattsl., þá virðist mér, að það hefði legið nær fyrir hann, sem telst forseti bæjarstjórnar á Ísafirði og ætti þar að hafa nokkurt forsvar um ýmis mál, að leggja til, að skemmtanaskattur sá, sem nú gengur frá Ísfirðingum af kvikmyndahúsrekstri og nemur a. m. k. um 45 þús. kr. á ári, gangi beinlínis til Ísfirðinga sjálfra, til einhverrar mannúðarstarfsemi, heldur en að það sé verið að leggja hann í þjóðleikhússjóð hér í Rvík og til þess að byggja félagsheimili hingað og þangað í sveitum. Og ég lýsi mestu undrun minni yfir þessu frv., þegar tekið er tillit til þess, að Ísfirðingar hefðu sjálfir til sinnar mannúðar- og félagsmálastarfsemi miklu meiri þörf fyrir þetta en kannske flestir aðrir staðir á landinu. Nú er það svo, að það er ákaflega fjarri því, að það hafi ekki verið á síðastliðnum árum hægt að sinna að verulegu leyti þessum þörfum hinna svo nefndu félagsheimila. Ég sé, að það stendur hér í grg. fyrir þessu frv., ef hægt er að marka það, að tekjur félagsheimilasjóðs hafi á síðastliðnu ári numið 1,1 millj. kr., umsóknir um styrk úr sjóðnum hafi verið 105, en aðeins 26 þeirra hafi verið sinnt. Mér virðist, að það sé nú ekki svo lítið að sinna á einu ári umsóknum frá 26 félagsheimilum. Og ég efast satt að segja mjög um það, að það væri rétt, þegar tekið er tillit til ýmissa annarra byggingarþarfa landsmanna, að sinna meiru á einu ári í þessu efni en umsóknum 26 félagsheimila. Það er vitanlegt, að bæði í sveitum landsins og líka í kaupstöðunum er enn þá mjög mikið af íbúðum, sem þarf að endurnýja. Það er líka vitanlegt, að mjög mikið þarf að byggja af ýmiss konar húsum fyrir framleiðslutæki, og það er líka vitað, að það skortir mjög á, að sjúkrahúsbyggingar landsins séu í því ástandi, sem sjálfsagt mætti teljast. Líka er það vitanlegt, að það skortir mjög á, að elliheimili séu sem skyldi víðs vegar á landinu. Og meðan svona standa sakir, virðist mér, að það hljóti að vera nóg að gert fyrir félagsheimilin með því að sinna 26 umsóknum á ári, og mér þykir ekki líklegt, að fjárfestingar verði settar í öllu fleiri á einu ári. Það sýnist þess vegna, að það hefði legið nær að gera till. til breyt. á l. í sambandi við skemmtanaskattinn á aðra leið en hér er um að ræða í þessu frv., nefnilega frekar á þá leið að gefa sveitarfélögunum heima fyrir, þar sem skemmtanaskatturinn er greiddur, meiri tækifæri til þess að nota skemmtanaskattinn í mannúðarskyni en nú er gert. Og fyrir Ísafjörð, sem hv. flm. raunar dró alveg ófyrirsynju inn í þessar umr., vil ég segja það, að fyrir það bæjarfélag væri alveg sérstök ástæða til þess að krefjast þess, að skemmtanaskatturinn af kvikmyndahúsrekstri þar og jafnvel öðrum skemmtunum líka gengi til mannúðarmála í kaupstaðnum sjálfum, en yrði ekki dreift út um landið til annarra þarfa, sem eru ekki líkt því eins miklar og aðkallandi.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. um þetta mál mikið. Hv. meðflm. minn, 1. flm. þessa frv., þm. N-Ísf., hefur nú bæði gert grein fyrir málinu og svarað flestum þeim atriðum og mótbárum, sem menn hafa haft gegn því. Ég gat nú búizt við því, að einhverjir væru hér á hæstv. Alþ., sem ekki kysu að gera breyt. á gildandi löggjöf um þessi efni. En ég hafði viljað ætla, að það hefði samt sem áður verið hægt að hreyfa andmælum og drepa á þau atriði í þessu máli eins og fram hefur komið, að menn hafa gert, — ég hafði gert ráð fyrir, að það væri hægt án þess að viðhafa alveg sérstaka fordóma um málið, eins og þó kom fram í ræðu hæstv. samgmrh., að hann gerði, þar sem hann hélt fram, að þetta mál væri svo fráleitt, að það ætti engan rétt á sér og ætti ekki einu sinni að fara til n. Mér skildist á ummælum hæstv. samgmrh., að hann teldi, að þetta frv. væri eiginlega ekki þinghæft mál. (*Samgmrh.:* Það er alveg rétt.) Ja, það kann nú að vera, að dómi hæstv. ráðh. En ég er ekki viss um, þegar hann athugar þetta betur, nema það kynnu þá að vera nokkuð mörg mál, sem með ekki minni rétti mætti segja, að væru ekki þinghæf, og jafnvel þó að þeirri löggjöf, sem er í gildi um þetta efni, sé býsna ábótavant. Og vissulega er það svo, að vafalaust má telja, að hún eigi eftir að breytast, þannig að ákvæðum hennar verði breytt frá því, sem nú er, og mætti þá segja, að meðan hún stendur eins og hún er nú, væru þetta ekki hæfileg lög.

Hvað er það þá, sem farið er hér fram á með þessu frv.? Það er það, að það sama gildi um alla, þ. e., að þessar stofnanir hafi sömu aðstöðu gagnvart skattalögunum, þannig að það

standi eins á um greiðslur til hins opinbera hjá þessum stofnunum öllum, sem hafa sama rekstur. Þetta er það, sem farið er fram á í frv. Og hvað er svo sagt um ráðstöfun þessa fjár, sem á að koma til ríkissjóðs eftir þessu frv.? Það, að farið sé eins með það og gildandi lög mæla nú fyrir um. Þetta er efni málsins, og mér finnst það ákaflega hart, að viðhöfð séu þau ummæli um þetta mál, — þar sem þessu er ekki hægt að mótmæla, sem ég tók nú síðast fram, — að þetta mál sé ekki þinghæft mál, og það megi þess vegna ekki athuga málið í n. Ég tel nú, að þetta hafi verið sagt í fljótræði og í einhverjum hita, og ég vil því ekki gera mikið úr þessum ummælum. Ég skil ekki, hvernig þetta frv. getur verkað á menn, en ég vil vona, að hv. þdm. lofi málinu að fara til n. og fá þar meðferð. Og þá get ég sagt fyrir mitt leyti, að sé nú eitthvað í starfsemi þessara stofnana, sem þetta frv. tekur til, sem er svo mikils varðandi fyrir þjóðina, að það megi ekki skattleggja þessi fyrirtæki á þann veg sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þá er alveg sjálfsagt að gera þar undantekningar frá skattskyldu að meira eða minna leyti. Ég hef ekki þann kunnugleika á þessum hlutum og sérstaklega ekki á því, hvernig er með þessa fjármuni farið, sem hlíft er með þessum fríðindum viðkomandi skattgreiðslu hjá þessum fyrirtækjum, en þetta er atriði fyrir þá n. að athuga, sem málið fengi til meðferðar. Og þegar hv. n. er búin að kynna sér það, þá tekur hún vitaskuld sínar ákvarðanir gagnvart málinu um það, hvort það skuli halda lengra áfram í þessu formi, sem það hefur, eða breytt eða þá alls ekki. Þetta er sú þinglega meðferð, sem á að vera á málum, þar sem ekki blasir eitthvað sérstakt við, sem ekki þarf neinnar athugunar við eða frekari kunnugleika en þm. hafa til þess að kveða á um það þegar í byrjun, hvernig með mál skuli fara.

Það hefur komið fram hér sú skoðun, að ef þessu bíói t. d., sem notað er í þjónustu tónlistarinnar, væri gert að greiða skemmtanaskatt, sem nú er skattfrjálst til hins opinbera viðkomandi greiðslu skemmtanaskatts, þá væri með því verið að skattleggja tónlistina og sömuleiðis, að af því að háskólinn starfar að einhverju leyti að vísindum, þá sé verið að skattleggja vísindastarfsemina með því að láta háskólabíóið greiða skemmtanaskatt. Hvers konar tal er þetta? Er það þá sá eini vinningur, sem þessar stofnanir hafa af þessum rekstri kvikmyndahúsanna, sem þau njóta lögum samkvæmt hagnaðar af? Er sá eini vinningur þeirra í þessu efni það, sem nemur þessum skatti, ef þau ættu að greiða hann í ríkissjóðinn? Er þá ekki meiri arðsemin af rekstrinum en þetta? Ég hafði haldið, a. m. k. eftir því, sem talið er, að kvikmyndahús í einkarekstri gefi mikinn arð, að þá mundi verða af hagnaðinum á rekstrinum talsverður afgangur, þó svo að þessar stofnanir greiddu þennan skatt. Og það er ekki lítill styrkur fyrir þessar stofnanir og starfsemi að mega reka þessa starfsemi, kvikmyndahúsin. Það eru fríðindi út af fyrir sig, sem þessar stofnanir fá lögum samkvæmt. Hitt er hægt að viðurkenna, að enn meiri fríðinda njóta þessar stofnanir með því að mega hafa þennan rekstur líka skattfrjálsan. Háskólinn hefur sáttmálasjóð. Ég hefði haldið, að það væru fríðindi. Og hann hefur svo þennan kvikmyndahúsrekstur skattfrjálsan. Og þó að háskólinn greiddi þennan skemmtanaskatt til hins opinbera, eins og annar kvikmyndahúsarekstur verður að gera, þá væri sannarlega ekki verið að skattleggja vísindin fyrir því. Nei, það er ekki hægt í þessu efni að komast lengra í röksemdunum til að mæla á móti skattlagningu háskólabíósins en það að segja, að það væru skertir með samþykkt þessa frv. þeir fjármunir, sem háskólinn fær nú með tekjum af þessum rekstri. En það, sem kom fram í ræðu hv. meðflm. míns, hv. þm. N-Ísf., er það, að þessar stofnanir, sem frv. tekur til, njóta hagkvæmari aðstöðu til samkeppni um myndaval og myndaleigu erlendis en önnur slík fyrirtæki. Og ef svo er, þá er það ekki svo æskilegur vinningur við þessi skattfríðindi, ef þessi fríðindi kynnu að vera notuð að meira eða minna leyti til þess að láta sig minna varða, hvort borguð er meiri leiga fyrir myndirnar, og þá verður það ekki góðgerðastarfsemi fyrir þjóðfélagið, sem hefst með þessum fríðindum, og ekki heldur stuðningur við vísindastarfsemi, heldur væru það peningar, sem teknir væru úr vasa þjóðarinnar og farið með til útlendinga og aldrei kæmu aftur okkur til góða. Ef mikil brögð væru að slíku, gæti það étið sig upp, sem gert væri fyrir þessi fyrirtæki með því að láta þau ekki greiða skemmtanaskatt. Ég fullyrði ekki, að mikil brögð séu að þessu, en eitthvað mun sennilega vera af þessu. Eftir að ummæli þessi féllu hjá hv. meðflm. mínum, spurðist ég fyrir um þetta. Og ég held, — því miður, verð ég að segja, — að þetta sé ekki alveg úr lausu lofti gripið.

Nú get ég viðurkennt það, en það er allt annað mál, að sú starfsemi í þessari grein, sem rekin er af bæjarfélögum og arður af er notaður í sérstöku augnamiði, eins og mér er sagt, að sé, — en ég heyrði ekki fyrri ræðu hv. þm. Borgf., — ef það er eitthvað alveg sérstakt, sem er mjög gagnlegt og nytsamt og þarf að gera, sem gert er með arðinum af þessum rekstri hjá bæjarfélögum, — og hæstv. samgmrh. hefur drepið á, til hvers fjármunir þessir, sem fást inn t. d. með Hafnarfjarðarbíóinu, eru notaðir, — þá er sjálfsagt að líta á slíkar aðstæður og athuga það í sambandi við breyt. á löggjöfinni, ef hún yrði gerð, hvert tillit skyldi taka til þessa atriðis. Ég er ekki svo einstrengingslegur, að ég vilji endilega undir öllum kringumstæðum, að enginn munur sé gerður á því, til hvers fjármunirnir, sem fást með arði af þessum fyrirtækjum, sem hér koma til greina, eru notaðir. En það vil ég, að fullkomlega sé tekið til athugunar, og það þykist ég vita, að hv. meðflm. minn vilji líka, að sé gert. En ég kann hv. þm. Borgf. þakkir fyrir það, að hann vill, að málið fái fullkomlega þinglega meðferð og verði athugað gaumgæfilega, því að það skal ég játa, að ef málið hefur eitthvað það í sér fólgið, sem alls ekki ætti að vera, og það kæmi fram við nánari athugun, vildi ég ekki halda því til streitu, að það skyldi endilega fá samþykki Alþingis.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Borgf. drap á

ákvæði um starfsemi sjóða, þá held ég, að þetta taki nú ekki neitt til þeirra. (*PO:* Nei, það tekur ekki til þeirra, ég benti bara á þetta í sambandi við þetta mál.) Það eru margvísleg sérákvæði um starfsemi og viðgang sjóða. Þeir eru margir og mismunandi, en þetta mun ekki grípa inn í það, sem þeim er ætlað að vinna.

Ég get tekið fram nú, einmitt í sambandi við kvikmyndahúsrekstur háskólans, að það er nú meiningin, að þeir fjármunir, sem kæmu inn af þessum skemmtanaskatti, færu til menningarstarfsemi, að vísu ekki til vísindastarfsemi, en til menningarstarfsemi. Það, sem gengur til þjóðleikhússins og til lestrarfélaga og kennslukvikmynda, er meiningin að fari til menningarstarfsemi, því að það er vissulega meiningin, að þær stofnanir starfi að aukinni menningu þjóðarinnar. Og ég vil meina fullkomlega, að þá fjármuni, sem ganga til félagsheimila, megi líka færa undir þetta, eins og sú starfsemi er hugsuð og eins og við vonum að hún verði. Við vonum, að hún verði til þess að auka menningu þjóðarinnar. Og ég vil í því efni skírskota til eins félagsskapar í þessu landi, sem átti við þröngan húsakost að búa, en hefur látið gott af sér leiða, sem er starfsemi ungmennafélaganna, þegar þau byrjuðu á sínum fyrstu starfsárum. Og þau létu áreiðanlega lengi gott af sér leiða, og ég vil vona enn. Menn ættu því alls ekki að viðhafa þau orð um það að koma upp slíkum heimilum sem þessum, að þau séu danssamkomustaðir. Og enda þó svo að það kæmi fyrir, að saklaus gleði yrði viðhöfð í þeim húsum annað veifið, þá ætla ég ekki, að það yrði til neins niðurdreps á menningu þjóðarinnar. Og þá hygg ég, að það færi að verða bágborin niðurstaðan um ýmsar skemmtistofnanir, sem komið hefur verið upp í kaupstöðunum, ef slíkum samkomum í samkomuhúsum í sveit fylgdi það, að þær yrðu heldur til hindrunar menningu þjóðarinnar en hitt, og það finnst mér, að menn megi ekki álíta um þessi samkomuhús í sveit. Og sé þar í einhverju áfátt, þá eru þau stjórnarvöld til, sem eiga að gefa því gætur, og ættu þau að lagfæra það, sem þar kynni ábótavant að vera. Það er jafnvel í vísindastarfseminni þannig, að misjafn er sauður í mörgu fé. Það eru til vísindamenn, sem ætlað er, að þeir starfi að vísindum, en nota aðstöðu sína til þess að reyna að blekkja með vísindamannsnafns yfirvarpi, og dettur engum í hug að fordæma vísindastarfsemina, þó að í vísindamannastétt hafi fundizt maður, sem ekki var þess verðugur að fást við vísindastarfsemi.

Hv. 4. þm. Reykv. (GÞG) talaði um, að það væri svo fjarri því, að þetta frv. væri til þess fallið að minnka misrétti, heldur mundi samþykkt þessa frv. verða til þess að auka á misrétti. Jahá, ég skil nú þetta ekki. Það kann nú að vera, að ég fylgi ekki vísindunum að málum. (*GÞG:* Nei, hv. þm. gerir það ekki.) Hvað er þá í þessu frv.? Það, að lagt er til að setja allar þessar stofnanir á sama bekk, sem hafa sams konar rekstur, gera þeim jafnt undir höfði öllum viðkomandi skattgreiðslum til ríkisins. Nú skal ég slá þann varnagla, að það sé ekki endilega víst, að þetta sé réttlátt. En þetta er það, sem frv. fer fram á. Er þetta þá misrétti? (*GÞG:* Já, það er misrétti.) Það er nú þegar gerður mismunur í því sambandi. Það er ágætt hjá hv. þm. að grípa fram í. Þessi hv. þm. vill halda fram, að það sé enginn mismunur nú á því, hvernig aflað er tekjustofna í þessu sambandi. Þessar stofnanir selja alla bíómiða. Ég veit ekki til þess, að það sé fyrirskipaður neinn verðmunur í miðasölunni. Eða er það? Ég ætla, að verðið sé það sama fyrir bíómiða hjá öllum bíóum, þeim sé heimilt að selja þá við sama verði öllum, þar er enginn munur gerður á, svo að þarna er þá jafnt á komið. En þá kemur til á hinn bóginn meðferð fjárins, sem aflað er á þennan hátt, og þá kemur fram þessi munur, að nokkur bíó þurfa ekki að greiða skatt til ríkisins af þeim ágóða, sem þau hafa af aðgöngumiðasölu, en önnur bíó þurfa að borga þennan skatt. Ég skal þá gera hv. 4. þm. Reykv. það til geðs að segja, að það sé alveg jafnt á komið um aðstöðuna hjá öllum þessum stofnunum um að afla peninganna. En munurinn liggur þá í því, hvað þarf að greiða af því, sem kemur inn af þessum peningum, og það er einmitt þessi mismunur, sem við viljum leiðrétta, sem flytjum þetta frv. Þarna er misrétti, sem í þessu er fólgið. En hv. 4. þm. Reykv. nægir ekki, að háskólinn og Tónlistarfélagið eigi tryggð þessi fríðindi, sem þau hafa, að mega reka þessi fyrirtæki, nema þau fái allan arðinn af rekstrinum alveg skattfrjálsan. Og svo segir hv. 4. þm. Reykv. og er ákaflega fljótur að ályktа út frá þeim rökum, sem hann er búinn að skapa sér, að með því að færa meiri tekjur til þjóðleikhússjóðs og félagsheimila og lestrarfélaga og kennslukvikmynda, í því sé fólgið aukið misrétti. Hvað viðkemur félagsheimilunum, þá er um þau það að segja, að þau fá dálítinn styrk til þess að koma upp byggingum sínum, ekki til rekstrar þeirra. Það, sem hins vegar gengur í þjóðleikhússjóð, það á að vera til styrks til starfs, og það, sem gengur til lestrarfélaga og kennslukvikmynda, hygg ég, að verði eyðslueyrir við starf þessara stofnana jafnóðum til þess að auðvelda starfið, sem þó er menningarmál. En að því er snertir félagsheimilin, þá er ætlað, að þessi styrkur sé til þess að koma upp byggingum þeirra, en þau halda ekki þessum fríðindum áfram um styrk eftir það, hvert fyrir sig, en það gera þjóðleikhúsið og lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

Ég býst við, að þeir, sem að þessari starfsemi standa, verði að láta mikið af mörkum og er miklu gagnlegri starfsemi en kvikmyndahúsastarfsemi hér, því að margar kvikmyndirnar eru afskaplega lélegar. Ég skoða ekki daglega myndir hjá háskólanum og tónlistarfélaginu og skal því ekki gera upp á milli þeirra, en býst við, að þær séu svona upp og ofan, og ég held, að starfsemi sú, sem við flm. viljum styðja, sé engu síður mikils virði en bíórekstur þessara stofnana, þó að það séu góðar stofnanir. Þær hafa þarna hlunnindi og mega gjarnan hafa þau áfram.

Viðvíkjandi öðrum atriðum, þá fer ég ekki nánar út í þau, en vona, að d. sendi málið til n., og er þá hægt að ræða það nánar.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég kunni ekki við að láta þetta mál fara hér hjá án þess að segja álit mitt. Það, sem mér finnst einkennandi hjá hv. flm., er, að þeir halda því fram, að þetta sé skattur til ríkisins, en þetta er ekki skattur til ríkisins, því að sagt er, að hann eigi að ganga til elliheimila og sjúkrahúsa. Skemmtanaskatturinn var í upphafi settur til að byggja fyrir hann þjóðleikhúsið, því að í marga áratugi hafa menn unnið að leiklist, og hún þykir orðið þess virði, að byggt sé yfir hana og hún fái viðunandi leikhús, og það er ekkert, sem hefði getað komið á skemmtanaskattinum nema þetta. Og það er eins um tónlistarfélagið. Þar höfðu menn einnig unnið árum saman, og löggjafinn hefur álitið vert að styðja þessa viðleitni. En hvernig styður svo hið háa Alþ. leiklistina? Jú, skemmtanaskattur sá, sem rennur til ríkisins, er hærri en það framlag, sem ríkið veitir félaginu, og útkoman er sú, að Reykjavíkurbær verður að standa undir þessu. Og svo er sagt: Sjáið bara, hve ósköp góðir við erum við leikfélagið og leiklistina. — En þessi fórn, sem talað er um, að sé lögð til félagsins, er bara tekin öll aftur. Ríkið leggur fram 30 þús., Reykjavíkurbær 30 þús., en svo eru teknar 54 þús. í skatta, en þungamiðjan í þessu er sú, að verið er að ná skemmtanaskattinum handa félagsheimilunum. Ég hafði flutt till. um það, að styrkur til orlofsheimila verkamanna fengi að vera með, en það var fellt, þó að hér í Rvík sé greitt um 70—80% af skemmtanaskattinum, en þeir máttu ekki fá þennan litla hluta gagnvart félagsheimilunum. Þó sjá allir heilvita menn, að þetta hefði verið hægt að sameina, þar sem félagsheimilin eru aðallega notuð að vetrinum, en orlofsheimilin að sumrinu, en þetta mátti ekki sameina. Ég veit ekki, hvað þeir eru að hugsa þessir menn, sem þykjast vera að berjast fyrir menningu. Ég álít, að í framtíðinni verði að taka upp svipað fyrirkomulag á þessu og bændur höfðu það með búnaðarmálasjóð, að styrkjum skuli ráðstafað þar, sem fé til þeirra var greitt. Slíkt er réttlætismál, að þar, sem mest aflist, þar sé líka mest úthlutað. Mér finnst, að þetta sé eina leiðin, og ef hún er farin, þarf ekki alltaf að vera að rífast um þetta. Mér virðist því, að þessu máli sé svo varið, að ég geti ekki annað en greitt atkv. gegn því, að það fari lengra en til þessarar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. mikið. Ég hef þegar svarað mörgum af þeim aths., sem fram hafa komið, og einnig hefur hv. meðflm. minn gert þeim góð skil.

Í sambandi við það, sem hv. 8. þm. Reykv. (SG) sagði, að með þessu frv. væri verið að taka eitthvað af Leikfélagi Reykjavíkur og bæjarsjóður Rvíkur yrði að styðja félagið, vegna þess að það yrði að greiða svo háan skemmtanaskatt í ríkissjóð, skal ég benda honum á, að þetta frv. breytir alls engu um skemmtanaskattsgreiðslur Leikfélags Rvíkur eða styrk til þess. Aths. hv. þm. er því algerlega út í bláinn. — Í sambandi við það, sem hann ræddi um tónlist, get ég sagt það, að ég er hlynntur eflingu hennar og síðan í fyrra hefur átt sér stað töluverð samvinna milli þjóðleikhússins og ríkisútvarpsins um það, hvernig stofna ætti hér symfoníuhljómsveit fyrir útvarpið og þjóðleikhúsið, og rætt um, að fyrirtækin stæðu í sameiningu undir kostnaðinum. Stofnun slíkrar hljómsveitar væri svo gífurlegt átak, að það mundi marka tímamót í tónlistarsögu okkar Íslendinga. Ég vil styðja þessa viðleitni eftir fremstu getu, og það játa allir, að ef hluti þjóðleikhússins af skemmtanaskattinum ykist, ykjust möguleikar þess stórlega á að efla stórlega tónlistarlíf í bænum. Þetta segi ég aðeins til að hnekkja þeim sleggjudómum, að með frv. þessu sé verið að ráðast á þroskamöguleika tónlistarinnar.

Það tekur því varla að vera að leiðrétta vitleysurnar hjá hv. 8. þm. Reykv. (SG), að aðalnot af félagsheimilum í sveitum séu á veturna. Í hvaða sveit hefur hv. þm. verið? Ég þekki ekki þær sveitir, þar sem aðalfélagslífið er að vetrinum. Ég held því, að þetta sé sagt algerlega út í bláinn, og sýnir, að hv. þm. hefur ekkert vit á því, sem hann er að tala um. Hann þekkir skattgreiðslur Leikfélags Rvíkur, en veit ekki, að þetta frv. hefur ekki minnstu áhrif á þær.

Ég vil svo víkja örfáum orðum að hæstv. viðskmrh. Hann var ekki alveg af baki dottinn í seinni ræðu sinni í gær. Hann hélt því fram, að góðgjarnasta ástæðan, sem hægt væri að segja, að lægi á bak við flutning þessa frv., væri fljótræði. Ég hef sýnt fram á, að það er fyrst og fremst hann sjálfur, sem er sekur um fljótræði. Hann flækir sjálfan sig í algerar mótsagnir. Hann sagði, að það væri mikill munur á því að reka bíó til að auðga einstaklinga eða til að byggja elliheimili. Þetta er alveg rétt, en hann gáir bara ekki að því, að þetta eru mótsagnir. Hann meinar, að einstaklingar geti hagnazt á þessum rekstri, þó að þeir þurfi að greiða skatta, en ef fyrirtæki, sem ætlar að byggja elliheimili, sleppur ekki við að greiða skatt, þá hagnast það ekki neitt. Ég fæ ekki betur séð en þetta sé alger mótsögn. Elliheimilið í Hafnarfirði getur ekki hagnazt á slíkum rekstri, ef það er ekki skattfrítt, en einstaklingar stórgræða. Þetta eru rök, sem ættu að koma annars staðar frá en úr ráðherrastóli. Hæstv. ráðh. hefur tekið fruntalega á þessu máli, og það er það vægasta, sem hægt er að segja um afstöðu hans.

Þá vil ég gera örfáar aths. út af ræðu hv. þm. Ísaf. Hann minntist á bíóið á Ísafirði. Ég hefði ekki gert það í hans sporum. Saga þess er með þeim hætti, að ég hélt, að hv. þm. Ísaf. mundi ekki telja það sér til framdráttar að rifja hana upp. Fyrir 19 árum brann kvikmyndahús á Ísafirði, sem einstaklingur átti. Húsið var stórt og vandað, eitt stærsta hús utan Reykjavíkur, og var með góðum tækjum. Eigandinn hafði fengizt við þennan rekstur frá 1914 og haft góðan hagnað og var með hærri gjaldendum í kaupstaðnum, og hafði bærinn því miklar tekjur af rekstrinum. Svo brann húsið, og vildi eigandinn fá leyfi til að byggja upp aftur, en þá réð flokkur Finns Jónssonar á Ísafirði og vildi ekki endurnýja bíóleyfið og vildi græða

meira á því en verið hafði, svo að bærinn keypti tæki og setti upp kvikmyndahús í þinghúsi bæjarins, sem einnig var leikhús. Þessi rekstur fór svo, að á honum varð tap. Af þessu varð verulegt tjón fyrir bæinn, en það versta var, að það var á allra vitorði, sem í húsið komu, að þetta væri sérkennilegasta bíó á landinu, því að þar sæist engin mynd og skildist ekkert orð, og þetta var satt. Þetta sleifarlag fór svo fram um stund, en svo var byggt myndarlegt hús, Alþýðuhúsið, sem verkalýðsfélögin byggðu, og var sett bíó í það og rekið, en þá lét bæjarstjórnin kratana, flokksbræður sína, hafa þar sérleyfi til bíórekstrar til 20 ára, og á bærinn að fá í tekjur 10% af 35 þús. brúttósölu og 15% af því, sem þar er fram yfir. Tekjurnar hafa svo numið:

1945 17753,91 kr.
1946 14583,44 —
1947—1948 innan við 14 þús. kr.

og á fjárhagsáætlun 1949 eru áætlaðar 12 þús. kr. — Þetta er sagan af því, hvernig hv. þm. Ísaf. og flokksbræður hans láta Ísafjarðarkaupstað græða á þessum stórgróðarekstri. Fyrst heyrist ekkert né sést og síðan eru þetta tekjurnar. Verkalýðsfélögin fengu þennan rekstur eða félag, sem þau standa að, en hvað hafa þau svo grætt á þessu? Ég veit það ekki, en ég veit hitt, að ég er félagi í sjómannafélaginu á Ísafirði, sem staðið hefur að þessu, og er ég hef reynt að spyrja eftir þessu, hef ég fengið ónot og svívirðingar, en engar upplýsingar. Ég sé því ekki, hvaða vinning hv. þm. Ísaf. sér í því að gera þennan endemisrekstur að umræðuefni hér í Alþ. Hitt er rétt, að bíóið borgar skemmtanaskatt í ríkissjóð, en ég vil upplýsa það, að Alþýðuhúsið hefur einnig dansleiki og af þeim borgar það ekki skemmtanaskatt, af því að þeir eru bendlaðir við sjúkrasjóð verkalýðsfélaganna. En það, sem þessi bíórekstur á Ísaf. sannar, það er það, sem hæstv. viðskmrh. sagði óvart, að það er svo með forstöðumenn þessara bæjar- og félagakvikmyndahúsa, að þeim finnst ekki vera hægt að reka þau nema fá fríðindi og enginn hagnaður annars. — Þetta var smáinnskot frá málinu, en ég vildi láta þetta koma fram, af því að mér fannst svo fráleitt hjá hv. þm. Ísaf. að vera að leiða þetta inn í umr. Um sjúkrahúsið er það að segja, að bæjarsjóður hefur leitað til hans í 2 ár um fyrirgreiðslu, en engu hefur verið komið í framgang, en ég vona, að með dugnaði hans og stuðningi mínum muni það komast fram nú. Hvað viðvíkur skemmtanaskattinum, þá held ég, að hann muni hrökkva skammt til sjúkrahúsbyggingar, en verður ef til vill til bóta, en það situr illa á hv. þm. að ásaka mig um áhugaleysi í þessum efnum, þar sem ég hef lagt fram frv. um örugga tekjuöflun í þessu skyni, en það var fellt. En hv. þm. hryllir eflaust við þessu og segir, að séu ölpeningar. Guð minn góður! Hv. þm. Ísaf. að heyra nefnt öl! Ég veit ekki, hvað Hans Hedtoft segði, en hv. þm. Ísaf. getur ekki hugsað sér, að byggt sé sjúkrahús á Ísafirði fyrir ölpeninga, en Hedtoft er forstjóri fyrir Stjörnu-öl og gegnir því starfi jafnhliða forsrh.embættinu. Ég er reiðubúinn að vinna að því að tryggja sjúkrahúsum tekjur eða fjárveitingu beint frá ríkissjóði, enda þótt það sé að bera í bakkafullan lækinn að leggja nýjar kvaðir á ríkissjóð, eins og fjárhag hans er nú háttað.

Ég vil svo endurtaka það, að þetta frv. er flutt sem réttlætismál og stefnir að auknu réttlæti, en ekki að auknu misrétti, eins og hv. þm. Ísaf. vildi vera láta. Það er fjarri mér að vilja leggja stein í götu háskólans, en ég endurtek það, sem hv. 2. flm. sagði, og bendi á, að það eru hlunnindi út af fyrir sig að fá að hafa arðvænlegan kvikmyndahúsrekstur, þótt ekki komi þar til meiri fríðindi, eins og skattfrelsi slíkra fyrirtækja. — Ég veit, að hv. d. mun fjalla að öllu leyti um þetta mál á þinglegan hátt og að sá mótblástur, sem það hefur orðið hér fyrir, mun verða til að skýra málið og sýna, hve tímabær flutningur þess er.

Gylfi Þ. Gíslason: Mér þykir dálítið kyndugt að þurfa að standa hér upp til að koma hv. 2. flm. þessa máls í skilning um eðli þess og afleiðingar, ef það næði fram að ganga. Mér skilst, að hv. 1. flm. hafi skilið mál mitt, er ég sýndi fram á, að þetta frv. hefði aukið og nýtt misrétti í för með sér. Hins vegar heyrði ég það greinilega á hv. 2. flm., að hann hefur ekkert skilið af því, sem ég sagði, og undrar mig, að jafnafburðaglöggur og þingvanur maður skuli vera svo skilningssljór í þessu máli. — Skemmtanaskattur hefur verið innheimtur í 20 ár til styrktar tilteknum menningarmálum, en hann hefur ekki verið innheimtur og ekki verið greiddur af þeim aðilum, sem verja tekjuafgangi af rekstri sínum til annarra menningarmála. M. ö. o., allir skemmtistaðir, sem verja tekjuafgangi af rekstri sínum til menningarmála, njóta undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts, hvort sem um er að ræða bíó, samkomuhús eða danshús. Þannig er öllum þeim fyrirtækjum, sem verja tekjuafgangi sínum til menningarmála, gert jafnhátt undir höfði. Í þessu frv. er aftur á móti lagt til, að kvikmyndahús skuli hætta að njóta undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts, þó að tekjuafgangur þeirra renni hér eftir sem hingað til til menningarmála. Það er m. ö. o. samkv. þessu frv. gerður greinarmunur á kvikmyndahúsum og öllum öðrum skemmtistöðum, sem hingað til hafa notið þeirra hlunninda að greiða ekki skemmtanaskatt vegna þess að tekjuafgangur þeirra rennur til menningarmála. Þessi fyrirtæki eiga að halda áfram að njóta þessara hlunninda að kvikmyndahúsunum undanskildum, þó að kvikmyndahúsin láti tekjuafgang sinn renna til menningarmála alveg eins og verið hefur og alveg eins og þeir skemmtistaðir, sem eiga að njóta hlunnindanna áfram. Ef hér er ekki verið að innleiða misrétti, þá veit ég ekki, hvað það orð þýðir. Og ef jafnafburðaglöggur maður og hv. 1. þm. Árn. skilur það ekki, þá játa ég, að ég skil ekki, hvers konar blindu hefur slegið á augu hans. Það hefði verið sök sér, ef hv. flm. þessa frv. hefðu lagt til, að allar undanþágur frá greiðslu skemmtanaskatts væru afnumdar. Í því hefði þó verið samræmi, og eitt hefði verið látið yfir alla ganga. En það leggja þeir ekki til, heldur vilja þeir innleiða það mis-

rétti að taka kvikmyndahúsin út úr, jafnvel þó að tekjuafgangi þeirra sé varið í því skyni, sem lög gera ráð fyrir, að valdi undanþágunni. Skýrar tel ég mig ekki geta talað.

Ég er ekkert að seilast í fé þjóðleikhússins og félagsheimilasjóðs, það er langt frá því. Ég er aðeins að átelja ásælni í fé, sem rennur til annarrar menningarstarfsemi. Ég er andvígur slíkri ásælni og því misrétti, sem þetta frv. leggur til, og ég mun greiða atkvæði gegn því.

Sigurður Guðnason: Það var út af ræðu hv. 1. flm. Ég skil hreint ekkert í manninum. Er honum virkilega ókunnugt um, að svo að segja öll félagsstarfsemi hér á landi fer fram að vetrinum til, bæði til sjávar og sveita, öll aðalstarfsemin a. m. k., svo sem lestrarfélagsstarfsemi, æfing á leikritum og leiksýningar og skemmtisamkomur alls konar. Ég hef aldrei þekkt neitt félag, hvorki í sveit né kaupstað, þar sem aðalstarfsemin hefur ekki farið fram að vetrinum. Ég er t. d. sannfærður um, að hv. flm. hefur aldrei heyrt auglýsta leikstarfsemi að sumarlagi, nema ef vera kynni leikheimsóknir að vorinu.

Og svo vil ég taka það beint fram, að flutningur þessa máls er ekki til að auka tekjur leikhússins. Flm. sáu bara ekkert annað form á þessu en að hafa leikhúsið með, en frv. er eingöngu flutt gagnvart félagsheimilunum, þótt hitt sé haft að yfirvarpi. Og svo þegar búið er að fá tekjurnar, þá er hægt að skipta þeim á milli og draga frá þessari menntastofnun yfir í félagsheimilin. Flutningur þessa máls er eingöngu frá þessu sjónarmiði.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. N-Ísf. var að undrast, að ég skyldi hafa dregið kvikmyndahúsið á Ísafirði inn í þessar umr. Sannleikurinn er nú raunar sá, að það gerði sá hv. þm. sjálfur, en að vísu af miklum misskilningi. Hann sagði, að flokkur minn á Ísafirði hefði rekið kvikmyndahúsið svo illa fyrir eina tíð, að tap hefði orðið á rekstrinum. Það er rétt, að á sínum tíma var húsakosturinn svo þröngur, um 120 sæti, að með þeim kostnaði, er síðar varð, var engin von til þess, að það gæti borið sig. Hins vegar var það ætlunin að láta skemmtanaskattinn ganga til menningarsjóðs Ísfirðinga, en það tókst ekki að sleppa við að borga skemmtanaskattinn.

Nú hefur hv. 1. flm. mjög í ummælum sínum hér blandað saman ágóða af bíórekstri og skemmtanaskatti og er alltaf að rugla um þetta, m. a. í sambandi við bíóið í Hafnarfirði, og sagði, að það væri nóg að hafa ágóðann af bíórekstri, þótt borgaður væri skemmtanaskattur. Hefur hann ekki gert sér ljóst, að það er allur munurinn, hvort skemmtanaskattur er greiddur eða ekki? Segjum, að kvikmyndahúsið í Hafnarfirði ætti að borga á milli 120 og 130 þúsund á ári í skemmtanaskatt, án þess að ég viti, hvað það yrði. Væru ekki 130 þús. kr. góð undirstaða fyrir elliheimilið þar, og væri víst, að nokkuð yrði afgangs til elliheimilisins, ef þessa upphæð yrði að greiða á ári hverju í skemmtanaskatt? Ég hygg, að það séu ekki undir 600 sæti í bæjarbíóinu í Hafnarfirði, og í kvikmyndahúsinu á Ísafirði munu vera 212 sæti, og það hefur borgað 40 þús. kr. á ári í skemmtanaskatt. Ég vil vekja athygli 1. flm. á því sérstaklega, að ef þessi upphæð hefði runnið til sjúkrahússins á Ísafirði á undanförnum árum, þá væri það í sæmilegu standi. Skemmtanaskatturinn er svo mikill, að ef ekki þyrfti að greiða hann, væri miklu meira hægt að gera og stundum ekkert hægt að gera, ef standa þarf straum af honum. Alþýðuhúsið á Ísafirði borgar t. d. 26% af brúttótekjum sínum í skemmtanaskatt.

Hv. þm. N-Ísf. vildi koma því svo fyrir, að Alþýðuflokksmenn á Ísafirði hefðu viljað misnota sér aðstöðu sína í sambandi við kvikmyndahúsið þar. Ég vil upplýsa í því sambandi, að eftir að brann á Ísafirði, var þar ekki eftir stærra samkomuhús en fyrir 150 manns eða svo, og var því mikil nauðsyn á að koma upp samkomuhúsi. Verkalýðsfélögin unnu að því með miklum dugnaði með hv. núverandi 3. landsk. þm. í broddi fylkingar, og unnu með þessu mikið menningarstarf. Á móti þessu samþykkti bæjarstjórnin síðar að veita þeim einkaleyfi til kvikmyndahúsrekstrar um 20 ára skeið. Enginn skyldi þó halda, að sá rekstur sé gjaldlaus. Hærra rekstrarútsvar ber ekki annað fyrirtæki á Ísafirði, kvikmyndahúsið greiðir 10—15% í rekstrarútsvar. Ég vil, að hv. 1. flm. nefni dæmi um það, að annað fyrirtæki greiði hærra útsvar á Ísafirði eða um það, að alþýðuhúsinu þar hafi á nokkurn hátt verið ívilnað í útsvarsgreiðslum. Nefni hann dæmi um það, ef hann treystir sér til.

Hv. þm. spurði, hvað verkalýðsfélögin hefðu grætt á kvikmyndahúsrekstrinum. Mér er ekki annað kunnugt en að þau borgi niður húsið, hafi útvegað sæmileg tæki og að reksturinn sé í góðu lagi. Hins vegar lögðu félögin ekki fram mikið fé í húsið fyrst og hafa sennilega ekki haft beinar tekjur af húsinu að nokkru ráði. En þau hafa fengið vexti af því fé, sem þau lögðu fram, og látið þá ganga upp í húsið og hafa þar af leiðandi margfaldað eign sína í því.

Ég hef nú að undanförnu verið að velta því fyrir mér, hvað hafi eiginlega komið hv. þm. N-Ísf. til þess frumhlaups að flytja þetta frv. Og ef vel er að gáð, mætti ráða það af broti úr ræðu hans, að einhver velviljaður maður Alþfl. á Ísafirði hafi stungið því að honum, að alþýðuhúsið á Ísafirði borgaði ekki skemmtanaskatt af sýningum og samkomum, sem þar eru haldnar, og ágóðanum af rekstri þess væri varið til styrktar pólitískri starfsemi flokksins, og hafi þessi hv. þm. því hugsað sér að hitta þetta hús alveg sérstaklega fjárhagslega með þessu frv., eða þá öllu heldur Alþfl. á Ísafirði. Þetta má einnig ráða af grg. frv., því að þar segir, að í þeim kvikmyndahúsum, sem njóta undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts, séu rúmlega 2000 sæti, og sú tala fæst ekki nema alþýðuhúsið á Ísafirði sé talið með. Eins nefndi hann í fyrstu ræðu sinni, að þessi hús væru 6 að tölu, og hann fær þau ekki upp í 6 nema telja kvikmyndahúsið á Ísafirði með, enda var hann að tæpa á því í ræðu sinni.

Hv. þm. hefur m. ö. o. hlaupið eftir gróusögu

einhvers kunningja síns, sem hefur sagt honum, að alþýðuhúsið á Ísafirði borgaði ekki skemmtanaskatt. Nú upplýsti ég í fyrri ræðu minni, að það hefur alltaf borgað skemmtanaskatt og borgar hann af öllum kvikmyndasýningum og skemmtisamkomum, nema af barnaskemmtunum um jólin, sem eru ekki skemmtanaskattskyldar. Það er því algerlega úr lausu lofti gripið, að húsið sé notað án þess að greiddur sé skemmtanaskattur og að ágóðinn af rekstri þess renni til pólitískrar starfsemi. Hv. þm. hefur orðið það á að hlaupa á sig, og þetta er frumhlaupsfrv. Ég hef gert honum greiða með því að gefa þessar upplýsingar um kvikmyndahúsið á Ísafirði, en vilji hann halda áfram umr. um það, skal ég ekki skorast undan þeim. Ég satt að segja kenni í brjósti um þennan hv. þm., hann hefur gerzt ginningarfífl sér verri manna. Ég held, að honum væri gerður mestur greiði með því að láta þetta mál sofna þegar við þessa umr. Það væri að vísu leið fyrir hann að gera yfirbót, ef hann hefði vilja á því, og leiðrétta það, sem hann hefur ranglega gert. Hann var að gefa í skyn, að hann væri ásamt mér reiðubúinn til að leggja sjúkrahúsinu á Ísafirði allt lið, er hann mætti. Ef hann vildi nú leggja því til fastan tekjustofn, væri vegur til að breyta þessu frv., ef það kemst lengra, í þá átt, að þeir bæir, sem óskuðu eftir því, gætu fengið skemmtanaskatt af kvikmyndahúsum innan sinna vébanda eftirgefinn til byggingar sjúkrahúsa á hverjum stað eða til elliheimila. Og ef hv. þm. vildi nú gera svo vel og lýsa því yfir við þessa umr., að hann væri fáanlegur til ásamt mér að standa að þeirri breyt. á frv. við 2. umr., sem færi í þessa átt, þá mundi ég greiða atkv. með málinu við þessa umr. Það færi vel á, að við sameinuðumst um þetta, hann sem forseti bæjarstjórnar Ísafjarðar og ég sem þm. kaupstaðarins, jafnframt því sem hv. 1. flm. fengi um leið tækifæri til að gera þetta til yfirbótar frumhlaupi sínu.

Jörundur Brynjólfsson: Það eru aðeins örfá orð. Það er aðeins út af síðustu ummælum hv. þm. Ísaf. (FJ). Eins og frv. ber með sér, tekur efni þess aðeins til kvikmyndasýninga, en annars ekki, svoleiðis að tilgangurinn með flutningi þess er, samkvæmt orðanna hljóðan, að það sé ekki gert upp á milli um kvikmyndasýningar, en önnur starfsemi er látin laus eftir þessu frv.

Hv. 8. þm. Reykv. (SG) sagði, að þessi viðbót, sem kæmi í þennan sjóð, sem skiptist milli þessara þriggja aðila, ætti að fara til félagsheimila, en það er fjarri því. Þessi viðbót skiptist milli þessara þriggja aðila: félagsheimilasjóðs, þjóðleikhússjóðs og lestrarfélaga og kennslukvikmynda.

Mér þótti vænt um, að ég kallaði eftir skýringu hjá hv. 4. þm. Reykv., því að hann kom í lok ræðu sinnar með dálítið annað en það, sem hann vildi rökstyðja. Hann sagði í lok sinnar síðustu ræðu, að sú starfsemi, sem fer fram hjá háskólanum, samning orðabókar o. fl., tónlistarstarfsemi og annað, að hann metti það meira og teldi það til meira menningargildis en aðra menningarstarfsemi. Það var a. m. k. meining hans, eftir því sem ég skildi orð hans, því að hann vill láta haldast þau fríðindi, sem þessi starfsemi hefur, svo að nú skil ég hv. þm.

Um hin rökin, sem hann færði fram, að með þessu frv. væri verið að auka misrétti, þá er það að segja, að með því móti, að allar þessar stofnanir, þar sem eins er ástatt um starfið sjálft, sjálf kvikmyndahúsin, greiði jafnt, þá er þeim gert jafnt undir höfði hvað þetta áhrærir. Hitt er annað mál, til hvers þær verja peningum sínum. Að þetta sé nokkurs virði, kom fram í ræðu hv. þm. Ísaf., þegar hann nefndi það, að skemmtanaskatturinn, sem Hafnarfjarðarbíó hefði átt að greiða, væri 120—130 þús. kr. Öll þessi atriði vil ég gaumgæfilega athuga í n., og ég treysti n. mjög vel til að komast að sanngjarnri og viturlegri niðurstöðu um þessi atriði. — Svo tel ég ekki þörf á að fjölyrða um þetta frekar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Nd., 3. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:7 atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Orlof (frv. HermG og SG).

Á 69. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 26. febr. 1943, um orlof [145. mál] (þmfrv., A. 381).

Á 70. og 71. fundi í Nd., 24. og 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 28. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég vil fara þess á leit, að umr. um málið verði frestað um stund, þar til hv. 1. flm. kemur, en hann mun koma innan stundar.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Nd., 1. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir allþýðingarmiklum breyt. á núgildandi l. um orlof. Þær breyt., sem þar eru veigamestar, eru í fyrsta lagi, að orlofstímabil launþega lengist um eina viku, úr hálfum mánuði í þrjár

vikur, og greiðsla á orlofsfé hækkar úr 4% í 6½% sem afleiðing af lengdu sumarleyfi. Aðrar breyt., sem gert er ráð fyrir á þessum l., hafa sézt sér á þingi áður, þ. e. a. s. að hlutarsjómenn og aðrir, sem aðeins hafa fengið greiðslu sem nemur 2%, fái það sama og aðrir launþegar, og svo, að fyrningar á kröfum um orlofsfé sæti sömu meðferð og kaupkröfur almennt, og tel ég ekki þurfa að skýra það frekar, þar sem það hefur komið fram fyrr og verið skýrt í grg. Um hin tvö meginatriðin, sem hér er um að ræða, meginbreyt. á orlofsl., vil ég segja það, að þegar orlofsl. voru sett 1943, þá var það þýðingarmikil breyt. til bóta fyrir launþega, þar sem þeir fengu loks þær óskir sínar uppfylltar, sem hafði verið barizt fyrir í verkalýðsfélögunum fram að þeim tíma, að fá ákveðinn tíma til hvildar og hressingar. Sú baráttа, sem leitt hafði af sér þennan árangur, hafði raunverulega ekki náðst fram formlega hér á Alþ. fyrr en verkalýðssamtökin með frjálsum samningum höfðu knúið fram orlof í samræmi við það frv., sem lá fyrir Alþ. 1942.

Hugmyndin um orlof er ekki ný, og fordæmið, sem tekið var 1943, er runnið frá frændum vorum á Norðurlöndum, þar sem gildandi var hálfsmánaðar sumarleyfi, þannig að þaðan kom hugmyndin hingað um þetta. Frá þeim tíma, 1943, til dagsins í dag hafa ýmsar merkar breyt. orðið í verkalýðshreyfingunni, hún hefur haldið áfram að ná fram ýmsum þeim kjarabótum og baráttumálum, sem uppi hafa verið á þeim stöðum, þar sem verkalýðshreyfingin er komin lengst. Það hefur tekizt að ná fram lengdu sumarleyfi á Norðurlöndum, og svo er komið í Noregi, að það var sett ákveðin löggjöf 1947, sem gerir ráð fyrir því, að launþegar þess lands hafi þriggja vikna sumarleyfi og 6½% greiðslu í orlofsfé. Þessi meginbreyt., sem hér er borin fram, er sniðin með hliðsjón af þessu. Til viðbótar vil ég segja það, að í Danmörku og Svíþjóð eru uppi sterkar raddir um þetta sama í allflestum atvinnugreinum, og eru að takast samningar milli atvinnuveitendafélaga og Alþýðusambandsins í Svíþjóð um þriggja vikna sumarleyfi. Í Danmörku er þetta mál í undirbúningi og líklegt, að það nái fram að ganga. Við flm. þessa frv. teljum mjög æskilegt, að það sama gildi hér í þessum efnum og gildir t. d. í Noregi, að launþegar í þessu landi fái lengt sumarleyfi eins og þar hefur nú verið gert, og þess vegna er þetta frv. flutt, og að sjálfsögðu í trausti þess, að sami skilningur ríki hjá öðrum þm. og frv. nái fram að ganga. Ég tel ekki þörf að hafa frekari orð um þetta frv., nema tilefni gefist til. Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Nd., 3. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Á 71. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands [150. mál] (þmfrv., A. 398).

Á 73. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 3. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um breyt. á l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins, og er ástæðan til þess, að ég flyt það, niðurstaða, sem ég komst að á landsbankanefndarfundi um þróun deildarinnar við bankann. Og þessi niðurstaða var sú, að með sömu stefnu sé markvisst unnið að því að afnema stofnlánadeildina, ef Alþingi tekur ekki í taumana. Þegar stofnlánadeildin var stofnuð, var tilgangur löggjafans sá, að tryggja sjávarútveginum ódýrt stofnfé, einkum til þeirrar nýsköpunar, sem þá átti sér stað. Það hefur hins vegar sýnt sig, eins og af ýmsum var búizt við, að þær 100 millj. kr., sem seðlabankinn upprunalega lánaði stofnlánadeildinni, nægðu ekki fyrir hinn nýja togara- og bátaflota. Og samkvæmt upplýsingum, sem komið hafa fram hér á Alþingi, vantar lánsfé fyrir 7 af nýju togurunum og nokkra nýju bátanna. Ríkisstj. hefur verið spurð, hvernig hún hefði í hyggju að ráða fram úr þessum málum, en ekkert svar fengizt. Eigendur þessara skipa bíða því og bíða eftir lausn á þessu máli, en á meðan þverr stöðugt féð í stofnlánadeildinni og mun nú vera komið niður í 87 millj. Þessi rýrnun á fjármagni deildarinnar er vegna ákvæða 6. gr. laganna, en samkv. henni greiðir stofnlánadeildin seðlabankanum jafnóðum þær afborganir, sem hún fær frá skuldunautum sínum, og ef þessi lagagrein verður óbreytt, hverfur deildin smám saman, því að með þessu fyrirkomulagi er ekki hægt að lána neinum nýjum aðila A-lán úr stofnlánadeildinni. Þetta er þessu frv. ætlað að koma í veg fyrir og lagt til, að stofnlánadeildin noti þær afborganir, sem hún nú fær af lánum sínum, til nýrra útlána, en á þeim er sjávarútveginum hin mesta þörf, því að enn skortir lánsfé handa mörgum.

Það er enn fremur lagt til að ákveða með l. þessum upphæð vaxtanna á því fé, sem seðlabankinn lánar stofnlánadeildinni. Eins og bankastjórnin hefur ákveðið vextina með samþykki bankamálarh., þá eru þeir svo háir, að enginn möguleiki er fyrir stofnlánadeildina að hafa ágóða af lánum sínum til þess að auka

útlánin. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, að seðlabankinn láni stofnlánadeildinni með 1% vöxtum, þá mundi hún fá mismuninn, sem er milli útlánsvaxtanna og þessara 1% vaxta, en þar sem þessir útlánsvextir eru nú 2½%, fengi stofnlánadeildin 1½% af öllum A-lánum sínum, í stað þess að nú hefur hún aðeins 0,1%, því að vextir seðlabankans til stofnlánadeildarinnar eru nú 2,4%. Það er líka vitað, að stór hluti B-lána stofnlánadeildarinnar fellur á árunum 1946—51, og hefur það nokkra hættu í för með sér, en fengi stofnlánadeildin að græða 1½ millj. á ári í áður ræddum vaxtamismun, ætti hún að geta staðizt þá skelli, sem hún ef til vill fær af B-lánunum. Þetta er því hagsmunamál fyrir ríkissjóð, sem ella yrði að taka slíka bagga á sig. Það er líka ekki verið að fara fram á neitt, sem ekki er hægt, því að Landsbankinn hefur góð efni á þessu fyrirkomulagi. Bankinn græðir nú 15—16 millj. árlega, og það er alveg ástæðulaust, að sá gróði renni allur til seðlabankans og sparisjóðsdeildarinnar. Stofnlánadeildin ætti raunverulega fyrir því að fá 1—1½ millj. af þessum gróða, einkum ef þess er gætt, að það er fyrst og fremst sjávarútvegurinn, sem gefur bankanum möguleika til að græða. Hér er því um reikningsatriði að ræða í sambandi við bankareksturinn, og með þessari leið væri stofnlánadeildinni gefinn möguleiki á að standa undir hagkvæmum lánum til aðalatvinnuvegarins, sjávarútvegsins. Hins vegar er vitað, að lágir vextir eru eins og eitur í augum sumra manna. Það þykir ekki glæfralegt, þó að sjávarútvegurinn skuldi tugi milljóna, en ef það á að knýja bankana til að láta hann hafa vaxtalágt lán, þá er eins og sé verið að gera út af við þjóðfélagið.

Ég viðurkenni, að það er þörf miklu gagngerðari breytinga á lögunum um stofnlánadeildina, ef hún ætti að geta annað því verkefni að veita sjávarútveginum ódýr stofnlán, en við flm. þessa frv. teljum ekki líklegt, að róttækari brtt. yrðu samþ. eins og nú stendur. Ég vona svo, að þm. sjái nauðsyn þessa máls og geti fallizt á þetta frv. Þegar l. um stofnlánadeildina voru til umr. á sínum tíma, munu þau hafa verið rædd í sjútvn., og þess vegna legg ég til, að þessu máli verði vísað til sjútvn., þó að það sé ef til vill fjhn.-mál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

30. Ullarmat.

Á 74. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um ullarmat [152. mál] (þmfrv., A. 414).

Á 75. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Mál þetta er flutt af landbn. fyrir tilmæli atvmrn., og eru breyt. þær, sem það gerir ráð fyrir frá gildandi ullarmati, skýrðar nokkuð í greinargerð, og liggja þær því ljóst fyrir þeim, sem lesa hana. Ég skal þó stikla aðeins á aðalbreytingunum með nokkrum orðum.

Það er gert ráð fyrir samkvæmt þessu frv., að hafið verði eins konar gæðamat á íslenzkri ull, en hingað til hefur matið meira verið hreinleikamat, og ullin hefur verið þvegin, áður en hún hefur verið flokkuð. Nú á að taka upp mat á þessari vöru, áður en hún er þvegin, meta eftir gæðum og þvo hvern flokk út af fyrir sig, í stað þess að fram til þessa hefur orðið að þvo alla ullina saman, vegna þess að örðugt hefur verið að koma því við að þvo ullina í mörgum flokkum á heimilunum, og matið hefur því ekki orðið eins nákvæmt og ella. Til skamms tíma hefur ekki verið um annað að ræða en þvo ullina heima. En nú eru aðstæðurnar að breytast, bæði vantar mannafla til að þvo ullina á hverju heimili, og í öðru lagi koma ullarþvottastöðvar nú til greina. Ullarþvottastöðin á Akureyri mun t. d. verða tilbúin næsta vor, og má gera ráð fyrir, að áður en langt um líður sæki í það horf, að öll ull verði vélþvegin á nokkrum stöðum í landinu, og er þá auðvelt að koma við gæðamati. Þá er hægt að fella niður yfirullarmatsmenn, en mikið starf verður lagt á herðar formanni ullarmatsnefndar. Laun hans hækka því nokkuð, en heildarsparnað í launum hefur þetta frv. í för með sér, þar eð yfirullarmatsmenn falla úr sögunni.

Þetta eru nú aðalbreyt. frá gildandi ullarmati, sem felast í þessu frv., og hefur verið lögð áherzla á þær af hálfu þeirra, sem hafa haft með eftirlit og framkvæmd þessara mála að gera. En þar sem málið er flutt af landbn., óska ég ekki eftir, að því verði sérstaklega vísað til nefndar, en ég beini því til landbn., að hún athugi málið enn á milli umræðna, á sama hátt og hún hefði gert, ef því hefði verið vísað til hennar formlega.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Nd., 8. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti.

Ég vildi spyrjast fyrir um það, hvort hv. landbn. er búin að ljúka athugun málsins, því að ekki mun vera að vænta nál. frá henni.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Af því að form. landbn. er ekki viðstaddur, þá verð ég að segja það, að þótt leitt sé, hefur landbn. ekki haft tíma til þess að athuga þetta mál. Af þessum sökum var málið tekið af dagskrá síðast, þegar það var á dagskrá. Og ég vil einnig fara fram á það nú, að það verði tekið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

31. Stóríbúðaskattur.

Á 80. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um stóríbúðaskatt [162. mál] (þmfrv., A. 457).

Á 81. og 83. fundi í Nd., 15. og 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Nd., 21. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. V-Sk. borið fram frv. á þskj. 457 um stóríbúðaskatt. Samkvæmt frv. skal greiða slíkan skatt af íbúðum, sem fara fram úr ákveðinni stærð. Ríkið á að fá þennan skatt og verja honum til lánveitinga, að hálfu til byggingarsamvinnufélaga og að hálfu til byggingar verkamannabústaða. Í 2. gr. er ákveðið, hvernig skatturinn skuli reiknaður, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara að lýsa því, það liggur glöggt fyrir. Þó að frv. heiti frv. um stóríbúðaskatt, er tilgangur þess engu síður sá að reyna að fá fram aukið framboð á leiguhúsnæði. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að húsnæðisvandræði eru mikil, einkum í kaupstöðunum. Leiga hefur einnig hækkað mjög, þrátt fyrir aðhald húsaleigulaganna. Ef þessi skattur yrði lögleiddur, mundu ýmsir kjósa það fremur að bjóða húsnæði fram til leigu heldur en að greiða skattinn. Þetta er engu síður tilgangur okkar en að ná inn skattinum. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Málið liggur svo ljóst fyrir, að menn geta auðveldlega áttað sig á því. Frv. er að öðrum þræði skattamál, en allshn. hefur haft frv. varðandi húsnæðismálin til athugunar, og tel ég, að þetta frv. eigi líka að fá athugun í þeirri n. Ég legg því til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Nd., 16. maí, mælti

forseti (BG): Frá 6 alþm. hefur forseta borizt svo hljóðandi bréf:

„Vér undirritaðir alþingismenn leyfum oss hér með að bera fram þá kröfu til hæstv. forseta Nd., með skírskotun til 43. gr. þingskapa, að frv. til laga um stóríbúðaskatt (162. mál, þskj. 457) verði tekið á dagskrá næsta fundar í deildinni til 2. umræðu.

Alþingi, 14. maí 1949.

Skúli Guðmundsson, Helgi Jónasson, Halldór Ásgrímsson, Steingrímur Steinþórsson, Páll Þorsteinsson, Jón Gíslason."

Forseti hefur séð ástæðu til þess að verða við þessari ósk, og hefur málið verið tekið á dagskrá þessa fundar.

Síðar á fundinum tók forseti málið af dagskrá.

Á 112. fundi í Nd., 17. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Jörundur Brynjólfsson: Við 1. umr. þessa máls var því vísað til allshn. Þegar málið var tekið fyrir á fundi n., samþ. meiri hl. að vísa því til bæjarráðs til umsagnar. Sú álitsgerð hefur ekki komið, og hefur málið ekki verið tekið fyrir í n. í annað sinn. Ég átel ekki forseta, þó að hann hafi tekið málið á dagskrá, þar sem svo er liðið á þingið, að því verður fljótlega slitið. Var því ekki um annað að ræða en að láta það sofna í n. eða taka það fyrir með þeim hætti, sem orðið er. Ég tel málið vera réttmætt og sjálfsagt, að það komi til atkvæða í hv. þd. Ég get bæði vísað til efnis frv. og grg. þess og læt það nægja sem meðmæli með frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, JG, JörB, KTh, PÞ, BG.

nei: SEH, SK, GTh, AG, JóhH.

StSt, JS, PO greiddu ekki atkv.

12 þm. (SB, SG, ÁkJ, BÁ, EOl, EmJ, FJ, IngJ, JPálm, JJ, LJós, ÓTh) fjarstaddir.

2.—10. gr. samþ. með 15:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SigfS, SkG, StgrSt, ÁÁ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, JG, JörB, KTh, BG.

nei: SEH, GTh, AG, JPálm.

PO, StSt, JS greiddu ekki atkv.

13 þm. (LJós, ÓTh, SB, SG, SK, StJSt, ÁkJ, BÁ, EOl, EmJ, IngJ, JóhH, JJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, JG, JörB, KTh, PÞ, SigfS, SG, SkG, ÁÁ, EystJ, FJ, BG.

JS, SEH, StSt greiddu ekki atkv.

17 þm. (GTh, AG, IngJ, JóhH, JPálm, JJ, LJós, ÓTh, PO, SB, SK, StJSt, StgrSt, ÁkJ, BÁ, EOl, EmJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Finnur Jónsson: Ég tel þetta frv. mjög gallað, þar sem það gerir ráð fyrir, að menn búi við mjög misjafnan rétt eftir því, hvar þeir eiga heima á landinu. Ég mun koma með brtt. við það við 3. umr. og greiði því atkv. þangað. Ég segi já.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Leigunám og félagsrekstur togara.

Á 53. fundi í Sþ., 24. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um leigunám og félagsrekstur togara [172. mál] (þmfrv., A. 483).

Á 86. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. um leigunám og félagsrekstur togara var borið fram hér í d. áður en samkomulag varð í þeirri deilu, sem stóð langan tíma milli togaraeigenda og skipverja á togurum. Með flutningi þess frv. var bent á leið til þess að tryggja það, að ekki komi á ný til slíkrar stöðvunar eins og þeirrar, sem nú nýlega er afstaðin og stóð í 1½ mánuð. Sáttatilraunir fóru fram í þessari deilu, en lengi árangurslaust. Það er óþarft að orðlengja um afleiðingar þessarar löngu stöðvunar. Það er öllum kunnugt, að af henni hefur leitt mikið gjaldeyristap fyrir þjóðina. Sumir menn munu ef til vill telja, að þetta frv. sé óþarft, úr því að samkomulag náðist í þeirri deilu. En það, sem gerzt hefur á þessum vetri, stöðvun togaranna í lengri tíma vegna ósamkomulags þeirra manna, sem þar eiga hlut að máli, getur vitanlega gerzt aftur að óbreyttu fyrirkomulagi á þessum rekstri. Ég tel því fulla ástæðu til þess að hafa til löggjöf, sem getur komið í veg fyrir, að slík stöðvun endurtaki sig til stórtjóns fyrir þjóðfélagið í heild, og af þessari ástæðu vildi ég leggja til, að frv. yrði tekið til meðferðar í d., þó að samningar tækjust, eftir að frv. var fram komið.

Nýju togararnir, sem frv. nær til, voru keyptir af ríkisstj. samkv. ákvörðun Alþ. og fyrir almannafé, og það er því ekkert einkamál útgerðarmanna og sjómanna, ef þeir eru bundnir í höfn um langan tíma í stað þess að stunda veiðar. Það er mál, sem snertir alla þjóðina og ekki er hægt að láta afskiptalaust. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni frv. nákvæmlega í einstökum greinum. Ég vænti þess, að þær séu það ljósar, að Alþ. geti áttað sig á því, hvað hér er á ferðinni. Ég vil með örfáum orðum rifja upp, hvernig búið er að deiluaðilum, ef slíkt frv. yrði samþ. sem hér liggur fyrir og kæmi til framkvæmda. Togaraeigendur fá samkv. frv. greidda vexti af stofnlánum, sem hvíla á skipinu, og eins af eigin fé, ef um það er að ræða. Þar að auki greiðir leigutaki fyrningargjald, 6 af hundraði á ári af upphaflegu kostnaðarverði skipsins, auk þess hluta kostnaðar við flokkunarviðgerð skipanna eftir mati. Ég held, að togaraeigendur séu ekki óréttir beittir. Sé hins vegar litið á það, sem skipshöfninni stendur til boða samkv. frv., þá er það þetta: Skipshöfnin á kost á því að fá skipið á leigu til eins árs. Áhöfn hvers skips hefur rekstur skipsins á hendi og leggur til stjórn og framkvæmdastjóra útgerðarinnar. Þeir eiga að borga af aflaverðmæti allan kostnað, viðhald skipsins, útbúnað og taka þátt í greiðslum vegna klössunar og auk þess leigu eftir skipið, sem áður hefur verið lýst. Þetta er allt kostnaður, sem alltaf þarf að borga, hver sem rekur togaraútgerðina. Þarna eru engin óeðlileg útgjöld lögð á leigutaka. Skipverjar á hverju skipi skipta síðan öllu aflaverðmætinu á milli sín, eftir að allur óhjákvæmilegur kostnaður hefur verið greiddur, eftir reglum, sem þeir sjálfir setja. Þeir fá allan hagnað, sem verða kann af útgerðinni. Ég tel, eins og ég sagði áðan, að þó að þessi deila sé leyst í þetta sinn, þá sé full ástæða fyrir Alþ. að athuga þetta mál, og ég leyfi mér að leggja til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er kannske ekki ástæða til að ræða þetta frv., þar sem þetta er 1. umr. þess, en af því að mér skildist það á hv. flm., að hann teldi, að hann hefði hér í hendi sinni lykil, sem hægt væri að leysa með vinnudeilur, ef þær skyldu koma aftur milli togaraeigenda og sjómanna, þá vildi ég láta þá skoðun mína í ljós, að ég tel því miður, að hv. þm. hafi ekki þann lykil í hendinni. Ég segi því miður, því að vitanlega var sú deila, sem stóð hér milli togaraútgerðarmanna og sjómanna, þjóðinni til stórtjóns og mun verða henni til stórtjóns, ef slíkt endurtekur sig. Það er þess vegna ekki óeðlilegt, þó að hv. þm. og Alþ. sjálft yfirleitt reyni að koma í veg fyrir, að þetta endurtaki sig. Það er vitanlega ekki nema góðra gjalda vert, að einstakir þm. beri fram frv., sem þeir álíta, að feli í sér lausn málsins, bæði fyrir nútíð og framtíð. Samkvæmt þessu frv. á þskj. 483 er lagt til, að nýsköpunartogararnir verði teknir leigunámi, ef til vinnustöðvunar kemur. Eins og hv. fyrri flm. gat um, er ekki til þess ætlazt samkv. þessu frv., að illa verði farið með togaraeigendur eða útgerðina, nema síður sé, því að hlutur þeirra er tryggður í samningum við leigutaka, og það er tryggt, að þeir eiga engu að tapa. Þeir eiga að fá viðhaldskostnað og hæfilega vexti af því fé, sem þeir eiga í fyrirtækinu. Þetta er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, og það mætti vel hugsa sér, að togaraeigendur, ef þeir sæju ekki annað en taprekstur fram undan, tækju svona frv. fegins hendi. En þó að útgerðarmenn gætu verið þessu máli mjög fylgjandi, þá er ég hræddur um, að standi á sjómönnunum sjálfum. Ég held, eftir því sem við þekkjum þá, þá mundu þeir ekki verða fúsir til að taka togarana á leigu, halda þeim við, skila þeim og veiðarfærunum í ekki lakara ástandi en þeir tóku við þeim í og taka á sig alla ábyrgð á rekstrinum. Það hefur ekki á þetta reynt beinlínis, en ég er sannfærður um

það, að sjómenn yrðu ekki fúsir til að gera þetta. Þegar sjómenn vilja ekki fallast á samninga, sem tryggja þeim 44 þús. kr. í vissar tekjur á ári, þá mundu þeir ekki undir neinum kringumstæðum taka á sig alla áhættu við útgerðina, og í sannleika sagt væri það fjölskyldumönnum nokkur vorkunn, þó að þeir hikuðu við það. Ég sagði áðan, að hv. þm. hefði ekki lykilinn í hendinni til þess að leysa þvílíkar deilur sem hér voru í vetur, þó að þetta frv. næði fram að ganga, aðallega vegna þess, að sjómenn mundu ekki undir neinum kringumstæðum ganga að þessari till. hans. En ég er þessum hv. þm. sammála um það, að það þarf eitthvað að gera, til þess að þetta endurtaki sig ekki. Það er allt of dýrt fyrir okkar þjóðfélag að láta slíkt endurtaka sig, og þess vegna held ég, að óhjákvæmilegt sé að breyta vinnulöggjöfinni að einhverju leyti. Ég held, að það hljóti að vera klaufaskapur að leysa ekki þessi mál, þegar til vinnudeilu kemur á togurum, án þess að þeir þurfi að vera bundnir við hafnargarðinn vikum saman. Væri ekki mögulegt að breyta vinnulöggjöfinni eitthvað á þá leið, að þegar sagt væri upp samningum, hvort sem það væru útgerðarmenn eða sjómenn, sem gerðu það, þá verði hlutaðeigendur að hafa komið sér saman um samning innan ákveðins tíma og að útgerðin gæti haldið áfram á meðan á samningsumleitunum stæði? En ef hins vegar aðilar gætu ekki komið sér sjálfir saman um deiluatriðin innan tilskilins tíma, þá væri settur gerðardómur, sem hefði fullt úrskurðarvald í málinu. Eins og áður er fram tekið, er það allt of dýrt fyrir þjóðfélagið að eiga á hættu, að slíkar deilur endurtaki sig, en ég álít, að það dugi ekki, þó að þetta frv. verði að l., til þess að koma í veg fyrir svona deilur í framtíðinni. Það mætti segja, að ekki spillti, þó að l. væru til um þetta, en þau væru gagnslaus, ef ekki væri hægt að framkvæma þau, vegna þess að sjómennirnir vildu ekki nýta þau, þó að útgerðarmenn yrðu kannske fegnir þeim. Ég held því, að þetta frv. verði engin lausn á málinu og annað verði til að koma og þá helzt eitthvað í sambandi við breytingu á vinnulöggjöfinni, eins og ég minntist á áðan. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, af því að mér skildist á hv. flm., að hann hefði fundið allsherjarlausn á þessu vandamáli.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta til viðbótar, því að ekki virðist mikið á milli bera hjá hv. 2. þm. Rang. og mér. Hv. þm. talaði um það, að ég áliti, að ég hefði fundið lykil að lausn deilna eins og hér um ræðir. Ég hef aldrei sagt það. Ég hef aðeins sagt, að með þessu frv. væri gerð tilraun til að koma skipunum á veiðar og bent á aðferð, sem reyna mætti, en hitt hef ég aldrei sagt neitt um, að hverju gagni slík löggjöf mætti koma. Hv. þm. leit svo á, að í þessu frv. væri sanngjarnlega búið að útgerðarmönnum, ekki væri ástæða fyrir þá að kvarta. Hins vegar óttaðist hann, að á sjómönnunum mundi standa, þeir mundu ekki vilja taka að sér rekstur skipanna á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Um það getur hvorugur okkar neitt fullyrt, af því að það er óranns akað mál.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að heimild ríkisstj. til leigunáms verði því aðeins notuð, að fyrir liggi, að skipshöfn hafi myndað útgerðarfélag á þeim grundvelli, sem um ræðir, og tjáð sig reiðubúna til að taka að sér rekstur skipsins. Mér er kunnugt um, að það eru til togarasjómenn, sem eru fúsir til að taka þátt í slíkum félagsskap. Hve margir þeir eru eða kynnu að verða, skal ég ekkert fullyrða um. Mér finnst þetta ekki undarlegt. Hér er eingöngu verið að tala um þessi nýju skip, og það er talið, og vafalaust með réttu, að þetta séu mjög góð og fullkomin skip, og þá fyndist mér mjög undarlegt, ef sjómenn vildu ekki heldur en að ganga atvinnulausir um lengri tíma mynda með sér félagsskap og taka að sér rekstur skipanna á þann hátt, að þeir greiddu aðeins óhjákvæmilegan kostnað við útgerðina og hæfilegt fyrningargjald, en skiptu að öðru leyti öllum hagnaði. Mér þykir það mjög undarlegt, ef ekki eru til skipshafnir, sem vildu gera slíkt til þess að firra vandræðum, en eins og ég áður sagði, getur hvorugur okkar um þetta fullyrt, en báðir erum við sammála um það, að eitthvað nýtt þurfi til að koma til þess að koma í veg fyrir, að það endurtaki sig, sem gerðist í vetur, að skipin stöðvist í langan tíma. Og þó að nú næðist samkomulag í bili, getur þetta alltaf komið fyrir aftur, meðan ekki er nýtt fyrirkomulag á þessum stórrekstri.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er náttúrlega alveg rétt, að hvorugur okkar getur nokkuð um það fullyrt, hvort sjómennirnir gengju að því að taka skipin á leigu. Eins og ég sagði áðan, þykir mér það mjög ósennilegt, að þeir sjómenn, sem höfnuðu sáttatill., sem skapaði þeim 44 þús. kr. í nokkurn veginn vissar tekjur, mundu taka á sig áhættuna, sem er á því að gera út, því að það er kunnugt, að nýsköpunartogararnir hafa margir hverjir verið reknir með taprekstri. Og það er ósennilegt, að útgerðarmenn og sjómenn lendi í stórkostlegum deilum, nema útgerðarmenn sjái, að taprekstur er yfirvofandi, með þeim tilkostnaði, sem útgerðinni fylgir, og sjómenn fara ekki í deilu við útgerðarmenn til annars en að fá kjör sín bætt. Þeir mundu ekki hafna föstu kaupi og vissum tekjum, sem þeir ættu kost á að fá hjá útgerðarmönnum, og leggja í áhættusama útgerð sjálfir, sem útgerðarmenn vildu helzt sjálfir vera lausir við. Þetta er þess vegna að ég tel mjög ósennilegt, þó að, eins og hv. þm. sagði, ekki sé hægt að sanna þetta, nema reynslan skeri úr um það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Nd., 7. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

33. Atvinnuleysistryggingar.

Á 55. fundi í Sþ., 28. marz, var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um atvinnuleysistryggingar* [176. mál] (þmfrv., A. 498).

Á 86. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í rauninni ekki nýtt, þar sem það hefur verið flutt áður hér í þinginu í ýmsu formi. Það, sem vakað hefur fyrir mér með flutningi þessa frv., er að leitast við að tryggja þeim mönnum, sem stunda lausavinnu, eitthvert það öryggi, sem hjá mörgum er ekki meira en það, að þeir vita ekki að kvöldi, hvort þeir geti unnið fyrir brauði næsta dag eða ekki. Til viðbótar því, sem tekið er fram í grg., skal ég láta þess getið, að ég álít, að þessum málum sé bezt komið með því, að það sé á valdi þeirra aðila, sem eiga að njóta þess réttar og þeirrar tryggingar, er frv. þetta felur í sér, að sjá um úthlutun og yfirstjórn sjóðsins, því að það mundi bæði verða ódýrara og peningarnir fremur fara til þeirra, sem ættu að njóta þeirra, en ella. Í öðru lagi mundu þessir aðilar hafa bezta yfirsýn um það, að þessir sjóðir færu ekki út fyrir þau takmörk, sem þeim er ætlað. Eins og tekið er fram í frv., er þetta ætlunin, þegar atvinnurekendur eru komnir það langt frá því heilbrigða þjóðfélagi, að þeir eru ekki færir um að nota starfsorku fullvinnandi manna og láta marga heilbrigða menn ganga atvinnulausa, sem er einhver mesta vöntun á heilbrigðu þjóðfélagi. Ég vil því vona, að frv. þetta fái góðar undirtektir í þinginu, og leyfi mér að stinga upp á, að því að lokinni þessari umr. verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Landskiptalög.

Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á landskiptalögum, nr. 46 27. júní 1941* [181. mál] (þmfrv., A. 524).

Á 87. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það þarf ekki langa framsöguræðu með þessu litla frv., sem er eiginlega viðauki við 10. gr. landskiptal. frá 1941. Þau l. voru sett og undirbúin að æðimiklu leyti af Búnaðarfélaginu, og sérstaklega af þeim starfsmanni félagsins, sem hefur mest með þessi mál að gera fyrir hönd þess, en það er Ásgeir L. Jónsson ráðunautur. Það, sem hér er lagt til að bæta við 10. gr. landskiptal., er í raun og veru ekki nein nýmæli, en fremur til að taka af allan vafa um það, hvernig beri að framkvæma þessi l., þegar eins stendur á og hér er á minnzt, en það er, eins og frv. ber með sér, þegar skipti fara fram á sameignarlandi fleiri jarða og ekki á að skipta ræktuðu landi, heldur úthaga. En þá er það ekki beint tekið fram í l. frá 1941, að líka skuli taka tillit til ræktaða landsins, sem hefur í flestum tilfellum fengizt með hefð. Það er ekki beint tekið fram í l., að þegar skipti skuli fara fram, sé tekið tillit til lands, sem hver jarðeigandi á af óskiptu landi, sem hann hefur fengið þannig. Þeirri reglu hefur að vísu verið fylgt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, en hefur verið mótmælt í sumum tilfellum af aðilum, sem ósanngjarnir eru og vilja til hins ýtrasta halda fram sínum kröfum. Þess vegna er þetta ákvæði sett í l., til þess að taka af öll tvímæli, þegar á stendur eins og hér um ræðir.

Landbn. var sammála um að mæla með þessum viðauka og væntir þess, að hæstv. forseti vilji sjá um, að þetta litla frv. gangi fljótt gegnum hv. d., svo að það fáist afgr. á þessu þingi, sem ég fastlega vænti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 88. og 89. fundi í Nd., 8. og 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 524, 545).

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef flutt brtt. á þskj. 545 við frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., um breyt. á landskiptalögunum. Hún fjallar um það að breyta lítils háttar 19. gr. l. eins og þau eru nú. Mér virðast landskiptal. frá 1941 vera byggð á því, að þar, sem allir aðilar, sem hlut eiga að máli, séu samþykkir, hafi þeir vald til þess að ráða málum sínum sjálfir án þess að kveðja til óvilhalla menn. Skal ég í þessu sambandi og til þess að færa þessum orðum stað benda á 2. gr. l., þar sem segir: „Nú hafa gilt manna á meðal í 20 ár eða lengur önnur eignahlutföll en jarðamatsbækur gefa upp og allir eigendur samþykkja, að þau eignahlutföll skuli haldast, og er þá heimilt að skipta eftir þeim, en sýslumaður skal tilkynna fasteignamatsnefnd þess konar skipti.“ Í 3. gr. kemur það aftur fyrir, að gert er ráð fyrir, að það séu ekki gerð staðbundin skipti á námum, reka og öðrum slíkum hlunnindum, nema samþykki allra hlutaðeigenda komi til. Ef það liggur fyrir, þá heimila l. það.

Í 16. gr. segir svo: „Landeigendum er frjálst að skipta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum."

Hér er enn þá byggt á því, að ef samþykki þeirra allra kemur, þá þurfi ekki að leita til óvilhallra aðila um skiptin. Í 17. gr. segir enn fremur: „Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiptu landi, má enginn eigenda, án samþykkis allra hinna, nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig." En ef samþykki allra hinna hlutaðeigenda liggur fyrir, þá verða l. tæplega skilin á annan hátt en þann, að þá sé heimilt að leyfa þetta. En í 19. gr. l. ber svo við, eins og l. eru nú, að út frá þessari reglu virðist brugðið, því að þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Enginn má, eftir gildistöku þessara laga, taka land til ræktunar, setja upp varanlega girðingu, gera skurð, byggja hús eða önnur varanleg mannvirki í óskiptu sameignarlandi, þó að samþykki allra annarra hlutaðeigenda liggi fyrir." Brtt. mín er einungis fólgin í því, að í staðinn fyrir þetta, „þó að samþykki allra hlutaðeigenda liggi fyrir" komi: nema samþykki allra annarra hlutaðeigenda liggi fyrir. — M. ö. o., að ef allir hlutaðeigendur, sem eiga landeign saman, samþykkja, að einn aðili megi gera skurð, setja upp girðingu eða byggja hús í óskiptu landi, þá sé það heimilt, en ef einhver eigandi gerir ágreining, þá komi auðvitað til úrskurðar óvilhallra manna. Þetta er efnislega það, sem felst í brtt. minni á þskj. 545.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég verð að segja örfá orð út af brtt. hv. þm. A-Sk. Ég skal viðurkenna, að fljótt á litið virðist eðlilegt, að slík brtt. komi fram, og má færa rök að því, eins og hv. þm. gerði, að nægilegt sé að fá samþykki allra hlutaðeigenda, að gerð séu mannvirki á sameiginlegri eign. Það var rétt hjá hv. þm. A-Sk., að ákvæði þau í 19. gr. laganna, sem hann vill nú breyta, voru sett inn í l. 1941, en hitt er ekki rétt, eins og hann hélt fram, að um mistök hafi þar verið að ræða og því ekki verið í samræmi við önnur atriði laganna. Þetta ákvæði var sett vitandi vits og lögð áherzla á það af þeim mönnum, sem mesta reynslu hafa af þessum málum. Það orkar ekki tvímælis, að óheppilegt er, að ræktunarlönd séu óskipt, og eru þau þá stundum notuð á víxl, og um notkun þeirra myndast alls konar venjur. Það hefur verið stefna Búnaðarfélags Íslands að knýja fram skipti a. m. k. á ræktunarlöndum, en hitt hefur gert minna til, hvort beitilöndum hefur verið skipt. Það hefur verið reynt að knýja fram skiptin, áður en ræktun eða aðrar umbætur hafa hafizt, þar eð óheppilegt er, að einn fái land hér og annar þar, og veldur miklum óþægindum, þegar landinu er síðar skipt. Og hefur verið lögð mikil áherzla á þetta af starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands. Það er rétt hjá hv. þm. A-Sk., að það er grundvöllur laganna og það heppilegasta, að menn geri þetta af frjálsum vilja, og menn geta gert það, ef þeir vilja, en ef ekki næst samkomulag um skiptin, þá er hægt að biðja um opinbera aðstoð. Við teljum sem sé mjög nauðsynlegt, að þessi skipti á ræktunarlandi fari fram, eins og lögð er áherzla á í l. frá 1941. Þessu ákvæði, sem hv. þm. A-Sk. vill fella niður aftur, en við teljum óþarft að breyta, má ekki rugla saman við brtt. n. Þá eru ekki að öllu leyti sambærileg þau dæmi, sem hv. þm. nefndi um not á reka og skógi o. fl., og er eðlilegast, að ekki sé gengið lengra en gert er í l. varðandi það, og er eðlilegast, ef samkomulag næst, að nytja slíkt, þótt í óskiptu landi sé. Og ef samkomulag næst um það, þá er allt í lagi, því að þar er ekki verið að setja upp neitt varanlegt eins og byggingar, skurði eða ræktun, sem geta orðið til óþæginda, þegar skipt verður síðar, og orðið til óþæginda fyrir eftirkomendurna, og gegnir þar allt öðru máli um nytjar, reka, og annað slíkt. Landbn. leggur því á móti því, að brtt. hv. þm. A-Sk. sé samþ., þó að segja megi, að eðlilegt sé að sumu leyti, að hún hefur komið fram.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Mér er það ljóst, að frsm. landbn., hv. 1. þm. Skagf., hefur skilning á því, að ekki sé óeðlilegt, að slík brtt. komi fram, og finnst mér því undarlegt, að n. skuli leggja á móti því, að þessi meinlausa till. sé samþ. Hv. frsm. benti á það, að 19. gr., eins og hún er í l. frá 1941, hafi verið orðuð svo af ráðnum hug til þess að knýja fram landskipti yfirleitt alls staðar þar, sem sameignarland er. Lög þessi hafa nú verið í gildi síðan 1941, og reynsla sú, sem fengizt hefur, er, að landskipti hafa ekki átt sér stað nema á tiltölulega fáum stöðum, eða sú er a. m. k. reynslan á þeim stöðum, sem ég þekki til. Mér finnst sjálfsagt að setja eigendum eða umráðamönnum jarða það í sjálfsvald, hvort þeir skipta landi sínu með sér, og ekki rétt af löggjafarvaldinu að knýja þá til slíks, og ætti þar að nægja, að þeir væru hvattir til þess. Ef brtt. mín verður samþ., þá orkar það ekki tvímælis, að auðvelt verður að komast hjá vandræðum, því að þá yrði eftir sem áður sá maður, sem ætlaði að taka land til ræktunar, að leita samkomulags hjá öllum hinum eigendunum, og er það eðlilegast, að þeir, sem ráða landinu, hafi vald til þess að leyfa það eða banna, eins og þeir hafa vald til að skipta landinu með sér, ef þeir koma sér saman um það, en ef einhver ágreiningur rís, þá kemur af sjálfu sér, þó að mín brtt. verði samþ., að kalla verður óvilhalla menn til þess að skera úr ágreiningnum. Hv. frsm. ræddi aðallega um lönd til ræktunar, en ég vil vekja athygli á því, að brtt. mín snertir fleira en ræktunarlönd, því að í gr. stendur: „Enginn má eftir gildistöku þessara laga taka land til ræktunar, setja upp varanlega girðingu, gera skurð, byggja hús eða önnur varanleg mannvirki .... þó að samþykki allra annarra hlutaðeigenda liggi fyrir." Nú, hvað sem líður skiptum á landi til ræktunar, þá virðist það óeðlilegt, að menn geti ekki ráðstafað því, hvort byggt sé hús eða girðing í óskiptu landi, ef samkomulag næst á milli hlutaðeigandi eigenda. Þá er álitamál, hvað er átt við með varanlegri girðingu. Venjulegast mun að nota gaddavír, því að óvenjulegt mun nú vera, að hlaðnir séu garðar, og ef til kæmi, að þyrfti að hreyfa slíkt, þá er það tiltölulega auðvelt. Um þetta atriði segir í 12. gr.: „Nú kemur

í ljós við skiptin, að flytja þarf hús, girðingar eða önnur færanleg mannvirki, og kveður skiptanefnd á um, innan hvers tíma flutt skuli og hver skuli kosta flutninginn eða hvernig flutningskostnaði skuli skipt niður.“ En nú skal bent á það, að hvað snertir hús er þetta ákvæði næstum óframkvæmanlegt, og skal ég taka dæmi um það. Það er alveg rétt, eins og hv. 1. þm. Skagf. sagði, að venjulega er túni og engjum skipt, en því er öðruvísi varið með beitiland. Við skulum segja, að einhver maður vilji byggja peningshús í beitilandi og það sé óskipt, þá er það óheimilt samkvæmt 19. gr. laganna, jafnvel þótt samkomulag allra hlutaðeigenda komi til. Það verður því fyrst að skipta og hver svo að byggja í sínu landi. En það er erfitt að skipta beitilandi, þar sem þau eru svo misjöfn að gæðum, og auk þess verður svo hver aðili að girða sitt land, en slíkt er lítt framkvæmanlegt og veldur auk þess óþægindum. En það er sleginn varnagli við þessu í l., þar sem gert er ráð fyrir, að um viss ítök sé að ræða í beitilandinu, en ekki skipti með girðingu. Ég geri ráð fyrir, að það sé ljóst, að eins og þessi ákvæði eru nú í 19. gr., er þetta með tilliti til beitilanda mjög erfitt í framkvæmd, að ég ekki segi óframkvæmanlegt, en með brtt. er þetta allt miklu frjálsara og í eðlilegra formi, þar sem allir jarðeigendur geta leyft, að byggt sé hús á óskiptu sameignarlandi. — Ég hef nú tekið það helzta fram, sem ég vildi segja, og því óþarft að hafa fleiri orð um þetta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 91. fundi í Nd., 23. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 545 felld með 13:5 atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 88. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 89. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Iðnskólar.

Á 94. fundi í Nd., 28. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um iðnskóla [198. mál] (þmfrv., A. 593).

Á 95. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Það er saga þessa máls, að þegar mþn. í skólamálum hafði lokið við að semja frv. um hið almenna skólakerfi og þegar þau frv. höfðu verið lögfest hér á þingi 1946, þótti tímabært að hefjast handa um endurskoðun l. fyrir hina ýmsu sérskóla, og var þá fyrst fyrir hendi að athuga iðnskólana. Gildandi lagafyrirmæli um þá skóla voru, að ég álít, næsta ófullkomin og ekki hægt að segja, að til væri nein heildarlöggjöf um þá, enda hefur frá hálfu þm. þráfaldlega verið leitað til Alþingis um að setja löggjöf um starf þessara skóla. Á þingunum 1941, 1942 og 1943 munu slík frv. hafa verið lögð fram. Það er því ekki ófyrirsynju, að n. hófst fyrst handa um iðnskólana, þegar farið var að hugsa um sérskólana yfirleitt.

Þetta frv. var afhent ríkisstj. 1947 og hefur legið á hennar vegum síðan. Fyrir fáum dögum barst það menntmn. frá hæstv. menntmrh. með ósk um, að n. legði málið fram. Öllum er ljóst, að það eru litlar líkur til, að málið verði afgr. á þessu þingi, því að flestir þm. munu vona, að brátt fari að draga að þinglokum. En tilgangurinn með því að leggja þetta frv. fram er fyrst og fremst, að þm. og öðrum gefist tækifæri til að kynnast frv., og gæti það náttúrlega greitt fyrir meðferð þess og framgangi á næsta þingi. Menntmn. taldi sjálfsagt að verða við þessari beiðni og leggja frv. fram, þó að hún væri ekki við því búin eða einstakir nm. að taka sína afstöðu til þess, hvorki í heild né einstökum atriðum.

Ég tel ekki ástæðu til að fara frekar orðum um þetta frv. á þessu stigi, sérstaklega þar sem ég geri ekki ráð fyrir, að þingið muni gera því nein veruleg skil að þessu sinni, en hitt þykir mér þó gott, að málið hefur komið fram, og vænti ég, að það geti orðið til þess, að næsta þing taki það upp og afgr. það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

36. Rafveitulán Hólshrepps.

Á 95. fundi í Nd., 29. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um skattfrelsi skuldabréfa fyrir raforkuláni Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu [200. mál] (þmfrv., A. 595).

Á 96. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Í undanfarin 30 ár hefur verið unnið að undirbúningi vatnsvirkjunar fyrir Bolungavík. Þetta er þó ekki komið lengra áleiðis en það, að 1929 var byggð stífla. Þá hafði fengizt vilyrði fyrir fé, og var því ráðizt í þessar framkvæmdir, en þegar til kom, fékkst lánsféð ekki, og framkvæmdir stöðvuðust og hafa legið niðri síðan. Fyrir nokkru fékkst svo loforð um ríkisábyrgð fyrir 2 millj. kr. láni, sem Hólshreppur tæki, en þegar þetta loforð var fengið og átti að fara að afla fjárins, kom í ljós, að lánsstofnanirnar höfðu ekkert fé aflögu. Við þetta hefur svo setið síðan, að ekkert lánsfé hefur fengizt þrátt fyrir ríkisábyrgðina og því ekki verið hægt að hefja framkvæmdir.

Það er ekki ástæða til þess að fara að rekja hér hinar almennu ástæður fyrir þeirri lánsfjárkreppu, sem hér hefur verið s. l. 2 ár og hefur stöðvað ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir. Mér finnst liggja í augum uppi, að sjálft ríkisvaldið á þar nokkra sök á, þar sem það hefur fest svo mikið af fé bankanna og hefur þannig um leið þrengt hag einstaklinga, bæjar- og sveitarfélaga. Undirbúningsnefnd Hólshreppsrafvirkjunarinnar telur, að ef hreppurinn gæfi út skuldabréf, sem væru undanþegin skattskyldu, þá mundi vera mögulegt að selja slík bréf, og þess vegna var farið fram á það við mig að flytja þetta mál hér.

Ég skal svo ekki hafa um þetta mörg orð. Hv. þm. vita, að stundum eru veittar ýmsar undanþágur, og ég tel sögu þessa máls á þá leið, að slík undanþága sem hér er farið fram á sé fyllilega verjanleg. Ég hygg, að öllum sé það ljóst, að ekki muni þýða að reyna að selja þessi skuldabréf á almennum verðbréfamarkaði nema með því móti, að þessi undanþága verði veitt. Að lokum vil ég benda á það, að í Bolungavík, sem nú er næststærsta þorp Vestfjarða, stendur rafmagnsskorturinn fiskiðnaðinum algerlega fyrir þrifum, en útgerð hefur aukizt þarna geysilega mikið nú hin síðari ár, og sjórinn er sóttur þaðan af hinum mesta dugnaði. Þarna eru góðar aðstæður til rafvirkjunar, sem næmi 700—1000 hestöflum, en sú rafvirkjun þyddi aukinn iðnað á staðnum, og verðmæti útflutnings staðarins mundu aukast að miklum mun.

Ég æski þess svo að umr. loknum, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Innflutningur búfjár.

Á 96. fundi í Nd., 2. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár [201. mál] (þmfrv., A. 601).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Landbn. flutti þetta frv. að beiðni hæstv. atvmrh., og er það viðauki við lög um innflutning búfjár, en þau lög afgreiddi þingið í fyrra. Í þeim lögum er svo ákveðið, að engir aðilar geti haft eignarumráð yfir sóttvarnarstöðvum, aðrir en ríkið sjálft. Nú er farið fram á, að sú breyting verði gerð á þessum lögum, að tveim öðrum aðilum verði veitt heimild til að eiga slíka stöð og láta fara þar fram kynbætur, hvort heldur er með sæðisflutningi eða með innflutningi nautgripa. Þessir aðilar, sem hér er um að ræða, eru S.Í.S. og Reykjavíkurbær, en vitað er, að báðir þessir aðilar hafa mikinn áhuga á nautgriparækt og kynbótum nautpenings. Eins og grg. ber með sér, þá er hér um tvenns konar kynbætur að ræða, bæði til þess að koma hér upp betra holdakyni og betra mjólkurkyni. Landbrn. telur sig ekki hafa heimild til þess að veita þessum aðilum, sem hér er um að ræða, leyfi til þessa, heldur þurfi hér lagabreytingu, og er því þetta frv. fram komið. En í 2. gr. frv. er það sett sem skilyrði fyrir því, að leyfið verði veitt, að allar varúðarráðstafanir og sóttvarnarráðstafanir verði gerðar til þess að fyrirbyggja, að sjúkdómar berist út, og skal reksturinn allur vera eins og mælt er fyrir í l. og eins og ríkið ætti sjálft tilraunastöðina. Ef farið væri inn á þessa leið og þetta frv. samþ., þá væri það leyfilegt, að þessir aðilar fengju leyfi til þess að rækta og kynbæta nautpening.

Landbn. hefur flutt þetta frv. eftir beiðni atvmrh., en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að bera fram brtt., ef þeim þykir þurfa, ef eitthvað skyldi koma fram við meðferð málsins, en þær verða þá teknar til frekari athugunar milli umræðna. Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, en leyfi mér að endingu að leggja það til, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, EystJ, FJ, HÁ, AG, HermG, JG, JPálm, PÞ, SigfS, SG, SEH, SkG, StSt, StgrSt, BG.

nei: SK.

JS, ÁkJ greiddu ekki atkv.

16 þm. (EOl, GTh, GÞG, HelgJ, IngJ, JóhH, JJ, JörB, KTh, LJós, ÓTh, PO, SB, StJSt, ÁÁ, BÁ) fjarstaddir.

2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SigfS, SG, SkG, StSt, StgrSt, EystJ, FJ, HÁ, AG, HermG, JG, JPálm, BG.

SEH, SK, ÁkJ, JS greiddu ekki atkv.

17 þm. (KTh, LJós, ÓTh, PO, SB, StJSt, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, GTh, GÞG, HelgJ, IngJ, JóhH, JJ, JörB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 104. fundi í Nd., 9. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 601, 643).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Landbn. hefur flutt smávægilega brtt. við 2. gr. frv. Er gr. umorðuð, og er breyt. gerð með tilliti til þess að samræma þennan viðauka við upphaflegu l. enn ákveðnar en gert var. Er það sérstaklega með tilliti til þeirrar sóttvarnarstöðvar, sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður setji upp, í l. um meðferð búfjár og á að vera til staðar, ef innflutningur er leyfður á einhverju búfé. Nú hefur slík stöð ekki verið sett upp, og þótti því rétt í þessu frv. að taka greinilega fram um þessa stöð. Þess vegna er það sett í 2. gr., að þessi leyfi megi ekki veita öðruvísi en að sá, sem slíkt leyfi fær, setji upp sóttvarnarstöð í sambandi við bú sitt. Þetta átti í raun og veru að vera nægilega tryggt í upphaflegu l. En hér er um aukið öryggi að ræða, svo að ekki verður undan því komizt, að slíkt verði gert.

Auk þess er síðari málsgrein brtt. um það, að ef ríkið sjálft setur upp slíka stöð, þá geti það með sérstökum samningi falið þeim aðila, sem fengið hefur leyfi til innflutnings, að taka að sér sóttvarnarstarfið fyrir ríkið, ef um einhvern annan innflytjanda er að ræða.

Við teljum, að með þessu sé búið að tengja þetta svo fast við l. um innflutning búfjár, að ekki sé um neinn misskilning að ræða á neinn hátt eða hægt að víkja sér undan þeim sóttvarnarákvæðum, sem í þessum l. eru.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessa brtt. Hún er frekar sem skýring á l. en að hún eigi að hafa nein ákvæði í sér í sjálfu sér.

ATKVGR.

Brtt. 643 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Sþ., 10. maí, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 677).

Á 102. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal geta þess, að efni þess viðauka, sem felst í þessu frv. um innflutning búfjár, er eingöngu um það, að heimilað sé að veita öðrum aðilum innflutningsleyfi til þess að flytja inn og starfrækja eins konar tilraunastöðvar um innflutning búfjár. En í þeim l., sem sett voru um þetta efni s. l. ár, var það ófrávíkjanlegt skilyrði, að ríkið ætti þetta sjálft og ætti sjálft það búfé, sem inn væri flutt, og annaðist alla þá starfrækslu, sem þetta kostaði. Ekki er því að leyna, að þessu fylgir allmikill kostnaður. Og þó að áhugi sé fyrir því að gera tilraunir með innflutning, hefur ríkisstj. ekki séð sér fært að ráðast í það fjárhagsins vegna, og hefur því ekki komið til þeirra framkvæmda, sem margir mundu óska. Hins vegar hefur verið komið að máli við ríkisstj. frá S.Í.S., sem gjarna vill gera tilraunir með innflutning á holdakynjum og verja til þess allmiklu fé. Sömuleiðis hefur fulltrúi frá Reykjavíkurbæ komið að máli við rn. og talið, að þar mundi vera nokkur áhugi fyrir að gera tilraunir með innflutning á mjólkurkynjum. Í atvmrn. er litið þannig á, að þótt ríkið hafi ekki sem stendur fjárhagslega aðstöðu til að gera þessar tilraunir, sé ekki rétt að skorast gegn því, ef á annað borð er litið þannig á, að þótt ríkið hafi ekki sem stendur fjárhagslega aðstöðu til að gera þessar tilraunir, sé ekki rétt að skorast gegn því, ef á annað borð er litið þannig á, að þessar tilraunir séu eftirsóknarverðar, að aðrir aðilar en ríkið leggi fram fé í þessu skyni, ef þeir óska þess, en með því skilyrði þó, að allrar sömu varúðar um innflutninginn sé gætt og tilskilið er í l. Þessi viðauki heimilar þetta hvort tveggja, — heimilar ríkisstj. að leyfa S.Í.S. og Reykjavíkurbæ, ef þeir óska eftir, að flytja inn annaðhvort sæði eða gripi af þeim kynjum, sem hér um ræðir, og einangra þá í eyjum í námunda við Rvík og reka þá tilraunastarfsemi, sem nauðsynlega er þessu samfara. Hins vegar eru skýr ákvæði um það, að ríkið og sérfræðingar þess hafi nákvæmt eftirlit með þessu starfi og þessir aðilar skuldbindi sig til þess að koma þarna upp sóttvarnarstöð. Eins og nú er búið að ganga frá frv. í Nd., eru tekin upp í það öll þau ströngustu ákvæði um eftirlit og sóttvarnir, sem í gildandi l. eru, og ætti að vera hægt að framfylgja allri varúð í þessum efnum, þó að þessir aðilar hafi málið með höndum.

Vænti ég svo, að hv. d. sjái sér fært að samþ. frv. með þeim breyt., sem á því hafa verið gerðar.

Umr. frestað.

Á 103. fundi í Ed., 11. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hefði viljað, að hæstv. landbrh. væri við, er ég segi

nokkur orð um þetta mál. Á þessu stigi málsins mun ég tala nokkuð almennt um það, þó að það fari í n., sem ég á sæti í.

Hér er um það að ræða að leyfa einstökum aðilum að flytja inn nautgripi eða sæði úr nautum af hreinræktuðum holdakynjum og mjólkurkynjum til þess að kynbæta hinn innlenda nautgripastofn. Fyrst er að athuga, hver nauðsyn er á þessu, og skal ég þá fyrst snúa mér að mjólkurkúnum. Við höfum haft og höfum enn okkar kýr til að framleiða mjólk og fóðrum þær, eins og annað búfé, mest á heyi, sem er eina fóðurframleiðslan, sem enn er almenn. Við höfum ekki ræktað korn, rófur eða annað slíkt til þess að ala okkar búfé á, og það tekur tíma að breyta til í þá átt, þó að svo kunni að verða seinna. Það fer eftir því, hve mikið af því heyi kýrnar fást til að éta, hve mikið af því þær umsetja í mjólk og hve arðsamar þær eru. Eigi að auka mjólkurmagnið meira en nemur næringarefnunum, sem kýrin fær í heyinu, og eigi að nota alla orku kýrinnar og geti hún unnið meiri næringarefni í afurðir en hún fær í heyinu, er fóðurbætisgjöf óumflýjanleg. Nú eru takmörk fyrir því, hvað kýr geta tekið til sín af fóðri. Okkar kýr taka til sín um 2600 fóðureiningar á ári í heyi eða grængresi. Af þessu fara 1100 fóðureiningar til þess að halda lífinu í kúnni, og 1500 fóðureiningar verða því eftir til þess að mynda mjólk, af því geta þær myndað um 3700 l á ári. Margar af okkar kúm mjólka þetta af tómu heyi, og ef fóðurbætir er gefinn með allt upp í 5000 l. Þegar nú ætlunin er að flytja inn erlent kyn til þess að bæta stofninn, þá er gert ráð fyrir því, að það muni umsetja meira fóður í mjólk heldur en okkar kýr. En hvaða fóður? Það er ekki um að ræða meira hey, heldur fóðurbæti. Ayrshirekynið tekur til sín 2600 fóðureiningar í heyi, en þar af fara 1400—1500 fóðureiningar til viðhalds, eða 300—400 fleiri fóðureiningar en okkar kýr þurfa. Það verður sem þessu svarar minna til mjólkurmyndunar, og þarf því að gefa 300—400 fóðureiningar í fóðurbæti, ef þær eiga að geta myndað jafnmikla mjólk. Ef við viljum því flytja inn kýr, verðum við að gera okkur það ljóst, að samhliða því verðum við að flytja inn meiri fóðurbæti, annars er ekkert gagn að því. Ef við teljum hagkvæmt að flytja inn erlent kyn og ala það á erlendu fóðri, þá er allt í lagi, þá eigum við að flytja það inn. En ef við viljum, að kýrnar okkar umsetji það fóður, sem við sjálfir höfum, þá eigum við ekki að hugsa um þetta. Ég álít, að við eigum fyrst og fremst að láta kýrnar umsetja það fóður, sem heyjað er og til fellst í landinu, en nota fóðurbæti aðeins sem viðbótarfóður til að fullnota starfsgetu kúnna. Það er ljóst, að því meiri fóðurbæti sem þær fá, því meira geta þær mjólkað og þó aldrei yfir það, sem eðli þeirra stendur til, og til þessa eigum við fyrst og fremst að nota það fóður, er við framleiðum sjálfir.

Þá er það holdakynið. Um það gegnir allt öðru máli. Við höfum aldrei lagt okkur eftir að framleiða nautakjöt til manneldis. Þegar það er notað, er það afgangur frá mjólkurframleiðslunni, og það er óhætt að fullyrða, að sú framleiðsla er á ákaflega lágu stigi. Ég þekki ekki dæmi til þess, að gömul kýr sé tekin og fituð, áður en henni er slátrað, til þess að gera úr henni góðan mannamat. Ég hygg, að það sé hvergi gert hér á landi. Vitanlega eru víða til holdakyn, sem ætluð eru til kjötframleiðslu, sum mjólka jafnframt og einstaka vel. Ég veit ekki, hvaða holdakyn er ætlunin að flytja inn, en þau þurfa öll meira í viðhald en okkar kyn og hæpið, að heyið eitt dugi. Það var eitt sinn fluttur hingað tarfur, og út af honum eru til nokkrar kýr. Það er ljóst, að þær mjólka illa, er þær blandast saman við íslenzka nautgripi, en það hafa komið undan þeim vænni kálfar og betri til holdasöfnunar en okkar kúm. En ef við viljum söðla um, hætta við kindakjötið og fá nautgripi í staðinn, þá verðum við að gera okkur ljóst, að þeir þurfa allt annað beitiland en sauðfé, og víða er það valllendishaglendi ekki til. Það mundu fara 4500 fóðureiningar til þess að ala upp einn nautgrip, eða um helmingi meira en íslenzkan nautgrip, og töluverður hluti þess yrði að vera gefinn í fóðurbæti. Til þess að fita hann, áður en honum er slátrað, þarf fjórar fóðureiningar fyrir hvert kg, er hann bætir við sig í lifandi vigt, eða fjórar einingar svara til 0.6 kg í kjöti, og öll sú fitun verður að fást með fóðurbætisgjöf eða beit á gott valllendi. Sauðfé okkar er fitað á afréttum og fjöllum, og eigi að taka upp nautgriparækt til holdasöfnunar, verður að flytja inn miklu meiri fóðurbæti en áður. Ég hygg, að ekki muni vera fjarri sanni, að 1000 kg þurfi á hvern grip, sem selja á 1.8—2.5 ára gamlan. Alþ. þarf því að gera sér ljóst, hvort gjaldeyrisástandið sé þannig, að ástæða sé til þess að ýta undir meiri innflutning af fóðurbæti til þess að ná í nýjan nautgripastofn, útrýma mjólkurframleiðslu af grasi einu saman og fá nautakjöt í stað kindakjöts. Eins og ástandið er nú, tel ég það hæpið.

Þetta mál fer til n., sem ég á sæti í, og skal ég því ekki meta hvað á móti öðru, en ég tel vafasamt, að sú stefna sé rétt, er farið er inn á í frv. Ég vil enn fremur benda á það, að ef flutt er inn sæði til þess að fá hreinan stofn, þá er það starfsemi, sem tekur 10—20 ár og kostar mikið. Ég hygg, að það mundi kosta 100—200 þús. á ári, og fer alltaf upp í 1 millj. kr., það er ekki áætlað um of. Það er líka gert ráð fyrir því í frv., að leyft verði að flytja inn nautgripi, og ég veit, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, hafa hug á því að flytja inn nýborna — eins dags — kálfa. Smithættan er þá lítil, og hægt væri að koma upp hreinum stofni miklu fyrr en með sæðisflutningi. Í frv. er talað um leyfi til að flytja inn nautgripi eða sæði, og í gömlu l. er bannað að flytja inn nautgripi nema einangra þá í heimalandinu ákveðinn tíma, áður en þeir eru fluttir út. Það er því útilokað, að hægt sé að flytja inn nýborna kálfa nema breyta lögunum. Ef ætlunin er að fara þá leið, verður því að breyta þessu í l. Þá er gert ráð fyrir því í frv., að þeir, sem fái þetta leyfi, komi upp sóttvarnarstöð, en ekkert er um það, að ríkið hafi aðgang að henni með aðrar skepnur. Nú eru slík vandræði í þessum efnum, að yfirdýralæknirinn verður, þegar

sendiherra kemur með hund, að semja við sendiherrafrúna um að passa hann inni, því að enginn staður er til, þar sem hægt er að koma honum fyrir og einangra tilskilinn tíma, því að ríkið hefur enn enga einangrunarstöð. Þetta getur gengið vel, en eftirlitið með því, hvernig þetta er gert, t. d. hjá þeim starfsmönnum Keflavíkurflugvallar, sem komið hafa með hunda og ketti, er vægast sagt lítið, enda ómögulegt að koma því við nú. Ríkið hefur ekkert getað gert. Ef setja á sóttvarnarstöð, þá er sjálfsagður hlutur, að ríkið hafi aðgang að slíkri stöð og fyrir aðrar skepnur en þær, sem sá flytur inn, sem stöðina á. Verður að skapa þann möguleika.

Ég geri ráð fyrir, að þeir menn, sem vilja halda áfram að ýta undir innflutning erlendra búfjárkynja, hafi rétt fyrir sér, framleiðslan getur aukizt við það. Ég geri þó ráð fyrir, að framleiðsla okkar verði þannig, að það teljist hagur að því að flytja til landsins 10 þús. tonn af einhverjum fóðurbæti til mjólkurframleiðslu, svo að fullnota megi okkar kýr, en hæpið, að við viljum flytja meira inn í erlend kyn til þess að framleiða sömu mjólk, en hafa í þess stað fallþyngri kýr til frálags. Þetta yrði réttlætanlegt, þegar ástandið er orðið þannig, að á heimilum er til svo næringarefnaríkur fóðurbætir, að það borgi sig betur að gefa kúnum hann, og við gætum því notfært okkur meiri afköst skepnanna, og erlend kúakyn geta verið afkastameiri en okkar, ef fóðrið er nóg. Ef við höfum hann ásamt kornrækt, sem eigi er til manneldis, og getum gefið ¼ af gjöfinni af því, þá er allt í lagi. En meðan heyið er eitt sér, þá er mjög tvísýnt að leggja út á þessa braut.

Inn á sjúkdómshættuna og sóttvarnir skal ég lítið koma, og er vandalaust að fást við það efni. Svo er að vísu, að kálfalát getur flutzt með sæðinu. Og sé ekki sóttvarnarkví fyrir hendi, þá er kálfalát einn hinn hættulegasti og versti sjúkdómur, sem til er í nautgripum nokkurs staðar. Möguleiki er á því, að sjúkdómar í búfé geti flutzt með mönnum, og er sú hætta nærri eins mikil og ef sæði eða nýbornir kálfar eru fluttir inn. Hér er því eigi svo mikil hætta, að ástæða sé til að gera mikið úr henni, því að hægt er að girða fyrir hana, ef nokkur hugsun er á höfð. En hitt verða menn að gera sér ljóst varðandi innflutning þessara gripa hingað til lands, að í fyrsta lagi er hér um dýrt fyrirtæki að ræða, er kosta mun 1—2 millj. kr., áður en hreinn stofn fæst, ef halda á kynblöndun fram með sæðisflutningi, en um helmingi minna, ef flytja á inn nýborna kálfa. Í öðru lagi borgar sig ekki og er trauðla rétt, eins og nú hagar til, að flytja inn mjólkurkyn, nema þá helzt Jerseykyn, sem hefur sérstaklega feita mjólk og þarf lítið meira viðhald en okkar kýr og gæti því átt rétt á sér þar, sem um smjörframleiðslu er að ræða.

Og ég til réttara að nota sauðféð til að breyta graslendi haganna í kjöt en fá erlend nautgripaholdakyn til að breyta erlendum aðkeyptum fóðurbæti í kjöt. Það eru þó landsnytjar okkar, sem við þurfum að umsetja, þó að hitt geti stundum verið réttlætanlegt, að láta gripina til viðbótar umsetja fóðurbæti, sem aðkeyptur er.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hv. 1. þm. N-M. fyrir hinn fróðlega fyrirlestur hans. Þótt mér sé ekki allt ljóst, þá verður ekki deilt um, að hann hafi sýnt, að frv. þetta er flutt af vanþekkingu og gersamlega að ástæðulausu. Og nú vil ég spyrja hæstv. landbrh., þar sem við vitum, að hv. 1. þm. N-M. hefur allra manna bezt vit á þessu og er þar ráðunautur fyrir bæði bændur og Alþ.: Hvaða afglapar hafa tælt hann til að flytja inn í þessa vitleysu? Og þarf að láta fara fram rannsókn á því, hvaða menn hafi samið þennan óskapnað. Ég vil líka spyrja hv. 1. þm. N-M., því að hann sagði, að auðvelt væri að koma við sóttvörnum, hvað í því felist, að karakúlpestin kom upp. Var það vegna þess, að nægrar varúðar var eigi gætt? Hefði ella verið unnt að fyrirbyggja sjúkdóminn? Hverjir áttu hér sök á?

Aðalatriðið er þó, að upplýst verður að fá, hvers vegna hæstv. ráðh. hefur látið flytja þetta frv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það hafa verið bornar upp við mig nokkrar samvizkuspurningar, sem ég vil nú reyna að svara. Skal ég þó geta þess fyrst, að hér er eigi um nýmæli að ræða. Það er misskilningur hjá hv. 1. þm. N-M., því að l. þessa efnis voru samþ. á síðasta þ., og þá var málið útdispúterað. *(GJ:* Og þá lagði hv. þm. til, að þau yrðu samþ.) Málið var afgr. frá búnaðarþingi með beiðni til stj. að fá þessi l., vegna þess að meiri hl. fulltrúanna væri með því. Í dag getur stj. því flutt inn þessa gripi. Hér er aðeins farið fram á það, að öðrum aðilum, sem hafa áhuga á og getu til, sé heimilt að flytja inn nautgripi eða sæði úr nautum til kynbóta undir sama eftirliti og ríkisfyrirtæki eru. Er farið fram á að létta fjárhagsbyrðum af ríkinu og ekkert annað. Hitt málið er útrætt, að heimilt sé að gera þessar tilraunir. Eina nýmælið í frv. er það, að heimilað sé öðrum aðilum en ríkinu að kosta þetta, en ekkert er dregið úr áskildu eftirliti. Þennan misskilning vil ég leiðrétta.

Hv. 1. þm. N-M. hélt mjög fræðilegan fyrirlestur, og hef ég ekki þá þekkingu til að bera, að þar sé ég dómbær. Hitt er mér kunnugt um, að margir álíta, að hér séu einmitt mjög góð skilyrði fyrir hinn erlenda holdastofn, sem er harðgerður og hefur gengið úti í Ameríku í hörðum vetrum flest ár, þótt hann þurfi stundum hey, og er hann alinn upp eingöngu sem holdafé og álitinn geta þrifizt ágætlega í íslenzkum beitilöndum. Nú hefur mönnum ekki komið til hugað að leggja niður sauðfjárræktina, heldur að hross geti orðið kjötframleiðslustofn og hægt verði að nota meginhluta þeirra til slátrunar, þar eð framleiðsla hesta virðist vera orðin úrelt þar, sem hætt er að nota þá til dráttar, reiðar og áburðar. Nú hefur mönnum dottið í hug að láta útigöngunaut koma í staðinn, sem hafa betri eiginleika sem kjötdýr. Fjöldi manna hefur trú á þessu, og tilgangurinn með þessum tilraunum er að vita, hvort

eigi sé unnt að fá erlent holdakyn til að taka við gresju íslenzka hagans. Hins vegar er ekki tilgangurinn að útrýma sauðfjárrækt.

Um einstök atriði hjá hv. 1. þm. N-M. vil ég fara nokkrum orðum. Hann ræddi um, að gert væri ráð fyrir að flytja eingöngu inn sæði. En bent hefur verið á af hinum fróðasta manni í búfjársjúkdómum, Páli Pálssyni dýralækni, að öruggara væri að flytja inn nýborna kálfa. Því var horfið frá því að binda eingöngu við sæðisflutninga. Má vel vera rétt, að vissara væri að geta þess í l., að séu kálfar fluttir inn, þá væru til undanþágur frá 6 vikna sóttkvínni. Þótt ég sjái nú ekki ástæðu til þessa, má það vel vera sanngjarnt. Hv. þm. minntist á sóttvarnarstöð, að nauðsynlegt væri, ef þetta yrði samþ., að taka skýrt fram, að ríkið hefði aðgang að henni fyrir sig. Ég held, að þetta sé nú óruggt, því að svo segir í 2. gr. frv., 2. mgr.: „Á meðan ríkið hefur ekki reist sérstaka sóttvarnarstöð, skal sóttvarnarstöð sú, er hér greinir, taka að sér hlutverk hennar samkvæmt samningi við ríkisstjórnina." Þar er lögð skylda á, að aðili taki að sér þetta hlutverk, um leið og það er gert að skyldu að koma stöðinni upp. Hægurinn er hjá fyrir ríkisstj. að taka upp og starfrækja sóttvarnarstöð, en með þessu atriði gæti málið verið leyst án þess, að ríkið þyrfti miklu til að kosta. Ég get, þótt ég hafi eigi mikla þekkingu til að bera, verið sammála hv. 1. þm. N-M., að meiri ástæða sé til að gera tilraunir með holdakyn en mjólkurkýr, en margir trúa því, að Jerseykúm verði hentugast að koma hér upp.

Ég hef þá rætt um, hvernig þetta er í pottinn búið. Málið er undirbúið af búnaðarþingi. Þessi stefna er orðin lögfest. En afbrigðið, sem hér um ræðir, er að veita heimild til að létta kostnaðinum af ríkinu. Ég geri ráð fyrir, að Búnaðarfélagið sé á móti ráðunautnum í þessu efni og hann hafi því orðið undir.

Forseti (ÞÞ): Ég vil vekja athygli hv. þdm. á því, að þetta er 1. umr. málsins, og vona ég, að hún standi eigi öllu lengur. En hv. 1. þm. N-M. hefur beðið um orðið, og tekur hann nú til máls og verður væntanlega stuttorður, eins og hans er vandi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil fyrst benda hæstv. ráðh. á það, að l. um innflutning búfjár þurfa alls ekki að hafa verið sett í þeim tilgangi, er hann gat. Áður voru til tvenn l., og fleiri þó. En þar vantaði öll ákvæði um sóttvarnir. Þess vegna þurfti að sameina ákvæðin. En það, að búnaðarþing mælti með þessu, var eigi í því skyni að greiða fyrir innflutningi búfjár, heldur til að tryggja, að eigi sé farið eftir neinni vitleysislöggjöf, og dýrin skyldi hafa í sóttkví og skyldu vera 6 vikur í hverri einangrun. Þess vegna voru l. sett, og sýna þau því engan vilja búnaðarþings, heldur sýna, að Búnaðarfélagið vildi gæta þess, að heilbrigt, sjálfsagt eftirlit væri í lagi, en því hefur ráðuneytið nú ekki komið í lag enn, eins og ég drap á í fyrri ræðu minni. Og þar með tel ég hæstv. dómsmrh. svarað með allt sitt karakúltal, en hefði Alþingi borið gæfu til að fara að ráðum okkar Metúsalems Stefánssonar og lofað að standa í lögunum, að hafa skyldi innflutt sauðfé í sóttkví í eyjum árlangt, þá væri nú ekki að tala um neinar karakúlpestir.

Aldrei hefur neitt verið gert varðandi framgang l. um innflutning búfjár, hvorki af núverandi hæstv. ríkisstj. né öðrum, og ekkert fé hefur verið veitt til að koma upp sóttvarnarstöð. *(Dómsmrh.:* Er þá nokkurt vit að fara að flytja það inn?) Nei. Hefðu l. verið sett, eins og þau upprunalega voru, með tveggja ára einangrun í eyju, þá hefði málið horft allt öðruvísi við.

Ég vil vera stuttorður, en vil benda hæstv. atvmrh. á, að það er alger misskilningur, að búnaðarþing vilji flytja inn fé. Hitt er svo annað mál, að þessi innflutningur getur verið ákaflega hagkvæmur fyrir bændur, ef nógur fóðurbætir fæst. Er það gefinn hlutur, t. d. hér í Reykjavík, á Korpúlfsstöðum, að fá af völdu kyni hollenzku 5000 l af mjólk með fóðurbætisgjöf, sem kostar innan við 1 kr. kg erlendis frá, og kýrin gefur 2—3 l. mjólkur fyrir hvert kg. fóðurbætisins. Getur hér orðið ákaflega mikill gróði. *(HV:* Er bara ekki betra, að Reykjavíkurbær setji á stofn bú í Danmörku?) Jú, það gæti verið mjög hagkvæmt. En hvort það yrði hagkvæmt fyrir þá, sem selja mjólk framleidda á töðu með núverandi kaupgjaldi, er annað mál. Enn getur það verið mjög hagkvæmt að kaupa aðeins fóðurbæti — fyrir einstaka menn, en við vitum, að þjóðhagslega séð er eigi hagur að því.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það er að nokkru leyti rétt hjá hv. 1. þm. N-M., að búnaðarþing hafi eigi verið með innflutningi búfjár. Engin ákvörðun var þó tekin í því efni af því. Til voru eldri l., en um það var rætt að banna allan innflutning búfjár eða leyfa hann, ef nægilega tryggt væri búið um sóttvarnir. Og sú varð niðurstaðan hjá búnaðarþingi að heimila hann framvegis með þeim varúðarráðstöfunum, sem í frv. greinir. Þau urðu úrslitin þar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Ed., 16. maí, utan dagskrár, mælti

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég sé, að hér er búið að útbýta nál. á þskj. 782 frá meiri hl. landbn. Mér vitanlega hefur aldrei verið haldinn fundur í n. um málið og ég því ekki haft aðstöðu til að gefa út mitt minni hl. nál. Ég verð að segja, að þessu kann ég mjög illa.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það hefur yfirleitt verið svo í landbn. þessarar deildar, að gott samkomulag hefur verið þar í alla staði. Yfirleitt hefur verið mjög gott samkomulag milli formanns og ritara. Nú hafa allir þeir fjórir nm., sem hér eru greindir, ritað undir þetta nál. með eigin hendi, og héldum við, þar sem við vissum, að hv. 1. þm. N-M. var okkur

ekki sammála, að hann mundi skila sérstöku áliti. Ætti þetta því ekki að verða til mikils skaða, þótt ekki sé boðaður sérstakur fundur í nefndinni.

Forseti (BSt): Frekari umr. á þessu stigi eru ekki leyfðar utan dagskrár.

Á 112. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 677, n. 782 og 799).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Fjárhagsráð (frv. EmJ).

Á 96. fundi í Nd., 2. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um fjárhagsráð [202. mál] (þmfrv., A. 608).

Á 97. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem ég flyt hér á þskj. 608, fjallar um nokkrar breytingar á l. um fjárhagsráð. Ég hef tekið það ráð að prenta upp öll lögin, þótt breytingar séu aðeins gerðar við nokkrar greinar. Einnig hef ég breytt niðurröðun efnis og formi nokkuð.

Það eru nú aðeins liðnar nokkrar mínútur síðan hv. deild var að vísa frv. um sama efni til 3. umr. Strax og það frv. kom fram, bar ég fram þá ósk, að það frv. yrði látið bíða nokkuð, því að verið væri að semja frv. um sama efni, er ég mundi flytja. En það dróst þó svo úr hömlu fram, að hv. fjhn. sá sér ekki fært að bíða lengur. Þar sem þessi frv. bæði eru um sama efni, þ. e. a. s. breyt. á l. um fjárhagsráð, vil ég biðja hv. fjhn., sem væntanlega fær þetta frv. einnig til athugunar og umsagnar, að íhuga vel, hvort ekki sé hægt að gera úr þessum báðum frv. aðeins eitt.

Dómarnir um fjárhagsráðslögin hafa, eins og vænta mátti, orðið ærið misjafnir. Maður nokkur lét þau orð falla við mig fyrir nokkru, að aldrei hefðu innflutnings- og gjaldeyrismálin verið í slíku ófremdarástandi sem nú, síðan fyrst voru upp teknar hér innflutnings- og gjaldeyrisráðstafanir 1931. Aðrir hafa aftur á móti bent á, að á árinu 1948, fyrsta heila árinu síðan þessi lög komu til framkvæmda, hafi í fyrsta sinn um alllangan tíma tekizt að koma á nokkurn veginn jöfnuði í gjaldeyrisviðskiptunum við útlönd og enn fremur að sú tilraun, sem gerð hefur verið til þess að koma á eftirliti með fjárfestingu í landinu, hafi verið nauðsynleg og þörf og gefið góða raun. Þannig má líta á þetta frá ýmsum sjónarmiðum og finna bæði kosti og galla. Öllum frv. má auðvitað finna eitthvað til foráttu, vissulega þessu líka, þannig er það og hefur alltaf verið með mál, sem lögð hafa verið fyrir hv. Alþingi.

Það eru aðallega tvö atriði, sem fundin hafa verið fjárhagsráðslögunum til foráttu: Í fyrsta lagi, að skipting innflutningsins milli innflytjenda hafi ekki verið framkvæmd eftir föstum reglum og verið handahófskennd og óákveðin. Um þetta atriði hafa þó auðvitað og eðlilega verið skiptar skoðanir. Í fjárhagsráðslögin var sett sú grundvallarregla, er farið skyldi eftir, að þeir, sem flyttu inn ódýrast og bezt, sætu, að öðru jöfnu, fyrir innflutningi. Þetta hefur þó ekki verið praktiserað nema að litlu leyti, en þegar það hefur verið gert, hefur það gefið mjög góða raun. Það hefur þó af einhverjum ástæðum ekki verið hægt að framkvæma þetta eins og þurft hefði. Þegar þessari reglu hefur verið fylgt, hafa vöruinnkaupin verið boðin út, ef svo má að orði kveða, og hefur þá komið í ljós talsverður mismunur, bæði á innkaupsverði og útsölu. Hefur þá einnig af þessu hlotizt gjaldeyrishagnaður og sparnaður. Þó hefur ekki verið hægt að framkvæma þetta á viðunandi hátt og ekki eins og áætlað var í fyrstu. Það má einnig segja, að mismunur á vörugæðunum hafi verið svo „afsleppur", að ekki hefur þótt taka því að fara lengra út á þessa braut. Í öðru lagi hefur hin svokallaða kvótaregla, sem tíðkazt hefur, sætt gagnrýni. Samkv. henni hefur innflutningi verið skipt eftir meðaltalsinnflutningi aðilanna á undanförnum árum. Þessari aðferð hefur aðallega verið fundið það til foráttu, að samkv. henni hefðu nokkrir menn nokkurs konar einokunaraðstöðu með allan innflutning og nýir menn væru útilokaðir frá því að hefja þessa starfsemi. Þetta má til sanns vegar færa og á þessari reglu eru svo augljósir gallar, að um það þarf ekki að ræða. Eftir henni hefur þó verið farið að mestu undanfarin ár. Þá hefur einnig verið stungið upp á, í sambandi við innflutninginn, hinni svokölluðu höfðatölureglu. Samkv. henni ætti fyrst og fremst að fara eftir áætluðum viðskiptamannafjölda og innflutningnum skipt milli aðila í hlutfalli við hann. Þessi regla hefur þann höfuðgalla, að ekki er hægt að segja ákveðið um viðskiptamannafjölda einnar verzlunar, og hafa kaupfélögin þar bezta aðstöðu. Svo hefur verið stungið upp á, eins og gert er í frv. því, sem var verið að vísa til 3. umr. áðan, að gera skömmtunarseðlana í þeim vöruflokkum, sem skammtaðir eru, að innflutningsheimild og veita innflytjendum innflutningsleyfi eftir því, hve mörgum miðum þeir geta safnað. Þessi aðferð hefur þó alls ekki gefið góða raun, þar sem hún hefur verið notuð. Menn hafa haft alls konar svindilbrögð í frammi og miður heiðarleg viðskipti með seðlana. Má og gera ráð fyrir, að með þessari aðferð væri að miklu leyti tekið af mönnum það vald að ráða, hvar þeir verzluðu, því að þeir væru búnir að afhenda ákveðinni verzlun seðla sína og yrðu því að verzla þar, þótt þeir gætu komizt að hagstæðari kjörum annars staðar. Í þessu finnst mér vera fólginn aðalgalli frv., sem samþ. var áðan.

Hér er gert ráð fyrir, að 75% af innflutningsmagninu sé úthlutað til þeirra, sem undanfarið

hafa haft með innflutning að gera, og í sama hlutfalli og gert hefur verið, en 25% af magninu sé notað til að greiða götu nýrra innflytjenda, leiðrétta misrétti og veita þeim aukainnflutningsleyfi, sem mesta hafa sölu og ætla má að almenningur vilji helzt skipta við. Þá er og gert ráð fyrir, að flutt sé meira inn af þeim vörum, sem skammtaðar eru, en skömmtunarseðlar segja til, svo að hægt sé að vinna upp dálítið af birgðum. Þannig gæti fólki gefizt kostur á að velja, hvar það helzt vildi verzla. Einnig væri þá komið í veg fyrir, að menn keyptu hina skömmtuðu vöru upp strax og hún kæmi í verzlanir, á hvaða verði sem er og hvernig sem er. Það kunna vissulega að vera einhverjir annmarkar á þessari leið líka, og koma þeir þá væntanlega í ljós síðar í umr., og að sjálfsögðu ber að hlusta á allar brtt., sem fram kunna að koma. En að svo komnu máli tel ég þetta vera beztu lausnina, sem fram hefur komið, því að hér er reynt að sníða augljósustu agnúana af fyrri till. í málinu.

Annað atriði er og, sem leiðréttingar þarf við, en það er yfirstjórn þessara mála. Fjárhagsráð heyrir nú undir alla ríkisstj., en ekki undir eitt sérstakt ráðuneyti, eins og þó er venja um flestar ríkisstofnanir. Þetta hefur orðið til þess, að sambandið milli fjárhagsráðs og hinna ýmsu deilda þess annars vegar og ríkisstj. hins vegar hefur ekki orðið eins náið og æskilegt hefði verið. Þetta fyrirkomulag hefur og reynzt heldur þungt í vöfum, þegar fjárhagsráð hefur þurft undir ríkisstj. að sækja, t. d. með áfrýjun eða úrskurði. Í slíkum tilfellum hefur orðið að kalla saman ríkisstjórnarfund, allir ráðherrarnir að setja sig inn í málin, og hefur það oftast tekið marga fundi að fá afgr. mál, þótt aðkallandi væru. Ég legg því til í frv. mínu, að yfirstjórn þessara mála verði falin einu ráðuneyti — viðskmrn., þó er það ekkert aðalatriði fyrir mig, að yfirstjórn fjárhagsráðs verði lögð undir mitt ráðuneyti, en mjög eðlilegt virðist vera, að stofnun, sem hefur umsjón með viðskiptamálum, heyri undir viðskmrn.

Þá er og gert ráð fyrir því í frv., að meðlimir fjárhagsráðs séu jafnframt formenn hinna einstöku deilda, en þær eru:

1. Fjárfestingardeild.
2. Innflutnings- og gjaldeyrisdeild.
3. Skömmtunardeild.
4. Verðlagsdeild.
5. Gjaldeyriseftirlits- og hagfræðideild.

Með því að fjárhagsráðsmenn séu jafnframt forstjórar hinna ýmsu deilda er hægt að koma í veg fyrir, að ákvarðanir einnar deildar rekist á ákvarðanir annarrar, eins og komið hefur fyrir, endarnir væru betur saman tengdir og starf ráðsins í mun fastari skorðum og öruggara en verið hefur. Einnig yrði samband fjárhagsráðs og ríkisstj. miklum mun fastara og traustara en verið hefur.

Ég hef haft þetta frv. alllengi til athugunar, en ekki getað fengið um það samkomulag innan ríkisstj. Ég vil þó freista að bera þetta fram sem þingmannsfrv., því að ég hygg, að þetta sé sú bezta lausn, sem við getum fengið á þessum málum, þó að auðvitað megi finna þessu frv. eitthvað til foráttu. Ég veit, að komið er nú fram á síðasta hluta þingsins og verður því að líkindum slitið stuttu eftir að fjárlög hafa verið afgreidd, en með góðum vilja fjhn. vona ég, að það sé hægt að afgreiða málið fljótt, svo að lögin gætu komizt til framkvæmda strax á þessu sumri. Þá væri og æskilegt, að hv. n. tæki þetta frv. til athugunar jafnframt því fyrra.

Ég vil svo leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Eyðing á rottu.

Á 70. fundi í Sþ., 4. maí, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um eyðing á rottu [205. mál] (þmfrv., A. 623).

Á 101. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Jónasson): Frv. þetta er flutt eftir beiðni hæstv. menntmrh., og hefur n. fallizt á að mæla með, að það verði samþ. Lög nr. 27 12. febr. 1945, um eyðing á rottum, hafa ekki gefizt vel, og því er þetta frv. fram komið. Er hér um að ræða allmiklar breyt. frá hinum eldri lögum, sérstaklega í sambandi við undirbúning rottueyðingarinnar, sem er miklu fullkomnari hér en í hinum eldri lögum og liggur í því annars vegar að hindra, að rottan komist í sorp og annað æti, og hins vegar, að samliggjandi byggðarlög samræmi rottueyðingaraðgerðir sínar, sem að mjög óverulegu leyti hefur átt sér stað fram að þessu. — Um kostnaðinn er það að segja, að samkv. núgildandi l. borgar ríkið ⅓ kostnaðar á móti bæjar- og sveitarfélögum, en samkv. þessu frv. má það nema allt að ⅔ kostnaðar, og er það lítill munur frá því, sem áður var.

Vona ég, að frv. verði samþ. og að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 102. og 104. fundi í Nd., 6. og 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

40. Húsnæði o. fl.

Á 101. fundi í Nd., 5. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um húsnæði o. fl. [206. mál] (þmfrv., A. 635).

Á 102. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forseti (BG): Mér er sagt, að hv. flm. sé ekki við, svo að umr. er frestað.

Á 103. fundi í Nd., 7. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Frv. þetta er, eins og fram kemur í grg., samið af Leigjendafélagi Reykjavíkur og var á sínum tíma sent til allshn. með beiðni um, að hún flytti þetta frv., en það hefur ekki orðið samkomulag um það. Hins vegar taldi ég rétt, að þetta frv. yrði lagt fyrir þingið, til þess að þm. gæfist kostur á að kynna sér það og enn fremur vegna þess, að í frv. eru margar og miklar till. til úrbóta í þessu máli.

Höfuðatriði frv. er það í fyrsta lagi, að gert er ráð fyrir, að fram fari skrásetning á íbúðum, svo að fáist heildarmynd um ástand leiguíbúða í hverju héraði fyrir sig, og þetta sé gert í því skyni að hafa fullt kontrol með, að ekki sé tekin ólögleg húsaleiga og að ekki séu leigðar út íbúðir, sem taldar eru gersamlega óhæfar og heiluspillandi, og að það opinbera geti blandað sér í og komið í veg fyrir slíkt, ef ástæða þykir til, svo að bætt verði úr verstu ágöllunum, svo að ekki sé bráð hætta að því. Þessi flokkun hefur líka aðra þýðingu, því að hún er undirstaða þeirra ráðstafana, sem gera á samkv. II. kafla, sem er um takmörkun á húsnæði með stóríbúðaskatti, en þar segir, að fjölskylduíbúð megi vera — til þess að lenda ekki í skatti — 50 fermetrar að gólffleti að viðbættum 16 fermetrum á hvern meðlim fjölskyldu, sem er umfram tvo og kominn er yfir 7 ára aldur. Þarna er dregið frá gangar og þess háttar, svo að þetta er mjög sæmileg íbúð og stærri en almennt gerðist fyrir stríð, en af hverjum fermetra, sem er umfram þetta, sem segir í gr., á að borga 300 krónur á ári, og á þessi skattur ekki fyrst og fremst að verða til þess að afla tekna, heldur til þess, að menn sjái sér ekki fært að búa í óhóflega stórum íbúðum og láti þá hluta af íbúð sinni öðru fólki í té. Hér eru víða fjölskyldur, sem búa í geysistórum íbúðum, sem reistar voru í stríðinu, en skrásetning og flokkun íbúða samkv. I. kafla verður nokkurs konar grundvöllur þessa stóríbúðaskatts. Nú er gert ráð fyrir, að það fólk, sem vill berast ákaflega mikið á, megi gjarna hafa stórar íbúðir, en þar sem það er mjög óheppilegt þjóðfélagslega séð, þá á að leggja á þennan skatt, en hann skal renna í viðkomandi bæjar- eða hreppssjóð og verður hluti af framlagi þessara aðila til útrýmingar heilsuspillandi íbúða samkv. l., sem sett voru í tíð fyrrverandi ríkisstj., en eins og kunnugt er, hefur sá kafli l., sem fjallar um þetta, raunverulega verið felldur úr gildi, með því að núv. ríkisstj. ákvað að leggja ekki annað fé fram í þessu skyni en það, sem hverju sinni yrði veitt á fjárl. Þetta er ósköp sakleysislegt, en nú er svo komið, að ekkert fé er veitt í þessu skyni, en í þessu frv. er gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarfélög leggi fram fé til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, og er þá auðvitað miðað við, að ríkissjóður leggi sinn skerf fram líka.

III. kafli er um leigu, og eru höfuðákvæði hans þau að ákveða fasta leigu, og er miðað við brunabótaverð, þannig að í 1. flokki skal leigan vera 6% af brunabótaverði, en það mun vera heldur lægra en húsaleiga er metin nú. Í 2. flokki á leigan að vera 5%, en í 3. flokki, sem eru gallaðar íbúðir, skal leigan vera 3%. Þetta gerir einfaldari alla framkvæmd á eftirliti með húsaleigu, þannig að síður er hætta á okri. — Síðan eru nokkur ákvæði um húsaleigunefnd og verksvið hennar, sem miða að því að greiða deilur húseigenda og leigjenda á einfaldari og hraðvirkari hátt en nú á sér stað. — Ég hef þá getið höfuðatriða frv. og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 104. fundi í Nd., 9. maí, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Símaframkvæmdir.

Á 73. fundi í Sþ., 14. maí, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um lántökuheimild vegna símaframkvæmda [210. mál] (þmfrv., A. 756).

Á 110. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 112. fundi í Nd., 17. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Þetta frv. er stutt og einfalt í formi. Hér er farið fram á, að hæstv. ríkisstj. sé veitt heimild til 2 millj. kr. lántöku til þess að flýta fyrir símalagningu í sveitum. Ég þarf ekki að tala langt mál þessu viðvíkjandi, því að öllum hv. þm. er það svo kunnugt, hversu áríðandi það er fyrir sveitir landsins, að sveitasímar komi á sem flest býli og það sem fyrst. Öllum er það

og vitanlegt, að fjárveitingin, sem ákveðin er á fjárl. til þessara framkvæmda, hrekkur skammt. Á fjárl. yfirstandandi árs eru áætlaðar 800 þús. kr. til þessa, og er augljóst, að það hrekkur skammt, þegar skipta á því fé á 20—30 héruð. Það er nú upplýst, að þótt þörfin sé alls staðar mikil, þá er hún mjög misjöfn, þannig að sums staðar hafa aðeins 20% bæja fengið síma, en annars staðar er þessi hlutfallstala nokkru hærri. Það er og vitað, að eitt af því allra nauðsynlegasta til þess að byggð haldist í sveitum, er, að bændur fái síma. Það er nú liðinn sá tími, að bóndinn geti lagt á gæðing sinn og þeyst á honum milli bæja. Það er nú liðinn sá tími fyrir einyrkjann, og hætt er við, að margir bæir leggist í auðn, ef ekki kemur sími. Það, sem við förum fram á, er, að leitað sé fyrir hjá sveitarfélögunum, hvar þörfin sé mest, og síðan tekið lán til framkvæmda. Ég gæti hugsað mér svona 10 ára lán, og býst ég þá við, að tekjur af símanum gætu staðið undir því að borga vexti og afborganir. Að sjálfsögðu er svo gert ráð fyrir, að Alþingi veiti árlega á fjárlögum nokkra upphæð til þessara framkvæmda, og gangi þá það fé til þeirra sveitarfélaga, sem ekki telja sig geta lagt út fé. Það er síður en svo ætlunin, að þeir einir, sem hafa fjármagn, eigi með þessu að fá síma, heldur miklu fleiri. Það fé, sem fæst með lántökunni, er ætlað til að leggja síma um þær sveitir, er út geta lagt fé, og til að kaupa efni, en það fé, sem veitt er á fjárlögum, fari til þeirra, sem geta ekki sjálfir lagt út fé, en samt þurfa á síma að halda.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri og vænti þess, að málinu verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Mér finnst þetta mál vera allra góðra gjalda vert, og auðvitað er nauðsynlegt að fá notendasíma í sem allra flestar sveitir landsins. Þó hefði mér fundizt viðkunnanlegra, að póst- og símamálarh. hefði verið viðstaddur þessar umr. Mér finnst, að ekki sé hægt að ganga frá þessum málum fyrr en vitað er, hvaða framkvæmdir eru mest aðkallandi í símamálum yfirleitt. Og hæpið er, að Alþingi geti tekið ákvörðun um þetta fyrr en þeir, sem gerst vita í þessum málum, hafa látið sína skoðun í ljós. Ríkisstj. og fjárhagsráð hafa þegar ákveðið, hve mikið magn af símaefni skuli flytja til landsins á þessu ári, og sennilegt er, að einnig sé búið að ákveða, hvar það efni skuli notað, og ósennilegt er, að því sé hægt að hreyfa. Nú vil ég undirstrika með hv. flm., að nauðsynlegt er að fá síma á hvern bæ á landinu, og vil ég hjálpa til þess, en því er ekki að leyna, að langlínur símans og möguleikar til að halda uppi samtölum landshluta á milli eru í slíku óstandi, að sennilegt er, að síminn þurfi ekki einungis að nota allar sínar tekjur, heldur einnig að taka lán, ef möguleikar eru fyrir hendi, og nota alla gjaldeyrismöguleika til hins ýtrasta til þess að koma þessum málum í lag. Ég get látið þess getið, til þess að sýna, hve langlínur símans eru í slæmu ástandi, að sambandslaust er til Vestfjarða og fleiri landshluta nærri heila veturna. Þannig er það einnig milli einstakra héraða. Ég hygg því, að þótt símum væri komið upp á ýmsum bæjum, þar og víðar, þá kæmu þeir alls ekki að notum fyrr en langlínurnar væru komnar í lag. Ég held því, að það þurfi að nota allar tekjur, lánstraust og gjaldeyrisöflunarmöguleika símans til þess að koma þessu í lag, áður en farið er út í að fjölga mjög sveitasímum, eins og hv. flm. ætlast til. Ég vildi aðeins vekja á þessu athygli, en mun greiða frv. atkv. til 2. umr. Ég vil þó hafa þann fyrirvara, að áður en málið er afgr., liggi fyrir um það umsögn þeirra manna, sem mest hafa vit á þessum málum.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hv. þm. Ísaf. sagðist vera andvígur þessu frv. Mér skilst þó, að hann sé ekki á móti málinu, heldur blandi því saman við annað skylt mál, þó ekki svo skylt, að blanda eigi því hér inn í. Hv. þm. sagði, að sveitasímar kæmu ekki að gagni, ef langlínur símans væru í ólagi. Ég vil taka undir það með hv. þm., að þær eru í megnasta ólagi, en það er bara annað mál, sem ekki má blanda saman við sveitasímana. Þá tók hv. þm. Ísaf. einnig fram, að áður en þessi 1. yrðu samþ., þyrfti fyrst að vita, hvar þörfin fyrir síma væri mest. Ég hygg, að þetta sé alveg ástæðulaust, þar sem þetta eru aðeins heimildarlög, og býst ég við, að hæstv. ríkisstj. leiti álits sérfræðinga, t. d. póst- og símamálastjóra, áður en framkvæmdir eru hafnar. Þó er ekki þar með sagt, að álit hans eigi alveg að ráða í þessum málum. T. d. ef eitt sveitarfélag býður fram fé til framkvæmda, en annað hefur ekki fjármagn, en þó mun brýnni þörf fyrir símann, þá álít ég, að nota eigi heimildina til þess að veita því sveitarfélagi símann. Þá kom hv. þm. inn á, að nú mundi vera búið að ákveða, hve mikið símaefni yrði flutt inn á þessu ári. Þetta mun vera alveg rétt, en eru þó engin rök gegn þessu máli, því að ég geri ekki ráð fyrir, að hægt yrði að nota heimildina á þessu sumri, þótt hún nú yrði samþ. Til þessara framkvæmda þarf svo mikinn undirbúning. En ef heimildin yrði samþykkt nú, þá gæti það kannske orðið til þess, að hægt yrði á næsta sumri að hefja framkvæmdir. Ég held því, að það sé nauðsynlegt fyrir hv. þm. að samþykkja þetta nú.

Þá hygg ég, að ég sé búinn að svara öllum þeim mótbárum, sem hv. þm. kom með. Mér skilst nú samt, að í rauninni séum við sammála um höfuðatriði málsins. Það eina, sem á milli mála fer, er, að hann hyggur, að nauðsynlegt sé, áður en í þessar framkvæmdir er ráðizt, að lagfæra langlínur símans betur en gert hefur verið, en það tel ég vera annað mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

42. Vegalagabreyting (frv. PZ).

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [32. mál] (þmfrv., A. 34).

Á 7. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum um þetta frv. Það er gamalkunnugt hér í d. — Breyt. þær, sem hér er farið fram á, eru í fyrsta lagi það, að lagt er til, að akvegurinn, sem nú endar við Hábæ í Þykkvabæ, sé framlengdur að Unhól í Þykkvabæ. Það vita allir, sem til þekkja, að þarna er um marga bæi að ræða, sem daglega þurfa að senda frá sér mjólk, og er lagt til, að vegurinn verði lengdur um 3—4 km. Eins og nú hagar til, verða bændur frá 12—14 bæjum daglega að fara með mjólkina að Hábæ.

B-liður er nánast leiðrétting. Það er talað um Reykholtsdalsveg í l., en sá vegur er hvergi nefndur nema á þessum eina stað og enginn vegur til, sem sérstaklega heitir því nafni, heldur mun þar vera átt við part af Borgarfjarðarbraut. Virðist þess vegna vera rétt að kalla veginn sínu rétta heiti, og legg ég því til, að þessu sé breytt.

C-liður er um, að Hvítársíðuvegurinn verði framlengdur inn Hvítársíðu á enda, eða að innsta bæ. Það er gert með tvennt fyrir augum: Annars vegar, að nokkrir bæir í sveitinni, sem daglega þurfa að senda frá sér mjólk, komist í almennilegt vegasamband, og hins vegar að tengja veginn við fjallveginn, sem liggur upp frá Fljótstungu og mundi tengjast við þjóðveginn með þessu móti.

Þá er d-liður. Nú er ætlazt til, að vegurinn liggi yfir Hvítá á brú undan Bjarnastöðum og þar á sýsluveginn. Ég legg til, að vegurinn verði lagður áfram alla leið að Borgarfjarðarbraut hjá Reykholti.

E-liður er nánast leiðrétting á prentvillu. Þar er talað um Reykjarfjarðarveg, en er betra að orða það „að Kaldrananesi."

F-liður er um framlengingu á veginum, sem nú er látinn enda í Árnesi. Í Ingólfsfirði er að koma upp þorp í sambandi við síldarverksmiðju, sem þar er rekin. Mér finnst ekki ná nokkurri átt að láta veginn enda skammt fyrir utan þorpið, og ég legg því til, að hann verði framlengdur inn í þorpið.

G-liður gerir ráð fyrir framlengingu vegarins frá Gemlufalli niður að ferjustaðnum við sjóinn. Hann er ekki í þjóðvegatölu, en þó mun ríkissjóður búinn að kosta hann, þó að lög mæli ekki svo fyrir.

H-liður er um að framlengja veginn vestur Barðastrandarsýslu út Tálknafjörð að Stóra-Laugardal.

Svo er i-liður. Það er enn óvíst, hvar brýr koma yfir Héraðsvötn í fram-Skagafirði. Ýmsir vilja byggja brúna þar, sem árnar koma saman, og þá mundi þjóðvegurinn í Skagafirði ekki ná lengra en þangað. Meðan það er óákveðið, hvar brúarstæðið skuli vera, vil ég láta setja í lögin, að vegurinn skuli liggja að Goðdölum. Með því er engu slegið föstu um brúarstæðið, en því aðeins slegið föstu, að vegurinn skuli liggja í Goðdali. Á síðasta þingi kom ég með sams konar till. um Ás í Vatnsdal. Frá þeirri till. hef ég nú fallið, því að nú er búið að ákveða brúarstæðið og tillagan því orðin óþörf.

J-liðurinn er um það að framlengja veginn, sem nú endar að Rip, að Eyhildarholti, en þar eru lögferjur bæði austur og vestur yfir Héraðsvötn. Með því ynnist það, að framnesið kæmist í tengsl við þjóðveginn og nesið yrði með ferjunum tengt við vegi héraðsins bæði að austan og vestan og þar með við akvegasamband landsins.

K-liðurinn gerir ráð fyrir að lengja veginn fram Bárðardalinn að Bjarnastöðum.

L-liður gerir ráð fyrir nýjum vegi, Jökuldalsvegi eystri. Vegurinn liggur núna niður Jökuldal og niður að Jökuldalsárbrú utan við Fossvelli. Síðan þessi þjóðvegur var lagður, hefur verið gerð brú undan Hjarðarhaga. Með því að fara yfir hana og leggja veginn út dalinn þeim megin, þá fæst styttri vegur og snjóléttari og þá takast líka af krókar og beygjur upp að Heiðarenda. Ef þessi leið yrði gerð að þjóðvegi, mundu allir bílar, sem austur fara, fara hana, þar sem hún er styttri, og með því sparast benzín og viðhald bíla.

M-liður er nánast leiðrétting, og sama er að segja um n-liðinn.

Það hafa komið fram brtt. við þetta frv., en ég mun ekki ræða þær nú. Þá hefur í Nd. komið fram frv. um breyt. á vegalögum, og óska ég þess, að samgmn. þessarar d. athugi þær breyt. í samvinnu við samgmn. Nd., svo að breyt. geti orðið settar inn í frv. allar í einu, en ekki sitt á hvað, svo að málið þvælist þannig milli deilda, eins og þegar þetta mál var hér síðast til umr. og afgreiðsla málsins fór í handaskolum í lokin vegna lélegs samstarfs nefndanna.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Það er raunar óþarfi að fara mörgum orðum um þetta frv. á þessu stigi, en ég vil þó láta í ljós, að gefnu nokkru tilefni frá hv. 1. þm. N-M., þar sem hann bendir á, að brtt. séu fram komnar í Nd., og vekur athygli á því, að samvinna þurfi að vera milli samgmn. deildanna. Þetta er alveg rétt athugað, því að vegalögin eiga þeim annmarka að sæta, að í báðum deildum koma jafnan fram óskir um að fá bætt inn í þau, og veldur þetta oft nokkrum erfiðleikum. Hitt álít ég um umsögn hans um, að afgreiðsla þessa máls hafi verið í handaskolum áður, þá eigi það sínar afsakanir, af því að um breyt. á vegalögunum er kapphlaup í báðum deildum. Hitt er alltaf tilviljanakennt nokkuð, hvort þessi eða önnur breyting kemst fyrst fram, því að það er alltaf álitamál, hvort opna eigi vegalögin á þessu þingi eða öðru. Ef niðurstaðan verður sú, að vegalögin verði opnuð á Alþingi, þá er óvandur eftirleikurinn fyrir þá, sem vilja flytja brtt., og hvort þær verða teknar inn, fer þá eftir því, hver á réttmætasta og sanngjarnasta kröfu. Um þetta frv. kemur það á daginn, hvort áherzla verður lögð á það af vegamálastjórninni eða ekki, að lögin verði opnuð. Þetta verður náttúrlega athugað hjá samgmn. beggja deilda og reynt að

komast að þeirri niðurstöðu, hvort þetta frv. miðar að því, sem sanngjarnt reynist. Þetta vildi ég aðeins taka fram á þessu stigi málsins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en við það bárust brtt. á þskj. 42, 44, 63, 78, 441.

43. Skipaafgreiðsla í Vestmannaeyjum.

Á 7. fundi í Ed., 2. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um einkaleyfi fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyja til skipaafgreiðslu í Vestmannaeyjum [45. mál] (þmfrv., A. 58).

Á 8. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég flutti þetta frv. á síðasta þingi skv. ósk meiri hl. bæjarstjórnar Vestmannaeyja og flyt það nú aftur, því að þá náði það ekki fram að ganga. Það komst til 2. umr. og allshn., og n. ræddi um það, en tími vannst ekki til að afgreiða það þá, þannig að nú flyt ég það aftur svo snemma þings til þess að hafa vaðið fyrir neðan mig. Á síðasta þingi gerði ég grein fyrir efni frv., og þar sem svo skammt er liðið síðan, þarf ég ekki að hafa um það mörg orð. En það er svo í Vestmannaeyjum eins og í mörgum bæjarfélögum, að þar er skortur á tekjustofnum og bæjarfélagið í fjárþröng. Þetta á við um marga bæi, en ekki sízt Vestmannaeyjar, þar sem ráðizt hefur verið í fjárfrek fyrirtæki, svo sem hafnargerðir og dýra rafveitu o. m. fl., og hefur reynzt erfitt að standa straum af þessu. Þá hefur bæjarfélagið keypt tvo nýja togara, sem er mikið átak til að byrja með. Það hefur löngum verið vandamál, hvernig sjá ætti fátækum bæjarfélögum fyrir tekjustofnum, en það virðist liggja beint við að hagnýta tekjustofn eins og þennan, sem nú rennur til einstaklinga, og hægt er að hagnýta hann án þess að leggja auknar byrðar á almenning eða ríki, en þann rekstur, sem um ræðir í frv., hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja tjáð sig reiðubúna til að taka að sér, og skv. ósk hennar er þetta frv. flutt, sem ég að lokum leyfi mér að óska, að verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Sökum þess að hv. flm. virðist byggja þetta frv. á samþykkt í bæjarstjórn Vestmannaeyja, sem gerð var fyrir þrem árum, eða árið 1945, langar mig til að fá upplýst, hvort frv. er nú flutt fyrir beiðni bæjarstjórnarinnar, því að maður getur látið sér detta í hug, að breytingar geti orðið á samþykktum sem þessari á svo löngum tíma. Með því að hv. flm. gat þess, að með frv. væri bæjarfélaginu tryggður nýr tekjustofn, þá vil ég vekja athygli á því, að þeim mönnum, sem leggja til, að starfsemi sem sú, er um ræðir í frv., verði lögð undir bæjarfélög, gleymist oft, að bæjarfélögin hafa sínar tekjur af slíkri starfsemi með því að skattleggja þá einstaklinga, er hana framkvæma. Það er nú svo, að um það má deila, hvort þeir menn, sem tekið hafa að sér slíka starfsemi fyrir bæjarfélagið, hafi af því nokkurn gróða og hvort þeir séu ekki í raun og veru að vinna endurgjaldslaust fyrir bæjarfélagið. Og að lokum langar mig til að fá upplýst, hvort hér sé um nýja beiðni frá bæjarstjórn Vestmannaeyja að ræða.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, vil ég taka þetta fram: Það er rétt, að þeir menn, sem reka skipaafgreiðslu eða aðra slíka starfsemi, eru að vísu skattlagðir, en ekki svo hátt, að allar tekjur þeirra af slíkri starfsemi fari í skatta, og er því hér vissulega um nýjan tekjustofn að ræða, enda hefur mikill meiri hluti bæjarstjórnar Vestmannaeyja óskað þess, að frv. þetta væri flutt. Það var samþykkt árið 1945 með 5 atkv. gegn 2, og stóðu að því fulltrúar allra flokka, en á síðasta þingi flutti ég frv. skv. ósk meiri hlutans, og hv. allshn. ræddi málið við bæjarstjóra og fékk að vita vilja bæjarstjórnar í þessu efni. Ég flyt nú frv. aftur, því að enn var það ósk meiri hl. bæjarstjórnar, að frv. yrði flutt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

44. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Á 9. fundi í Ed., 8. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl., nr. 50 5. apríl 1948 [57. mál] (þmfrv., A. 76).

Á 10. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. 1. gr. frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 76, felur það í sér, að niður skuli falla 1. tölul. í 1. gr. l., sem samþ. voru hér á Alþ. í fyrra vetur um bráðabirgðabreytingu á nokkrum l., en þessi tölul. þeirra l. er á þá leið, að „ákvæði III. kafla l. nr. 44 1946 varðandi fjárframlög og lánveit-

ingar af hálfu ríkissjóðs til sveitarfélaga koma því aðeins til framkvæmda, að sérstök heimild sé veitt til þess í fjárlögum hverju sinni, enda nær skylda sveitarfélaga til íbúðarhúsabygginga samkvæmt tilvitnuðum kafla laganna ekki framar en tilskilinn styrkur eða lánveiting af hálfu ríkissjóðs kemur til."

Efni þessa máls, sem hér liggur fyrir, er það, — sem hv. þm. mun þegar ljóst, — að árið 1946 voru fyrir forgöngu þáv. ríkisstj. sett l. um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Í III. kafla þessara l., sem hér er sérstaklega um að ræða, voru ákvæði um það, að til þess að gera bæjar- og sveitarstjórnum kleift að útrýma heilsuspillandi íbúðum, sem vera kynnu fyrir hendi á viðkomandi stöðum, á sem stytztum tíma eða 4 árum eins og þá var talað um, þá tók ríkisvaldið á sig þá skyldu að sjá þeim sveitarfélögum, þar sem svo var ástatt, fyrir mjög hagkvæmum lánum til þess að koma fram þeim byggingum íbúða, sem til þyrfti til að útrýma þeim heilsuspillandi íbúðum, sem vera kynnu á hverjum stað. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. muni aðalatriði þeirra ákvæða, en þau voru þau, að ríkið skyldi útvega viðkomandi sveitarfélagi lán, sem næmi 75% af byggingarkostnaði þeirra íbúða, sem þar um ræðir. Það lán skyldi vera til 50 ára og með aðeins 3% vöxtum. Til viðbótar við þetta skyldi ríkið leggja fram vaxtalaust lán, sem næmi 10% af byggingarkostnaði viðkomandi íbúða. Það lán skyldi einnig vera til 50 ára og vera afborgunarlaust fyrstu 15 árin, en greiðast síðan með jöfnum greiðslum á 35 árum, og enn fremur voru í sambandi við þetta vaxtalausa lán þau ákvæði, að ef viðkomandi sveitarfélag tæki ákvarðanir um, vegna erfiðra ástæðna eiganda, að gefa eftir 15% þess byggingarkostnaðar, sem bæjarfélagið sjálft hefði lagt fram, þá hafði ríkisstj. einnig heimild til þess að gefa eftir það vaxtalausa lán, 10%, sem lánað hafði verið til þessara framkvæmda. Eins og menn sjá, er þarna um mjög hagkvæma og mikla aðstoð að ræða, sem átti að vera til þess samkvæmt tilgangi l. að gera bæjarfélögum kleift að létta af sér þeim vandræðum og í raun og veru þeirri smán, að verulegur hluti íbúa á ýmsum stöðum væri neyddur til að búa í húsnæði, sem samkvæmt yfirlýstu vottorði læknis teldist til tjóns fyrir heilsu viðkomandi fólks. Það var þess vegna eðlilegt, að fólkið, sem hér átti í hlut, fátækasta fólkið á hverjum stað, sem ekki hafði bolmagn til þess að koma sér sjálft upp viðunandi húsnæði, tæki lögum þessum fagnandi, og sömuleiðis var það eðilegt, að bæjarfélögin, þrátt fyrir það að þau hefðu ekki að eigin frumkvæði ráðizt í að útrýma þessum heilsuspillandi íbúðum, — sem þó hefði verið eðlilegt, — að þau tækju fegins hendi undir það, þegar ríkið sjálft byði fram slíka aðstoð sem hér var um að ræða til þess að útrýma þessum íbúðum. Það mun hafa orðið reyndin í mörgum bæjarfélögum, — því miður hef ég ekki í höndum skýrslur um það, ef tilskildar skýrslur um heilsuspillandi íbúðir eru fyrir hendi, — að það kemur fram um þá aðstoð, sem ríkið hefur skuldbundið sig til að láta í té samkvæmt þessum l., að það hefur farið svo, að þegar til framkvæmdanna átti að koma af hálfu ríkisvaldsins, þá hafi orðið minna úr þeim en æskilegt hefði verið og lofað var með þessum lögum. Mér er ekki nægilega vel kunnugt um það, í hve mörgum tilfellum og hve mikla aðstoð það hefur veitt á grundvelli þessara laga. Það mun vera yfirleitt miklu minna en efni stóðu til, og ríkið mun engan veginn hafa orðið við þeim óskum, sem fram komu frá bæjar- og sveitarfélögum víðs vegar á landinu. Svo líður aðeins 1 ár eftir að þau eru sett, þangað til núverandi hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir á síðasta Alþ., að í staðinn fyrir að lögð yrði enn meiri áherzla á framkvæmd laganna, þá væru sett inn í lögin ný ákvæði um það, að þessi III. kafli l. um aðstoð ríkisins við íbúðarbyggingar bæjar- og sveitarfélaga kæmi ekki til framkvæmda nema þannig, að teknar væru sérstakar ákvarðanir um það í hvert sinn, þ. e. a. s. að Alþ. veitti til þess fé á fjárlögum hvert ár fyrir sig. Þetta var, eins og ég tók fram áður, samþ. á síðasta Alþ., og þar sem í fjárl. voru ekki settar neinar fjárveitingar í þessu skyni, hefur hæstv. ríkisstj. ekki talið sér skylt að veita neina slíka aðstoð, og nú til viðbótar þessu hefur verið lagt fram fjárlagafrv. fyrir næsta ár, og þar er heldur ekki tekin upp nein fjárveiting til þeirra framkvæmda, sem hér er um að ræða. Ég geri ráð fyrir, að það beri að skilja þannig, að ríkisstj. ætlist ekki til, að neinar slíkar ákvarðanir verði teknar við setningu fjárl. fyrir næsta ár, sem þýðir það, að þessi kafli l. komi ekki að neinu leyti til framkvæmda nú á næsta ári.

Þegar þessi bráðabirgðabreyting nokkurra l. var samþ. í fyrra, beitti Sósfl. sér eindregið á móti því, að þetta atriði yrði samþ. og III. kafli l. felldur úr gildi. Sósfl. taldi, að það hefði verið fullkomin nauðsyn fyrir hendi, þegar lögin voru sett 1946, og að sú nauðsyn hefði ekki verið minni á s. l. ári, þegar flutt var till. um að fella þennan kafla úr gildi, og hann barðist gegn því, að það væri gert. Ég álít, að sú nauðsyn, sem var fyrir hendi um þetta árið 1946, hafi einnig verið það 1947 og sé enn þá fyrir hendi. Það er enn þá mikill fjöldi íbúða á landinu, sem eru mjög heilsuspillandi og gera það að verkum, að bæði frá heilbrigðislegu sjónarmiði og siðferðislegu sjónarmiði er ekki verjandi, að að engu séu gerðar þær ráðstafanir, sem búið er að lögbjóða til þess að vinna bug á þeim. Ég hef þess vegna séð ástæðu til þess að gera enn þá eina tilraun til þess að fá þessu síðasta ákvæði breytt þannig, að felldur sé niður þessi tilgreindi liður, sem mundi þýða það, að aftur kæmi í fullt gildi ákvæði III. kafla l. frá 1946 um aðstoð ríkisins við byggingu íbúðanna. Ég vildi freista þess að flytja þetta, þar sem snúið var aftur á þeirri braut, sem þá var ákveðið að ganga. Ég skal nú ekki segja, hversu mikil von sé til, að þetta fáist nú samþ. Hér sitja nú á Alþ. allir sömu menn-irnir sem felldu ákvæðið í fyrra; en raunar eru það sömu menn og samþykktu það 1946 — og úr því að þeir gátu þá snúizt algerlega á einu ári, er ef til vill ekki vonlaust um að þeim snúist enn hugur og vildu nú stuðla að því, að ákvæðið frá 1946 öðlist aftur gildi og framkvæmdir verði með meiri snerpu en þær voru þann skamma tíma, sem ákvæðið var í lögum.

Í 2. gr. frv. er farið fram á, að 5. tölul. í sömu gr. verði felldur niður. En svo er mál með vexti, að 1939 voru sett lög um gjald af innlendum tollvörutegundum, og ná þau til alls konar vörutegunda, sem ýmsir telja ekki svo nauðsynlegar, að ekki sé rétt að hafa á þeim nokkuð háan toll. Ég álít þó sumar þessar vörutegundir þess eðlis, að rétt sé að tryggja, að almenningur geti neytt þeirra. Hins vegar er skattur á þeim svo hár, að það nær engri átt. Til dæmis um þessar vörur skal ég taka suðusúkkulaði. Má vel vera, að sumir telji það óhófsvöru, en ég álít, að svo sé ekki, enda mun það víðast hvar talið til nauðsynlegra fæðutegunda. Ég álít því ekki rétt að hindra almenning frá því að neyta þessarar vörutegundar. En til þess að sýna fram á, hvernig ríkisvaldið leggur allt kapp á að hækka þessa vöru í verði, skal ég rekja hækkanirnar, sem orðið hafa á henni undanfarin ár. 1939 var lögfest tollahækkun á þessari vörutegund 1.05 kr. á kg. Með lögum nr. 121 frá 1947 var þetta hækkað um 50% og tollurinn þá kominn upp í 1,58 kr. Síðan er í fyrra með lögum nr. 18 1948 gerð sú breyting á, að gjaldið hækki um 100% og er þá tollurinn af 1 kg orðinn 3.16 kr. Nú þótti þetta ekki nóg, og enn er samþ., að í stað 100% hækkunar komi 200%. En þá er tollurinn á 1 kg af suðusúkkulaði orðinn nærri 5 kr. Og á sumum vörutegundum er hann nærri helmingi hærri.

Þetta dæmi ætti að nægja til að sýna, að ríkið er komið þarna út í hreinar öfgar, og það er ástæða til að fella a. m. k. niður síðustu hækkunina. — Það kann að vera, ef farið yrði að ræða um tollaálagningu almennt, að margt kæmi í ljós, sem meiri ástæða væri til að breyta, en réttmæti þessarar breytingar finnst mér eigi að síður augljóst. Hins vegar er aðstoð ríkisins við byggingu íbúðarhúsa aðalatriði þessa frv., og á það legg ég megináherzlu.

Ég geri ráð fyrir því, að ekki þýði að fara fleiri orðum um þetta, en ég vil leggja til að lokum, að frv. fari til hv. heilbr.- og félmn. — Það kynni máske að verða einhver ágreiningur um það, til hvaða n. því ætti að vísa, því að þarna er líka um að ræða skatt til ríkisins, en þar sem ég tel meginefni frv. í 1. gr., álít ég rétt, að því verði vísað til umræddrar nefndar, og legg það til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

45. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. BÓ).

Á 21. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt [78. mál] (þmfrv., A. 130).

Á 20. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm., að þeir hafa veitt sérstaka undanþágu, að þetta geti komið til dagskrár í dag, því að ég geri ráð fyrir að fara af landi burt á laugardagsmorgun.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, gengur í þá átt að létta á einstaklingsrekstri í landinu. Það er nú svo komið, að einstaklingsreksturinn á miklu erfiðara uppdráttar en annar atvinnurekstur sökum þess, hve þungum búsifjum hann verður fyrir af hálfu hins opinbera í skattheimtu, og er komið svo langt, að einstaklingsrekstur er svo að segja að hverfa úr sögunni, vegna þess að menn fá ekki staðið undir þessum kringumstæðum. Hins vegar tel ég það mjög illa farið, að einstaklingsrekstur þurfi að víkja fyrir félagsrekstri, því að ég er sannfærður um það, að einstaklingsreksturinn er að öllu samanlögðu bezti reksturinn í landinu, því að hann er rekinn með mestum dugnaði og mestri ábyrgðartilfinningu í starfinu. Þess vegna nær það ekki neinni átt, að skattal. séu þannig í landinu, að þau útrými þessari starfsemi einstaklinganna.

Eins og kunnugt er, verða þeir menn, sem hafa einstaklingsrekstur með höndum, að telja fram fyrir sig og rekstur sinn í einu lagi, og árangurinn verður sá, að toppurinn á tekjum þeirra fer í skatta, og skal ég í þessu sambandi leiða fram mjög áberandi dæmi, sem sýnir, hvernig þetta stendur nú. — Það er einstaklingsfyrirtæki, sem hefur haft í skattskyldar árstekjur 220 þús. kr., m. ö. o. nokkuð mikill rekstur. Í alla skatta og útsvar greiðir þessi skattþegn 163 þús. kr. Eftir eru þá 57 þús. kr., sem þessi atvinnurekandi á að lifa af sjálfur. Með öðrum orðum, hann á að lifa á 57 þús. kr., en það er ekkert afgangs fyrir reksturinn til þess að safna sjóðum eða grundvalla að nokkru leyti. Ef þessi skattgreiðandi mætti telja fram á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í frv., eða á svipaðan hátt og hlutafélög að öðru leyti en því, að með frv. eru honum ekki ætluð þau hlunnindi, sem hlutafélög hafa nú, sem eru hlunnindi vegna hlutafjár og varasjóða, þá reiknast mér til lauslega, að fyrirtækið mundi greiða 95—100 þús. kr. í skatta, ef það hefði 160 þús. kr. í tekjur. En ef eigandanum væri ætlað í kaup 60 þús. kr., eða svipað og hann hefur fengið í sinn vasa, mundi hann að líkindum greiða um 9 þús. kr. í skatta. Hann og fyrirtæki hans mundu þá greiða á að gizka 110 þús. kr. í stað þess að verða nú að greiða 160 þús. kr. með því fyrirkomulagi, sem nú er. Þetta er svo auðsæ rangsleitni gagn-

vart þessum mönnum, sem reka atvinnurekstur í þessu formi, að slíkt getur ekki gengið til frambúðar, og tel ég það þess vegna beina skyldu Alþingis að taka í l. ákvæði eins og þetta til þess að vernda þá menn, ef einstaklingsreksturinn er svo ofsóttur með sköttum, að þeir geti ekki sinnt þessari starfsemi.

Ég ætla ekki að fara neitt út í skattamálin í heild, þau eru allt of langt mál til þess að ræða þau í sambandi við þetta. Eins og kunnugt er, starfar mþn. að endurskoðun skattalaganna, og er búizt við, að hún skili áliti áður en langt um líður, sem ég vona, að reynist rétt, því að skattal. eins og þau eru í dag eru þyngri byrði á atvinnurekstri þjóðarinnar og á öllum einstaklingum en þeir geti borið með góðu móti.

Ég vildi svo leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Gísli Jónsson: Ég vil á þessu stigi málsins segja um það nokkur orð. Það er ljóst, að þótt þetta frv. yrði að lögum, mundi það ekki bæta nema úr einu sérstöku atriði í sambandi við skattamálin yfirleitt. Það yrði að vísu bót á þessu eina sviði, en málið í heild væri að sjálfsögðu eins óleyst, þó að þetta yrði samþ.

Frsm. gat þess, að einstaklingsreksturinn yrði að víkja vegna þessa ákvæðis skattal. Það er að vísu rétt, svo langt sem það nær, að einstaklingsreksturinn er að víkja til hliðar í þjóðlífinu, en ekki einungis vegna þessa ákvæðis, heldur af allt öðrum orsökum, og þar í liggur meinið. Það hefur verið hafinn slíkur áróður gegn einstaklingsframtakinu í landinu á hvaða sviði sem er, í skattalöggjöfinni, útsvarslöggjöfinni og víðar, að þessum rekstri er vikið til hliðar. Ríkisvaldið hefur sjálft gengið meira og meira inn á þá braut að hrifsa úr höndum einstaklinga fyrirtæki, sem höfðu verið vel byggð upp og vel rekin, miklu betur en eftir að ríkisvaldið tók við þeim, en á þessari braut halda þeir áfram lengra og lengra, og vil ég í því sambandi leyfa mér að benda á eitt fyrirtæki, sem er landssmiðjan. Það er nú búið að fá reynslu á þetta fyrirtæki gegnum fjöldamörg ár, og eftir þessi mörgu ár er útkoman sú, að landssmiðjan skuldar ríkissjóði milljónir í sköttum og stórkostlegar fjárhæðir, sem ríkissjóður hefur orðið að greiða beint til starfsmannanna, meðan við hlið hennar hafa risið upp sams konar fyrirtæki, sem selja vinnu sína og vörur með nákvæmlega sama verði, en eru hæstu skattgreiðendur í landinu til ríkis og bæjar. Á það hefur verið margbent, hvað þetta er óheppilegt, og að farið hefur verið inn á þessa braut, stafar ekki af því, að einstaklingsframtakinu hafi verið vikið til hliðar, heldur af því, að það hefur verið skoðun meiri hluta þjóðarinnar, að bezt sé að láta ríkið reka slík fyrirtæki, þrátt fyrir það að reynslan hefur sýnt það gagnstæða. — Ég skal líka benda á sérleyfisferðirnar. Það er upplýst nú, að á sérleyfisleiðinni milli Rvíkur og Hafnarfjarðar hefur verið 100 þús. kr. halli, eftir að ríkisstofnanir tóku þetta í sína þjónustu, þó að stórkostlega hafi verið hækkuð gjöldin til þeirra, sem þurfa að nota vagnana. Hefur ríkið orðið að standa undir þessu með beinum útgjöldum úr ríkissjóði, og er svo komið nú, að þessi starfræksla skuldar póstsjóði á þriðju milljón kr. í dag. Nákvæmlega sama er að segja um sérleyfisleiðina milli Akraness og Akureyrar. Áður var þetta rekið með miklum dugnaði af þeim mönnum, sem höfðu með það að gera, og þá greiddu þeir aðilar stórar upphæðir í bæjarsjóð. En nú hefur ríkið tekið að sér starfræksluna með þeim árangri, að fargjöldin eru hærri, afgreiðslan lakari og hallinn mikill fyrir ríkissjóð. Þetta er ekki raunverulega vegna þess, að þetta ákvæði, sem nú á að nema burt úr l., hafi orðið þess valdandi, heldur stafar það af allt öðrum ástæðum, sem sé þeim, að búið er að hefja þann áróður í þessu landi á einstaklingsframtakið, að því er vart orðið vært í landinu.

Ég gæti talið upp fleiri dæmi, en vil ekki tefja tíma þingsins með því. Ég tel, eins og hv. flm., að þetta sé stórkostlegt böl í okkar þjóðlífi og annaðhvort verði að slaka aftur til á klónni og viðurkenna ágæti einstaklingsrekstrarins eða öll fyrirtæki fari inn á ríkisrekstur og skapað verði hér ákveðið rússneskt fyrirkomulag á öllum rekstri.

Ég vil benda flm. á, að jafnvel þótt þessi breyt. yrði gerð á skattalöggjöfinni, er það síður en svo, að einstaklingsframtakið geti yfirleitt lifað og þróazt, nema ýmsum öðrum ákvæðum skattal. yrði einnig breytt. Ég vil í því sambandi benda á mismuninn á því, sem einstaklingsframtakið á við að búa í verzlun og viðskiptum og kaupfélögin. Ég þekki mýmörg dæmi þess, þar sem á sama stað annars vegar er verzlun kaupfélags og hins vegar frjáls verzlun einstaklinga. Þar er sveitarbyrðinni, útsvörunum, allri dembt á hina frjálsu verzlun einstaklinganna, þar sem kaupfélögin aftur á móti eru sums staðar ekki látin bera nema sáralítið brot af sveitargjöldunum. Þannig er frjáls verzlun skipulega hrakin burt frá ýmsum stöðum. Ég get bent á dæmi, þar sem frjáls verzlun stóð við hliðina á kaupfélagi í 10 ár. Þeir höfðu öll árin nokkurn veginn sömu vörusölu og vörutolla og nákvæmlega sömu verzlunarálagningu. Á annað fyrirtækið, þ. e. hina frjálsu verzlun, voru lagðar 30 þús. kr., en á kaupfélagið 3 þús. kr., sem varð til þess, að kaupfélagið gat á hverju ári tekið milli 20 og 30 þús. kr. og útbýtt því til viðskiptavina sinna sem afslætti af vörum, sem hitt fyrirtækið gat ekki gert, því að þetta var tekið af því handa þessum sömu viðskiptavinum til þess að standa undir þörfum sveitarinnar. — Af þessu sést, að hafnar eru skipulagðar árásir á einstaklingsframtakið í landinu, sem verða ekki stöðvaðar með þessu eina ákvæði. Ég segi þetta ekki til þess, að þetta fari ekki í gegn, því að óneitanlega væri þó nokkur bót að þessari breyt. Ég mun að sjálfsögðu fylgja þessu frv. til n., en vildi hafa bent á þetta þegar við þessa umr., að þörf er á að gera ýmislegt fleira en þetta hér til þess að tryggja einstaklingsframtakinu í landinu þann sess, sem það ekki einasta á, heldur líka þarf að ná, til þess að bjarga aftur ýmsum verðmætum hjá þjóðinni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hv. 7. landsk. var að skjótast út rétt í þessu, en hann á sæti í mþn., sem um þessi mál fjallar, og hefði

ég viljað heyra frá honum einhverjar upplýsingar.

Hv. flm. vill hér ná samræmi milli einstaklingsrekstrar og hlutafélagsrekstrar. Ég vil benda honum á, að það er hægt að ná þessu samræmi, sem hann talar um, á annan veg, nefnilega með því að taka einhver af andskotans fríðindunum, sem hlutafélögin eru látin hafa. *(GJ:* Væri ekki ástæða til þess, að forseti vítti svona orðbragð?) Þeim er leyft að draga 20% frá af tekjum sínum, þó að þau hafi ekki nokkurn rekstur, sem talizt geti áhættusamur. Hlutafélög, sem gera ekki annað í bænum en eiga lóðir, fá 20% af tekjum sínum skattfrjálst til að tryggja reksturinn!! Það er hægt að ná þessu með því að afnema eitthvað af svona fríðindum. Ég er sammála flm. í því, að það er komið á misræmi í skattalöggjöfinni milli einstaklingsrekstrar og hlutafélagsrekstrar, því að það er búið að gefa hlutafélögunum alls konar fríðindi. Það er búið að ýta of mikið undir stofnun hlutafélaga, og þess vegna eru þau að draga úr höndum einstaklinga atvinnureksturinn. En hvort við eigum að bæta úr þessu á þann hátt, sem hv. flm. talar um, það er allt annað mál. Ég get fallizt á, að það sé réttmætt að minnka muninn milli hlutafélagsrekstrar annars vegar og einkarekstrar hins vegar með því að taka eitthvað af þeim óheilbrigðu fríðindum, sem hlutafélögin hafa verið látin njóta. Því er ég fullkomlega sammála. Og það, sem mig langar að heyra hjá hv. 7. landsk., er það, hvort mþn. sú, sem nú er að leggja síðustu hönd á frv., sem á að breyta skattal., er ekki inni á þessu, því að það er ljóst, að flm. frv. hefur rétt fyrir sér í því, að bilið, sem nú er að skapast milli einstaklingsrekstrar annars vegar og hlutafélagsrekstrar hins vegar, er of mikið. Það er búið að gefa hlutafélagsrekstrinum fríðindi, sem hann á ekki að hafa og gera það að verkum, að hann er að smábola einkarekstrinum burt. Hér í Rvík hafa myndazt á síðustu árum 72 húsahlutafélög, þar sem ég segi ekki, að fundirnar séu haldnir í hjónarúminu, en hluthafarnir eru ekki aðrir en hjónin og krakkarnir og hlutafélagið er hús, sem þau sjálf búa í og taka af tekjur. En með þessu fæst það að 20% af tekjum hússins leggst skattfrjálst í varasjóð. Þetta eru fríðindi, sem hlutafélögin njóta og ég held öllum komi saman um, að ekki sé vit í að halda, og þess vegna þarf að verða þarna breyting. Hún þarf að gefa svipaða niðurstöðu og hv. flm. ætlast til að fá með þessu frv. En hún verður að gerast á þann hátt að taka dálítið af þeim fríðindum, sem hlutafélögin hafa, þannig að rekstur þeirra verði sambærilegur við rekstur einstaklinga.

Flm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil fyrst taka til athugunar það síðasta, sem hv. þm. sagði, sem sé, að hægt sé að bæta úr þessu ástandi með því að taka af öðrum félögum það, sem þau hafi ranglega fengið í fríðindum, og átti hann þar við hlutafélögin. Má ég ekki benda þm. á, að til er annar félagsskapur í landinu, sem heitir samvinnufélagsskapur og hefur miklu meiri fríðindi, hvernig sem á allt er litið, fyrir sinn rekstur en hlutafélögin. Þess vegna finnst mér koma úr hörðustu átt, að hv. þm. skuli halda því fram, að hlutafélagsreksturinn í landinu sölsi undir sig óbeinlínis fríðindi. Í frv. því, sem ég er með hér, er á það bent, að ef hlutafélögin í landinu væru háð þessum sömu skorðum og einstaklingsreksturinn, gætu þau ekki starfað, en það er kannske það, sem hv. þm. stefnir að, að þessi hlutafélög séu gerð óstarfhæf með sköttum. Skattalögin hafa fyrir rás viðburðanna orðið þannig, að skattgreiðendur rísa ekki undir þeim lengur. Hv. 1. þm. N-M. er þetta vel kunnugt. Ég er ekki að halda því fram, að samvinnufélögin séu ekki lífvænleg starfsgrein, en það eru hlutafélögin líka. Ef draga ætti frá þeim þessi litlu fríðindi varðandi varasjóðstillögin, þá gætu þau ekki starfað áfram. Ég skal ekki mæla bót einstökum tilfellum, þar sem misnotkun hefur átt sér stað, — ég veit, að þau eru til, en það afsakar ekki, að öll hlutafélög séu mæld á sams konar mælikvarða, sum þeirra hafa stórkostlega framleiðslustarfsemi með höndum.

Ég skal svo ekki hafa þetta lengra að sinni. Það verður vafalaust tækifæri til þess síðar að ræða hér á Alþ. einmitt þetta mál. Eins og hv. þm. Barð. sagði, bætir þetta frv. lítið skattalögin í heild, en verði það að l., bætir það úr einum stórum ágalla þeirra. Skattalögin þurfa endurskoðunar við, og menn hafa vonað, að n. sú, sem haft hefur þetta með höndum, mundi taka l. til rækilegrar endurskoðunar. En ég verð að segja, að von mín er ekki mikil. Þótt bætt verði úr stærstu ágöllunum, hefur það ekki í för með sér neina heildarbót á l. eins og þau eru orðin fyrir rás viðburðanna á undanförnum árum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi bara benda hv. flm. á tvö atriði varðandi samvinnufélögin. Í fyrsta lagi er það rétt hjá honum, að eðli hlutafélaganna er misjafnt. Sums staðar er um áhætturekstur að ræða, t. d. við sjávarútveg, og þess vegna þurfa þau félög að fá sérstöðu í skattalögum. Önnur félög þurfa þess hins vegar ekki. Það er engin áhætta í sambandi við að selja bjór, Coca-Cola eða Sirius, og þar er engin þörf á því að leggja skattfrjálsan ágóða til hliðar til þess að tryggja reksturinn. Um kaupfélögin gegnir allt öðru máli. Það er misskilningur að tala um skattafríðindi, eins og hv. þm. Barð. gerði, þótt þau borgi ágóðann aftur til viðskiptamanna sinna og fái þar af leiðandi lægri útsvör. Það gæti komið til mála að lofa „Agli" að úthluta arði til viðskiptamanna sinna af hverri bjórflösku og minnka þannig sinn eigin ágóða, en ég veit ekki, hvort hann kærir sig um það. Ég veit heldur ekki, hvort þeir, sem eiga „Coca-Cola", mundu kæra sig um þetta fyrirkomulag, en þeir, sem þurfa þessar vörur, mundu kæra sig um það. Samvinnufélögin borga út meiri hlutann af ágóða sínum til félagsmanna sinna. Þess vegna hafa þau lægri tekjur og þar af leiðandi lægri tekjuskatt og útsvar. — Svo er annað. Samvinnufélag, sem starfar á einhverjum stað, safnar eignum og sjóðum af ágóða sínum, sem er eign almennings, en kaupmaður, sem fengið hefur heimild til þess að láta varasjóði sína vaxa, á þá sjálfur, eða þá hlutafélag. Og hvað verður svo um sjóði samvinnufélaganna? Þeir ganga í arf

frá kynslóð til kynslóðar. En þegar kaupmenn eldast, þá er allt selt og þeir flytja til Reykjavíkur með fé sitt, hafi þeir búið úti á landsbyggðinni, án tillits til þess, hvað þarflegt sé og gagnlegt fyrir héraðið. Og hafi þeir búið í Reykjavík, reyna þeir að setjast að í útlandinu með arð sinn þegar þeir hætta að okra á almenningi. Þetta er annar stóri eðlismunurinn á rekstri samvinnufélaga og rekstri einstaklinga. Það er heildin, sem á samvinnufélögin og ákveður, á hvern hátt fé þeirra skuli notað, en um hlutafélög getur farið eins og togara, sem bundinn er við hafnarbakkann, af því að ágóðinn er ekki talinn nægilega mikill. Þótt það sé nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið og viðkomandi hérað, að atvinnurekstrinn haldi áfram, er honum hætt og hann fluttur burt. Það er því mín skoðun, að samvinnufélögin ættu að njóta miklu meiri friðinda en þau gera nú, því satt að segja eru þau engin.

Forseti (BSt): Sökum þess, hvernig á stendur fyrir hv. flm., en hann er á förum til útlanda í erindum hæstv. ríkisstj., vildi ég óska þess, að þessu máli yrði vísað til 2. umr. og n. á þessum fundi. Ég vildi því biðja hv. þm. að halda sér sem mest að efni þess. *(PZ:* Ég er „dauður.") Ég er ekki að álasa neinum, en mér skilst, að umr. hafi farið nokkuð út fyrir þrengsta efni frv.

Gísli Jónsson: Hv. þm. N-M. talaði hér langt mál, en ég skal vera stuttorður. Ég vil benda á það, að það er rangt, sem hv. þm. sagði, að einu skattafríðindin, sem samvinnufélögin hefðu, væru þau, að þau greiddu ekki skatt af þeim arði, sem þau úthlutuðu til viðskiptamanna sinna. Það má ekki leggja nema 8% á gróða þeirra í stað 22% hjá öðrum fyrirtækjum. Auk þess greiða þau ekki útsvör nema fyrir viðskipti utanfélagsmanna. Þetta vill gleymast, en hv. þm. ætti að vita þetta sem hæstaréttardómari í þessum málum. Hv. þm. er kannske líka ókunnugt um það, að Samband ísl. samvinnufélaga er að knýja út sparisjóðsfé úti á landi og er með því að velta sparisjóðunum í þessum fámennu þorpum. Og þessi fyrirtæki eiga að hafa sérstök fríðindi í skattamálum! Það gefst kannske tilefni til þess að ræða þessi mál nánar síðar, en ég skal ekki fara frekar út í þau nú, samkvæmt ósk hæstv. forseta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, HermJ, LJóh, PZ, SÁÓ, ÞÞ, ÁS, BK, BÓ, BSt.
7 þm. (BrB, EE, GÍG, HV, JJós, StgrA, BBen) fjarstaddir.
Einn þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Enda þótt ég telji, að frv. eigi ekkert erindi í n., þar sem stj. er að undirbúa frv. um þessi efni, þá vil ég ekki vera svo ókurteis að meina því að fara til n. og segi því já.

Frv. vísað til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

46. Vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Á 19. fundi í Ed., 25. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip [82. mál] (þmfrv., A. 138).

Á 21. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta mál er nú gamall kunningi, og þarf ég ekki miklu við að bæta það, sem sagt er í grg. fyrir því. Þegar allsherjarlöggjöfin um vátryggingu fiskiskipa var sett fyrir nokkrum árum, þótti hæfilegt að láta elzta vátryggingarfélag landsins, sem orðið er 80 ára gamalt, njóta sérstöðu sinnar, sem Vestmannaeyingar höfðu líka lagt áherzlu á, að það fengi. Síðan hefur löggjöf þessi verið endurskoðuð með takmörkuðu árabili, hvað eftir annað, og nú er enn farið fram á það, en að vísu ekki gert ráð fyrir takmörkuðu árabili nú, heldur aðeins að lögin verði framlengd. Ég ætla ekki að ræða aðstæður útvegsins í Vestmannaeyjum né annars staðar, enda mun þessi framlenging verða veitt nú eins og endranær, en það er brýn þörf að greiða fyrir þessari þýðingarmiklu atvinnugrein. Ég vil mælast til þess, að loknum umræðum, að þessu máli, sem mig minnir að hafi áður verið í sjútvn., verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 53. og 54. fundi í Ed., 3. og 4. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Ed., 7. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 138, n. 306).

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann tæki þetta mál út af dagskrá í bili. Ég er flm. að því, og er því ekki um að sakast fyrir aðra, þótt dráttur verði á afgreiðslu málsins. En af því að ég hef verið fjarverandi vegna lasleika, vildi ég hafa ráðrúm til þess að athuga, hvað í dagskránni felst, sem meiri hl. n. hefur flutt, en tíma til þess hef ég ekki haft.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Ed., 10. febr., var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti (ÞÞ): Ég spyr hæstv. fjmrh., hvort hann óski eftir, að þetta mál sé tekið á dagskrá. Mun ég því aðeins taka það fyrir, að hann óski eftir því, en að öðrum kosti mun ég taka það af dagskrá.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er ekki samkvæmt ósk minni, að málið sé nú tekið fyrir til umr. Ég hef talað við hv. form. viðkomandi n. um málið, og urðum við sammála um, að málið yrði eigi tekið fyrir að sinni.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

47. Iðnskóli í sveit.

Á 61. fundi í Ed., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um iðnskóla í sveit [135. mál] (þmfrv., A. 354).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta mál er gamalkunnugt hér í d., þar sem það hefur verið flutt nokkrum sinnum áður. Þarf þess vegna ekki ýtarlega framsögu og skal ég vera stuttorður.

Efni frv. er það í skemmstu máli, að stofna skuli skóla í húsasmíði, þetta skuli vera heimavistarskóli og honum valinn staður í sveit, sem vel henti hlutverki hans. Um stærð skólans er það tekið fram, að hann skuli rúma allt að 30 nemendur. — Að einu leyti er frv. sérstaklega ólíkt öðrum frv. um skóla. Það er sem sé ætlazt til, að skóli þessi standi að verulegu leyti undir sér sjálfur. Ætlazt er til, að rekstrinum verði hagað þannig, að á vetrum fari fram öðrum þræði kennsla í bóklegum greinum, þeim sem iðnaðarmönnum er mest nauðsyn að vera vel að sér í, en jafnhliða fari fram kennsla í verkstæðum skólans og þar framleitt ýmislegt til húsa, en á sumrin starfi skólastjóri og kennarar skólans að því að kenna nemendum skólans ýmiss konar byggingar, og fari þær byggingar aðallega fram í sveitum og kauptúnum með minna en 300 íbúa. — Samkvæmt 3. gr. frv. eiga rétt til skólavistar þeir nemendur héraðsskóla og gagnfræðaskóla, sem lokið hafa miðskólaprófi í verknámsdeild með I. einkunn, og sömuleiðis þeir, sem hafa eins mikla kunnáttu í þessum efnum og þeir, er stundað hafa slíkt nám.

Önnur ástæðan til þess, að frv. þetta er fram borið, er sú, að geisimikil þörf er fyrir stórfelldar byggingar bæði íbúðarhúsa og peningshúsa í sveitum, og að því er íbúðarhúsabyggingar snertir, gildir sama um flest kauptún landsins, að þörf stórfelldrar endurbyggingar er knýjandi á eins skömmum tíma og hægt væri að koma henni í verk. Önnur meginorsök frv. er sú, að í sveitum og smærri kauptúnum eru lítt fáanlegir faglærðir menn til þess að standa fyrir slíkum byggingum og hér um ræðir, og er skólanum ætlað að bæta úr þessu hvoru tveggja að svo miklu leyti sem skóli, sem er ekki stærri en þetta, gæti annað því. Ég held þess vegna, að þegar á það er litið annars vegar, hvað þörfin, sem frv. er ætlað að leysa, er brýn, og svo hins vegar, að hér er um skóla að ræða, sem gæti að öllu eða verulegu leyti staðið undir rekstri sínum fjárhagslega, sé ekki áhorfsmál fyrir Alþingi að samþ. þetta frv.

Vil ég svo mælast til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og menntmn.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins benda á, að frv. þetta var áður í iðnn., og finnst eðlilegast, að það fari þangað, en mun ekki ræða frv. á þessu stigi málsins.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það eru aðeins örfá orð, og hef ég litlu við það að bæta, sem sagt hefur verið, að þetta mál eigi heima í iðnn. Ég vil benda á, að hér fyrir þinginu hefur legið frv. að merkri löggjöf, sem er hvorki meira né minna en iðnaðarlöggjöfin sjálf, og hefur iðnn. alltaf haft slíkt til meðferðar. Ég mundi því telja, að verið væri að brjóta þær reglur, sem hér hafa gilt um það, til hvaða n. málum skuli vísað, ef þetta mál ætti að fara til menntmn.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Aðalröksemd mín fyrir því, að þetta heyri undir menntmn., er sú, að hér er um að ræða stofnun, sem ætti beinlínis að falla inn í skólakerfi landsins, og gegnir nokkuð öðru máli um iðnaðarlöggjöfina, sem snertir mörg önnur atriði en beint hina skólalegu hlið iðnmálanna, og get ég því ekki betur séð en að þetta frv. hér eigi að fara til menntmn. Fari samt sem áður svo, að till. mín um menntmn. verði felld, vil ég láta þá ósk í ljós, að hv. iðnn. taki vel á þessu máli og afgr. það fljótt frá n., því að ég hygg, að það hafi einu sinni eða tvisvar dagað uppi í iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.
Till. um að vísa frv. til menntmn. felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, HermJ, PZ, ÁS, BK, BSt.
nei: BÓ, EE, GJ, LJóh, SÁÓ, BBen.
5 þm. (BrB, GÍG, JJós, StgrA, ÞÞ) fjarstaddir.
Frv. vísað til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

48. Verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdómur.

Á 80. fundi í Ed., 21. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm [170. mál] (þmfrv., A. 476).

Á 82. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég þarf ekki að flytja langa framsöguræðu um þetta mál, þar sem því fylgir svo ýtarleg grg., að framsöguræða mín mundi verða að miklu leyti endurtekning á grg. Þess vegna get ég sparað d. tíma með því að vísa til grg. En í stuttu máli vildi ég um þetta mál segja það, að eins og það ber með sér, er það í tveim köflum. Fyrri kaflinn er um eftirlit með verðlagi. Seinni kaflinn er um viðurlög við því að brjóta verðlagsákvæði. Breyt., sem gerðar eru á núverandi löggjöf í þessu efni, eru þær í fyrsta lagi, að verðlagsstjóri er skipaður með þeim hætti, sem skýrt er frá í 2. gr., kjörinn af fulltrúum neytenda í stað þess, að nú er hann skipaður af ríkisstj. Þess vegna á að vera trygging fyrir, að þeir, sem mest eiga undir því, að verðlag í landinu sé heilbrigt, sjái þannig um verðlagseftirlitið fyrir milligöngu þessara manna, sem þeir sjálfir geta til þess kjörið. Enn fremur er ætlazt til þess, að sömu aðilar ráði því í aðalatriðunum, hverjir eru starfsmenn verðlagsstjórnar víðs vegar um landið og til verðlagseftirlits í bæjunum. Að öðru leyti eru ákvæðin svipuð því, sem verið hefur. Verðlagsstjóra er skylt að gera ýtarlegar rökstuddar till. til fjárhagsráðs um verðlag í landinu. Þess vegna hlýtur hans áhrifa að gæta í verulegum atriðum um verðlagið sjálft, ekki síður en verðlagseftirlitsins.

Í annan stað er svo fyrir mælt í II. kafla þessara l., að fyrirkomulag dómsvaldsins í þessum málum verði svipað og nú er í sjódómi, að þar séu meðdómendur, sem séu tilnefndir af fulltrúum neytenda fyrst og fremst með hlutaðeigandi héraðsdómara í þessum málum. Er það gert til þess, að neytendur eigi þar einnig fulltrúa til að fylgjast með því, að málum sé lokið á viðunandi hátt. Meðferð þessara mála er að því leyti frábrugðin meðferð almennra sakamála, eins og hún er nú, að dómstóllinn verður í þessum málum fyrir opnum dyrum, þannig að menn geta hlýtt á og fylgzt með meðferð þessara mála, nema dómur ákveði annað.

Enn fremur er svo fyrir mælt, að það skuli prenta dóma verðlagsdóms.

Þá er svo ákveðið, að refsingar fyrir verðlagsbrot verði verulega þyngdar frá því, sem nú gildir. Geta refsingar orðið allt að 4 ára fangelsi, ef brot eru ítrekuð eða stórkostleg.

Það hefur sýnt sig, að svarti markaðurinn hefur orðið þeim lýðræðisþjóðum, sem við dýrtíðina hafa þurft að glíma, einn hinn mesti þrándur í götu, og hafa þær margar hnotið á þeim hindrunum. En ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé eitt þeirra mála, sem þyrfti að afgreiða til þess að koma hér á heilbrigðu verðlagi, þó að það sé að vísu tekið fram í þessari grg., að löggjöf eins og sú, sem hér er ætlazt til, að sé sett, geti aldrei orðið annað en bakvörn í verðlagsmálunum. Fyrsta skilyrðið er heilbrigð verzlun og frjálsræði fólksins til þess að velja og hafna og samkeppni innan þeirra marka, sem orðið geta í þessu landi. Þetta fyrsta skilyrði er greinilega tekið fram í grg. En þó að því fyrirkomulagi verði við komið, þarf strangt eftirlit, meðan slíkar hömlur eru, sem nú er, eða nokkrar leifar þeirra.

Ég held satt að segja, að það sé ekki rétt að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég vil ekki gefa tilefni til langra umr. á þessu stigi. En ég ætla samt, að hvenær sem dýrtíðarmálin verða tekin fyrir í þessu landi, muni svo fara, hér ekki síður en annars staðar, eins og í Frakklandi, þar sem menn hafa neyðzt til að þyngja refsingarnar svo mjög fyrir verðlagsbrot, að við kjósum helzt ekki að láta þau orð koma yfir okkar varir, um leið og við nefnum refsingar, vegna þess að það hefur dregizt of lengi að taka á þeim. En þó að við höfum ekki slíkar refsingar í okkar löggjöf, þá er það lærdómur, sem við ættum að geta af þeirri reynslu dregið, — að hvenær sem við förum að gera okkar ráðstafanir í dýrtíðarmálunum, þá verður það fyrst og fremst, að okkar áliti, sem flytjum þetta frv., gegnum heilbrigða verzlun og verðlagsráðstafanir, þar sem fólkið fær sjálft að líta eftir verðlaginu og fylgjast með því gegnum fulltrúa sína. Með því er tortryggni útrýmt, sem gert hefur vart við sig víða erlendis með þeim afleiðingum, sem ég gat um og gætu komið einnig hér, þó að í annarri mynd væri, en allir munu sammála um að gera það, sem unnt er, til að forðast slíkt.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, ÁS, BK, BÓ, BrB, HV, HermJ, BSt.
nei: SÁÓ, EE, GJ, LJóh.

5 þm. (PZ, ÞÞ, BBen, GÍG, JJós) fjarstaddir.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

49. Laun starfsmanna ríkisins.

Á 69. fundi í Sþ., 27. apríl, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1945, um laun starfsmanna ríkisins [197. mál] (þmfrv., A. 589).

Á 90. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt eftir beiðni hæstv. fjmrh., en nm. hafa óbundnar hendur um atkvgr. í málinu. Sú breyt., sem hér um ræðir, að fjmrh. úrskurði, hvaða aukastörf sé rétt að telja til aðalstarfa og hvernig launa beri þau sérstaklega, er fram komin fyrir till. frá svokallaðri sparnaðarnefnd, sem leggur til, að sú n., sem nú fjallar um slíka úrskurði og skipuð er einum manni frá ríkisstj., öðrum frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og hinum þriðja frá hæstarétti, verði lögð niður og þetta vald fengið í hendur fjmrh., þar sem óþarft sé að hafa sérstaka n. til úrskurðar í slíkum málum. Fjmrh. flytur nú þetta frv. í samræmi við till. sparnaðarnefndar, og virðist bæði rétt og eðlilegt, að ekki sé sérstök n., sem fjalli um slíkt mál sem þetta, heldur sýnist eðlilegast, að það sé fengið í hendur fjmrh.

Sigurjón Á. Ólafsson: Þetta skal ekki verða langt. Ég vil aðeins beina því til fjhn., sem flytur þetta mál, að hún kynni sér vel álit þess aðila, sem þetta snertir sérstaklega, og á ég þar við þá, sem eru á launal. Mér þætti a. m. k. æskilegt, að leitað væri álits hins skipulagsbundna félagsskapar þeirra á því, hvort þeir gætu unað við, að þessi breyt. yrði gerð. Mér er fyllilega ljóst, að það er ekki alveg sama, hvort þrír óvilhallir menn úrskurða um ágreining, sem hér kann að eiga sér stað, eða það er lagt undir einn mann, sem er fjmrh. Hið síðara mundi aldrei verða talið eins óvilhallt.

Hitt atriðið, um laun þessarar n., skiptir miklu minna máli. Ég hygg, að það séu ekki svo margir úrskurðir, sem n. fellir, að það þurfi að kosta mikið fé. Hitt er miklu meira atriði, að n. fái að vera áfram sem öryggi fyrir því, að óvilhallir úrskurðir verði felldir út af ágreiningi, sem rísa kann upp. Ég fyrir mitt leyti er því þess vegna mótfallinn, að þessi breyt. nái fram að ganga.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram, að ég er sammála frsm. og ráðh. um það, að hér þarf að verða breyting á. — Þegar greidd voru atkvæði í þessari d. um brtt. 482,2.b, þar sem segir, að hver starfsmaður ríkisins og ríkisstofnana sé skyldugur að starfa að vinnu sinni 48 klukkustundir á viku o. s. frv., fór þessi atkvgr. fram með nafnakalli, þar sem 10 voru á móti því, að þessi breyt. væri tekin upp, vegna þess að hún ætti ekki heima í þeim lögum. Þar á meðal var ég. Þá lýsti hæstv. dómsmrh. því yfir, að hann væri með þessari till., því að hann teldi nauðsynlegt, að hún kæmi fram. Og þar sem hún hefði ekki komið fram í neinu öðru formi en hér, greiddi hann atkv. með henni. Nú vildi ég beina því til fjhn., hvort ekki væri hægt að taka slíka till. upp í þetta frv., því að hún á auðvitað heima í l. þeim, sem hér er verið að gera breyt. á, og sérstaklega þar til búið er að semja lög um réttindi og skyldur embættismanna, sem hæstv. dómsmrh. lýsti yfir, að ekki yrði á þessu þingi og kannske ekki því næsta. Þá eru engin lög, sem slík ákvæði eðlilega eiga heima í, nema einmitt þessi, sem hér er verið að gera brtt. við. Vænti ég þess því, að fjhn. ræði þetta mál við ráðh. og ríkisstj. og sjái, hvort ekki geti orðið samkomulag um að bæta hér inn till. svipaðri og þeirri, sem ég minntist á, að felld hefði verið með nafnakalli vegna þess, að hún ætti ekki í eðli sínu heima í því frv., sem þá var borið fram.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil fyrst geta þess, að ég er samþykkur þessu frv., sem hér liggur fyrir og borið er fram vegna till. sparnaðarnefndar. Þessi n., sem hér er um að ræða, hefur aldrei haft annað að gera en taka á móti launum sínum, þannig að þessi n. er gersamlega óþörf. En út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, vil ég taka fram, að ég skal ekki hafa á móti því og skal gjarnan vera með því að taka upp aftur b-lið till. um ráðsmanninn, til þess að koma honum hér inn. En ég vil minna hv. þm. á það, að þegar launal. komu fyrst fyrir þingið, voru í þeim ákvæði um starfstíma embættismanna, ýmis ákvæði svipuð þeim, sem verið er núna að tala um, að vanti. Þá var það, að þáv. forsrh., hv. þm. G-K., gekk hér berserksgang að fá þetta allt afnumið, sem líka tókst. Þegar búið var að fara svona með launal., var Gunnari Thoroddsen falið að hafa forgöngu um rannsókn á þessu máli og skila um það áliti, en það álit er bara ekki komið enn. Ég er þess vegna ekki viss um, þótt hv. þm. Barð. vilji koma með einhver ákvæði hér að lútandi og fella þau inn í launal., að það tækist að koma þeim þar inn. Ég er ekki viss um, að hér hafi orðið sú hugarfarsbreyting hjá þessum mönnum, að takast mundi að koma þessu inn í lögin. Hitt er annað mál, að ég skal gjarnan vera með í að reyna það.

Frsm. (Björn Ólafsson): Í sambandi við þessi ákvæði um starfstímann, sem hv. þm. Barð. talaði um, vil ég taka fram, að slíkt kom ekki til tals í n. Og ég sé ekki, að ástæða sé til að vísa frv. aftur til n. í því skyni, nema fyrir liggi brtt. frá þessum hv. þm. eða öðrum, sem óska að gera þá breyt. á frv. Það kemur frá n., og er ekki venjulegt að láta svona frv. ganga til n., nema um brtt. sé að ræða. *(GJ:* Ég hef ekki óskað eftir því.) Ég skildi hv. þm. þannig, hvort n. vildi ekki taka það til athugunar, sem hún mun að sjálfsögðu gera, ef brtt. skyldi koma fram. Þá skal ekki standa á mér að taka það til athugunar í nefndinni.

Í sambandi við það, sem hv. 1. landsk. sagði, vil ég segja það, að mér finnst, ef hann fellir sig ekki við þessa breyt., sem hæstv. fjmrh. leggur hér til, að beinast liggi við fyrir hann að koma með brtt. við þetta um það, að n. fái að starfa áfram án þess að hún sé launuð. Ég skal ekki segja, hvernig fjhn. mundi taka í það, ef slík till. kæmi fram, en að sjálfsögðu yrði það tekið til athugunar. Ég skal ekki segja, hvort þyngra er á metunum hjá hæstv. fjmrh. eða fjmrn. að spara fé með því að leggja n. niður eða hafa þetta mál í sínum höndum. En mér finnst eðlilegast, að þetta mál sé í höndum fjmrh., og sé ekki ástæðu til þess að gera ráð fyrir því eða tortryggja það, að úrskurðir í þessu máli yrðu óvilhallir og að ekki

yrði gengið á rétt launþega eða þeirra manna, sem vinna hjá ríkinu.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Hv. frsm. virti að nokkru ummæli mín, en ég vil endurtaka það, sem ég sagði, þar sem hér er um form. n. að ræða, að ég mæltist til þess, að fjhn. kynnti sér ástæður launþega gegnum samtök þeirra, sem eru Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, og tel ég það ekki að ófyrirsynju, þar sem um jafnfjölmennan hóp er að ræða, þó að fjmrh. vilji eitthvað annað. Mér er kunnugt um, að bandalagið er þessu mótfallið, og ég vildi, að sú leið yrði farin, að leita umsagnar bandalagsins um þetta mál. *(BÓ:* Óskar hv. þm., að frv. sé vísað til n.?) N., sem flytur frv., hefur það í höndum, þar til það er búið að fara gegnum allar umr. Það er ekki óvanalegt, að leitað sé umsagnar jafnþýðingarmikils aðila. Varðandi það, hvort n. verði launuð eða ekki, þá býst ég við, að bandalagið sætti sig við, að hún verði ólaunuð. Hitt er aðalatriðið, að nú er til þriggja manna úrskurðardómstóll um þessi mál, eins og gert er ráð fyrir í launal. nú, til þess að úrskurða, hvað telja beri aukastörf, í stað þess að það sé í höndum eins ráðh. Ég hygg, að allir muni telja, að það sé betra, að þrír óhlutdrægir menn fjalli um þetta. Ég vil beina þessu til hv. þm. N-M., sem er með frv. og vill leggja n. niður. Hann gáir ekki að því, að hér er um dómstól að ræða. *(PZ:* Hvað oft hefur þessi n. komið saman?) Það má vera, að verkefni hafi ekki verið fyrir hendi, hitt skiptir meiru, að n. er til, það er aðalatriðið fyrir mér, því að ég tel hana að vissu leyti jafnvel nauðsynlega.

Hv. þm. Barð. gaf hv. þm. N-M. tilefni til að koma inn á það, að inn í frv. ættu að koma ákvæði um vinnutíma opinberra starfsmanna. Um þetta voru átök, er launal. voru sett, og unnið var að því að taka út úr l. ákvæðin varðandi þetta, og meiri hl. Alþ. gekk inn á það. Hv. þm. G-K., sem hv. þm. N-M. nefndi sérstaklega, var ekki einn um það. Ég var þá á Alþ., en sat þá í Nd., og það var fullkominn meiri hl. fyrir því, að þetta stæði ekki í l. Varðandi það, hvort rétt sé að taka slík ákvæði inn í þetta frv., get ég lýst yfir því, að ég get ekki fallizt á það. Það þarf að undirbúa málið miklu betur, auk þess sem því munu verða gerð skil í hinu nýja frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. En ég vil þegar segja það, að sá vinnutími, sem opinberir starfsmenn hafa hér, er sá sami og gildir á Norðurlöndum, og það er ekki óeðlilegt, að opinberir starfsmenn hér vitni um þetta til starfsbræðra sinna í öðrum löndum. *(GJ:* Hvernig eru launakjörin þar?) Ég hygg, að þeir séu sízt verr haldnir en okkar starfsmenn, miðað við dýrtíðina þar. Við vitum, hvernig okkar launal. eru, um kjörin í öðrum löndum höfum við fregnir, sem benda til þess, að þau séu sízt verri en hér. Það er ekkert nýtt, að hin Norðurlöndin launi sína starfsmenn betur en við. Tökum ráðherralaunin hér og þar. Tökum þingmannalaunin hér og þar. Svona er það á öllum sviðum. Þetta eru sjálfsagt ríkari þjóðir en við, og þó er það álitamál, ef miðað er við fólksfjölda. Þrátt fyrir styrjöldina hafa Danir og Norðmenn ekki klipið við nögl sér laun opinberra starfsmanna né heldur ætlað þeim óhóflega langan vinnutíma. Þetta vildi ég láta koma fram, því að ég er á móti því, að þetta verði sett inn í frv. óhugsað.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar ég hreyfði þessu máli í fyrri ræðu minni, var það af því, að hæstv. utanrrh. hafði gert grein fyrir atkv. sínu um till. á þskj. 482 og taldi þetta svo mikla nauðsyn, að hann greiddi atkv. með því, að það yrði sett inn í l., þar sem það átti síður heima en í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Ég óskaði, að fjhn. tæki til athugunar, hvort meiri hl. n. vildi taka þetta inn í samráði við stj. Ef n. vildi flytja slíka brtt., er það ljóst, að það væri meiri styrkur fyrir málið en ef einstakir þm. flyttu hana, og eftir yfirlýsingu hæstv. ráðh. er eðlilegt, að n. taki til athugunar fyrir 2. umr., hvort hún vill taka þetta upp í frv. Ef ekki er áhugi fyrir þessu í n., mun ég bera fram brtt. um þetta, en það væri eðlilegast, að till. kæmi frá n., svo að málið væri athugað sem bezt.

Hv. þm. N-M. óð hér úr einu í annað og tuggði upp sömu fullyrðingarnar og hann er vanur, ásamt rógi um Sjálfstfl. og form. hans, eins og honum er tamt. Hann getur varla rætt um nokkurt mál án þess að koma því að. En eftir ræðu hans nú verður ekki annað séð en hann hafi ekkert meint með till. á þskj. 482 nema að reyna að spilla fyrir málinu, því að nú, þegar tækifæri gefst, fer hann undan í flæmingi og er í raun og veru að mæla gegn þessu eins og hann getur.

Það er ekki í fyrsta skipti, sem þessi till. kemur fram. Í sambandi við dýrtíðarl. bar ég fram till. um, að vinnuvikan yrði lögbundin við 48 stundir. Sú till. var felld, ef til vill af því, hversu margar stundir þetta voru, ef til vill af því, að till. var borin fram í sambandi við óskylt mál. En ég gat ekki komið henni að við neitt skyldara mál. Nú liggur hér fyrir frv. um breyt. á launal., og meðan beðið er eftir frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er sjálfsagt að koma þessari breyt. hér að. Ef til vill getur það flýtt fyrir samkomulagi um þessi mál. Málið hefur verið rætt við starfsmenn ríkis og bæja, en ekki er vitað, hvaða afstöðu þeir tækju t. d. til þess, að vinnutíminn væri lengdur úr 35½ klukkustund í 42. Ég veit ekki, hvort eins mikil andstaða verður gegn því, og tel rétt, að n. athugaði, hvort ekki er hægt að ná samkomulagi. Við getum ekki lifað á því að vinna 35 stundir á viku, eða bara 15 stundir, eins og ákveðið er um suma embættismenn. *(Dómsmrh.:* Hvaða embættismenn eru það?) Það er t. d. rektor menntaskólans, sem aðeins er ætlað að kenna 15 stundir í viku, og þó ekki nema nokkurn hluta ársins. *(Dómsmrh.:* Aðalstarf hans er fólgið í öðru.) Já, en honum er aðeins ætlað að kenna 15 stundir, yfirkennurum 18 og öðrum kennurum 24 stundir. Svo er svo og svo mikið frí frá störfum. Hvað vinnutíminn verður margar stundir í viku, er ekki gott að segja, en ætli það verði mikið yfir 15 stundir? Ekki verður heldur vinnutíminn hjá loftskeytamönnunum í Gufunesi sérstaklega langur nú, þegar búið er að skipta vinnunni niður í fimm eða sex vaktir.

Ég get vel hugsað, að erfitt verði að taka upp þessa grein óbreytta, af því að búið er að fella

hana, en það þarf ekki að binda þetta við 48 stundir, það má binda það við 41 eða 42 stundir eða eitthvað annað. Ef ekki fæst fylgi við þetta mál hér, þá hafa þessir fimm menn, sem greiddu atkvæði með þessu um daginn, ekki meint það. Ég á erfitt með að trúa slíku um hæstv. utanrrh., þó að svo kunni að vera um hv. þm. N-M.

Ég hefði aldrei trúað því, að hv. 1. landsk. yrði með þessu. Það er hans lífsbrauð að vinna að því, að menn hafi sem hæst laun og vinni sem minnst. En það gæti komið til mála, að þetta yrði samþ., þó að hann verði ekki með því. *(SÁÓ:* Það er ekki óvanalegt, að maður sé einn á báti.) Nei, því er ég heldur ekki óvanur, og við munum hvorugur fá hjartaslag af því.

Ég vil enn á ný mælast til þess, að fjhn. taki málið til athugunar og skýri frá því við 2. umr., hvort nokkurt fylgi er fyrir því í n. að taka upp 40 stunda vinnuviku eða aðra, svo að það verði lögfest, hvað opinberir starfsmenn eiga að vinna lengi. Það mundi létta störf ráðh., og deilur um reglugerðina, að menn vinni bara 35½ stund í viku, mundu falla niður. Ég vænti þess, að hv. frsm. láti athuga þetta í n.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þetta frv. er sannast að segja dálítið vanhugsað, og ég held, að það eigi ekki að samþ. það. Ástæðan er næsta augljós. Þessi n., sem hefur verið skipuð til að úrskurða, hvað séu aukastörf og hvað aðalstörf, er bersýnilega skipuð til þess að ná samkomulagi við embættismennina, þess vegna er henni falið að skera úr um þetta atriði. En það er augljóst, ef n. er afnumin, hver úrskurðar, og það er undarlegt, að þetta skuli vera rætt hér án þess, að athygli sé vakin á því. Hvernig fá menn greidda reikninga, sem þeir senda stjórnarráðinu? Bara með því, að fjmrh. úrskurði þá. En svo að farið sé inn á annað atriði, þá er ekki undarlegt, þó að sú spurning vakni, hvort ráðh. fái ekki með þessu frv. dómsvald um það, hvað sé aðalstarf og hvað aukastarf, og það er ekki eðlilegt, að embættismennirnir sætti sig við það. Eins og nú er, hafa þeir, eins og hver annar, rétt til að bera það undir dómstólana, hvort ráðh. hefur úrskurðað rétt. Í frv. segir: „Fjmrh. úrskurðar, hver aukastörf sé rétt að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega". Það er spurning, hvort með þessu er ekki loku skotið fyrir það, að embættismenn geti sótt rétt sinn til dómstólanna um þetta atriði. Ef n. er afnumin, þá kemur það í staðinn, sem ætlað hefur verið, úrskurður fjmrh. *(HV:* Og ríkisráðsmaðurinn.) Já, og ríkisráðsmaðurinn. Það ætti því að vísa frv. frá með rökst. dagskrá, því að það er það eðlilega, að ráðh. og ráðsmaður taki við, þegar n. er farin. Ég ætla svo ekki að eyða fleiri orðum að þessu, en vildi víkja nokkrum orðum til hv. þm. Barð.

Hv. þm. Barð. hefur undarlega ástríðu til þess, þó að hann beri öðrum á brýn — — — Hvar er hv. þm. Barð.? Það er rétt að sækja hann. Hann er vanur að vilja, að aðrir hlusti á sig, og ég vildi gjarnan tala til hans um þetta mál. — — — Það var út frá því, sem ég hafði sagt, að ég taldi, að vísa ætti málinu frá með rökst. dagskrá, því að það væri vanhugsað. Ég skal ekki endurtaka það, en ég vildi víkja nokkuð að því, sem hv. þm. Barð. sagði um vinnutíma rektors. Hv. þm. Barð. sagði, að hv. þm. N-M. hefði bara skammir um Sjálfstfl. fram að færa. Það virðist af fundi, sem haldinn var fyrir nokkru af launamönnum, þar sem hv. þm. Barð. talaði, og ræðu hans áðan, að honum sé svipað farið viðkomandi rektor. Ég veit ekki, hvað það á að þýða að segja, að rektor vinni bara 15 stundir á viku. Það kann að vera, að hann kenni 15 stundir á viku, en hvaða rök eru það? *(HV:* Það er ólíklegt, að hann kenni meira en 2½—3 stundir á viku.) Já, það er ólíklegt með tilliti til þess mikla starfs, sem hvílir á honum fyrir utan kennsluna. Ég hef nokkrum sinnum þurft að ná í rektor milli klukkan tólf og eitt og veit, að hann kemur aldrei heim í mat fyrr en klukkan eitt eða langt gengin í tvö. Hann hefur ekki tíma til að fara heim fyrr. Hann er á skrifstofunni til viðtals og til þess að gera ýmsar ráðstafanir frá því klukkan 11 og fram undir klukkan tvö. Það vita allir, að aðalstarf rektors er ekki kennslan, heldur stjórn skólans, og það er einkennilegt, ef hann getur kennt 15 stundir á viku, því að það er ærið starf að stjórna skólanum, þó að ekki komi kennsla til viðbótar. Starf rektors er erfiðara en flestra annarra embættismanna. Þegar hv. þm. Barð. telur það óviðkunnanlegt, að ráðizt sé á flokka og þm., eins og hann segir, að hv. þm. N-M. geri, hvað á maður þá að segja um það, þegar ráðizt er hér á fjarstadda embættismenn, eins og hv. þm. Barð. hefur gert?

Viðvíkjandi vinnutíma embættismanna og því, sem hv. þm. N-M. sagði, vildi ég segja, að það fara að verða einkennileg vinnubrögðin á Alþ. Reglugerðin um starfstíma embættismanna var samþ. sem kosningamútur í sambandi við síðustu kosningar. L. um almannatryggingarnar og l. um orlof voru túttur, sem stungið var upp í forustumenn verkalýðsflokkanna til þess að hafa þá góða, meðan verið var að vinna myrkraverkin í fjármálunum. Nú er búið að hnupla orlofsfénu, eins og hv. þm. Barð. hefur sagt, byrjað að afnema þessa löggjöf og sagt, að þetta sé ekki framkvæmanlegt. Um vinnutíma opinberra starfsmanna er sama vinnuaðferð höfð. Allt er í öngþveiti, svo að fjármálin riða á .... það kannast allir við kvæði Þorsteins Erlingssonar, svo að það er óþarfi að segja meira. Þegar komið er á þann barm, þá er risið upp til þess að afnema orlofsl., breyta vinnutíma opinberra starfsmanna, eyðileggja beztu tryggingalöggjöf í heimi og afnema ýmsar stofnanir. Og þá rísa upp ráðh. Alþfl. og spyrja undrandi: „Hvað er þetta? Þetta eru frv., sem þið sjálfir hafið flutt og samþ." En það eitt er víst, að þeir eiga áreiðanlega eftir að reka upp enn stærri augu. Og það er ástæða til þess að vekja eftirtekt ekki aðeins hv. þd., heldur alþjóðar á þessu. — Ég fer út í þessi mál svo nákvæmlega að gefnu tilefni í ræðu hv. þm. Barð., þar sem hann talaði svo mjög um afstöðu hv. 1. þm. N-M. til þessa máls. 1946 settu þessir flokkar reglugerð um starfstíma opinberra starfsmanna og notuðu hana sem nokkurs konar kosningabeitu, en nú þegar reglugerðin er orðin óvinsæl, þá á að fara að afnema hana. Það voru líka sett orlofslög, tryggingalög o. fl. af sömu mönnum, sem nú

berjast eins og ólmir væru til að afnema þau. Það virðist vera ástæða fyrir hv. þm. Barð. að móðgast, þegar á þetta er minnzt, eða hitt þó heldur! Nei, staðreyndin er sú, að þeir menn, sem settu þessi lög og státuðu af þeim í fyrstu, eru búnir að gera þau svo óvinsæl, að þeir berjast nú hver sem betur getur til að afnema þau. Ég legg því til, að Alþfl. og Sjálfstfl. séu látnir eiga sig með tryggingal., orlofsl. o. fl., því eins og einu sinni var sagt, þá eigast þeir einir þar við, er ég ekki hirði, þótt drepi hvor annan. Þeirra er skömmin hvort eð er. Allt þetta er sagt að gefnu tilefni í ræðu hv. þm. Barð.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hvað er nú það, sem almennt er kallaður rógur? Ég á að hafa farið með róg um formann Sjálfstfl., Ólaf Thors, að sögn hv. þm. Barð. Ég held, að rógur sé að dreifa út ósönnum söguburði um flokka eða menn þeim til ófrægingar. En hvað sagði ég svo? Jú, ég sagði, að hv. þm. G-K. og hv. þm. Snæf. hefðu hamazt við að afnema úr l. ákvæði um vinnutíma opinberra starfsmanna, en hefðu lofað löggjöf um réttindi og skyldur embættismanna. Enn fremur, að þáverandi forsrh., Ólafur Thors, hefði skipað þm. Snæf. (GTh) til að framkvæma þetta. Þótt þetta sé að öllu leyti rétt, þá kallar hv. þm. Barð. þetta róg, því að hann finnur, að þetta er niðrandi, en eru þó blákaldar staðreyndir. Hvað sagði ég meira? Jú, ég sagði, að þegar menn allt í einu sneru frá villu síns vegar, t. d. þegar vantrúaður gerðist allt í einu trúaður, þá væri slátrað alikálfi og haldin veizla. Líkt hefði farið fyrir Sjálfstfl., þegar fyrsti bæjarútgerðartogarinn kom til landsins, þá hefðu þeir haldið veizlu til þess að fagna því. Er það ekki satt, að Sjálfstfl. hafi barizt á móti bæjarútgerð í Hafnarfirði bæði í ræðu og riti, en snúizt hugur, þegar fyrsti togarinn kom hingað, og haldið veizlu til þess að fagna honum? Það er þetta, sem hv. þm. Barð. kallar róg, og sé það rógur í hans augum, þá er það af því, að samvizkan slær hann. Í sambandi við þetta mál hef ég ekki sagt annað en stendur í þingtíðindum og blöðum Sjálfstfl., og vísa ég því öllu tali um róg heim til föðurhúsanna.

Ég hygg, að nokkurs misskilnings hafi gætt hjá hv. þm. Str. í sambandi við n., sem hér er lagt til, að lögð verði niður. Hún varð ekki til með launalögunum, heldur á undan þeim. Með þessu frv. er lagt til, að hún verði lögð niður, en vald og verksvið hennar lagt í hendur fjmrn. Form. n. er skrifstofustjóri í fjmrn., svo að segja má, að lítil breyting verði þar á, því að hún hefur aldrei haldið fund. Sé ég því ekki ástæðu til þess að halda henni.

Mér þykir ekki trúlegt, að brtt. við málið nái fram að ganga, nema orðið hafi stefnubreyting hjá Sjálfstfl., og má þá fara að halda veizlu. Sem sagt, ef stefnubreyt. Sjálfstfl. er fyrir að fara, nær málið fram að ganga, en trauðla ella.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég skal fúslega verða við þeirri málaleitun hv. 1. landsk. að leggja málið fyrir næsta fund fjhn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hefði nú haft ástæðu til þess að ræða við og svara hv. þm. Str. öllum þeim rakalausu fullyrðingum og skætingi, sem hann hefur hreytt út úr sér, en bæði er, að ég hef hér aðeins tíma til að gera örstutta athugasemd og mun einnig hafa tækifæri til þess við 2. umr. málsins. Einnig sé ég, að hv. þm. er nú hlaupinn af fundi, eins og hans er vandi eftir slíka ræðu sem þessa, og kemur líklegast ekki aftur fyrr en eftir viku eða hálfan mánuð.

Ég vil taka það fram varðandi það, sem hv. þm. sagði um afstöðu mína til rektors, þá eru það ósannindi, að ég hafi nokkurn tíma ráðizt á hann persónulega. Og vil ég segja þm. Str. það, að þegar sú till. var hér á þingi að taka risnu af flestum opinberum starfsmönnum og búið var að fella að taka risnu af dómurum hæstaréttar, tók ég mína till. um að fella niður risnufé til rektoranna til baka. Ég vildi ekki sýna þeim það óréttlæti, þótt þingfylgi hefði fengizt til að samþ. tillöguna. Hygg ég, að þetta sýni allt annað en óvildarhug í garð rektors.

Mér varð á að segja í fyrri ræðu minni, að rektor skyldi kenna 15 st. á viku, en vil leiðrétta það, því að það eru ekki nema 8 st. samkv. þeim einu l., sem um þetta eru til.

Ég vildi spyrja hv. þm. Str.: Var ekki rektor menntaskólans eitt sinn á þingi, og hafði hann ekki nægan tíma til þess að sinna sínum störfum fyrir því? *(HermJ:* Hann hætti þingmennsku einmitt vegna þess, að hann hafði ekki tíma til þess.) Mér er nú nær að halda, að til þess hafi legið aðrar orsakir. Ég get nefnt annað dæmi. Einn mætur framsóknarmaður, sem ég þekki, hefur 30 þús. kr. tekjur á einum stað, en 40 þús. kr. á öðrum. Fyrir lægri launin vinnur hann frá 10—12 f. h. og 2—4 e. h., en fyrir þau hærri vinnur hann á kvöldin. Í sambandi við rektor vil ég að lokum taka fram, að ég met hann mjög mikils, miklu meir en hv. þm. Str.

Um orlofslögin, tryggingarnar o. fl. ætla ég að geyma mér að ræða við hv. þm., ef hann verður þá ekki hlaupinn að fullu og öllu. Að síðustu vil ég taka fram, að það eru ósannindi hjá hv. þm. N-M., að Ólafur Thors hafi skipað Gunnar Thoroddsen til að framkvæma þetta umrædda starf. En það fer að venju, að hv. þm. hikar ekki við að fara með ósannindi um Sjálfstfl., þótt þau hafi margoft verið rekin ofan í hann.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. hefur tekið fram, að hann ætli að ræða þessi mál frekar við 2. umr., ef ég verði ekki hlaupinn á burt. Jæja, við skulum bíða og sjá hvað setur. En viðvíkjandi málinu vil ég aðeins segja það, að þegar starfsmannafundurinn var haldinn, þá sá hv. þm. ástæðu til þess að minnast á laun rektors frekar en annarra þeirra mörgu tuga embættismanna, sem þarna voru saman komnir og rækja sitt starf sízt betur en hann. Þetta er víst ekki að ráðast á hann persónulega? — Það, sem athygli mína vakti sérstaklega og varð þess valdandi, að ég kom hér inn á mál rektors, voru þau orð hv. þm. Barð., að hann hefði 15 stunda vinnuviku. En þetta er hreinasta blekking, vinnuvikan er 3—4 sinnum lengri, þótt kennslan sé aðeins 8 eða 15 stundir á viku. Miðað við vinnuviku eru því laun rektors sízt of há samanborið við aðra opinbera starfs-

menn. Ég tel það hafa verið skyldu mína sem þingmanns að láta þetta koma hér fram, þegar ráðizt er að fjarstöddum embættismanni með dylgjum og svívirðingum, eins og hv. þm. Barð. hefur gert.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 92. og 101. fundi í Ed., 2. og 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

50. Orlof (frv. GJ).

Á 90. fundi í Ed., 28. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 26. febr. 1943, um orlof [199. mál] (þmfrv., A. 594).

Á 91. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Ed., 2. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 594 að bera fram frv. til l. um breyt. á l. um orlof, þannig að 6. málsgr. 8. gr. orðist svo:

„Allt það fé, sem inn kemur fyrir seld orlofsmerki, skal póststjórnin leggja í lok hvers mánaðar í sérstakan sjóð, sem nefnist orlofssjóður. Skal sjóðurinn ávaxtaður að hálfu leyti í Landsbanka Íslands, en að hálfu leyti í Útvegsbanka Íslands h/f. Orlofssjóður greiðir út orlofsfé samkv. fyrirmælum 13. gr. Kostnaður við orlofsfé og orlofsbækur greiðist úr orlofssjóði, að svo miklu leyti sem fé er fyrir hendi til þess í sjóðnum fram yfir lögboðnar greiðslur samkv. 13. gr., annars úr ríkissjóði. Reikningar orlofssjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindunum."

Þessi breyting fer fyrst og fremst fram á það, að allt fé, sem inn kemur fyrir seld orlofsmerki, skuli renna í sérstakan sjóð, orlofssjóð. Það er upplýst, að póststjórnin hefur fengið að láni til rekstrar sérleyfisbifreiða 2200000 kr. Samkv. yfirlýsingu frá póststjórninni er talið, að þetta sé fé, sem póstsjóður ræður yfir, m. a. orlofsfé. Hæstv. viðskmrh. hefur að vísu neitað þessu þvert ofan í yfirlýsingu póststjórnarinnar, og geta þeir aðilar deilt um það, en ef það er ekki orlofsfé, þá er það annað fé frá einhverri annarri innheimtu, því að póstsjóður á slíkar fjárhæðir, en hvað um það, þá tel ég skylt, að orlofsféð sé ekki tekið til almenns rekstrar ríkisins. Þetta fé á ríkissjóður að innheimta fyrir aðra og má ekki blanda því saman við annað rekstrarfé sitt. Ég vil leyfa mér að benda á og vildi, að ráðh. athugaði, að á fjárl. eru nú á 17. gr. ætlaðar 360 þús. kr. til þess að standast kostnað af prentun orlofsmerkja. Ef þetta frv. yrði samþ., má losna við þessi útgjöld, því að þá gætu vextir orlofssjóðs borið kostnaðinn af prentuninni og það fé, sem kemur inn sem greiðslur, en er aldrei greitt úr ríkissjóði aftur. Það er ekki vitað, hvað það fé er mikið, en það er alltaf mikið fé, sem ekki er sótt í orlofsbækur og á nú að falla til ríkissjóðs, en ef frv. verður samþ., þá í orlofssjóð, sem síðan gæti staðið undir öllum kostnaði við prentun merkjanna. Ég hef lagt til, að sjóðurinn sé að hálfu ávaxtaður hjá Landsbankanum og að hálfu hjá Útvegsbankanum, og tel ég það fríðindi fyrir bankana að fá þetta fé, og þar sem þeir, sem greiða orlofsféð, munu vera að hálfu viðskiptamenn hvors banka, þá þykir þetta réttmætt. Mér þótti og sjálfsagt að taka Útvegsbankann með, því að vitað er, að hann þarf að sækja mikið rekstrarfé með háum vöxtum til Landsbankans. *(BSt:* Því ekki Búnaðarbankans?) Vitað er, að minnst af þessu fé kemur frá landbúnaðinum, en þó datt mér í hug að hafa Búnaðarbankann með, og kemur það fullkomlega til greina.

Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða þetta öllu meira og vísa til grg. frv., en vænti þess, að málið fái góðar undirtektir í hv. d., og geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. hafi áhuga á, að málið nái fram að ganga, þar sem þá mætti lækka um 360 þús. kr. á fjárl. Ég vil svo óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og til heilbr.- og félmn., því að orlofsl. munu einmitt eiga þar heima.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að ræða frv. efnislega, en ég vildi gera það að till. minni að vísa því til fjhn. Þetta er hreint og beint fjárhagsmál, hvernig ávaxta skuli fé, er ríkið innheimtir. Jafnframt vildi ég mælast til þess við þá hv. n., sem fær frv. til athugunar, hvort sem það verður nú fjhn. eða heilbr.- og félmn., að hún í fyrsta lagi ræði við hæstv. viðskmrh., því að sú stofnun, sem varðveitir fé þetta, heyrir undir hann, og þar sem deilt hefur verið um það hér, hvernig fé þessu hefur verið ráðstafað, þá er það kurteisisskylda að gefa honum kost á að láta skoðun sína uppi um þetta. Ég hringdi í hann áðan, en hann á, eins og allir vita, heima suður í Hafnarfirði, og taldi hann sig eiga erfitt með að koma, og því beini ég því til n. að hafa um þetta samráð við hann. Í annan stað bendi ég á það, að eðlilegt væri, að hæstv. forsrh. væri einnig tilkvaddur, því að orlofsl. í heild heyra undir hann, og er því rétt að bera allar breyt., sem þetta frv. fer fram á, undir hann. Þessum tilmælum vildi ég beina til n. og tel þetta mál frekar eiga heima í fjhn. Eins og ég sagði í upphafi, skal ég ekki blanda mér efnislega í málið og bíð átekta með afstöðu mína, þar til málið hefur verið athugað betur af n. og í samráði við hæstv. ráðh.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins benda hv. þdm. á, að það er viðurkennt nú af hv. 1. landsk., að orlofsl. heyri undir hæstv. félmrh., og þegar svo er, þá finnst mér skakkt að vísa frv. til fjhn., enda þótt ég beri fullkomið traust til þeirrar hv. n. En það er annað, sem ég vildi vekja athygli á. Þessi till. hv. 1. landsk. um að vísa málinu til fjhn., sem fjallar um fjárhagsmál ríkisins, sýnir það, að hv. þm. álítur, að orlofsféð sé ríkissjóðsfé, og um það er deilan.

Ég tel þetta ekki ríkissjóðsfé, því að þetta er fé, sem launþegarnir í landinu eiga og ríkissjóður hefur enga heimild til að ráðstafa. Þess vegna ber að hafa það í sérstökum sjóði, þar sem ekki er leyfilegt að taka það sem rekstrarfé ríkisins, og þess vegna á frv. ekkert erindi í fjhn. Hitt er ég sammála um, að það ber að hafa fullt samráð við hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh., sem hefur þó tekið þetta fé til rekstrar samgöngumála, eins og upplýst hefur verið af póststjórninni, og greitt með því ýmsar greiðslur, en ekki haft það sérstakt eins og fé, sem ríkissjóður ekki á, sem honum þó bæri fullkomlega.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Enda þótt ekkert nýtt kæmi fram hjá hv. flm., þá þykir mér rétt að svara honum að nokkru. Hann heldur því fram, að þetta sé ekki ríkisfé. Um það má deila. Innheimtan er hjá ríkissjóði skv. l., og hann felur svo ákveðinni stofnun að innheimta féð og greiða það út, og frá því að það er innheimt og þar til það er greitt út, myndast sjóður, og þetta er eins og hvert annað fé, sem gengur út og inn. Bankamálin fara hér alltaf í fjhn., og bankarnir lána og innheimta, og svipað er um þetta, og þetta fé hefur ríkissjóður ábyrgzt, og aldrei hefur orðið misbrestur á því, að menn fengju það. Því tel ég frv. eiga heima í fjhn., enda þótt ég beri auðvitað jafnt traust til beggja n., en hv. flm. á sæti í annarri, og það gerir gæfumuninn frá hans sjónarmiði, en ég tel það engan galla frá sjónarmiði flm., að málið fari í n., þar sem hann á ekki sæti. Það er þvert á móti ávinningur, ef aðrir taka vel í frv., meiri ávinningur en ef flm. ætlaði sér að beita sérstökum áhrifum um afgreiðslu málsins. Ég mótmæli því og tel það algerlega ofmælt, að hæstv. viðskmrh. hafi tekið orlofsféð og notað það. Þetta er allt of mikil fullyrðing, sem ég mótmæli, þótt hins vegar sé vitað, að póstsjóður hafi notað þetta fé sem annað í sinni vörzlu til þess að greiða það, sem honum er gert að greiða samkv. l., og er ekkert athugavert við það, en ég mótmæli því, að hæstv. ráðh. hafi gert nokkuð, sem stríðir á móti l., og því, að hann hafi ekki gætt heiðarleiks í meðferð opinbers fjár.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í það, í hvaða n. þetta mál fer, en hallast þó að því, að það eigi heima í fjhn., því að hér er um það spursmál að ræða, hvort ávaxta skuli þetta fé á annan hátt en áður, og er þetta því ákvörðun um fjármál. Undanfarið hefur póstsjóður haft þessi mál með höndum; honum hefur verið falið að taka við fénu inn og greiða það út, og það verður náttúrlega að teljast jafnöruggt, hvort féð er geymt í vörzlum póstsjóðs eða bankanna, nema hv. flm. telji hættu á, að póstsjóður misnoti það og af því gæti stafað skaði fyrir ríkissjóð. Með öðrum orðum, það hlýtur að vaka fyrir hv. flm. að vilja flytja féð á tryggari hendur. Þetta frv. er vantraustsyfirlýsing á þessa stofnun, sem er hluti af ríkissjóði sjálfum. Það má deila um það, á hvern hátt málunum væri betur komið, en ég verð að segja, að meðan ekki koma fyrir alvarleg embættisafglöp í sambandi við þetta, þá er ekki viðeigandi að taka þetta fé úr höndum póstsjóðs, nema hv. flm. geti með sterkum rökum skýrt nauðsyn þess að firra ríkissjóð eða launþegana í landinu yfirvofandi tapi. Annan tilgang getur flutningur þessa frv. tæpast haft.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Út af fyrir sig sæki ég það ekkert fast, að málið fari til félmn., því að ég vantreysti ekki fjhn., því að hún hefur sýnt, að hún getur afgr. stærri mál en þetta, þótt ekki séu fullsetnir fundir, svo að ég er ekkert hræddur um, að þetta frv. dagi uppi hjá n., og ef það er talið óheppilegt, að flm. eigi sæti í n., þá er mér sama, en það kom enn fram það sama hjá hv. 1. landsk., að hann taldi þetta fé ríkissjóðstekjur, en ég mótmæli því. Þetta eru ekki tekjur ríkissjóðs, þótt póstsjóði sé falið að útbúa merkin. Þetta er fé launþeganna í landinu. Hv. 1. þm. Reykv. taldi frv. því aðeins réttlætanlegt, ef um embættisafglöp væri að ræða í þessu sambandi. Ja, hvað er það nú að ráðstafa í leyfisleysi á þriðju millj. kr. til vafasamra fyrirtækja? Það er vitað, að hæstv. viðskmrh. hefur varið 2300000,00 kr. til taprekstrar og til þess að kaupa bíla án heimildar. Þetta er vítaverð meðferð opinbers fjár, og vil ég ekki samþykkja, að orlofsféð sé látið ganga til slíkra hluta, en það er vitanlega þægilegt fyrir hæstv. ráðh. að hafa þennan sjóð til þess að grípa til. Hv. 1. þm. Reykv. verður að viðurkenna, að meginið af þessum 2300000.00 kr. var orlofsfé, og þegar á að greiða það út, verður að grípa til annarra sjóða. Það er því full ástæða til þess, að orlofsféð sé í sérstökum sjóði, því að það er ekki tekjur ríkissjóðs, og óska ég efnislegrar afgreiðslu hér í hv. d., hvort það eigi að vera á valdi eins ráðh. að taka þetta fé í eina eða aðra framkvæmd ríkisins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.
Till. um að vísa frv. til heilbr.- og félmn. felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GJ, JJós, StgrA, ÁS, BÓ.
nei: HV, LJóh, PZ, SÁÓ, ÞÞ, BBen, BK, BSt.
3 þm. (BrB, GÍG, HermJ) fjarstaddir.
Frv. vísað til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., 11. maí, utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. Fyrir alllöngu var vísað til hv. fjhn. frv., sem ég bar fram á þskj. 594 um breyt. á orlofsl. Með því að afgreiðsla þessa máls gæti haft veruleg áhrif á útgjöld fjárl., vænti ég þess, að n. skili áliti og að hæstv. forseti krefji form. n. um afgreiðslu málsins, enda var því beint lofað, að málið yrði ekki svæft, heldur fengi afgreiðslu.

Forseti (ÞÞ): Hv. form. fjhn. er ekki við, en ég skal koma þessum orðum til hans, enda er ég einn í hans liði.

Á 73. fundi í Sþ., 14. maí, var útbýtt frá Ed. nál. frá fjhn., á þskj. 758, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.